

ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2023

Síðast uppfært 12. ágúst 2024

Mál nr. 1/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 20. júlí 2021 slasast við störf sín hjá X. Slysið varð með þeim hætti að M var að tengja landrafmagn fyrir bát sem staddur var í dráttarbraut hjá X þegar hann fékk rafstraum í höndina. Vegna þessa hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 25. október 2022. M byggir kröfu sína á því að X beri, sem vinnuveitandi hans, skaðabótaábyrgð á slysi hans á grundvelli meginreglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð og sakarreglunnar, þar sem slysið hafi orðið vegna mistaka ótilgreinds starfsmanns. Jafnframt telur M að X hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglugerð 367/2009 um notkun tækja. Þannig hafi ótilgreindur starfsmaður X gleymt að taka tengil vegna landteningar úr sambandi, sem varð til þess að snúran slitnaði úr tenglinum. Þetta varð til þess að vírarnir og járnin voru berskjölduð í tenglinum og M fær þannig rafstraum við snertingu þeirra. Bendir M einnig á að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 25. ágúst 2021 og voru því tildrög slyssins ekki rannsökuð af hálfu eftirlitsins. Vegna þess hafi engin rannsókn farið fram á tildrögum slyssins og verður X því látið bera hallan af mögulegum sönnunarskorti um þau atriði sem geta haft áhrif á sakarmat og eru talin óljós. Slysið hafi ekki verið vegna óaðgæslu M enda ekki innan verkahring hans að gæta að því að rafmagnsnúran væri tekin úr sambandi og komið fyrir á öruggan hátt fyrir sjósetningu. Það var í verkahring þess starfsmanns sem slakaði niður skipinu og mátti M treysta því að verklaginu hafi verið fylgt þegar hann var beðinn um að tengja næsta bát við landrafmagn.

V hefur hafnað bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að M hafi ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til saknæmra mistaka annarra starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. Samkvæmt upplýsingum frá X vissi enginn starfsmaður af því fyrir slysið að vírarnir hefðu dregist úr hulsunni. Líklega hafi þetta gerst sama dag eða daginn áður. Ef einhver hefði átt að vita það þá var það M sjálfur þar sem hann hafði fyrr þennan sama dag og daginn áður unnið við að setja niður báta í sömu dráttarbraut. Litið var á slysið sem minniháttar enda hafi M haldið áfram vinnu eftir slysið, skroppið á heilsugæslu til að láta kíkja á sig en svo komið aftur og klárað vinnudaginn. Því hafi ekki verið ástæða til að kalla til Vinnueftirlitið innan sólarhrings frá slysi eins og áskilið er í 79. gr. laga nr. 46/1980. Vísar V máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 121/2014 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4296/2020.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt gögnum málsins eru engin skýr gögn um að M hafi orðið óvinnufær af völdum slyssins. Er því ekki efni til að leggja sönnunarbyrði á X um atvik sem kunna að hafa átt þátt í því að slysið varð en teljast óupplýst eða óljós. Ber M því sönnunarbyrði um það að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Hefur M ekki sýnt fram á að ótilgreindur starfsmaður X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiddi til þess að M slasaðist. Einnig hefur M ekki sýnt fram á að starfsmenn X hafi vitað að vírar og járn væru berskjölduð

í tenglinum fyrir slys það sem hér ræðir. Er því að mati nefndarinnar ósannað að slysið sé að rekja til sagnæmrrar háttsemi starfsmanna X. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 2/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Skráningarnúmer ökutækis (B)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið dags. 4. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast vegna umferðarslyss sem varð þann 30. maí 2019 þegar ökutækinu A var ekið í hliðina og aftan á ökutækið B sem M var farþegi í. V neitaði bótaskyldu með vísan til þess að gögn málsins hafi ekki bent til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af slysinu. Úrskurðarnefndin staðfesti ákvörðun félagsins með vísan til þess að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl á milli einkenna M og árekstursins. Í kjölfarið óskaði M eftir matsgerð sem var skilað og dags. 16. desember 2021. Niðurstaða matsgerðar var sú að meiri líkur en minni væru á því að M hafi hlotið tognunaráverka á háls og að orsakatengsl teldust því vera fyrir hendi milli umferðarslyssins og einkenna M. M var metin til 5 stiga varanlegs miska og 5% varanlegrar örorku. V féllst ekki á bótaskyldu.

Í bréfi V kemur fram að það uni ekki einhliða mati kæranda og telur hann að M hafi getað lagt fram slíka matsgerð áður en hann lét reyna á málið hjá úrskurðarnefnd. Einnig hefur komið fram hjá V að um vægan árekstur hafi verið að ræða og að samkvæmt upplýsingum í PC-Crash skýrslu hafi höggkrafturinn virst mun minni en við að setjast á stól.

Álit.

Ágreiningur þessi var til meðferðar hjá nefndinni í máli nr. 4/2021. Ákvörðun nefndarinnar um að taka málið upp að nýju var tilkynnt V með tölvupósti dags. 23. janúar 2023.

Málið varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 30. maí 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar viðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði einhliða matsgerðar sem er mög ítarleg og lýsir vel ástandi M. Í matsgerðinni kemur fram að útreikningarnir í PC-Crash skýrslunni hafi ekki tekið tillit til ýmissa þátta, t.a.m. lækisfræðilegra gagna, líkamsstöðu M við áreksturinn, stillingu sætis og höfuðpúða og legu bílbeltis. Fram kemur að matsmenn telji meiri líkur en minni á því að M hafi hlotið tognunaráverka á hálsi og að orsakatengsl teldust því vera fyrir hendi milli umferðarslyssins og einkenna M. Þrátt fyrir að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða getur ástand tjónþola við árekstur haft áhrif á hann. Engin lækisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitgerð, sem draga niðurstöður matsgerðarinnar í efa. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir tjóni þar sem matsgerðin styður það að M hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023,

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 3/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs X.****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hann var að störfum hjá X hinn 2. október 2021. Í framburði M fyrir lögreglu kemur fram að hann hafi verið að saga frosna fiskroðskubba, og hafi verið búinn að saga kubba og verið að ganga frá honum í kassa. Hafi hann ekki slökkt á söginni eins og uppálagt hefði verið, og rekist í hana þegar hann sneri sér við til að tala við Y, samstarfsmann sinn.

Í málskoti er byggt á því að slys M verði rakið til athafna og athafnaleysis X, sem beri að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt á vinnustað. Aðstæður á vinnustað, þar sem unnið hafi verið með hættulegt tæki sem var ekki búið hlíf eða öðrum viðeigandi búnaði sem hindraði að komast mætti að hættulegu sagarblaðinu, hafi verið varasamar. M hafi hafið störf að nýju hjá M á slysdegi, en hann hafi starfað áður hjá X. Vegna þess og hins hættulega verks sem honum hafi verið falið að inna af hendi hafi verið sérstök þörf á að huga vel að kennslu og þjálfun hans. Þá hafi verið um að ræða verk sem tveir starfsmenn sinni alla jafna en M hafi verið einn við framkvæmd þess umrætt sinn. Þá komi einnig fram í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 14. október 2022, að endurskoða þurfi þá þætti skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði starfsfólks sem eigi við um framangreint vinnuslys. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að M hafi ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til saknæmra athafna eða vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á. M hafi áður unnið hjá X í nokkur ár og hafi unnið við eins sög áður. Er hann hóf störf að nýju hjá X hafi verið farið yfir öryggisatriði sagarinnar og m.a. gefnar leiðbeiningar um að stöðva sögina þegar hún væri ekki í notkun. Vinnueftirlitið hafi þá skoðað sögina og ekki gert neinar athugasemdir við ástand hennar eða búnað. Einu athugasemdir eftirlitsins hafi lotið að því að ekki var gert skriflegt áhættumat vegna vinnu við sögina. Samkvæmt framburði M sjálfs hafi hann vanrækt að slökkva á söginni áður en hann sneri sér við til að ná sambandi við Y og rak höndina í sögina. Komi þá fram í framburði hans að honum hafi verið kennt að slökkva á söginni væri hún ekki í notkun. Því sé um að ræða óhappatílvik og að einhverju leyti gáleysi M sjálfs í umgengni við sögina.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt gögnum málsins, þ.á.m. skýrslu um takmarkaða úttekt Vinnueftirlitsins dags. 14. október 2021, verður ekki séð að athugasemdir hafi verið gerðar við útbúnað eða ástand umræddrar sagar, þ.á.m. um öryggisbúnað hennar og verður því ekki talið sýnt fram á að hún hafi verið vanbúin. Þá liggur fyrir, samkvæmt framburði hans sjálfs, að M fékk leiðbeiningar um að slökkva á söginni þegar hún væri ekki í notkun, en hafi ekki gætt að því umrætt sinn og snúið sér við án þess að slökkva á henni og þá rekið höndina í sagarblaðið. Verður þá ekki séð að orsakatengsl séu milli þess að skort hafi á skriflegt áhættumat fyrir umræddan verkþátt og líkamstjóns M. Samkvæmt framansögðu er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 4/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Gildissvið váttryggingarskilmála. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V, dags. 20. desember 2021 varð tjón á bifreiðinni A þann 19. desember 2021. Eiginkona M fann brunalykt frá bílnum við heimkomu og kallaði til sonar síns sem opnaði húddið og sá eldglæður í vélahúsinu sem hann slökkti með vatnsslöngu. Við þetta hafi rafkerfi bifreiðarinnar brunnið. M gerði kröfu um bætur úr kaskótryggingu A hjá V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 5. janúar 2022 á grundvelli þess að um rafmagnsfræðilega bilun hafi verið að ræða sem undanskilin er í skilmála váttryggingarinnar. Í málskoti kemur fram að ekkert í skýrslu verkstæðis bendi til að tjónið hafi verið vegna rafmagnsfræðilegra orsaka frekar en utanaðkomandi orsaka. Vel þekkt sé að mýs nagi í sundur leiðslur auk annarra óhappa sem bílar lenda í t.d. vegna snjóruðninga.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar. Vísar V til þess að í tjónamati verkstæðis komi fram að „lúmmið“ hafi hitnað talsvert sé allt hart á því svæði sem skemmdist og að skipta þurfi um það. Vísar V til þess að í a-lið 2. gr. skilmála kaskótryggingar þurfi eldur að hafa orðið laus til þess að um bótaskyldan atburð sé að ræða. Af myndum frá verkstæði megi hvergi greina sviðnun, bruna, sót eða annað sem bendi til þess að eldur hafi orðið laus í bifreiðinni. Ekki sé dregið í efa að umrætt lúmm hafi hitnað og skemmst og að eigandi hafi orðið var við brunalykt, en hins vegar megi hvergi greina tjón sem rakið verður til þess að eldur hafi orðið laus. Leiða megi líkur að því að umrædd hitamyndun sé tilkomin vegna rafmagnsfræðilegra bilana sem séu sérstaklega undanskildar samkvæmt a-lið 3. gr. skilmálans.

Álit.

Í 2. gr. skilmála þeirra sem gilda um kaskótryggingu A hjá V segir að váttryggingin taki til tjóns á hinu váttryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika, með þeim undanþágum og takmörkunum sem fram koma í skilmálunum. Í a-lið 2. gr. kemur fram að váttryggingin bæti að auki tjón á ökutækinu vegna eldsvoða enda verði eldur laus. Í a-lið 3. gr. skilmálans er að finna undanþáguákvæði þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess, hvort sem hana er að rekja til vélfræðilegra eða rafmagnsfræðilegra orsaka eða efnahvarfa nema tjónið komi fram innan sólarhrings frá árekstri, áakstri, útafakstri eða skemmdarverkum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að tjónið megi rekja til utanaðkomandi atvika og kemur þá til skoðunar hvort a-liður 2. gr. eigi hér við þ.e. að eldur hafi orðið laus. Í málinu liggur fyrir bilanagreining verkstæðis sem framkvæmdi tjónaskoðun auk ljósmynda. Af bilanagreiningu verkstæðis og fyrirliggjandi ljósmyndum verður ekki annað ráðið en að skilyrði a-liðar 2. gr. séu ekki uppfyllt og að tjónið falli undir undanþáguákvæði a-liðar 3. gr. skilmálans. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 5/2023**Nafn málskotsaðila M1 og M2****Nafn varnaraðila (V)****Skaðabótaábyrgð váttryggingafélags****Skaðabótaábyrgð. Tjónshugtakið.****Gögn.**

1. Málskot dags. 9. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 3. mars 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Bréf V, dags. 9. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að lagnaleki kom fram í fjöleignarhúsi þar sem kjallaraíbúð er í eigu M1. Tjónið hafi orðið á tímabilinu nóvember 2021 fram á haust 2022, en af gögnum málsins verður ráðið að í nóvember 2021 hafi þær aðstæður myndast í húseign M1 að óeðlilegur hiti hafi verið í gólfi þvottahúss í sameign og parket farið að bóligna í kjallaraíbúð M1. Hinn 16. nóvember 2021 hafi verið tilkynnt um tjón í fasteignatryggingu V og sendi félagið pípara á vegum pípulagningarfyrtækis til að skoða aðstæður. Í kjölfarið var brotið gat í steypu í gólfi á þvottahúsgangi meðfram hitavatnslögnum og þar hafi gosið upp heit gufa og steypa verið blaut. M segir að verktakar á vegum V hafi skilið holuna eftir opna og síðan lokað henni aftur þar sem ályktað var að raki væri rakinn til drenvandamála eða vandamála hjá veitufyrtæki en ekki vegna lagna húseignarinnar. Framkvæmdir áttu sér stað í kjölfarið á vegum húsfélags húseignarinnar þar sem skipt var út ofnakerfi og hugað að drenlögnum. Frekari skemmdir hafi síðan komið fram í kjallaraíbúð M1 og framkvæmd hafi verið skoðun á kjallaraíbúðinni 20. maí 2022 þar sem niðurstaðan var sú að líklegast væri um leka frá lögnum hússins að ræða og aftur var tilkynnt um tjón til V. Ekki hafi verið brugðist við af hálfu V og hafi M því fengið utanaðkomandi sérfræðing til að skoða málið og hafi sá fundið leka á lögnum skammt frá múrbrotsholu þeirri sem verktakar á vegum V höfðu áður opnað og síðan steipt ofan í þar sem þeir hafi ályktað að ekki væri um lagnaleka að ræða. Eftir að leki frá lögnum var greindur í júní 2022 með skýrslu sérfræðings á vegum M, dags. 27. júní 2022, viðurkenndi V bótaskyldu úr fasteignatryggingu húsfélags hinn og hefur greitt bætur vegna tjóns á húseigninni, en viðgerð hafi ekki farið endanlega fram fyrir en í október 2022.

Í málskoti gera málskotsaðilar grein fyrir kröfum sínum vegna þessa. Í fyrsta lagi er vísað til þess að M1 sem eigandi kjallaraíbúðarinnar hafi orðið fyrir öðru fjártjóni vegna missis leigutekna frá 1. maí til 20. október 2022 auk vaxta og dráttarvaxta og tjón á innbúsmunum leigjandans sem hér er nefnd M2 en málskot var sent sameiginlega til nefndarinnar vegna hagsmuna allra aðila, bæði eiganda og leigjanda. Málið hverfist því um þetta tiltekna tjón eiganda húseignarinnar (M1) og tjón á innbúi í eigu M2.

M telur að V beri skaðabótaábyrgð á umræddu tjóni þar sem V og aðilar sem félagið beri ábyrgð á, eins og verktakar á þeirra vegum, hafi unnið mál vegna tjóns á húseign M1 út frá röngu forsendum mánuðum saman, bæði hvað varðar greiningu á orsökum hita og raka í húseigninni og þannig hafi M1 og M2 ekki getað sinnt mögulegri tjónstakmörkunarskyldu sinni. M byggir á að V hafi ítrekað dregið málið á langinn og samskipti starfsmanna V við M1 og M2 hafi verið ómarkviss og ófagleg. Ítrekað hafi þurft að reka á eftir hverju einasta skrefi hjá V, röng tjónagreining hafi leitt til mikils kostnaðar og þess tjóns sem M1 og M2 urðu fyrir. M telja sannað að leki úr nýlegri hitavatnslögnum hafi sannanlega verið til staðar þegar tjón var fyrst tilkynnt í janúar 2022 og V og aðilum á vegum félagsins hafi yfirsést sú raunverulega orsök og á því beri V skaðabótaábyrgð sem og hafi starfsmenn félagsins sjálfs viðhaft þannig vinnubrögð í málinu að saknæmt sé. M2 bendir í fyrsta lagi á að íbúar í kjallaraíbúðinni hafi glímt við heilsubrest vegna myglu. Í öðru lagi hafi sömu íbúðar þurft að flytja út íbúðinni hinn 17. maí 2022 vegna óviðunandi aðstæðna með margvíslegum óþægindum og þeim hafi heldur ekki verið gert kleift að sinna tjónstakmörkunarskyldu sinni vegna tjónsins. M2 bendir einnig á að miðað við samskipti við V eftir að leki fannst loks hafi þau gert ráð fyrir því að búslóð yrði komið fyrir á öruggum stað eða sett í hreinsun en þau hafi ekki haft fjárhagslega burði til að gera það sjálf. Þannig telur M2 að bæta eigi búslóð hennar með þeim hætti að þeim hluta sem ekki hafi tilfinningalegt gildi verið fargað og verðmæti þess bætt af hálfu V en aðrir hlutir verði hreinsaðir og komið til M2 á kostnað V. Í þriðja lagi krefjast

M1 þess að tjón vegna tapaðra leigutekna verði bætt frá 17. maí til 20. október 2022 ásamt vöxtum. Í fjórða lagi telja M1 að þau hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að fyrirætlanir um sölu íbúðarinnar hafi orðið að engu vorið 2022 og í fimmta lagi að þannig hafi M1 orðið fyrir fjárhagslegu tjóni með vaxtakostnaði vegna lántöku til kaupa á annarri íbúð. Í sjötta lagi hafi M1 og M2 leitað sér lögfræðiaðstoðar, eins og þeim hafi verið bent á af hálfu V og þess krafist að V greiði slíkan kostnað skv. reikningi. Að lokum telja M að þau hafi orðið fyrir gríðarlegu óhagræði og vinnu vegna vanrækslu V og krefjast þess að viðurkenndur verði bótaréttur vegna óhagræðis þeirra að álitum.

V hefur hafnað skaðabótaskyldu og vísar til þess að húseign sú sem M1 áttu þegar tjón varð hafi verið 57 ára gömul þegar tjón var tilkynnt hinn 16. nóvember 2021. V kvaðst hafa sent verktaka á staðinn til að hitamynda og rakamæla og niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að lagnir húseignarinnar hafi verið í gamlar og hafi þær legið óeinangraðar í steypu og líklegar til að vera í slæmu ásigkomulagi og vísar til ljósmynda sem teknar voru á þeim tíma. Einnig vísar V til þess að lítil sem engin þrýstijöfnun eða stýring á hitakerfi hafi verið fyrir hendi í húseigninni og þannig hafi heitt vatn streymt inn á hitakerfi húseignarinnar í miklu magni, sbr. gögn frá Veitum sem lögð eru fram í málinu. V lýsir aðstæðum síðan þannig að hola sem verktakar á vegum V grófu hafi verið skilin eftir opin í 3-4 vikur og á þeim tíma hafi enginn leki frá lögnum komið fram og raki í steypu hafi lækkað. Þannig hafi verið tekin ákvörðun um að loka holunni með múrverki hinn 24. janúar 2022. Í maí 2022 hafi síðan aftur komið tilkynning um tjón til V vegna húseignarinnar og þá hafi V ekki fundið raka frá lögnum og niðurstaða V var aftur sú að lagnir í húseigninni væru komnar á tíma og því þyrfti að endurnýja þær. Það hafi síðan verið hinn 13. júní 2022 sem lagnaleki hafi fundist um tveimur metrum frá þeim stað sem verktakar á vegum V hafi brotið upp múrverk áður og grafið í leit að leka. Eftir þetta hafi V viðurkennt bótaskyldu úr fasteignatryggingu húsfélags húseignarinnar en bent á að það þyrfti að laga allar lagnir því ástand þeirra væri ekki gott. Öðruvísi væri ekki hægt að greiða bætur vegna tjóns á fasteigninni, en það hafi síðan verið gert. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félaginu hafi borist gögn um að myglugró hafi fundist utanvert á búslóð M2 sem var í íbúðinni í júní 2022 þegar gólf hafi verið rifin upp. Í skýrslum komi fram að hluti myglutegunda sem fannst í húsnæðinu sé skaðleg en annað ekki.

V telja ekki sýnt af gögnum málsins að sú lagn sem reyndist leka í júní 2022 hafi verið farin að leka í janúar 2022 þegar starfsmenn V tóku afstöðu til tjóns úr fasteignatryggingu þegar það var fyrst tilkynnt. Sérstaklega er bent á að raki í uppbotsholu hafi minnkað á þeim tíma sem holan var opin og mat múrarameistara hafi verið að það væri hægt að steypa aftur upp í holuna. V telur ekki sýnt að vatn hafi fundið sér annan farveg, eins og M haldi fram. V hafnar því einnig að óeðlileg heitavatsnotkun á tímabilinu nóvember 2021 til maí 2022 sýni að lagnaleki hafi átt sér stað og að gögn frá fyrirliggjandi Veitum sýni að um sé að ræða venjulega notkun m.v. minni fjölbýlishús. Einnig bendir V á að ekki liggi fyrir gögn sem sýni að skaðleg mygla sé komin í búslóð M2, en ef svo er hafi M2 ekki sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni með fullnægjandi hætti. Auk þessa bendir V á að félagið beri ekki ábyrgð skv. reglunni um vinnuveitendaábyrgð á mögulegri saknæmri háttsemi verktaka sem V fékk til þess að meta ástand húseignar M1 þegar tjón var fyrst tilkynnt. V hafi ekki boðvald yfir verktökum né útvegi þeim verkfæri eða annað sem getur leitt til vinnuveitendaábyrgðar skv. íslenskum skaðabótarétti. Einnig vísar V því á bug að háttsemi starfsmanna V hafi með einhverjum hætti leitt til skaðabótaábyrgðar félagsins, vátryggingartakar hafi almennt sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið vátryggingarsamnings og umfang þess og það sé ekki hlutverk né á ábyrgð félagsins að upplýsa um þessi atriði. V telur að starfsmenn þess hafi ávallt brugðist hratt og vel við til að reyna að aðstoða M.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um skaðabótaskyldu V vegna tjóns sem M1 og M2 telja sig hafa orðið fyrir vegna áður og eftir að lagnaleki fannst í húseign í júní 2022. Fyrst var tilkynnt um mögulegt tjón í nóvember 2021 og þá komu á staðinn verktakar á vegum V til að meta aðstæður. Þeir verktakar virðast hafa skoðað aðstæður með því að mynda lagnir á tilteknum stað. Ekki liggur fyrir heildarskýrsla um tjónsgreiningu vegna þessa, en ljósmyndir af vettvangi gefa til kynna að ástand lagna hafi verið þannig að frekari athugunar hafi verið þörf. V tekur afstöðu til bótaskyldu nokkrum vikum síðar og telur hana ekki fyrir hendi m.v. upplýsingar í gögnum málsins og rekur tjón til þess að viðhald sé komið á tíma í húseigninni.

Í 12. gr. b. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að vátryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Verður á þeim grundvelli að gera þær kröfur til vátryggingafélaga að þau gangi úr skugga

um að þau gögn sem afstaða til bótaskyldu eru byggð á séu fullnægjandi. Þrátt fyrir það mat V að ekki væri um leka úr lögnum húseignarinnar að ræða var aftur tilkynnt um tjón af hálfu M1 og M2 í maí 2022. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafi haldið sig við fyrri afstöðu þrátt fyrir að hafa sent verktaka sína aftur á staðinn án þess að skýr gögn liggi fyrir frá þeim á bilana- eða tjónsgreiningu. Það var síðan ekki fyrir en óháður aðili á vegum M1 og M2 fór á vettvang sem lagnaleki fannst í júní 2022. Heildarviðgerð virðist síðan ekki hafa verið lokið fyrir en í október 2022.

Af heildargögnum málsins verður að álykta að eigendur húseignarinnar hafi ítrekað farið fram á það við V að greina mögulegar tjónsorsakir. Það að sérfræðingur á vegum eigendanna hafi á stuttum tíma fundið lagnaleka sem verktakar á vegum V fundu ekki bendir til þess að ekki hafi verið kannað nægilega vel hverjar mögulegar tjónsorsakir hafi verið. Skýrsla þess sérfræðings dags. 27. júní 2022 segir að mikill tími hafi farið til spillis vegna þess að málið hafi ekki verið skoðað til hlítar. Ekki liggja fyrir sérfræðigögn af hálfu V sem hnekkir því mati og verður, með vísan til fyrrnefndrar 12. gr. b í lögum um vátryggingarsamninga, að láta V bera hallann af því að hafa ekki aflað skýrari gagna sem staðfesta mat félagsins á tjónsorsökum. Verður einnig litið til þess að sá tími sem leið frá því að sú bilun fannst þar til gerðar voru ráðstafanir til að bæta tjónið hafi getað verið styttri. Verður því fallist á að starfsmenn V hafi sýnt gáleysi við afgreiðslu á tjónamáli vegna fasteignatryggingar.

Hvað eðli tjóns og tjónsfjárhæðir varðar verður málflutningur M1 ekki skilinn öðruvísi en að fyrir hafi legið sala á kjallaraíbúð þeirra og því ekki hægt að álykta að þau hafi ætlað að leigja íbúðina lengur og þannig hafi ekki orðið raunverulegur missir leigutekna frá 17. maí 2022 fram í október 2022. Verður tjón vegna þessa því talið ósannað. Einnig verður ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á fjárhagstjón M1 sem eigenda íbúðarinnar að öðru leyti m.v. fyrirbyggjandi gögn. Hvað varðar ætlað tjón á innbúi M2 verður heldur ekki nægilega skýrlega ráðið af gögnum málsins að orsakatengsl séu milli saknæmrar háttsemi starfsmanna V og þess að mögulega hafi eitthvað að innbúsmunum hennar skemmst vegna mögulegrar myglu og verður M2 að bera hallann af sönnunarskortum um það ætlaða tjón. Verður því ekki fallist á að sannað sé af hálfu M1 og M2 að þau hafi orðið fyrir tjóni vegna ofangreindrar háttsemi starfsmanna V. Bætur vegna ófjárhagslegs tjóns eins og óþæginda greiðast ekki án lagaheimildar og í kröfugerð M1 og M2 er hvorki tilvísun til slíkrar lagaheimildar né sýnt að skilyrði slíkrar, eins og t.d. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé uppfyllt. Verður því ekki fallist á að M1 og M2 hafi orðið fyrir tjóni sem V ber að greiða skaða- eða miskabætur fyrir.

Niðurstaða.

M1 og M2 eiga ekki rétt til greiðslu skaða- eða miskabóta frá V

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 6/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Ekið aftan á. Tillitssemi.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 10. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 24. janúar 2023
3. Bréf V2 dags. 9. febrúar 2023 ásamt gögnum sem lögð voru fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu um umferðaróhapp er atvikum þannig lýst að árekstur varð með bifreiðum A og B sem var báðum ekið suður Njarðargötu og stöðvaðar við gatnamót við Þorragötu á leið í hægri beygju inn Þorragötu. Bifreiðinni B, sem váttryggð var hjá V2, var ekið á undan bifreið A, sem var váttryggð hjá V1. Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi stöðvað við fyrrnefnd gatnamót og beygt til hægri á lítilli ferð, síðan hætt við að beygja til hægri og farið til vinstri og verið nær stöpp þegar bifreið A var ekið aftan á bifreið B. M, sem var ökumaður bifreiðar A, lýsir atvikum þannig að hann hafi stöðvað fyrir aftan bifreið B á gatnamótunum og ekið á eftir bifreið B þegar henni var ekið til hægri þegar bifreið B hafi verið snarhægt niður og beygt til vinstri og þannig hafi bifreið A lent aftan á bifreið B. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að ökumaður bifreiðar A (M) bæri alla sök á árekstrinum því hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig.

M telur að hann eigi ekki að bera alla ábyrgð á árekstrinum og vísar til þess að ökumaður bifreiðar B beri þá ábyrgð fyrir að stöðva skyndilega og breyta um akstursstefnu fyrir framan bifreið A. M vísar til þess að ökumaður bifreiðar B hafi sagt á vettvangi að hann hafi ekki verið viss um hvert hann var að fara og að hann hafi ekið í veg fyrir akstursstefnu bifreiðar A. M vísar einnig til þess að bifreið A hafi runnið á bifreið B þegar M hafi orðið var við ruglingslegan akstur ökumanns bifreiðar B.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum fyrir ruglingslegan akstur. V2 telur hins vegar að ökumaður bifreiðar B hafi gefið merki með hemlaljósi um stöðvun, sbr. fyrirmæli í 5. mgr. 33. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 18. gr. sömu laga um að aka það langt á frá ökutæki á undan að ekki sé hætt á árekstri þó það sem á undan er sé stöðvað. V2 telur M, sem ökumann bifreiðar A, ekki hafa gætt þessa og beri hann því alla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutæki sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Verður að telja að M sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði þessa ákvæðis og beri því nokkra sök á umræddum árekstri. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga kemur þá fram að áður en ökumaður ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækis skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Í 3. mgr. 36. gr. sömu laga kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Að mati nefndarinnar verður að telja að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega að þessum háttarnisreglum í aðdraganda áreksturs. Liggur þá ekkert fyrir um að A hafi gefið fyrirhugaða stöðvun til kynna með nokkrum hætti. Þykir hann því einnig bera nokkra sök á umræddum árekstri. Við mat á aðstæðum verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 7. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 7/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 10. janúar 2023.
2. Bréf V, dags. 24. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig í málskoti að tjón hafi orðið á tölvubúnaði og rafbúnaði á mjólkurróbót vegna mikilla sveiflna í rafmagni frá X þann 29. september 2021. M telur X bera ábyrgð á tjóninu þar sem hann sé skyldugur til að halda gæðum í sínum kerfum þannig að ekki verði tjón af hjá viðskiptavinum. Vísar M til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 146/1996 þar sem fram komi að raforkuvirki, neysluveitur og rafföng megi ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna. Of lág spenna hljóti að vera vegna gáleysis, vanrækslu eða mistaka X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í ljós hafi komið að teinrofi hafi brunnið yfir þann 29. september 2021 með þeim afleiðingum að of lág spenna hélst á kerfinu. Kerfið sé þannig sett upp að liðabúnaður skynjar ekki spennustigið. Engin mannleg mistök hafi verið gerð. Vísar V til 37. gr. reglugerðar nr. 192/1978 þar sem fram komi að ábyrgð X fari eftir almennum skaðabótaábyrgð.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á tölvubúnaði og rafbúnaði á mjólkurróbót í eigu M, en af gögnum málsins má ætla að það hafi skemmst vegna sveiflna í aflstraumi áður en rafmagn fór af þar sem teinrofi hafi brunnið sem leiddi til þess að of lág spenna hélst á kerfinu. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti fyrir hendi verður M að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að hætta væri á því að teinrofinn myndi brenna yfir og valda lágri spennu á kerfinu eða að viðhald hafi með einhverjum hætti verið vanrækt. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 8/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis****Takmörkun ábyrgðar váttryggingar. Samsömun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. febrúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að málskotsaðili sé eigandi og umráðamaður bifreiðar þeirrar sem sé tryggð kaskótryggingu hjá V. Málskotsaðili segist hafa lánað barnsmóður sinni bifreiðina í stuttan tíma eftir að þau höfðu slitið tímabundið samvistum en málskotsaðili tekur fram að þau hafi tekið upp samband að nýju skömmu eftir að umræddur tjónsatburður gerðist. Umrætt tjón hafi gerst þann 17. júlí 2022 þegar maður sem barnsmóðir hans hafði verið að slá sér upp með í stuttan tíma, en hafði slitið því sambandi þegar tjónsatburðurinn gerðist, hafi komið inn á heimili hennar í skjóli nætur og tekið bíllyklana að bifreiðinni í leyfisleysi og ekið á brott á henni. Hann hafi svo lent í árekstri á bifreiðinni. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé ljóst að hann hafi verið töluvert ölvaður. Barnsmóðir málskotsaðila hafi um leið og hún varð vör við að ökutækið væri ekki lengur fyrir utan heimilið hennar hringt í lögreglu og tilkynnt það stolið, sbr. lögregluskýrsla dags. 17. júlí 2022. M hafi tilkynnt tjónið á ökutækinu til V með tilkynningu dags. 19. júlí 2022. Með bréfi dags. 19. október 2022 hafi V hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu ökutækisins. V hafi byggt höfnun sína á þeirri staðreynd að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis og hafi V litið þannig á að hann, ökumaðurinn, hafi í reynd verið umráðamaður bifreiðarinnar þegar atvikið átti sér stað. Þá hafnaði V að um nytjastuld hafi verið að ræða. V hafi þannig samsamað háttsemi ökumannsins með M á grundvelli 2. mgr. 29. og 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Málskotsaðili byggir á því að tjónið sem varð á ökutækinu sé bótaskyldt úr kaskótryggingu sem M hafði í gildi hjá V á tjónsdegi. Samkvæmt skilmálum kaskótryggingarinnar taki tryggingin til skemmda á ökutæki vegna þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar og skemmdaverka þriðja aðila. Skilyrði bótaskyldu sé að atvikið hafi verið kært til lögreglu. M byggir á því að umrætt tjón hafi átt sér stað í kjölfar þess að bifreið M var stolið af þriðja aðila með þeim afleiðingum að sá aðili lenti í árekstri. Umræddur nytjastuldur hafi verið kærður til lögreglu og því öll skilyrði skilmálans fyrir bótaskyldu til staðar. Þá hafnar M alfarið að hægt sé að beita samsömun í máli þessu. Barnsmóðir M hafi haft bifreiðina tímabundið til afnota en var hvorki formlega skráð sem eigandi né umráðamaður bifreiðarinnar. Þrátt fyrir að barnsmóðir M hafi þekkt ökumanninn voru þau ekki í skráði sambúð, ekki með sameiginlegt lögheimili né bjuggu þau saman, sbr. fyrirliggjandi gögn. Þá liggi fyrir að barnsmóðir M hafi tilkynnt strax um nytjastuldinn um leið og upp komst um hann. M mótmælir því að hægt sé að beita samsömun. M hafi engin tengsl við ökumann bifreiðarinnar.

Í bréfi V, dags. 1. febrúar 2023 kemur fram að félagið hafi kallað eftir frekari gögnum frá lögreglu. V hafi borist afrit af skýrslutöku ökumannsins sem hafi farið fram að morgni 17. júlí 2022 eftir dvöl í fangaklefa um nóttina. Ökumaðurinn sagðist hafa verið á heimleið þegar áreksturinn gerðist, þ.e. á leið heim til kærustu sinnar. Hann sagðist hafa haft umráð yfir bifreiðinni og að kærasta hans hefði átt bifreiðina í 2-3 ár. Hann sagðist ekki hafa spurt um leyfi að fá að taka bifreiðina. V byggir á upplýsingum frá lögreglunni þar sem haft er eftir barnsmóður M að hún hafi verið með bílinn til umráða og að hún og ökumaðurinn búi saman. V byggir á því að samkvæmt skilmála tryggingarinnar bæti tryggingin þjófnað á ökutæki, tilraun til þjófnaðar og skemmdaverk og að í máli þessu reyni á hugtakið þjófnað. Það sé greinarmunur á hugtakinu nytjastuldi og þjófnaði, þ.e. að til að um þjófnað sé að ræða verði að vera til staðar auðgunarásætningur hjá þeim sem stelur bifreiðinni. Það sé ósannað í þessu máli að ökumaðurinn hafi ætlað að slá eign sinni á bifreiðina. Þá telur V sér heimilt að bera fyrir sig háttsemi ökumannsins að keyra ölvaður enda hafi ökumaðurinn með samþykki váttryggðs verið ábyrgur fyrir

ökutækinu. V telur ljóst að ökumaðurinn hafi á tjónsdegi búið með barnsmóður váttryggingartaka og skráðs eiganda bifreiðarinnar og haft þannig aðgang að og umráð bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 17. febrúar 2023, gerir M athugasemdir við að V leggi til grundvallar sönnunar í málinu framburð ökumanns í skýrslutöku hjá lögreglu að morgni 17. júlí 2022. M bendir á að ökumaður bifreiðarinnar og barnsmóðir M hafi ekki búið saman þegar atvikið gerðist og að þeirra sambandi hafi verið lokið. Ökumaðurinn og barnsmóðir M séu með sitthvort lögheimilið. Barnsmóðir M hafi samkvæmt löggluskýrslu, dags. 17. júlí 2022 tilkynnt til lögreglu að bifreiðinni hafi verið stolið og að fyrrverandi kærasti hennar hafi stolið henni. M telur varhugavert að leggja til grundvallar framburð ökumanns hjá lögreglu þar sem hann hafði stöðu sakbornings. Um sé að ræða ófullnægjandi sönnunarfærslu af hálfu félagsins og að V verði að bera hallann af því. Þá gerir M athugasemdir við þá fullyrðingu V að ósannað sé að um þjófnað hafi verið að ræða þar sem skort hafi á auðgunarásetningu ökumannsins. M gerir athugasemd við að þessari málsástæðu hafi ekki verið borið við í afstöðubræfi félagsins frá 19. október 2022. Þá bendir M á að þegar bifreiðin var tilkynnt stolin hafi ekkert legið fyrir um hvort um þjófnað eða nytjastuld væri að ræða. Barnsmóðir M hafi grunað fyrrverandi kærasta sinn um að hafa tekið bifreiðina en ekki vitað það með vissu. Þá fái túlkun V ekki staðist með tilliti til andskýringarreglu samningaréttar sem hafi þýðingu í váttryggingarétti. Reglan kveði á um að umdeilanleg og óljós sanningsákvæði sem samin hafi verið einhliða og valda ágreiningi séu skýrð þeim aðila í óhag sem samdi þau. Almennur geri ekki greinarmun á þjófnaði og nytjastuld í skilningi refsiréttar. Þá hafi í framkvæmd úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum ekki verið gengið út frá því að það þurfi að vera til staðar auðgunarásetningur svo að þjófnaður á bifreið falli undir kaskótryggingar, sbr. úrskurðir nr. 150/2013 og 75/2014.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur á milli M og V um það hvort tjón sem varð á bifreið M þann 17. júlí 2022 sé bótaskyld úr kaskótryggingu M hjá V. Ágreiningur málsins hverfist um hvort V sé heimilt að samsama þeirri háttsemi ökumanns bifreiðarinnar að aka ölvaður við M þannig að bótaréttur úr kaskótryggingunni falli niður og hvort ökutæki M hafi verið stolið aðfararnótt 17. júlí 2022.

Í 1. gr. váttryggingarskilmála V um kaskótryggingu kemur fram að váttryggður sé skráður eigandi ökutækis. Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er kveðið á um að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í þessu máli er ljóst að hvorki skráður eigandi ökutækis, M, né umráðamaður þess, barnsmóðir M, var ökumaður þegar tjón varð á ökutækinu þann 17. júlí 2022. Til þess að V geti borið fyrir sig háttsemi einhvers annars en váttryggðs eða umráðamanns verður að líta til þess að í 17.2 gr. segir að félagið geti borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Þarna er um að ræða heimild til samsömunar í skilningi a. liðar 2. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V ber sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið með samþykki, annað hvort M eða umráðamanns bifreiðarinnar barnsmóður M, ábyrgur fyrir bifreiðinni þegar hann lenti í árekstri við annað ökutæki en samkvæmt gögnum málsins var ökumaður bifreiðarinnar ölvaður þegar hann lenti í umræddum árekstri. Gögn málsins bera hins vegar ekki með sér að hann hafi með samþykki skráðs eiganda ökutækisins, M, eða umráðamanns þess, barnsmóður M, verið ábyrgur fyrir ökutækinu í umrætt sinn. Þvert á móti bera gögn málsins með sér að hann hafi tekið bifreiðina ófrjálsri hendi umrætt kvöld, sbr. löggluskýrsla dags. 17. júlí 2022 þar sem fram kemur að barnsmóðir M tilkynnti lögreglu bifreiðina stolna og að hún teldi að fyrrverandi kærasti sinn hefði stolið bifreiðinni. Samkvæmt upplýsingum í umræddri löggluskýrslu voru barnsmóðir M og ökumaðurinn ekki skráð með sama lögheimili þegar tjónsatburðurinn gerðist og barnsmóðir M segir þau ekki hafa verið lengur saman. Þá hafi þau aldrei verið í skráðri sambúð. V hefur ekki hnekt framangreindu með gögnum. Gegn neitun barnsmóður M og upplýsingum í fyrirliggjandi löggluskýrslu frá 17. júlí 2022 hefur V ekki tekist að sýna fram á að ökumaður bifreiðarinnar hafi með samþykki M eða barnsmóður M verið ábyrgur fyrir ökutækinu þannig að samsömun sé heimil. Teljast skilyrði samsömunar því ekki sönnuð.

Í skilmálum kaskótryggingarinnar er kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur fram í grein 2.1. að váttryggingin bæti skemmdir á ökutækinu til að mynda vegna þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar eða skemmdaverka þriðja aðila. Skilyrði bótaskyldu er að atvikið hafi verið kært til lögreglu. Í

Lögregluskýrslu, dags. 17. júlí 2022 kemur fram að barnsmóðir M hafi hringt um nóttina til lögreglu og tilkynnt að fyrrverandi kærasti hennar hafi stolið bifreiðinni. Lögreglan kærði ökumanninn fyrir nytjastuld, sbr. lögregluskýrsla dags. 17. júlí 2022. Það liggur því fyrir að barnsmóðir M tilkynnti bifreiðina stolna til lögreglu eins og skilmáli tryggingarinnar gerir kröfu um og að lögreglan kærði ökumanninn fyrir nytjastuld. Með vísan til framangreinds telst sannað að bifreiðin hafi verið tekin ófrjálsri hendi, þ.e. hvorki með samþykki M né barnsmóður hans. Hvorki í framkvæmd dómstóla, sbr. t.d. Hæstaréttardómur nr. 29/2005 frá 9. júní 2005 né í framkvæmd úrskurðarnefndar í váttryggingamálum hefur verið gerður greinarmunur á því hvort undir hugtakið þjófnað, eins og það birtist í váttryggingarskilmálum, falli eingöngu tjónsatburðir sem feli í sér auðgunarásetning hjá þeim sem tekur ökutækið ófrjálsri hendi þannig að nytjastuldur á ökutæki rúmist ekki innan hugtaksins. Hafi það verið ætlun V að undanskilja í skilmálum kaskótryggingar ökutækja tjónsatburði þegar ökutæki eru tekin ófrjálsri hendi og skemmast en ekki sé til staðar ásetningur að auðgast á brotinu heldur eingöngu að nýta sér ökutækið í akstursskyni þá hefði V átt að taka það fram með skýrum hætti í skilmálum tryggingarinnar. Hallann af óskýru orðlagi hvað þetta varðar ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglur samningaréttarins. V getur því ekki hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónsatburðurinn falli ekki undir framangreint ákvæði skilmála kaskótryggingar ökutækis.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu sinni, hjá V vegna skemmda sem urðu á bifreið hans í árekstri þann 17. júlí 2022.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 9/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð fasteignareiganda.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. febrúar 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 1. desember 2020, varð M, að kvöldi hins 21. nóvember 2020, fyrir líkamstjóni er hann féll fyrir utan fasteign X. Lýsir hann atvikum svo fyrir lögreglu að hann hafi verið á rafhlaupahjólum en þegar hann var framan við X hafi hann ekki tekið eftir læk sem var fyrir framan hann og er hann reyndi að sveigja frá hafi hann fallið á andlitið.

Í málskoti er aðstæðum og atvikum nánar lýst svo að M hafi verið á rafmagnshlaupahjólum á stíg sem liggja yfir torg meðfram fasteign X, þar sem m.a. sé gert ráð fyrir umferð hjólandi og gangandi. Á torginu sé lítill og illsjáanlegur skurður sem liggja frá tjörn á torginu og þvert yfir það, en hægt sé að komast yfir þennan skurð á einum stað, yfir torsýnilegan lítinn hlera. Þar sem engin upphækkuð brún sé á skurðinum hafi M endað ofan í honum og fallið ill á jörðina, og lent með andlitið á gangstétt hinum megin við skurðinn. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni og etji hann enn við afleiðingar þess. Vegna þess hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X en V hafi hafnað þeirri kröfu, með bréfi dags. 24. febrúar 2022, á grundvelli þess að ekki teldist sýnt fram á að tjón M yrði rakið til saknæmrar vanrækslu X eða starfsmanna þessa eða annarra atvika sem X gæti borið skaðabótaábyrgð vegna, heldur til háttsemi M sjálfs eða óhappatilviks.

M fellir sig ekki við þá afstöðu enda hafi aðstæður á vettvangi verið óforsvaranlegar og til þess fallnar að valda sérstakri slysaþættu. Eins og skjáskot af fjölmiðlaumfjöllun og umræðu á samfélagsmiðlum sýni hafi fjöldi fólks slasast á umræddum stað og hafi X haft vitneskju um það og hafi því borið að girða fyrir slysaþættu á svæðinu. Á slystíma hafi verið myrkur og rigning og lýsingu á umræddu svæði sé ábótavant. Engar viðvaranir hafi verið vegna yfirvofandi hætti og hafi verið erfitt fyrir M að sjá umræddan skurð og sérstaklega staðsetningu hlerans yfir hann. M vísar sérstaklega til fréttar sem augljóslega hafi ekki farið framhjá X, þar sem X hafi sent viðkomandi fjölmiðli ábendingu vegna hennar. Þar komi m.a. fram að umrætt torg sé illa upplýst auk þess sem skorti á leiðarmerkingar fyrir hjólræðafólk. Með einföldum hætti hefði mátt bæta lýsingu á svæðinu og/eða koma fyrir merkingum er sýni staðsetningu umrædds hlera, þó öruggast hefði verið að setja plexíglar eða annað efni sem þoli umferð vegfarenda, yfir vatnsrásina. Ríkar skyldur séu lagðar á umráðamenn fasteigna, eins og X, þar sem almenningur venju komur sínar, og hafi M mátt treysta því að umferð um torgið væri hættulaus.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi ekið rafmagnshlaupahjólum eftir reiðhjólástíg sem endi áður en komið sé að lóð X. Svo virðist sem M hafi ekið inn á svokallað snúningsplan fyrir ökutæki sem sé framan við hús X. Vestan við snúningsplanið sé lækur og yfir hann sé brú. Hann sé vel upplýstur og afmarkaður með steypukössum og á einum þeirra sé merki sem vísi vegfarendum að brúnni. Þá sé einnig stórt bil milli steypukassana við brúna. Þá sé ekki um skilgreindan hjólástíg að ræða. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tjón M megi rekja til saknæmrar ólögætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri skaðabótaábyrgð vegna, en sönnunarbyrði þess hvíli á M. Ekki sé sýnt fram á að hönnun torgsins sé í andstöðu við byggingarlöggjöf eða að nokkrar háttisreglur hafi verið brotnar þannig að leitt hafi til tjóns M. Um opið svæði, skrauttorg, sé að ræða sem enginn sérstakur stígur liggja í gegnum og sé fráleitt að ætla að hægt sé að aka í gegnum það á fullri ferð án þess að slíkri háttsemi fylgi nokkur áhætta. Verði að gera þá kröfu til vegfarenda að þeir hugi að aðstæðum og gæti að sér. Þá séu tilvitnaðar umkvartanir reiðhjólafólks engin sönnun þess að torgið sé vanbúið. Þá er tekið fram að rafmagnshlaupahjól M hafi ekki verið búið ljóskeri svo sem skylt sé samkvæmt reglugerð nr.

57/1994 um gerð og búnað reiðhjóla. Komist nefndin af því að bótaábyrgð hvíli á X beri í öllu falli að skerða bætur til M verulega á grundvelli eigin sakar.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að X hafi haft vitneskju um slyshættu á vettvangi og umfjöllun um hana. Þá er því mótmælt að merki sem sé að finna á steypum kassa við lækinn sé vegvísir, enda segi það bara til um að umferð gangandi og hjólandi sé heimil handan þess, auk þess sé merkið illgreinanlegt, sér í lagi í lítilli birtu. Þá er því mótmælt að opið við brúnna sé stórt, og sé steypukössunum að öðru leyti ekki raðað svo þétt saman að gefi til kynna hættu handan þeirra. Þá er því mótmælt að ekki sé um brot á byggingarreglugerð enda eigi aðkoma á lóð að byggingu að vera skýrt afmörkuð, greiðfær og greinileg og henta fyrirhugaðri umferð. Þá skuli hönnun hjólastíga og gönguleiða vera þannig að ekki skapist hætta fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Auk þess skuli lýsing henta viðeigandi umferð. Hafi X samkvæmt þessu löngu átt að vera búíð að gripa til viðeigandi aðgerða til að varna slysum. Þá er því hafnað að um nokkra eigin sök M hafi verið að ræða.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að á slysdegi hafi X ekki verið meðvitað um þá umfjöllun sem M vísi til. X telji umrætt torg ekki hættulegt og sjái ekki ástæðu til úrbóta þar. Þá er áréttuð að umrætt vegvísaskilti sé með endurskini sjáist vel í myrkri. Lýsing sé góð og umræddum kössum komið þannig fyrir að ljóst hafi verið hvert vegfarendum var beint á leið sinni yfir lækinn. Þá eru áréttuð aðra lýsingar X á staðháttum, og að hönnun torgsins sé til samræmis við gildandi byggingarlöggjöf og að allar úttektir hafi farið fram. Þá hafi M, sem á tjónsdegi hafi átti lögheimili í miðbæ Reykjavíkur, mátt vera kunnugur staðháttum, en hafi svo ekki verið hafi verið enn ríkari ástæða til aðgæslu af hans hálfu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Af framlögðum gögnum má sjá að ekki er skilgreindur hjólastígur á umræddu svæði og verða kröfur um aðbúnað því ekki grundvallaðar á því. Hins vegar er um að ræða fasteign þar sem gert er ráð fyrir að almenningur venji komur sínar, og verður því að gera ríkar kröfur til aðstæðna og aðbúnaðar. Fyrirliggjandi eru ljósmyndir og myndband af umræddu svæði. Má greina af þeim að við torgið er annars vegar nokkuð stór tjörn, og yfir hana eru þrjár göngubrýr sem virðast vel upplýstar. Frá tjörninni liggur svo mjór skurður og öðru megin við hann eru steinsteyptir kassar, en hin brún hans, sem liggur að gönguleið, virðist óvarin. Þá er ein, nokkuð mjó, göngubrú eða einhvers konar planki yfir lækinn, og virðist hún í sömu hæð og umræddur skurður. Af fyrirliggjandi myndbandi, sem sýnir aðkomuleið M að umræddu svæði, verður ráðið að lýsing á svæðinu sé ekki með þeim hætti að augljóst sé hvar viðkomandi gönguplanki, sem fellur nokkuð vel að skurðinum, sé staðsettur. Ekki verður heldur fallist á það að umræddir steinkassar séu staðsettir með þeim hætti að augljóst sé að umferð milli þeirra sé varasöm. Lýsingin á svæðinu fellst þá í því að kastarar eru við lækinn sjálfan en aðkoman að honum, sér í lagi rétt áður en komið er að umræddum kössum, virðist af framlögðum gögnum ekki sérlega vel upplýst. Samkvæmt framansögðu er því erfitt, sér í lagi ef það er blautt og myrkur, að átta sig á staðsetningu umrædds skurðar og brúnar yfir hann.

Meðal framlagðra gagn er útprentuð frétt af mbl.is, dags. 28. nóvember 2016, eða um fjórum árum fyrir slys M. Kemur þar m.a. fram að sætt hafi gagnrýni að lítill skurður eða lækur liggi frá tjörn á torginu, og hafi fjölmargt reiðhjólafólk hafnað í skurðinum, en ein brú sé yfir hann en engin upphækkuð brún sé á skurðinum eða góðar vísanir um hvar eigi að fara yfir hann. Fréttin ber það með sér að hafa verið uppfærð kl. 11:17 sama dag og verður jafnframt ráðið af henni að síðasta uppfærsla hennar haf verið kl. 21:58 hinn 29. nóvember 2016. Fréttin ber það þó með sér að hafa verið uppfærð vegna ábendingar frá forsvarsmönnum X, sem hafi þá væntanlega borist í síðasta lagi fyrir hið síðara tímamark. Í fréttinni kemur fram að aðeins sé hægt að fara yfir lækinn á einum stað, en meðfram honum séu lampar sem lýsa hann upp auk þess sem hnöllum hafi verið raðað þétt meðfram honum í þeim tilgangi að hjólréiðafólk fari ekki ofan í hann. Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að frekar hafi verið brugðist við ábendingum vegna frágangs við lækinn né að frekari breytingar hafi verið gerðar vegna þessara aðstæðna. Samkvæmt framansögðu er ljóst að forsvarsmenn X vissu af umkvörtunum og ábendingum varðandi aðstæður á torginu áður en til slyss M kom. Í ljósi þess, svo og þess að það er mat nefndarinnar samkvæmt framansögðu að aðstæðum á umræddu torgi sé ábótavant, er því til staðar bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X.

Hins vegar verður að taka til athugunar hvort háttsemi M eigi að leiða til þess að hann beri sjálfur meðábyrgð vegna líkamstjóns síns. Er þá að líta til þess að slys M átti sér stað, samkvæmt frásögn hans sjálfs, í myrkri og rigningu, um klukkan hálf tólf að kvöldi síðla í nóvember. Þá er ekki sérstaklega skilgreindur hjólastígur á umræddu torgi. Verður að telja að við þær aðstæður hafi M er hann ók inn á torgið, þar sem eru steinsteyptir kassar og stærri tjörn auk umrædds lækjar, borið að sýna sérstaka aðgæslu. Óháð því hvort hann var kunnugur staðháttum eða ekki ber torgið greinilega með sér, og má jafnframt greina það af framlögðu myndbandi af aðkomuleið M, að aðstæður þar eru nokkuð sérstakar. Á grundvelli þessa verður meðábyrgð M metin þannig að hann beri sjálfur ábyrgð á helmingi heildartjóns síns. Með vísan til þess á hann rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því er nemur helmingi tjóns hans.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 10/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 12. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 7. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 5. janúar 2021 hafi óhapp átt sér stað við uppdælingu á sementi á athafnasvæði X með þeim afleiðingum að sementsryk dreifðist um aðliggjandi svæði. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns sem þetta hafi haft í för með sér á fasteign hennar en gluggar, rúður, þakplötur og málningarþekjur á húseign M beri það með sér að sementið hafi haft veruleg áhrif. V hafi fallist á að atvikið sem slíkt væri bótaskyldt en hafi hins vegar hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingunni vegna tjónsins. M kvartar yfir því að V hafi ekki sent þar til hæfa matsmenn til að meta tjón hennar með fullnægjandi hætti innan eðlilegra tímamarka eftir að viðurkenning á bótaskyldu lá fyrir, heldur hafi höfnun þess verið byggð á einhliða mati á tjóninu sem hafi verið framkvæmt tíu mánuðum eftir tjónsdag. Það mat sé þá þvert á faglegt mat þeirra sem telji nánast útilokað að ekkert tjón hafi hlotist af atvikinu. Sýnt sé að fasteign M hafi orðið fyrir tjóni vegna sementsryks sem legið hafi yfir svæðinu mánuðum saman. Vandséð sé hvernig V sé stætt á því að hafna bótaskyldu á grundvelli einhliða aflaðs mats eftir að M hafi ítrekað farið fram á að fullnægjandi tjónsmat væri framkvæmt. Framganga V og meðferð þess á málinu samræmist þá ekki lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Er aðalkrafa M sú að úrskurðað verði um greiðsluskyldu en til vara og þrautavara er gerð krafa um að nefndin úrskurði um það hvort málsmeðferð af hálfu V sé til samræmis við lög og skilmála viðeigandi váttryggingar, þ.á.m. hvort réttilega hafi verið staðið að tjóns- og sakarmati.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé deilt um atvikið sem slíkt eða bótaskyldu vegna þess og hafi félagið greitt út bætur til nokkurra tjónþola, og hlutast til um þrif á bifreiðum og fasteignum sem sannanlega hafi orðið fyrir tjóni. Hvað varði varakröfu M telji V þá að málsmeðferð þess hafi á öllum stigum verið til samræmis við lög og skilmála félagsins, auk þess sem það falli utan valdsviðs nefndarinnar að taka afstöðu til umkvartana um málsmeðferð. V vísar þá til fyrirliggjandi matsgerðar verkfræðistofunnar Z þar sem fram komi að engar beinar skemmdir á fasteign M séu til staðar vegna sementsryks eða hreinsunar þess. Það hvíli á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns og telji M að um tjón sé að ræða sem ekki hafi verið að fullu bætt með aðgerðum V hvíli það á henni að leggja fram gögn því til staðfestingar. Það hafi ekki verið gert og eigi M ekki rétt til bóta.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að tjón hennar hafi ekki verið að fullu metið eða bætt af hálfu V. Telji M þá fullvíst og að mörgu leyti sannað að tjón hafi orðið á fasteign hennar, enda sýni hjálögð gögn og ljósmyndir það. Þá sé sementsryk enn að gera vart við sig svæðinu um tveimur árum eftir umrætt atvik og því ljóst að hreinsunaraðgerðir á vegum V, sem hafi ekki hlutast til um neina hreinsun á svæðinu frá því í janúar og febrúar 2021, hafi ekki dugað til. Þá eru enn gerðar athugasemdir við starfshætti M sem hafi loks látið meta tjónið, með einhliða mati, rúmlega tíu mánuðum eftir tjónsatvik en M hafi staðið í þeirri trú að mat mundi fara fram á tjóni hennar fljótlega eftir tjónsatvik og að hún fengi tjón sitt að fullu bætt. Hvað varði valdsvið nefndarinnar sé henni þá falið að fjalla um ágreining á grundvelli laga um váttryggingarsamninga svo og annarra viðeigandi réttarheimilda, og sé því til þess bær að taka afstöðu til lögbundinna réttinda M við úrvinnslu málsins.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að M hafi hvorki sannað tjón sitt né meint umfang þess. Þá hafi engin gögn verið lögð fram er hnekki fyrirliggjandi matsgerð þrátt fyrir að M hefði verið í lófa lagið að afla slíkra gagna.

Álit.

Óumdeilt er meðal aðila að óhapp á athafnasvæði X hafi valdið útblæstri sementsryks sem dreifðist um nágrennið. Þá er og óumdeilt að bótaskylda vegna tjóns sem rekja megi til þess sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Aðila greinir hins vegar á um hvort tjón hafi orðið á fasteign M og hvort það hafi verið bætt með fullnægjandi hætti með þeim hreinsunaraðgerðum sem ráðist var í af hálfu V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á tjón sitt og umfang þess.

Fyrir liggur tjónamatsskýrsla verkfræðistofunnar Z, en tjónaskoðun fór fram hinn 6. október 2021. Kemur þar fram að lögmaður M hafi verið viðstaddur upphaf skoðunar og lagt fram kröfugerð vegna hennar. Niðurstaða matsins er sú að engar beinar skemmdir séu á húseigninni vegna sementsryks eða eftirfarandi hreinsunar. M telur þrátt fyrir það að tjón hafi orðið á fasteign hennar og krefst bóta vegna þess. Engin gögn, s.s. mats- eða álitsgerð, hafa þó verið lögð fram er sýni fram á tjón á fasteigninni og hefur fyrirbyggjandi matsskýrslu því ekki verið hnekkt. Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á tjón sitt.

Hvað varakröfu og þrautavarakröfu M varðar þá er byggt á því að málsmeðferð af hálfu V hafi ekki verið til samræmis við lög og reglur eða viðeigandi vátryggingarskilmála. Er þó ekki vísað til tiltekinna ákvæða laga, reglna eða skilmála þessu til stuðnings. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar fjallar hún um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þó með þeim takmörkunum sem leiða af 4. gr. um frávísunarástæður. Þar sem ekki verður hins vegar talið sýnt, á grundvelli málatilbúnaðar M, að og þá með hvaða hætti málsmeðferð af hálfu V hafi brotið gegn ákvæðum laganna verður varakröfu og þrautavarakröfu M hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 11/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Stórkostlegt gáleysi. Váttryggingarskylda.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1 dags. 2. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. ágúst 2021, og öðrum málgögnum varð, aðfararnótt hins 9. ágúst 2021, árekstur milli bifreiðarinnar A og bifhjólsins B. M var, ásamt annarri stúlku, X, farþegi á bifhjólinu B. Varð hún fyrir líkamstjóni við áreksturinn og í málskoti kemur fram að aðallega sé gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 vegna þess, en til vara sé gerð krafa um að úrskurðað verði um bótaskyldu V2. Í málskoti kemur fram að M sé kunnugt um að sams konar ágreiningur, þ.e. varðandi bótarétt farþegans X, sé rekinn fyrir nefndinni í máli 332/2022, og með leyfi vísist til gagna og röksemda þess málskots eftir því sem við eigi, en ætla megi að nefndin hafi undir höndum öll gögn um umrætt slys. Að öðru leyti vísar M til þess að ekki sé rétt að skerðing á grundvelli ætlaðs stórkostlegs gáleysis M komi til álita enda sé hún barn og verði að skoða gjörðir hennar í því ljósi.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A, til nefndarinnar er einnig vísað til málgagna og frekari umfjöllunar í máli 332/2022. Rekur félagið atvik við áreksturinn og vísar til álits Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hefði ekki virt biðskyldu. V1 lýsir þá þeirri afstöðu sinni að B sé váttryggingarskyldt bifhjól. Samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 séu öll vélknúin ökutæki skráningarskyld en létt bifhjól í flokki I séu þó undanþegin skráningarskyldu skv. 1. mgr. 72. gr. laganna. Þau séu einnig undanþegin váttryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og ákvæði 5 gr. sömu laga um sakarskiptingu. Létt bifhjól í flokki I sé hins vegar, skv. 28. tl. 3. gr. umferðarlaga, skilgreint sem bifhjól sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt bíltæknirannsókn sem framkvæmd hafi verið á B hafi hraðatakörkun á hjólinu verið aftengd, þannig að það nái 56,7 kílómetra hraða á klukkustund. Við skoðun á hjólinu hafi hraðamælir þess þá verið fastur í 38 kílómetra hraða á klukkustund. Sé B því ekki bifhjól í flokki I, og falli því ekki undir undanþágu frá váttryggingarskyldu sem beri, eins og aðrar undantekningar frá meginreglum, að túlka þröngt. Með framangreindri aftengingu hafi hönnun hjólsins verið breytt. Þegar slíkar breytingar eigi sér stað beri eiganda ökutækis að afla nýrrar gerðarviðurkenningar, sbr. 9. tl. gr. 03.02 reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Hefði eigandi B sinnt þeirri skyldu sé ljóst að skráningu B hefði verið breytt og það bæði skráningar- og váttryggingarskyldt. Byggja verði flokkun ökutækja á raunverulegri hönnun þeirra en ekki upphaflegri skráningu, enda væri eigendum bifhjóla ella auðvelt að koma sér undan skráningar- og váttryggingarskyldu þrátt fyrir að breyta virkni bifhjóls með þeim hætti sem hér hafi verið gert. Beri því samkvæmt framansögðu að skipta ábyrgð í hlutfalli við sök ökumanna, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Telur V1 að háttsemi ökumanns B, sem tekið hafi að sér stjórn skráningar- og váttryggingarskylds ökutækis án þess að hafa til þess tilskilin réttindi, og hafi í engu gætt að forgangi umferðar sem gefin var til kynna með biðskyldumerki og þess í stað ekið viðstöðulaust, og án þess að hægja á sér, yfir gatnamótin, leiða til þess að hann beri alla sök á árekstri aðila. Hvað varði ökumann A þá hafi hann ekið bifreiðinni umrætt sinn án tilskilinna réttinda auk þess sem tetrahýdrokanntjónsuppgjörsmiðstöðnól (kannabis) hafi mælst í blóði hans. Hins vegar sé ekki orsakasamband milli þeirrar háttsemi og árekstursins og vandséð hvernig hann hefði getað brugðist við með öðrum hætti. Hann hafi öðlast réttindi til að aka bifreið, þó slík réttindi hafi ekki verið í gildi á slysdegi og því búið yfir þeirri þekkingu sem þurfi til aksturs bifreiðar, og þá hafi magn tetrahýdrokanntjónsuppgjörsmiðstöðnóls í blóði hans verið lítið. Þá bendi tjón á bifreiðinni einnig til þess að B beri sök á umræddum árekstri. Eigi M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Í bréfi V2, sem er tjónsuppgjörsmiðstöð í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatryggingar, til nefndarinnar kemur fram að B hafi, þegar það kom frá framleiðanda, ekki verið hannað til þess að geta náð meira en 25 kílómetra hraða á klukkustund. Hafi það við nýskráningu verið skráð sem létt bifhjól í flokki I. Eftir að breytingar sem gerðar voru á umferðarlögum með lögum nr. 39/2021 tóku gildi í maí 2021 hafi B verið afskráð enda ekki lengur skráningarskyld ökutæki samkvæmt lögum. Ábyrgð V2 takmarkist við skráningarskyld ökutæki og falli afleiðingar þessa atviks því ekki undir lögbundið ábyrgðarsvið V2. Sú staðreynd að eigendur B hafi breytt þeim öryggisbúnaði sem fylgdi hjólinu frá framleiðanda breyti ekki þeirri afstöðu enda miðist skráningarskylda við ökutæki eins og þau eru búin frá framleiðanda. Jafnvel þó bótaskylda væri til staðar á grundvelli lagaskyldu V2 til að bæta tjón sem leiðir af ökutækjum sem ekki eru ábyrgðartryggð leiði þá af 5. gr. laga um ökutækjatryggingar að skipta beri ábyrgð í hlutfalli við sök ökumanna. V2 telji þá ökumann A, á grundvelli ástands hans, réttindaleysis svo og þess að hann hvarf upphaflega af vettvangi, bera megin sök á atvikinu. Þess utan er afstaða V2, teldist bótaskylda til staðar, sú að skerða beri eða fella niður bótarétt M á grundvelli stórkostlegs gáleysis hennar sjálfrar, en hún hafi séð til ökumanns B drekka áfengi fyrir um kvöldið auk þess sem henni hafi mátt vera ljóst að stórhætta skapaðist af því að flytja tvo farþega á B. Auk þess hafi M vanrækt að bera hlífðarhjálms svo sem henni hafi borið.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa um það hvort bótaskylda sé til staðar á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, eða á grundvelli sakar hlutaðeigandi aðila, þ.á.m. ökumanns hins óvátryggða ökutækis B, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr. en greiðsluskylda hvíli þá á V2 skv. 15. gr. sömu laga.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvort B hafi á tjónsdegi verið skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum, sbr. 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatryggingar, en það er forsenda þess að tjóni verði skipt á milli A og B í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli á grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatryggingar. Samkvæmt 1. gr. 72. gr. umferðarlaga eru létt bifhjól í flokki I undanþegin skráningarskyldu. Í 28. tl. 3. gr. sömu laga kemur fram að létt bifhjól greinist í létt bifhjól í flokki I, sé bifhjólið ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund, og í létt bifhjól í flokki II sé bifhjólið hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt bíltæknirannsókn sem fram fór á B, var B hannað og skráð sem létt bifhjól í flokki I. Þó fyrir liggja að búið hafi verið að aftengja hraðatakmarkun á B, í þeim tilgangi að aka því hraðar, verður ekki talið að í því felist að það hafi verið „hannað“ til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund í skilningi umferðarlaga. Þá verður ekki byggt á því að tilvitnaður 9. tl. gr. 03.02 reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, þar sem fjallað er um heimildir Samgöngustofu til afturköllunar gerðarviðurkenninga að tilteknum skilyrðum uppfylltum, feli í sér skýra skyldu eigenda til að hlutast til um breytta skráningu eigi þeir við ökutæki sín með þessum hætti. Án ítarlegri ákvæða og skýrari leiðbeininga í lögum hvað þetta varðar telur nefndin sér því ekki unnt að komast að þeirri niðurstöðu að létt bifhjól sem hönnuð eru til að falla í flokk I verði skráningar- og vátryggingarskyld við það að eigendur þeirra aftengi hraðatakmarkanir með þessum hætti. Er greiðsluskylda af hálfu V2 því ekki fyrir hendi og verður við úrlausn þessa máls ekki byggt á 5. gr. laga um ökutækjatryggingar.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þar sem niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu byggð á þessu ákvæði þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort ökumaður A beri sök á umræddu tjónsatviki enda er um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða. Á M því, á grundvelli þessa ákvæðis rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir.

Kemur þá til skoðunar 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar en þar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Kemur þá til sérstakrar skoðunar framburður M við skýrslugjöf hjá lögreglu hinn 19. febrúar 2022, en þar kemur fram að hún og fleiri krakkar hafi verið við drykkju um kvöldið fyrir umrætt atvik. Hún hafi sjálf drukkið mest allra en ökumaður B hafi tekið nokkra sopa að hún telji en sé ekki viss. Þá hafi hvorki hún né X verið með hjálms meðan á ökuferðinni stóð. Þrátt fyrir að ábyrgð þess að farþegi noti hlífðarhjálms, sbr. 1 mgr. 78. gr. umferðarlaga, hvíli einnig á ökumanni verður að telja að M, sem m.a. fékk höfuðáverka við slysið, hafi ekki getað dulist sú áhætta sem í því fólst að nota ekki viðurkenndan hlífðarhjálms. Þá liggur fyrir að B, M og X þrímennu á bifhjólinu, en samkvæmt 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga var B, sem var 14 ára á slysdegi, með öllu óheimilt

að flytja farþega á því. Þrátt fyrir að meginábyrgð þess að hlíta umræddu ákvæði hvíli á ökumanni verður að miða við að M hafi ekki getað dulist að umrætt hjól var ekki ætlað þremur manneskjum og að hætta gæti verið fólgin í því að þrímenna á því með þessum hætti. Þrátt fyrir ungan aldur M, en hún var 13 ára og sjö mánaða á slysdegi, verður að telja að með fyrrgreindri háttsemi hafi hún sýnt af sér stórkostlegt gáleysi enda hafi hún mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem í framangreindri háttsemi fælist. Eins og málum er hér háttað, og þá sérstaklega með tilliti til ungs aldurs M, er það mat nefndarinnar að hæfileg skerðing sé 1/4 hluti.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V en skerða skal bætur til hennar um 1/4 hluta.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 12/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Hestatrygging.****Gildissvið váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 13. janúar 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 27. janúar 2023.
3. Bréf lögmanns M, dags. 16. febrúar 2023 ásamt dýralæknisvottorði dags. 8. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hryssa í eigu M slasaðist í ágúst 2020 og afleiðingar þess voru máttleysi og helti. Með tjonstilkynningu dags. 6. janúar 2022 var V tilkynnt um tjon þar sem gerð var grein fyrir slysinu sem og að hryssan hefði verið aflífuð 17. nóvember 2021. Frá slysinu í ágúst 2020 hafði hryssan verið meðhöndluð með verkja- og bólgueyðandi lyfjum þar sem hún var fylfull þegar slysið varð. Til þess að halda lífi í folaldinu, sem hryssan kastaði sumarið 2021, og tryggja að það kæmist á legg var hryssan ekki aflífuð fyrr en í nóvember 2021. Í vottorði frá dýralækni sem aflað var vegna málskots þessa, dags. 8. febrúar 2023 kemur fram að dýralæknirinn taldi meðferðina forsvaranlega m.t.t dýraverndunarsjónarmiða, en við aðrar aðstæður hefði hann ráðlagt aflífun strax.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr hestatryggingu hjá V og vísar til váttryggingarskilmála þar sem kemur fram að greiddar séu bætur ef hestur deyr af völdum sjúkdóms eða slyss eða ef hestur er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið, sbr. gr. 1.1 og 1.2 í VII. kafla váttryggingarskilmála hestatryggingar sem fjalla um svokallaða takmarkaða líftryggingu. M telur að aðstæður vegna afleiðinga slyssins hafi verið sérstakar og vísar til vottorðs dýralækni um að aflífun hefði verið ráðlögð strax hefði hryssan ekki verið fylfull.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur skilyrði gr. 1.1 og 1.2 ekki uppfyllt þar sem hryssa M hafi ekki dáið af völdum sjúkdóms eða slyss eða að tafarlaus aflífun hafi verið ráðlögð af dýralækni. Það hafi liðið eitt ár og þrjú mánuðir frá slysi fram að aflífun og það hafi ekki verið tekið ákvörðun um þá aflífun fyrr en 17. nóvember 2021. Einnig bendir V á að í gr. 1.9 í váttryggingarskilmálum komi fram að ekki séu greiddar bætur ef hestur deyr eða þarf að aflífa hann vegna heltis, sem hafi verið ein ástæða aflífunar hryssu M. Einnig vísar V til þess að tölvupóstur um höfnun bótaskyldu hafi verið sendur til M 13. janúar 2022 og málskot hafi ekki verið sent til úrskurðarnefndar fyrr en 13. janúar 2023 og hafi því ekki verið sent innan árs frá móttöku höfnunarbréfs í skilningi 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Í viðbótarathugasemdom M til nefndarinnar er því hafnað að málskot sé of seint fram komið og seinna vottorð dýralækni dags. 8. febrúar 2023 sýni að við aðrar aðstæður en þær að hryssan var fylfull hefði hann ráðlagt aflífun strax. Einnig hafnar M því að hryssan hafi verið hölt í skilningi gr. 1.9 í váttryggingarskilmálum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það í fyrsta lagi hvort málskot sé of seint fram komið laga um váttryggingarsamninga, en tilvísun V til 2. mgr. 124. gr. á ekki við þar sem hestatrygging telst ekki vera persónutrygging. Til skoðunar getur hins vegar komið hvort ársfrestur 2. mgr. 51. gr. sömu laga, sem fjalar um skaðatryggingar, hafi verið liðinn þegar málskot barst nefndinni. Í því ákvæði segir: „Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans.“ Af gögnum málsins verður ekki skýrlega ráðið að M hafi sannanlega fengið tilkynningu hinn 13. janúar 2022 um að kröfu hans hafi verið hafnað þó tölvupóstur hafi verið sendur þann dag. Verður að gefa móttakanda tölvupósts svigrúm til að móttaka slíkan póst og ekki ósanngjarnt að það sé alla vega sólarhringur. Þannig er málskot ekki of seint fram komið að mati nefndarinnar.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort dauði hryssa M hafi verið vegna atvika sem gildissvið takmarkaðrar líftryggingar í VII. kafla hestatryggingar V. Í ákvæðum gr. 1.1 er tiltekið að greiddar séu bætur ef hestur deyr af völdum sjúkdóms eða slyss, en ekki verður litið svo á að það ákvæði sé uppfyllt þar sem hryssa M dó ekki vegna slyssins heldur var aflífuð. Í gr. 1.2 er kveðið á um greiðsluskyldu V ef um tafarlausa aflífun er að ræða vegna þess að hestur er svo sjúkur eða slasaður að slíkt er ráðlagt af dýralækni. Ljóst er að aflífun hryssa M átti sér ekki stað fyrr en um 15 mánuðum eftir slys hennar og er sá langi tími utan við hugtakið tafarlaust.

Þá kemur til álita hvort gögn málsins, þá sérstaklega vottorð dýralæknis frá 8. febrúar 2023 um að hann hefði ráðlagt aflífun strax ef hryssa M hefði ekki verið fylfull, dugi til að uppfylla skilyrði orðalags váttryggingarskilmála um tafarlausu aflífun. Í því samhengi verður að líta til þess að orðalag váttryggingarskilmálanna er skýrt og vottorð dýralæknisins um atvik lá ekki fyrir fyrr en í síðasta mánuði, það er eftir að ágreiningur M og V kom upp. Ekki liggja fyrir skýr gögn frá ágúst 2020 um að tafarlaus aflífun hefði verið framkvæmd. Sönnunarbyrði um að tjón M falli undir gildissvið hestatryggingar V hvílir á M og verður M að bera hallann af sönnunarskorti og á því ekki rétt á bótum úr hestatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr hestatryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 13/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 17. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 24. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðanna A og B hinn 12. desember 2022 á bifreiðastæði við Borgartún 26. Lýsing ökumanns bifreiðar A með tölvupósti dags. 21. desember 2022 kemur fram að hann hafi bakkað úr stæði og þegar hann hafi verið kominn langleiðina úr stæðinu þá hafi hann fundið högg á bifreiðina. Þegar hann hafi farið út úr bifreið sinni (A) hafi komið í ljós að bifreið B hafi verið bakkað aftast í hlið bifreiðar A og ökumaður bifreiðar B hafi talið sig í órétti. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum þannig í tölvupósti 12. og 19. desember 2022 til V að hann hafi verið að bakka úr stæði þegar árekstur varð og líklegast hafi verið að báðir ökumenn hafi verið að bakka þó hann geti ekki fullyrt um það þar sem skuggsýnt hafi verið. Ljósmyndir liggja fyrir af ákomum á bifreiðunum.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B. M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A hafi bakkað það langt út að hann hafi verið kominn í akstursstefnu áfram þegar tjón varð. Einnig vísar M til þess að ákomur tjóns á bifreiðunum sýni að ekki hafi verið unnt að sjá bifreið B í speglum eða bakkmyndavél bifreiðar A, auk þess sem viðvörðunarkerfi í bifreið A hefði ekki gefið til kynna hættu. M vísar eining til þess að ef hann sem ökumaður bifreiðar A hefði stöðvað þá bifreið hefði árekstur samt orðið en ekki ef ökumaður bifreiðar B hefði stöðvað sína bifreið auk þess sem ökumaður bifreiðar B hefði tekið á sig sök á árekstrinum á vettvangi þó annað komi fram í skýrslu hans.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málsins, sbr. tölvupóstur V, dags. 24. janúar 2023.

Álit.

Af framburði ökumanna bifreiða A og B verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak úr stöðureitum bifreiðastæðis þegar árekstur varð. Báðum bar við þær aðstæður að gæta að umferð fyrir aftan sig, sbr. fyrirmæli í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Við mat á aðstæðum og framburði ökumanna eru líkur á að ökumaður bifreiðar A hafi mögulega verið kominn aðeins lengra í að aka aftur á bak úr sínum stöðureit en ökumaður bifreiðar B þegar árekstur varð. Er það eitt þó ekki talið hafa þannig áhrif á sakarmat að það upphefji aðgæsluskyldu ökumanns bifreiðar A. Ákomur á bifreiðunum benda heldur ekki til þess að árekstur verði einungis rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B. Af gögnum málsins telst því ekki sannað að annar ökumaður hafi gætt betur að sér við akstur aftur á bak en hinn og tilviljun ráði því hvar ákomur voru á bifreiðum við áreksturinn. Sök skiptist til helminga vegna aðgæsluleysis beggja ökumanna.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 14/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið váttryggingarskilmála. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 17. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. febrúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. febrúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið ásamt eiginkonu sinni á veitingastað þegar bakpoka í eigu M hafi verið stolið. V viðurkenndi bótaskyldu úr greiðslukortatryggingu M hjá V á þeim grundvelli að um þjófnað hefði verið að ræða. M hafði einnig í gildi heimilistryggingu hjá V en frekari upplýsingar um þá tryggingu liggja ekki fyrir í málinu hvorki frá M né V. M hefur fengið hluta tjónsins bætt hjá V úr greiðslukortatryggingunni. Aðila greinir hins vegar á um hvort bætur skuli greiddar vegna tvennra gleraugna sem í bakpokanum voru. Um er að ræða annars vegar sólgleraugu með styrk og hins vegar tvískipt gleraugu, þ.e. sjónglæraugu. M gerir athugasemdir við að fá ekki bæði glæraugun bætt úr annað hvort greiðslukortatryggingu eða heimilistryggingu sinni hjá V enda séu þau honum nauðsynleg. M er ósáttur við þau svör frá V að glæraugun hefðu fengist bætt ef um rán hefði verið að ræða en ekki þjófnað. Í athugasemdum V, dags. 15. febrúar 2023, byggir V á gr. 5.2.8 í skilmálum greiðslukortatryggingarinnar en þar komi fram að tjón á glæraugum vegna þjófnaðar bætist ekki og því falli umrætt tjón utan gildissviðs váttryggingarinnar.

Álit.

Í 5. kafla greiðslukortatryggingar M hjá V um farangur og tafir kemur fram að váttryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum vegna t.a.m. þjófnaðar en miðað við lýsingu á atvikum í tjónstilkynningu M til V, dags. 21. október 2022, er ljóst að tjón M sé að rekja til þjófnaðar en ekki rans. Í gr. 5.2 í skilmála greiðslukortatryggingar er þá fjallað um takmarkanir á bótaskyldu vegna slíks tjóns, og segir í gr. 5.2.8 að meðal þess sem ekki er bætt sé „Tjón á glæraugum vegna þjófnaðar, rans eða innbrots.“ Orðalag framangreinds undanþáguákvæðis hefur verið túlkað þannig að með því sé verið að takmarka bótaskyldu vegna hefðbundinni sjónglæraugna. Í gögnum málsins s.s. tölvupósti M til V og málskoti V kemur fram að glæraugun hafi bæði verið sjónglæraugu, þ.e. sólglæraugu með styrk og tvískipt glæraugu og eru því með vísan til framangreinds undanskilin bótasviði greiðslukortatryggingarinnar. Heimilistrygging M hjá V bætir þjófnað úr híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum. Þar sem þjófnaðurinn átti sér stað á veitingastað fellur tjónið utan gildissvið heimilistryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni né úr heimilistryggingu, hjá V vegna þjófnaðar á sólglæraugum með styrk og tvískiptum glæraugum.

Reykjavík, 7. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 15/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið X var ekið aftan á M, sem var þá ökumaður bifhjóls, í hringtorgi í Mosfellsbæ hinn 9. október 2018. Í lögregluskýrslu vegna atviksins kom fram að ekki hefðu orðið slys á fólki en þó að M hafi fengið kúlu á hné. Tveimur dögum eftir atvikið leitaði M til læknis og lýsti þá verkjum í herðum og fæti sem hann tengdi við atvikið sem og hafi verið eymsli yfir sjalvöðva. Næstu samskipti M við lækni voru í lok árs 2019 þar sem hann lýsti miklum bakverk og var honum ráðlagt að sækja sjúkraþjálfun vegna þess. Í skýrslu sjúkraþjálfara kemur fram að M hafi fundið fyrir verkjum í hálsi, hnakka og baki við ýmsar hreyfingar og þreifieymsli hefðu verið í hnakka, hálsi, herðum og mjóbaki. M leitaði síðan til bæklunarlæknis í janúar 2022 og í vottorð hans kemur fram að M hafi hlotið tognun á mjólbak í slysi í október 2018.

M telur að hann eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, hann glími enn við mjólbaksverki vegna slyssins en hann hafi áður verið heilsuhraustur. M vísar til læknisfræðilegra gagna um afleiðingar slyssins, sérstaklega til vottorðs bæklunarlæknis sem hafi verulegt sönnunargildi í málinu. Einnig hafnar M því að hafa vanrækt tjonstakmörkunarskyldu sína þar sem hann hafi leitað sér lækninga og fylgt fyrirmælum lækna.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til þess að fyrstu heimsókn M til læknis tveimur dögum eftir umferðaróhappið 9. október 2018 hafi verið þannig lýst að honum hafi verið illt í herðum hægra megin og á fæti en ekki hafi verið verkur yfir hryggjartindum. Ekki hafi M leitað til læknis fyrir en rúmlega ári síðar og þá hafi hann lýst bakverkjum og fengið tilvísun til sjúkraþjálfara sem hann hafi síðan einungis mætt til þrisvar sinnum og þannig ekki sinnt tjonstakmörkunarskyldu sinni. Einnig telur V að það að M hafi einungis tvisvar leitað til læknis síðan 9. október 2018 sanni að núverandi einkenni hans sé ekki hægt að rekja til fyrrnefnds atviks. Einnig telur V að lokavottorð hafi takmarkað sönnunargildi og að orsakatengsl séu ekki sönnuð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 9. október 2018. Fyrir liggur að M lýsti einkennum á fæti í lögregluskýrslu og leitaði til læknis tveimur dögum eftir atvikið þar sem hann lýsti verkjum í fæti og herðum, sem og eymslum yfir sjalvöðva. Rúmlega ári síðar leitaði M til læknis vegna bakverkja og fór í nokkra sjúkraþjálfunartíma vegna þess. Í vottorði bæklunarlæknis kemur fram að skoðun á M átti sér stað einu sinni á árinu 2022 og verður af orðalagi þess ekki fullyrt um sönnun orsakatengsla milli atviksins á árinu 2018 og núverandi einkenna. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M. Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að slík orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 16/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarmat. Akreinaskipti****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 14. febrúar 2023.
3. Bréf V2, dags. 2. mars 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á Reykjanesbraut við Fífuhvammsveg þann 1. febrúar 2022. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Fyrirtækið Aðstoð & Öryggi var fengið af V2 til þess að taka framburðarskýrslu af M sem var ökumaður bifreiðarinnar A. Í þeirri skýrslu er haft eftir M að hann hafi ekið bifreiðinni A á hægri akrein Reykjanesbrautar. Veður hafi verið mjög slæmt og snjór á veginum. Hann hafi óvart ekið örlítið til hægri, inn á aðrein að Reykjanesbraut en að bifreið hans hafi í mesta lagi farið hálf inn á aðreinina. Þegar hann hafði áttað sig á því að bifreiðin var ekki rétt staðsett, hafi hann litið í baksýnisspegilinn og byrjað að beygja aftur til vinstri, inn á hægri akrein Reykjanesbrautar og þá hafi árekstur orðið við bifreiðina B sem ók á sömu akrein. Ökumaður bifreiðarinnar B lýsir aðdraganda áreksturs með þeim hætti að hann hafi verið á hægri akrein Reykjanesbrautar og bifreiðin A hafi verið á beygjuakrein. Bifreiðin A hafi ekið inn í hægri hlið bifreiðar B. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að M sem ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki gætt nægjanlega að sér við akreinaskipti. M er ósammála þessari niðurstöðu og kveðst aldrei hafa farið af Reykjanesbrautinni og telur að áreksturinn hafi orsakast m.a. af ofsaakstri og ótímabærum akreinaskiptum ökumanns B. Bendir M á að það sé algjör uppspuni að bifreiðinni A hafi verið ekið í veg fyrir bifreiðina B.

V1 gerir engar sérstakar athugasemdir og vísar til málskots. V2 vísar til 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og telur ljóst að M hafi fært bifreið sína til hliðar í aðdraganda áreksturs og þannig ekki gætt nægilega að sér er hann ók bifreið sinni til hliðar. Telur V2 að M beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

Álit.

Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og gerðu ökumenn ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu. Það liggur hins vegar fyrir m.a. í framburðarskýrslu frá A&Ö að ökumaður A ók bifreið sinni inn á afrein af Reykjanesbraut og var að færa bifreið sína aftur yfir á hægri akrein Reykjanesbrautar er árekstur varð við bifreiðina B. Ökumaður þeirrar bifreiðar kveðst hafa ekið eftir hægri akrein Reykjanesbrautar í aðdraganda áreksturs. Engin gögn eða framburður vitna hafa verið lögð fram sem styðja þá frásögn M í málskoti að ökumaður B hafi verið að skipta um akrein í aðdraganda áreksturs eða ekið bifreiðinni á ofsahraða. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, er það álit nefndarinnar að M sem ökumaður bifreiðarinnar A verði að bera alla sök á árekstrinum enda liggur fyrir viðurkenning af hans hálfu að bifreið hans hafi ekki verið rétt staðsett í aðdraganda áreksturs og að hann hafi verið að færa bifreið sína til vinstri er árekstur varð. Braut hann þannig gegn 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með því að gæta ekki að annarri umferð er hann ók bifreið sinni til hliðar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 17/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M. dags. 6. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að félagið X hafi verið fengið til þess að endurnýja og breyta þaksvölum á húsinu sem íbúð M er í. Þegar X hafi verið að endurnýja pappa á þakinu hafi þann 19. september 2021 lekið inn í íbúð M vegna mikillar rigningar með þeim afleiðingum að parketið í íbúðinni skemmdist og varð ónýtt. Íbúðin hafi orðið óíbúðarhæf frá 1. apríl sama ár og leigutaki íbúðarinnar hafi yfirgefið íbúðina vegna rakaskemmda og sveppamyndunar. V hafi aflað einhliða skoðunarskýrslu til að meta tjónið. V hafi svo hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli skýrslunnar vegna þess að félagið telji að um langvarandi leka hafi verið um að ræða sem X hafi verið fengið til að lagfæra til að byrja með og því geti X ekki borið skaðabótaábyrgð á því tjóni sem um ræðir. M hafnar afstöðu V og telur enga sönnun liggja fyrir að það tjón sem um ræðir megi rekja til langvarandi leka en ekki háttsemi X. M telur engan vafa vera á því að eingöngu hafi lekið inn í íbúðina meðan á framkvæmdum stóð með þeim afleiðingum að tjón varð. Skýrslan sem V aflaði sé ekki tækt sönnunargagn þar sem hennar hafi verið aflað einhliða. Skaðabótaskylda X felist í því að hafa fjarlægt þakpappa án þess að gera ráðstafanir og því hafi orðið tjón á parketi í íbúð M. M telji því bein orsakatengsl á milli háttsemi X og þess tjóns sem M varð fyrir.

Í athugasemdum V kemur fram að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi áður fjallað um ágreininginn sem hér um ræðir, þ.e. hvort fyrir hendi sé bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X vegna þess tjóns sem varð í íbúðum í tilteknu húsi í september 2021, sbr. mál 40/2022. Þar hafi niðurstaða nefndarinnar verið sú að bótaréttur væri ekki fyrir hendi. V telur að ekkert hafa breyst eftir að úrskurður 40/2022 var kveðinn upp, þ.e. engrar matsgerðar hefur verið aflað eða önnur sönnunargögn verið lögð fram í málinu sem sýni að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna félagsins. Þá byggir V á því að M sé ekki lengur eigandi að umræddri íbúð og hafi ekki verið það síðan 26. janúar 2022. M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni í hverju tjón M hafi falist. Þá byggir V á að verkið sem X hafi verið fengið til að vinna hafi verið unnið á eðlilegan hátt og fyllstu varúðar hafi verið gætt. M hafi því ekki sýnt fram á að X eða starfsmenn félagsins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við framkvæmd verksins. V telur óumdeilt að þaksválirnar hafi lekið um langt skeið áður en X hóf lagfæringar. X hafi m.a. verið fengið til að vinna að lagfæringum við húsið vegna lekans. X segist hafa unnið verkið eins hratt og vandlega og kostur var. X hafi beðið eftir hagstæðri veðurspá og hóf þá framkvæmdir. X hafi ekki getað vitað að veðurspáin myndi ekki standast. Þegar starfsmenn X hafi byrjað að rífa upp PVC dúk, einangrun og þéttingar o.fl. Hafi þá komið í ljós að þaksválirnar héldu engu vatni og voru í afar slæmu ásigkomulagi. Starfsmenn X hafi reynt hvað sem þeir gátu til að halda vatni af þaksvölunum á meðan framkvæmdum stóð en því miður virðist vatn hafa ratað inn í húsið og inn í einstakar íbúðir. Afstaða V er sú að hvorki X né starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við framkvæmd verksins. Þá er það jafnframt afstaða V að orsakatengsl á milli hinnar meintu saknæmu háttsemi og tjóns M séu ósönnuð enda liggja fyrir að þaksválirnar láku áður en framkvæmdir hófust. M hafi ekki aflað matsgerðar eða annars konar gagna sem sýni fram á að rakaskemmdir í íbúðinni séu að rekja til framkvæmdanna á þaksvölunum. M verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Loks vísar V til þess að ábyrgðartrygging X hjá V taki ekki til tjóns á munum sem X hafi verið að vinna við með einum eða öðrum hætti.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 6. mars 2023, hafnar M því alfarið að sjónarmið um að M sé ekki lengur eigandi íbúðarinnar og geti því ekki gert bótakröfu vegna umrædds tjóns eigi við í málinu.

Óumdeilt sé að M hafi verið eigandi að íbúðinni þegar tjónið varð og hafi borið það. M bendir á að ekkert liggi fyrir í málinu sem staðfesti það að parketið hafi verið ónýtt áður en X hóf framkvæmdirnar á þaksvölunum. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að parketið hafi verið ónýtt áður en vatn lak inn í íbúðina. M segir að málsatvik séu ekki þau sömu í máli M og úrskurði 40/2022. Í máli M leikur enginn vafi á því að það hafi lekið inn í íbúðina á meðan á framkvæmdunum stóð. Loks vísar M til upplýsinga frá eftirlitsaðila verksins þar sem hann staðfestir að ekkert samráð hafi verið haft við hann áður en X hafi byrjað að rífa dúkinn af þaksvölunum. Þá segi eftirlitsmaðurinn að þessi vinna hefði aldrei átt að fara fram nema í samráði við hann og að veðurspáin hafi verið óhagstæð vegna rigningar.

Í viðbótarathugasemdu V, dags. 22. mars 2023, ítrekar V að M hafi selt íbúðina sem um ræðir og ósannað sé í hverju tjón M felst. Ekki liggi fyrir hvort íbúðin hafi verið lagfærð í kjölfar vatnstjónsins. Ekki liggi heldur fyrir hvort kaupverð eignarinnar hafi tekið mið af tjónsatvikinu. Þá beri M sönnunarbyrðina fyrir því að tjóninu hafi verið valdið með saknæmum hætti og engin sönnun liggi fyrir að X eða að starfsmenn hans hafi sýnt af sér sök við framkvæmd verksins. V ítrekar það sem komi fram í skoðunarskýrslu frá nóvember 2021 að rakaskemmdir í horni inn í stofu og herbergi séu ekki tilkomnir vegna lekans. Skoðunarmaður telji greinilegt að vatn hafi smitast inn með útvegg í einhvern tíma. Þessari skýrslu hafi ekki verið hnekkð með matsgerð eða öðrum sönnunargögnum. Loks hafnar V því sem eftirlitsmaðurinn segir um að veðurspáin fyrir helgina hafi verið slæm, sú fullyrðing sé ósönnuð.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort vatnstjón sem varð á fasteign M í september 2021 sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V vegna mistaka starfsmanna X þegar þeir fjarlægðu þakpappa af þaki og svölum hússins. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að vera hægt að rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna sem X ber ábyrgð á. Almennt ber M sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna skaðabótaábyrgðar X. Í máli þessu liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn um orsakir þess tjóns sem varð í íbúð M og hvort það sé að rekja til vinnubragða starfsmanna X. Í málinu liggur fyrir skoðunarskýrsla, dags. nóvember 2021, frá verktaka á vegum V sem ber með sér að um langvarandi leka hafi verið að ræða í íbúðinni með tilheyrandi tjóni og hefur þeirri skýrslu ekki verið hnekkð af M. Þá liggur ekki fyrir í málinu úttekt á vinnubrögðum X eða álit óháðra sérfræðinga um orsakir tjónsins. Breytir yfirlýsing eftirlitsmanns verksins 1,5 ári eftir að atvik gerðust engu þar um. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Með vísan til fyrirliggjandi gagna verður því ekki fallist á að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X og bótaskylda þegar af þeirri ástæðu ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V vegna vatnstjóns í september 2021.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 18/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Nafn váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Akstur við brú.****Gögn.**

1. Málskot dags. 19. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 24. janúar 2023.
3. Bréf V2 dags. 1. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna áreksturs bifreiðanna A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2, kemur fram að áreksturinn átti sér stað á brú yfir Fossála á Suðurlandsvegi. Í lögregluskýrslunni eru m.a. myndir af ökutækjunum A og B og lýsing á aðstæðum ásamt lýsingu ökumanna á aðdraganda árekstursins. Ökumaður bifreiðar A segist hafa verið að aka í vesturátt í slæmu skyggni og þegar hann hafi séð bifreið B koma akandi að brúnni hafi hann séð að ökumaður hennar hafi ekki ætlað að stöðva bifreið B áður en komið var að brúnni. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið á um 70 km/klst hraða en náð að hæga niður í um 30 km/klst þegar árekstur varð og að árekstur hafi átt sér stað rétt vestan við brúna þars sem bifreið hans hafi stöðvast við áreksturinn. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa verið nánast kominn að brúnni þegar hann veitti bifreið A athygli og að þeirri bifreið hafi verið ekið á miklum hraða. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa nánast stöðvað sína bifreið og verið á um 5 km/klst hraða þegar árekstur varð og að árekstrarpunktur hafi verið ofan á brúnni en vegna hraða bifreiðar A hafi bifreiðarnar staðnæmst vestan við brúna. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að brak úr bifreiðunum hafi verið ofan á brúnni, aðallega á vesturhelmingi hennar, en beggja vegna brúarinnar séu áberandi viðvörðunarkerki um að einbreið brú sé framundan og lækkun hámarkshraða, fyrst í 70 km/klst og síðan í 50 km/klst. Lögregla mat það þannig að þó snjócoma hafi verið á vettvangi hafi umferðarkerki verið vel læsileg.

M telur að með tilliti til staðsetningu bifreiða A og B við árekstur sé það nánast borðliggjandi að bifreið A sé í rétti.

V1 bendir á ákvæði 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem segir: „Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst framhjá hinu áhættulaust skal sá ökumaður sem fyrstu kemur að njóta forgangs en sá sem síðar kemur að skal, ef kostður er, nema staðar, aka út af vegi eða aka aftur á bak.“. V1 telur með vísan til mynda af vettvangi að bifreið A hafi verið komin fyrir að brúnni og hafi því átt að njóta forgangs og beri ökumaður bifreiðar B því alla sök á árekstrinum.

V2 vísar til sama ákvæðis umferðarlaga og að mati félagsins verði ekki með hliðsjón af framburði ökumanna um aðstæður í aðdraganda árekstur með óyggjandi hætti skorið úr því hvor þeirra kom fyrir að brúnni og því verði að skipta sök til helminga.

Álit.

Ágreiningur hverfist um hvort ráða megi af gögnum málsins hvor ökumanna bifreiða A eða B kom fyrir að einbreiðri brú á Suðurlandsvegi. Af lýsingu af aðstæðum í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að áður en ekið er að hinni einbreiðu brú séu skýr viðvörðunarskilti vegna þrengingar og hámarkshraði færður niður. Þó brak úr bifreiðunum hafi verið á vestari hluta brúarinnar verður ekki skýrlega ráðið af því eða framburði beggja ökumanna í lögregluskýrslu hvor ökumanna hafi verið kominn fyrir að brúnni. Verður því ekki af gögnum málsins talið nægilega sannað að annar ökumanna hafi átt að veita hinum forgang í skilningi 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og skiptist sök því jafnt á milli þeirra.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 4. apríl 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 19/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Atvinnurekandi: X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið dags. 19. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. október 2021, er hann starfaði hjá X, hafi M slasað sig á hendi er hann var að þrifa svokallaðan innmatara, með því að ryksuga úr honum. Þegar M hafi ryksugað gegnum op í vélinni hafi snigill gripið í ryksugubarkann sem M hélt á í vinstri hendi, með þeim afleiðingum að höndin festist og M hlaut líkamstjón. M gerir athugasemdir við það að leiðbeiningar til hans, sem var í fyrsta skipti að þrifa vélina, hafi verið ófullnægjandi. Þannig hafi samstarfsmaður hans aðeins lýst því í örfáum orðum hvernig þrif skyldu fara fram, og þá hafi M ekki verið látinn vita af neyðarstöðvunarhnappi vélarinnar. Þá hafi snigillinn falið í sér hættu fyrir starfsfólk. Hafi X borið að tryggja öryggi starfsfólks, veita leiðbeiningar og tryggja að viðeigandi öryggisbúnaður væri til staðar. Með vísan til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim telur M því að bótskylda úr ábyrgðartryggingu X sé til staðar.

Lögregla var kölluð á vettvang og er skýrsla hennar um atvikið fyrirbyggjandi. Þá liggur skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins, dags. 6. október 2021, fyrir. Þar kemur fram að tveimur athugasemdum var beint til X í kjölfar slyssins. Annars vegar að endurskoða skuli áhættumat og verklagsreglur fyrir umræddan verkþátt og hins vegar voru gefin út fyrirmæli um að tryggja skyldi að ekki væri hægt að komast í snertingu við snigilinn þegar hann væri í gangi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til sakar X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri bótaábyrgð á. Umræddur innmatari sé stór kassi sem efni sé híft ofan í með lyftara en í botni kassans sé lítill hægfare snigill sem skili efninu áfram á færiband. Við enda snigilsins sé lok sem hægt er að taka af og þar hafi M verið að ryksuga efnisleifar sem safnast hefðu saman við vinnsluna. Miðað við aðstæður við þennan litla snigil sé erfitt að átta sig á því hvernig lýsing M standist, enda sé ryksugubarkinn það breiður að hönd M ætti ekki að hafa getað klemmst með þeim hætti sem hann lýsi. Þá sé vandséð hvernig svo hægfare snigill gæti hafa hrifsað til sín barkann og vinstri hönd M. Því er þá sérstaklega mótmælt að umrædd vél hafi verið vanbúin eða hlíf vantað, enda hafi Vinnueftirlitið aldrei gert athugasemdir þar að lútandi við reglubundið eftirlit. Nauðsynlegt sé hins vegar að lyfta hlífinni upp við þrif á vélinni og hafi M átt að vera aðstæður ljósar svo og það að ekki væri hætt á slysi ef rétt væri staðið að verki. Þá hafi M fengið fullnægjandi þjálfun og séu fyrir hendi gögn er staðfesti það. Um einfalt verk hafi verið að ræða og fyrir liggja að samstarfsmaður M hafi leiðbeint honum um framkvæmd þess umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að engin gögn hafi verið lögð fram er sýni fram á þá þjálfun sem M eigi að hafa fengið. Í samskiptum X og V vísi X til þess að tungumálaörðugleikar séu til staðar en engin gögn um þjálfun liggja fyrir. M mótmælir þá þeirri afstöðu V að slysið geti ekki hafa atvikast á þann hátt sem M lýsi og ítrekar þess utan fyrri athugasemdir.

Álit.

Engin vitni voru að slysi M og er hann því einn til frásagnar um það hvernig það atvikaðist. Óumdeilt er þó að honum var falið að þrifa umræddan innmatara og fékk hann munnlegar leiðbeiningar frá samstarfsmanni um hvernig ætti að bera sig að við það. Þá er einnig óumdeilt að við skoðun Vinnueftirlitsins sem fram fór tveimur dögum síðar voru gerðar athugasemdir við það að hægt væri að komast með líkamshluta að sniglinum þegar hann væri í gangi og í því væri fólgin hættu fyrir starfsfólk. V hefur lagt fram myndbönd, annars vegar af sniglinum á snúningi og hins vegar af ryksugun snigilsins sem það telur styðja við þá afstöðu að slys M geti ekki hafa atvikast með þeim hætti sem hann lýsir. Það er afstaða nefndarinnar, og er þá jafnframt litið til fyrrgreindrar skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins,

að myndböndin hnekki ekki frásögn M. Verður því að miða við að slysið hafi orsakast með þeim hætti sem hann lýsir. Hvað þjálfun varðar verður þá jafnframt að líta til þess að einu leiðbeiningarnar sem M virðist hafa fengið um fullnægjandi þrif vélarinnar hafi verið munnleg tilmæli samstarfsmanns rétt fyrir slysið. M virðist hins vegar hafa verið einn í vinnslusalnum við verk sitt og því verður ekki séð að neinn hafi litið til með honum við framkvæmd þess, þó ekki sé sýnt fram á annað en hann hafi verið að framkvæma það í fyrsta sinn. Þrátt fyrir yfirlýsingu um að fyrir liggi gögn er sýni fram á fullnægjandi þjálfun hafa slík gögn ekki verið lögð fyrir nefndina. Jafnframt liggur fyrir að M tali litla sem enga íslensku og ensku og af yfirlýsingum X verður helst ráðið sem það hafi staðið samskiptum, þ.á.m. leiðbeiningagjöf og þjálfun, fyrir þrifum. Liggur því ekki fyrir að M hafi hlotið fullnægjandi þjálfun vegna umrædds verkþáttar.

Á grundvelli framangreinds og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja nægilega sýnt fram á að slys M megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar við umrædda vél svo og ófullnægjandi þjálfunar og ber X bótaábyrgð vegna þess tjón sem af varð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 20/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila V1 og V2****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarmat. Hraðakstur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 14. febrúar 2023.
3. Bréf V1 dags. 22. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. febrúar 2023.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. mars 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. nóvember 2022, varð, að kvöldi hins 10. nóvember 2022, árekstur milli bifreiðanna A, og B sem er í eigu M en sonur hennar ók umrætt sinn. Áreksturinn varð á Reykjanesbraut, milli Stekkjarbakka og Bústaðavegar til norðurs. Samkvæmt skýrslu lögreglu mátti sjá mjög stutt hemlaför á þeirri akrein sem er lengst til vinstri og stuttu síðar dragför eftir tvö ökutæki. Sjá mátti hvar B hafði lent á kantsteini og oltið uns hún staðnæmdist á grasflöt miðdeilis. Við skoðun á A hafi mátt sjá að ekið hefði verið á vinstra afturhorn að utanverðu sem bendi til þess að hún hefði verið að skipta um akrein. Lýsing ökumanns A í lögregluskýrslu er á þann veg að hún hafi verið nýbúin að aka inn á Reykjanesbraut frá Stekkjarbakka, á um 50 kílómetra hraða á klukkustund, og hafi verið á miðjuakrein þegar hún hafi tekið eftir B akandi á ofsahraða fyrir aftan sig. Hafi hún ákveðið að skipta um akrein til að forðast B en B hafi þá ekið aftan á A. Eftir ökumanni B er haft að hann geri sér ekki grein fyrir því hver ökuhraði hans hafi verið, en skyndilega hafi hann séð A ekið þvert fyrir sig frá hægri, án sýnilegs stefnuljóss. Hafi B hafnað aftan á A og þaðan á umferðareyju þar sem allt hafi farið á „loft“. Í lögregluskýrslu er einnig að finna framburð vitnisins X, en hann segist hafa ekið C á akreininni lengst til vinstri á u 85 kílómetra hraða á klukkustund. A hafi ekið eftir miðjuakrein en svo skipt yfir á hægri akrein. Á sama tíma og A var við akreinaskipti hafi B verið ekið fram úr C á „ofsahraða“ á miðjuakrein og svo yfir á vinstri akrein og aftan á A. Áréttar vitnið að B hafi verið á „svívirðilegum“ hraða. Vitnið Y, sem var nærstödd lýsir þá atvikum svo að þegar hún heyrði hátt bremsuhljóð hafi hún litið í áttina á því og séð hvað grárri bifreið (A) var ekið framan við svarta bifreið (B).

Í framhaldinu ákvað V1 að afla hraðaútreiknings og samkvæmt niðurstöðu hans var aksturshraði A 90 +/- 4 kílómetrar á klukkustund, en aksturshraði B 122 +/- 5 kílómetrar á klukkustund. Á grundvelli þess taldi V1 rétta að sök á árekstrinum skiptist svo að A bæri 2/3 hluta en B 1/3 hluta vegna hraðaksturs.

Í málskoti mótmælir M þessari bótaskerðingu á grundvelli stórkostlegs gáleysis B, enda hafi A verið beygt án viðvörunar í veg fyrir B. M fellst í sjálfu sér á það að B hafi líklega verið ekið of hratt en skerðing bótaréttar verði ekki byggð á einhliða öfluðu mati sem unnið sé af aðila sem eigi í samningssambandi við V1. Eru þá gerðar margvíslegar athugasemdir við verklag við skýrslugerðina og efast um nákvæmni hennar, enda hafi hún verið framkvæmd löngu eftir umrætt atvik, og t.a.m. ógerningur að staðhæfa um að hemlaför sem skýrsluritari hafi fundið á vettvangi séu hin sömu og vísað er til í skýrslu lögreglu. Þá séu forsendur skýrsluritara óljósar og niðurstöðurnar ekki í samræmi við þær forsendur sem þó hafi legið fyrir, auk þess sem hraði A samkvæmt skýrslunni sé allt annar en sá hraði sem ökumaður hennar segist hafa ekið á. Ljóst sé að A hafi ekið í veg fyrir B og hafi það valdið tjóninu, óháð því á hvaða hraða B var ekið.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er þess óskað að nefndin skoði sérstaklega hvort unnt sé að byggja á fyrirbyggjandi hraðaúttekt en afstaða V1 hafi verið sú að setja 1/3 hluta sakar á ökumann B fyrir of hraðan akstur, og lúti ágreiningur málsins að því hvort B hafi verið yfir löglegum hámarkshraða í aðdraganda áreksturs.

Í bréfi V1 kemur fram að ágreiningurinn snúi að sakarskiptingu en ökumaður B hafi, í aðdraganda áreksturs, sýnt af sér stórfellt gáleysi sem metið verði honum til sakar. Vísar V1 til framburðar ökumanns A svo og vitnisins X um hraða B. Þar sem af lýsingu í lögregluskýrslu og framangreindum framburði megi ráða að B hafi verið ekið á ofsahraða hafi félagið óskað hraðaútreiknings, sem staðfesti

þá niðurstöðu. Hvorki V2 né M hafi þá óskað eftir öðrum hraðaútreikningi til að hnekkja því mati sem liggja fyrir. Á grundvelli þessa verði bætur til M skertar um þriðjung.

Í viðbótarathugasemdom M er tekið fram að vitnisburður A, sem hafi hagsmuni af úrlausn málsins, hafi ekkert sönnunargildi. Hvað varði vitnið X þá sé það matskennt hvað sé „ofsahraði“ og „svívirðilegur“ hraði. Þá hafi X talið A vera á eðlilegum aksturshraða, en á vettvangi sé 80 kílómetra hámarkshraði. A hafi hins vegar sjálf talið sig aka á 50 kílómetra hraða og komi það illa heim og saman. Hugsanlegt sé, út frá framangreindu, að B hafi verið á 100 kílómetra hraða, sem varla geti talist stórfellt gáleysi. Þá hafi svokölluðum PC-Crash útreikningi ætíð verið hafnað af úrskurðarnefndinni og aldrei komið til kasta dómstóla. Ítrekar M því fram komnar kröfur.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ágreiningur aðila varði ekki beinlínis bótaskerðingu heldur sakarskiptingu, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 en þar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Þá verður ekki annað ráðið en að eingöngu sé deilt um mögulegan bótarétt vegna munatjóns, en ekki bætur vegna líkamstjóns. Þá virðist ekki ágreiningur um það að ökumaður A beri meginsök á umræddum árekstri, enda hafi hún ekki gætt nægilega að 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en samkvæmt henni ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Verður leyst úr málinu á grundvelli framangreindra forsendna.

Hvað varðar hraðaútreikning sem framkvæmdur var af hálfu V2 þá verður ekki litið framhjá því að hans er einhliða aflað, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á ökuhraða. Þó niðurstaða skýrslu um hraðaútreikning sé sú að aksturshraði B hafi verið á bilinu 117-127 kílómetrar á klukkustund verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað heldur verður að líta heildstætt til allra gagna málsins hvað það varðar. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu segir að fyrstu merki á vettvangi hafi bent til þess að „miklir kraftar hafi átt sér stað“ og þá er vitnið X afdráttarlaust í frásögn sinni hvað aksturshraði B varðar og er frásögn hans hvað það varðar til samræmis við frásögn ökumanns A. Ökumaður B sagði lögreglu hins vegar að hann væri ekki viss um aksturshraða sinn, og samkvæmt frásögn farþega í B gerði hún sér heldur ekki grein fyrir aksturshraðanum. Verður samkvæmt öllu framansögðu að miða við að ökumaður B hafi verið töluvert yfir löglegum hámarkshraða og þannig brotið gegn 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Verður þá jafnframt að líta til þess að samkvæmt frásögn vitnisins X hafði B nýlokið framúrakstri á miðjuakrein og í kjölfarið skipt um akrein, og ekið bifreiðinni yfir á akreinina lengst til vinstri, í sama mund og A fór yfir á þá akrein. Verður að telja að aksturslag B hafi jafnframt gert A erfiðara um vik að ganga úr skugga um að óhætt væri að skipta um akrein án áhættu. Verður því að líta svo á að aksturshraði B hafi einnig verið orsakapáttur í umræddum árekstri.

Það er þá afstaða nefndarinnar að 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar heimili að litið sé til atvika allra, og þ.á.m. þess hvort háttsemi ökumanna hafi leitt til meira tjóns en ella hefði orðið. Það er álit nefndarinnar að ökumaður B hafi verið á ólöglegum hraða, og er því raunar ekki mótmælt af hálfu M, þar sem sagt er hugsanlegt að B hafi ekki verið á 122 kílómetra hraða heldur 100 kílómetra hraða, og verður að líta svo á að aksturshraði hans hafi haft áhrif á það hve mikið tjón varð á A og B.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða nefndarinnar að ökumaður B beri einnig nokkra sök, sbr. áður nefnda lagagrein, á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/3 hluta.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 21/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Gildissvið váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu M til V varð tjón á bifreiðinni A þann 18. desember 2022. Ökumaður bifreiðarinnar ók bifreiðinni í gegnum skafrenning á götunni og taldi að eitthvað hefði brotnað undan honum og var bifreiðin dregin á verkstæði. Við tjónið hafi gíramir ekki virkað almennilega. V hafnaði bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar á þeim grundvelli að tjónið felli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar. M telur að bilun ökutækisins megi rekja til áreksturs ökutækis enda var hann í góðu standi fyrir og hafi bilunin komið í ljós innan sólarhrings frá árekstri og var dreginn á verkstæði af vettvangi. V hafi margoft samþykkt bótaskyldu á umræddu atviki og hafi M fengið sér bílaleigubíl í góðri trú um að svo væri. Þessar ítrekuðu staðfestingar á bótaskyldu hafi komið fjárhagslega niður á M enda hefði málið verið afgreitt öðruvísi af þeirra hálfu án þessarar staðfestingar.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar. Vísar V til þess að myndir af bifreiðinni sýni að engin ákoma sé á gírkassa bifreiðarinnar sem gæti hafa leitt til bilunar eða eyðileggingar á gírkassa. Samkvæmt bilanagreiningu sé sjálfskipting bifreiðarinnar ónýtt. Vísar V til þess að um sé að ræða 2008 árgerð af bifreið sem ekið hefur verið tæpa 300.000 km. Það þyki því ekki óeðlilegt að slit og aðrar bilanir fari að gera vart við sig. Að mati V hafi ekki verið sýnt fram á að það tjón sem varð á bifreiðinni verði rakið til utanaðkomandi atvika og fellur því ekki undir gildissvið skilmálans.

Álit.

Í 2. gr. skilmála þeirra sem gilda um kaskótryggingu A hjá V segir að váttryggingin taki til tjóns á hinu váttryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika, með þeim undanþágum og takmörkunum sem fram koma í skilmálunum. Í a-lið 3. gr. skilmálans er að finna undanþáguákvæði þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess, hvort sem hana er að rekja til vélfræðilegra eða rafmagnsfræðilegra orsaka eða efnahvarfa nema tjónið komi fram innan sólarhrings frá árekstri, áakstri, útafakstri eða skemmdarverkum. Engin gögn hafa verið lögð fyrir nefndina er varða það að V hafi margoft verið búíð að samþykkja bótaskyldu og verður því ekki nánar fjallað um þann þátt. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum og bilanagreiningu verkstæðis verður ekki ráðið að tjónið megi rekja til utanaðkomandi atvika né að bilun sjálfskiptingar megi rekja til þess að bifreiðin hafi lent í árekstri, áakstri, útafakstri eða orðið fyrir skemmdarverkum. Fellur tjónið þannig hvorki undir 2. gr. né a-lið 3. gr. skilmála váttryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 22/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. febrúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og málgögnum er málavöxtum lýst með þeim hætti að á tímabilinu frá 1-5. ágúst 2022 hafi leka orðið vart í tengiskáp í forstofu í fasteign M. Lekið hafi úr tengiskápnum og inn á gólf forstofu og ollið skemmdum á parketi. Telur M að það tengist því þegar vatn var tekið af bænum og hleypt á aftur. M gerði kröfu um bætur úr fasteignatryggingu hjá V sem hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að skoðun hafi ekki leitt í ljós að lekinn hafi komið frá lögnum í tengiskáp og að líta verði svo á að lekinn hafi átt upptök sín frá útihurð vegna rigningar um nóttina. M staðfestir að útihurðin hafi lekið en sá leki hafi ekki náð inn í herbergi, heldur eingöngu í forstofu við útihurðina á flísalögðum hluta forstofunnar. Telur M að lekinn tengist því þegar vatni var hleypt inn á kerfið aftur eftir að hafa verið tekið af.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að starfsmaður félagsins hafi farið á staðinn og ekki fundið neinn lagnaleka. Kallaði hann til pípulagningameistara til að kanna betur hvort lekið hefði frá lagnakerfi hússins og leiddi sú skoðun ekki í ljós að það hafi gerst. Hann hafi sprautað vatni á lokaða útihurð með vatnsslöngu og eftir skamma stund hafi verið kominn pollur á gólfíð fyrir innan. Er það afstaða V að tjónið sé ekki bótaskyldt samkvæmt 1. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að þann 16. janúar s.l. hafi orðið vatnslaust í bænum og þegar vatn hafi komið aftur á hafi byrjað að spýtast út úr lögnum. Lét M mynd fylgja með viðbótarathugasemdum og vísar til þess að á henni sjáist vatn spýtast úr lögnum.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar V til fyrri afstöðu og kveður ljósmynd M vera mjög óskýra og að hún sýni í raun ekki mikið. Gögn og ummerki tjónsins bendi til þess að lekinn komi ekki frá lagnagrindinni þar sem ekkert tjón sé á skápnnum í kringum um hana.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort tjón á húseign M falli undir 1. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar M hjá V. Samkvæmt a-lið 1. gr. váttryggingarskilmálans greiðir váttryggingin bætur vegna skemmda á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Samkvæmt almennum sönnunarreglum váttryggingaréttar, ber þeim sem gerir kröfu um bætur úr váttryggingu að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir skoðunarskýrsla pípulagningameistara dags. 24. ágúst 2022 þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að engan leka væri að sjá á lagnakerfi á umræddu svæði. Hefur M lagt fram ljósmynd af lagnagrind sem á að sýna að vatn spýtist úr lögnum. Að mati nefndarinnar verður ekki fallist á að myndin sýni fram á leka frá lögnum auk þess sem hún er tekin mörgum mánuðum eftir tjón það sem hér um ræðir og því ekki tækt sönnunargagn um orsök tjónsins í byrjun ágúst 2022. Þannig liggja ekki fyrir neinar skýrslur eða matsgerðir sem sýna fram á það að tjón á parketi í húseign M, megi rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lögnum hússins. Með vísan til alls ofangreinds verður þannig talið að M verði að bera hallan af sönnunarskorti í málinu og á hún því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 23/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 2. september 2019 orðið fyrir slysi þegar bifreiðinni A var bakkað á bifreið hennar. Fram kemur að M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á heilsugæsluna 27. september 2019 þar sem hún kvartaði yfir myalgium í herðum og hálsi auk svima og höfuðverk. M hafi leitað aftur á heilsugæsluna 7. október 2019 og síðan reglulega leitað til heimilislæknis og verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna einkenna sinna eftir slysið.

V hafnaði bótaskyldu. M telur að orsakatengsl séu milli slyssins og einkenna hennar og hún hafi ítrekað leitað sér lækniástoðar. Hún hafi enga fyrri sögu um einkenni frá hálsi fyrir utan eina skoðun vegna vægrar vöðvabólgu. Hún hafi verið greind með tognun á hálsi innan mánaðar frá slysi. M telur ekki hægt að útiloka líkamstjón hennar með þeim rökum einum að skemmdir á bifreiðunum hafi verið litlar meðal annars vegna þess að stöðluð PC-Crash skýrsla taki ekki tillit til margbreytileika fólks, aldurs og líkamsstillinga við áreksturs. Þá hafnar M sönnunargildi PC-Crash skýrslunnar þar sem hún var framkvæmd einhliða af hálfu V.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji að ekki hafi verið nægjanlega sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M kveðst hafa orðið fyrir við það eða þau tengsl gerð nægjanlega líkleg. Það kemur fram að V byggi afstöðuna á því hversu vægur áreksturinn var, hversu langt leið þar til M leitaði læknis vegna einkenna eftir slysið, fyrra heilsufari, seinna heilsufari, seinna slysi og þróun einkenna. Þá telur V gögn málsins staðfesta að um mjög vægan hliðarárekstur hafi verið að ræða og gögnin byggi eingöngu á hlutlægum staðreyndum en ekki frásögn aðila máls. Enn fremur vísar V í fyrra heilsufar M og telur það mögulega skýra einkenni hennar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 2. september 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunareglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á heilsugæsluna rúmum þremur vikum eftir áreksturinn eða 27. september 2019 og minntist hún þá ekki á áreksturinn. Fram kemur að M hafi óskað eftir sjúkraþjálfun vegna langvarandi verkja í hálsi og herðum. Þá kemur fram að lækni hafi greint M með myalgium og hálstogunun og hún hafi í framhaldinu verið hjá sjúkraþjálfara. Hún fór síðan aftur til heimilislæknis 7. október 2019 og tekur þá fram að hún hafi lent í árekstri. Í málinu liggur ekki fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M frá sjúkraþjálfaranum, heimilislækni, bæklunarlækni eða álits-eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila. Þá liggur fyrir að áreksturinn var mjög vægur og bifreiðarnar með smávægilegar rispur eftir hann. Eins og þetta mál liggur telst ekki sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 24/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot dags. 23. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 2. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X þegar hún steig fram af rampi/skábraut í morgunverðarsal á hóteli X hinn 30. apr Myndir liggja fyrir af vettvangi sem og upplýsingar um byggingarleyfi vegna ýmissa breytinga á húsnæði árið 2014-2019. Einnig liggur fyrir að skábraut hafi verið gerð í morgunverðarsal sem hæst sé 8 cm vegna þess að salurinn liggi þar sem opnað hafi verið milli tveggja bygginga sem hæðarmunur hafi verið á. Einnig liggja fyrir í gögnum málsins úttektir frá eftirlitsaðilum vegna breytinga á húsnæðinu og lokaúttekt vegna þeirra.

M telur að aðbúnaður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við 13, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M telur merkingar á skábrautinni hafi verið ófullnægjandi með vísan til þess að myndir sýni hún falli vel inn í umhverfið og því erfitt að átta sig á hæðarmuni án sérstakra merkinga. M vísar einnig til almennra ákvæða í reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða um að það skuli ganga þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hætt á að starfsfólk eða aðrir falli niður, sem og að umferðarleiðir séu greiðar og merkja skuli hættusvæði. M vísar einnig til skýrrar athafnaskyldu eigenda fasteignar m.v. dómaframkvæmd og að aðbúnaður hafi ekki uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að þegar rampur hafi verið gerður í morgunverðarsal hafi verið um að ræða lausn vegna hæðarmunar bygginga sem opnað hafi verið á milli og engar athugasemdir komi fram í úttektum eftirlitsaðila vegna breytinga á húsnæðinu þegar þær voru gerðar. Ekki liggja heldur fyrir að breytingarnar hafi farið í bága við byggingarreglugerð og sé algengt að hæðarmunur, sambærilegur og sá sem M féll við, sé í byggingum. Auk þessa hafi í skýrslu X vegna málsins komið fram að hæðarmunurinn sé vel sýnilegur þeim sem um húsnæðið gangi og starfsmönnum eins og M, sem hafi starfað hjá X síðan árið 2013, hafi átt að vera kunnugt um aðstæður. Ekki hafi heldur verið önnur slys á sama stað á þeim árum sem liðið hafi síðan rampurinn var gerður.

Í viðbótarathugasemddum lögmanns M kemur fram ítrekun fyrri röksemda en því til viðbótar verði ekki annað séð af myndum af vettvangi að búið sé að setja gult og svart límband fyrir ofan og neðan hæðarmun til að vekja athygli vegfarenda og að X beri ábyrgð á athafnaleysi sínu þar sem það hafi ekki verið gert fyrir.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort húsnæði X og þar með aðstæður á vinnustað M hafi verið fullnægjandi þar sem hún féll um hæðarmun á gólfi, svokallaða skábraut eða ramp í morgunverðarsal hótels þar sem hún var við vinnu. Í gögnum málsins liggja fyrir ítarleg gögn um úttektir eftirlitsaðila með framkvæmdum sem breyttu húsnæðinu á árunum 2014-2018. Verður ekki séð að athugasemdir hafi verið gerðar við umrædda skábraut þannig að hún færi í bága við ákvæði byggingarreglugerðar og telst því ekki sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti. Verður ekki heldur fallist á að af myndum af vettvangi megi ráða að hæðarmunurinn feli í sér aðstæður sem merkja þurfi sérstaklega í skilningi reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða eða að augljós slyshætta hafi verið fyrir hendi. Það að breytingar hafi verið gerðar eftir slys M felur ekki í sér viðurkenningu á ábyrgð X. Ekki hefur verið upplýst um fleiri slys frá árinu 2014 þegar umræddar breytingar voru gerðar þar til slys M varð árið 2021 og af því verður ekki annað ályktað en að slyshætta hafi ekki verið augljós. M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar, en slysið var tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins þannig að almennar sönnunarreglur gilda. Hallann af sönnunarskortri ber því M sem telst ekki hafa sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt af hálfu X þannig að greiðsluskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 26/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: A****Notkun ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. febrúar 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M, aðfaranótt hins 20. júní 2021, stjórnandi rafskútu á leið eftir Lækjargötu í Reykjavík til norðurs, en vinkona hennar, X, var farþegi. Þegar þær hugðust halda ferð sinn áfram, eftir að hafa stöðvað gegnt rauðu umferðarljósi, hafi ökumaður lögreglumótorhjólans A ekið þétt upp að þeim, þeim að óvörum, og sett sírenu hjólans í gang. Við þá háttsemi hafi M misst stjórn á hjólinu og lent upp á gangstéttarkanti, þar sem hún og X hafi fallið á gangstéttina. Í fyrirliggjandi læknisvottorði vegna komu M á Læknavaktina hinn 20. júní 2021 er höfð eftir henni sú atvikalýsing að þær hafi verið að fara yfir gatnamót og komnar upp á gangstétt þegar lögregla á mótorhjólí setti sírenur í gang rétt aftan við þær með þeim afleiðingum að M fípaðist við aksturinn. M vísar þá til frásagnar vitnis á samfélagsmiðlum þess efnis að ökumaður A hafi „Þvingað M af götunni svo skutlan straukst í hliðarkant og kúventi á stéttinni.“ M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess líkamstjóns sem hún rekur til atviksins, enda megi rekja orsök tjónsins til notkunar ökutækis. Sírenur séu áfastur og nauðsynlegur staðalútbúnaður ökutækja lögreglu og hafi þeim verið beitt að tilefnislausu og án fyrirvara gagnvart M sem hafi átt sér einskis illis von.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til upphaflegs höfnunarbréfs félagsins, dags. 7. september 2022. Þar kemur fram að frásögn viðkomandi lögreglumanns af atvikum sé nokkuð önnur. Hann hafi ekið upp að hægri hlið rafskútunnar og gefið hljóðmerki til að ná athygli M. Þegar hann varð þess var að M ætlaði ekki að stöðva á rauðu ljósi hafi hann kveikt á forgangsljósum. Við það hafi M og X brugðið en í stað þess að stöðva hafi rafskútunni verið ekið inn á gatnamótin. Þá hafi lögreglumaðurinn kveikt á sírenu og hafi hann séð þegar M missti stjórn á skútunni eftir að aka þvert yfir gatnamótin. Telji hann líklegt að M hafi fípast við að aka á kant sem aðskilji hjólastíg frá strætórein. Miðað við þessa frásögn hafi verið fullt tilefni til notkunar sírenu og ekki sé að sjá að A hafi verið þétt upp við M er kveikt var á sírenunni. Hins vegar virðist sem M hafi verið að forðast afskipti lögreglu. Að teknu tilliti til þessarar lýsingar sé ekki sýnt fram á að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsi. Jafnvel þó byggt væri á frásögn M verði það ekki talin vera notkun ökutækis þó vegfarendum bregði. Ætla megi að þegar slys M atvikaðist hafi verið mikil umferð á vettvangi, og fjölmargt í umhverfinu sem leitt geti til þess að vegfarendum fípast, og sé of langt gengið að aðrir beri ábyrgð á slíkum atvikum.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þó tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Sönnunarbyrði M lýtur þá að því að sýna fram á að líkamstjón hennar sé að rekja til notkunar A en ekki annarra atvika. Ljóst er að lýsingum aðila á atburðarás þeirri sem leiddi til þess að M og X féllu á gangstéttina ber ekki saman. Þrátt fyrir að skjáskot af samfélagsmiðlaumfjöllun vitnis að atvikinu liggi fyrir nefndinni er ekki meðal gagna málsins að finna heildstæða yfirlýsingu eða frásögn þess vitnis. Hins vegar verður ekki ráðið að A hafi verið á ferð í aðdraganda þess að M fípaðist við aksturinn eða að aksturslag A hafi orsakað tjónið. Virðist þannig byggt á því að sú háttsemi ökumanns A að gangsetja sírenuna hafi leitt til umræddes atviks og því megi rekja tjón M til notkunar ökutækis. Auk þess vafa sem uppi er um atvik málsins verður að miða við að notkun slíks útbúnaðar í þeim tilgangi að ná athygli annarra vegfarenda, og það að vegfarendum kunni að fípast vegna hennar, feli ekki sjálfkrafa í sér að tjón verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi framangreinds ákvæðis. Verður því ekki talið sýnt fram á að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 27/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjónsatviks. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot dags. 24. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 2. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2 dags. 7. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, sem váttryggð var hjá V1, hafi tilkynnt lögreglu um árekstur við bifreið B, sem váttryggð var hjá V2, og afstungu ökumanns hennar hinn 3. nóvember 2022 í hringtorgi við Álafosskvos í Mosfellsbæ. Í lögregluskýrslu sem gerð var í kjölfarið kemur fram að M kvaðst hafa ekið bifreið A inn í hringtorgið á vinstri akrein þegar hún heyrði bremsuhljóð fyrir atfan sig og bifreið B á hægri akrein þannig að þeirri bifreið hafi verið ekið í hlið bifreiðar A og síðan áfram austur Vesturlandsveg. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekki hafa orðið var við að hafa lent í árekstri á þessum degi en viðurkennir að hafa verið að keyra í Reykjavík og verið með tónlist hátt stillta í bifreiðinni. Sérstök athugun var gerð af hálfu lögreglu sem og fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi sem sýna að tjón á báðum bifreiðum passa saman miðað við hæð.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreið A við árekstur og telur gögn málsins sýna að árekstur átti sér stað, ákomur passi saman og að M hafi ekið á eftir bifreið B til að ná skráningarnúmeri hennar þegar tjónið átti sér stað. M telur að ökumaður bifreiðar B geti ekki komið sér hjá ábyrgð með því að geta ekki gefið upplýsingar um hvar hann var að aka á tjónsdegi.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur sannað með vísan til rannsóknarskýrslu frá Aðstoð&Öryggi ehf. að bifreið B hafi verið ekið á bifreið A, ákomur á bifreiðunum samsvari því og álit rannsakanda sé þess efnis. Einnig hafi M, sem ökumaður bifreiðar A, veitt bifreið B eftirför til að ná bílnúmeri og tilkynnt um atvikið til lögreglu án tafar.

V2 gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskot.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi ekki fengið viðurkennda bótaskyldu vegna tjóns á bifreið A úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2. Engar efnislegar röksemdir liggja fyrir af hálfu V2 vegna slíkrar synjunar en af málskoti má helst ráða að það byggist á því að ekki sé sannað að það hafi verið bifreið B sem ók á bifreið A hinn 30. nóvember 2022 þannig að skemmdir hlutust af.

Í lögregluskýrslu kemur skýr fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, tilkynnti strax um atvikið til lögreglu og ók á eftir bifreið B til að ná bílnúmeri. Strax var haft samband við eiganda bifreiðar B og leigutaka bifreiðarinnar í kjölfarið. Rannsókn á ákomum á bifreiðunum í fyrrnefndri skýrslu frá Aðstoð&Öryggi sýnir að ákomur á bifreiðunum passa saman. Með vísan til þessara sönnunargagna telst nægilega leitt í ljós að bifreið B hafi ekið utan í bifreið A í hringtorgi við Álafosskvos í Mosfellsbæ hinn 30. nóvember 2022 og að M eigi rétt á að fá tjón á bifreið A bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2 vegna tjóns á bifreiðinni A.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 28/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, að kvöldi hins 10. desember 2019, orðið fyrir líkamstjóni er hún féll í hálku á bílastæði starfsmanna fyrir utan vinnustað sinn, en hún starfaði hjá X. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að X hafi ekki hlutast um að háلكuverja bílastæðið og gönguleið starfsmanna eða gera aðrar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi. Aðgengi að fyrirtæki og stofnunum þar sem almenningur venji komur sínar verði að vera öruggt og ekki megi gera lakari kröfur til öryggis starfsfólks en viðskiptavina að þessu leyti. Þá byggir M á því að leggja verði frásögn hennar um atvik og aðstæður til grundvallar þar sem X hafi ekki tilkynnt um slys hennar til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla dags. 5. desember 2020, þar sem fram kemur nánari lýsing M á atvikinu. Þar kemur fram að M hafi verið kölluð út á vakt þar sem veður hafi verið mjög slæmt og hún hafi þurft að leysa af starfsmann sem ekki átti heimangengt vegna veðurs. Á bílastæði starfsmanna hafi verið mikil hálka og vindur og eftir að M féll á jörðina hafi hún þurft aðstoð við að standa upp. Yfirmenn hennar hafi gert lítið úr atvikinu og M því staðið vaktina alla nóttina en að vakt lokinni hafi hún þurft aðstoð við að komast í bifreið sína enda hafi hún verið mjög þjáð. M hafi svo leitað til læknis eftirmiðdaginn 11. desember og hafi hann gefið henni votorð um óvinnufærni sem hún hafi sent yfirmönnum sínum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að starfsmenn megi gera ráð fyrir að erfitt sé að koma sér til og frá vinnu þegar rauð viðvörðun sé í gildi, eins og hafi verið á slysdegi. Við slíkar aðstæður sé ekki hægt að koma í veg fyrir háلكumyndun á götum og bílastæðum og megi gera ráð fyrir því að hætta geti skapast af því að sinna háلكuvörnum í aftakaveðri. Engin gögn liggi þá fyrir um að fleiri slys hafi orðið á bílastæðinu eða að kvartað hafi verið undan aðstæðum þar. Sé ekki sýnt fram á að starfsmenn X hafi vanrækt skyldur sínar hvað aðstæður á bílastæðinu varði. Hvað meint brot á tilkynningarskyldu varði þá hafi M mætt til starfa og unnið alla vaktina og hafi vinnuveitanda hennar því ekki getað verið það ljóst að hún væri óvinnufær vegna slyssins. Verði X því ekki metið það til sakar að hafa ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið. Þá feli fyrirliggjandi lögregluskýrsla í sér einhliða yfirlýsingu M, sem hún hafi gefið um ári eftir slysið. Sé því ekki um samtímagagn að ræða og hafi skýrslan ekkert sönnunargildi í málinu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Fyrir liggur að M tilkynnti vinnuveitanda um slysið og óvinnufærni í kjölfar þess með tölvupósti hinn 11. desember 2019, en ekki er sýnt fram á að X hafi haft vitneskju um alvarleika áverka hennar fyrir þann tíma. X bar hins vegar þá, samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 76/1980, að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys hennar án ástæðulausrar tafar, sbr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Á grundvelli þess að það var ekki gert ber að slaka á almennum sönnunarkröfum hvað varðar atvikið sjálft, en um það er raunar ekki deilt að slysið hafi atvikast með þeim hætti sem M lýsir auk þess sem fallist er á að mikil hálka hafi verið á vettvangi, en það má jafnframt greina af fyrirliggjandi myndbandi af atvikinu. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að bótaskylda stofnist á hendur X, heldur þarf að gera það líklegt að X hafi vanrækt skyldur sínar hvað varðar það að tryggja öryggi á vinnustað. Fyrir nefndinni liggja engar nánari upplýsingar um veðurfar á slysdegi eða í aðdraganda slyssins, þ.e. t.d. hvort hálka hafi myndast skyndilega við þær veðuráðstæður sem voru á slystíma eða hvort áður hafi verið kvartað vegna hálku á svæðinu. Án slíkra upplýsinga verður ekki fullyrt um að X hafi borið að grípa til ráðstafana til að háلكuverja svæðið og er því ekki sýnt fram á vanrækslu þess að þessu leyti. Er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 29/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 25. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M en dóttir hennar ók umrætt sinn, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A hinn 24. ágúst 2022. Atvikið hafi átt sér stað á Reykjanesbraut við Dalbraut. Dóttir M hafi hringt í hana þegar atvikið átti sér stað, og við heimkomu hennar hafi M skoðað tjónið á B og í kjölfarið hafi atvikið verið tilkynnt til lögreglu. B sé búin myndavél og sjáist á upptöku þar sem ökumaður B hægi á ferðinni þegar grjót rigni yfir bifreiðina, en bifreið sem hafi verið ekið framhjá A á undan B hafi einnig hægt á sér. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ökumaður A kannist ekki við atvikið og því væri það ósannað. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur enda atvikið fullsannað. Stórtjón hafi orðið á B og hljóti ökumaður A sem atvinnubílstjóri að bera ábyrgð á því að ganga úr skugga um að engin mól geti fokið af bifreiðinni í akstri.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dag. 20. september 2022, er haft eftir ökumanni A að A sé sérbúin fyrir flutning á heitu malbiki og hafi hann á tjónsdegi farið tvær ferðir með heitt malbik. Hann hafi verið að koma til baka úr seinni ferðinni á þeim tíma sem M segði tjónið hafa orðið. Á þeim tíma hafi bifreiðin verið tóm og ætti ekki neitt að hafa hrunið af henni.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þessa framburðar, en það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og hver hafi valdið því. Af fyrirbyggjandi upptöku úr mælaborðsmyndavél í B verði ekki séð að nokkurt grjót hafi fallið af A. Sé því ósannað að grjót hafi fallið af A, og verði það ekki sannað með þeirri röksemdafærslu að öðrum bifreiðum hafi verið hemlað við akstur framhjá A enda geti ýmsar ástæður legið fyrir notkun hemlabúnaðar. Sé því ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri kröfur og röksemdir áréttaðar, en jafnframt er vísað til ljósmynda sem M hafi tekið af A hinn 21. febrúar 2023. Þær sýni mjög vel hvað malbiksafgangar sitji fastir utan á neðri hlera palls A, og inni í beislislás. Slíka afganga inni í beislislás megi einnig greina á framlögðu myndbandi. Sé ljóst að lítið þurfi til svo efni sem situr þannig falli af í akstri og valdi tjóni á öðrum bifreiðum. Samkvæmt lýsingu ökumanns B á atvikum hafi hún fengið „grjótriggingu yfir sig“ og V hafi hvorki beðið um að skoða skemmdir á B né lagt fram nein gögn um að pallurinn hafi verið tómur eins og ökumaður A haldi fram. M telji því allar líkur á því að notkun A hafi veldið umræddu tjóni og V hafi ekki sýnt fram á það að svo hafi ekki verið.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Af framlögðu myndbandi verður ekki greint að grjót hafi fallið eða fokið frá palli eða öðru ytra byrði A yfir á B, og þá verða ekki dregnar neinar afdráttarlausar ályktanir af aksturshraða eða mögulegri hemlun annarra bifreiða, en hvorki liggja fyrir nefndinni yfirlýsingar vitna né álitsgerð um skemmdir á B. Þá verða ekki heldur dregnar neinar afdráttarlausar ályktanir af ljósmyndum sem teknar voru af A um hálfu ári eftir að umrætt atvik er sagt hafa átt sér stað. Gegn neitun ökumanns A hefur M því ekki sýnt nægilega fram á að notkun A hafi valdið tjóni á B. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 30/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Meðábyrgð tjónþola.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. febrúar 2023.
3. Tölvupóstur TM dags. 22. mars 2023.
4. Tölvupóstur M dags. 30. mars 2023.
5. Lögregluskýrslur og myndir.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðinni X, sem er vörubifreið með tengivagni, hafi veið ekið yfir Ölfursárbrú hinn 28. ágúst 2022 og stöðvað til að hleypa gangandi vegfarendum yfir gangbraut. Þegar ökumaður bifreiðarinnar X (M) hafi ekið af stað inn í hringtorg hafi hann orðið var við einstakling á rafskútu sem ekið var yfir gangbrautina og lenti undir tengivagni bifreiðarinnar X. Í lögregluskýrslu eru tilgreind tvö vitni af atburðinum, annað vitnanna heyrði brak og bresti og sá þá einstakling á rafskútu undir tengivagni vörubifreiðarinnar X. Hitt vitnið sagðist hafa séð X vera ekið um Ölfursárbrú og verið komin inn á hringtorg með tengivagn á gangbraut þegar einstaklingur á rafskútu hafi ekið þannig að rafskútan rakst utan í X. Í lögregluskýrslunni er haft eftir þeim einstaklingi að vörubifreiðin X hafi verið komin yfir gangbraut þegar hann fór af stað á rafmagnsskútu sinni yfir gangbrautina. Í viðbótarframburði M hjá lögreglu kemur fram að hann hafi stöðvað bifreiðina X við gangbraut til að hleypa fjórum farþegum yfir gangbraut og enginn hafi verið við gangbrautina þegar hann ók af stað áleiðis inn í hringtorg. Þannig hafi hann ekið hægt inn í hringtorg á þess að sjá rafskútuna og talið að ökumaður hennar hafi komið á mikilli ferð inn á gangbrautina. M gerði einnig athugasemdir í viðbótarskýrslu við framburðarskýrslu í frumskýrslu lögreglunnar vegna málsins.

M telur að hann beri ekki ábyrgð á árekstri bifreiðarinnar X við rafskútu og rekur háttsemi sína sem ökumaður bifreiðarinnar X og að hann hafi gætt fyllstu varúðar við aksturinn.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskot.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að einstaklingurinn á rafskútunni sé með váttryggingar hjá tilteknu váttryggingafélagi en í tölvupósti þess félags til nefndarinnar dags. 22. mars sl. kemur fram að félagið hafi ekki upplýsingar um skráð tjón vegna málsins.

Álit.

Af málgögnum verður ekki annað ráðið en að M hafi fengið upplýsingar frá V um að bæta bæri tjón einstaklings á rafskútu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur fram að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þó tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Um svokallaða hlutlæga ábyrgð er að ræða sem getur síðan takmarkast ef sá sem fyrir tjóni verður hefur verið meðvaldur að tjóninu. Í lögregluskýrslu kemur skýrt fram í framburði M að hann hafi ekki orðið rafskútunnar var fyrir en hún lenti undir tengivagni X. Sá framburður fær skýra stoð í framburði vitnis sem bar að vörubifreiðin X hafi verið komin yfir gangbrautina þegar rafskútunni var ekið á eða undir tengivagn X. Í 5. mgr. 4. gr. fyrrnefndra laga um ökutækjatrýggingar kemur fram að bætur fyrir tjón á munum megi lækka ef sá sem varð fyrir tjóni hafi verið meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Með hliðsjón af lýsingu vitnis á háttsemi ökumanns rafskútunnar verður ekki annað ráðið en að hann hafi sýnt nokkuð gáleysi við stjórn hennar með því að stýra henni á tengivagn X og skýr orsakatengsl eru milli þess og þess tjóns sem varð á rafskútunni sjálfri. Ekki verður séð af gögnum málsins að líkamstjón hafi orðið og því verður ekki tekin afstaða til bótaréttar vegna þess, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Greiðsluskýlda er því ekki fyrir hendi skv. fyrirleggjandi gögnum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fyrir hendi greiðsluskylda vegna tjóns á rafskútu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 31/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Tjónshugtakið. Fjárhæð tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. febrúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M í febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í árekstri þann 17. desember 2022 þegar bifreiðinni X, sem var tryggt hjá V, hafi verið ekið aftan á bifreið M þar sem bifreiðunum var ekið út úr Hvalfjarðargöngunum. Í málinu sé ekki ágreiningur um að tjónið sem varð á bifreið M sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X heldur sé ágreiningur á milli M og V um verðmat á kaupverði bifreiðar M og hvort M eigi rétt á bótum vegna afleidds tjóns vegna kaupa á annarri bifreið. M byggir á því að hún eigi að vera eins sett eftir tjónsatburðinn og hún var fyrir hann. M er ósátt við það kaupverð sem V hefur boðist til að greiða fyrir bifreiðina og telur sig ekki fá sambærilega bifreið og skemmdist á því kaupverði sem V hefur boðið. M hefur gert kröfu um að V greiði sér á bilinu 1.750.000-2.250.000 kr. fyrir bifreiðina. Þá telur M að V eigi að greiða kostnað sem hún verði fyrir vegna tekjutaps og tilheyrandi kostnaði við kaup á annarri bifreið. M byggir á því að í heimabyggð hennar séu ekki margar bifreiðar til sölu á því verði sem V sé tilbúið að greiða sér fyrir bifreiðina sína. M þyki því líklegt að hún þurfi að fara til Reykjavíkur til að kaupa aðra bifreið. Því ferðalagi muni fylgja kostnaður sem M telur að V eigi að greiða úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

Í athugasemdum V kemur fram að félaginu hafi borist skýrsla þann 19. desember 2022 þess efnis að árekstur hafi orðið með bifreiðunum X og bifreið M en í upphaflegri tilkynningu hafi ekki komið fram að bifreið M hafi orðið fyrir skemmdum. Þann 2. janúar 2023 hafi félaginu borist viðgerðarmat fyrir bifreið M og að niðurstaða þess hafi verið sú að kostnaður við viðgerð væri um 1.300.000 kr. Þar sem viðgerðarkostnaður hafi verið meiri en verðmæti bifreiðar M hafi V boðið M kaup á bifreiðinni. Félagið hafi kallað eftir verðmati frá þremur bílasölum og hafi verðmæti bifreiðarinnar samkvæmt þeim bílasölum verið á bilinu 750-900.000 kr. Í samræmi við verðmötin þrjú hafi félagið boðið kaup á bifreiðinni að fjárhæð 850.000 kr. Þá hafi félagið greitt fyrir geymslu bifreiðarinnar hjá Bílabjörgun og bætt fyrir afnotamissi bifreiðarinnar með greiðslu kostnaðar vegna bílaleigubíls á tímabilinu 2.-18. janúar 2023 en V hafi boðið kaup á bifreiðinni 5. janúar 2023. M hafi ekki getað sætt sig við boð V en félagið hafi ítrekað leitast eftir því að ná sáttum í málinu. V byggir á því að M beri sönnunarbyrðina fyrir umfangi tjóns. Þá beri M skylda til að takmarka tjón sitt. Miðað við fyrirliggjandi gögn sé það afstaða félagsins að markaðsverð bifreiðar M sé á bilinu 750-900.000 kr. og hafi félagið í því skyni að ná samkomulagi í málinu boðið M greiðslu bóta að fjárhæð 990.000 kr. og þannig hækkað kaupverðið um 140.000 kr. frá fyrra boði. Afstaða V til kröfu M um afleitt tjón sé sú að það sé ósannað, þ.e. M hafi ekki sýnt fram á með skriflegum gögnum að hún þurfi að standa straum af öðrum kostnaði vegna tjónsins og slíkum kröfum hafi því verið hafnað af V sem ósönnuðum.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nógildandi samþykta úrskurðarnefndar í váttryggingamálum fjallar nefndin um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000. Í máli þessu hefur V ekki borið því við að ágreiningur málsins varði bótauppgjör úr ábyrgðartryggingu ökutækis og að samþykki V þurfi því til að hægt sé að bera ágreining aðila undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Lítur nefndin svo á að með því hafi V samþykkt að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði um ágreining aðila.

Ágreiningur máls þessa varðar mat á umfangi munatjóns M vegna áreksturs bifreiðar M og ökutækisins X þann 17. desember 2022 en óumdeilt er að tjón M beri að bæta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V. Annars vegar er ágreiningur á milli aðila um mat á kaupverði bifreiðar M og hins vegar hvort M hafi sýnt fram á afleitt tjón í tengslum við fyrirhuguð kaup M á annarri bifreið. M hefur aflað verðmats frá einum bílasala sem verðmetur bifreiða á 990.000.-1.100.000 kr. en það verðmat miðar við að bifreið M hafi verið ekin minna en hún var þegar áreksturinn varð. Í tölvupósti M til V þann 16. janúar 2023 segir M að bifreiðin hefði kostað í kringum eina milljón ef hún hefði verið seld áður en áreksturinn varð. V hefur aflað verðmats frá þremur mismunandi bílasölum sem verðmeta bifreið M á bilinu 750.000-900.000 kr.

Meðalkaupverð á bifreið M samkvæmt öllum fjórum fyrirliggjandi verðmötum bílasalanna er um 880.000 kr. V hefur boðið M að kaupa bifreiðina á 990.000 kr. sem er hærra en framangreint meðalverð. Meginreglur um sönnun í skaðabóta-og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. M hefur ekki hnekkt þeim fjórum fyrirliggjandi verðmötum bílasala um kaupverð á bifreið M með matsgerð dómkvadds matsmanns. Verður M því að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Til munatjóns telst beint og óbeint eða afleitt tjón vegna skemmda eða eyðileggingar á hlutum. M hefur ekki orðið fyrir afleiddu tjóni eða sýnt fram á með gögnum að hún verði fyrir afleiddu tjóni vegna fyrirhugaðra bifreiðakaupa. Á M hvílir sú skylda samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar að takmarka tjón sitt t.d. með því að kaupa sér bifreið í þeim landshluta sem hún býr. Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir afleiddu tjóni sem sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu ökutækis X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu bóta að fjárhæð 990.000 kr., sem er kaupverð V á bifreið M, úr ábyrgðartryggingu ökutækis X hjá V vegna áreksturs þann 17. desember 2022.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 32/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. mars 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. apríl 2023, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M átti pantaða ferð til Porto í Portúgal dagana 13 - 21. júlí 2022. Daginn fyrir brottför leitaði M til læknis vegna pestareinkenna sem höfðu verið að hrjá hana og var hún þá greind með bronkítis og fékk ávísað pensilín og stera. Á brottfarardegi fann M fyrir verkjum í fótum og leitaði þá aftur til læknis sem taldi henni óhætt að ferðast. Á útleið frá Íslandi ágerðust verkir og er komið var til Portúgal eftir millilendingu í Barcelona var M orðin afar verkjuð, með hita og gat hvorki setið né sofið. Læknir var kallaður til sem skrifaði upp á önnur sýkla- og verkjalyf og ráðlagði M að hætta inntöku þeirra lyfja sem M fékk ávísað á Íslandi. Skánaði M lítið og var að lokum lögð inn á sjúkrahús þann 13. júlí 2022 þar sem hún var sett á verkja- og sýklalyf auk þess að fá vökva í æð. Ráðlagði læknir M að hvílast fyrir heimflug og var heimfluginu seinkað til 23. júlí 2023 en þá hafði ástandið skánað nokkuð. Vegna þessa fór M fram á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna veikindanna. Með tölvupósti dags. 31. ágúst 2022 hafnaði V bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M vegna veikindanna á þeim grundvelli að veikindin hafi verið til staðar áður en M fór út. M telur höfnun V ekki geta staðist þar sem M leitaði sér aðhlyningar annars vegar vegna öndunarfærasýkingar í aðdraganda ferðarinnar og hins vegar vegna verkja í fótum. Í báðum tilfellum var hvorki um að ræða langvinnan sjúkdóm né slys. Um var að ræða hefðbundna heilbrigðisþjónustu vegna tilfallandi atvika sem M hefur ekki sjúkrasögu um að hafa notið aðhlyningar vegna áður.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar. Vísar V til læknabréfs frá Portúgal dags. 21. júlí 2022 þar sem fram kemur að M hafi leitað læknis vegna lungnasýkingar og var hvergi minnst á verki í fótum eða baki. M hafi verið ráðlagt að bíða með að fljúga í 10 daga vegna lungnasýkingar en ekki vegna verkja. Af gögnum verði ekki annað ráðið en að veikindi M í Portúgal hafi verið þau sömu og fyrir brottför frá Íslandi. Samkvæmt b-lið greinar 6.2. í váttryggingarskilmála ferðasjúkra- og ferðarofstryggingar erlendis bætir tryggingin ekki sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem tryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til meðfylgjandi staðfestingu frá spítala í Portúgal þar sem fram kemur að sjúkdómsgreining hans lúti að bólgum í fótum en ekki lungnasjúkdóm. Ítrekar M það að ekki hafi verið um að ræða langvinnan sjúkdóm.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að gögn málsins beri það öll með sér að um hafi verið að ræða langvarandi lungnaveikindi og að vegna þeirra hafi M ekki getað ferðast heim á áætluðum tíma. Hefur M ekki sýnt fram á annað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu erlendis, en um bótasvið hennar er fjallað í kafla VII. B í váttryggingarskilmálum V. Þar kemur fram að ef tryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bæti tryggingin tiltekinn kostnað sem sérstaklega er tilgreindur í greinum 6.1.1. – 6.1.6, þ.á.m. sjúkrakostnað og aukinn kostnað. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvaða kostnað M hefur krafist að fá greiddan úr váttryggingunni en V hefur í höfnun sinni vísað til b-liðar greinar 6.2 sem fjallar um sjúkrakostnað sem tryggingin bætir ekki og verður því ályktað sem svo að ágreiningur snúist um endurgreiðslu sjúkrakostnaðar í skilningi greinar 6.1.1, en ekki aðra bótaþætti tryggingarinnar þar sem greinin skv. orðanna hljóðan gildir einungis um sjúkrakostnað. Í fyrrgreindri undanþágu kemur fram að tryggingin bæti ekki sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem tryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum. Samkvæmt fyrirliggjandi vottorðum og þá sérstaklega bráðamóttökuskrá dags. 25. júlí 2022 verður ekki

annað ráðið en að M hafi fyrir ferðina verið með sögu um langvinna lungnateppu og að hún hafi leitað til læknis vegna versnunar þeirra einkenna áður en hún fór í ferðina. Með vísan til þess á M ekki rétt á greiðslu bóta úr tryggingunni vegna sjúkrakostnaðar er tengist þeim sjúkdómi. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið að M hafi fyrir ferðina verið greind með langvinnan sjúkdóm í fótum og M því rétt á bótum úr tryggingunni vegna sjúkrakostnaðar sem tengist lækniástoð í Portúgal vegna verkja og bólgu í fótum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu fjölskyldutryggingar hjá V vegna sjúkrakostnaðar að hluta þ.e. endurgreiðslu sjúkrakostnaðar er tengist einkennum frá fótum.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 33/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og fasteignatrygging.****Heiti váttryggingartaka: X og Y****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum og myndbandi.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 5. maí 2020 er hún var við æfingar fyrir keppni í flugskeiði í reiðhöll á vegum hestamannafélagsins X og fasteignafélagsins Y. Slysið varð með þeim hætti að M kom ríðandi á hryssu sinni út úr reiðhöllinni við æfingu á svokölluðu flugskeiði og er út var komið lét hryssan ekki af stjórn, heldur æddi svo gott sem stjórnlaust áfram í átt að járngerði sem var í beinni stefnu frá útgangi reiðhallarinnar. Er að járngerðinu var komið reyndi M að beygja hryssunni til hægri eftir reiðstíg án árangurs. Hryssunni varð fótaskortur og við það féll M til vinstri og lenti á járngerðinu auk þess sem hún fékk hryssuna af fullum þunga á sig. Við þetta hlaut M mikla og alvarlega áverka. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur annars vegar úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá hestamannafélaginu X og svo hins vegar úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar hjá rekstraraðila reiðhallarinnar, Y. V hefur hafnað bótaskyldu vegna slyssins.

M byggir kröfu sína á hendur X og Y á því að félögin beri ábyrgð á að allur aðbúnaður og aðstæður við reiðhöllina séu með þeim hætti að þeim sem nota aðstöðuna stafi ekki hætta og heilsutjón af. Um fasteignina gildi m.a. ákvæði 54. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Þannig X hafi leigt reiðhöllina út til keppnishaldara en það sé á ábyrgð rekstraraðila íþróttahúss að nauðsynlegur öryggisbúnaður sé uppsettur eða í það minnsta til reiðu. Vissi X mætavel til hvers fasteignin yrði notuð og bar að búa svo um hnútana að allur aðbúnaður væri með þeim hætti að öryggi hesta og knapa væri sem best tryggt. Aðstæður við reiðhöllina hafði verið með þeim hætti að óforsvaranlegt var að leigja hana út til æfinga og keppni í flugskeiði þar sem mjög lítið rými og erfiðar aðstæður eru fyrir hest eða knapa að bregðast við ef eitthvað fer úrskaiðis þegar ríðið er út úr húsinu. Hestar geta tekið óvænt viðbragð við að koma á mikilli ferð innan úr húsi og út á opið svæði. Þá gerir undirlagið fyrir utan húsið, knapa og hesti enn erfiðara fyrir enda á hesturinn erfitt með að fóta sig á hörðu undirlagi. Svæðið er auk þess ekki útbúið sem eiginlegt reiðsvæði enda liggur akvegur þvert yfir svæðið. Engu að síður var húsið leigt út til æfinga og keppni í flugskeiði. Telur M að gera megi þá kröfu á að það hafi átt að setja upp niðurbæturbraut, þ.e. línur sitt hvoru megin við hurðina sem ríðið var út um og þar beint áfram. Í raun hafi X með athöfnum sínum eftir slysið viðurkennt að fasteignin hentaði ekki til þessa þar sem eftir slysið hafi verið útbúinn langur reiðstígur hinu megin við húsið sem tekur við hestum sem koma á fleygiferð innan úr húsinu. Þá vísar M til greinar 8.5.1. í lögum og reglum Landssambands hestamannafélaga þar sem fram kemur að skeiðvöllur eigi að vera með um það bil 50 metra niðurbæturbraut og síðan skuli girðing ná a.m.k. 10 metra lengra en endamark. Þetta þýðir að eftir að komið er út um hurðina eigi að vera um það bil 60 metra kafli án nokkurra hindrana. Við reiðhöllina sem hér um ræðir eru 55 metrar fram að rammgerðu járngerði og uppfyllir reiðhöllin þannig ekki kröfur sem gera skal til skeiðvalla og því óforsvaranlegt að leigja hana út til slíkra afnota. Vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 427/2021 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingum X og Y á þeim grundvelli að atvikið sé ekki að rekja til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi þeirra eða annarra atvika eða aðstæðna sem þeir beri skaðabótaábyrgð á. Þannig hafi X og Y enga aðkomu að skipulagi eða framkvæmd umræddrar æfingar né heldur þeirrar keppni sem fyrirhugað var að halda. Eingöngu húsnæðið hafi verið leigt mótshaldara en ekki þjónusta við að setja upp æfinga- og keppnisvelli. Í reiðhöllinni er til staðar allur búnaður til þess að setja upp niðurbæturbraut. Auk þess séu ekki til staðar orsakatengsl milli meints vanbúnaðar og slyss M. Þannig sé niðurbæturbraut ætlað að koma í veg fyrir það annars vegar að óviðkomandi fari í veg fyrir hross sem ríðið er út úr reiðhöllinni og svo hins vegar til að koma í veg fyrir að hestar taki skarpar beygjur til hliðanna þegar þeir koma út úr reiðhöllinni. Hvorugt átti við í þessu tilviki.

Hafnar V því að niðurrhægingarbraut hafi verið of stutt. Í tilvitnuðum lögum og reglugerðum um keppni fjallað um skeiðvelli utanhúss í grein 8.5.1. Þar kemur fram að niðurrhægingarkafli skuli vera um 50 metrar á lengd. Ekki er fjallað um skeiðvelli innanhúss í reglunum en fyrrgreind regla á við um skeiðvelli sem séu 250 metra langir og þarf af leiðandi margfalt lengri en umræddur skeiðvöllur sem M æfði sig á. Sá völlum var líklega um 70 metra langur. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að undirlag frá reiðhöllinni að girðingunni hafi verið óhentugt eða að einhverju leyti orsakað tjónið. Framkvæmdir sem áttu sér stað eftir slysið hafi lengi verið á deiliskipulagi og var um að ræða frágang lóðar sem lengi hafði staðið til að framkvæma. Hafnar V því að reiðhöllin hafi ekki uppfyllt skilyrði reglugerðar nr. 941/2002 og vísar til meðfylgjandi starfsleyfis þar sem fram komi að höllin uppfylli kröfur reglugerðarinnar. Þá hafnar V því að dómur Landsréttar í máli nr. 427/2021 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Að lokum vísar V til þess að M hafi bæði með samþykki og áhættutöku tekið á sig áhættu sem henni hafi verið fullkunnugt um að óumflýjanlega fylgdu æfingum og keppni í skeiði í gegnum reiðhöll. M sé alvanur knapi sem hafði mikla reynslu af hestamennsku, bæði af keppni og þjálfun. Vísar V til dóma er fjalla um áhættutöku.

Í viðbótarathugasemdom sínum vísar M til þess að allt annað undirlag sé utandyra en innan, birtustigið inni og úti er gjörólíkt, svæðið úti er ekki afmarkað til hliðanna og mön, sem var andspænis útgangi reiðhallarinnar, hafði verið rofin. Lokuð grasmön á þessum stað hefði að öllum líkindum haft þau áhrif á hestinn að hann hefði dregið úr hraða og ekki stefnt á umrætt járngerði.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X og/eða Y eða starfsmanna þeirra, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 427/2021 og telur málsatvik nauðalík máli hennar. Hvað varðar þá tilvísun þá verður ekki annað séð en að málsatvik séu ekki að öllu leyti sambærileg. Í fyrrgreindu dómsmáli voru dæmdar bætur úr ábyrgðartryggingu Hestamannafélagsins B vegna slyss sem knapi lenti í við æfingu á flugskeiði. Þannig hafi hesturinn, er út úr reiðhöllinni var komið, strax beygt til hægri með þeim afleiðingum að knapinn féll af baki. Í málinu hafði Hestamannafélagið B það hlutverk að úthluta æfingartímum til keppenda auk þess sem keppendur greiddu keppnisgjald til hestamannafélagsins. Vegna þessa var talið að um væri að ræða skipulagða æfingu á vegum félagsins. Þá kom fram í málinu að hestur knapans hafi strax beygt til hægri í stað þess að fara beint áfram og hægja rólega á sér. Þannig má telja að orsakatengsl hafi verið til staðar milli þess að niðurrhægingarbraut var ekki til staðar og slyssins. Í því máli sem hér er til umfjöllunar verður að telja ósannað gegn neitun X og Y að félögin hafi komið að skipulagi æfingar eða keppni eða haft það hlutverk að setja upp æfingar- eða keppnisbraut. Þá rauk hestur M beint áfram en ekki til hliðar og þannig verður ekki talið að mati nefndarinnar að orsakatengsl séu milli slyssins og þess að niðurrhægingarbraut var ekki til staðar né að sú braut sem notuð var hafi verið of stutt enda var hún 55 metrar að lengd.

Þá verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á með matsgerð eða öðrum gögnum að reiðhöllin hafi ekki uppfyllt skilyrði reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 eða ákvæði í lögum og reglum Landssambands hestamannafélaga né að hún hafi ekki hentað til æfinga eða keppni í hestaíþróttum. Að mati nefndarinnar er það fyrst og fremst ábyrgð þeirra sem halda slíka keppni og skipuleggja æfingar fyrir keppni auk keppendanna sjálfra að huga að því að keppnisbrautin sé sem öruggust fyrir keppendur og hesta. Á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X og Y hjá V.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X, né úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar Y.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 34/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Vörslur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. febrúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 6. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 28. janúar 2022 verið fengið til að hífa með krantjónsuppgjörsmiðstöðl sínum glugga upp á kerru. Samkvæmt M hafi það verið eina aðkoma M að umræddu verki. Óhappið hafi orðið með þeim hætti að hífistöffa hafi húkkast í bretti sem gluggarnir stóðu á og við það hafi þeir oltið um koll og skemmst. Gluggarnir hafi verið geymdir á athafnasvæði annars félags en M og M hafi því ekkert með geymslu þeirra að gera. M hafi ekki annast ísetningu gluggana og eina hlutverk M hafi verið að hífa gluggana af jörðunni upp á vörubíl sem flutti þá í burtu. Gluggarnir hafi því ekki verið í vörslu M þegar tjónið varð. Undanþáguákvæði 21.2 í skilmála ábyrgðartryggingar vinnuvélar eigi því ekki við í máli þessu og ekki heldur ákvæði 21.3 umrædds skilmála því M hafi ekki verið að vinna við gluggana sjálfa. M hafi verið að sækja annað efni á umræddu geymslusvæði og til að nálgast það hafi M þurft að færa glugganna frá. Eigandi glugganna hafi óskað eftir því að gluggarnir yrðu settir á kerru á hans vegum. M hafi ekki fengið greitt fyrir að færa gluggana til. Hífiing og færsla glugganna hafi því ekki verið hluti af vinnu M.

Í athugasemdum V kemur fram að um sé að ræða kröfu M í eigin ábyrgðartryggingu vinnuvélar vegna tjóns sem hafi orðið á gluggum í flutningi og vörslu þeirra þann 28. janúar 2022. Í 2. kafla skilmála vinnuvélartryggingar sé fjallað um ábyrgðartryggingu. Komi þar skýrlega fram í 19. gr. að umrædd trygging taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem falli á váttryggðan vegna skemmda á munum, vegna vinnuvélar þeirra sem getið er á skírteini eða iðgjaldskvittun. Hins vegar sé að finna almennar undantekningar vegna skemmda á munum í 21.2 gr. skilmálans en þar segi m.a. að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi. Þá segi einnig í ákvæði 21.3 að skemmdir á munum sem váttryggður taki að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verði af verkinu eða við verkið séu undanskilin bótasviði skilmálans. Samkvæmt tilkynningu M til V um tjónið og fyrirbyggjandi málskoti komi skýrlega fram að umræddir gluggar hafi verið fluttir upp á kerru og voru í vörslu M þegar tjónið varð. Þá hafi tjónið jafnframt komið til af verki þeirra sjálfra hvað varðar umrædda hluti, þ.e. verkefni fyrirtækisins hafi verið að ferja umrædda glugga með vinnuvélinni. Samkvæmt framangreindum undantekningum vegna skemmda á munum teljist bótaskylda ekki vera fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar sem M hafi verið með hjá V á tjónsdegi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort skemmdir sem urðu á gluggum, þegar M hífði þá á kerru, séu bótaskyldar úr ábyrgðartryggingu vinnuvélar M hjá V. Í málinu nýtur takmarkaðra gagna um það hvaða hlutverki M gegndi á umræddu athafnasvæði daginn sem tjónið varð. Hins vegar er óumdeilt að M hífði gluggana á kerru að beiðni eiganda glugganna. Í 2. kafla 19. gr. ábyrgðartryggingar vinnuvélarinnar hjá V segir að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem falli á váttryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna vinnuvélar þeirra, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Í 21. gr. eru taldar upp almennar undantekningar á gildissviði tryggingarinnar vegna skemmda á munum en þar segir „Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna, sem: váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða er af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi.“ Í málinu liggur fyrir að M hífði gluggana af jörðunni og á kerru. Í þeirri athöfn fólst flutningur glugganna á milli staðar A og B. Ákvæði

fyrirgreindra skilmála eru skýr um það að undanskilið bótasviði tryggingarinnar eru skemmdir sem verða á munum í flutningi.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélar, sem félagið hefur í gildi, hjá V vegna tjóns sem varð á gluggum þann 28. janúar 2022.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 35/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 27. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2023.
3. Tölvupóstur M, dags. 22. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum þannig lýst að M sé leigutaki í húseign og sé þar með atvinnustarfsemi. Hinn 2. júní 2022 tilkynnti M um tjón á tveimur rúðum í húsnæði því sem hann leigir og er atvikum þannig lýst að rúðurnar hafi sprungið innan frá vegna hitastigs. Í tölvupósti forsvarsmanns M til V dags. 5. ágúst 2022 kemur fram að viðurkennt sé að vörum hafi verið komið fyrir í gluggakistu með þeim hætti að sennilega hafi það valdi sprungum í rúðu, það er að loftunarbíl hafi ekki verið nóg. V hafnaði bótaskyldu og telur að M beri ekki skaðabótaábyrgð vegna tjónsins

M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins hjá V og vísar til þess að tjón hafi orðið á gleri innan frá vegna aðstæðna og vísar til ljósmynda af vettvangi máli sínu til stuðnings. M telur að tjónið hafi orðið vegna vöruuppsetningar í gluggakistu þar sem einungis þær rúður sprungu.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur óljóst hvað hafi leitt til þess að rúður sprungu og ekki hafi verið sýnt fram á að það sé vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Einnig vísar V til undanþáguákvæðis í 5. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar V þar sem komi fram að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem váttryggður hefur á leigu. Auk þessa vísar V til þess að húseigandatrygging leigusala gæti tekið til tjóns sem þessa.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé að M beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á glerrúðum í húsnæði leigusala hans í júní 2022. Gögn málsins sýna ekki með óyggjandi hætti hvers vegna rúður sprungu og ekki er ljóst af sömu gögnum að það hvernig starfsmenn M röðuðu vörum við rúðuna hafi haft áhrif á aðstæður. Sönnunarbyrði fyrir því hefur sá sem því heldur fram, þ.e. M. Verður því ekki af fyrirliggjandi gögnum talið sannað að tjón á rúðum sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar M, en skilyrði greiðslu úr ábyrgðartryggingu skv. 2. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar V er slík skaðabótaábyrgð.

Þegar af ofangreindri ástæðu telur nefndin ekki nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um undanþágu 5. gr. váttryggingarskilmálanna, en hún kemur ekki til nema um ábyrgð skv. 2. gr. sé að ræða

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 36/2023**Nafn málskotsaðila M****Nafn varnaraðila V****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. febrúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 2. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. júní 2022 hafi orðið tjón á sendibifreiðinni A, sem er í eigu M, er henni var ekið inn í bílakjallara við Glæsibæ í Reykjavík, en toppur bifreiðarinnar hafi skemmst við ákomu við loft kjallarans. V hefur fallist á að bótaskylda úr kaskótryggingu A sé til staðar en að bætur skuli skertar um helming á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Telur M sig eiga rétt til fullra og óskertra bóta vegna tjónsins. Byggir hann á því að viðvaranir í bílakjallaranum hafi ekki gefið til kynna að bifreið hans mundi ekki rúmast þar. Vísar hann sérstaklega til þess að bifreiðin hafi ekki snert hæðarslá þegar hann ók undir hana heldur aðeins keðju sem hékk neðar í slánni, en almennt séu slíkar hæðarslár lægri en lofthæðin í viðkomandi rými. Þá bendi ákomur á bifreiðina, svo og sú staðreynd að hægt var að aka bifreiðinni um kjallarann, þó með snertingu við loftið, til þess að aðeins hafi munað 1-2 sentimetrum. Hæðarmunur loftsins og ökutækisins hafi því verið hverfandi lítill, og bifreiðin eins og áður segir, rúmast undir hæðarslánni. Geti aksturslag M því ekki verið metið honum til stórkostlegs gáleysis svo leiði til skerðingar bótaréttar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að atvik hafi verið þau að M hafi ekið bifreið sinni inn í bílastæðahús þar sem þak bifreiðarinnar hafi fyrst rekist í öryggiskeðjur í hæðarslá en síðar rekist í loft hússins. Hafi á bifreiðinni verið ákomur eftir snertingu við loftið og umræddar öryggiskeðjur. Áður en ekið sé inn í húsið sé sýnilegt bannmerki þar sem fram komi að mesta leyfileg hæð ökutækja sé 2,2 metrar. A sé 2,365 metrar að hæð. Þar sem M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka inn í húsið þrátt fyrir augljósa og óumflýjanlega hættu á tjóni telji V því rétt, á grundvelli 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 9. gr. sameiginlegra skilmála félagsins, að bótaréttur hans falli niður að hálfu. Heimild til skerðingar sé í öllu falli til staðar og verði ekki fallist á skerðingu að helmingi skuli skerða bótarétt M í lægra hlutfalli að mati nefndarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða, enda geti háttsemi M ekki geta talist fela í sér meira en almennt gáleysi. M hafi staðið í þeirri trú að bifreiðin rýmdist innan kjallarans og viðvaranir hafi ekki þjónað tilgangi sínum. Þá hafi ekki verið til staðar hætta á stórkostlegu líkams- eða munatjóni. Sé réttur til óskertra bóta því til staðar. Þá telur M ekki unnt að byggja skerðingu á ákvæðum almennra skilmála, enda hljóti ákvæði skilmála kaskótryggingarinnar að ganga framfar slíkum almennum skilmálum. Almennir skilmálar geti ekki með þessum hætti skert þann rétt sem leiði af ákvæðum sérskilmála sem um umrædda váttryggingu gildi, en í viðlíka heimild til skerðingar bótaréttar sé ekki að finna í þeim. Þá verði í öllu falli að túlka allan vafa sem leiði af óskýrum samningsskilmálum M í hag.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að M hefði átt að þekkja hæð ökutækisins, hefði átt að lesa augljós skilti um leyfilega hæð ökutækja og gera sér grein fyrir tilgangi keðja sem hengju neðan úr hæðarslánni. Með því að aka samt sem áður inn í kjallarann hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Álit.

Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skuli líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í sameiginlegum skilmálum V, sem gilda um allar váttryggingar V, nema kveðið sé á um annað í einstökum ákvæðum annarra skilmála, er í gr. 9 að finna

sambærilegt ákvæði. Í skilmálum kaskótryggingar þeirrar sem M krefst bóta úr kemur þá fram að um trygginguna gildi m.a. sameiginlegir skilmálar og lög um vátryggingarsamninga. Að mati nefndarinnar er ekkert í þeim skilmálum sem leiðir til þess að heimild 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga til skerðingar bóta hafi vátryggður sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. sameiginlega skilmála V, verði ekki beitt.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. Því hefur ekki verið mótmælt að á vettvangi sé sérstakt bannmerki er tilgreini mestu leyfilegu hæð ökutækja í bílakjallaranum sem 2,2 metra. Þá verður ráðið af gögnum málsins að hæð A sé 2,365 metrar. Samkvæmt framburði M rákust þá sérstakar öryggiskeðjur, áfastar hæðarslá, á bifreiðina og ekki liggur annað fyrir en þær hafi valdið skemmdum á henni. Er það því mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann ók inn í kjallarann án þess að skeyta um framangreint bannmerki eða áður nefndar öryggiskeðjur. A er há bifreið og miðað við aðstæður allar hafi M mátt vera ljóst að aðstæður væru varhugaverðar og hætta á tjóni augljós.

Eins og öllum atvikum er háttað telur nefndin þó hæfilegt að skerða bætur til hans um 1/3 enda séu atvik ekki fyllilega sambærileg þeim sem lýst er í Landsréttardómi í máli 127/2018 eða fyrri úrskurðum nefndarinnar sem V vísar til máli sínu til stuðnings.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V en heimilt er að skerða bætur til hans um 1/3 hluta.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 37/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 13. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatnstjón hafi orðið á neðri hæð í húseign M hinn 13. nóvember 2022.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni á húseign hans þar sem flætt hafi inn vegna þess að fráveitukerfi á vegum X hafi stíflast, ekki aðeins vegna grjóts og brots, heldur einnig vegna pappírs og blautþurrka sem hafi safnast saman og stíflað lagnirnar. M vísar til þess að starfsmenn K hafi vitað um langan tíma að lagnir á þessum stað hafi verið gamlar og illa farnar. Þá vísar M til þess að það séu fleiri en 3 brunnar sem séu að fyllast og að það hvíli ítarleg skylda á X að hafa lagnir í lagi. Það sé einfalt að gera með skynjurum svo sem er gert annars staðar í X.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það m.a. til upplýsinga frá X þar sem kemur fram að um ófyrirséða bilun í stofnlögn hafi verið að ræða og starfsmenn X hafi ekki vitað fyrirfram um bilanir í fráveitukerfinu. V vísar til þess að starfsmenn X hafi ekki vitað um ástand lagnarinnar og X geti því ekki borið skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort sýnt sé að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á húseign M hinn 13. nóvember 2022. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því.

Í þessu máli liggur ekki fyrir að starfsmenn X hafi vitað fyrirfram af því að lagnir hefðu stíflast eða um bilanir í fráveitukerfinu. Engar skýrslur eða mat pípara eða annarra sérfræðinga liggja fyrir um aðrar mögulegar orsakir tjóns M eða hvort X hafi skipt um frárennslilagnir til nágretta M sem staðfesti vitneskju X um ástand lagnanna. Að þessu sögðu telst M verða að bera hallann af því að það liggja ekki fyrir gögn um annað en að tjón hans verði helst rakið til ófyrirséðar stíflunar á í fráveitukerfi. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlit með þeirri lögn eða öðru sem getur hafa orsakað umrætt tjón og ekki liggja heldur fyrir sönnunargögn um viðgerðir hjá nágroönum M, af hálfu X eða að X hafi vanrækt að gera við lagnir sem liggja nálægt húseign M. Verður því að telja ósannað að tjón á húseign M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 38/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging

Gildissvið váttryggingarskilmála. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að fasteign M hafi lekið fyrir þremur árum síðan. Lekinn hafi verið úr glugga í stofu og M hafi látið laga hann sjálfur, þ.e. án aðkomu tryggingafélags. Eftir engan sjáanlegan leka í 3 ár hafi M fyrir tveimur mánuðum síðan látið þússa parket í stofu. Nú sé nýr leki sem M sýnist koma úr gólfhitalögnum. V hafi hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að um sé að ræða sama leka og fyrir þremur árum því skemmdin sé á svipuðum stað. M segir að lekinn frá glugga hafi verið lagaður árið 2019 og að parketið hafi verið tekið upp og enginn leki verið sjáanlegur eftir það í marga mánuði eftir viðgerð. Þá hafi aldrei lekið frá gólfhitalögnum áður.

Í athugasemdum V kemur fram að félaginu hafi borist tjónstilkynning frá M þann 29. janúar 2023 þar sem fram hafi komið að það virtist vera leki frá gólfhitalögnum í stofu sem sé að skemma parketið. Samkvæmt fagmanni sé ómögulegt að þetta komi frá glugga. Fyrir þremur árum hafi byrjað að leka og þá hafi gluggar verið þéttir. Þá hafi gamla parketið verið rifið upp og enginn sjáanlegur leki hafi verið eftir 12 mánuði. Parketið hafi verið lagfært en tveimur mánuðum síðar hafi parketið byrjað aftur að skemmast rúmlega 5 cm frá glugga og skemmdirnar komi alltaf á sama stað. V segir í athugasemdum sínum að í skilmála fasteignatryggingar komi skýrt fram að váttryggingin bæti skemmdir á váttryggðri húseign af völdum „vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.“ Þá bæti tryggingin ekki „tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs þrátt fyrir að teljast vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.“ Það sé ófrávikjanlegt skilyrði að vatn streymi fram óvænt og skyndilega og að langvarandi leki og ástand sem hefur varað yfir langt tímabil sé undanskilið bótaskyldu félagsins. Í tjónstilkynningu M komi skýrt fram að lekinn á umræddum stað hafi byrjað þremur árum áður en tilkynningin var send félaginu. Því sé ekki um skyndilegan og óvæntan vatnsleka að ræða heldur rakaástand sem hafi leitt til þess að parket fór að skemmast. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, þ.á.m. ítarlegri lýsingu M sjálfs í tilkynningu til félagsins sé því um að ræða tjón af völdum langvarandi leka-og rakaástands, en slíkt tjón falli ekki undir skýr og ófrávikjanleg skilyrði váttryggingarskilmálans.

Álit.

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort skemmdir á parketi í fasteign M sé bótaskyld úr fasteignatryggingu M hjá V. M telur að tjónið sé að rekja til leka úr gólfhitalögnum. Í máli þessu liggja hins vegar ekki fyrir fullnægjandi gögn um orsakir þess tjóns sem varð á fasteign M, þ.e. ekki hefur verið staðreynt hverjar orsakir tjónsins eru. Af almennum reglum um sönnun í váttryggingarétti verður ekki annað ráðið en að M beri sönnunarbyrði um að tjón hans falli undir gildissvið fasteignatryggingar hans hjá V. Sú sönnun liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina og á M því á grundvelli þeirra ekki rétt til greiðslu bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr fasteignatryggingu hjá V vegna tjóns á parketi þann 28. janúar 2023.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 39/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarmat. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 6. mars 2023, ásamt fylgiskjölum og myndböndum.
3. Tölvupóstur V1, dags. 9. mars 2023, ásamt myndbandi.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á Krókhálsi þann 28. nóvember 2022. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu. Samkvæmt gögnum málsins og myndbandsupptöku af tjónsatvikinu voru málsatvik með þeim hætti að ökumaður bifreiðarinnar A var ekið af bifreiðastæði og inn á Krókháls með það í huga að snúa við en ökumaður var að salta bifreiðastæðið. Var ökumaður A með kveikt á blikkandi vinnuljósum. Ökumaður B sem ók eftir Krókhálsi ók á vegg er hann sveigði framhjá bifreiðinni A sem þá þveraði veginn eftir að hafa ekið aftur á bak til þess að snúa við og aka aftur inn á bifreiðastæðið.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 491/22 að ökumaður A (M) bæri alla sök á tjóninu þar sem hann gætti ekki nægjanlega að sér þegar hann var að snúa við á vegi og ók aftur á bak í veg fyrir ökumann B. M sem er eigandi bifreiðarinnar A er ósammála þeirri niðurstöðu og telur ökumann A ekki bera ábyrgð á tjóninu. Telur M niðurstöðuna ganga í berhögg við hina almennu skaðabótareglu þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi valdið tjóninu með sagnæmum og ólögumætum hætti og að tjónið sé sennileg afleiðing hegðunar hans og raski hagsmunum sem verndaðir eru af skaðabótareglum. Ósannað sé að ökumaður A hafi í umrætt sinn ekið án varúðar eða á annan hátt hagað akstri sínum svo að á hann verði lögð sök. Telur M að bifreiðin A hafi verið vel upplýst með varúðarljósum, ekið mjög hægt og gætti ökumaður fullrar aðgæsluskyldu. Telur M að ökumaður B hafi ekið of hratt í átt að ökutækinu A auk þess sem ökumaður hafi verið í símanum undir stýri.

V1 gerir engar sérstakar athugasemdir og vísar til málskots. V2 vísar til 5. mgr. 18. gr., 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr., umferðarlaga nr. 77/2019 og telur að ökumaður A hafi ekki gætt að áskilnaði sem fram kemur í þeim lagagreinum. Telur V2 að ekki sé tilefni til þess að leggja hluta sakar á ökumann B. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að hann hafi hagað akstri í aðdraganda atviksins með ógætilegum hætti. Telur V2 því að ökumaður A beri alla sök á tjóni á bifreiðinni B.

Álit.

Þrátt fyrir að ekki hafi orðið snerting með ökutækjum á þann hátt að árekstrarregla 5. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eigi við um atvikið hafa íslenskir dómstólar í slíkum tilvikum beitt svipuðum sjónarmiðum og við beitingu árekstrarreglunnar almennt. Af myndbandi því sem liggur fyrir í málinu og sýnir árekstur bifreiðanna A og B verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi ekki gætt að umferð um Krókháls er hann sneri bifreið sinni við á veginum, ók aftur á bak og þveraði báðar akreinar vegarins. Mátti ökumaður B ekki búast við því að bifreiðinni yrði ekið aftur á bak og ekið þvert yfir veginn. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem sýna fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða verið að nota síma undir stýri. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, er það álit nefndarinnar að M sem ökumaður bifreiðarinnar A verði að bera alla sök á tjóni bifreiðarinnar B en með háttsemi sinni braut hann gegn 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á tjóni á bifreiðinni B.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 40/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Vafn váttryggingartaka (X)****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. febrúar 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hann 8. nóvember 2020 hafi M lent í frítímaslysi er hún datt og slasaðist á handlegg. Hafi hún í kjölfarið sótt sjúkraþjálfun fram í mars 2021. Samkvæmt matsgerð dags. 28. nóvember 2022 var tímabil tímabundinnar óvinnufærni frá slysdegi og til 8. maí 2021, og varanleg læknisfræðileg örorka M var metin 27%. Á slysdegi féll M undir sólarhringstryggingu starfsmanna X. V hefur hins vegar hafnað kröfu M um bætur vegna slyssins á grundvelli þess að tilkynningarfrestur á grundvelli 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er tilkynning barst V hinn 12. október 2022.

M mótmælir þeirri afstöðu, enda hafi V verið kunnugt um slysið er því barst í hendur matsgerð dags. 18. febrúar 2021 vegna vinnuslyss sem M varð fyrir á árinu 2019, enda sé síðara slyssins getið þar. Þá hafi M og lögmaður hennar verið í þeirri trú að X hefði tilkynnt V um síðara slysið enda hafi samskipti X og M gefið það til kynna, auk þess sem X hafi kvaðst sjá sjálft um tilkynningar vinnuslysa. Þá sé það rangt að slysið hafi ekki verið tilkynnt V fyrir 12. október 2022. V hafi, hinn 2. júní 2022, fengið sent læknisvottorð ásamt reikningi vegna öflunar þess og komi skýrlega fram að um sé að ræða læknisvottorð vegna frítímaslyss hinn 8. nóvember 2020. Þá hafi lögmaður M sent V, hinn 22. júní 2022, fyrirspurn um hvort afstaða hefði verið tekin til bótaskyldu. Óumdeilanlegt sé að tilkynning felist í slíkum samskiptum. Hafi slysið því fyrst verið tilkynnt til V hinn 18. febrúar 2021. Þá gagnrýnir M einnig að V miði við að tilkynningarfrestur hafi byrjað að liða hinn 8. apríl 2021, enda hafi M þá enn verið óvinnufær.

Í bréfi sínu til nefndarinnar fellst V á að miða við að tilkynning um slysið hafi borist V með bréfi lögmanns M hinn 22. júní 2022. Allt að einu hafi eins árs tilkynningarfrestur þá verið liðinn. M hafi fyrst tilkynnt um tjón sitt í heimilistryggingu sína hjá öðru váttryggingafélagi hinn 19. nóvember 2020. Sé ljóst að á þeim tíma hafi M haft vitneskju um það atvik sem marki upphaf tilkynningarfrestsins. Hafi ársfrestur því byrjað að liða þá og verið liðinn hinn 19. nóvember 2021. Í allra síðasta lagi beri að miða upphaf tilkynningarfrestar við 8. apríl 2021, enda liggja fyrir samkvæmt framlögðum gögnum að M hafi sótt sjúkraþjálfun í fimm mánuði eftir slysið án þess að fá fulla réttu á vinstri olnboga. Því er þá hafnað að óljós tilvísun til slyssins í matsgerð dags. 18. febrúar 2021 uppfylli skilyrði tilkynningar til V. Þá kannist V ekki við að hafa fengið send nein gögn hinn 2. júní 2022. Jafnvel þó upphaf tilkynningarfrestar væri miðað við lok tímabils óvinnufærni, hinn 8. maí 2021, hafi tilkynningarfrestur því verið liðinn er tilkynnt var um slysið hinn 22. júní 2022.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til fyrirbyggjandi skýrslu sjúkraþjálfara því til stuðnings að M hafi ekki verið kunnugt um að afleiðingar slyssins kynnu að verða varanlegar fyrr en sumarið 2021. Sjúkraþjálfun hafi lokið hinn 23. mars 2021, þar sem M gekkst undir lækniáðgerð í lok mars, en M hafi þó alltaf staðið til boða að hafa samband við sjúkraþjálfara að nýju teldi hún sig þurfa á því að halda. Sé því ótækt að miða upphaf tilkynningarfrestar við það tímamark. Að öðru leyti eru fyrri röksemdir áréttáðar.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta, þ.e. í þessu tilviki M, samkvæmt slysáttryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. M varð fyrir umræddu slysi hinn 8. nóvember 2020. Liggur þá fyrir að M hafi verið óvinnufær að fullu frá 8. nóvember 2021 til 8. maí 2022. Þá liggur fyrir vottorð sjúkraþjálfara, dags. 16. febrúar 2023, kemur fram að M hafi verið til meðferðar vegna brots á neðri hluta upphandleggs og efri enda framhandleggsbeins á tímabilinu

12. nóvember 2020 til 23. mars 2021, en þá var tekin ákvörðun um að hætta meðferð vegna fyrirhugaðrar aðgerðar sem M gekkst undir í lok mars. Sjúkraþjálfari hafi þá kennt henni heimaæfingar og eins hafi frekari þjálfun staðið henni til boða æskti hún þess. Ekki verður ráðið af vottorði sjúkraþjálfara að frekari bata hafi ekki verið að vænta á þessum tímapunkti, og jafnframt er til þess að líta að á þessum tíma var M enn óvinnufær. Ætla verður að nokkur tími, alla jafna a.m.k. 2-3 mánuðir, geti liðið frá því að tjónþolar verða vinnufærir á ný eftir beinbrot og þar til þeim má vera ljóst að afleiðingar séu varanlegar, þ.e. um atvik að baki kröfu sinni. Af gögnum málsins verður þá raunar ekki ráðið að M hafi verið það fullljóst fyrir en við komu á heilsugæslu hinn 7. janúar 2022, sbr. fyrirbyggjandi læknisvottorð dags. 17. maí 2022, en þá leitaði hún til læknis vegna afleiðinga slyssins.

Að mati nefndarinnar var V tilkynnt um kröfu M með tölvubréfi lögmanns hennar hinn 22. júní 2022, eða einu ári og sjö og hálfum mánuð eftir slysið. Ekki er unnt að miða við að í matsgerð vegna fyrra slyss, dags. 18. febrúar 2022, felist slík tilkynning, enda kemur ekkert fram þar um að krafa sé gerð á hendur V vegna slyssins sem M varð fyrir hinn 8. nóvember 2020. Gegn neitun V er þá ekki sýnt fram á að önnur gögn er varða þetta slys M verið send því hinn 2. júní 2022. Þar sem ekki verður ráðið af gögnum málsins, sbr. framangreint, að M hafi haft mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða fyrir 22. júní 2021 er það afstaða nefndarinnar tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi ekki verið liðinn þegar tjónstilkynning barst V hinn 22. júní 2022.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr frítímaslysaftryggingu starfsmanna X hjá V vegna slyss sem hún varð fyrir hinn 8. nóvember 2020.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 41/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot dags. 24. janúar 2023.
2. Bréf V dags. 21. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 5. janúar 2023 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B á Vogatungu í Mosfellsbæ þannig að hliðarspeglar þeirra rákust saman. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að hvor ökumanna bæri helming sakar en M fellir sig ekki við það og telur að B beri alla sök. Í málskoti segir M svo frá að hún hafi ekið A upp Vogatunguna, og hafi hún ekið hægt, eða á 15 kílómetra hraða á klukkustund, enda nýbúin að aka yfir hraðahindrun og aðstæður hafi verið erfiðar. B hafi komið niður Vogatunguna, á töluvert miklum hraða miðað við aðstæður, en jafnframt hafi verið hindrun á vegarhelmingi B vegna snjóskafils. Í málskoti vekur M þá athygli á nánar tilgreindum ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram komi m.a. að ef hindrun sé á hluta vegar skuli sá ökumaður sem er sömu megin hindrunarinnar nema staðar beri nauðsyn til, og að ökutæki skuli vera eins langt til hægri og unnt er. Þá beri öikumönnum að haga aksturshraða til samræmis við aðstæður og gæta sérstaklega að sér þegar ökutæki mætast á þröngum vegi og þegar vegur er blautur eða háll.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið, sem var á tjónsdegi váttryggjandi beggja bifreiðanna, skili ekki inn sérstakri greinargerð vegna málsins en þó sé bent á að báðir öikumenn telji sig hafa vikið eins langt til hægri og unnt var auk þess sem hvorugur þeirra telji sig hafa farið yfir miðlínu vegar.

Atvikalýsing ökumanns B, sem er meðal málsgagna, er á þann veg að hún hafi verið á 30 kílómetra hraða, sem sé hámarkshraði á Vogatungu. Hún hafi ætlað að færa B til hægri svo A kæmist fram hjá en þá runnið í hjólförum og því ekki tekist að aka upp á snjóruðning til hægri á veginum. Háir snjóskafilar hafi verið beggja vegna á veginum og aðstæður erfiðar víða á þessi svæði þar sem bifreiðar þurfi oft að aka út á hliðargötur til að hleypa annarri umferð fram hjá. Báðar bifreiðarnar hafi verið eins langt til hægri og hægt var miðað við aðstæður og þá hafi B ekki ekið yfir miðlínu.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum má sjá að aðstæður til aksturs á tjónsstað voru nokkuð erfiðar og snjóruðningar við vegarkant beggja vegna vegarins, sem gera má ráð fyrir að hafi þrengt að bílaumferð og kallað á sérstaka aðgæslu ökumanna. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að aksturshraði B hafi verið umfram löglegan hámarkshraða og þá verður ekki byggt á því að um hafi verið að ræða hindrun í skilningi 22. gr. umferðarlaga, þannig að B hafi borið að stöðva aksturinn, heldur hafi akstursrými beggja akreina verið skert vegna snjóruðninga. Þá liggur ekki fyrir að annarri hvorri bifreiðanna hafi verið ekið yfir miðlínu í aðdraganda áreksturs og svo virðist sem báðir öikumenn hafi leitast við að halda ökutækjum sínum eins langt til hægri og þeim var unnt. Verður samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, sök skipt að jöfnu.

Niðurstaða.

Öikumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 42/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 30. janúar 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 10. febrúar 2023 ásamt myndum af palli og úrskurði í máli nr. 131/2021.
3. Bréf lögmanns M, dags. 15. febrúar 2023 ásamt myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M átti leið í verslun X hinn 13. ágúst 2020 og rak þar tær í pall fyrir innan útidyrhúrd verslunarinnar og féll fram fyrir sig og braut þannig hægri upphandlegg. Myndir af vettvangi liggja fyrir í gögnum málsins.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss hennar þar sem pallurinn sem hún rak tærnar í hafi verið í miðri gönguleið viðskiptavina, hann hafi verið samlitur gólfi hennar og aðeins nokkrir sentimetrar á hæð. Þetta hafi verið hættulegar aðstæður fyrir viðskiptavini sem eigi að geta treyst því að gönguleiðir séu greiðar innan verslunar þar sem margir komi til þess að sækja þjónustu. M telur að rauður litur sem notaður hafi verið til afmörkunar á pallinum hafi ekki haft varnaðaráhrif þar sem hann hafi eingöngu verið á hlið pallsins en ekki yfirborði hans sem hafi verið samlitur gólfi. Einnig bendir M á að X hafi gert breytingar á verslun sinni þannig að girt hafi verið fyrir pallinn og dökkur dúkur lagður á hann. Um sé að ræða aðgerðir sem auðvelt hafi verið fyrir X að ráðast í og þannig verði að meta það X til sakar að hafa ekki gert það áður en slys M varð. M mótmælir því auk þess sem ósönnuðu að slysið megi rekja til símanotkunar hennar eða gáleysis að öðru leyti.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi ekki sýnt fram á skaðabótaábyrgð X vegna slyssins. V bendir á að sami pallur hafi verið í verslun X frá árinu 2012 án þess að slys hafi orðið eða gerðar athugasemdir við hann. Kantur sá sem M hafi rekið tánna í hafi verið um 7 cm hár og rauðmálaður og þannig vel greinilegur öllum sem um inngang í verslun X fara þar sem ljósar flísar séu á gólfi. Handrið hafi verið sett á pallinn í dag, en það hafi verið gert löngu eftir slys M og tengist því ekki á nokkurn hátt. V bendir einnig á að M hafi verið í símanum þegar slysið varð og þannig ekki verið með fulla athygli.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort aðstæður í verslun X hafi verið með þeim hætti að slyshætta hafi verið fyrir viðskiptavini verslunarinnar vegna 7 cm sýningarpalls í húsnaði verslunarinnar sem hafi verið án handriðs eða nægilegrar afmörkunar. Á ljósmyndum kemur fram staðsetning umrædds palls og hvernig hann er málaður á hliðum til afmörkunar við yfirborðsefni hans og gólfefni í verslunni. Verður sú tilhögun ekki metin X til sakar eða þær framkvæmdir sem var ráðist í síðar sýni að augljós slyshætta hafi verið af aðbúnaði í verslun X. Verður slys M rakið til óhappatilviks sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 43/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Tjónsfjárhæð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 2. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 6. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M dags. 12. mars 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 14. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á bifreið M hinn 10. janúar 2023 og reyndust skemmdir það miklar að ákveðið var að V myndi greiða bætur vegna altjóns á bifreiðinni. V greiddi hinn 24. janúar 2023 3.290.0000 kr. bætur vegna tjónsins.

M telur að verðmæti bifreiðar hans sé meira en sú fjárhæð sem greidd hafi verið af hálfu V. Þannig eigi að miða við 3.550.000 kr. eins og verðmat sem M hefur aflað sér frá umboðsaðila bifreiðar sinnar gefi til kynna. Einnig vísar M til ásetts verðs m.v. auglýsingar um sambærilegar bifreiðar sem eru til sölu hjá bílasöllum.

V telur að bætur séu að fullu greiddar vegna tjónsins. Í fyrsta lagi bendir V á að váttryggingarfjárhæð hafi verið undir þeirri fjárhæð sem greidd var. Í öðru lagi vísar V til skriflegs verðmats tveggja bílasala þar sem annar hafi metið bifreið M á 2.600.000-2.700.000 kr. miðað við staðgreiðslu og hinn hafi metið bifreiðina á 3.000.000-3.200.000 kr. Einnig vísar V til skriflegs mats frá bifreiðaumboði upp á 3.290.000 kr. miðað við staðgreiðslu. V vísar í þriðja lagi til váttryggingarskilmála þar sem kemur fram í gr. 14.1 að fjárhæð bóta ráðist af verðmæti ökutækis á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðsluviðskipti. Einnig vísar V til gr. 14.1.1 þar sem kemur fram að fjárhæð bóta geti ekki orðið hærri en sú upphæð sem kemur fram í váttryggingarskírteini, en eins og fyrr segir hafi V samt sem áður greitt hærri fjárhæð til M. Einnig vísar V til 14., sbr. 16. gr. sömu skilmála þar sem komi skýrt fram að miðað sé við staðgreiðsluverðmæti þegar markaðsvirði er ákveðið og alkunna sé að staðgreiðsluverð sé almennt lægra en ásett verð. V vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um umfang tjóns síns og ekki sé sannað að það sé meira en greitt hafi verið.

Í athugasemdum M við afstöðu V kemur fram að ekki sé sýnilegt hvernig V biður um mat á verði hjá þeim sem sendu slíkt mat til V og V byggir á. Einnig telur M að verðmat frá umboðsaðila sé betra en frá öðrum og ekki komi fram í því sem M leggur fram að um sé að ræða ásett verð.

V segir í viðbótarathugasemdum sínum að allar fyrirspurnir félagsins um verð feli í sér að spurt sé um staðgreiðsluverð og bílasalar séu vanir að veita V upplýsingar með þeim hætti, auk þess sem þeir sem V hafi leitað til hafi mikla reynslu og þekkingu á sviðinu. Einnig vísar V til þess að það komi berum orðum fram í verðmati því sem M hefur lagt fram upp á 3.550.000 kr. að um sé að ræða ásett verð.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að skv. váttryggingarskilmálum V sé fjárhæð bóta fyrir altjón á ökutæki miðað við verðmæti ökutækisins á tjónsdegi m.v. staðgreiðsluverð. Í gögnum málsins er gerð grein fyrir mismunandi verðmati frá nokkrum aðilum þar sem verð er metið frá 2.600.000 til 3.290.000 og greiddi V síðarnefnda fjárhæð í bætur til M. Ekki verður dregið í efa að þar miðist mat við staðgreiðsluverð. Það gagn sem M hefur lagt fram og miðar við verðmat upp á 3.550.000 kr. segir berum orðum að miðist við ásett verð og verður því ekki lagt til grundvallar sem verð í staðgreiðsluviðskiptum, sbr. gr. 14.1 í váttryggingarskilmálum. V hefur nú þegar greitt bætur umfram váttryggingarfjárhæð sbr. gr. 14.1.1 og á M því ekki rétt á frekari bótum fyrir bifreið sína vegna tjónsatviks 10. janúar 2023.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr kaskótryggingu ökutækisins hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 44/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging vinnuvélar.****Númer vinnuvélar (X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 2. febrúar 2023.
2. Bréf V dags. 15. febrúar 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og tjonstilkynningu kemur fram að hinn 19. janúar 2023, er bifreið M var ekið eftir þjóðveg 1 frá Akureyri, hafi orðið tjón á henni af völdum hjólaskóflunnar X sem hafi verið staðsett við gatnamót þjóðveg 1 og vegar 925. Tjónið hafi atvikast með þeim hætti að stjórnandi vélarinnar hafi blásið snjó yfir þjóðveg 1 með þeim afleiðingum að snjókögglar og grjót fóru á vinstri hlið bifreiðarinnar og ollu tjóni á henni. M telur að stjórnandi vinnuvélarinnar hafi sýnt af sér sök, en þegar bifreið M nálgadist vélina hafi stjórnandi vélarinnar gert hlé á snjóblæstri, en þegar bifreiðin hafi verið komin að hlið A hafi blástur hafist að nýju með fyrrgreindum afleiðingum. M telur að stjórnandi vélarinnar hefði átt að vera bifreiðarinnar var og gæta að sér auk þess sem hann hefði átt að leitast við að blása ekki snjó yfir veginn.

Í bréfi V kemur fram að viðkomandi starfsmaður muni ekki eftir því að neitt þessu líkt hafi gerst, og að hann stöðvi blásturinn verði hann var við bifreiðar. Sumir ökumenn gefi honum þó ekki færi á að gera hlé á blæstrinum heldur komi alveg að vélinni eða keyri í gegnum „bununa“ þrátt fyrir að blástur standi yfir. Í málskoti séu þá ekki færð rök fyrir því í hverju saknæm háttsemi stjórnanda vélarinnar eigi að hafa falist, og verði M að bera hallann af því. Ökumaður M hafi ekið framhjá snjóblásaranum án þess að ná sambandi við stjórnanda hans og fullvissa sig um að óhætt væri að halda áfram. Það hafi hann gert á eigin áhættu og ábyrgð.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skadabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skadabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þetta kemur jafnframt fram í skilmálum viðeigandi váttryggingar en hún tekur til líkams- og munatjóns þriðja manns sem váttryggður ber skadabótaábyrgð á samkvæmt lögum. Það hvílir því í þessu tilviki á M að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til sakar stjórnanda X. Gögn málsins, hvað varðar atvikið og tjón M, eru afar takmörkuð, og ekki verður séð að nein vitni hafi orðið að umþrættu atviki. Gegn neitun stjórnanda X, og án frekari gagna er sýni fram á atvik málsins, hefur því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að tjón á bifreið M verði rakið til saknæmrar háttsemi stjórnanda X. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar X hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 47/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 27. maí 2022 hafi M slasast er hún steig á brotinn kantstein fyrir framan verslun X og féll fram fyrir sig. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 19. desember 2022 þar sem vísað er til þess að slysið verði rakið til óhappatilviks. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu þar sem slysið megi rekja til þess að X vanrækti að hirða um gangstéttina. Með þessu gáleysi hafi myndast óvarin slysaöldra, sem hafi orðið til þess að M slasaðist. Þá hafi X á engan hátt varað gesti við þeirri hættu sem var til staðar. Vísar M til 1. mgr. 12.10.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 auk ákvæða í eldri byggingarreglugerðum sem mæla fyrir um skyldu til þess að gæta að öryggi við innganga og aðkomu að húsnæðum. Vísar M einnig til ýmissa dóma máli sínu til stuðnings og þá sérstaklega dóma þar sem auknar kröfur hafa verið lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin er starfsemi sem laðar að neytendur eða veitir þjónustu, um að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Þá vísar M til þess að í bráðamóttökuskra Landspítalans hafi ranglega verið ritað að M hafi haldið á blómapotti er hún slasaðist. M hafði ekkert í fanginu þegar slysið átti sér stað.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. Vísar V til þess að engar athugasemdir hafi verið gerðar við ástand stéttar fyrir utan verslunina og engin önnur slysið orðið. Það eitt að misfellur séu í gangstétt leiði ekki sjálfkrafa til skaðabótaskyldu fasteignareigenda. M geti ekki búist við því að gangstéttir eða bílaplön eða annað sem hún leggur leið sína um sé alltaf renni slétt heldur verði hún að sýna af sér eðlilega aðgæslu og að lágmarki að horfa fram fyrir sig. Brot í gangstéttarkanti sem M heldur fram að hún hafi dottið um er vel sýnilegt öllum sem eiga erindi í og úr verslun X, sérstaklega á björtum vordegi eins og á slysdegi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríka skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun fyrir neytendur að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Af gögnum málsins virtum og þá sérstaklega ljósmyndum af gangstéttinni verður ekki talið að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar þannig að telja verði að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja öryggi viðskiptavina. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Benedikt Hallgrímsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 48/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun tjóns.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 30. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. febrúar 2023.
3. Bréf V til M, dags. 24. mars 2023 sem barst nefndinni með tölvupósti dags. 27. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 20. maí 2021 hafi verið undirritaður kaupsamningur um neðri hæð fasteignar (A), með aðstoð starfsmanna X. M var þar kaupandi fasteignarinnar.

M telur að starfsmenn hafi ekki gætt hagsmuna M sem kaupanda í samræmi við 15. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 og vísar til þess að ekki hafi verið upplýst um mikilvæg atriði varðandi fasteigna, t.d. réttar upplýsingar um meðal annars teikningar, eignaskiptayfirlýsingu og upplýsingar um samskipti við bæjaryfirvöld sem og um raunverulegt ástand bakhúss. Í málskoti er frekari aðstæðum í tengslum við sölu fasteignar lýst f.h. M og þeim málsástæðum sem lúta að því að sýna fram á skaðabótaábyrgð X vegna málsins. Þær lúta helst að því að upplýsingaskylda fasteignasla skv. 11. og 12. gr. laga nr. 70/2015 hafi verið vanrækt í ljósi þess að X hefði átt að búa yfir upplýsingum um ólögmati breytinga sem gerðar höfðu verið á fasteign M árið 2017. Seljandi hafi verið upplýstur um þetta af hálfu skipulagsyfirvalda sveitarfélagsins sem fasteignin er í og hefði X átt að upplýsa um það í söluyfirliti. Einnig er bent á að hvorki teikningar af fasteigninni né eignaskiptayfirlýsing hafi verið fyrir hendi við sölu fasteignarinnar til M. Einnig vísar M til kostnaðaráætlunar sem X hafi átt frumkvæði að unnin væri vegna endurbóta á húsnæðinu og telur tjón sitt felast í því sem nemur eignarhlutdeild hennar í fasteigninni af þeim kostnað sem og verði hún fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna teikninga og eignaskiptayfirlýsingar, auk kostnaðar vegna lögfræðilegrar aðstoðar.

Váttryggingafélagið V sagði í bréfi sínu til nefndarinnar frá 21. febrúar 2023 bent á að málið hafi aldrei borist til félagsins þannig að félagið hafi ekki getað tekið afstöðu til krafna M vegna málsins úr ábyrgðartryggingu X. V taldi í því bréfi að vísa eigi málinu frá með vísan til 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

Hinn 27. mars sl. barst nefndinni afrit bréfs V til M dags. 24. mars 2023 þar sem efnisleg afstaða er tekin til bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Þar kemur fram að V vísar til þess að X hafni því að hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína vegna óleyfisframkvæmda í fasteign þar sem þær framkvæmdir hafi verið til þess að koma fasteigninni í upphaflegt lögmætt ástand. Baðherbergi hafi verið fært úr bakhúsi án leyfis áður og hafi framkvæmdir á árinu 2017 miðað að því að leiðrétta það. V vísar því einnig á bug að X hafi haft frumkvæði að meintu kostnaðarmati auk þess sem starfsmenn X hefðu fengið yfirlýsingu frá seljanda um ástand eignarinnar auk þess sem fasteignin hafi verið skoðuð með hefðbundinni sjónskoðun. Ekki hafi neitt komið fram við slíka skoðun sem hafi gefið til kynna að upplýsingar frá seljanda væru rangar og því hafi upplýsingar á söluyfirliti ekki verið rangar. Einnig bendir V á að fasteignin sé hátt í 120 ára gömul og þó skemmdir hafi komið í ljós við framkvæmdir sé ekki sýnt að starfsmenn X hafi vitað af þeim. Þannig hafi ekki stofnast til skaðabótaábyrgðar af hálfu fasteignasala X.

Álit.

Í þessu máli eru af hálfu M reifaðar ástæður þess að X eigi að bera skaðabótaábyrgð vegna atvika í tengslum við kaup hennar á fasteign. Engin gögn lágu hins vegar fyrir um að M hefði beint kröfum sínum að V áður en málskot M barst úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Í 2. mgr. 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sem birtar eru á heimasíðu hennar www.nefndir.is, segir: „Það er skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að varnaraðili hafi hafnað kröfu málskotsaðila eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að málskotsaðili lagði málið og nauðsynleg gögn fyrir viðkomandi váttryggingafélag.“ Athugasemdir V þess efnis að félagið hefði aldrei fengið málið til meðferðar voru sendar til M og hinn 27. mars sl. bárust

loks gögn sem sýndu að V hefði tekið afstöðu til kröfu M um greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V. Verður því að líta svo á að skilyrði 2. mgr. 4. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina séu uppfyllt til afgreiðslu málsins efnislega hjá nefndinni.

Gildissvið starfsábyrgðartryggingar fasteignasala nær til skaðabótaskyldu fasteignasala m.a. á grundvelli 27. gr. laga nr. 70/2015. Um skyldur fasteignasala er fjallað í fleiri ákvæðum laganna, m.a. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 þar sem kemur fram að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um a eigninni. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í fyrrnefndri 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat skv. dómaframkvæmd.

Í gögnum málsins liggur ekki fyrir með skýrum hætti að söluyfirliti fasteignar þeirrar sem M keypti árið 2021 hafi fylgt gögn vegna eignaskiptayfirlýsingar þar sem gerð var grein fyrir hvaða hlutar fasteignarinnar voru í sameign og hvaða hlutar hennar í séreign. Ekki er hægt að sjá að upplýsingar úr opinberum skrá, eins og t.d. þinglýst skjöl hafi verið verið könnuð við gerð söluyfirlits varðandi. Verður að meta það fasteignasala til sakar að hafa ekki gert skýrlega grein fyrir því hvernig fasteignin í heild skiptist við sölu á neðri hæð hennar. Ekki verður hins vegar séð hvort og þá hvaða tjóni M hefur orðið fyrir vegna þess að ekki hafi verið gerð grein fyrir þessu með skýrum hætti og ekki telst sannað að fasteignasalar X hafi vitað eða átt af samskiptum fyrri eigenda við skipulagsyfirköld vegna óleyfisframkvæmda við fasteignina, þar sem ekki er sýnt að seljandi hafi upplýst þá um það.

Hvað varðar þann hluta málsins sem lýtur að því að fasteignasalar X hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína varðandi ástand fasteignarinnar verður ekki ráðið af gögnum málsins að þeim hafi verið kunnugt um að ástandi hafi verið slæmt og það hafi ekki blasað við frekar en M sem kaupanda hafi verið unnt að sjá það með skoðunarskyldu sinni á fasteign sem sé hátt í 120 ára gömul í grunninn. Verður því ekki talið sýnt að X beri ábyrgð á tjóni sem M telur sig hafa orðið fyrir vegna síns hluta framkvæmda við húseignina. Einnig er ósannað um kostnað vegna gerðar nýrra eignaskiptayfirlýsinga og verður ekki heldur fallist á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna greiðslu lögmannskostnaðar þar sem ekki er sýnt að tjón hafi orðið vegna þess að upplýsingar um eignaskipti lágu ekki fyrir í söluyfirliti. M á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirbyggjandi gögn úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 49/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2024

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið í ökutæki sem ökutækinu A hafi verið ekið aftan á 4. nóvember 2021. M hafi strax fundið fyrir einkennum og leitað á heilsugæslu í kjölfarið. Hún hafi aftur leitað til heilsugæslu 18. nóvember 2021 vegna verkjaástandsins og fengið þá beiðni um sjúkraþjálfun og vottorð um óvinnufærni. Hún hafi verið í sjúkraþjálfun frá slysinu. Fram kemur að hún hafi verið í 60% starfi vegna afleiðinga vinnuslyss sem hún lenti í 17. mars 2020. Vísað er til PC-crash skýrslu sem félagið hafi aflað einhliða og hafi lítið eða nokkurt sönnunargildi og ekkert þegar komi að því álitaefni hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn en að engin gögn bendi til þess að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í bréfi V til M er bótaskyldu hafnað og vísað til hraða- og höggútreiknings og telur V að gögnin bendi til þess að M hafi ekki hlotið varanlegt heilsutjón af atvikinu. Þess var óskað að úrskurðarnefndin biði með að kveða upp úrskurð þar til matsgerð lægi fyrir. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir við málskot M fyrir nefndinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 4. nóvember 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að lítið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði matsgerðar sem er mjög ítarleg og lýsir vel ástandi M og kom V sínum athugasemdum á framfæri við matsmenn.

Í matsgerðinni kemur meðal annars fram að matsmennirnir telji að við umferðarslysið hafi M versnað í hálsi og mjóbacki þótt aftanákeyrslan teljist ekki harður árekstur. Þeir benda á að M hafi verið viðkvæm fyrir þegar hún lenti í umferðarslysinu því til viðbótar við vinnuslys sem hún hafði lent í hafði hún verið metin til 12 stiga varanlegs miska og 12% varanlegrar örorku vegna tognunar á háls- og baksvæði svo og á herðum í kjölfar tveggja umferðarslysa sem hún lenti í í desember 2008 og í maí 2009. Fram kemur að matsmennirnir telja að M búi við viðbótar stoðkerfiseinkenni sem metin hafi verið til varanlegs miska. Matsmennirnir telja, þegar horft er til eðli áverka, fyrirliggjandi gagna málsins, viðtals við M á matsfundi og líkamsskoðunar, að hún búi við einhverja viðbótarskerðingu á álagsgetu og úthaldsþoli til starfa sinna sem geta verið líkamlega krefjandi þar sem hún sé sjúkraþjálfari. Matsmenn telja því varanlega örorku M vegna þessa slyss hæfilega metna 5% að teknu tilliti til lögbundinnar tjónstakmörkunarskyldu hennar skv. 2. mgr. 5. gr. skbl. Þá telja þeir að varanlegur miski vegna umferðarslyssins sé 5 stig og að varanleg lækisfræðileg örorka sé 5%. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni í árekstrinum. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 20. mars 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 50/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 25. janúar 2023 ásamt fylgisköllum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. júní 2021 hafi M verið í 6-7 manna hópreið, m.a. eftir Heiðmerkurvegi. Þar hafi M orðið var við að vegavinna stóð yfir, og m.a. hafi veghefill verið að störfum. Þegar M nálgadist hefilinn hafi stjórnandi hans, A, stöðvað hann og M hafi því talið óhætt að ríða fram hjá. Þá hafi vegheflinum verið bakkað skyndilega og bakkflauta hans farið í gang. Við það hafi hesturinn sem M sat og þeir tveir sem hann var með í taumi, fælst með þeim afleiðingum að M féll af baki og hlaut líkamstjón. Í skýrslu M fyrir lögreglu, dags. 9. júní 2021, lýsir M atvikum svo að hann hafi séð vinnuvélar við veginn og m.a. heyrt í veghefli, sem hafi verið stopp þegar M ætlaði fram hjá. Þegar 6-8 metrar hafi verið í hefilinn hafi hann verið settur í bakkgír og bakkflauta hans farið í gang með fyrrgreindum afleiðingum. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi A, starfsmanns þess. Þó ekki sé um eiginlegan reiðstíg að ræða sé vegurinn mikið notaður af hestamönnum og A og aðrir stafsmenn X hafi orðið reiðarinnar varir enda hafi þeir allir gert hlé á störfum í aðdraganda slyssins. Hafi A borið að bíða uns hópurinn var farinn hjá enda hafi hann mátt vita að hávaðinn í bakkflautunni kæmi til með að fæla hestana. Hafi X borið að haga þjálfun A þannig að tryggt væri að hann gætti sín sértaklega í návígi við ríðandi vegfarendur. M byggir þá á því að skylt hafi verið að girða svæðið af svo ríðandi vegfarendur þyrftu ekki að vera í návígi við hefilinn, og þá mótmælir M því að viðvörunarmerkingar hafi verið á svæðinu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X beri ábyrgð á. Vinna við heflun Heiðmerkurveggar hafi staðið yfir á slysdegi og hafi umræddur veghefill auk tveggja vörubíla verið að störfum og hafi tækin verið kyrrstæð úti í kanti til að hleypa bílaumferð hjá. Hafi stjórnendur þeirra ekki orðið reiðarinnar varir fyrir en þeir sáu lausa hesta koma fram fyrir tækin eftir að slys M hafði átt sér stað. Þá kannist A ekki við að hafa sett hefilinn í bakkgír. Viðvörunarmerkingar hafi verið við upphaf og lok vinnusvæðisins auk þess sem tækin hafi verið sýnileg langt að. Ekki sé um eiginlegan reiðstíg að ræða og sé vegurinn því opinn fyrir umferð bifreiða, tækja og reiðhjóla. M, sem sé væntanlega vanur reiðmaður, hafi borið að sýna eðlilega varfærni þegar hann varð framkvæmdanna var, og hefði hann getað valið aðra leið eða farið af baki og teymt hestana. Jafnvel þó tækin hafi verið kyrrstæð hafi vélar þeirra verið í gangi og hafi M mátt vera ljóst að einhverjar líkur væru á því að hestarnir fældust við að fara fram hjá, jafnvel þó tækin væru kyrrstæð.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að í fyrri málavaxtalýsingu A, eins og hún hafi verið höfð eftir í upphaflegu höfnunarbrefi V, dags. 22. mars 2022, komi skýrt fram að A hafi bakkað tækinu og við það hafi flautan farið í gang. Ekki sé hægt að byggja á síðar til komnum lýsingum varðandi það að vegheflinum hafi ekki verið bakkað í aðdraganda slyssins.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt upphaflegri málavaxtalýsingu M fyrir lögreglu kemur fram að hann hafi veitt vegavinnu athygli og að veghefillinn hafi „akkúrat“ verið stopp þegar M hugðist ríða fram hjá. Þegar um 6-8 metrar hafi verið að heflinum hafi hann verið settur í bakkgír og flauta hans farið í gang. Af þessari lýsingu, svo og lýsingu X um að tækin hafi verið kyrrstæð í vegarkanti í þeim tilgangi að hleypa bifreiðum fram hjá, verður ekki fullyrt, gegn neitun A, að hann hafi veitt reiðinni athygli í aðdraganda slyssins. Jafnvel þó svo hefði verið greinir aðila á um hvort veghefillinn hafi verið settur í bakkgír en af frumgögnum

málsins, þ.á.m. lýsingu M fyrir lögreglu, verður í öllu falli ekki ráðið að hefillinn hafi verið á ferð. Jafnvel þó bakkflauta hefilsins hafi farið í gang verður þá ekki fallist á málatilbúnað M um að borið hafi að þjálfar starfsmenn X sérstaklega í umgengni gagnvart hestum, að öðru leyti en leiðir af almennum tillitsskyldum vegfarenda, en ekki er um eiginlegan reiðstíg að ræða. Við slíkar aðstæður, þ.e. á vegi sem opinn er almennri umferð, verður að ætla að það standi reiðfólki nær að gæta sérstaklega að þáttum sem haft geti áhrif á hestana, en hestar eru lifandi verur sem geta fælst af ýmsum orsökum. Þá liggur fyrir að M veitti vegavinnunni athygli með nokkrum fyrirvara og verður því ekki séð að mögulegur skortur á merkingum vinnusvæðisins, sem raunar er ekki sýnt fram á, hafi verið orsakabáttur hvað tjón M varðar. Samkvæmt framansögðu hefur M ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu uppfyllt og er það álit nefndarinnar að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 18. apríl 2023

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 51/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 26. apríl 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 28. júlí 2021 hafi M orðið fyrir slysi með þeim afleiðingum að hann hlaut brunasár víðs vegar um líkamann. V1 hafi, með bréfi sem sent var fyrir hönd V2, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að skilyrði bótaréttar úr sjúkdómatryggingunni væri að um væri að ræða þriðja stigs bruna sem næði til a.m.k. 20% líkamans. Í kjölfarið hafi frekari gagnaöflun átt sér stað en samkvæmt fyrirliggjandi vottorði dags. 31. janúar 2023 hafi verið um að ræða fullþykktarbruna sem næði til 20% yfirborðs húðarinnar. Þegar vísað sé til fullþykktarbruna sé án nokkurs vafa átt við 3. stigs bruna og bótaskylda þar að leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi sem sent er til nefndarinnar fyrir hönd V2 kemur fram að félagið telji gögn málsins ekki staðfesta 3. stigs bruna á 20% af líkamsyfirborði M. Prósentuhlutfall bruna meðan á meðferð M stóð hafi verið töluvert á reiki og lítið sem ekkert komi fram um skiptingu milli 2. og 3. stigs bruna, en brunaáverkar M hafi verið bæði 2. og 3. stigs. Í innlagnarskrá, dags. 29. júlí 2023, hafi komið fram að heildarbrunasvæði án frekari aðgreiningar milli 2. og 3. stigs væri 17%, og á grundvelli þess hafi bótaskyldu verið hafnað með bréfi dags. 8. ágúst 2022. Nær ári síðar hafi M skilað öðru læknisvottorði þar sem fullþykktarbruni hafi verið sagður 20% en að öðru leyti hafi ekki verið áætlað hver skipting brunasára í 2. og 3. stigs bruna var. Læknir á vegum V2 hafi þá skoðað fyrirliggjandi ljósmyndir af áverkum M og hafi ekki getað séð af þeim að 3. stigs bruni hefði orðið á 20% líkamsyfirborðs. Með tilliti til framangreinds sé því ekki sýnt fram á að skilyrði bótaréttar séu uppfyllt. Hafi V2 þá óskað eftir frekari svörum og skýringum frá M en engin svör borist.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að hlutfallstölur hafi vissulega verið á reiki, og farið allt upp í 30%, meðan á meðferð stóð. Mat um 17% bruna sem vísað sé til í innlagnarskrá sé þá aðeins gróft mat og feli í sér lýsingu á brunaáverka en ekki niðurstöðu eiginlegrar læknisfræðingar. Niðurstæða sérfræðings í brunaáverkum sé sú að fullþykktarbruni sé 20-29%. V2 hafi ekki viljað samþykka þær upplýsingar og vilji enn ítarlegri svör við spurningum sem þegar sé búið að svara. Fyrirliggjandi gögn staðfesti því greiðsluskyldu V2 og sé óforsvaranlegt að hunsað þau gögn og ætla M að fara í enn frekari erfiða gagnaöflun. Þá hafi verið fallist á bótaskyldu af hálfu annars váttryggingafélags þar sem M hafi verið með sjúkdómatryggingu á slysdagi, þrátt fyrir að þar sé einnig skilyrði um 3. stigs bruni þekki 20% yfirborðs líkamans.

Í viðbótarathugasemdum V2 er fyrri afstaða áréttuð, ósamræmi sé milli gagna málsins og V2 hafi því óskað frekari upplýsinga. Það sé ekki tjónþola að ákvarða hvaða gögn séu fullnægjandi til að ná fram tjónskrófu og möguleg afgreiðsla annarra váttryggingafélaga bindi hendur V2 ekki að því leyti.

Álit.

Samkvæmt skilmálum umræddrar váttryggingar eru greiddar bætur vegna þriðja stigs bruna, enda þeki hann að minnsta kosti 20% af húðyfirborði hins váttryggða og það sé staðfest af starfandi sérfræðingi á því sviði. Aðila deilir samkvæmt framansögðu um hvort þetta skilyrði sé uppfyllt, en það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að atvik séu með þeim hætti að bótaskylda hafi stofnast.

Ljóst er af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum að hlutfallstölur voru nokkuð á reiki meðan á meðferð M stóð. Þannig kemur fram í aðgerðarskrá sem er undirrituð af yfirlækni, dags. 29. júlí 2021, að í upphafi hafi bruninn verið áætlaður 30% en metið nær 20% við frekari skoðun, og í lok húðágræðsluáðgerðar, u.þ.b. 17%. Í læknaþréfi sama yfirlækni, dags. 30. ágúst 2021, kemur fram að í upphafi hafi bruni verið áætlaður 30% en um 20% eftir frekari skoðun. Er sams konar lýsingu að finna

í fleiri málsgögnum, t.a.m. læknisvottorði dags. 24. maí 2022. Í framangreindum gögnum er almennt ekki að finna aðgreiningu milli annars og þriðja stigs bruna. Hinn 7. september 2022 sendi V1, fyrir hönd V2, lögmanni M tölvupóst með beiðni um ítarlegri upplýsingar, en m.a. var spurt um nákvæma skiptingu milli annars og þriðja stigs bruna. Í framhaldinu gaf fyrrnefndur yfirlæknir út læknisvottorð, dags. 31. janúar 2023. Kemur þar m.a. fram að eftir fyrstu aðgerðina hafi M fengið sýkingu og í kjölfarið hafi verið framkvæmd önnur aðgerð „*where the assessment was that after revision his full thickness skin injury in the area of lower leg and thighs was 20%*“. Þá kemur fram að brunaáverkar hafi náð til 20-29% af líkamsyfirborði og skipst í annars og þriðja stigs brunaáverka, án þess að nákvæm tilgreining hlutfalla komi fram.

Hinn tilvitnaði texti, sem stafar frá starfandi sérfræðingi á sviðinu, er allt að einu afdráttarlaus varðandi það að fullþykktarbruni hafi orðið á 20% líkamsyfirborðs M. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Landspítala Háskólasjúkrahúss er fullþykktarbruni í raun samheiti yfir þriðja stigs bruna en þar segir: „*Bruni sem nær í gegnum öll lög húðarinnar er kallaður fullþykktarbruni eða 3. gráðu bruni.*“ Jafnvel þó skipting brunaáverka milli annars og þriðja stigs liggja ekki ljós fyrir, að öðru leyti en því að í vottorðinu kemur jafnframt fram að brunaáverkar hafi þakið 20-29% húðyfirborðs, verður því að telja nægilega sýnt fram á þriðja stigs bruna á 20% af húðyfirborði líkama M. Er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V2.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 52/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging endurskoðenda.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 8. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 6. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr starfsábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að hann hafi, í starfi sínu sem endurskoðandi, valdið M skaðabótaskyldu tjóni. Tjón M felist í fyrsta lagi í óþarfri skattlagningu sem sé afleiðing álags á skattstofna félagsins árin 2014 og 2015 vegna dráttar á framtalsskilum; í öðru lagi í dráttarvöxtum vegna vanskila á skatti sem komið hafi til vegna efnislega rangrar ráðgjafar X; og í þriðja lagi í fésekt Ársreikningaskrár vegna síðbúinna skila X á ársreikningi. Alls nemi krafa M kr. 2.183.405 kr., þar af sé skattur vegna álags á gjaldstofn ársins 2014 292.275 kr. og dráttarvextir vegna hans 1.372.456 kr.; skattur vegna álags á gjaldstofn ársins 2015 41.198 kr. og dráttarvextir vegna hans 237.475 kr.; og fésekt Ársreikningaskrár 240.000 kr.

Vegna þessa hafi M, hinn 16. júní 2021, krafist bóta frá V sem hafi hafnað kröfunni með bréfi dags. 9. febrúar 2022. Höfnun sína byggir V á eftirfarandi röksemdum sem M andmælir í málskoti:

Í fyrsta lagi því að engin gögn hafi verið lögð fram er sýni fram á að X hafi borið ábyrgð á því að framtölum var skilað of seint og álag lagt á gjaldstofna. Að sögn M er sú staðreynd að engum gögnum sé til að dreifa um þann þátt fyrst og fremst afleiðing rangrar ráðgjafar X. Þegar úrskurður vegna framtals ársins 2014 hafi verið kveðinn upp, hinn 14. apríl 2015, en með honum var fallist á að leggja innsend skattframtöl til grundvallar, en leggja 15% álag á gjaldstofna, hafi forsvarsmáður M verið búsettur erlendis og hafi hann ekki flutt aftur til landsins fyrr en á árinu seint á árinu 2017. X hafi ítrekað, og allt til ársins 2021, haldið því fram að um álagningu sem byggði á áætlunum væri að ræða, en ekki raunskuldir. Hafi M ekki tryggt sér sönnun um þessi samskipti, en raunar hafi X beinlínis gengist við því að dráttur á framtalsskilum hafi verið á hans ábyrgð.

Í öðru lagi beri V því við að með úrskurði Skattsins hinn 14. apríl 2015 vegna ársins 2014, og með úrskurði 27. september 2018 vegna framtals ársins 2015, en hann var efnislega sambærilegur hinum fyrri úrskurði, hafi verið ljóst hver hvor skuld um sig væri, og X geti ekki borið ábyrgð á dráttarvöxtum sem leggist á réttmæta álagningu skatta. Að sögn M er ástæða þess að dráttarvextir féllu á M sú að X hafi ítrekað fullyrt að ekki væri um raunverulega skattskuld að ræða heldur áætlunir, og hafi X raunar haldið því fram að M ætti inni hjá Skattinum.

Í þriðja lagi telji V óljóst hvort M hafi greitt áfallinn kostnað og vísar M til yfirlita úr heimabanka þess því til stuðnings að skuld þess við Skattinn hafi verið greidd.

Í fjórða lagi beri V því við að ekki sé ljóst hvort tjón vegna fésektar Ársreikningaskrár hafi raungerst, þar sem X hafi kært álagningu hennar til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir. Er þessu hafnað af hálfu M, félagið hafi þegar greitt sektina, og eitt ár og níu mánuðir séu frá því kæra hafi verið send ráðuneytinu en engar upplýsingar um afdrif hennar liggi fyrir. Röksemdir um að dráttur á skilum verði rakinn til skorts á gögnum eigi þá augljóslega ekki við þar sem um 0 framtal hafi verið að ræða. Auk þess gangist X, í samskiptum við ráðuneytið, við því að drátturinn sé á hans ábyrgð.

Í fimmta lagi byggir V á því að jafnvel þó X hefði sýnt af sér vanrækslu beri gögn málsins með sér að um töluvert tómlæti hafi verið að ræða af hálfu M. Þessu andmælir M með þeim rökum að X hafi ranglega fullyrt að ekki væri um skuld að ræða. Eigin sök M felist því einkum í því að hafa treyst X, og það leiði ekki til missis bótaréttar að treysta löggiltum sérfræðingi og ráðgjöf hans.

Í sjötta lagi haldi V því fram að X geti átt gagnkröfu á hendur M vegna vangoldinnar þóknunar vegna vinnu. Hvað þetta atriði varðar er tekið fram af hálfu M að kröfur vegna meintrar vinnu X til og með 8. febrúar 2019 séu fyrndar. Hann hafi hins vegar fengið greiddar 600.000 kr. vegna framtals 2019 sem hafi verið 0 framtal og megi því ætla að hann hafi fengið stórlega ofgreitt.

Þá byggir V á því að kröfur M kunni að vera fyrndar. Hvað það atriði varðar byggir M á því að fyrning hafi ekki hafist meðan röng ráðgjöf X var viðvarandi og kom í veg fyrir að forsvarsmenn M áttuðu sig á tilvist tjónsins og umfangi þess.

Á grundvelli framangreinds krefst M þess að úrskurðað sé um fullan bótarétt þess vegna alls framangreinds tjóns; til vara að úrskurðað sé um að M eigi rétt á bótum vegna hluta tjóns síns; og til þrautavara að úrskurðað sé um bótahlutfall á grundvelli sakarskiptingar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji sök X ósannaða. Þannig komi fram í umsögn X að dráttur á skilum verði rakinn til þess að hann hafi ekki haft aðgang að nauðsynlegum gögnum til að inna störf sín af hendi. M hafi ekki sýnt fram á að bókhaldsgögn og aðrar upplýsingar hafi verið send tímánlega til X og þá beri gögn málsins með sér að samskipti og upplýsingagjöf hafi verið takmörkuð. Sé því ósannað að X hafi haft nægar upplýsingar til að skila framtölum og ársreikningum á tilskildum tíma og sé því líklegur að tjón M verði rakið til eigin tómlætis. Hvað sem því líði sé þá einnig ljóst að hið meinta tjón M hafi raungerst þegar álag var lagt á gjaldstofna þess, og hafi forsvarsmenn M, sem séu lögmenn, mátt vita um réttaráhrif 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfurettinda nr. 150/2007 þegar umrædd álagning og fésekt lágu fyrir. Sé mögulegur bótaréttur því einnig fallinn niður fyrir fyrningu enda fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Hvað varði kröfu M vegna dráttarvaxta vegna réttmætrar álagningar beri M sjálft ábyrgð á þeim kostnaði, enda hafi M borið að takmarka tjón sitt, og greiða kröfurnar. Beri M því eitt ábyrgð á greiðsludrætti og þeim kostnaði sem verði rakinn til hans. Að endingu vísar V til þess að þau störf sem X innti af hendi í þágu M hafi fremur verið bókhalds- og ráðgjafarstörf fremur en eiginleg endurskoðendastörf. Hlutverk endurskoðenda sé, sbr. ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, sjálfstæð athugun á reikningsskilum, gerð af faglega hæfum og hlutlausum sérfræðingi, í þeim tilgangi að láta í ljós álit á þeim. Umrædd váttrygging taki til skaðabótaskyldu sem falli á váttryggðan sem löggiltan endurskoðanda, og geti því ekki tekið til starfa sem falli utan þeirrar skilgreiningar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að því sé hafnað að tafir á skilum framtala stafi af skorti á nauðsynlegum gögnum. Tjón M felist einkum í dráttarvöxtum á álagningu vegna síðbúinna skila á framtölum, en úrskurðir um álagninguna hafi verið kveðnir upp þegar forsvarsmenn þess voru búsettir erlendis og þeim því ekki kunnugt um þá. Eftir að annar þeirra flutti að nýju til landsins hafi hann ítrekað spurt X um yfirlit frá innheimtumanni ríkissjóðs sem hafi borið það með sér að opinber gjöld væru ógreidd og bæru dráttarvexti. Yfirlitin hafi ekki borið með sér uppruna krafanna og hafi því verið nærtækt að inna X eftir upplýsingum um hann. Síðar hafi komið í ljós að X hafi ekki skilað framtölum heldur sent beiðni um leiðréttingu á álagningu á grundvelli áætlana. Ástæða þess að dráttarvextir séu svo háir sem raun ber vitni sé sú að X hafi ítrekað haldið því fram gagnvart M að álagningar væru byggðar á áætlunum og engin raunskuld væri fyrir hendi. Liggi þá fyrir samskipti forsvarsmanna M og X frá árinu 2021 þar sem X staðhæfi að öllum áætlunum verði eytt og þær lagfærðar. Sé saknæm og efnislega röng ráðgjöf X því sönnuð. Hvað varði mögulega fyrningu er þá áréttað að rangfærslur X sem hafi staðið yfir til ársins 2021 séu raunveruleg orsök tjónsins. Fyrir það tímamark hafi M ekki haft nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt. Hvað varði sekt Ársreikningaskrár þá liggi fyrir bréf dags. 5. maí 2021 þar sem X viðurkenni að hann beri sök á álagningu hennar og hljóti fyrning að hafa verið rofin með því. Hvað varði þá hlutverkendurskoðenda og gildisvið váttryggingarinnar þá séu störf þeirra mun fjölbættari en V láti í veðri vaka og að sjálfsögðu felist það í þeim að veita ekki efnislega rangar og skaðlegar upplýsingar og ráðgjöf um reikningsskil.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að M hafi ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á að X hafi fengið nauðsynleg gögn frá M, svo honum væri fært að framkvæma ýmis bókhaldsstörf. Gögn málsins beri þvert á móti með sér að afskipti forsvarsmanna M af félaginu hafi um árabil verið lítil sem engin og bendi því gögn málsins til að tjón þess verði rakið til eigin tómlætis. Þrátt fyrir að ekki hafi mátt ráða af yfirliti innheimtumanns ríkissjóðs að um álagningu vegna úrskurða væri að ræða hafi forsvarsmenn M, sem séu lögmenn, þá mátt átta sig á því að kröfurnar bæru dráttarvexti enda hafi innheimta á sköttum og opinberum gjöldum ávallt í för með sé vaxtakostnað. Þá megi ætla að Skatturinn hafi sent allar

upplýsingar til félagsins, og hafi forsvarsmönnum þess borið að tryggja aðgengi að pósti. Hafi þeim því átt að vera kunnugt um kröfurnar, og hafi svo ekki verið sé um að ræða eigin tómlæti þeirra. Hvað fyrningu varði vísar V til fyrri umfjöllunar og áréttar þá afstöðu sína að meint viðvarandi röng ráðgjöf hafi engin áhrif á það hvenær tjónið raungerðist, það hafi einfaldlega raungerst þegar álagning, fésektir og vaxtakostnaður urðu til. Hvað hlutverk endurskoðenda varði er svo áréttað að þeir komi ekki að því að færa bókhald, skila skattaskýrslum og ársreikningum eða ráðleggja aðilum varðandi slík skil. Þvert á móti geti sami aðili ekki fært bókhald og endurskoðað ársreikninga. Meint sagnæm háttsemi X tengist því ekki störfum hans sem endurskoðanda og falli hið meinta tjón því utan gildissviðs váttryggingarinnar.

Álit.

Það er mat nefndarinnar að gildissvið starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda verði ekki túlkað svo þröngt að hún nái aðeins til þeirra starfa þeirra er varða sjálfstæða athugun á reikningsskilum, svo sem ráða má af málflytningi V að haldið sé fram. Verður þannig að gera ráð fyrir að auk fyrrgreindra nokkuð þröngt skilgreindra verkefna hafi endurskoðendur á grundvelli menntunar sinnar og reynslu sérþekkingu á t.a.m. reiknings- og skattskilum og að altíða sé að leitað sé til löggiltra endurskoðenda, eða endurskoðunarfyrtækja um slík verk. Verður þá ekki fallist á að viðkomandi váttryggingarskilmálar undanskilji slík ólögbundin verkefni endurskoðenda með skýrum hætti. Verður því litið svo á að váttryggingin sem slík nái til þeirra atvika sem hér um ræðir.

Samkvæmt því sem rakið er hér að framan er krafa M í raun í þremur liðum, þ.e. í fyrsta lagi vegna tjóns vegna álags vegna seinbúinna framtalsskila, í öðru lagi tjóns vegna dráttarvaxta þeirra krafna, og í þriðja lagi tjóns vegna sektar ársreikningaskrár vegna seinbúinna skila.

Hvað varðar fyrsta og annan liðinn þá er um að ræða 15% álag á gjaldstofna, sem lagt var á vegna skila á skattframtölum vegna gjaldáranna 2014 og 2015 eftir að tilskilinn frestur var liðinn, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og dráttarvexti vegna þess. Er til þess að líta að fyrirbyggjandi eru tilkynningar Ríkisskattstjóra um umrætt álag dags. annars vegar 14. apríl 2015 og hins vegar 27. september 2018. Eru umræddar tilkynningar stílaðar á M að skrifstofu þess í Reykjavík og bera því með sér að M hafi fengið þær sendar. M ber því við að forsvarsmenn þess hafi verið búsettir erlendis og því ekki verið kunnugt um umræddar tilkynningar. Verður ekki byggt á þeim röksemdum og því miðað við að M hafi mátt vera kunnugt um álagningu umrædds álags, annars vegar hinn 14. apríl 2015 og hins vegar hinn 27. september 2018. Nú liggur ekki að fullu fyrir hvað olli hinum seinbúnu skilum, hvort þar var um að ræða háttsemi X, eða það að nauðsynleg gögn höfðu ekki borist honum af hálfu M, svo sem borið er við í málinu. Hins vegar verður að miða við að fyrningarfrestur, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, hafi verið liðinn þegar M rauf fyrningu með málskoti til nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. sömu laga, hinn 8. febrúar 2023. Hvað varðar dráttarvexti vegna umrædds álags verður þá jafnframt að líta svo á að forsvarsmönnum M, sem er lögmannsstofa, hafi mátt vera ljóst að umrædd krafa bæri dráttarvexti og að þeim hafi því verið mögulegt að takmarka tjón sitt hvað þetta varðar með tímanlegri greiðslu. Er það því mat nefndarinnar að það tjón sem af hálfu M er rakið til greiðslu dráttarvaxta verði rakið til tómlætis af hálfu forsvarsmanna þess sjálfs.

Hvað þriðja liðinn varðar er til þess að líta að meðal gagna málsins er kæra X, dags. 5. maí 2021, til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem þess er krafist að umrædd sekt verði með öllu felld niður eða lækkuð allverulega. Þá kemur fram í umræddri kæru að orsök seinna skila á ársreikningi hafi verið mikið álag á skrifstofu X sem hafi valdið því að ekki hafi tekist að ljúka öllum verkefnum fyrir lokaskil. Ekki liggur fyrir hver afdrif þessarar kæru hafa orðið og er engum frekari gögnum um það til að dreifa. Hefur því ekki verið sýnt fram á endanlegt tjón vegna þessa liðar kröfu M og verður honum því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda X hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 53/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sem var starfsmaður sveitarfélagsins X féll fyrir utan vinnustað sinn þann 18. september 2020. Átti M leið um dyr á norðurhlið skólabyggingar þar sem hún starfaði á leið sinni úr vinnu. Fyrir utan dyrnar voru framkvæmdir þar sem verið var að helluleggja og rann hún í fínum pússningasandi og mól með þeim afleiðingum að hún féll harkalega fram fyrir sig á gangstéttina og hlaut áverka á hægri hendi. Með bréfi dags. 12. júlí 2022 gerði M kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 5. október 2022. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu þar sem X beri ríkar skyldur til þess að tryggja að vinnustaður sé öruggur og aðstæður séu ekki þannig að vinnustaðir geti verið hættulegir starfsfólki sbr. m.a. ákvæði laga nr. 46/1980 og reglur 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þar sem um sé að ræða grunnskólabyggingu verði að telja að enn ríkari kröfur hafi hvílt á X að tryggja öryggi vegfarenda. Frágangur á sandi hafi verið með þeim hætti að hann skapaði augljósa slysaáttu fyrir þá sem þar gengu um. Ljóst er að finn sandur og mól skapa afar óstöðugt undirlag fyrir gangandi fólk, og skapi verulega hættu á að fólk geti skrikað fótur. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar á svæðinu til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra vegfarenda. Þá hafi engar merkingar eða annað verið á svæðinu sem varaði vegfarendur við framkvæmdunum eða bentu fólki á að notast ekki við umræddan útgang.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekkert bendi til þess að X geti borið skaðabótaábyrgð á slysi M, þar sem hvorki X né starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmeta háttsemi sem hafi leitt til slyssins. Um óhappatilvik hafi verið að ræða sem helst megi rekja til óaðgæslu M sjálfur. Tímabundnar framkvæmdir áttu sér stað á því svæði sem um ræðir, áður en slysið átti sér stað. Framkvæmdum við hellulögn var lokið og voru aðstæður á slysdegi með þeim hætti að pússningasandi hafði verið dreift yfir hellulögnina, en það er venjulegt verklag við hellulögn. Engin þörf hafi verið á því að merkja svæðið sérstaklega, þar sem ekki stafaði hættu af svæðinu. Að mati V ætti dreifing á sandi við þessar aðstæður ekki að leiða til þess að hálfu myndast á stéttinni, þvert á móti er dreifing á sandi almennt til þess fallin að koma í veg fyrir hálfu. Að mati V mátti hverjum sem gekk um svæðið vera ljóst hvernig aðstæður voru og að sandur væri til staðar á hellunum, enda er sandurinn mjög sýnilegur við þessar aðstæður.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að framkvæmdirnar voru yfirstandandi þegar slysið átti sér stað og voru til staðar sérstakar aðstæður sem almennt má ekki búast við. Hefið því þurft að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja öryggi starfsmanna á meðan framkvæmdunum stóð. Ljóst sé að mjög finn sandur á stétt geti dregið úr gripi og valdið mikilli hættu á að gangandi vegfarendur renni til og verði fyrir tjóni. Óumdeilt sé að M rann til vegna sandsins og er því ljóst að hann skapaði raunverulega slysaáttu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Engar myndir liggja fyrir frá aðstæðum á vettvangi né gögn sem styðja það að pússningarsandur sá sem lá á hellunum hafi verið sérstaklega hættulegur þannig að telja verði að aðstæður á vettvangi hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana til að vara við aðstæðum eða loka gönguleiðinni. Þá liggur ekki fyrir hvort fleiri hafi slasast á sama stað. Verður þannig ekki talið að M hafi sýnt fram á að aðstæður á vettvangi hafi verið í andstöðu við lög nr. 46/1980 eða reglur sem settar hafa verið út frá þeim. Er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 4. apríl 2023.
Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 54/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptöku.
2. Bréf V, dags. 6. mars. 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M féll í bleytu á gólfi verslunar X og hlaut líkamstjón hinn 7. júlí 2022. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla og myndbandsupptaka af slysinu. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem X hafi ekki gætt að skyldum sínum til að tryggja öryggi M og eigi því sök á slysinu á grundvelli sakarreglunnar og reglum um húsbóndaábyrgð. Telur M að myndbandið sýni glögg að mikil bleyta hafi verið á gólfinu, miklu meiri en hefði þurft að vera ef starfsmenn X hefðu gefið sér tíma til að moppa gólfin. Það var ekki fyrr en eftir slysið að gripið var til viðeigandi ráðstafana. Þá var viðvörðunarskilti sett upp og gólfin þurrkuð. Gáleysi starfsmanna X leiddi til þess að M steig í bleytupoll og slasaðist. Hefði X getað haft betri mottur í versluninni og starfsmenn hefðu átt að þurrka upp augljósa bleytu og vera með varúðarskilti um hálkuna. Vísar M til dóma Hæstaréttar þar sem m.a. er fjallað um viðtæka ábyrgð fasteignareigenda.

V hefur hafnað bótaskyldu og hafnar því sem röngu og ósönnuðu að greinilegt sé að bleyta hafi verið lengi á gólfinu og að nægt ráðrúm hafi verið til að þurrka hana upp. Þá mótmælir V því að M hafi stigið í bleytupoll. Af myndbandinu megi sjá blaut fótspor eftir viðskiptavini en ekki er að sjá neina bleytupolla. Þá megi sjá í myndbandinu fjölda fólks ganga og jafnvel hlaupa inn um innganginn án vandkvæða bæði fyrir og eftir að M rennur til og ekki sé að sjá að hegðun annarra viðskiptavina hafi verið þannig að hún hafi gefið starfsmönnum tilefni til að bregðast við mögulegri bleytu. Fyrir utan og innan inngang verslunarinnar séu tvær mottur til þess að varna því að bleyta berist inn með viðskiptavinum og þeim gefið færi á að þurrka bleytu af skóbúnaði áður en lengra er gengið inn.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum. Í þessu máli er ljóst af gögnum að M hlaut líkamstjón þegar hún féll í bleytu á gólfi verslunar X þann 7. júlí 2022. Af myndbandsupptöku af slysinu sést að mikill erill í verslun X á þeim tíma sem slysið átti sér stað, blautt var úti og barst bleyta inn í verslunina með skóbúnaði viðskiptavina sem gengu inn í verslunina. Að mati nefndarinnar verður að telja óhjákvæmilegt, þegar veðurfar er með þessum hætti, að bleyta berist inn með skófatnaði viðskiptavina og að sú bleyta sé í ljósi aðstæðna augljós öllum sem ganga inn í verslunina. Á upptökunni sést einnig að fjöldi einstaklinga gengur inn og út úr versluninni á sama stað og M án vandræða. Verður því að mati nefndarinnar ekki talið að bleytan á gólfinu hafi verið slík að hún skapaði augljósa slysa-hættu eða verið með þeim hætti að starfsmennirnir hefðu átt að vera búnir að gera sérstakar ráðstafanir fyrr. Er því að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 55/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. mars 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. mars 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið á Reykjanesbraut þann 29. maí 2021. Bifreiðinni A var ekið aftan á bifreiðina B sem M var farþegi í með þeim afleiðingum að M fékk slæman hnykk á líkama sinn. M tilkynnti líkamstjón sitt til V með bréfi dags. 3. desember 2021. Með tölvupósti dags. 27. apríl 2022 sendi V hraða- og höggkraftsútreikning til M og upplýsti að það myndi hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Samþykkti V að skoða það að greiða kostnað vegna tímabundinna afleiðinga sem félli til á fyrstu þremur mánuðum eftir slysið þar sem gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu.

M telur að fyrirbyggjandi gögn sýni það að M varð fyrir áverkum í umferðarslysinu sem hún glímir enn við í dag, bæði líkamlega og andlega. Byggir M á því að frásögn hennar hafi verið skýr allt frá upphafi um slysið og læknisfræðileg gögn sanni þá áverka sem hún hlaut í slysinu. Mótmælir M hraðaútreikningi sem V aflaði sem röngum og vísar til þess að þeir taki ekki tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna M né sé þar horft til heilsufarsgagna að neinu leyti. Gangi það þvert gegn dómaframkvæmd þar sem heilsufarsgögnum er almennt ljáð þyngri vigt en hraðaútreikningar. M hafði nýlega lokið við sína fimmtu meðgöngu og var því í sérstaklega viðkvæmri stöðu á tjónsstundu og útsettari fyrir stoðkerfistjóni heldur en til dæmis fullhraustur, ungur karlmaður. Í málskoti og í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til dóma máli sínu til stuðnings og árettar að takmarkað sönnunargildi PC-crash skýrslu.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A með vísan til þess að ósannað væri að orsakatengsl væru til staðar milli slyssins og meintra líkamsáverka M. Gögnin sýni fram á að um lágorku árekstur hafi verið að ræða, sbr. fyrirbyggjandi PC-crash skýrslu. M hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum og er það mat V að skýrslunni var þar af leiðandi ekki aflað einhliða eins og M fullyrðir. V bendir á að samkvæmt almennum reglum vátryggingaréttar, sem staðfestar hafi verið í dómaframkvæmd, hvíli sönnunarbyrðin á tjónþola fyrir því að sanna raunverulegt tjón sitt og nær sú sönnunarbyrði til allra skilyrða þess bótagrundvallar sem hann byggir kröfu sína á. M hafi ekki lagt fram matsgerð hæfra, óvilhallra aðila um orsakatengsl milli líkamlegra einkenna málskotsaðila og árekstursins eða önnur gögn sem sýni fram á orsakatengsl. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og nokkurra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 29. maí 2021. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 8. apríl 2022 sem V aflaði má ráða að áreksturinn hafi verið vægur. Líta verður þó heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði tveimur dögum eftir áreksturinn á læknavaktina Háaleitisbraut og kvartaði undan verkjum í brjóstthrygg með leiðni upp háls og höfuð. Leitaði M svo þann 5. ágúst 2021 á bráðamóttöku LSH í Fossvogi og kvartaði undan bakverk síðast liðna þrjá daga með leiðni niður báða fætur í lærin. Eftir það er hún í reglulegum samskiptum við heimilislækni þar sem hún kvartar undan verkjum í baki og greinist með brjóskslos þann 9. september 2022. Af sjúkrasögu M verður ráðið að M var með sögu um bakverki og var hún sérstaklega slæm á tengt meðgöngu fimmta barns. Hafði hún leitað til heimilislæknis í nóvember 2020 vegna verkja í baki

og var þá ráðlagt veikindaleyfi frá vinnu. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 29. maí 2021. Að minnsta kosti að fyrri einkenni M frá baki hafi aukist við áreksturinn. Hafa einkenni M verið viðvarandi þrátt fyrir að hún hafi bæði sótt sjúkrahjálfun og fengið ávísuð verkjalyf. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-Crash skýrslu sem V byggir mál sitt á, verða ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo geti verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 56/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Váttryggingafélag málskotsaðila (V2)****Sönnun tjóns.****Gögn.**

1. Málskot dags. 24. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 6. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 21. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að starfsmaður X var við vinnu sína á sláttuvél þegar sláttuvélinni var ekið á bifreið M. Ekki er ágreiningur um tjónatvikið sjálft heldur hvaða tjón á bifreið B megi rekja til atviksins. Nánar tiltekið hefur verið viðurkennt af hálfu V1 að tjón á hurðum bifreiðarinnar sé hægt að rekja til tjónsatviksins en ekki tjón á síls hennar. Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla Aðstoðar&Öryggis vegna tjónsins og þar segir skýrsluritari m.a. að hann geti ekki séð neitt annað á sláttuvélinni sem hefði getað framkvæmt tjón á síls bifreiðar M og rekur hvernig það hefur mögulega orðið miðað við framburð starfsmanns X, hæð ákoma og aðstæður á vettvangi.

M telur að tjón á síls sé hægt að rekja til tjónsatviksins þegar starfsmaður X ók á bifreið hennar og vísar til gagna málsins.

V2 telur að leggja eigi skýrslu Aðstoðar&Öryggis til grundvallar við sönnun á tjóni og telur auk þess að ákomur á hurðum og síls séu keimlíkar og því megi leiða að því líkur að þær séu eftir sama tjónsatburðinn.

V1 hefur hafnað því að greiða bætur vegna tjóns á síls bifreiðar M þar sem ákoma á sílsnum sé þráðbein og ekki með sama hætti og ákomur á hurðum þar sem rispa liggja upp á við og sé bylgjót, enda hafi verið slegið í ójöfnu undirlagi. V telur rannsóknarskýrslu Aðstoðar&Öryggis ekki sýna með óyggjandi hætti að tjón á síls sé vegna sláttuvélar X og dregur í efa lýsingu skýrsluritara um að sláttublaðahlíf sláttuvélarinnar hafi fyrst verið ekið utan í bifreið M og þannig hafi tjónið á síls komið til.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að enginn ágreiningur er um að starfsmaður X ók sláttuvél á kyrrstæða bifreið M þar sem hún stóð við grasbala sem hann var að slá. Tilkynnt var strax um tjónið og aflað gagna um hvort það mætti rekja til umrædds tjónstilviks. Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis er rakið hvernig skýrsluhöfundur mat aðstæður á vettvangi, sláttuvélina og bifreið M m.t.t. aðstæðna og mat hans á því að vel komi til greina að sláttuvélin hafi valdið öllu tjóni á bifreið M, líka á síls hennar. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt af hálfu V og verður V að bera hallann af því. Tjón á síls á bifreið M telst því greiðsluskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 vegna tjóns á síls bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 57/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot dags. 12. febrúar 2023.
2. Bréf V dags. 16. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. febrúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. febrúar 2023.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. mars 2023.

Málsatvik.

Hinn 13. janúar 2023 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B á Foldahrauni við gatnamót Foldahrauns og Áshamars í Vestmannaeyjum. Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en hafa hvor um sig sent athugasemdir til V, sem var á tjónsdegi váttryggjandi beggja bifreiða.

M lýsir atvikum svo að hann hafi verið að taka sveig frá Áshamri inn á Foldahraun og biðskylda hafi verið á B frá Foldahrauni. Ökumaður hennar hafi hins vegar annað hvort runnið eða ekið á A. Í málskoti byggir gerir M kröfu um að úrskurðað sé að ökumaður B eigi alla sök á árekstrinum, eða til vara að sök verði skipt jafnt milli aðila. Hann gerir þá athugasemdir við að síðar til komnar lýsingar og teikningar stafi frá eiginmanni ökumanns B en ekki henni sjálfri. Atvikum lýsir hann nánar svo að A hafi verið komin fram fyrir biðskyldumerkið og vitlaust staðsett á veginum, A hafi hins vegar verið staðsett eins langt til hægri og mögulegt var til að klára beygjuna. Hálka og skaflar hafi verið í báðum vegköntum og aðstæður erfiðar, en þegar A hafi verið að ljúka beygjuni hafi hann séð B koma beint á móti sér og hafi hún ekki náð að víkja frá. Beri þá ákomur á bifreiðarnar með sér að B hafi ekið á A, en hugsanlegt sé að hún hafi ekki getað virt biðskyldu vegna hálku á veginum.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir en meðfylgjandi bréfi þess eru athugasemdir sem settar eru fram af hálfu B. Þar kemur fram að B hafi ekið niður Foldahraun þegar A hafi beygt inn á götuna, og skorið akreinina sem B var á. A hafi því tekið beygjuna með röngum hætti og ekið í veg fyrir B. Beri A því fulla sök á umræddum árekstri.

Álit.

Aðilar eru ekki sammála um atvik í aðdraganda umrædds áreksturs. Þá liggja engin samtímagögn fyrir nefndinni, s.s. sameiginleg tjónstilkynning eða ljósmyndir af afstöðu bifreiðanna, er varpað geti frekara ljósi á málið. Aðilar eru þó sammála um að í aðdraganda áreksturs hafi A beygt inn á Foldahraun frá Áshamri, og að B hafi verið staðsett á Foldhamri þaðan sem umferð um Áshamar nýtur forgangs á grundvelli biðskyldu. Þá ber þeim saman um að aðstæður til aksturs hafi verið erfiðar. Aðilum ber hins vegar ekki saman um hvort A, sem hafi þá ekki gætt nægilega að áskilnaði 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um aðgæslu við beygju og staðsetningu ökutækis við vinstri brún, hafi verið ekið á B eða hvort B hafi farið yfir á rangan vegarhelming og jafnvel vanrækt fyrirmæli um biðskyldu, og á A. Ljóst er að aðstæður voru erfiðar og báðum ökumönnum bar að gæta að áskilnaði 22. gr. umferðarlaga um mætingu ökutækja, en hvorugur þeirra hefur lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings fullyrðingum sínum. Þar sem ekki er sýnt fram á afstöðu A og B í aðdraganda áreksturs verður samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, sök skipt að jöfnu.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 58/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Almenn slysatrygging

Túlkun váttryggingarsamnings. Óvinnufærni

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. mars 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M. dags. 17. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að keppa með A-landsliði Íslands í handbolta þann 18. mars 2021 þegar M sleit krossband. M hafi verið metinn í matsgerð, dags. 3. nóvember 2022, til 100% óvinnufærni til að spila handbolta í 11 mánuði. M hafi gert kröfu um bætur vegna tímabundins missis starfsorku samkvæmt skilmála almennrar slysatryggingar hjá V en bótaskyldu hafi verið hafnað á þeim grundvelli að V taldi ósannað að M hefði orðið fyrir tekjumissi vegna slyssins. Taldi V að þó M hefði verið metinn óvinnufær til handboltaiðkunar sýni ráðningarsamningur sá sem var í gildi ekki fram á nokkurt tekjutap hafi orðið þó M hafi orðið óvinnufær til handboltaiðkunar. M byggir á því að um sé að ræða almenna slysatryggingu sem eigi að ná yfir það tjón sem landsliðsmaður í handbolta verður fyrir í verkefnum með landsliði. Annars vegar sé um að ræða örorkutryggingu vegna slyss og hins vegar dagpeningatryggingu vegna slyss. Þar sem slyss M hafi haft þau áhrif að M gat hvorki æft né spilað handbolta í 11 mánuði telji M sig eiga rétt á dagpeningum úr tryggingunni. Við mat á því hvernig túlka eigi orðið starfsorku í þessu samhengi verði að líta til þess að um sé að ræða hugtak sé sett fram í stöðluðum váttryggingarskilmálum sem V semji einhliða. Í sömu skilmálum séu einnig ákvæði um bætur vegna varanlegs líkamstjóns. Þegar þessi ákvæði séu lesin saman verði að telja að við mat á starfsorku verði að leggja til grundvallar læknisfræðilegt mat. Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem styðji að M gat hvorki æft né spilað handbolta í 11 mánuði. Máli sínu til stuðnings vísar M til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 201/2020. M hafnar því alfarið að dagpeningar samkvæmt slysatryggingunni greiðist eingöngu ef tjónþolar séu óvinnufærir til að sinna tekjugæfu starfi. M hafi slasast í verkefni með A landsliði í handbolta og í kjölfarið hafi M misst af næstu verkefnum landsliðsins.

Í athugasemdum V kemur fram að um trygginguna gildi skilmálar félagsins þar sem í 3. gr. sé fjallað um tímabundinn missi starfsorku vegna slyss og þar segi um bætur vegna tímabundins missi starfsorku „3.1. Valdi slyss váttryggðum tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slyssdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slyssdegi.“ Í ákvæði 3.3. segi svo „Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna, sem fyrir liggja.“ Orðið starfsorka sé skilgreint með eftirfarandi hætti í lögfræðiorðasafni; líkamleg (og andleg) geta til að sinna tekjugæfu starfi. Í málskoti er því haldið fram að M hafi orðið af verkefnum og hlotið tekjumissi vegna slyssins en engin gögn liggja fyrir því til stuðnings. V hafi ítrekað óskað eftir gögnum sem sýna að hin tímabundna óvinnufærni til handboltaiðkunar hafi haft áhrif á tekjuhæfni M án árangurs. Óvinnufærni sé staðfest í matsgerð en hins vegar telji V nauðsynlegt að fyrir liggja upplýsingar um það hvort M hafi haft tekjur af handboltaiðkun og þá sannarlega orðið af verkefnum og tekjum vegna slyssins. Á meðan engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýni fram á framangreint telji V greiðsluskyldu ekki vera fyrir hendi. Loks vísar V í ákvæði 10. gr. skilmála almennrar slysatryggingar hjá V þar sem segir að reglulegar dagpeningagreiðslur geti ekki orðið hærri en 80% af heildarlaunum váttryggðs.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M eigi rétt til dagpeningagreiðslna úr almennri slysatryggingu HSÍ hjá V vegna tímabundinnar óvinnufærni til handboltaiðkunar. Í stöðluðum váttryggingarskilmálum almennrar slysatryggingar hjá V kemur orðið starfsorkumissir fram og í þessu máli reynir á orðskýringu þess orðs. Í fyrrgreindum váttryggingarskilmálum er orðið starfsorkumissir hins vegar ekki skilgreint.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er ljóst að V stóð sameiginlega með M að beiðni um mat á afleiðingum slyss M og bað þar m.a. um mat á tímabili tímabundinnar óvinnufærni M. Í eins lækna matsgerð, dags. 3. nóvember 2022, er það mat læknisins að um 11 mánaða tímabil hafi verið að ræða hjá M vegna tímabundinnar óvinnufærni til þess að spila handbolta. Þegar ágreiningur er um hvernig túlka eigi orð/hugtak s.s. orðið „starfsorkumissir“ í stöðluðum og einhliða sömdum vátryggingarskilmálum verður að túlka slíkan samning neytanda í hag, þ.e. hallann af óskýru orðalagi hvað þetta varðar ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglu samningaréttarins. Mati á tímabili tímabundinnar óvinnufærni í fyrirbyggjandi matsgerð hefur ekki verið hnekkkt og verður því að leggja til grundvallar að það tímabil samsvari starfsorkumissi í skilningi vátryggingarskilmála almennrar slysatryggingar hjá V. M á því rétt á dagpeningagreiðslum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á dagpeningum vegna tímabundins starfsorkumissis úr almennri slysatryggingu hjá V vegna slyss 18. mars 2021.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 59/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 18. apríl 2023
3. Tölvupóstur lögmans M, dags. 24. apríl 2023.
4. Tölvupóstur M dags. 21. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. janúar 2023 M verið akstur á bifreið sinni á Hvalfjarðarvegi þar sem óþekkt bifreið ók framúr á veginum þannig að laus olúmöl dreifðist yfir bifreið M þannig að hún skemmdist.

M telur að tjón á bifreiðinni falli undir gildissvið kaskótryggingar sinnar hjá V. M telur að V túlki váttryggingarskilmála þröngt. M hafi keypti keypt váttrygginguna í þeim tilgangi að fá bætt það fjártjón sem hann gæti orðið fyrir og vísar til þess að meginatriði og hugsunin á bak við váttryggingar sé sú. Þannig telur M að V geti ekki firrt sig ábyrgð á tjóni sem varð á bifreið M og skýlt sér bak við að háskalegur framúrakstur sem framkallar grjótkast sem veldur skemmdum á bifreið sé ekki skilgreindur í skilmálum félagsins. M vísar til þess að í váttryggingarskilmálum sé tjón sem verði með þessum hætti ekki undanskilin sérstaklega og því sé vafi um túlkun þeirra sem verði að túlka M í hag sbr. meginreglur laga um neytendavernd og neytendakaup. Einnig vísar M til úrskurðar í máli nefndarinnar nr. 97/2021 þar sem það mál sé líkt kringumstæðum í þessu máli og hafi því ótvírætt fordæmisgildi í málinu.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að váttryggingaratburður sem leiddi til tjóns M sé ekki einn af þeim sem kaskótrygging V nær til skv. gr. 4.1, auk 5.-10. gr., váttryggingarskilmála þeirrar váttryggingar. Jafnframt segi í gr. 6.1 að tjón af völdum þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón á bifreið M sem varð með þeim hætti að laus olúmöl dreifist yfir bifreiðina vegna framúraksturs óþekktar bifreiðar bætist úr kaskótryggingu bifreiðar M hjá V. Í váttryggingarsamningi M og V er vísað til váttryggingarskilmála og til þess að tjón sem það sem M varð fyrir falli undir gildissvið váttryggingarinnar þarf váttryggingaratburður að vera í samræmi við þá áhættu sem váttryggð er skv. váttryggingarskilmálum. Sönnunarbyrði hvílir á M um að tjón falli undir gildissvið váttryggingarinnar skv. almennum sönnunarreglum.

Í gildandi skilmálum eru tjónsorsakir sem váttryggingin nær til tilgreindar í 4. - 10. gr. skilmálanna og takmörkun á gildissviði í 12. gr. Síðan er fjallað um skemmdir sem bætast og einstaka hluti sem ekki bætast í 13. gr. Af þeim skilmálum verður ekki ráðið að orðalag þeirra sé óskýrt eða beri að túlka þannig að grjótkast geti talist til einhverra þeirra tjónsorsaka sem tilgreindar eru í 4.-10. gr. fyrrnefndra skilmála. M hefur því ekki sýnt fram á að tjón á bifreið falli undir gildissvið kaskótryggingar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 60/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Starfsörorkutrygging.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggs.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 f.h. V2 dags. 24. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. apríl 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V1 f.h. V2 dags. 26. apríl 20223.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 22. október 2019 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hún féll af hestbaki. Bótaskylda úr starfsörorkutryggingu hennar hjá V2 hafi í upphafi verið metin út frá tjónstilkynningu og hafi M fengið greidda dagpeninga. Til undirbúnings bótakröfu úr örorkuhluta váttryggingarinnar hafi lokavottorð ásamt beiðni um að mat á afleiðingum færi fram verið sent til félagsins. Hinn 7. apríl 2022 hafi borist höfnunarbref frá V1. Þar komi fram að V1 hafi, í samráði við váttryggjanda, V2, yfirfarið tjónstilkynningu M og fyrirliggjandi gögn. Hafi þá komið í ljós verulegt ósamræmi milli upplýsinga í sjúkraskrá og þeirra upplýsinga sem M hafi veitt þegar hún sótti um váttrygginguna. Þannig hafi M svarað því neitandi að hún hefði einhvern tímann þjáðst af þunglyndi, kvíða eða öðrum andlegum sjúkdómum, en sjúkragögn beri með sér að M hafi um árabíl þjáðst af þunglyndi og kvíða og m.a. verið á örorku vegna þess. Þá hafi hún um margra ára skeið þjáðst af sáraristilbólgu. Ljóst sé að hefði M gefið réttar upplýsingar við töku váttryggingarinnar hefði hún ekki verið veitt með þeim hætti sem gert var. Leiði þessi ófullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu M til þess að V2 hafni bótakröfu hennar.

M mótmælir í málskoti þessari afstöðu og tekur í málskoti fram að ekki sé um tengd atvik að ræða. Þannig komi fram í lokavottorði heimilislæknis dags. 9. desember 2021, að M hafi ekki haft neina sögu um stoðkerfisvanda eða höfuðhöggseinkenni fyrir umrætt atvik. Fall af hestbaki tengist ekki þeim atvikum sem V1 vísi til í sjúkraskrá M. Upplýsingar sem skipti ekki máli varðandi það að váttryggingaratburður varð eigi þá ekki að skipta máli fyrir ábyrgð félagsins. Eigi vanræksla á upplýsingaskyldu því ekki að hafa áhrif á bótarétt hennar.

Í bréfi sem sent er af hálfu V1 f.h. V2 kemur fram að ljóst sé að hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við umsókn hefði M ekki staðist áhættumat og umrædd váttrygging ekki verið veitt. Af lestri sjúkragagna megi þá ráða að þau heilsufarslegu vandamál sem M glími nú við tengist aðallega andlegum einkennum sem M hafi glímt við um langt skeið. Tæpu ári fyrir töku váttryggingarinnar hafi M fengið tilvísun til geðlæknis en þá hafi hún átt langa sögu um kvíða og þunglyndi og verið á lyfjum vegna þess. Þrátt fyrir það hafi hún vanrækt að geta þessara atriða við umsókn um váttrygginguna. Verði þá að líta til þess að aðalvandamál M nú tengist svefntruflunum og andlegri vanlíðan og séu því bein tengsl milli heilsufars M nú og þeirra atriða sem hún hafi vanrækt að upplýsa um. Vanræksla M að þessu leyti hljóti þá að teljast sviksamleg í skilningi 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr 30/2004. Verði ekki fallist á það hljóti vanræksla hennar í öllu falli að vera talin ekki óveruleg, sbr. 2. mgr. 83. gr. Verði ekki fallist á þau sjónarmið hljóti andlegir kvillar M í öllu falli að vera undanþegnir. Beri því að hafna öllum kröfum M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að eftir slysið hafi M verið greind með rifbrot á hægri síðu, mar á hægri mjöðm og heilahristingseinkenni vegna höfuðhöggs. Í kjölfarið hafi hún haft höfuðverk, svima og sjóntruflanir. Íframhaldinu hafi hún fundið fyrir auknum þunglyndiseinkennum. Engin tengsl séu milli slyssins og þunglyndis sem M þjáðist af fyrir slysið. Hafi því enginn undirliggjandi sjúkdómur orsakað tjón M, hún hafi ekki þjáðst af höfuðhöggseinkennum eða stoðkerfisvanda fyrir slysið og skipti upplýsingagjöf varðandi þunglyndi því engu máli varðandi bótaábyrgð.

Í viðbótarathugasemdum V1 f.h. V2 er vísað til fyrri athugasemda og áréttað að afleiðingar slyssins varði atriði sem M hafi vanrækt að upplýsa um við töku váttryggingarinnar.

Álit.

Umsókn M um umrædda váttryggingu, dags. 29. janúar 2019, er meðal gagna fyrir nefndinni. Má þar sjá að M svarar spurningu um hvort hún hafi einhvern tímann þjádast af „Þunglyndi, kvíða eða öðrum andlegum sjúkdómum, svima og yfirliði, minnisleysi, köst einhverskonar lömum“ neitandi. Spurningunni „Tekur þú einhver lyf eða hafa þér verið ávísuð lyf“ er einnig svarað neitandi.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði dags. 19. desember 2021, kemur fram að í apríl 2018 fékk M tilvísun til geðlæknis. Í henni kemur fram að M eigi langa sögu um kvíða og þunglyndi og hafi á tímabili verið á örorku vegna þess og þá má ráða að M hafi um árabil tekið lyf vegna þessa.

Verður að telja að með því að svara framangreindri spurningu neitandi hafi M vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga. Það er hins vegar mat nefndarinnar að, að ekki sé sýnt fram á af hálfu V að um sviksamlega vanrækslu, sbr. 1. mgr. 83. gr., hafi verið að ræða. Við mat á því hvort og þá að hve miklu leyti heimilt er að fella ábyrgð félagsins niður á grundvelli þessarar vanrækslu M skal þá, sbr. 3. mgr. 83. gr., líta til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

Hvað mat á sök M varðar verður að líta til þess að ekki verður annað greint af fyrirbyggjandi gögnum en að hún hafi um langt skeið þjádast af þunglyndi og kvíða og að meðferðarúrræði og lyfjagjöf hafi verið til sérstakrar skoðunar níu mánuðum fyrir töku umræddrar váttryggingar. Þó ekki sé sýnt fram á sviksamlega vanrækslu verður því að telja sök hennar umtalsverða og að neitun hennar um að hafa einhvern tímann þjádast af þunglyndi eða kvíða hafi verið sett fram gegn betri vitund.

Verður þá að ætla að framangreind vanræksla M á að fullnægja upplýsingaskyldu sinni með réttum hætti hafi haft áhrif á mat V2 á áhættu sinni, þó ekki liggja fyrir skriflegar verklagsreglur um áhættumat eða annað er sýni fram á hvaða áhrif réttar upplýsingar hefðu haft á skilmála, iðgjöld, eða sölu váttryggingarinnar yfirhöfuð.

Fallast verður á það með M að tjónsatvikið sem slíkt sé ótengt fyrri einkennum og heilsufari hennar. Hins vegar virðist, af því sem kemur fram í áður nefndu læknisvottorði, en matsgerð um afleiðingar slyssins liggur enn ekki fyrir, að einkenni þau sem M býr við í kjölfar slyssins séu að miklu leyti tengd fyrra heilsufari. Er því ekki hægt, á grundvelli þeirra gagna sem eru fyrirbyggjandi, að líta svo á að einkenni þau sem M býr við í dag, þ.e. það tjón sem hún rekur til umrædds slyss, séu ótengd fyrra heilsufari hennar sem ekki var réttilega upplýst um. Eru atvik þessa máls að því leyti ólík þeim sem voru til grundvallar dómi Landsréttar í máli 24/2020 sem M vísar til sem fordæmis.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat nefndarinnar að V2 sé ekki heimilt að fella ábyrgð sína niður að fullu, en eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykir rétt, á grundvelli mats samkvæmt 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga, að takmarka ábyrgð V2 um tvo þriðju hluta.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr starfsörorkutryggingu sinni, hjá V2 en heimilt er að skerða bætur til hennar um tvo þriðju hluta.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 61/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Gildissvið laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 17. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. mars 2023.
3. Athugasemdir lögmanns M með bréfi, dags. 14. mars 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V með bréfi, dags. 23. mars 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið ökumaður bifhjólans A hinn 11. september 2022 og verið við störf sín sem lögreglumaður þegar hann ók bifhjólinu upp að einstaklingi sem var verið að veita eftirför í þeim tilgangi að stöðva hann. M lýsir atvikum þannig í málskoti að hann hafi stöðvað bifhjólið A skyndilega, sett fætur á jörðina til að ná fótfestu og teygt sig eftir einstaklingnum. M kveðst ekki hafa náð taki á einstaklingnum og á sama tíma hafi bifhjólið A fallið á hliðina og á líkama M. Í tjónstilkynningu til V var atvikum þannig lýst að M hefði komið að einstaklingnum með forgangi á bifhjólinu A og þegar M hafi stöðvað og stigið niður til að stöðva einstaklinginn hafi hjólið fallið á hann þannig að hnykkur hafi komið á fót og mjöðm. Í tilkynningu M til atvika- og slysaskráningarvefs lögreglunnar kemur fram að M hafi verið í eftirför á bifhjóli þegar hann missti bifhjólið á hliðina og við það hafi hann hlotið áverka á öxl, mjöðm, hné og verki í baki. Sambærileg lýsing er í tilkynningu til Vinnueftirlitsins og tilkynningu til annars vátryggingafélags en V. Í bráðamóttökuskrá dags. 11. september 2022 kemur fram sú skráning atvika að M sé lögreglumaður sem hafi verið að elta mann í annarlegu ástandi og þegar hann hafi verið að leggja bifhjóli á lítilli ferð hafi hann fengið abduction og hyperextension áverka á hægri mjöðm. Frekari læknisfræðileg gögn sýna óvinnufærni og beiðni um sjúkrabjálfun vegna einkenna sem M rekur til þessa atviks.

M telur að hann eigi rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns bifhjólans A hjá V og vísar til 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. M vísar til þess að bifhjólið A hafi verið í notkun þegar líkamstjón hans kom til þar sem hann hafi enn verið á hjólinu þegar það féll á hann og tjónið megi m.a. rekja til þyngdar bifhjólans sem sé hluti af hættueiginleikum A sem ökutækis. Einnig telur M að lýsingar hans á atvikum í eigin skýrslum eigi að leggja til grundvallar mati á atvikum en ekki skráningar í sjúkraskrá, auk þess sem orsakatengsl séu sönnuð vegna líkamstjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar í fyrsta lagi til 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar þar sem segir: „*Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.*“ V vísar til þess að M hafi verið við lögreglustörf þegar hann slasaðist og eigi þar af leiðandi rétt til bóta skv. 30. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 þar sem segi: „Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.“ V telur að M verði fyrst að láta reyna á rétt skv. hlutlægrri bótareglu 30. gr. lögregluglaga áður en hann leitar bóta í slysátryggingu ökumanns. V vísar einnig til frávísunarúrskurðar í máli nr. E-4433/2011 hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar vísað sé til 5. mgr. 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 vegna frávísunar máls sem hefði átt að gera kröfu um í ábyrgðartryggingu fyrst, en umrætt ákvæði sé sambærilegt og 5. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. V telur að í umræddri 5. mgr. 9. gr. felist sérákvæði gagnvart ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 2. mgr. 22. gr. þeirra laga um að vátryggingafélag eigi ekki kröfu á hendur hinum skaðabótaskylda ef það greiðir bætur úr slysátryggingu. Þess vegna skipti máli að M leiti réttar síns á grundvelli 30. gr. lögregluglaga. Aukinheldur telur V að ósannað sé að bifhjólið A hafi dottið á M og geti allt eins verið rakið til þess sem átti sér stað við það að M hljóp einstakling uppi í því skyni að handsama hann. Einnig telur V að eins og atvikum sé lýst sé ekki sýnt að tjónsatvikið sé hægt að rekja til notkunar ökutækis, ekki hafi verið notast við vélarafll þess þegar tjón varð og vísar til úrskurðar í máli nefndarinnar í máli nr. 472/2021 þar sem atvik féllu utan notkunarhugtaksins.

M segir í viðbótarathugasemdum sínum að líta verði til 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem kveði á um að frá skaðabótakröfu eigi að draga bætur úr slysátryggingu ökumanns eftir umferðarlögum.

Umrætt orðalag hafi komið inn í skaðabótalögin með lögum nr. 37/1999 sem og hefi því komið inn seinna en breytingar á þágildandi umferðarlögum með lögum nr. 32/1998. Einnig telur M að ósannað sé að líkamstjón hans sé hægt að rekja til annarra atvika en það að bifhjólíð A hafi fallið á hann.

V segir í sínum viðbótarathugasemdom að það verði að líta á lög um ökutækjatyggingar nr. 30/2019 sem sérlög gagnvart skaðabótalögum, enda komi fram í lögskýringargögnum með frumvarpi til laga um ökutækjatyggingar að tekið hafi verið tillit til nýrrar löggjafar og réttarframkvæmdar áranna á undan. V vísar aftur til þess að ekki sé hægt að leita í slysatryggingu ökumanns fyrr en búíð sé að leita í ábyrgðartryggingu skv. frávísunarúrskurði frá árinu 2011. Einnig vísar V til þess að óljóst sé hvaða hlutverk M hafi haft við handtöku einstaklingsins sem veitt hafi verið eftirför og líta eigi til lýsinga í sjúkragögnum á atvikum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um gildissvið 9. gr. laga um ökutækjatyggingar nr. 30/2019. Í fyrsta lagi telur nefndin að leysa verði úr því hvort atvik það sem leiddi til meiðsla M sé atvik sem verður við stjórn ökutækisins og rekja má til notkunar þess í skilningi 4. gr. laganna, en þau skilyrði þar að uppfylla til þess að tjón ökumanns sé greiðsluskylt úr slysatryggingu ökumanns, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna. Af lýsingu atvika er ljóst að M var við stjórn bifhjólsins A þegar það féll á hann. Hvað varðar það álitaefni hvort bifhjólíð var í notkun, sbr. 4. gr. laga um ökutækjatyggingar verður að líta til þess að lýsingar M á tjónsatviki sýna að mjög stuttur tími líður frá því að hann stöðvar bifhjólíð og teygir sig eftir einstaklingi sem hann hyggst stöðva og þess að bifhjólíð fellur á hann. Sérstakir hættueiginleikar ökutækja eru meðal annars þyngd þeirra og vélarafli. Verður tjón M að telja í nægilegum tengslum við þá hættueiginleika þegar það verður í sömu mund og bifhjólíð er stöðvað.

Í öðru lagi verður þá að taka afstöðu til þess hvort 5. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatyggingar takmarki rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns, en ákvæðið segir að ef tjónþoli eigi rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatyggingar eða öðrum skaðabótareglum þá lækki bætur úr slysatryggingu ökumanns sem því nemur. Þegar sambærilegt ákvæði kom inn í 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 með breytingalögum nr. 32/1998 er ekki að finna nokkrar skýringar á umræddu orðalagi. Ekki er heldur að finna dóma þar sem tekist er á við viðlíka álitaefni og hér er uppi. Verður því að skýra það almennri orðskýringu um að liggja þurfi fyrir að tjónþoli eigi rétt á skaðabótum til þess að réttur til bóta úr slysatryggingu ökumanns skerðist. Ekki liggur fyrir staðfesting á því í gögnum málsins að M eigi skaðabótarétt vegna líkamstjóns síns. Verður, þegar af þeirri ástæðu, ekki talið sýnt að hann eigi rétt á slíkum bótum og telst 5. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatyggingar því ekki eiga við í máli hans m.v. fyrirliggjandi gögn. Óskýr tilvísun V til frávísunarúrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur í tilteknu máli sem ekki er aðgengilegt í heild sinni breytir ekki þessari niðurstöðu.

Í þriðja lagi verður ekki séð að lýsingar í læknisvottorðum fari þannig í bága við lýsingar M á atvikum að draga megi í efa að orsakatengsl séu milli þess að bifhjólíð A féll á M og þeirra einkenna sem lýst er í sömu læknisvottorðum.

Verður að þessu sögðu fallist á að M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifhjólsins A vegna líkamstjóns síns hinn 11. september 2022.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 62/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er því lýst að hinn 30. nóvember 2022 hafi M lánað bifreið sína til mágs síns sem hafi fengið lánaða kerru hjá X til að flytja húsgagn til förgunar. Á leið frá förgunarstað hafi síðan beisli á kerru brotnað af sem hafi leitt til þess að kerran rann á bifreið M og olli tjóni.

M telur að tjón á bifreið sinni hafi orðið vegna gáleysis starfsmanna X þar sem starfsmaður X hafi viðurkennt í síma að mistök hafi verið gerð við að lána kerruna því hún hafi þarfnast viðgerðar og þannig merkt í tölvukerfi X. Einnig bendir M á að augljóst sé að kerran hafi ekki verið í lagi þar sem bifreiðinni hafi verið ekið á lágum hraða og vitni geti borið um samtal við starfsmann X um að kerran hafi verið í ólagi.

V hefur hafnað bótaskyldu og bendir á að skv. upplýsingum úr tölvukerfi X hafi tiltekin kerra verið leigð út hinn 30. nóvember 2022 til M en tjón hefði átt sér stað 2. desember sama ár. V vísar til þess að í upplýsingum frá X komi fram að kerra sú sem leigð var til það setja aftan í bifreið M hafi verið í hæfu ástandi til útleigu og notkunar og benda á skoðunarskýrslu dags. 10. nóvember 2022 þar sem ekkert hafi komið fram um skemmd á beisli kerrunnar eða annað sem hafi veirð að henni. Engin skráning hafi heldur verið í tölvukerfi X um að kerran hafi verið gölluð eða skemmd eftir það. Einnig vísar X til ákvæðis í 7. gr. skilmála með leigusamningi um kerruna um að X beri ekki ábyrgð á tjóni á bifreið leigutaka ef slíkt verði. V telur að M hafi ekki lagt fram gögn sem sýna fram á galla, skemmd eða vanbúnað kerrunnar og tjón geti allt eins hafa orðið vegna þess að beisli hafi ekki verið fest rétt á.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón á bifreið M geti verið rakið til skaðabótaábyrgðar X, en sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu fyrir hendi. Þau skilyrði skaðabótaábyrgðar eru að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi við útleigu kerrunnar sem fór á bifreið M eða X beri skaðabótaábyrgð á atvikum eða aðstæðum sem leiddu til tjónsins af öðrum sökum. Engin gögn liggja fyrir til stuðnings málflutningi M í málskoti um að starfsmaður X hafi viðurkennt að hin útleigða kerra hafi verið vanbúin. Til þess að þau atvik séu sönnuð þarf frekari sönnunargagna við. Ekki verður af þeim gögnum sem M leggur fram í málinu dregin sú ályktun að kerran hafi verið vanbúin eða að starfsmenn X hafi vitað af einhverju sem gæti gert hana hættulega. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M sem á, þegar af þeirri ástæðu, ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 63/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot dags. 20. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 14. mars 2023.
3. Bréf V2 dags. 27. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 19. janúar 2023, varð hinn 23. desember 2022, árekstur milli A, sem er í eigu M en dóttir hennar ók umrætt sinn, og B við gatnamót Þingvallastrætis og Grundargerðis á Akureyri. Vettvangi er nánar lýst svo að á Þingvallastræti séu tvær akreinar í hvora átt, til austurs og vesturs. Þvert á Þingvallastræti séu Grundargerði til norðurs og Hrísalundur til suðurs. Ekki séu umferðarljós á mótum þessara gatna en biðskylda sé frá Hrísalundi og Grundargerði inn á Þingvallastræti. Í aðdraganda áreksturs hafi A verið ekið austur Þingvallastræti með ætlaða akstursstefnu til vinstri inn á Grundargerði, en B hafi verið ekið vestur Þingvallastræti með ætlaða akstursstefnu beint áfram til vesturs. Er í lögregluskýrslu haft eftir ökumanni A að hún hafi gefið stefnumerki til vinstri inn á Grundargerði og beðið átekt, þar sem mikil umferð hafi verið á syðri akrein Þingvallastrætis til vesturs hafi hún ekki haft nægilega góða sýn á umferð á nyrðri akreininni. Hafi hún því ekið bifreið sinni örlítið inn á nyrðri akreinina. Hafi hún þá skyndilega tekið eftir B, sem að hennar mati hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður, eða á 50-60 kílómetra hraða á klukkustund. Hafi hún samstundis hemlað en sökum hálfu hafi A runnið áfram og því komið til áreksturs. Haft er eftir ökumanni B að hún hafi ekið vestur Þingvallastræti til vesturs, á 20-30 kílómetra hraða á klukkustund þegar A var ekið í veg fyrir B.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök skyldi lögð á A sem hafi borið að veita umferð úr gagnstæðri átt forgang áður en beygt var til vinstri.

M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur að B hafi ekið ógætlega miðað við aðstæður, en hálka hafi verið á veginum og skyggni lítið, og hraðar en fram komi í lögregluskýrslu. Megi jafnframt ráða af vitnisburði starfsmanns þess verkstæðis sem A var flutt á að ákomur á hana bendi til þess að hún hafi fengið á sig töluvert högg og draga megi sterklega í efa að B hafi aðeins verið á 20-30 kílómetra hraða.

V1 gerir ekki athugasemdir vegna málsins, en V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, tekur undir niðurstöðu tjónanefndarinnar og telur að A beri alla sök á árekstri aðila. Ljóst sé að A hafi tekið vinstri beygju án þess að gæta nægilega að forgangi umferðar sem á móti kom, en hins vegar sé ekki sýnt fram á að ökumaður B hafi viðhaft neina þá háttsemi sem metin verði henni til sakar. Hámarkshraði á vettvangi sé 50 kílómetrar á klukkustund og jafnvel þó B hefði verið á meiri hraða en haft sé eftir ökumanni hennar í lögregluskýrslu sé því ekki sýnt fram á ógætlegan eða of hraðan akstur. Þá geti ákomur á A vel samrýmst árekstri við u.þ.b. þriggja tónna ökutæki sem ekið sé á 20-30 kílómetra hraða.

Álit.

Óumdeilt er að í aðdraganda áreksturs var A beygt til vinstri, með fyrirhugaða stefnu inn á Grundargerði. Þegar svo háttar ber ökumönnum, sbr. 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Naut B því forgangs gagnvart A. Í málskoti er hins vegar byggt á því að B hafi verið ekið ógætlega og á meiri hraða en fram kemur í lögregluskýrslu, og því beri ökumaður hennar í öllu falli hluta sakar á árekstri bifreiðanna. Vísar M til þess að starfsmenn verkstæðisins sem A var flutt á eftir áreksturinn dragi sterklega í efa að B hafi aðeins verið á 20-30 kílómetra hraða, enda hefði áreksturinn þá átt að verða mun vægari. Engin frekari gögn eða útreikningar, s.s. álit dómkvaddra matsmanna eða álit hæfra og óvilhallra aðila á þyngdarkrafti árekstursins, liggja þó fyrir nefndinni. Í ljósi þess er ekki sýnt fram á að aksturslag B hafi verið með þeim hætti að leggja beri sök á ökumann hennar verður samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar, öll sök lögð á A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 64/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. mars 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Fífuhammsvegur og Reykjanesbrautar þann 10. desember 2022 milli bifreiðanna A, sem er í eigu M og B. Báðar bifreiðarnar eru vátryggðar hjá V. Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A ekið austur Fífuhammsveg með fyrirhugaða vinstri beygju norður Reykjanesbraut og var bifreiðinni B á sama tíma ekið af stað á gulu ljósi yfir gatnamótin með akstursstefnu vestur Fífuhammsveg. Ökumaður A kveðst hafa beygt til vinstri gegn grænu umferðarljósi þegar bifreiðinni B var skyndilega ekið aftan á bifreiðina. Kveðst ökumaður B hafa verið að bíða á rauðu ljósi og lagt af stað þegar hann sá gult ljós koma. Var hann að kveikja á sætis hita og tók augun af veginum í eina sekúndu. Þegar hann leit aftur upp var bifreiðinni A ekið í veg fyrir hann.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 486/22 að sök skiptist til helminga þar sem ósannað væri með stöðu umferðarljósa í aðdraganda áreksturs. M telur að B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið var ekið aftan á A og ökumaður B viðurkennir að hafa ekki haft athyglina á veginum er hann ók af stað gegn gulu ljósi.

V vátryggir báðar bifreiðarnar og tekur því ekki afstöðu til ágreiningsins í bréfi sínu til nefndarinnar.

Álit.

Af myndum af vettvangi og liggja fyrir í gögnum málsins sést af braki úr bifreiðunum að árekstur verður með bifreiðunum þegar bifreiðin A er næstum því búin að beygja af Fífuhammsvegi inn á aðrein að Reykjanesbraut. Einnig sést af gögnum málsins að ákoma er aftan á bifreið A. Í framburði sínum viðurkennir ökumaður B að hafa litið af veginum til þess að kveikja á hita í sæti bifreiðarinnar og að mati nefndarinnar verður hann þannig að bera hallan af sönnunarskorti um að ökumaður A hafi ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi. Þannig sýndi ökumaður B næga aðgát við aksturinn umrætt sinn, sbr. 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Einnig má ökumaður ekki aka af stað eftir að græn ljós hefur kviknað hafi umferð úr þverstæðri átt ekki komist út af gatnamótunum sbr. 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Samkvæmt framansögðu ber ökumaður B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 66/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 22. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. mars 2023, ásamt tölvupósti dags. 22. apríl 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. mars 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 31. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var stödd í móttökustöð X í Kópavogi hinn 31. júlí 2020 til að henda rusli. Þegar hún kom inn á svæði X voru margar bifreiðar þar fyrir þannig að hún gat ekki ekið bifreið sinni upp á þar til gerðan ramp þar sem hún gat hent ruslinu í þann gám sem hún þurfti að henda í. M gekk því upp rampinn og henti ruslinu en á leið niður rampinn kveðst hún hafa runnið til í olíubletti og fallið á vinstra hné og hlotið við það líkamstjón. M kveðst hafa látið starfsmann X vita af fallinu en sá starfsmaður hafi talið að atvikið hefði náðst á myndavélar sem séu á svæðinu. Hinn 5. febrúar 2021 gaf M skýrslu hjá lögreglu um atvik málsins þar sem hún rekur að hún hafi runnið í olíupoll og dottið og greinilegt hafi verið að bíll sem ekið var um rampinn stuttu áður hefði lekið olíu og ekki hafi verið brugðist við með réttum hætti af hálfu starfsmanna X við að reyna að hreinsa olíuna upp.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem það sé hægt að rekja til ófullnægjandi aðstæðna og vanbúnaðar sem sé á ábyrgð X, það að hafa ekki gert frekari ráðstafanir vegna olíuleka á svæðinu hafi verið gáleysi a hálfu starfsmanna X, sem hefðu vitað af olíunni. M telur að þær ráðstafanir sem X ber um að starfsmenn hafi gert með því að setja sag ofan í olíupoll hafi ekki verið fullnægjandi heldur hefði átt að hreinsa olíuna upp. M vísar til strangrar ábyrgðar fasteignareigenda sem og dóms Hæstaréttar í máli nr. 667/2019 (á væntanlega að vera 667/2009) þar sem byggt var á að lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum giltu um móttökustöðvar sorps hjá X og aðgæslu hafi ekki verið sinnt af hálfu X í samræmi við ákvæði þeirra laga. Einnig vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 536/2012.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til upplýsinga frá X um að olía hafi verið á þeim rampi sem M gekk um deginum áður en hún slasaðist. Þá hafi verið borið á olíuna svokallað íssogsefni, sem sérstaklega sé framleitt til að þurrka upp olíu. V telur að starfsmenn X hafi brugðist strax og rétt við aðstæðum og þannig sinnt athafnaskyldu sinni vegna málsins. V bendir einnig á að lögregluskýrsla vegna málsins sé dagsett 5. febrúar 2021 eða nokkru eftir atvikið og M hafi ekki látið vita af atvikinu fyrr en 24. ágúst 2020 og formleg krafa hafi ekki borist til V fyrr en 31. mars 2022. Þannig verði X ekki látið bera hallann af því að myndbandsupptökum frá slysdegi hafi verið eytt. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að líkamstjón M megi rekja til skaðabótaskyldra athafna eða athafnaleysis starfsmanna X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum. Í málinu liggur fyrir að M féll á rampi á leið niður af honum og á vettvangi hafi verið merki um að olía hafi lekið. Í gögnum frá X kemur fram að því er ekki mótmælt að olía hafi lekið á svæðinu daginn áður en M féll, en starfsmenn X hafi brugðist við þeim aðstæðum með því að setja sérstakt íssogsefni á olíupollinn, en það efni sé sérstaklega framleitt til að þurrka upp olíu. Með því teljast starfsmenn X hafa brugðist við mögulegri slyshættu og ekki liggur fyrir m.v. fyrirliggjandi gögn að fall M hafi orðið vegna þess að ekki hafi verið brugðist rétt við þann dag. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að vitneskja hafi verið hjá starfsmönnum X um að annar olíupollur hafi myndast á umráðasvæði X sem augljós slyshætta hafi verið af. Hallann af sönnunarskortum um þetta ber M sem á m.v. fyrirliggjandi gögn ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 68/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 2. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. mars 2023.
3. Athugasemdir málsaðila, dags. 20. mars 2023.
4. Athugasemdir V, dags. 28. mars 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að rétt eftir hádegi þann 20. janúar 2023 hafi bifreið M (A) verið bakkað út úr bílastæði frá Kökuhúsinu í Auðbrekku og yfir stubb eftir umferðarskilti sem stóð upp úr umferðareyju þar við. Við það skemmdist eitt framdekk bifreiðarinnar. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M hefur m.a. vísað til þess að starfsmenn X hafi áður fjarlægt umferðarskilti af umferðareyjunni þannig að stubbur hafi staðið upp úr umferðareyjunni. Starfsmenn X hafi þannig sýnt af sér gáleysi með því að fjarlægja umferðarskilti og skilja eftir ómerktan stubb, sem hafi verið um eitt fet að hæð. Þannig hafi starfsmenn X ekki sett nein varúðarskilti eða viðvörðunarkerilur við stubbinn fyrr en eftir tjónsatvikið. Hefur M m.a. vísað til þess að snjór hafi verið yfir öllu þegar slysið varð og því hafi umferðareyjan ekki verið sjáanleg. Því hafi ekki verið hægt að greina ómerktan stubbinn sem olli tjóninu.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttasemi. Starfsmenn X hafi ekki mátt sjá fyrir, þegar umferðarskiltið var fjarlægt, að staurstubburinn sem eftir verð hafi verið líklegur til þess að valda tjóni fyrir umferð ökutækja þar sem umferð ökutækja á umferðareyjum er óheimil, sbr. m.a. 17. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Þannig sé ekki hægt að gera þá kröfu á hendur X að hann tryggi að yfirborð umferðareyja séu þannig frágengin að gert sé ráð fyrir akstri ökutækja á þeim. Tjónið verði þannig eingöngu rekið til eigin háttsemi M sem gætti ekki nægilega að sér við akstur afturábak og ók upp á umferðareyju þar sem tjón varð á A. Loks vísar V til þess, verði tjónið rakið til þess að M hafi ekki mátt gera sér grein fyrir umferðareyjunni, að um óhappatilvik sé að ræða.

Í gögnum málsins er afrit af myndum af þeim stað þar sem tjónsatvik varð. Myndirnar eru þó ekki teknar á eða í kringum sama tíma og tjónsatvik, heldur þremur dögum síðar og þá hafði hlánað mikið frá tjónsdegi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa skilið eftir ómerktan stubb á umferðareyju þegar þeir fjarlægðu umferðarskilti af eyjunni. Í 17. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ökumenn skuli aka á akbraut og af því leiðir að ekki er hægt að ætlast til þess að starfsmenn X megi almennt sjá fyrir að ekið verði á umferðareyju. Af gögnum málsins má ráða að A hefur verið komið töluvert upp á umferðareyjuna til þess að framdekk bílsins hafi farið yfir stubbinn og verður ekki séð að staðsetning stubbsins eða aðrar aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi mátt ætla að hætta væri á umferð ökutækja yfir umferðareyjuna. Þá liggur ekki fyrir hvort aðstæður hafi verið með þeim hætti, þegar áreksturinn varð, að snjór hafi verið yfir öllu og umferðareyjan ekki sjáanleg. Að mati nefndarinnar stendur það M nær að leggja slík gögn fram í málinu. Með vísan til alls þessa verður ekki sýnt að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að merkja þann stubb, sem eftir var, þegar þeir fjarlægðu brotið umferðarskilti af umferðareyju. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 69/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 22. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 14. mars 2021 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B. M byggir á því að hún hafi hlotið varanlegt líkamstjón við áreksturinn. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M með vísan til þess gögn málsins beri ekki með sér að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af atvikinu. M vísar til þess að í samtímagögnum sé það álit læknis að um varanlegt líkamstjón hafi verið að ræða. Í lokavottorði, dags. 19. apríl 2022, komi þannig fram að M hafi strax í kjölfar slyssins kvartað undan hnykk á hálsi og því að hún hafi heyrt smell í vinstri handlegg. Hún hafi þá fengið verk í háls, herðar, og vinstri öxl og handlegg. Hafi M fyrir slysið ekki kennt sér meins í vinstri öxl og sé því ljóst að bein orsakatengsl séu milli slyssins og þess líkamstjóns sem M varð fyrir. Þá sé það ekki svo að hægt sé að leggja að jöfnu tjón á bifreiðum og varanlegt líkamstjón einstaklinga, enda girði lítið ökuhraði og lítið sjáanlegt tjón á bifreiðum ekki fyrir það að ökumenn og farþegar hljóti varanlegar líkamlegar afleiðingar af árekstri. Þá hafi höggið á A verið bæði hröðun langsum eftir bílnum og hliðarhögg, þ.e. það hafi dreifst á stórt svæði. Í raun hafi þó höggið verið meira en ef það hefði takmarkast við ákveðið svæði þar sem ekkert hafi dregið úr áhrifum þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á að langvarandi heilsutjón geti hafa hlotist af umræddu atviki. Vísar V til þess að hinn 6. apríl 2018 hafi M lent í öðru umferðarslysi og hafi varanlegar afleiðingar þess á háls-, brjóst-, og lendhrygg, vinstri ökkla og andlega heilsu verið metnar. Einkennalýsingar M á því svæði megi því rekja til þess fyrra slyss. Þá komi fram í sjúkragögnum að M eigi við krónískan verkjavanda eftir töku á submandibular kirtli, en sú aðgerð og afleiðingar hennar séu ótengd slysinu hinn 14. mars 2021. Hvað varði einkenni frá vinstri öxl þá hafi röntgenmynd af því svæði ekki gefið afbrigðilegar niðurstöður. Þá hafi M verið boðin ómskoðun af öxl en hún virðist ekki hafa farið í þá skoðun. Í vottorði dags. 19. apríl 2022, komi þá fram að M hafi þjáðst af verkjum í öxl í tvær vikur, í mars-apríl 2022 en ekki frá slysdegi. Þá hafi hún fundið að öxlin fór úr lið hinn 8. mars 2022. Þá var látið reyna á sterasprautur í öxl og þegar vottorðið hafi verið skrifað hafi hún ekki leitað aftur á heilsugæslu vegna einkenna frá öxl. Aðrar einkennalýsingar en frá öxl hafi þegar verið metnar og sé því ekkert í gögnum málsins sem bendi til varanlegra afleiðinga slyssins hins 14. mars 2021 á heilsufar M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 14. mars 2021 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í fyrirbyggjandi PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Benda gögn málsins, þ.á.m. ákomur á A og B, þó til að um fremur vægan árekstur hafi verið að ræða og eru því frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna þeirra sem M rekur til hans.

Fyrir liggur að M leitaði samdægurs á bráðamóttöku þar sem hún lýsti verk í hálsi, herðum, vinstri öxl og handlegg. Voru teknar röntgenmyndir af vinstri öxl, framhandlegg og úlnlið, en brot greindust ekki og ekki merki um luxation í öxl. Var M greind með tognun í hálsi og lendhrygg, vinstri öxl og handlegg. Kemur jafnframt fram í bráðamóttökuskrá að M hafi nýlega gengist undir tvær aðgerðir og sé með krónískan verkjavanda eftir nýlega töku á submandibular kirtli hægra megin. Þá liggur fyrir að hinn 21. apríl 2021 var gefin út beiðni um sjúkráþjálfun vegna tognunar á úlnlið og öxl, og þess að öxl M hefði farið úr lið. Þá liggur fyrir að engar bein- eða liðbreytingar greindust við myndrannsóknir á vinstri öxl

M í september 2021. Í nóvember 2021 var þá gefin út beiðni um ómun á öxlinni, en svo virðist sem M hafi aldrei gengist undir þá rannsókn. Þá liggur fyrir að hinn 9. mars 2022 hafði M samband við heilsugæslu þar sem hún hefði farið úr lið í öxlinni daginn áður, og í kjölfar þess fékk hún sprautu með sterum og deyfingu í öxlina. Þá kemur fram í læknisvottorði dags. 19. apríl 2022, að M eigi ekki sögu um meinsemd í öxlum fyrir umrætt slys.

Engar frekari upplýsingar um heilsufar M fyrir 14. mars 2021 liggja fyrir nefndinni. Þannig liggur matsgerð vegna fyrra slyss M á árinu 2018 ekki fyrir nefndinni, né frekari upplýsingar um verkjavanda þann sem var samfara töku á submandibular kirtli, en fyrir liggur að M fékk ávísuð nokkuð sterk verkjalyf vegna hans. Þá verður ekki séð að myndgreiningar hafi leitt í ljós sérstaka áverka á vinstri öxl M sem rekja megi til umrædds slyss, en fyrirhuguð ómskoðun sem mögulega hefði leitt eitthvað frekar í ljós fór samkvæmt framansögðu ekki fram. Þá liggur ekki fyrir hvort M hafi sótt sjúkraþjálfun á grundvelli útgefinnar beiðni eða hvað skoðun sjúkraþjálfara hafi leitt í ljós. Án frekari heildstæðra gagna um heilsufar M, og/eða matsgerðar hæfra og óvilhallra matsmanna um orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans, telur nefndin því ekki unnt að fullyrða um að M hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni við áreksturinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík, 25. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 70/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 23. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi á glímuæfingu þann 18. janúar 2021, þegar æfa átti svokallaðar hengingar, misst meðvitund þegar stutt var komið fram í æfinguna. M hafi við þetta ekki staðið upp og ekki hafi verið hringt á sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl fyrr en við lok æfingar þrátt fyrir að hann hafi misst meðvitund í upphafi æfingarinnar. Hann hafi megnið af tímanum verið með mjög skerta meðvitund, illa áttaður og hafi átt erfitt með tal. Kveðst M hafa verið látinn liggja í rúmar 48 mínútur áður en sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl mætir á staðinn. Við komu sjúkraflutningamanna hafi verið dagljóst að M var mun máttarminni í hægri hlið líkamans og því með öll einkenni heilablóðfalls. Hann hafi þannig við umrædda hengingaræfingu fengið heilablóðfall sem skaðaði hann varanlega, auk þess sem þetta setti af stað þá atburðarrás að M hefur fengið tvö heilabóðföll til viðbótar, þann 3. maí 2021 og svo aftur 7. maí 2021. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V sem hafnað hefur bótaskyldu með bréfi dags. 28. febrúar 2022.

M byggir kröfu sína á hendur X á því að þjálfarinn Y hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en hann bar ábyrgð á æfingunni og hafi ekki farið eftir starfsreglum og kallað til sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl þegar hann sér að M var illa áttaður. Það hafi liðið allt að því heil klukkustund þar sem M lá með öll einkenni heilablæðingar, á gólfi æfingaaðstöðu þar til hringt var á sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl. Þá hafi sá aðili sem framkvæmdi æfinguna borið ábyrgð á að hafa framkvæmt hana rangt. Þannig ber X ábyrgð á þeim þjálfurum sem það ræðir til þess starfa að hafa umsjón, ábyrgð og eftirlit með æfingum umrætt sinn, sem og þeim iðkendum sem æfa undir handleiðslu þjálfara. Samkvæmt reglum í Sports and Organisation Rules sem gefnar voru úr þann 9. mars 2022 megi ekki hengja júdó iðkendur sem eru eldri en sextíu ára gamlir. Hafi þjálfaranum Y mátt vera ljóst að ekki hafi verið staðið rétt að viðkomandi tækniæfingu umrætt sinn. Vísar M til skjala þar sem tekin var ákvörðun hjá Alþjóða júdósambandinu að banna hengingaræfingu á einstaklingum eldri en 60 ára. Byggir M á því að Y hafi haft vitneskju um fyrirhugaðar aðgerðir sambandsins þar sem hann er virkur í félagsstörfum alþjóða júdósambandsins. Þá hefur ekki verið upplýst hvort þjálfarar X hafi undirgengist skyndihjálparnámskeið. Einnig hafi verið um að ræða brot gegn siðareglum ÍSÍ, þá aðallega 5. gr. þeirra.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekkert hafi komið fram sem styður einhliða frásögn M af málsatvikum umræddan dag. Þeir fimm æfingafélagar sem viðstaddir voru æfinguna lýsa aðstæðum með allt öðrum hætti en fram kemur í málskoti og telur V því skorta sönnun á þeim atvikum sem M lýsir. Þar að auki telur V ekkert benda til þess að neitt saknæmt hafi átt sér stað umræddan dag og ekkert fram komið sem staðfestir að þjálfarinn né æfingarfélagar hafi sýnt af sér vanrækslu. Vísar V til fyrirbyggjandi lögregluskýrsla sem teknar voru af æfingarfélögum M þennan umrædda dag og bréfs sem þeir undirrituðu. Í bréfinu kemur fram að þegar um fimmtán mínútur voru liðnar af æfingunni hafi M sagst finna til svima og að hann þyrfti smá tíma til að jafna sig. Félagi hans hafi boðið honum vatn að drekka sem hann afpakkadi og kvaðst aðeins þurfa smá tíma. Honum var því fylgt til hliðar við æfingasvæðið en félaginn ákvað að standa hjá honum á meðan. M sat þar í 15-20 mínútur. Tveir æfingarfélagar ásamt þjálfaranum fylgdust með honum allan tímann og hafi boðið honum að leggjast niður og setja hátt undir fætur. Að þeirra sögn var M viðræðuhæfur allan tímann og var ávallt einhver af þeim hjá honum að tala við hann og fylgjast með honum. Hann virtist orkulaus og því veltu þeir fyrir sér hvort um sykurfall væri að ræða. Þegar formlegum æfingartíma lauk, tóku þeir þá ákvörðun að hringja á sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl til öryggis þar sem M virtist enn vera orkulaus. Æfingarfélögum M ber saman um að málsatvik hafi verið með þessum hætti og hafa auk þess allir lýst aðstæðum með sambærilegum hætti við skýrslugjöf hjá lögreglu.

Í viðbótarathugasemdom sínum vísar M til þess að ljóst megi vera með tilvísun í tímalínu æfingar að hann var látinn liggja óafskiptur í 50-60 mínútur. Þá sé ljóst að viðstaddir aðilar, yfirþjálfari og aðrir þjálfara hafi ekki staðið rétt að því að kalla á aðstoð eða veita fyrstu hjálp í þeim aðstæðum sem komu upp á viðkomandi æfingu. Aðalþjálfari X hafi aldrei sótt skyndihjálparnámskeið og leiði það til þess að röng viðbrögð voru viðhöfð við viðkomandi æfingu þann 18. janúar 2021. Vísar M til laga um íþróttahús og reglugerða settum á grundvelli þeirra.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til sagnæmrar háttsemi af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Annars vegar telur M það hafa verið sagnæm háttsemi af hálfu þjálfara X að láta M taka þátt í æfingu sem fól í sér hengingartak m.a. í ljósi aldurs M og svo hins vegar telur M að viðbrögð þjálfara X og annarra á vettvangi hafi verið röng, sérstaklega hversu lengi beðið var með að hringja á sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöð. Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttarins ber M sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir í málskoti og að líkamstjónið verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málskoti er því haldið fram að M hafi á æfingu þann 18. janúar 2021 hjá íþróttafélaginu X, fengið heilablóðfall sem rekja má til hengingaræfingar sem framkvæmd var á æfingunni og/eða sem rekja má til þess að ekki var hringt strax á sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöð. Það hafi svo leitt til tveggja heilablóðfalla til viðbótar, þann 3. og 7. maí 2021. Af gögnum málsins má sjá að ágreiningur er til staðar um nánast öll málsatvik. Sú atburðarrás sem M rekur í málskoti og ýmsum öðrum gögnum málsins ber ekki saman við það sem fram kemur í skýrslum sem lögregla tók af vitnum og öðrum aðilum á vettvangi og því sem fram kemur í sérstakri yfirlýsingu sem sömu aðilar undirrituðu og liggur fyrir í málinu. Þá hefur M lagt fram ýmiss skjöl sem hafa að geyma tímalínu, samskipti vitnis við Neyðarlínu o.fl. sem ekki eru stutt neinum öðrum gögnum eða vitnaframburðum. Er því ekki unnt að leggja þau gögn eða skjöl til grundvallar sem sönnunargögn um málsatvik. Þá hefur M ekki sýnt fram á með matsgerð eða öðrum gögnum að einkenni hans í dag megi rekja til hengingaræfingarinnar sem framkvæmd var á júdóæfingunni þann 18. janúar 2021, sérstaklega í ljósi tveggja heilablóðfalla sem M fékk í maí 2021. Þannig virðast þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu byggja á einhliða frásögn M af málsatvikum en ekki sjálfstæðu mati á læknisfræðilegum orsakatengslum. Með vísan til þessa verður M að bera hallan af sönnunarskorti um orsakatengsl milli líkamstjóns síns og þess sem fram fór á æfingunni þann 18. janúar 2021. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og koma þá önnur atriði ágreinings þessa, s.s. hvort rétt hafi verið staðið að æfingu eða hvort viðbrögð aðila á vettvangi hafi verið röng, ekki til skoðunar. Á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 71/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot dags. 23. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. mars 2023, ásamt váttryggingarskilmálum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 7. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M féll á hellulagðri gangstétt á Kirkjustræti í Reykjavík og hlaut líkamstjón hinn 25. október 2021. Í málinu liggur fyrir skýrsla X vegna úttektar sem unnin var 20. júní 2022 á því svæði sem M féll. Þar kemur fram að engar athugasemdir hafi verið gerðar við frágang verktaka við hellulögn en að stíflað niðurfall væri í götu sem valdi því að vatn seytili undir hellur að hluta og sé að skemma hellulögn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem X hafi vitað eða mátt vita um ástand hellulagnar á gangstétt og borið að bregðast við. Ekki liggja fyrir gögn frá fundi á verkstað framkvæmda við gangstéttina nokkrum vikum fyrir slysið og verði X að bera hallann af því. M vísar einnig til úttektar X á ástandi hellulagnarinnar þar sem slyshættu er lýst. Auk þessa vísar M til dóma Hæstaréttar og héraðsdóms þar sem m.a. er fjallað um víðtæka ábyrgð fasteignareigenda. M telur að skýringar X standist ekki skoðun varðandi aðstæður á vettvangi.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi af hálfu X. Ekki dugi að vísa til afstöðu M um hvað starfsmenn X vissu eða máttu vita heldur verður að sýna fram á að sönnunargögn liggja fyrir um að starfsmönnum X hafi verið kunnugt um að ófullnægjandi aðstæður. Ekki sé um að ræða stranga sakarábyrgð eða hlutlæga skaðabótaábyrgð heldur verði að sýna fram á aðstæður hafi verið ófullnægjandi og vitneskja X um það hafi verið fyrir hendi. Fullyrðingar M um að hellulögn hafi ekki getað skemmst í einu vettvangi séu órökstuddar. V vísar til þes að í gögnum málsins komi skýrt fram að X hafi fyrst fengið upplýsingar um skemmd í hellulögninni eftir slys M og brugðist hafi verið við og hellulögnin löguð. Sjónarmið M um þýðingu úttektar X dags. 20. júní 2022 um ástand á svæðinu, þ.e. nokkru eftir slys M, telur V heldur ekki hafa þýðingu eða þeir dómur sem M vísar til í málskoti.

Í viðbótarathugasemdum vísar lögmaður M til þess að aflað hafi verið ráðlegginga frá byggingarfræðingi sem telji að lýsing V á því að aflögun hellnanna hafi aflagast á stuttum tíma standist ekki skoðun. M vísar einnig til þess að úrkoma hafi verið undir meðallagi haustið 2021 skv. gögnum Veðurstofu og því bendi allt til þess að undirvinna við hellulögn hafi ekki verið í lagi. Einnig bendi úttekt í júní 2022 til þess að frágangur verktaka og stíflað niðurfall hjá X hafi leitt til tjónsins og M skorar á X að birta samskipti sín við verktaka til að afsanna sök sína, auk þess sem M bendir á að X hafi ekki tilkynnt um slys M til lögreglu. M vísar einnig til framlagðra grunnreglna við hellulögn.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að V telur ekki hægt að byggja á staðhæfingum lögmanns M um ráðleggingar byggingarfræðings, enda liggja þær ekki fyrir í gögnum málsins, sem og hafi upplýsingar um veðurfar takmarkaða þýðingu. V ítrekar að ekki liggja fyrir sönnunargögn um skaðabótaábyrgð X og tilvísun til sönnunarreglna í dómum varðandi vinnuslys eigi ekki við í þessu máli þar sem ekki hafi verið um að ræða

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum. Í þessu máli er ljóst af gögnum að M hlaut líkamstjón þegar hún féll við á hellulagðri gangstétt. Af sömu gögnum má ráða að hellulögnin hafi gengið eitthvað til sem hafi falið í sér mishæð hellnanna en engin gögn liggja fyrir því til stuðnings

að starfsmenn X hafi vitað af ástandi hellnanna áður en M slasaðist. Engin gögn liggja heldur fyrir um að ástandið hafi verið þess eðlis að starfsmenn X hefðu við reglulegt eftirlit átt að sjá misfellur eða gera sérstakar ráðstafanir. Án slíkra gagna verður ekki talið sannað að ástand hellulagnar hafi verið þannig að slyshætta hafi verið með þeim hætti að X hefði átt að vera búin að gera sérstakar ráðstafanir fyrir. Skýringar M og fullyrðingar eru ekki studdar gögnum og duga ekki einar og sér til að leggja ábyrgð á X. Ekki verður heldur ályktað af þeim dómum sem vísað er til í málskoti eða viðbótarathugasemdum lögmanns M að aðstæður í þeim málum séu sambærilegar við aðstæður í máli M. Er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 72/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. mars 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 24. ágúst 2022 hafi M slasast á horni Bergstaðastrætis og Hallveigarstígs er rafhjól sem M var með í leigu fór skyndilega úr 10 km/klst hraða í 25 km/klst hraða með þeim afleiðingum að hún féll af hjólinu. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 6. desember 2022 á grundvelli þess að slysið megi rekja til óhappatilviljunar sem að hluta hafi verið rakin til aðgæsluleysis M. M mótmælir afstöðu V og telur ljóst að slysið megi rekja til saknæms vanbúnaðar X. M byggir á því að X hafi vanrækt að gæta að öryggi notenda þjónustu sinnar þ.e. rafhlaupahjólanna. M telur að auknar kröfur séu á X þar sem um er að ræða þjónustufyrirtæki og mikill fjöldi fólks nýtir sér þjónustu þeirra á degi hverjum. Með þessu gáleysi X hafi myndast slysaástand, sem hafi orðið til þess að M slasaðist. M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að öryggi rafhlaupahjólans hafi verið ófullnægjandi í umrætt sinn en umrætt hjól hafi sjálfkrafa og skyndilega farið úr 10 km/klst. yfir í 25 km/klst. Í upplýsingum sem finna má úr snjallsímaforriti X megi eingöngu sjá upplýsingar um að hjólið komist að hámarki í 25 km/klst., en ekki er að finna upplýsingar um að hjólið skipti um hámarkshraða á svæðum. M hafi ekki vitað að hún hafi verið inni á lághraðasvæði enda engar upplýsingar um það í snjallsímaforriti X. Ákveðin svæði eru merkt með gulu í forritinu en hvergi er getið um hvað það þýðir fyrir notanda. M hafi verið með inngjöfina í botni þar sem hraðinn komst einungis upp í 10 km/klst., en svo hafi það rokið án viðvarana upp í 25 km/klst. M hafi ekki getað vitað af umræddum breytingum þar sem hún fékk hvorki viðvörðun þess efnis né upplýsingar um það í snjallsímaforriti X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að M hafi ekki sýnt fram á að slys hennar verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að rafhjólið sem hún féll af hafi á einhvern hátt verið bilað eða vanbúið. Samkvæmt kröfum frá Reykjavíkurborg er hraði hjólanna dreginn niður á göngugötum og vistgötum til þess að gæta að öryggi vegfarenda. Þegar ekið er út úr slíku svæði fer hjólið ekki sjálfkrafa upp í 25 km/klst. hraða heldur stjórnar ökumaður rafhjólans hraðanum með inngjöf og bremsu. Slys M sé þannig rakið til óhappatilviljunar en ekki saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar rafhjóla í eigu þess þannig að bótaskylda stofnist úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skadabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skadabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hún ekki hafa lagt fram gögn sem sýna fram á að hraðabreyting rafhjólans hafi verið það snögg að M hafi ekki haft tækifæri til að bregðast við í ljósi þess að hún stjórnaði sjálf hraða rafshjólans með inngjöf og hemlum. Engar upplýsingar liggja fyrir um að leigjendur slíkra rafhjóla hafi slasast við það að fara út af hraðatakmarkunarsvæðum eða að slíkt fyrirkomulag sé á nokkurn hátt hættulegt leigutökum þannig að vara þurfi sérstaklega við hættu sem fylgir hraðabreytingu þó taka megi undir að upplýsa megi leigutaka betur um mismunandi hraðasvæði í snjallsímaforriti X. Hallann af sönnunarskoti í málinu verður því að leggja á M sem á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Sóley Ragnarsdóttir

Reykjavík, 18. apríl 2023,
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 73/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. mars 2023.
3. Tölvupóstur M dags. 21. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti til nefndarinnar og tjónstilkynningu M til V, dags. 6. janúar 2023, kemur fram M að hafi þann 6. janúar 2023 opnað húddið á bifreiðinni X og húddið hafi rekist í gluggapóstinn, beyglað hann, skemmt lakk á húddinu og rúða skemmt. M segir viðgerðina kostnaðarsama og að hann hafi farið fram á að fá tjónið bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. V hafi hafnaði bótaskyldu þann 7. febrúar 2023 á þeim grundvelli að atvikið félli ekki undir gildissvið skilmála kaskótryggingarinnar. Þessu mótmælir M og telur að kaskótrygging ökutækis eigi að bæta tjón sem þessi.

Í athugasemdum V kemur fram að í tjónstilkynningu frá 6. janúar 2023 M sé tjónsatvikinu lýst sem svo að M hafi kveikt á bifreið sinni og hafi þá séð rautt olíuljós loga í mælaborði bifreiðarinnar. Þegar M hafi opnað húddið til að athuga með olíu hafi húddið gripið í gluggapóst bílastjóra megin og við það hafi lakk skemmt, gluggapósturinn beyglast og rúða bifreiðarinnar skemmt. V hafi fallist á bótaskyldu vegna tjónsins sem varð á rúðu bifreiðarinnar í samræmi við 3. kafla skilmála ábyrgðartryggingar ökutækja. Bótasvið kaskótryggingar V sé tæmandi talið í 2. gr. skilmálans. Eðli málsins samkvæmt bæti kaskótrygging ökutækja ekki öll möguleg tjón sem kunna að verða á kaskótryggðum ökutækjum heldur bæti tryggingin eingöngu þau tjón sem falla undir tæmandi talið bótasvið tryggingarinnar sem tilgreint sé í 2. gr. skilmálans. V telur ljóst að málsatvikalýsing, eins og hún komi fram í tjónstilkynningu M til V auk frekari skýringar frá M í tölvupóstum til V, sé þannig að atvikið falli ekki undir tæmandi talningu 2. gr. skilmála kaskótryggingar ökutækja. Bótaskylda sé því ekki fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón sem varð á bifreið M þegar hann opnaði húddið á bifreiðinni X sé bótaskyldt úr kaskótryggingu M hjá V. Í bréfi V til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum frá 20. mars 2023 kemur fram að félagið hafi viðurkennt bóta- og greiðsluskyldu vegna skemmda á rúðu bifreiðarinnar úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X nánar tiltekið valkvæðri bílrúðutryggingu, sbr. 3. kafla skilmála ábyrgðartryggingar ökutækja. Í málinu afmarkast því ágreiningurinn við það hvort aðrar skemmdir en þær sem urðu á rúðu bifreiðarinnar X þann 6. janúar 2023 falli undir gildissvið skilmála kaskótryggingar M hjá V. Í váttryggingarskilmálum V fyrir kaskótryggingu eru í 12 stafaliðum (a-l) tæmandi taldar upp þær tjónsorsakir sem váttryggingin tekur til. Eins og tjón það sem hér um ræðir bar að geta þær tjónsorsakir sem taldar eru upp í umræddu skilmálaákvæði ekki tekið til tjóns vegna annarra skemmda sem urðu á bifreiðinni X, en eins og fyrir segir hefur V viðurkennt bóta- og greiðsluskyldu vegna skemmda á rúðu bifreiðarinnar X. Af því leiðir að annað tjón en það sem varð á rúðu bifreiðarinnar X fæst ekki bætt úr kaskótryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr kaskótryggingu ökutækisins X, sem hann hefur í gildi V vegna tjóns á gluggapósti og húddi ökutækisins X þann 6. janúar 2023.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 74/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging****Gildissvið váttryggingar. Túlkun váttryggingarsamnings.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. mars 2023, ásamt váttryggingarskilmálum.
3. Tölvupóstur M dags. 30. mars 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 18. apríl 2023.

Málsatvik.

Hinn 30. desember 2022 sendi M tilkynningu til V um tjón á heimili sínu sem átt hafði sér stað 21. desember 2022. Í tjónstilkynningu er tjóninu lýst sem leka frá hreinlætistæki, nánar til tekið sturtu, sem leitt hafi til tjóns á parketi við fyrir framan baðherbergi. V óskaði eftir frekari gögnum vegna atviksins og brást M við því samdægurs. Í málskoti kemur fram að vegna framkvæmda í húsnæði M hafi sturta á baðherbergi ekki verið notuð í þrjár vikur áður en tjón varð þegar sonur M hafði farið í nokkuð langa sturtuferð. M lýsir skoðun á sturtuhaus þannig að það virðist sem einn spíss hafi sprautað vatni nánast lárétt til hliðar í stað þess að sprauta niður.

M telur að tjónið falli undir gr. 9.1.4 í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar, en þar segir að tjón sé bætt vegna „...vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.“ M telur að hvoru tveggja skilyrða geti átt við, annars vegar að sonur hans, sem var gestkomandi á heimilinu, hafi gert mistök með því að taka ekki eftir því að vatn sprautaðist úr sturtuhaus út á gólf. Hins vegar að sturtuhausinn hafi ekki virkað sem skyldi eftir um tveggja til þriggja vikna hlé á notkun og þannig hafi orðið bilun á honum. M bendir á að V skilgreini ekki í váttryggingarskilmálum sínum hvað felist í orðinu bilun en M telur ljóst að þegar vatn sprautast út en ekki niður virki sturtuhaus ekki eins og hann á að virka. M telur auk þess ekki sannað að skortur hafi verið á viðhaldi af sinni hálfu, eins og V haldi fram, auk þess sem félagið geti ekki takmarkað ábyrgð sína vegna slíks þar sem ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi að ræða eða að varúðarreglum hafi ekki verið hlít þar sem engar slíkar séu tilgreindar í váttryggingarskilmálum varðandi gr. 9.1.4. Auk þessa vísar M til þess að V semji einhliða váttryggingarskilmála sína og þannig að túlkun orðalags þeirra verði að vera M í hag, sbr. skýringarregla 1. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til orðalags gr. 9.1.4 í váttryggingarskilmálum sínum og bendir á að ekki sé sýnt að vatn hafi flætt úr sturtu M vegna mistaka eða bilunar. V bendir á að í skýringum M til V komi fram að svo virðist sem gúmmí spíss í sturtuhaus hafi stíflast að hluta vegna kísils og farið að sprauta til hliðar í stað þess að beina bunu niður. V bendir á að kísill safnist upp á löngum tíma og gerist ekki skyndilega eða óvænt og vísar til skýringa M á því að sturtan hafi ekki verið notuð í um þrjár vikur og kísillinn hafi líklega safnast upp á þeim tíma. V bendir á að ekki hafi þurft að gera við sturtuna til að laga vandamálið heldur aðeins strjúka yfir sturtuhausinn til að hreinsa kísillinn burt. Einnig vísar V því á bug að mistök hafi átt sér stað af hálfu sonar M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telur skýringar V fjarstæðukenndar varðandi orðskýringar á orðinu bilun sem og farið ranglega með staðreyndir varðandi kísilsöfnun, auk þess sem V hafi ekki kannað aðstæður sérstaklega.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram ítrekun á fyrri athugasemdum.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um túlkun á orðalagi gr. 9.1.4 í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar V þar sem segir að tjón váttryggðs á húseign bættist ef það verður vegna „...vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.“ Um er að ræða ákvæði í váttryggingarskilmálum sem V semur einhliða og verður því að skýra það með hliðsjón af svokallaðri andskýringarreglu samningaréttarins, sem lögfest er í samningum neytenda og atvinnurekenda í skilningi 1. mgr. 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga

nr. 7/1936, nánar tiltekið: Skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skal vera á skýru og skiljanlegu máli. „*Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.*“

Orðalag fyrrnefnds ákvæði váttryggingarskilmála V í gr. 9.1.4 kveður á um að tjón á húseignum sé bætt hafi vatn flætt úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum. Skýring M á tjóni á húseign hans er sú að vatn hafi flætt úr sturtu þannig að parket framan við baðherbergi hafi skemmst hinn 21. desember 2022. Vatn flæddi því ótvírætt úr hreinlætistæki í greint sinn. Þau skilyrði sem síðan eru sett í fyrrnefndu ákvæði váttryggingarskilmála eru að ýmist hafi vatnið flætt vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum. Ákveðinn vafi er um hvort um sé að ræða tvo eða þrjá þætti í atburðarásinni þ.e. annað hvort þurfi að vera um mistök að ræða eða óvænta skyndilega bilun, eða hvort um hvert um sig, mistök, óvænt bilun eða skyndileg bilun geti leitt til bótaskyldu. Vafa um það verður að túlka M í hag með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. b. í lögum nr. 7/1936.

Sú lýsing M að atvikum að bunað hafi til hliðar úr sturtu með þeim afleiðingum að vatn fór út fyrir sturtuna og rann fram á gólf og hafi þurft að strjúka yfir sturtuhaus til að fjarlægja mögulegan kísil í honum verður ekki skilinn öðruvísi en að um hafi verið að ræða bilun, þ.e. að sturtuhausinn hafi ekki virkað sem skyldi. Engin frekari skilgreining er í váttryggingarskilmálum á orðinu bilun og verður einnig að túlka það orðalag M í hag með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. b. í lögum nr. 7/1936. Ekki er annað hægt að leiða af gögnum málsins en að umrædd bilun hafi alla vega verið óvænt, auk þess sem ekki er hægt að útiloka að hún hafi einnig verið skyndileg. Þannig verður tjón M talið falla undir gildissvið fasteignatryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 75/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkra- og slysatrygging.****Gildissvið váttryggingar. Slyshugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 28. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi hinn 2. maí 2022. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi verið að færa til kassa sem innihélt steinflísar og hafi hann reist einn kassann upp við vegg og litið af honum. Í sömu andrá hafi kassinn fallið á vinstra hné M og við það hafi hann fengið slink á hnéd. Í tjonstilkynningu M til V, dags. 16. júní 2022 sé tjoninu lýst svo: „Slinkur kom á hné þegar ég var að færa steinflísakassa og er hnéd nokkuð illa farið...“. V hafi, með bréfi dags. 9. ágúst 2022, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að atvikalýsing í tjonstilkynningu hafi ekki verið með þeim hætti að félli undir skilgreiningu slyshugtaksins, þ.e. að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M. M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að lýsing í tjonstilkynningu sé í sjálfu sér rétt, en ekki nægilega ítarleg. Slinkur sá sem kom á hné M hafi ekki komið til af ofreynslu eða átaki sem fylgi því að lyfta kassanum heldur vegna þess að kassinn rann eða féll beint á vinstra hné hans með þeim afleiðingum að slinkur kom á það. Hugtakið „slinkur“ taki þá til þess þegar högg valdi snöggri truflun á hreyfingu og styðji orðskýringar því við það að bótaskylda sé til staðar. Tjonstilkynningareyðublað V geri þá ekki ráð fyrir ítarlegri lýsingu, né sé hennar óskað og sé ótækt að M beri hallann af því, enda hefði V verið í láfa lagið að óska ítarlegri lýsingar eða leiðbeina M og þeim sem aðstoðaði hann við útfyllingu tilkynningarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum váttryggingarinnar sé slyskilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður, sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Er fyrri afstaða áréttuð og vísað til þess að í atvikalýsingu M við komu til læknis hinn 1. júní 2022 segi „Slæmur í við hné, fékk einhvern slink á sig...“. Hvergi í samtímagögnum komi fram að flískassinn hafi runnið eða fallið eða að nokkuð annað utanaðkomandi hafi átt sér stað líkt og byggt sé á í málskoti. Leiðrétt atvikalýsing hafi fyrst borist V um tveimur mánuðum eftir að höfnun bótaskyldu lá fyrir og ekki verði byggt á slíkum síðar til komum lýsingum. M hafi í frumgögnum kvaðst hafa fengið slink á fótinn við það eitt að færa kassann til og meiðsl sem hljótist af álagi eða því að færa kassa til teljist ekki utanaðkomandi atvik og falli því ekki undir slyshugtak skilmálanna.

Álit.

Í viðeigandi váttryggingarskilmálum er hugtakið slyskilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem er váttryggður og gerist án vilja hans. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort skilyrðið um utanaðkomandi skyndilegan atburð sé uppfyllt. Engin vitni virðast hafa orðið að umræddu atviki en í fyrirbyggjandi tjonstilkynningu er atvikum lýst svo „Slinkur kom á hné þegar ég var að færa steinflísakassa...“. Lýsing í komunótu vegna komu M til læknis hinn 1. júní 2022 er þá á þann veg að M hafi fengið „einhvern slink á sig“. Þó almennt verði að byggja á slíkum samtímagögnum um atvik er ekki loku fyrir það skotið að nákvæmari og ítarlegri lýsingar geti komið fram síðar og verður þá að skoða hvert tilvik fyrir sig varðandi það hvaða frásagnir verða lagðar til grundvallar enda styðji þá önnur gögn og atvik við þær. Ljóst verður að telja að M hafi fengið slink á hnéd en það felur ekki sjálfkrafa í sér að um hafi verið að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð, enda verður að telja að slíkur slinkur geti einnig komið á liði við venjubundnar hreyfingar eða átak. Slíkt atvik uppfylla þá ekki skilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar. Í frumgögnum málsins, þ.e. tjonstilkynningu og lýsingum M fyrir lækni er ekki minnst á að högg hafi komið á hné M vegna hreyfingar umrædds flísaakassa. Eins og að framan er rakið getur slinkur komið til af ýmsum ástæðum og verður því ekki byggt á að lýsingar í frumgögnum bendi til þess að um utanaðkomandi atburð, fremur en aðrar orsakir, hafi verið að ræða. Þá kemur fram í læknisfræðilegum gögnum að M hafi verið „viðkvæmur“ áður, og rennir það frekar stöðum undir að um átaksmeiðsli sem rekja megi til

innra ástands hans, en ekki slys í skilningi vátryggingaréttar, hafi verið að ræða. Af heildstæðri skoðun þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 76/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 1., mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir M með tölvupósti, dags. 14. mars 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 16. mars 2023.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða M hafi sótt þjónustu hjá X hinn 26. október 2022 þar sem starfsmenn X hafi skipt um olúu á vél bifreiðar M og olúsíu. M segir í málskoti að tjón hafi orðið á bifreiðinni hinn 14. febrúar 2023 og rekur það til þess að ekki hafi verið skipt um olúu á afturdrifi bifreiðarinnar.

M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins og vísar til þess að hún hafi treyst því að bifreið hennar hafi verið þjónustuð eins og verklýsing á heimasíðu X bendi til. Þar komi fram að magn og ástand olúu á drifi sé skoðað og skipt um ef þarf. M vísar til þess að starfsmenn X hafi ekki látið vita að olía á drifi hafi ekki verið athuguð enda sé hún ekki bifvélavirki.

V hefur hafnað bótaskyldu og bendir á að M hafi sönnunarbyrði um að tjón hennar megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á skv. almennum reglum skaðabótaréttar. V bendir á að M hafi beðið um þá þjónustu hjá X að skipt væri um olúu á vél bifreiðar hennar og olúsíu sem M útvegaði sjálf. Auk þess vísar V til þess að ekki sé ljóst hvornig tjón varð á bifreið M, hún hafi verið ekin um 286 þúsund kílómetra og sé 28 ára gömul og ekki sé óvarlegt að álykta að bilanir geti komið upp í þannig bifreiðum óháð þjónustu X. Í þjónustubók bifreiðarinnar hafi aukinheldur komið fram að ekki hafi verið skipt um olúu á afturdrifi síðan árið 2016 og það sé á ábyrgð M sem eiganda bifreiðarinnar að kynna sér ástand bifreiðarinnar og biðja um þá þjónustu sem þarf til viðhalds hennar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafnar því að hafa beðið um takmarkaða þjónustu hjá X heldur hafi hún treyst því að allt sem X segist gera í smurþjónustu hafi verið gert og það feli í sér lítilsvirðingu og móðgun að halda öðru fram.

V gerði ekki frekari athugasemdir vegna viðbótarathugasemda M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að í febrúar 2023 hafi bilunar orðið vart í bifreið M sem er nokkuð við aldur og mikið ekin. M vísar til þess að afturdrif bifreiðarinnar hafi verið nánast olúlaust og rekur það til þess að hún hafi ekki fengið fullnægjandi smurþjónustu hjá X í október 2022. Ágreiningur er um hvort M hafi óskað eftir annarri þjónustu af hálfu X en að skipt væri um olúsíu og olúu á vél bifreiðar hennar í október 2022. Ekki verður af gögnum málsins talið sannað að ástand bifreiðar M hafi verið með þeim hætti í október 2022 að olúu hafi vantað á afturdrif bifreiðarinnar. Ekki verður því slegið föstu að bilun í bifreið M sé hægt að rekja til vanrækslu af hálfu starfsmanna X. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður að leggja á M skv. almennum sönnunareglum en á henni hvílir sönnunarbyrði um að skilyrðum skaðabótaréttar sé fullnægt. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 77/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 3. mars 2023.
2. Bréf V dags. 24. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að hinn 25. september 2022 hafi trampólín í eigu M fokið og valdið skemmdum á tveimur bifreiðum í eigu nágretta hans. Fyrirliggjandi eru tjonstilkynningar eigenda bifreiðanna til V. Þá eru fyrirliggjandi tölvupóstsamskipti M og V þar sem M lýsir aðstæðum svo að trampólínið hafi verið fest niður með átta hælum og staðið þannig, að því er hann hafi talið í góðu skjóli, í tvö ár. Hafi M því talið nokkuð öruggt að það færi ekki á flug, hvað þá á næsta bæ. Á grundvelli þess hafnaði V, með tölvupósti dags. 8. febrúar 2023, bótaskyldu þar sem frágangur trampólínsins hefði verið eðlilegur og forsvaranlegur. Hafi því verið um óhappatilvik að ræða sem M beri ekki skaðabótaábyrgð vegna. Í málskoti byggir M á því að einstaklingar hljóti að vera bótaskyldir þegar munir í þeirra eigu valda öðrum einstaklingum tjóni. Eins og staðan sé núna falli bótaábyrgð á hann persónulega þrátt fyrir að hann hafi talið sig njóta góðrar tryggingarverndar. Þá kemur fram í málskoti að M telji trampólínið ekki hafa verið nægilega vel fest niður miðað við veðuráðstæður, en hann hafi ekki náð að taka það niður áður en vindur varð svo mikill að það færi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þá afstöðu að ekki verði séð að frágangur trampólínsins verði metinn M til sakar, en byggja verði á upphaflegri lýsingu hans, eins og hún hafi komið fram í tölvupósti dags. 31. janúar 2023, um frágang þess.

Álit.

Í 2. kafla skilmála váttryggingar þeirrar sem um ræðir er fjallað um ábyrgðartryggingarlið hennar. Þar kemur m.a. fram, sbr. 1. og 3. gr., að váttryggingin taki til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggða samkvæmt lögum en einstaklingar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Það er því ekki svo að einstaklingar beri almennt hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns sem kann að verða vegna muna í þeirra eigu, heldur þarf að koma til sök. Í því tilviki sem hér er til úrlausnar þyrfti því að vera sýnt fram á að M hafi að einhverju leyti vanrækt skyldur sínar, þ.e. með ófullnægjandi frágangi trampólínsins, eða með því að bregðast ekki við aðstæðum með viðunandi hætti. Ella verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem M beri ekki skaðabótaábyrgð vegna.

Hvað fyrra atriði varðar verður að byggja á fyrstu frásögn M, eins og hún kom fram í tölvupósti hans til V hinn 31. janúar 2023, þ.e. að trampólínið hafi verið fest niður með átta hælum, að því er talið var í góðu skjóli og hafi það staðið þannig í tvö ár. Verður ekki séð að þessi lýsing bendi til annars en að frágangur trampólínsins hafi verið eðlilegur og fullnægjandi, og verður hann ekki metinn M til sakar.

Hvað seinna atvikið varðar kemur fram í málskoti að stormur hafi verið á tjónsdegi. Engar nánari upplýsingar um veðurfar eða hugsanlegar viðvaranir vegna þess eru meðal málsgagna fyrir nefndinni. Liggur því ekkert fyrir um að aðstæður hafi verið með einhverjum þeim hætti að það verði metið M til sakar að hafa ekki brugðist við þeim.

Er því samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að skaðabótaskylda sé fyrir hendi og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr fjölskyldutryggingu M hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 78/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 3. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. mars 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. mars 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína í þágu X hinn 1. júní 2022. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi, ásamt tveimur samstarfsfélögum sínum, verið að vinna við sumarbústað rétt fyrir utan Borgarnes. M hafi verið að vinna við veröndina og hafi sest niður við hana til að komast að svæði undir henni. Hafi hann haft hlífðargleraugu fyrir augunum en séð lítið sem ekkert í gegnum þau, enda hafi þau verið mikið rispuð og myrkur undir veröndinni. Hafi M því tekið gleraugun af sér. Hafi aðkoman að svæðinu sem hann þurfti að vinna við verið þröng og M hafi þurft að sitja og halla sér til hliðar og fram til að beina naglabyssu sem hann var að vinna með á réttan stað. Þegar M hafi þrýst á gikk byssunnar hafi naglinn skotist til baka, líklega því byssan hafi ekki verið rétt staðsett á timbrinu, og eitthvað skotist í vinstra auga M. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við atvikið. Byggir M á því að X hafi ekki fullnægt lögbundnum skyldum sínum um að tryggja öryggi starfsfólks með því að tryggja aðgengi að persónuhlífum og tryggja með viðhaldi, viðgerðum og endurnýjun að þær væru hreinar og í góðu lagi. Önnur hlífðargleraugu hafi vissulega verið til staðar svo sem V haldi fram en þau hafi verið gömul og mikið rispuð. Sönnunarbyrði hins gagnstæða hvíli þá á X sem hafi vanrækt að tilkynna samstundis um slysið til Vinnueftirlitsins svo sem skylt hafi verið að gera, sbr. 19. gr. og 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tilkynning hafi hins vegar ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrr en hinn 9. júní 2022. Jafnframt byggir M á því að verkstjórn og skipulagi á vinnustaðnum hafi verið ábótavant. Enginn hafi farið með eiginlega verkstjórn á vinnustaðnum og ekkert áhættumat hafi farið fram áður en verk það sem M vann að hófst. Hefði það verið gert megi telja víst að hættan af bágbornu ástandi öryggishlífa hefði orðið X ljós. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að röksemdum M fyrir bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X sé hafnað. M hafi unnið hjá X í um tvö og hálf ár og sinnt ýmissi smíðavinnu, m.a. fjölmörgum verkum sambærilegum því sem hann sinnti á slysdegi. Hafi M því töluverða reynslu af vinnu með naglabyssu og sé vel upplýstur um nauðsyn viðeigandi hlífðarbúnaðar. Fleiri öryggisgleraugu hafi verið tiltæk á verkstað og gera verði þær kröfur til starfsmanna að þeir noti öryggisbúnað með réttum hætti. M hafi þá notað umrædd gleraugu allan daginn fram að slysi og hafi því mátt vera meðvitaður um ástand þeirra. Á starfsfólki hvíli sú skylda að tilkynna vinnuveitanda tafarlaust um ágalla eða vanbúnað sem leitt geti til skerts öryggis. Það hafi ekki verið gert og verði því ekki miðað við að verkstjóri hafi haft vitneskju um ástand gleraugnanna. M hafi sjálfur ákveðið að taka af sér gleraugun þegar hann athafnaði sig í myrkri undir verönd sumarhússins. Orsök slyssins sé því að rekja til þess að M hafi tekið af sér gleraugun áður en hann notaði naglabyssu við dimmar og þröngar aðstæður en það hafi falið í sér augljósa hættu. Gera verði þær kröfur til reynslumikilla starfsmanna að þeir beiti almennri skynsemi við slíkar aðstæður, óski eftir aðstoð samstarfsmanna eða tryggi fullnægjandi lýsingu. Þá fellst V hvorki á að verkstjórn hafi verið ábótavant né að skortur á áhættumati hafi leitt til slyss M. Um óhappatílik hafi verið að ræða sem fyrst og fremst verði rakið til aðgæsluleysis M sjálfs. Þar sem atvik að baki slysi M séu í sjálfu sér óumdeilt leiði skortur á tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá ekki einn og sér til þess að bótaskylda verði felld á X, enda nái viðsnúin sönnunarbyrði eingöngu til þeirra þátt sem hægt hefði verið að upplýsa betur um hefði Vinnueftirlitið komið á staðinn og rannsakað aðstæður.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M telji slysið rakið til athafnaleysis X sem hafi ekki útvegað starfsfólki sínu viðeigandi persónuhlífur og ágreiningur aðila hverfist um það hvort betri örísuð

gleraugu hafi staðið því til boða. Liggi í augum uppi að rannsókn Vinnueftirlitsins, hefði hún farið fram, hefði upplýst um þetta atriði og komið í veg fyrir þann ágreining sem uppi sé.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Óumdeilt er að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt samdægurs um atvikið, en samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Að mati nefndarinnar er ljóst að orsök slyss M er sú að hann vann með naglabyssu við dimmar og þröngar aðstæður án öryggisgleraugna. Um var að ræða verk sem er í sjálfu sér einfalt í framkvæmd fyrir mann sem er vanur slíkri vinnu og verður ekki talið að sérstakrar verkstjórnar eða leiðbeininga hafi verið þörf. Hvað varðar orsök þess að M tók af sér gleraugun þá liggja ekki fyrir nein gögn, vitnisburðir eða annað, er sýni fram á að ástand þeirra hafi verið bágborið. Jafnvel þó byggt væri á því að svo hefði verið verður þá ekki litið fram hjá því að M virðist hafa notað gleraugun án athugasemda fyrir slysið og liggur ekkert fyrir varðandi vitneskju X um slægt ástand þeirra. Er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að um annað en að um hafi verið að ræða óhapp og eigin aðgæsluleysi M sem ákvað að vinna umrætt verk án hlífðarglæraugna og við erfiðar aðstæður án þess, að því er virðist, að leita eftir aðstoð samstarfsmanna eða grípa til ráðstafana til að bæta lýsingu undir pallinum. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 79/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. mars 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. mars 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 14. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur varð 15. febrúar 2022 þegar M ók bifreið sinni (X) aftan á bifreið sem var kyrrstæð við gatnamótin Fjarðarhrauni og Hjallahrauni. Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að atvikið hafið ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni. V hafi aflað svokallaðrar PC-crash skýrslu við vinnslu málsins þar sem lítil sjáanleg ákoma hafi verið á ökutækjunum. Bótaskyldu hafi verið hafnað af hálfu V þar sem félagið hafi ekki talið orsakatengsl sönnuð. M byggir á því að samtíma læknisfræðileg gögn staðfesti það álit lækna að vissulega sé um varanlegt líkamstjón að ræða. Í umræddum læknisgögnum séu áverkar M raktir frá slysdegi til dagsins í dag og þá sé einnig farið yfir heilsufar M fyrir slys. Ljóst sé að áverkar komi ekki alltaf strax fram og það sé bersýnilega þannig í tilfalli M. M hafi reglulega farið til læknis vegna sárra verkja og vikulega til sjúkrahjálfa sem hafi ekki hjálpað M nema sem tímabundin verkjastilling. M byggir á því að þeir áverkar sem hún hafi orðið fyrir í árekstrinum hafi haft mikil áhrif á lífsgæði og það sé tvímælaust beint orsakasamband milli umferðarslyssins þann 15. febrúar 2022 og þess líkamstjóns sem M hafi orðið fyrir í slysinu. Þá vísar M til Hæstaréttardóms nr. 542/2012 og segir að ekki sé hægt að leggja að jöfnu tjón á bifreið og varanlegu tjóni á einstaklingum sem séu í bifreiðinni.

Í athugasemdum V kemur fram að ekki sé ágreiningur um að M hafi hlotið tímabundnar afleiðingar eftir slysið þann 15. febrúar 2022. V hafi samþykkt að greiða fyrir fyrstu komu M vegna þeirra tímabundnu einkenna sem M fann fyrir á slysdegi. V vísar til þess að það sé meginregla skaðabótaréttar að M beri að sanna tjón sitt og að tjónið megi rekja til bótaskylds atburðar, þ.e. orsakatengslin. Það sé ekki nægjanlegt til sönnunar um orsakatengsl milli atburðar og tjóns í líkamstjóns að hugsanlega geti verið um slík tengsl að ræða heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu fyrir hendi. V telji að M hafi ekki tekist framangreind sönnun. V byggir á því að í lögregluskýrslu hafi komið fram að lítið tjón var á bifreiðum á vettvangi. V hafi aflað PC-crash skýrslu þar sem fram komi hraða- og höggútreikningur. Það sé mat félagsins að skýrslan sýni að árekstur ökutækjanna hafi verið vægur. Ökuhraði ökutækis M hafi verið 31 km/klst og þyngdarkrafur 1,11g. Vísar V til Landsréttardóms í máli nr. 877/2018 og niðurstaðna Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3034/2019 og segir þá dóma sýna að PC-crash útreikningur hafi umtalsvert vægi við mat á því hvort bótaskylda sé fyrir hendi. Þá telur V að sjúkragögn sýni ekki að áreksturinn hafi valdið M varanlegum einkennum. Á slysdegi hafi M kennt sér meins í baki. Þá komi fram í öðrum sjúkragögnum að engin áverkamerki hafi greinst. Í október 2022 sé M síðan farin að lýsa öðrum einkennum en áður hafi komið fram s.s. að M eigi stundum erfitt með gang. Orsakatengslum milli þessara síðar framkomnu einkenna og árekstursins sé sérstaklega mótmælt. V vekur sérstaka athygli á niðurstöðum VIRK þess efnis að það sé enginn heilsubrestur sem valdi óvinnufærni til staðar og skilyrði fyrir endurhæfingu á vegum VIRK séu því ekki uppfyllt. Einnig bendir félagið á að M hafi sögu um forskaða eftir umferðarslys á árinu 2015 en hún hafi áður verið metin með 5 stiga miska og 7% varanlega örorku vegna sömu einkenna og M kvarti nú undan. Loks vekur V athygli á að M hafi ekki óskað eftir mati á meintum afleiðingum slyssins. Það liggja því ekki fyrir matsgerð þar sem tekin er afstaða til orsakatengsla á milli slyssins og einkenna M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum beri M hallann af því að engin slík sönnun liggja fyrir. M mótmælir því sem segir í málskoti M að í sjúkragögnum M komi fram að um varanlegt líkamstjón sé að ræða það sé einfaldlega rangt því hvergi í sjúkragögnum megi finna slíka staðhæfingu.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 31. mars 2023, áréttar M að ekki sé hægt að draga of víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni eins og PC-crash skýrslu. Hennar hafi verið einhliða aflað og ekki liggi fyrir mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Það verði að líta til annarra gagna málsins s.s. sjúkragagna. Þá ítrekar M að ekki sé hægt að leggja að jöfnu tjón á bifreið og varanlegu tjóni á einstaklingum sem í bifreiðunum eru. M hafi strax kvartað undan verkjum og þeir hafi ágerst síðan. Í málinu liggi fyrir ítrekaðar komunótur heimilislæknis þar sem M kvarti undan afleiðingum slyssins og ekkert hafi gengið að draga úr verkjum M eftir slysið þó ár sé liðið frá slysi. M hafi verið einkennalaus fyrir slysið og sé kominn með tilvísun til taugaleiðnisérfræðings og því sé M enn að leita sér meðferðar vegna afleiðinga slyssins. Loks segir M að hún geti ekki gengist undir mat á afleiðingum slyssins þar sem höfnun V hafi komið snemma í ferlinu og M geti ekki borið kostnað við öflun matsgerðar sjálf.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs þann 15. febrúar 2022. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að lítið sem ekkert tjón varð á bifreiðunum þremur sem lentu í árekstrinum þann 15. febrúar 2022. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástands M. Samkvæmt almennum sönnunareglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir í málinu má ráða að M leitaði samdægurs eftir slysið á bráðamóttöku Landspítalans þar sem hún var greind með tognun og ofreynslu á háls- og brjóstþrygg. M var atvinnulaus þegar slysið gerðist en taldi sig verða óvinnufæra vegna slyssins og hefur leitað reglulega á heilsugæsluna vegna einkenna sinna. Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkragögnum kvartaði M aðallega undan verkjum frá baki og undirgekkst fjölmargar rannsóknir sem sýna engin áverkamerki. Í málinu liggja fyrir gögn um fyrra heilsufar M en hún hafði í matsgerð frá árinu 2017 verið metin til varanlegs miska og varanlegrar örorku eftir umferðarslys, vegna sömu eða sambærilegra einkenna og hún kvartar undan í dag. Það liggur því fyrir að M hefur fyrri sögu um einkenni frá baki. Loks liggur fyrir gagn frá VIRK endurhæfingarsjóði út af starfsendurhæfingarmati M, dags. 22. nóvember 2022, þar sem fram kemur „*Sköðun gefur til kynna að ekki sé teljandi hindrun af þeim eymslum sem hún er með þó þau geti eflaust verið hvítleið á köflum. Ekki er talið að til staðar sé heilsuþrestur sem kallar á starfsendurhæfingu.*“ Miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu er ekki ljóst hvort einkenni sem M lýsir tengist fyrra heilsufari hennar eða árekstrinum sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa árekstrar. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af því þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 15. febrúar 2022. Af virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni vegna áreksturs þann 15. febrúar 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 80/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

1. Málskot dags. 28. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. mars 2023, ásamt tilkynningu vinnuveitanda um slys, dags. 8.8. 2022 og úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 157/2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist hinn 22. desember 2019 þegar hann féll af háalofti eða geymslulofti yfir bílskúr á heimili hans. Afleiðingar slyssins fyrir M voru m.a. liðhlaup í hægri öxl og mjaðmagrindarbrot auk áverka í brjóstþrygg og hefur hann verið metinn til samtals 15% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna þessa. Slysíð var tilkynnt til V hinn 5. ágúst 2022 og er ágreiningur um hvort þá hafi ár verið liðið frá þeim tíma sem M vissi um atvik sem krafa hans er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í málinu liggja fyrir mjög ítarleg læknisfræðileg gögn þar sem m.a. sjúkraskrá M er rakin frá því að hann slasaðist og hvaða meðferð hann sótti.

M telur að ársfrestur til að tilkynna um kröfu í slysáttryggingu launþega hafi ekki byrjað að líða fyrir en 22. febrúar 2022, þegar M hafi leitað til heilsugæslulæknis sem hafi upplýst hann um að varanlegar afleiðingar væru af slysi hans í desember 2019 og þannig hafi ársfrestur ekki verið liðinn þegar tilkynnt var um slysíð hinn 5. ágúst 2022 til V. M vísar til þess að samskipti hans við sérfræðilækni í lok mars og í apríl 2020 sýni að einkenni M hafi verið minnkandi en hann hafi enn verið í sjúkrahjálfun á þeim tíma. Einnig vísar M til gagna í sjúkraskrá um sjúkrahjálfunarmeðferð á Landspítalanum fram í janúar 2022, en þá hafi M verið ráðlagt af sjúkrahjálfara að fara til heimilislæknis ef hann fyndi fyrir verkjum. Í febrúar hafi M síðan farið til heimilislæknis og sá þá staðfest að um skerta hreyfingu væri að ræða vegna slyssins og varanlegar afleiðingar.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi mátt vita fyrir 5. ágúst 2021, eða þegar ár var þar til slys M var tilkynnt til V, að varanlegar afleiðingar hefðu hlotist af slysi hans 22. desember 2019. V vísar til upplýsinga í sjúkraskrá M þar sem komi fram að afleiðingar slyss M hafi strax verið alvarlegar og að M hafi verið í reglulegri sjúkrahjálfun vegna slyssins fram í lok júlí árið 2020 þegar hlé hafi verið gert á henni og þá hafi M enn verið að glíma við einkenni. Einnig hafi M komið á göngudeild Landspítalans bæði 1. desember 2020 og 3. júní 2021 og komi fram í nótum vegna þeirra heimsókna að M sé enn með verki. Einnig bendir V á að M hafi margsinnis leitað til heilsugæslu á svipuðum tíma án þess að minnst á slysíð og bendi það til þess að einkenni hafi verið orðin stöðug á þeim tíma og ekki að vænta frekari bata. V telur að heimsókn M til heilsugæslulæknis í febrúar 2022 hafi ekki markað nokkur tímamót eða lok sjúkrahjálfunarmeðferðar rétt áður og atvik sem krafa M sé reist á hafi því verið komin fram ári fyrir tilkynningu um slysíð.

Álit.

Í gögnum málsins er ítarlega lýst þeirri lækni- og sjúkrahjálfunarmeðferð sem M hlaut vegna margþættra afleiðinga slyss hinn 22. desember 2019. Þó áverkar M hafi verið alvarlegir í byrjun verður ekki séð að honum hafi mátt vera það ljóst að varanlegar afleiðingar hlytust af strax þá. Í læknisfræðilegum gögnum er hægt að sjá að einkenni M voru mismunandi eftir því sem á leið, en meðferð við verkjum og einkennum var haldið áfram allt fram í janúar árið 2022. Verður ekki annað ráðið af umfangsmikilli sjúkrahjálfunarmeðferð í þetta langan tíma að einhverjar líkur hafi verið á því að M fengi meina sinna bót á tímabilinu. Ekki koma fram skýrar upplýsingar í læknisvottorðum málsins sem sýna að M hafi verið gerð grein fyrir því á tímabili sjúkrahjálfunar að hann hlyti varanlegar afleiðingar af áverkum sem hann varð fyrir í slysinu 22. desember 2019 eða upplýsingar um að hann hafi getað gert sér grein fyrir því þrátt fyrir að sjúkrahjálfunarmeðferð hafið verið áframhaldið. Verður

Því ekki talið ljóst að M hafi vitað um atvik sem krafa hans um bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku er reist á fyrir 5. ágúst 2021, eða einu ári áður en tjón M var tilkynnt til V. Telst M því eiga rétt á bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 82/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 6. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. apríl 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A, sem er í eigu M og B, sem váttryggð er hjá V á gatnamótum Sæbrautar og Katrínartúns þann 21. maí 2022. Var bifreiðinni B ekið í veg fyrir A með þeim afleiðingum að árekstur varð. Bótaskylda var viðurkennd hjá V úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B og leitaði M til verkstæðis vegna viðgerðar á því tjóni sem varð á vinstri hliðar bifreiðarinnar m.a. vinstri framstuðara. Sá kostnaður var greiddur af V. M telur að viðgerð á bifreiðinni hafi verið áfátt þar sem stuðari bifreiðarinnar hafi ítrekað dottið af bifreiðinni þrátt fyrir að gerðar hafi verið tilraunir til þess að líma hann fastan. Í málskoti kemur fram að stuðarinn hafi fyrir viðgerð verið eitthvað laus fyrir hægra megin en hafi þrátt fyrir það haldist uppi. Þegar verkstæðið hafi tekið stuðarann af hafi það brotið rest af festingum. Óskar M þess að fá bílinn eins og hún skildi við hann fyrir viðgerð.

V vísar til þess að óumdeilt sé að við áreksturinn hafi orðið tjón á vinstra framhorni bifreiðar M. Á verkstæðinu hafi framstuðarinn verið tekinn af bifreiðinni og vinstra horn lagað. Í kjölfarið var stuðarinn svo festur aftur á bifreiðina. Vísar V til þess að af myndum af bifreiðinni megi sjá að stuðarinn var fyrir viðgerðina aðeins frá hægra megin auk þess sem festingar voru brotnar og greina mátti brot í stuðaranum að neðan. Vísar V til 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar til stuðning þess að tjónþoli skuli verða eins settur fjárhagslega og hann var fyrir tjónið. Hefði viðgerð farið fram á stuðaranum í heild, þ.e. einnig á hægra framhorni bifreiðarinnar, er ljóst að M yrði betur sett en hún var fyrir tjónið, auk þess sem V væri að greiða bætur umfram það tjón sem hlaust vegna notkunar bifreiðarinnar B.

Álit.

Ekki ágreiningur um að M eigi að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V. Ágreiningur lítur að því hvort sú viðgerð sem fram fór á bifreiðinni hafi verið fullnægjandi á þann hátt að tjónið teljist vera fullbætt. M hefur viðurkennt að það voru einhverjar festingar á hægri hlið framstuðarans brotnar fyrir áreksturinn. Verður ekki annað séð, af gögnum málsins og framburði beggja aðila, en að stuðarinn hafi þrátt fyrir það haldist uppi. Eftir að viðgerð fór fram hefur stuðarinn ítrekað dottið af bifreiðinni þrátt fyrir tilraunir verkstæðis til að festa hann uppi. Af þessu má leiða líkur að því að þegar stuðarinn var tekinn af bifreiðinni vegna viðgerðar á vinstra horni hans, hafi þær festingar sem þó voru enn til staðar og héldu honum uppi, brotnað. Samkvæmt reglum skaðabótaréttar á tjónþoli að vera eins fjárhagslega settur og ef tjónið hefði ekki orðið. Svo er ekki í tilviki M þar sem stuðarinn helst ekki lengur uppi og verður því að telja að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis sem nema þeirri fjárhæð að koma bifreiðinni í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V sem nema þeirri fjárhæð að koma bifreiðinni í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 83/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V): V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 27. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 22. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 4. janúar 2023, varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M en dóttir hans ók umrætt sinn, á Fríkirkjuvegi í Reykjavík. Ökumaður A lýsir atvikum svo að slys á Fríkirkjuvegi hafi valdið umferðartöfum og bifreiðar á undan honum hafi verið kyrrstæðar, og ekki nýtt tækifæri til framúraksturs þó skilyrði til hans hafi verið góð. Þegar tækifæri gafst hafi hann nýtt það og ekið fram úr röðinni, eftir að hafa beðið í drykklanga stund. Í sömu andrá hafi B ekið af stað, en ekki veitt A athygli og keyrt inn í hægri afturhlið hennar. Atburðalýsing M er á þann veg að vegna áreksturs framan við gatnamót Fríkirkjuvegur og Skothúsvegur hafi myndast röð af bifreiðum og ökumenn þeirra hafi beðið eftir því að geta nýtt hina akreinina til að komast fram hjá árekstrinum. Þegar dóttir M hafi verið næst í röðinni hafi hún gefið stefnuljós til marks um að hún sé að færa sig yfir á hina akreinina. Þá hafi A komið á fleygiferð aftur úr röðinni, í sömu akstursstefnu og B, og árekstur hafi orðið milli A og B.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu öll sök skyldi lögð á B sem hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hún ók af stað úr kyrrstöðu yfir á gagnstæða akrein. M fellir sig ekki við þau málalok og telur að A beri sök á árekstrinum, enda hafi hann skapað hættu með aksturslagi sínu í vetrarfærð þar sem umferðarslys hafði átt sér stað.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar, er tekið undir kröfu M, enda hafi A sýnt af sér aðgæsluleysi þegar hann ákvað að taka fram úr röð bifreiða við þær aðstæður sem voru á vettvangi. Aðstæður til framúraksturs hafi tæpast verið fyrir hendi, mikill snjór á veginum og umferð hafi stöðvast vegna umferðaróhapps. Hafi ökumanni A borið að ganga úr skugga um að hægt væri að taka fram úr án þess að af því skapaðist hættu og í öllu falli hefði hann átt að sýna af sér fyllstu varkárni við þær aðstæður sem voru fyrir hendi.

Álit.

Aðila greinir ekki á um meginatriði þeirra atvika sem leiddu til áreksturs A og B. Þannig liggur fyrir að tafir urðu á umferð vegna umferðaróhapps og að B var fremst í röð bifreiða sem biðu færís á að komast fram hjá vettvangi þess óhapps. A var aftur í röðinni er hann hóf framúrakstur fram hjá þeim bifreiðum sem voru nær vettvangnum. Á sama tíma ók B yfir á sömu akrein með þeim afleiðingum að árekstur varð.

Hvað B varðar þá verður að telja að hún hafi ekki gætt nægilega að því að unnt væri að aka til hliðar og yfir á gagnstæða akrein án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur, sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Hvað A varðar verður að líta til þess að sérstök aðgæsluskylda hvílir á ökumanni sem hyggur á framúrakstur, sbr. 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Verður að telja að þessi skylda hafi verið sérlega rík við þær aðstæður sem voru uppi, en A var ljóst að umferðaróhapp hafði orðið framan við bílaröðina sem hann ók fram úr, og honum var jafnframt ljóst að ökumenn þeirra bifreiða sem framar voru biðu færís á að skipta um akrein til að komast fram hjá vettvangi óhappsins. Var framúrakstur með þessum hætti því afar varhugaverður við þær aðstæður sem voru uppi og verður að telja að A hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem honum bar.

Með vísan til framangreinds, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök því skipt að jöfnu milli ökumanna A og B.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 84/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2023, ásamt skoðunarskýrslu dags. 18. nóvember 2022 og myndum frá skoðun.
3. Tölvupóstur M, dags. 18. apríl 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að leki hafi uppgötvast á skrifstofu M hinn 25. nóvember 2022 við reglulega ræstingu. Af skýringum M má ráða að síðast hafi verið þrifið á sama stað viku áður og þá hafi ekki verið vart leka.

M telur að tjón falli undir gildissvið fasteignatryggingar sinnar hjá V og vísar til þess að tjón hafi komið fram á fasteign sinni á t.d. gangi og í eldhúsi vegna leka á lögn við vask. Einnig vísar M til skýrslu frá verkfræðistofu frá því í desember 2022, en úttekt vegna þeirrar skýrslu hafi farið fram 1. desember 2022 og þar kemur fram að veggir, gólf og hurðarkarmar hafi orðið fyrir rakaskemmdum vegna leka. Þar kemur einnig fram að líklegt sé að smitað hafi með blöndunartækjum í einhverja daga og síðan byrjað að leka, en smitsins hafi ekki orðið vart fyrr en leki kom í ljós. Einnig vísar M til þess að hugsanlega hafi liðið vika frá því að leki í blöndunartækjum byrjaði og þar til hann uppgötvaðist enda hafi hann orðið í lokuðu geymslurými. Einnig bendir M á að V hafi gert tilboð í tryggingar húsfélags vegna fasteignatryggingar árið 2021 og hafi ekki gert athugasemdir við ástand eignarinnar við það.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess í tölvupósti til M dags. 29. nóvember 2022 að það sé mat sérfræðinga á vegum V sem skoðuðu tjón M að það væri að rekja til langvarandi leka frá blöndunartækjum. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 31. mars 2023 er vísað til gildissviðs váttryggingar M hjá V í 1. mgr. 19. gr. váttryggingarskilmála þar sem segir að váttryggingin bæti tjón á váttryggðri eign sem á upptök sín innan útveggja hússins og hlýst af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum hússins, salernisskálum, handlaugum, baðkerum, vöskum, þvottavélum, uppþvottavélum, miðstöðvarkerfi, frárennslisleiðslum og vatnshönum sem gleymst hefur að skrúfa fyrir. V telur tjón M ekki ná til orsaka 1. mgr. 19. gr. skilmálanna þar sem um hafi verið að ræða langvarandi leka frá tærðu blöndunartæki í ræstikompu og vísar um það til mynda og skýrslu fá þeim aðila sem skoðaði tjóni fyrir V. Í skoðunarskýrslu vegna tjóns sem tiltekið er að hafi orðið 18. nóvember 2022 segir að orsök tjóns sé sú að „pakkning“ á blöndunartæki hafi gefið sig og að umfang tjóns sé að veggir séu myglaðir eftir langvarandi leka.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón á húseign M falli undir gildissvið váttryggingarskilmála nr. 400 hjá V. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að leka hafi orðið vart hinn 25. nóvember 2022 á svæði þar sem ekki hafi verið merki um slíkan leka viku áður og að sá leki hafi verið úr vatnsleiðslum húss þess sem váttryggingin tekur til. Í 19. gr. váttryggingarskilmála er gildissvið váttryggingar M skilgreint þannig að um skyndilegan og óvæntan leka þurfi að vera að ræða og í gr. 46.6 í sömu váttryggingarskilmálum kemur fram að gildissvið váttryggingarinnar sé þannig takmarkað að hún bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.

M ber sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið váttryggingar skv. almennum sönnunarreglum en váttryggingafélag ber hins vegar sönnunarbyrði um að skilyrði til takmörkunar bótaábyrgðar, t.d. skv. undanþáguákvæðum váttryggingarskilmála, eigi við.

Þegar tilgreind ákvæði váttryggingarskilmálanna, þ.e. 19. gr. og gr. 46.6 eru túlkuð saman verður að líta svo á að orðalagið skyndilegur og óvæntur leki nái til þess að M hafi skyndilega og óvænt orðið lekans var í lok nóvember 2022 og gildissvið 19. gr. váttryggingarskilmála sé því uppfyllt.

Eftir stendur þá að meta hvort sýnt sé með nægilega skýrum sönnunargögnum að tjón M sé vegna langvarandi raka eða vatnsleka. Í því skyni hefur V lagt fram skoðunarskýrslu sérfræðinga á sínum vegum þar sem engar frekari skýringar en ljósmyndir liggja fyrir vegna mats á því að um langvarandi leka hafi verið að ræða. Í úttekt verkfræðistofu, sem M fékk til að vinna skýrslu vegna tjónsins, kemur hins vegar fram að einungis hluti tjóns á húseigninni sé vegna smits frá blöndunartækjum en meirihluti þess vegna leka. Við mat á þessum sönnunargögnum, sem og því að V beri sönnunarbyrði um að tjón M hafi orðið vegna langvarandi leka, telst ekki nægilega sannað að allt tjón á húseign M hafi orðið vegna langvarandi leka í skilningi gr. 46.6 í vátryggingarskilmálum. V hefur ekki hnekkst mati sem kemur fram í fyrrnefndri skýrslu sem M lagði fram og verður að bera hallann af því.

Verður því að telja að greiðsluskylda V hafi stofnast úr fasteignatryggingu (húseigandatryggingu) hjá V, en ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjárhæð tjóns vegna lekans og verður því ekki tekin afstaða til fjárhæða í þessum úrskurði.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 85/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. mars 2023 ásamt skýrslu vegna útreiknings í PC Crash.
3. Tölvupóstur M dags. 26. maí 2023 ásamt matsgerð Skúla Gunnarssonar læknis dags. 25. maí 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 1. júní 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið X var ekið aftan á bifreið sem M ók á frárein af Reykjanesbraut hinn 15. mars 2022. M leitaði til læknis daginn eftir og kom fram í þeirri heimsókn að M væri með verk frá hálsliðum niður í mjóbak en einnig sögu um slæma verki í baki. Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í því að renna í hálku við vinnu 2. mars 2022 og var óvinnufær vegna þess til 11. mars 2022. Einnig lenti M í öðru vinnuslysi 14. janúar 2021. Afleiðingar þessara slysa voru allar metnar í matsgerð eins læknis dags. 25. maí 2023 m.t.t. læknisfræðilegrar örorku, hvenær fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar og sérstaklega var beðið um að sjúkrasaga M væri könnuð til þess að hægt væri að greina á milli einkenna sem tengdust þessum slysum og annarra sem væru þeim óviðkomandi. Niðurstaða umræddrar matsgerðar var sú að vegna umferðarslyssins 15. mars 2022 væri M metin til 3ja stiga miska (læknisfræðilegrar örorku) og þess sérstaklega getið að tímabært væri að meta afleiðingar slysa sem og að saga M hafi verið könnuð rækilega við matið.

M telur að sýnt sé að orsakatengsl séu milli umferðarslyss hennar 15. mars 2022 og þeirra einkenna sem hún hefur nú og metin hafa verið til varanlegs miska. M vísar því á bug að svokölluð PC Crash skýrsla hafi sönnunargildi, enda hafi hennar verið aflað einhliða sem og séu þær forsendur sem lagðar séu til grundvallar í skýrslunni ekki byggðar á samtímagögnum, auk þess sem forrit geti aldrei reikna raunveruleg áhrif á líkama. M vísar til læknisfræðilegra gagna í málinu, sérstaklega matsgerðar sem sé vel rökstudd og telur að orsakatengsl séu sönnuð.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að ekki liggi fyrir nægilega skýr læknisfræðileg gögn um líkamstjón M og með vísan til þess og niðurstöðu PC Crash skýrslu verði að orsakatengsl ósönnuð. V telur ekki ágreining um bótaskyldu og heyri málið því ekki undir starfssvið nefndarinnar. Eftir að matsgerð dags. 25. maí 2023 lá fyrir hefur V þær athugasemdir að umrædd matsgerð meti samtals afleiðingar þriggja slysa og sé einungis um að ræða mat á læknisfræðilegri örorku og tilgangurinn með matinu sé að krefjast bóta skv. reglum Reykjavíkurborgar nr. 1/90 og sé það félaginu óviðkomandi og hafi það ekki verið matsþoli og bindi matsgerðin því ekki félagið. Einnig vísar V til þess að M eigi rétt á bótum að því marki sem hún nái að sýna fram á tjón sitt og ítrekar að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu og málið eigi því ekki undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 3. gr. samþykktu hennar og verði því að vísa málinu frá.

Álit.

Að gefnu tilefni telur nefndin rétt að benda á að skv. nógildandi samþykktum hennar er í 1. mgr. 3. gr. tekið fram að undir starfssvið nefndarinnar heyri mál sem varða réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi að öðru leyti eins og nánar greini í 2. og 3. mgr. 3. gr. Í þeim málsgreinum er fjallað m.a. um bótaskyldu, ágreining sem varðar lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og lög um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019 auk ágreinings um fjárhæðir. Af þessu orðalagi verður ekki annað ráðið en að starfssvið nefndarinnar sé víðtækt og taki til ágreinings milli málskotsaðila og váttryggingafélaga sem ekki sé sérstaklega undanþeginn í 4. gr. samþykktanna. Ágreiningur um greiðslu bóta sem byggir á því að váttryggingafélag telji ekki forsendur til greiðslu vegna þess að orsakatengsl séu ekki sönnuð í tjónamálum vegna líkamstjóna er ekki ágreiningur sem sérstaklega er undanskilinni

í fyrrnefndri 4. gr. samþykktu nefndarinnar. Verður að telja slíkan ágreining að minnsta kosti falla undir ágreining sem lýtur að „...vátryggingastarfsemi að öðru leyti...“ í skilningi 1. mgr. 3. gr. samþykktanna. Verður máli M því ekki vísað frá nefndinni. Auk þessa má benda á að mál sem ekki falla undir starfssvið þessarar nefndar gætu fallið undir starfssvið annarra úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. lög nr. 81/2019 og vísast til ákvæða um upplýsingagjöf til neytanda hvað það varðar.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 15. mars 2022. Fyrir liggur að M leitaði til læknis daginn eftir og lýsti einkennum sem og að hún hafi áður haft svipuð einkenni. M fékk beiðni í sjúkráþjálfun í maí 2022 og í matsgerð dags. 25. maí 2023 eru einkenni rakín sem og læknisheimsóknir og meðferð M vegna þessa tiltekna slyss. Einnig er fjallað um tengsl við fyrra heilsufar og einkenni vegna annarra slysa í matsgerðinni og verður ekki séð að matsgerðin sé haldin nokkrum annmörkum. Af henni má ráða að M hafi hlotið varanlegar afleiðingar vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í árekstri 15. mars 2022 og að hún hafi sýnt fram á það með gögnum sem hægt er að leggja til grundvallar í heildstæðu mati á orsakatengslum. V hefur ekki hnekkt því læknisfræðilega mati sem fram kemur í matsgerðinni og þó V hafi ekki verið beinn aðili að henni verður er ekki unnt að líta framhjá því mati sem þar kemur fram. Það mat lýtur sérstaklega að M og áhrifum á hana á meðan svokölluð PC Crash skýrsla felur ekki slíkt mat í sér. Verða þessar skýrslur því ekki lagðar að jöfnu sem sönnunargagn um læknisfræðilegar afleiðingar atviks.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirbyggjandi gögnum, telst M hafa sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt hafi til varanlegra afleiðinga og teljast orsakatengsl því sönnuð.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 86/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. U-beygja.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 29. mars 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Tölvupóstur V1, dags. 13. júní 2023.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. júní 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem M ók, og B á gatnamótum Hringbrautar og Hlíðarvegar í Hafnarfirði þann 22. janúar 2023. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Fyrirtækið Aðstoð & Öryggi tók símaframburði af ökumönnum þremur dögum síðar. Ökumaður A segist í framburði sínum hafa ekið vestur Hringbraut, hægt á sér, gefið stefnuljós til vinstri og ætlað að taka u-beygju til að komast heim til sín. Hafi hann tekið eftir að B var mjög nálægt þegar hann hægði á sér við gatnamótin og áður en hann vissi af var B ekið á bílstjórahurð A. Í framburði ökumanns bifreiðarinnar B kemur fram að hann hafi ekið á eftir bifreiðinni A og við gatnamót við Hlíðarbraut hafi bifreiðin A beygt til vinstri, án þess að gefa stefnuljós og runnið áfram. Ökumaður B kveðst hafa reynt að hemla en einnig runnið áfram og á vinstri hlið A. Kveðst ökumaður B hafa ekið á um 25 km/klst. hraða.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 92/23 að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M, sem var ökumaður A, er ósáttur við þá niðurstöðu. Telur ökumaður A að bifreiðinni B hafi verið ekið of nálægt sér og að það hefði mátt afstýra óhappinu hefði ökumaður B gætt þess að haga akstri eftir aðstæðum. U-beygja sé ekki bönnuð á gatnamótunum, hann hafi gefið stefnuljós til vinstri og hægt á ferð. Telur hann ósanngarnt að vera dæmdur í 100% órétti.

V1 vísar til þess að engar merkingar eru þar sem áreksturinn átti sér stað sem banna ökumönnum að taka u-beygju. Meginorsök fyrir því að árekstur varð sé sú að ökumaður B gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs. Með því braut hann gegn 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2 telur M sem ökumann A bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi með aksturslagi sínu brotið gegn fjölda hátternisreglna umferðarlaga. Rík aðgæsluskylda sem staðfest hafi verið í fjölda mála nefndarinnar hvíli á ökumönnum sem taka u-beygju á vegi. M hafi ekki gætt nægjanlega að umferð sem á eftir kom áður en hann dró snögglega úr hraða ökutækisins og ók til hliðar í u-beygju á gatnamótunum. Ósannað sé að M hafi gefið stefnuljós en hann ber sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni. Þá bendi ákomur bifreiðanna til þess að M hafi ekki tekið umrædda u-beygju frá miðlínu akbrautar þar sem ákoma sé á vinstri hlið bifreiðar hans.

Álit.

Í einu fylgiskjali málskotsins var að finna að því er virðist samskipti milli M og starfsmanns tryggingaumboðs þar sem M upplýsir að hafa farið út í hægri kant akbrautar með stefnuljós til vinstri, til þess að geta náð u-beygiunni. Með því braut hann gegn 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram kemur að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu akbrautar. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið að það hafi verið aðal orsök árekstursins enda minnst ökumaður B ekki á hægri sveigjuna í framburði sínum. Báðir ökumenn eru sammála um að mikil hálka var á veginum er árekstur átti sér stað. Á vettvangi er heimilt að taka u-beygju en við það verður ökumaður að gæta að 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á um skyldu ökumanns til að ganga úr skugga um, áður en hann ekur til hliðar, nemur staðar eða dregur snögglega úr hraða bifreiðar, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Ljóst er því að ökumanni A bar að sýna sérstaka aðgæslu við þessar aðstæður en svo virðist sem hann hafi ekki nægilega hugað að umferð sem á eftir kom þegar hann sveigði til hægri á veginum og svo beint í vinstri beygju. Sérstaklega í ljósi mikillar hálku á vettvangi og að ökumaður

A kveðst í framburði sínum hafa séð bifreiðina B aka of nálægt sér í áður en hann tók u-beygjuna. Þykir því rétt að ökumaður A beri $\frac{2}{3}$ hluta sakar á umræddum árekstri.

Eins og fyrr segir kemur fram í framburði ökumanns B, að hann hafi reynt að hemla en runnið áfram á bifreið M. Gefur það til kynna að ökumaður B hafi ekki gætt að því við akstur, að hafa bifreið sína svo langt frá bifreið A, að ekki væri hætt á árekstri þótt sú bifreið myndi stöðvast eða draga úr hraða, sbr. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga. Þá bar honum einnig skv. 1. og 2. mgr. 36. gr. laganna að miða ökuhraða við aðstæður á vettvangi. Þykir því jafnframt rétt að ökumaður B beri $\frac{1}{3}$ hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber $\frac{2}{3}$ hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B, ber $\frac{1}{3}$ hluta sakar.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 88/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vörslur.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. mars 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að X hafi annast þrif í orlofsíbúðum í eigu M og þann 30. maí 2022 hafi starfsmenn X verið að affrysta ísskáp í einni íbúðinni. Slökktu þau á ísskápnum og fóru út úr íbúðinni án þess að ljúka affrystingu og setja hann í gang aftur. Vatn lak úr ísskápnum og olli skemmdum á parketi í alrými íbúðarinnar. V hefur boðið fram bætur vegna tjónsins án viðurkenningar á bótaskyldu. Boðnar bætur miðast við að lagfæra parketið á 25 fermetra svæði en M telur tjónið ekki fullbætt nema með útskiptingu á öllu parketi íbúðarinnar. M hafi tekið ákvörðun um að leggja parket án þröskulda eða samskeyta í alrými og herbergi í öllum íbúðum sínum á orlofssvæðinu og hafði til þess bæði útlitslegar forsendur og praktískar forsendur með tilliti til þrifa. M telur tjón sitt ekki að fullu bætt ef aðeins er skipt um parket á alrými og því annað hvort skeytt við það parket sem fyrir er eða settir þröskuldar, eins og V hefur lagt til, enda var það parket sem fyrir var án samskeyta eða þröskulda. Til viðbótar verði ávallt einhver litamunur til staðar. M fer því fram á það að fá bætt parket á alrými og í tvö svefnherbergi íbúðarinnar. Hvað bótaskyldu varðar þá telur M að skilyrði almennra skaðabótareglna séu uppfyllt og að starfsmenn X, sem hann beri vinnuveitendaábyrgð á, hafi af gáleysi slökkt á ísskáp til að affrysta hann en ekki lokið verkinu og sett hann í gang aftur, heldur skilið ísskápinn eftir svo ís bráðnaði og lak út á gólf og lá á parketi þar til gestir komu í íbúðina aftur. Þar sé um að ræða skyndilegan og óvæntan atburð. Í viðbótaathugasemdum M er vísað til minnisblaðs og kostnaðarmats frá verkfræðistofu þar sem fram kemur m.a. að samanlagður flötur rýmisins sé 39 fermetrar en ekki 25 fermetrar og að parketið sem er á gólfinu sé líklega ekki til og að viðgerð með annarri gerð á hluta gólfs sé ekki með nokkru móti ásættanleg.

V hefur boðist til að greiða fyrir umskipti á parketi á alrými án viðurkenningar á bótaskyldu. Hefur V boðið bætur að fjárhæð kr. 328.706, sem nemur kostnaði við að endurnýja parket á 25 fermetra alrými. Hefur V hafnað að skipta um parket í tveimur herbergjum þar sem engar skemmdir eru þar á parketi. Vísar V til þess að engin gögn hafi verið lögð fram af hálfu M varðandi að ekki sé hægt að fara þá leið að skipta um þau parketborð sem eru skemmd eða að viðgerð verði óhjákvæmilega dýrari en sem nemur þeim bótum sem þegar hafa verið boðnar. Verður því að teljast ósannað að tjón M sé meira en sem nemur bótafjárhæðinni. Hvað bótaskyldu varðar þá vísar V til i-liðar 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingar atvinnureksturs þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki tjón á munum sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Fyrir liggir að X tók að sér að þrifa húseignina, þ.m.t. parketið, kæliskápinn o.fl. Við þá vinnu munu starfsmenn X hafa slökkt á ísskáp en gleymt að kveikja á honum að nýju eftir að vinnu þeirra lauk. Þar sem starfsmenn X voru að vinna við kæliskápinn og parketið, og tjónið á parketinu varð við verkið, er það niðurstaða V að tjónið sem varð á parketinu sé undanskilið skv. fyrrgreindu skilmálaákvæði.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur í fyrsta lagi að því hvort tjón M sé bótaskyldt úr frjálstri ábyrgðartryggingu X hjá V og í öðru lagi hvert umfang tjónsins er. V hefur boðið bætur sem nemur kostnaði við að endurnýja parket á 25 fermetra rými, án viðurkenningar á bótaskyldu. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjónið M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Telja verður að starfsmenn X hafi sýnt af sér gáleysi er þeir slökktu á ísskáp íbúðarinnar án þess að gera ráðstafanir varðandi vatn sem myndast þegar ísinn í frystinum bráðnar og bera þannig ábyrgð á tjóni á parketi

íbúðarinnar. Kemur þá til skoðunar hvort undanþáguákvæði i-liðar 3. gr. váttryggingarskilmálans eigi hér við. Ákvæðið er undantekningarákvæði frá meginreglu 2. gr. um gildissvið váttryggingarinnar og ber því að skýra ákvæði greinarinnar þröngt. Ljóst er að starfsmenn X önnuðust öll þrif á orlofsíbúðum í eigu M og þar með þrif á gólfum og ísskáp. Hafði X því alla orlofsíbúðina í vörslum sínum er tjónið varð og þar af leiðandi á áðurnefnd undanþáguákvæði við og er bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X því ekki fyrir hendi.

Hins vegar liggur fyrir að V hefur boðist til að greiða bætur vegna tjónsins án viðurkenningar á bótaskyldu. Samkvæmt 12. gr. b. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga skal váttryggingafélag sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að V hafi fullnægt þessari skyldu sinni en bótatilboð félagsins er mjög skýrt og kemur þar fram sundurliðun á bótafjárhæðum. Verður þannig ekki talin ástæða til þess að gera athugasemdir við það hvernig félagið stóð að upplýsingagjöf til M um fjárhæð bóta sem félagið bauð umfram bótaskyldu. M vísan til ofangreinds á M því ekki rétt á hærri bótum en V hefur þegar boðið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en boðnar hafa verið úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 89/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot dags. 9. mars 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 30. mars 2023.
3. Tölvupóstur M, dags. 14. apríl 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 24. apríl 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að tilkynnt var um þjófnað úr geymslu M og öðrum geymslum í kjallara fjöleignarhúss hinn 1. desember 2022. Í sömu skýrslu kemur fram að innbúsmunir höfðu verið fjarlægðir og búið var að færa nokkuð að öðrum til fram á gólf á geymslugangi. Í skýrslunni er haft eftir M að geymsla hans hefði líklega verið ólæst og að engar sjáanlegar skemmdir hafi verið á hurð geymslunnar. Einnig kemur fram að geymslur í fjöleignarhúsinu séu á geymslugangi í kjallara stigagang og sé stigagangurinn alltaf læstur en hurð inn á geymsluganginn oftast ólæst. Þegar íbúar komu niður í kjallara þennan dag hafi hins vegar hurð inn á geymslugang verið læst en útihurð úr kjallara upp á gátt og úr lás.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr innbústryggingu hjá V vegna innbúsmuna sem stolið var að kvöldi 30. nóvember eða aðfaranótt 1. desember 2022 úr geymslu hans. M vísar til þess að merki hafi verið um innbrot á vettvangi þar sem m.a. byssuskápur afi verið brotinn upp og skemmdir unnar á geymslunni. Þannig séu skilyrði gr. 4.6 í váttryggingarskilmálum um skýr og greinileg merki um innbrot uppfyllt. M telur einnig að ranglega sé eftir honum haft í lögregluskýrslu um að geymsla hans hafi verið ólæst heldur hafi hann sagt að hann vissi ekki betur en að geymslan hefði verið læst en komið fyrir að það hefði gleymst þar sem fimm einstaklingar á heimilinu gangi um geymsluna daglega. Einnig bendir M á að V geti ekki borið fyrir sig skerðingu eða niðurfall bótaskyldu vegna þess að varúðarreglum var ekki fylgt þar sem slíkt hafi ekki rökstutt eða verið tilkynnt án ástæðulauss dráttar, sbr. 31. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Auk þess beri V sönnunarbyrði fyrir því að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt og M bendir á að þeir aðila sem hafi farið í geymslu hans hafi verið vel búnir.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að tjón M falli ekki undir gildissvið váttryggingarskilmála, sbr. orðalag í 1. kafla þar sem segi að innbústrygging fjölskyldutryggingar bæti m.a. tjón af völdum innbrota í læsta íbúð en skilyrði fyrir greiðsluskyldu sé ótvíræð merki séu um að brotist hafi verið inn. Einnig vísar V til varúðarreglu í gr. 4.6 þar sem komi fram að læsa beri tryggilega íbúðarhúsi og öðrum stöðum sem váttryggingin tekur yfir þegar þeir staðir séu mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Einnig vísar V til þess að tilvísun til brots á varúðarreglu í gr. 4.6 komi fram í tölvupósti V frá 4. janúar 2023 þar sem bótaskyldu var hafnað. V telur því að tilkynnt hafi verið innan ástæðulauss dráttar um takmörkun á ábyrgð. V bendir einnig á að í texta lögregluskýrslu komi skýrt fram að M hafi sagt að líklega hefði geymsla hans verið ólæst og að engar sjáanlegar skemmdir hafi verið á hurð geymslunnar. V ítrekar þessi sjónarmið og vísar til þeirra í seinni athugasemdum sínum til nefndarinnar 24. apríl 2023.

Álit.

Þegar litið er til gildissviðs fjölskyldutryggingar V kemur fram í gr. 4.6 í 1. kafla váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar V að váttryggingin bæti tjón á hinu váttryggða af völdum „...innbrota í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Varúðarregla: Læsa ber tryggilega íbúðarhúsinu, bílum og öðrum þeim stöðum sem váttrygging þessi tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.“ Í váttryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem geyma ófrávikjanlegar reglur sem varða samningssamband milli váttryggingartaka og váttryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í váttryggingarskilmálum. Varúðarreglur eru

skilgreindar í 12. tl. 2. gr laganna, sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til váttryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli váttryggðan hlut.

Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega t.d. íbúðarhúsi eða öðrum þeim stöðum sem váttryggingin tekur yfir. Verða skilyrði um ótvíræð merki um innbrot ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu innbús í skilningi 12. tl. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga. Verða því tilvitnuð atriði í orðalagi áður nefndrar gr. 4.6 ekki túlkuð öðruvísi en svo að þau séu í raun og í heild sinni *fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að geyma váttryggðan hlut, þ.e. dulin varúðarregla* og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um váttryggingarsamninga um 26. gr. laganna. Ekki verður því litið þannig á að umrætt ákvæði sé hlutlæg ábyrgðartakmörkun.

Af lögregluskýrslu kemur fram að farið var inn í geymslu M og munir færðir til eða þeir teknir ófrjálsri hendi. Ekki verður annað ályktað af ummælum M í lögregluskýrslu en að hurð að geymslu hans hafi verið ólæst í greint sinn eða alla vega að M geti ekki fullyrt um að hún hafi verið læst, enda voru ekki á vettvangi ummerki um að átt hefði verið við læsingu geymslunnar eða hurð hennar. Það að skilja við geymslu á stigagangi ólæsta verður ekki metið öðruvísi en M til sakar sem ekki er óveruleg. Með hliðsjón af sakarstigi og því hvernig tjónið bar að og atvika í heild verður að sök þess sem skilur geymsluhurð eftir opna í stigagangi sem alla jafna er læstur sé minni en að skilja útidyrhurð eftir ólæsta. Af öllu virtu ofangreindu telst V geta takmarkað ábyrgð sína á grundvelli 26. gr. laga um váttryggingarsamninga um 2/3 eða, eða 67% og á M því rétt á bótum vegna tjóns á innbúi sem nemur 1/3 heildartjóns hans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V, en réttur hans til bóta takmarkast við 1/3 af heildartjóni hans.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 90/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 10. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið er bifreiðarnar A og B mættust í Viðarási í Reykjavík þann 20. maí 2022. M ók bifreiðinni A yfir á öfugan vegarhelming og lenti þar framan á bifreiðinni B. Hafði hann orðið fyrir truflun vegna ungra barna sinna sem sátu í aftursæti bifreiðarinnar sem leiddi til þess að hann sneri upp á sig til að líta til þeirra. M tilkynnti líkamstjón sitt til V sem hafnaði bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda með bréfi dags. 3. janúar 2023. Byggði V höfnun sína á hraða- og höggkraftsútreikningi, svokölluðum PC-crash útreikningi.

M vísar til þess að höfnun V byggir eingöngu á einu skjali, þ.e. PC-crash skýrslu sem aflað var einhliða, sem eitt og sér getur ekki haft úrslitabýðingu við mat á því hvort umferðarslys hafi ollið tjóni í skilningi skaðabótalaga. Byggir M á því að nefndin ætti í reynd að líta til þess hvort atburðurinn sem slíkur sé bótaskyldur eða ekki þar sem um sé að ræða slys sem heyrir undir lögboðnar ökutækjatrýggingar þ.e. umferðarslys. Í þeim tilvikum byggir bótaréttur viðkomandi tjónþola á lögbundinni hlutlægri ábyrgðarreglu, ekki sakarreglunni. Sé um bótaskyldan atburð að ræða ætti að viðurkenna bótaskylduna. Ekki beri að leggja það á tjónþolann að standa einn að allri gagnaöflun í máli vegna bótaskylds atburðar, rétt sé að tryggingafélagið komi að kostnaði við það.

V hefur hafnað greiðsluskyldu á þeim grundvelli að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli slyssins í maí 2022 og þeirra áverka sem M telur sig hafa orðið fyrir. Samkvæmt dómaframkvæmd er ekki nægilegt til sönnunar um orsakatengsl á milli atburðar og tjóns í líkamstjónamálum að hugsanlegt geti verið að um slík tengsl sé að ræða, heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu í raun og veru fyrir hendi. Gögn málsins sýni fram á að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sem nánast ómögulegt sé að hafi valdið varanlegu líkamstjóni. Hafnar V því að til staðar sé bótaskylda úr slysátryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins A vegna varanlegra afleiðinga á heilsufar M þar sem M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl á milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M telur að rekja megi til þess. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og nokkurra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 526/2021 og telur að með þeim dómi hafi Landsréttur leiðrétt fordæmið sem hann setti með máli nr. 877/2018.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 20. maí 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af leiðréttri skýrslu um hraðaútreikning dags. 31. mars 2023 sem V aflaði má ráða að áreksturinn hafi verið vægur. Myndir af tjóni á bifreið M benda hins vegar til þess að nokkuð högg hafi komið á bifreiðina A. Viðgerðarkostnaður á bifreið B nam samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti verkstæðis kr. 587.889 sem bendir einnig til nokkurs höggs.

Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Eins og fram kemur í dómi Landsréttar í máli nr. 526/2021 er slíkt mat einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs á læknavaktina Háaleitisbraut og kvartaði undan verkjum í mjóbaki og vinstri öxl. Leitaði M svo þann 31. maí 2022 á heilsugæsluna Árbæ og kvartaði undan verkjum í herðum, háls hrygg, brjóstbaki, lendhrygg og SI liðum. Fékk hann beiðni um sjúkraþjálfun sama dag. Hann hóf svo sjúkraþjálfun í lok júlí 2022 og mætti

samtals átján sinnum á tímabilinu frá 29. júlí 2022 til 13. janúar 2023. Við skoðun á heilsugæslunni þann 1. september 2022 var hann enn verkjaður og kvartaði undan verkjum í kringum háls hrygg með leiðniverki út í hendur. Sjúkrasaga M fyrir umferðarslysið liggur ekki fyrir í málinu og þá liggur ekki heldur fyrir mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag. Þrátt fyrir það verður að telja að gögn málsins styðji það að líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 20. maí 2022. Hafa einkenni M verið viðvarandi og leitt til óvinnufærni þrátt fyrir að hann hafi bæði sótt sjúkraþjálfun og fengið ávísuð verkjalyf.

Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni þó ekki liggja fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-crash skýrslu sem V byggir mál sitt á, verða ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo geti verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr slysstryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysstryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 91/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot dags. 7. október 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M varð fyrir slysi við vinnu sína í þágu X hinn 25. mars 2019. Í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins er atvikum lýst svo að M hafi verið að vinna við hakkavél og hafi ætlað að stöðva vélin. Framan við hnífa hakkavélarinnar sé rofatengd hlíf sem sé lyft lítillaga þar til hún stöðvist í öryggisstöðu meðan hnífarnir séu að stöðvast. Þegar hlífinni sé lyft alveg upp snúist hnífarnir í ca. einn hring, mjög rólega í 2-3 sekúndur. Um leið og M lyfti hlífinni í efstu stöðu hafi hann farið með höndina inn í hnífana með þeim afleiðingum að flípi af vísifingri vinstri handar fór af. Þá liggur fyrir umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 18. maí 2019, og kemur þar fram að orsök slyssins sé að rekja annars vegar til þess að hnífarnir hafi enn verið á hreyfingu þegar hlífina var í efstu stöðu, og hins vegar þess að M fór með höndina í hnífa vélarinnar áður en hún stöðvaðist alveg. Var fyrir mælum um úrbætur beint til X, þ.e. um að gera ráðstafanir sem stöðvi hnífana algerlega áður en hægt sé að setja hlífina í efstu stöðu og að merkja vélin með viðeigandi hættumerkingu. Lögregla var kölluð á vettvang vegna slyssins og liggur skýrsla hennar, dags. 5. apríl 2019, fyrir nefndinni. Er í henni haft eftir Y, verkstjóra hjá X, að þegar slökkt sé á vélinni taki smá tíma að stöðva hana alveg og ekki eigi að vera hægt að lyfta hlífinni fyrir en vélin hafi stöðvast. Þegar M hafi getað lyft hlífinni hafi hann sett höndina inn í vélin sem hafi ekki verið alveg stopp. Þá liggur fyrir lögregluskýrsla, dags. 10. maí 2019, þar sem haft er eftir Z, framleiðslustjóra hjá X, að á umræddri vél sé ákveðinn galli, sem lýsi sér þannig að þegar ákveðnir hnífarnir séu í henni stöðvist vélin ekki alveg áður en hlífina sé opnuð. Hafi M þá verið að vinna við vélin í fyrsta skipti, en hann hafði á slysdegi starfað hjá X í mánuð. Honum hafi þó verið kennt á vélin og ítrekað við hann hvað mætti ekki gera.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við atvikið en V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 18. ágúst 2022. Byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi verið hættulegar og ekki gætt sem skyldi að öryggi starfsmanna hvað varði umræddan verkþátt. Öryggisbúnaður vélarinnar hafi ekki virkað sem skyldi og ekki til samræmis við reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006, sbr. t.d. 2.8. gr. I viðauka hennar sem kveði á um að þegar hætta sé á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu skuli á þeim hlífur eða annar viðeigandi búnaður sem hindri snertingu við hættusvæði eða stöðvi hreyfingu hreyfanlegra hluta áður en komið er að þeim. Þá hafi leiðbeiningum og þjálfun M, sem var látinn vinna einn við verkið verið ábótavant, en óumdeilt sé að hann hafi verið að nota vélin í fyrsta sinn á slysdegi. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til sakar váttryggingartaka, og hafi fremur verið um að ræða aðgæsluleysi og eigin sök M. Umrædd vél sé CE-merkt sem gefi vísbendingu um öryggi hennar. Í febrúar 2019 hafi verið gert áhættumat fyrir vélin, og þá hafi komið í ljós að hægt var að lyfta rofatengdri hlíf áður en vélin stöðvaðist að fullu, en hnífarnir hennar hafi þó aðeins snúist í einn-tvo hring og mjög rólega. Um leið og þetta varð ljóst hafi X haft samband við seljanda vélarinnar með beiðni um lagfæringu en þrátt fyrir ítrekanir hafi ekki fundist lausn á þessu vandamáli. Áður en M hóf vinnu við vélin hafi hann fengið góða þjálfun frá samstarfsmanni sínum, Þ, sem eigi sæti í öryggisnefnd X og hafi tekið þátt í gerð fyrrgreinds áhættumats. Komi jafnframt fram í umsögn Vinnueftirlitsins að fyrrgreint áhættumat hafi verið kynnt fyrir M. Þá eigi M og Þ sama móðurmál og hafi því ekki verið um neina tungumálaörðugleika að ræða þegar Þ ítrekaði fyrir M að ekki mætti setja höndina inn í vélin fyrir en tryggt væri að hnífarnir hennar hefðu staðnæmst. M hafi virt þessi tilmæli að vettugi og sé því ótækt annað en að hann beri tjón sitt sjálfur.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Samkvæmt fyrirbyggjandi áhættumati vegna vinnu við vélina var niðurstaða áhættuflokkunar þessa verklíðar 6, eða talsvert há, og tiltekið að það væru starfsmenn á vél sem væru í hættu, enda stöðvaðist vélin ekki með réttum hætti þegar tilteknir hnífar í hana væru notaðir. Undir aðgerðir/úrbætur segir svo: „Skoða hvort hægt sé að forrita vél á þann hátt að hlíf opnast seinna eða hnífur stoppi fyrir. Þetta er ekki vandamál þegar aðrir hnífar eru notaðir.“ Ágreiningslaust er að áhættumatið var unnið í febrúar 2019, og að ekki hafði fundist lausn á þessum vanda þegar slys M atvikaðist mánuði síðar. Samkvæmt X var M kynnt áhættumatið, en engin gögn eða vitnisburðir liggja þó fyrir varðandi þá kynningu en fyrir liggur að íslenskukunnátta M er takmörkuð. Samkvæmt V og vitnisburði yfirmanna M leiðbeindi Þ honum um notkun vélarinnar, en ágreiningslaust er að M hafði ekki unnið við hana fyrir en á slysdegi eða daginn áður, en þá hafði hann starfað í einn mánuð hjá X. Enginn nánari vitnisburður eða yfirlýsing Þ um framangreint liggur þó fyrir nefndinni. Í umsögn Vinnueftirlitsins eru sett fram fyrirmæli til X um að annars vegar gera ráðstafanir sem stöðva hnífana algjörlega áður en hægt er að lyfta hlífinni í efstu stöðu og hins vegar um að merkja vélina með viðeigandi hættumerkingu.

Að mati nefndarinnar, og með vísan til fyrirbyggjandi áhættumats, var forsvarsmönnum X ljóst að töluverð hættu gæti falist í notkun vélarinnar, þar sem hætt væri við líkamstjóni þegar vélin var þrífín, væru tilteknir hnífar í henni. Af vitnisburðum Y og Z er ljóst að þau voru meðvituð um þennan ágalla á vélinni. Verður að telja að vélin hafi því ekki verið örugg til notkunar í skilningi ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stöð í þeim.

Í öllu falli verður að telja að við þessar aðstæður hafi X borið að vara sérstaklega við umræddum ágalla, og merkja vélina með hættumerkingu. Þá stendur það nær X að sanna að M hafi sérstaklega verið varaður við því að hnífarnir stöðvuðust ekki með tilætluðum hætti. Að mati nefndarinnar er ekki sýnt fram á það.

Þar sem ekki liggur annað fyrir en að umgengni M um vélina hafi verið til samræmis við almenna og eðlilega notkun hennar hefði umræddur ágalli ekki verið fyrir hendi er ekki talið tilefni til að skerða bótarétt hans á grundvelli 23.gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 92/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skadabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M varð fyrir slysi við vinnu sína í þágu X hinn 16. desember 2021. Er atvikum lýst svo að M hafi verið að flytja gám á dráttarbíl með gámalyftu, og hafi hann sett gáminn niður með lyftunni og stillt hann af. Næst hafi hann gengið frá gámnum að aftan, þ.e. slakað honum niður, en gámurinn hafi ekki sest rétt niður að framan. Hafi M híft gáminn að framan og stillt upp hellum vinstra megin við gáminn þegar hann hafi skyndilega sigið niður og ofan á hönd M sem var undir gámnum. M hafi reynt að hífa gáminn upp með lyftu en lyftan hafi ekki virkað sem skyldi, en síðar hafi komið í ljós að gámurinn hafði lyfst upp að aftan en ekki að framan. Hafi M því þurft að rífa fingur sína undan gámnum með þeim afleiðingum að hann missti framan af vísifingri og löngutöng vinstri handar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við atvikið. Byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar og ekki gætt sem skyldi að öryggi starfsmanna. Orsök slyssins sé þannig bilun í tjakki lyftunnar sem olli því að gámurinn seig niður á fingur M. Á henni verði X að bera ábyrgð enda beri vinnuveitanda að tryggja að tól og tæki á vinnustað séu í lagi og að ekki stafi hætta af notkun þeirra. Ekkert liggi þá fyrir um að gert hafi verið áhættumat vegna þess verkþáttar sem M sinnti umrætt sinn. Þá hafi X vanrækt að tilkynna samstundis um slysið til Vinnueftirlitsins svo sem skylt hafi verið að gera, en tilkynning hafi ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrir en hinn 20. desember 2021, eða fjórum dögum eftir slysið. Verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði og því að ekki hafi farið fram sérstök skoðun á lyftunni í kjölfar slyssins. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stöð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M, sem hafi verið einn að störfum og því einn til frásagnar, hafi haft samband við Neyðarlínuna, og lögreglan hafi komið á vettvang og liggi frumskýrsla hennar ásamt myndaskýrslu fyrir. Ekki liggi fyrir hvort Vinnueftirlitið hafi einnig verið boðað á vettvang eins og venjan sé í slíkum tilvikum og X hafi mátt gera ráð fyrir. M byggi á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar án þess að nánar sé tilgreint með hvaða hætti svo hafi verið. Þá sé byggt á því að lyftibúnaður gámavagnsins hafi verið bilaður og sé aðeins byggt á frásögn M hvað það varðar, en ekki liggi fyrir nein gögn um að gámurinn hafi sigið með þeim hætti sem M haldi fram. Jafnvel þó svo væri geti slíkt sig orðið af ýmsum ástæðum þegar um svo stórvirkkan búnað sé að ræða. Skoðun á búnaðinum eftir slysið hafi ekki leitt neitt í ljós nema lítið gat á slöngu við einn tjakkinn sem starfsmaður X telji að hafi ekki haft áhrif á virkni hans, enda hafi hún verið eðlileg í kjölfar slyssins. V telur því ósannað að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar, ófullnægjandi verkstjórnar eða þjálfunar eða annarra atvika eða aðstæðna sem X geti borið skadabótaábyrgð vegna. Ekki sé upplýst nákvæmlega hvað olli því að fingur M klemmdust undir gámnum en þar sem umræddur búnaður hafi virkað eðlilega eftir slysið sé hugsanlegt að vindur hafi fært gáminn örlítið til en vindur hafi verið á vettvangi á slystíma. Telur V því ólíklegt að vettvangsrannsókn, hefði hún farið fram, hefði varpað nánara ljósi á orsök slyssins eða bilun í lyftubúnaði. Þar af leiðandi sé ekki rétt að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slys M. Þá hafi verið um að ræða verk sem M hafi verið alvanur og með öll tilskilin réttindi til að sinna. M hafi einn haft afnot af umræddum tækjum og liggi ekkert fyrir um að hann hafi fyrir slysið orðið var við bilun af neinu tagi. Jafnvel þó bilun hefði verið til staðar sé því ekkert komið fram um að X hafi haft vitneskju um hana. Hafi hann þá verið sjálfráður um það hvernig verkinu yrði best sinnt svo öryggi hans væri tryggt. Þá hafi það að setja fingur undir gáminn

með þeim hætti sem M gerði verið þarflaust og falið í sér augljósa slyshættu. Fallist nefndin á ábyrgð X beri því í öllu falli að skerða bótarétt M með vísan til stórfellds gáleysis hans.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Óumdeilt er að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt samdægurs um atvikið, en samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Að mati nefndarinnar er ljóst að frumorsök slyss M sú að umræddur gámur seig niður á fingur hans. Þá má ætla að tjón hans hafi orðið meira en ella þar sem ekki tókst að lyfta gámmum upp að nýju. M rekur þessi atvik til bilunar í lyftubúnaði. Engin gögn liggja fyrir um að aðrar orsakir, t.d. veðurfar eða stórvirkni búnaðarins, eins og V vísar til í málatilbúnaði sínum fyrir nefndinni. Verður því miðað við að einhver vanvirkni í umræddum búnaði, jafnvel þó hún kunni að hafa verið tímabundin, hafi valdið tjóni M.

Hins vegar er ekki unnt að miða við að X beri hlutlæga ábyrgð á slíkri bilun heldur verður jafnframt eins og atvikum er háttað hér að sýna fram á einhvers konar saknæma háttsemi eða athafnaleysi starfsmanna X svo bótaábyrgð stofnist. Þrátt fyrir að samkvæmt framansögðu verði byggt á frásögn M um atvik að baki slysinu, hvílir eftir sem áður á honum að sýna fram á að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á eða gert líklegt að umræddur búnaður hafi verið vanbúinn, úr sér genginn eða óhentugur til umrædds verks. Liggur þá ekkert fyrir um að eftirliti með honum af hálfu X hafi á einhvern hátt verið ábótavant. Verður þá að líta til þess að ekki liggur fyrir annað en að M hafi einn haft not af umræddum búnaði og að hann hafi ekki séð neitt athugavert við virkni hans fyrir umrætt atvik. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 93/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 22. mars 2023.
3. Bréf V2, dags. 31. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á bílastæði við Bíldshöfða þann 4. febrúar 2023. Báðum bifreiðunum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. M sem er eigandi A ók bifreið sinni aftur á bak inn í stöðureit á sama tíma og bifreið B var ekið aftur á bak eftir bifreiðastæðinu. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi er haft eftir ökumanni B að hann hafi verið á leið út af bifreiðaplaninu og vegna teppu fyrir framan hann hafi hann ákveðið að bakka. Segir þar jafnframt: „Ég hef greinilega ekki litið í speglana því ég varð ekki var við að það væri bíll fyrir framan mig fyrr en ég svo bara bakkaði á hann.“ Í framburði M kemur fram að hún hafi ekki orðið var við bifreiðina B fyrr en rétt fyrir áreksturinn og hafi hún þá flautað en það hafi verið orðið of seint.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 145/23 að sök skiptist til helminga. M er ósátt við þá niðurstöðu og telur sig vera í fullum rétti þar sem bifreið hennar hafi nánast verið komin inn í stöðureitinn er árekstur verð. Hún hafi auk þess ekki bakkað fyrir eða í áttina að ökutæki B.

V1 telur það hafið yfir allan vafa að ökumaður B gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og eigi því að bera alla sök á árekstrinum.

V2 telur að sök eigi að skiptast til helminga þar sem báðir ökumenn óku aftur á bak í aðdraganda áreksturs án þess að gæta að annarri umferð.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þannig bar báðum ökuönum að gæta sérstaklega að annarri umferð áður þeir óku aftur á bak. Að virtum gögnum málsins og þá sérstaklega framburði ökumanns B verður þó að telja að aðgæsluskylda hans hafi verið ríkari þar sem hann ók aftur á bak í áttina að ökutæki A sem ekið var aftur á bak inn í stöðureit. Var bifreiðin A auk þess næstum alveg komin inn í stöðureitinn er árekstur varð. Þannig má ráða af framburði ökumanns B að hann hafi ekki litið í speglana áður en hann ákvað að aka aftur á bak í áttina að bifreið A og verður áreksturinn því eingöngu rakinn til háttsemi ökumanns B. Ber ökumaður B því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 94/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis: A og B****Sakarskipting. Framúrakstur.****Gögn.**

1. Málskot dags. 3. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 3. apríl 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs bifreiðanna A og B hinn 1. febrúar 2023 kemur fram að báðum bifreiðum var ekið norður Grenivíkurveg þegar bifreið A var ekið til vesturs niður afleggjara um leið og bifreið B var ekið fram úr bifreið A. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A í sömu skýrslu að hann hafi hægt á bifreið A og gefið stefnuljós til vinstri áður en hann beygði og verið á um 5-10 km/klst hraða. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa ekið á eftir bifreið A á um 80-90 km/klst hraða og fundist ökumaður bifreiðar A aka fremur hægt miðað við hámarkshraða þannig að ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa hægt á og hafið framúrakstur, en um leið hafi bifreið A verið ekið til vinstri í veg fyrir bifreið B. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi sagst hafa verið aðeins annars hugar við aksturinn þar sem sonur hennar hafi skömmu áður kastað upp yfir alla bifreið B. Í lögregluskýrslunni kemur enn fremur fram að hámarkshraði á Grenivíkurvegi sé 90 km/klst og snjóþekja og hálka hafi verið á veginum, auk þess sem báðar bifreiðar hafi verið óökufærar eftir atvikið. Tjónanefnd váttryggingafélaganna komst að þeirri niðurstöðu að bifreið A bæri 1/3 hluta sakar vegna árekstursins og bifreið B 2/3 hluta sakar.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann sem ökumaður bifreiðar A hefði hagað akstri sínum að öllu leyti eftir umferðarlögum nr. 77/2019, hann hafi fært sig nær miðlínu og hægt ferð áður en hann ók til vinstri sbr. 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. og a.lið 3. mgr. 33. gr. sem og 36. gr. laganna. Ökumaður bifreiðar B hefði ekki haft hugann við aksturinn og megi vísa til 1. mgr. 48. gr. og 57. gr. umferðarlaga vegna þess. Einnig vísar M til b.liðar 23. gr. og 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga máli sínu til stuðnings.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar B að hún hafi verið annars hugar við aksturinn þar sem barn hennar hafði rétt áður kastað upp yfir bifreiðina. Varúðarskyldur hvíldu á henni þegar hún hugðist aka fram úr bifreið A nálægt afleggjara að bæ við veginn. Í 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og meðal annars athuga sérstaklega hvort að sá sem á undan er hafi gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri. Í lögregluskýrslu kemur skýrt fram hjá M sem ökumanni bifreiðar A að hann hafi hægt ferðina og gefið stefnumerki í tæka tíð. Þessa bar ökumanni bifreiðar B að gæta sérstaklega og verður ekki séð af framburði hennar í lögregluskýrslu að hún hafi gert það, sérstaklega þegar litið er til þess að hún sagðist hafa verið annars hugar við aksturinn. Verður árekstur bifreiðanna því eingöngu rakinn til þessa gáleysis ökumanns bifreiðar B sem ber alla sök.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á ökumann bifreiðar B,

Reykjavík, 2. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 95/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 14. ágúst 2020 slasast við störf sín hjá X. Er slysið átti sér stað hafði M verið við vinnu frá því kl. 5 að morgni, eða í rúmar fjórtán klukkustundir. Verið var að þrifa aðgerðaraðstöðu fyrir bolfisk og var hlutverk M að þrifa færiband við aðgerðarlínuna. Pallar eru við línuna sem staðið er á við vinnsluna og eftir henni gengur færiband með skóflum ofan í þvottakari. Hægt er að lyfta færibandinu upp úr þvottakerinu við þrif. M steig upp á einn af pöllunum þegar færibaldið var enn í gangi á meðan annar starfsmaður fór að slökkva á því. Skyndilega kræktist ein skúffan í vinnuhanska M og dró vinstri hendi hennar eftir færibandinu þannig að baugfingur klemmdist illa. Vegna þessa hefur M gert kröfu í ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að vinnuaðstæðum og fyrirkomulagi vinnu, verklagi, þjálfun og verkstjórn hafi í veigamiklum atriðum verið verulega ábótavant. Á því beri X ábyrgð á grundvelli almennrar sakarreglu skaðabótaréttar og reglu um vinnuveitendaábyrgð. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 367/2006 auk dóma Landsréttar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að slysið verði fremur rakið til óhappatilviljunar en ekki sakar sem X verði talinn bera skaðabótaábyrgð á. Vísar V til þess að M var full meðvitund um aðstæður og stóð það henni næst að sýna eðlilega aðgát miðað við aðstæður. Hún hafi hlotið nýliðaþjálfun líkt og aðrir starfsmenn og hafði áður sinnt þrifum á færiböndum við vinnu sína þótt það hafi ekki verið þetta tiltekna færiband. Þá mótmælir V því að slysið megi rekja til þess að öryggisbúnaður eða persónuhlífar M hafi verið ófullnægjandi eða ekki veitt fullnægjandi vörn vegna vinnu við þrif á færibandi.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að í áhættugreiningu X sé ekki tekið með skýrum hætti á þeim verkþætti sem M var að sinna þegar slysið varð. Hefði Vinnueftirlitinu verið tilkynnt um slysið þegar það varð megi gera ráð fyrir að rannsókn þess hefði m.a. beinst að þessu atriði, sem og því hvort það geti talist eðlilegt og öruggt verklag að lyfta færibandinu upp áður en slökkt var á því. X og V verði að bera hallan af hugsanlegum sönnunarskorti hvað þetta varðar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Þessa gætti X ekki að þar sem slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 20. ágúst 2020, tæpri viku eftir slysið þrátt fyrir að M hafi strax orðið óvinnufær og ljóst var að hún hafði fingurbrotnað. Þannig verður X að bera hallan af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Það verður þó ekki jafnað til sönnunar bótaábyrgðar. Fyrir liggur að M var vel meðvitund um aðstæður og veit í raun ekki sjálf hvað varð til þess að skófla færibandsins kræktist í fingurinn og klemmdi hann. M hefur ekki sýnt fram á að færibaldið hafi á nokkurn hátt verið vanbúið eða að vinnuaðstæður, verklag, verkstjórn og þjálfun starfsmanna hafi verið ábótavant eða í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980 og öryggisfyrirmæli reglugerðar nr. 367/2006. Þannig vissi M hvert verklagið var og fylgdi því allt þar til hún virðist hafa farið of nálægt færibandinu með höndina áður en það stöðvaðist. Hvað varðar skort á

áhættumati sbr. 65. gr. a laga nr. 46/1980 hefur heldur ekki af hálfu M verið sýnt fram á að slysið verði rakið til skorts á slíku áhættumati. Að lokum þá verður ekki talið miðað við fyrirbyggjandi gögn að vinnutilhögun hafi brotið gegn 1. mgr. 53. gr. laga nr. 46/1980. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 96/2023**Nafn málskotsaðila M1 og M2****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging. Greiðslukortatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 7. apríl 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. apríl 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hjónin M hafi farið í skíðaferð dagana 4.-13. febrúar 2022. Meðan á ferðinni stóð hafi þau veikt, og því að mestu verið bundin við hótélherbergið og ekki getað notið ferðarinnar dagana 6.-11. febrúar, sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð dags. 8. mars 2022. Í málskoti gera M kröfu um bætur vegna kostnaðar vegna flugs, bílaleigu, hótels, skíðaleigu og skíðapassa. V hafi aðeins viljað greiða M1 bætur vegna kostnaðar sem hún varð fyrir vegna skíðapassa og skíðaleigu, en M1 og M2 séu bæði váttryggð með sama hætti, og þau hafi aðeins getað stundað skíðamennsku tvo daga af þeim sjö sem fyrirhugað var að nýta til skíðaiðkunar. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að þau séu bæði með greiðslukortatryggingu og ferðatryggingu fjölskyldutryggingar. Þá hafi verið um ferðarof að ræða en M hafi bæði verið mjög veik og alls ekki getað stundað skíði umrædda daga, og þá hafi heilsa þeirra þessa daga ekki leyft ferðalög.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi, með tölvupósti dags. 13. apríl 2022, upplýst M um að ekki væri fyrir hendi réttur til endurgreiðsluferðakostnaðar, en að til að koma til móts við M hefði félagið verið reiðubúið til að greiða kostnað M1 vegna skíðapassa og leigu á skíðabúnaði. V hafi þá aðeins borist vottorð vegna M1 en ekki M2, en hvað sem því líði sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Þannig séu skilmálar greiðslukortatryggingar M skýrir varðandi það að félagið endurgreiði hlutfallslega allt að 440.000 kr. af óafturkræfum ferðakostnaði fyrir þann hluta ferðarinnar sem váttryggður geti ekki nýtt sér þurfi hann samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki V og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. M hafi hvorki lagst inn á sjúkrahús né hafi þau rofið ferð sína enda liggja fyrir að þau hafi nýtt sér allar keyptar hótelnætur og farið heim með því flugi sem þau hafi upphaflega bókað. Jafnvel þó bótaskylda væri hendi tæki hún þá aðeins til „ferðakostnaðar“ eins og hann sé skilgreindur í viðeigandi skilmálum, þ.e. fargjalda og gistikostnaðar, en ekki leigu á búnaði og skíðapassa. Í viðbótarathugasemdum V kemur þá fram að réttur til bóta úr fjölskyldutryggingu sé einnig bundinn því að ferð sé rofin eða váttryggður hafi legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. Þar sem ferð M hafi ekki verið rofin sé bótaréttur ekki til staðar.

Álit.

Af gögnum málsins verður litið svo á að M krefjist bóta úr greiðslukortatryggingu sinni og fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Hvað varðar kröfu til bóta úr greiðslukortatryggingunni þá er gr. 4.6.1 viðeigandi váttryggingarskilmála svohljóðandi: „Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.“ Orðalag ákvæðisins er skýrt varðandi það að annað tveggja skilyrða þarf að vera uppfyllt svo réttur til slíkrar endurgreiðslu stofnist: annað hvort þarf váttryggður, þ.e. í þessu tilviki M, að „rjúfa ferð og fara heim“ samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki V og SOS International, eða váttryggður „þarf að liggja á sjúkrahúsi“. Í tilviki M var hvorugt þessara skilyrða uppfyllt, en samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorðum leiddu veikindi þeirra til þess að þau voru að mestu bundin við hótélherbergi og gátu ekki notið ferðarinnar og skíðaiðkunar. Í tjónstilkynningu M1 til V, dags. 8. mars 2022, er spurningunum „Þurfti að leggjast inn á sjúkrahús“ og „Þurfti að flýta heimferð“ þá báðum svarað neitandi. Þó það virðist liggja fyrir að M hafi ekki notið ferðarinnar til

samræmis við væntingar og að hún hafi ekki að fullu þjónað tilgangi sínum felst ekki í því „ferðarof“ í skilningi skilmálanna, enda liggur fyrir að M flýttu ekki heimferð sinni. Hefur því ekki skapast réttur til bóta á grundvelli fyrrgreinds skilmálaákvæðis.

Hvað varðar kröfu til bóta úr fjölskyldutryggingu M hjá V þá segir í gr. 6.1.5 ferðatryggingarliðar hennar að V greiði kostnað vegna orlofsferðar: *Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi tryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann greiðir V andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt greiðir V hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.* Skilyrði þess að bótaréttur skapist á grundvelli þessa ákvæðis eru því að ferð hafi verið rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða að vátryggður, þ.e. M, hafi legið á sjúkrahúsi a.m.k. helming fyrirhugaðs ferðatíma. Eins og að framan er rakið er hvorugt þessara skilyrða uppfyllt, og er réttur til bóta úr fjölskyldutryggingu M því ekki til staðar.

Samkvæmt framansögðu verður jafnframt að telja að þær bætur sem V hefur boðið, þ.e. vegna kostnaðar sem M1 varð fyrir vegna kaupa á skíðapassa og leigu á skíðabúnaði, hafi verið umfram það sem framangreindir skilmálar kveða á um, og verður því ekki talið að bótaskylda vegna samsvarandi kostnaðar M2 sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V. M eiga ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 97/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga. Sönnun tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að eigandi einkahlutafélagsins M hafi orðið fyrir umferðarslysi 16. mars 2019 þegar vélsleða var ekið vélsleða sem hann ók. Hann hafi orðið fyrir meiðslum og verið óvinnufær með öllu frá slysdegi til 16. nóvember 2019. Eftir slysið hafi M ráðið inn staðgengil fyrir eigandann sem bílstjóra auk þess að hafa keypt vinnu af öðrum bílstjóra á hálfmánaðar tímabili. M krafði V um bætur vegna tekjutaps á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en V hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að ekki hefðu verið sýnd gögn sem sýndu að staðgengillinn hefði starfað fyrir fyrirtækið fyrir slysið og að ráðið yrði af gögnum málsins að hinn bílstjórinn hefði starfað fyrir M fyrir slysið og ósannað að vinna hans hefði aukist eftir það. V taldi því ósannað að M hefði orðið fyrir fjártjóni í skilningi 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga.

M telur ljóst að það hafi orðið fyrir fjártjóni þar sem það þurfti að ráða annan starfsmann inn í kjölfar slyssins. Í því sambandi bendir M á athugasemdir við 2. mgr. 17. gr. í frumvarpi til skaðabótalaga þar sem komi fram að vinnuveitandi geti endurkafið hinn skaðabótaskylda um laun eða aðrar launatengdar greiðslur sem sá fyrrverandi hafi innt af hendi vegna líkamstjóns. Lögð er áhersla á að fram komi að endurkrafa stofnist aðeins að því leyti sem vinnuveitandi hafi beðið tjón vegna slíkra greiðslna og að kafa vinnuveitanda geti heldur ekki orðið hærrí en krafa sú sem tjónþoli (launþegi) átti á hendur hinum skaðabótaskylda. M bendir á að með vísan til framangreinds þurfi það að sanna að það hafi orðið fyrir kostnaði umfram forfallalaun. Það hvort hagnaður M hafi aukist á sama tíma eigi ekki að hafa neina þýðingu enda ekki um fjallað um slík sjónarmið í lögskýringargögnum. M vísar til þess að eigandi M hafi verið með laun frá janúar til júní 2019. Greiðslur til hans á óvinnufærnitímabilinu hafi numið í heild kr. 2.367.164 Staðgengillinn hafi fengið greiðslur í apríl, maí og 16 daga í júní og samtals hafi M borgað honum kr. 2.103.355 meðan eigandinn var óvinnufær og fékk veikindalaun. Með vísan til þessa telur M sannað að það hafi þurft að greiða kostnað umfram forfallalaun að fjárhæð kr. 2.103.355 og að það eigi rétt á bótum vegna þess á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í bréfi V kemur fram að byggt sé á því að bótaréttur stofnist samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga við það eitt að M hafi ráðið til sín starfsmann til að leysa af óvinnufæran starfsmann en félagið hafni þessum sjónarmiðum. V telur einsýnt að tjónshugtak 2. mgr. 17. gr. eigi að túlka heildstætt, þ.e. einnig með hliðsjón af tekjum M meðan starfsmaðurinn er óvinnufær. Það gefi augaleið að tekjur fyrirtækja geti aukist við að ráða til sín nýja starfsmenn. Sama eigi við þegar starfsmenn taki á sig auknar vinnuskyldur. Fleiri starfsmenn þýði að M hafi getað aukið akstur sem skapi auknar tekjur. Því verði að horfa einnig á tekjuhlið ársreiknings fyrirtækja þegar metið er hvort þau hafi orðið fyrir tjóni í skilningi 2. mgr. 17. gr. Ef það sé ekki gert telur V ljóst að fyrirtæki geti hagnast á tjónsatviki sem gangi í berhögg við meginreglu skaðabótaréttar um að tjónþoli skuli ekki hagnast á tjónsatviki. Ársreikningar félagsins sýni að launahlutfall M hafi verið afar sambærilegt öll þrjú árin og virðist því ekki hafa hækkað á árinu 2019 þegar tjónþoli varð óvinnufær og M þurfti að ráða til sín staðgengla. Þá virðist óvinnufærni tjónþola ekki hafa haft áhrif á afkomu fyrirtækisins. Bótaréttur skv. 2. mgr. 17. gr. stofnist ekki nema M sýni fram á tjón sitt en V telur að engin slík sönnun liggi fyrir í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna launa og launatengdra greiðslna sem fyrirtækið greiddi vegna slyss tjónþola í vélsleðaslysi 16. nóvember 2019. Það liggur fyrir að tjónþoli var óvinnufær frá slysdegi fram í júní 2019 og að M hafi ráðið annan starfsmann til að sinna starfinu á meðan. Það kemur fram í 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að vinnuveitandi sem hafi greitt hinum slasaða laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns geti krafðið hinn

skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna. Í greinagerð með ákvæðinu í frumvarpi til laganna kemur það fram að endurkrafan stofnist aðeins að því leyti að vinnuveitandi hafi beðið tjón vegna slíkra greiðslna. Það hvílir á M að sanna að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna greiðslna til tjónþola en það liggja ekki fyrir haldbær sönnunargögn um að M hafði orðið fjártjóni vegna fjarveru tjónþola t.d. með matsgerð dómkvadds matsmanns. Þótt M hafi ráðið annan starfsmann í stað tjónþola er ekki sýnt fram á að M hafi beðið tjón vegna þess. Með vísan til þess er V ekki bótaskylt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 98/2023**Nafn málskotsaðila: M****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 1. maí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 5. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti, fylgigögnum þess og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 9. ágúst 2021 hafi M orðið fyrir slysi í frítíma sínum. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M hafi verið á fundi í íþróttahúsi og á leið af fundinum hafi hann gengið framhjá sal þar sem handboltaæfing stóð yfir. Þjálfari æfingarinnar, X, hafi beðið hann að taka á móti nokkrum boltum og hafi M tekið á móti nokkrum sendingum og kastað til baka á leikmenn. Þegar M hafi þurft að beygja sig til að ná í lágan bolta hafi hann við það rifið liðþófa og slitið krossband. M hafi tilkynnt V um slysið með tjonstilkynningu dags. 27. júní 2022. V hafi hins vegar hafnað bótakröfu M á grundvelli þess að tryggingin nái samkvæmt skilmálum sínum ekki til slysa sem váttryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í þágu annarra sem atvinnuslysaþætta fylgir. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda hafi hvorki verið um launað né arðbært starf að ræða. M hafi verið staddur á svæðinu í frítíma sínum og verið að gera Y greiða. Vissulega hafi staðið til að M yrði einn af þjálfurum handboltaliðsins sem var að æfingu en samkvæmt framlögðum gögnum hafi hann ekki hafið störf fyrr en 13. ágúst 2021, eða fjórum dögum eftir umrætt atvik. Ekki hafi verið um greiða sem hafi verið arðbær á nokkurn hátt að ræða enda hefði styrktarþjálfarinn, X, sem sá á þessum tíma alfarið um þjálfun liðsins, allt eins getað beðið einn leikmannanna um að taka á móti boltunum. Þá fylgi því ekki atvinnuslysaáætta að standa, taka á móti boltum og kasta þeim til baka. Þá hafi Y, handknattleiksdeildin sem um ræði, hafnað allri ábyrgð, á grundvelli þess að M hafi á þessum tíma ekki verið kominn til starfa.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafni bótaskyldu aðallega á grundvelli þess að M hafi verið við vinnu en til vara á grundvelli þess að um hafi verið að ræða æfingu á vegum íþróttafélags til undirbúnings keppni. Hvað fyrri atriðið varði þá hafi í ráðningarsamningi M verið gert ráð fyrir því að hann hæfi störf 13. ágúst eða „eftir nánara samkomulagi“ og í sjúkragögnum sé haft eftir M að hann hafi verið að „þjálfva handbolta“. Þá hafi komið fram í fjölmiðlum að X væri aðstoðarþjálfari M. M hafi á slysdegi verið búinn að undirrita samning við íþróttafélagið og hafi verið að koma af fundi með stjórn þess. Sé því augljóst að hann hafi verið kominn til starfa og skipulagðar æfingar félagsins til undirbúnings keppni hafnar. Hvað seinna atriðið varði kveði skilmáli váttryggingarinnar á um að slys sem verða „í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni“ hjá félögum innan sérsambanda ÍSÍ séu undanskilin. Um hafi verið að ræða æfingu meistaraflokks í handbolta hjá skráðu félagi sem sé aðili að ÍSÍ. Jafnvel þó M hefði ekki verið við störf sé bótaskylda því undanskilin á grundvelli þessa ákvæðis.

Álit.

Meðal fyrirliggjandi gagna er ráðningarsamningur M. Kemur þar fram að samningurinn gildi frá 13. ágúst 2021 eða eftir nánara samkomulagi til 31. maí 2023. Þá liggur fyrir yfirlýsing framkvæmdastjóra Y, dags. 15. febrúar 2023, þar sem kemur fram staðfesting þess að M hafi verið ráðinn frá og með 13. ágúst 2021. Í þeim skilmálum viðeigandi váttryggingar sem í gildi voru á slysdegi segir, í 1.2 gr. 4. kafla, að váttryggingin taki ekki til slysa sem váttryggður verður fyrir „í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaþætta fylgir.“ Fyrirliggjandi gögn styðja við þá frásögn M að hann hafi verið staddur í íþróttahúsinu í frítíma sínum, áður en ráðningartími hans hófst, og ekki verður séð að um arðbært starf hafi verið að ræða. Verður þar af leiðandi fallist á það með M að hann hafi orðið fyrir slysi í frítíma sínum er hann aðstoðaði Y á æfingu án þess að þiggja laun fyrir.

Í 9. gr. 4. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála segir á að vátryggingin taki til slysa sem verði við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin séu þó slys sem verði í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, m.a. hjá félögum innan sérsambanda ÍSÍ. Þar sem um undantekningarákvæði er að ræða hvílir það á V að sýna fram á að atvik falli innan þess. Ljóst er af málsatvikum að M sjálfur var ekki við keppni eða á æfingu til undirbúnings fyrir keppni þegar hann slasaðist. Verður að telja að umræddu undanþáguákvæði sé fyrst og fremst ætlað að ná til leikmanna en ekki einstaklinga sem eru, fyrir tilviljun eða til að sinna einhverjum viðvikum, staddir þar sem aðrir eru við æfingar. .

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að bótaskylda sé til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 99/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. mars 2023, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptökum.
2. Bréf V, dags. 27. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 9. desember 2019 slasast við störf sín hjá X. M hafði nýhafið störf hjá X þegar vinnuslysið átti sér stað og atvikaðist það með þeim hætti að M var að stjórna hillulyftara sem útbúinn er þremur fótstigum. Þegar hann hugðist stöðva lyftarann steig hann á rangt fótstig og klemmdi vinstri fótinn milli lyftarans og vinnustöðvar.

M telur að líkamstjónið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Þá vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða nr. 367/2006 og 920/2006. Byggir M í fyrsta lagi á því að X hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur framangreinda laga og reglugerða og hafi vanrækt að grípa til nauðsynlegra öryggisráðstafana í rekstri sínum til að koma í veg fyrir eða í það minnsta draga úr slyshættu. Fram komi í gögnum að sams konar slys hafi áður átt sér stað á vinnustaðnum. Eftir slys M hafi verið gerðar úrbætur á lyftarinum til að reyna að koma í veg fyrir fleiri slys. Rennir það frekari stoðum undir það að hann hafi verið vanbúinn. Í öðru lagi byggir M á því að tjón hans megi rekja til þess að hann hafi fengið ófullnægjandi þjálfun og upplýsingar um þá hættu sem stjórnendum lyftarans stafaði af búnaði hans.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að ekki þyki sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi eða saknæmrar vanrækslu af hálfu X né heldur atvika eða aðstæðna sem X verður látinn bera skaðabótaábyrgð á gagnvart M. Lyftarinn hafi uppfyllt alla staðla fyrir atvikið og ekkert amaði að tækinu. Það að rofi hafi verið settur í hann eftir atvikið snýr fyrst og fremst að því að fyrirbyggja að starfsmenn væru að sýna af sér ógætilega hegðun og fara gegn öryggisreglum með því að setja fætur út fyrir lyftarann meðan hann var á ferð. M hafði áður starfað á sömu vinnuvél um árabíl og var X kunnugt um það við ráðningu M að hann hafði áratugalanga reynslu af vinnu við vinnuvél og sams konar tæki á fyrri vinnustað. Vísar V til myndbands af atvikinu og telur að það beri með sér að lyftarinum hafi einfaldlega verið ekið of hratt eftir ganginum og ógætilega umrætt sinn sem varð til þess að M virtist fipast eitthvað eða ýta á rangan pedala og nær ekki að stöðva í tæka tíð áður en hann kemur að vinnustöð sinni.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þannig ber M sönnunarbyrði þess að líkamstjón hans megi rekja til saknæmra og ólögmatra athafna eða athafnaleysis af hálfu X, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af myndbandsupptöku af umræddu atviki má sjá M aka lyftarinum á miklum hraða að vinnustöð sinni og setja vinstri fótinn út fyrir lyftarann er hann nálgast hratt vinnustöð í enda gangs, með þeim afleiðingum að fóturinn klemmdist á milli lyftarans og borðs sem var við vinnustöðina. Í málsgögnum kemur fram að samskonar slys hafi áður átt sér stað á vinnustaðnum og telur M að X hafi vanrækt það að grípa til nauðsynlegra öryggisráðstafana eftir fyrra atvikið til að koma í veg fyrir eða í það minnsta draga úr slyshættu. Í svari X við spurningum V um bæði atvikin kemur fram að niðurstaða áhættumats og skoðun atvikanna á myndböndum sýndi að báðir aðilar brutu öryggisreglur við störf á tækinu. Báðir fætur og allur líkami eigi að vera inni í öllum vinnuvélum við notkun. Fyrra atvikið hafi verið með þeim hætti að ökumaður hafði haft annan fótinn hangandi út úr tækinu á ferð og rekið hann utan í rekka þegar hann ók fram hjá honum. Atvikin eru þannig ekki sambærileg og hefur M ekki verið sýnt fram á að lyftarinn hafi á nokkurn hátt verið vanbúinn eða að X hafi borið þá þegar við fyrra atvikið að setja hlið á lyftarann vegna hættu á að fleiri starfsmenn myndu setja fót út fyrir lyftarann og slasast. Hvað varðar

fullyrðingar M um ófullnægjandi þjálfun og upplýsingar þá kemur fram í gögnum málsins að M hafði um árábil starfað á samskonar lyftara og hafði áratuga reynslu af samskonar störfum. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 100/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda ökutækis M.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 18. febrúar 2022 lent í vélsleðaslysi á Lyngdalsheiði. Slysið hafi orðið með þeim hætti að vélsleðinn A sem M hafi ekið, hafi oltið með þeim afleiðingum að M féll af honum og högg komið á vinstri hendi hans. Hann hafi því leitað á Bráðamóttöku Landspítalans og verið þar greindur með tognun og ofreynslu á olnboga. M hafi leitað aftur til Landspítala vegna sömu einkenna og verið greindur þann 25. mars 2022 með rifna sin í bíseps vöðva og hafi þurft að gangast undir aðgerð. V hafi hafnað bótaskyldu með þeim rökum að félagið teldi ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í meintu vélsleðaslysi 18. febrúar 2022. M bendir á að ljóst sé af gögnum að M hafi leitað læknaaðstoðar samdægurs vegna einkenna slyssins og hann hafi þá lýst því að hann hefði orðið fyrir vélsleðaslysi. Þá liggur fyrir vitnisburður sem staðfestir lýsingar M. Hvað varði það að ósannað sé að áverkana sé að rekja til slyssins þá bendir M á fordæmi Hæstaréttar í máli 228/2013 þar sem frásögn tjónþola var lögð til grundvallar niðurstöðu dómsins með vísan til þess að hún samræmdest þeirri lýsingu sem var að finna í vottorði læknis sem tjónþoli leitaði til klukkustund eftir að slysið átti að hafa átt sér stað. Einnig bendir M á dóm Héraðsdóm Reykjavíkur í máli E-2585/2020 þar sem lýsing tjónþola á mótörhjólaslysi skömmu eftir slys var lögð til grundvallar og talin sönnun þess að hann hefði orðið fyrir slysinu. Hvað varði orsakatengsl milli slyssins og einkenna M þá bendir M á að í bráðamóttökuskrá komi fram að M hafi fengið togáverka á vinstri olnboga og að hann hefði takmarkaða hreyfigetu.

Í bréfi V kemur fram að afstaða félagsins byggi á því að M hafi ekki sýnt fram á að slysið hafi orðið eins og hann lýsir eða að áverkni verði rakinn til þess. M beri sönnunarbyrði um framangreint. Í bréfinu kemur fram að vélsleðinn hafi verið glænýr og að hann verið tryggður með lögboðinni ökutækjetryggingu og kaskótryggingu hjá félaginu viku áður en meint slys átti að hafa sér stað. M hafi ekki gert neina kröfu í kaskótryggingu sleðans vegna meints slyss eða lagt fram neinar upplýsingar um skemmdir á honum þrátt fyrir beiðni félagsins þar um og sagt að sleðinn hafi ekki orðið fyrir neinum skemmdum. V telur mjög ótrúverðugt að engar skemmdir hafi orðið á sleðanum og þá hafi heldur ekki verið gerðar neinar kröfur vegna skemmda á fatnaði eða hlífðarfatnaði sem myndi að öllum líkindum skemmast við svona slys. V telur áverkann sem M lýsir yfirleitt verða vegna þungra lyftinga við líkamsrækt eða vinnu og M hafi ekki orðið fyrir neinum öðrum áverkum en vanalega verði mar og tognanir víða um líkamann í slysi eins og lýst er í tjónstilkynningu. Með vísan til alls framangreinds og þess að M hafi þremur dögum fyrir slysið hækkað tekjur sínar tvöfalt telur V mjög ótrúverðugt að M hafi orðið fyrir áverkanum í vélsleðaslysi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til slyss sökum þess að vélsleðinn A hafi oltið og M fallið af honum með þeim afleiðingum að högg hafi komið á vinstri hendi hans. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón sökum þess. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á bráðadeild Landspítala sama dag og hann segir að hann fallið af vélsleðanum. Þar greinir hann frá því að hann hafi verið á vélsleða og fengið togáverka á hendi. Það liggur einnig fyrir í málinu að M hafi verið í áframhaldandi meðferð vegna áverkans. Með vísan til dómaframkvæmdar verður að leggja frásagnir M um slysið á bráðadeild sama dag og slysið gerist til grundvallar í málinu. V verður að bera sönnunarbyrði fyrir því að slysið megi rekja til annarra orsaka. Gegn mótmælum M er ekki sannað að vélsleðinn hafi skemmt þegar hann valt og breytir það ekki orsakatengslum slyssins og afleiðinga þess á M. Þá liggur ekki fyrir vottorð hlutlaus og óvilhalls

matsmanns um að áverki M stafi yfirleitt af þungum lyftingum og hefur einhliða lýsing V um það því ekki gildi í málinu. Með vísan til framangreinds er V bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt úr bótum úr slysatryggingu ökumanns og eigenda A hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 101/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1)****Nafn varnaraðila (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A).****Skráningarnúmer ökutækis (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 24. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 11. ágúst 2022 hafi bifreiðinni B verið ekið á öfugan vegarhelming með þeim afleiðingum að hún hafnaði framan á vinstra framhorni bifreiðarinnar A sem M ók. B hafi verið váttryggt hjá V2 og A hjá V1. Samkvæmt M fékk hann mikið högg á hendurnar eftir stýrið en vegna þyngdar A sem er vörubifreið hafi þurft einhverja metra til að stöðva bifreiðina sem leiddi til þess að bifreiðin leitaði (dróst) yfir á öfugan vegarhelming en A hafi verið í vinstri beygju þegar áreksturinn varð. Fram kemur að í skriflegum vitnisburði sonar M að hann hafi ekið á undan M og hafi hann mætt B sem hafi verið á ofsa hraða. Hann hafi litið í baksýnispegilinn og séð þegar B fór inn í aflíðandi beygju og yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á A. Tjónanefnd lagði alla sök á M sem telur niðurstöðuna ranga. Fram kemur að M hafi ætíð haldið því fram að hann hafi verið á réttum vegarhelmingi og að A hafi á árekstrarstund verið á þeim stað sem hann hafði bakkað henni á til að auðvelda aðkomu sjúkraliðs. M mótmælir framburði ökumanns B sem segist hafa ekið á 50 km/klst. þar sem vitnið segir að B hafi verið á ofsahraða. Þá telur M að ökumaður B hafi verið að horfa í baksýnispegilinn í aðdraganda árekstursins og að skemmdir á B styðji það að bifreiðinni hafi verið ekið á töluverðum hraða þegar áreksturinn varð. Að lokum telur M að rannsókn lögreglu hafi verið ófullnægjandi þar sem engan rökstuðning sé að finna í lögregluskýrslunni um þá vangaveltu að svo hafi virst sem A hafi farið á öfugan vegarhelming þegar áreksturinn varð. Enginn rannsókn hafi farið fram á ökuhraða sem ríkt tilefni var til og ekki hafi verið teknar ljósmyndir af hjólförum í malbikinu.

V1 hafði ekki athugasemdir vegna málsins en í bréfi V2 er vísað til skýrslu rannsóknarlögreglumanns þar sem fram komi að lögreglumaðurinn hafi ekki séð ummerki þess efnis á jörðinni að A hafi dregist yfir á öfugan vegarhelming. Það hafi hins vegar sést greinleg ummerki þess efnis að A hafi verið bakkað frá miðjum vegarhelmingi B og til baka á sinn vegarhelming. Þá komi fram í skýrslu tæknideildar að svo virðist sem A hafi farið á öfugan vegarhelming þegar árekstur ökutækjanna varð. V2 bendir á að á mynd af vettvangi sem fylgi gögnum M megi sjá A þar sem hún var staðsett á vegarhelmingi B eftir áreksturinn. Enn fremur kemur fram að hvergi sé þess getið í gögnum málsins að vitni hafi orðið að árekstrinum og varðandi framburð frá syni M sé ekki unnt að líta svo á að um hlutlaust vitni sé að ræða og því hafi framburðurinn takmarkað vægi. Með vísan til þessa telur V2 að byggja verði niðurstöðu málsins á þeim niðurstöðum sem fram komi í skýrslu rannsóknarlögreglumanns og tæknideildar lögreglu sem séu samhljóma og kveði á um að A hafi verið á öfugum vegarhelmingi þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort ökutækið B hafi farið yfir á vegarhelming A eða öfugt þegar árekstur ökutækjanna varð. Í lögregluskýrslu sem er skráð 14. ágúst 2022 kemur fram þegar rætt er við M að hann hafi verið að aka Hringhelli til austurs þegar það komi aflíðandi nokkuð blind beygja. Þegar hann hafi verið að aka í beygjunni hafi hann veitt ökutækinu B athygli þar sem því er ekið vestur Hringhelli á nokkrum hraða. Aður en hann hafi vitað af hafi B hafnað á A. M segist hafa verið að aka um 40 km/klst þegar áreksturinn varð en tekur fram að hann verið að aka á réttum vegarhelming þegar áreksturinn átti sér stað. Í lögregluskýrslu sem er skráð 29. ágúst 2022 kemur fram að ökutækið B hafi verið nær alveg til hægri á sinni akrein meðan ökutækið A hafi verið nær alveg á sinni akbraut. Einnig kemur fram að för hafi legið frá miðri bifreið B og að framhjólum A líkt og hún hafi verið þar. Þá kemur fram að lögreglumaðurinn hafi ekki séð ummerki þess efnis á jörðinni að B hafi „dregið“ A yfir á

vegarhelminginn með akstursstefnu til vesturs en M segist aðspurður hafa fært bifreiðina til þess að auðveldara væri fyrir sjúkraflutningamenn að komast að B. Að lokum kemur fram að vitni hafi sent lögreglu ljósmynd sem sýndi staðsetningu bifreiðanna áður en ökutækið A var fært. Sama dag er gerð lögregluskýrsla þar sem framburður ökumanns B kemur fram. Hann segist hafa verið að aka í áttina að Gjáhellu þega hann hafi séð eitthvað í gangi fyrir aftan sig við gatnamótin og hann hafi kíkt í baksýnispegilinn tvisvar í um 4-5 sekúndur samtals og þegar hann hefði litið fram fyrir sig í seinna skiptið mundi hann bara eftir því að hafa séð vörubílinn alveg fyrir framan sig og hann hefði ekki náð að bremsa. Þá tilgreinir hann að hann gæti ekki tilgreint hvar á akbrautinni hann var að aka. Í skýrslu tæknideildar lögreglu dags. 12. október 2022 kemur fram að svo virðist sem A hafi farið á öfugan vegarhelming þegar árekstur ökutækjanna varð. Ekki er unnt að líta til skýrslu vitnis sem er sonur M og því hlutdrægt vitni.

Eins og fram kemur í lögregluskýrslu voru ekki nein ummerki um að A hafi dregist með B vegna árekstursins en það liggur fyrir að A var á öfugum vegarhelming þegar fyrsta mynd er tekin á vettvangi eftir áreksturinn. Þótt ekki hafi verið gerð bíltæknirannsókn styður stærð ökutækjanna fullyrðinguna enda B smá fólksbifreið, Toyota Aygo, sem er 920 kg, meðan B er vörubifreið, Volvo – FL, sem er 15.160 kg. Sökum þess verður lagt til grundvallar að A hafi farið á öfugan vegarhelming þegar áreksturinn varð eins og fram kemur í lögregluskýrslu. Með vísan til framangreinds er V1 ekki ábyrgt fyrir tjóni M vegna árekstursins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V1

Reykjavík, 23. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 103/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 21. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. apríl 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 3. maí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 4. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að meðal þeirra bótaþátta sem séu tilgreindir á váttryggingarskírteini fjölskyldutryggingar M sé „sjúkrahúslegutrygging“. Skírteinið beri þess því merki að M eigi rétt til bóta komi til sjúkrahúsleгу hans enda sé engan fyrirvara þess efnis að svo sé ekki að finna á skírteininu. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu vegna sjúkrahúsleгу M á grundvelli þess að hann væri eldri en 60 ára en þess bótaþáttur ætti aðeins við um váttryggða undir sextugu. M gerir margvíslegar athugasemdir við kynningu af hálfu V á umræddri váttryggingu og upplýsingagjöf af hálfu starfsfólks þess og seina svörun erinda vegna málsins. Þá efast M um lögmæti þess að váttryggingarskírteini sem hann hafi undir höndum kveði á um víðtækari váttryggingarvernd en hann njóti samkvæmt skilmálum sem hann hafi ekki aðgang að, en heimasíða V hafi um skeið verið haldin ágalla þannig að ekki hafi verið unnt að nálgast skilmála með öruggum hætti. Enginn váttryggðra samkvæmt fjölskyldutryggingu hans sé undir sextugu og því gæti V hæglega getið þess í váttryggingarskírteini og við upplýsingagjöf að sjúkrahúslegutrygging sé í raun ekki innifalin.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að sjúkrahúslegutrygging sé fastur, óvalkvaður bótaþáttur fjölskyldutryggingar þeirrar sem M er með í gildi hjá V. Hún sé því sjálfkrafa innifalin en um hana, eins og ýmsa aðra bótaþætti, gildi ákveðnar takmarkanir um hana í skilmálum. Samkvæmt þeim taki sjúkrahúslegutrygging aðeins til váttryggðra á aldrinum 16 til 60 ára og sé tjón M, sem hafi verið orðinn sextíu ára við sjúkrahúsleguna, því óbótaskyld. Skilmáli váttryggingarinnar hafi þá alltaf verið aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Álit.

Í skilmálum umræddrar váttryggingar kemur skýrlega fram að sjúkrahúslegutrygging, sem bætur eru greiddar úr þurfi váttryggður að dveljast lengur en fimm sólarhringa samfleytt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss, gildi ekki lengur en til 60 ára aldurs váttryggðs, sbr. 6. gr. 6. kafla skilmálans um sjúkrahúslegutryggingu. Í fyrirliggjandi váttryggingarskírteini, sem felur í sér upptalningu á bótaþáttum og bótafjárhæðum, er þá sérstaklega tekið fram að váttryggingartaki og váttryggðir séu hvattir til að kynna sér efni váttryggingarskilmálans í heild sinni, og er sérstaklega áréttað um mikilvægi þess að váttryggðir kynni sér ábyrgðartakmarkanir sem um váttrygginguna gilda. Þrátt fyrir að einhverju leyti megi fallast á það með M að óheppilegt sé að sjúkrahúslegutryggingar, sem enginn váttryggðra uppfyllir aldurskilyrði fyrir, sé getið á váttryggingarskírteini, verður ekki litið framhjá því að ákvæði skilmálanna er skýrt að þessu leyti og er bótaskylda vegna sjúkrahúsleгу M því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 104/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. apríl 2023, ásamt fræðslu, yfirferð öryggismála á ensku og mynd af hurð áður en gengið er inn í vinnslusal.
3. Bréf lögmanns M, dags. 11. maí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu hjá X hinn 25. september 2021 í vinnslusal að þrifa færiband þegar sápa, sem inniheldur ætandi hreinsivökva, lak af færibandi á andlit M, hægri úlnlið, framhandlegg og hæggra eyra. M leitaði til læknis tveimur dögum eftir slysið og var síðan frá vinnu nokkra daga í október og nóvember og alveg óvinnufær frá 26. nóvember til 10. desember 2021 og hefur varanleg einkenni eftir slysið

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem það megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað og X hafi farið gegn ýmsum fyrirmælum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðu og reglugerðar nr. 728/2018 um gerð persónuhlífa. M telur að aðstæður í vinnslusal X hafi verið hættulegar þar sem þrifum á færibandi sé þannig háttað að hreinsivökvi fari of nærri líkama starfsmanna, M hafi ekki verið gerð ljós hættan af hreinsivökvanum og þess hafi ekki verið gætt að viðeigandi persónuhlífar hafi verið notaðar. M bendir á að hann hafi verið nýliði, einungis starfað hjá X í tæpan mánuð og það námskeið sem X hafi ætlað nýliðum hafi ekki verið á tungumáli sem hann skilur. M byggir einnig á því að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi og þar sem unnið hafi verið með hættuleg efni hafi X borið að sjá til þess að öllum hafi verið ljós hættan af hinum ætandi vökva. Einnig byggir M á því að X hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins með fullnægjandi hætti, sbr. 1.mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Einnig bendir M á að spurningum hafi verið beint til X til að reyna að upplýsa um atvik og aðstæður vegna slyss M og þeim spurningum hafi verið svarað með almennum hætti og þannig með ófullnægjandi svörum og verði X að bera hallann af því.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að þegar M slasaðist hafi hann verið almennum starfsmaður í vinnslusal og meðal starfsskyldna hans hafi verið almenn þrif á vinnslusvæði. V vísar til þess að M hafi fengið leiðbeiningar og þjálfun hjá samstarfsmönnum um hvernig ætti að standa að þeim þrifum og setið öryggisnámskeið þremur dögum fyrir slysið þar sem fjallað hafi verið um mikilvægi þess að nota öryggisbúnað þegar unnið væri með hættuleg efni eins og hreinsivökva. Einnig vísar V því á bug að M hafi ekki skilið ensku þar sem samskipti hafi átt sér stað við hann á ensku og hann hafi gefið sig út fyrir að skilja ensku þegar hann var ráðinn til X. V vísar einnig til þess að allur hlífðarbúnaður, eins og m.a. öryggisfatnaður, skildir fyrir andlit og peltor heyrnatól hafi verið aðgengilegur og vísar til myndar af leiðbeiningum fyrir starfsmenn þar sem þeim er leiðbeint um að vera alltaf með peltor heyrnatól þegar unnið sé í vinnslusalnum. Þannig telur V að M hafi átt að vera ljóst að honum væri skylt að notast við viðeigandi öryggis- og hlífðarbúnað og vísar til dómaframkvæmdar um að þegar öryggisbúnaður sé fyrir hendi hjá vinnuveitendum sé það að hafa ekki gefið starfsmönnum sérstök fyrirmæli um að nota slíkan ekki saknæm háttsemi af hálfu vinnuveitanda. V vísar til þess að sönnunarbyrði hvíli á M um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og sú sönnun liggi ekki fyrir.

Álit.

Í málinu er upplýst að M fékk ætandi hreinsivökva yfir sig, m.a. inn í eyra, sem hefur valdið honum varanlegu líkamstjóni m.v. læknisfræðileg gögn málsins. M varð ekki strax óvinnufær og ekki að sjá af gögnum málsins að strax hafi orðið ljós að um langvarandi eða varanlegu heilsutjóni í skilningi 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Ekki verður því séð að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins

vegna slyss M og sönnunarreglur því hefðbundnar í þeim skilningi að M þarf að sanna að slys hans sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á þannig að til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V komi.

Í málinu er upplýst að M hafi sótt námskeið þar sem farið hafi verið ýmsar öryggisreglur í starfsemi X þremur dögum áður en slysið varð. Þær upplýsingar eru almennar og í ljósi þess að unnið var með hættuleg efni við þrif á vinnslusal verður að leggja þær skyldur á X að brýnt sé sérstaklega fyrir starfsfólki að gæta fyllsta öryggis við vinnu sína og í því felst einnig að ganga úr skugga um að starfsmenn notið viðeigandi hlífðarbúnað við vinnu sína. Í málinu liggur fyrir ljósmynd af hurð inn í vinnslusal X og þar segir á íslensku að nota skuli eyrnahlífar en á ensku segir „No personal headphones into the processing room“ ásamt mynd af heyrnatólum sem líta út eins og peltor heyrnatól og rauður hringur með skálínu yfir. Þessi skilaboð til starfsmanna sem hafa ekki tók á íslensku máli eru mjög villandi og getur X ekki haldið því fram að augljóst sé af umræddri merkingu á hurð að starfsmenn hafi átt að vera með svokölluð peltor heyrnatól við vinnu sína í vinnslusalnum. Vegna þessara merkinga sem og þegar um nýja starfsmenn er að ræða verður að gera ráð fyrir því að verkstjórn sé þannig háttáð að gengið sé úr skugga um að starfsmenn noti viðeigandi hlífðarbúnað við vinnu sína og það verður einnig að teljast sérstaklega mikilvægt þegar unnið er með ætandi efni. Í málinu liggur ekki fyrir að X hafi skipulagt störf M og annarra starfsmanna með þeim hætti og verður, í ljósi ofangreindra aðstæðna og villandi skilaboða á hurð, X að bera hallann af því að hafa ekki skipulagt starfsemi sína með öruggari hætti, sbr. almenn fyrirmæli laga nr. 46/1980 og reglna og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim lögum.

Af þeim upplýsingum sem liggja auk þess fyrir í málinu verður ekki annað séð en að óumdeilt er að ætandi hreinsivökvi er notaður til þrifa í vinnslusal X hafi leitt til líkamstjóns M og telst X ber skaðabótaábyrgð á því tjóni. Ekkert liggur fyrir í málinu um að háttsemi M við vinnu sína hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Telst M því eiga rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna líkamstjóns sín.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 105/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega. Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Slysaugtak váttryggingaréttar. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. maí 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X hinn 21. júlí 2021, þegar 800 kílóa kassastaða hafi fallið á bakið á honum. M kveðst hafa verið heppinn að fá stæðuna ekki alla yfir sig, þar sem hann hafi verið byrjaður að færa sig til hliðar þegar hún féll til jarðar. Hafi horn stæðunnar hins vegar farið á bakið á honum og hafi M fallið á dekkjastæðu við hlið kassastæðunnar. Eftir slysið hafi M haldið vinnu sinni áfram enda hafi hann lítið fundið fyrir verkjum. Um tveimur vikum síðar hafi hann fundið fyrir miklum verkjum ofarlega í baki en hafi harkað þá af sér af mestu, utan þess að hann fékk að fara snemma heim einn daginn og mætti fjórum tímum of seint daginn eftir. Hafi M tjáð vinnuveitanda að hann væri með verki þar sem kassastæðan hefði fallið á hann og beðið um að slysið yrði tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Hafi M liðið skár eftir þessa hvíld en ekki nógu vel. Skömmu síðar hafi M farið í orlof og ákveðið að sækja sér lækniástoð á móðurmáli sínu í þeirri ferð. Hafi M þá verið greindur með vöðvabólgu og sótt sjúkraþjálfun, einnig eftir komuna til Íslands. Hafi M ekki getað sinnt starfi sínu vegna verkja, orðið óvinnufær, og í kjölfarið verið sagt upp störfum. Við komu á heilsugæslu hinn 4. október 2021 hafi M verið greindur með bakverk og fengið ávísað verkjalyfjum. Við segulómum um sumarið 2022 hafi fundist merki um slit en ekki brjósklos eða taugarótarþrengingar. M sé í dag með stöðugan verk ofarlega í baki og mikla verki tvo til þrjá daga í viku en samsvarandi einkenni hafi ekki verið til staðar fyrir umrætt slys og orsakatengslin því skýr. M telur að X hafi vanrækt að tryggja honum öruggt starfsumhverfi til samræmis við lög og reglur þar sem vörubrettið sem stæðan stóð á hafi ekki verið notað með réttum hætti og þyngd kassastæðunnar á því verið umfram burðarþol þess. Þá hafi Vinnueftirlitinu ekki verið tilkynnt um atvikið og beri því að leggja frásögn M um málsatvik til grundvallar. M byggi þá á því að um óvæntan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem uppfylli skilyrði slysaugtaksins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ósannað að M hafi orðið fyrir slysi við ofangreint atvik hinn 21. júlí 2021. M hafi ekki tilkynnt um slys á þeim degi og hafi ekkert verið frá vinnu eftir atvikið. Hann hafi fyrst leitað til læknis vegna meints slyss hinn 27. september 2021, eða níu vikum eftir atvikið. Af læknagögnum verði þá ekki ráðið að M hafi orðið fyrir áverka sem samræmist því að 800 kílóa kassastaða hafi fallið á hann. Er bótaskyldu úr slysaþvingu launþega því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að í upphaflegu höfnunarbréfi V hafi verið vísað til myndbandsupptöku af atvikinu og byggt á því að M hefði náð að víkja sér undan kassastæðunni. Þetta myndband sé ekki meðal málgagna og skorar M á V að leggja það fram. Fyrirliggjandi ljósmyndir sýni hins vegar að M hafi fallið fram fyrir sig á dekkjastæðu, og byggi M á því að það hafi gerst eftir að kassastæðan féll á bakið á honum. Sé því komin fram sönnun um þá atburðarás sem M lýsi og uppfylli skilyrði slysaugtaksins. Sé það þá ekki rétt að M hafi fyrst leitað til læknis í lok september 2021 enda hafi hann leitað læknismeðferðar meðan hann var erlendis, hann hafi leitað til sjúkraþjálfara í lok ágúst 2021 og röntgenmyndir hafi verið teknar hinn 6. september 2021. Hafi M alls mætt í 57 skipti í sjúkraþjálfun hérlendis og sé enn til meðferðar sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins.

Álit.

Ljóst er að umrætt atvik uppfyllir í sjálfu sér skilyrði slysaugtaks váttryggingaréttar, þ.e. um óvæntan, skyndilegan utanaðkomandi atburð var að ræða, en aðila greinir hins vegar á um hvort atvikið hafi leitt til líkamstjóns M en það hvílir á honum að sýna fram á það. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær M tilkynnti X um atvikið og að hann teldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess, en af gögnum málsins má

ráða að það hafi verið a.m.k. um tveimur vikum eftir að það átti sér stað. Þar af leiðandi þykir ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum hvað þetta varðar á grundvelli þess að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið. Af myndbandi af atvikinu, sem nefndarmönnum gafst kostur á að horfa á eftir að hafa sent beiðni þar að lútandi, má sjá að M stendur við hlið stæðunnar þar sem hún riðar til falls. Þá verður ekki annað séð en að M hafi náð að víkja sér undan stæðunni, þó mögulegt virðist að horn hennar hafi stökist við upphandlegg hans og öxl. Í kjölfarið féll M á dekkjastæðu sem var við hlið kassastæðunnar. Þá má ráða af myndbandinu að M hafi staðið nær samstundis á fætur og virðist hann ekki hafa kennt sér meins, og er það raunar í samræmi við frásögn hans sjálfs. Gæði myndbandsins eru ekki eins og best yrði á kosið en þó verður ekki ráðið af því að kassastæðan eða hluti hennar hafi beinlínis fallið á M. Eins og atvik liggja fyrir verður að telja að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakatengsl umrædds atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum hefur M kennt sér meins í baki, og má ráða að hann hafi leitað til læknis og sjúkraþjálfara í Póllandi í kringum mánaðamótin ágúst/september 2021, þó fyrirbyggjandi gögn um það séu aðeins á pólsku. Þá liggur fyrir að M leitaði læknis hér á landi hinn 27. september 2021, eða rúmum tveimur mánuðum eftir umrætt atvik, og aftur hinn 4. október sama ár. Var hann í fyrra skiptið greindur með vöðvabólgu og í hið síðara með bakverk. Þá liggur fyrir nefndinni skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 28. apríl 2023, og kemur þar fram að M hafi alls sótt meðferð í 57 skipti frá 28. september 2021. Þar kemur m.a. fram að M sé með verki í hægri öxl, milli herðablaða og í háls hrygg. Niðurstöður myndgreiningar sem M mun hafa gengist undir um sumarið 2022 liggja ekki fyrir en samkvæmt frásögn M sjálfs sýndi hún merki um slit en ekki brjósklos eða taugarótarprenningar. Frekari læknisfræðileg gögn liggja ekki fyrir nefndinni. Af framangreindu má ráða að einkenni M séu nokkuð almenns eðlis og ekki sértæk fyrir umrætt atvik. Liggur þá ekki fyrir t.a.m. matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna varðandi orsakatengsl. Þar sem ekki er sýnt fram á að M hafi orðið fyrir áverka við atvikið sjálf, nokkuð langur tími leið þar til hann kenndi sér meins, og enn lengri tími þar til hann leitaði læknis verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli atviksins og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Verður hann að bera hallann af því.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu eru þá ekki efni til að fjalla um kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V. M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 106/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 25. apríl 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M, sem var ökumaður strætisvagns, hafi stöðvað strætisvagninn við umferðarljós þegar þau voru að skipta yfir í rautt. Annar strætisvagn X, sem ók fyrir aftan, náði ekki að stöðva með þeim afleiðingum að hann keyrði aftan á strætisvagninn sem M ók, þann 18. október 2021.

Læknisfræðileg gögn málsins sýna að M leitaði á heilsugæsluna í Urðarhvarfi daginn eftir áreksturinn og lýsti þar verkjum. Einnig kemur fram að M hafi verið óvinnufær með öllu í um eina viku eftir áreksturinn, þ.e frá 19. til 25. október 2021, og fengið tilvísun til sjúkraþjálfara. Í sömu gögnum kemur fram að M hafi m.a. leitað til læknis vegna verkja 26. október 2021, 24. nóvember 2021, 7. janúar 2022, 16. febrúar 2022, 2. maí 2022, 30. júní 2022 o.fl. Einnig liggur fyrir matsgerð, dags. 9. febrúar 2021, þar sem sjúkrasaga M er reifuð. Kemur þar m.a. fram að M hafi átt ýmis slys að baki.

M telur sýnt með læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 18. október 2021 og að hún hafi enn einkenni vegna þess og þannig séu líkur á varanlegu líkamstjóni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til mynda af strætisvögnunum eftir árekstur og að tjón hafi orðið lítið sem og PC-crash skýrslu dags. 15. nóvember 2022 þar sem höggkraftur er metinn vægur. Þá vísar V til þess að M eigi sér langa sögu um sömu og sambærileg einkenni og hún lýsti eftir slysið. Því sé ósannað að orsakatengsl séu á milli núverandi einkenna og slyssins sem um ræðir. Auk þess hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesti orsakatengsl.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis vegna ýmissa verkja daginn eftir árekstur þar sem ekið var aftan á strætisvagn sem hún ók 18. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þá ber einnig að hafa í huga að skýrslan sýnir samt að áreksturinn hafi verið á 30 km/klst hraða. M hefur reglulega leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun til sjúkraþjálfara vegna verkja, m.a. í herðum og hálsi. Þó svo að læknisgögn gefi til kynna að M eigi nokkur slys að baki verður ekki útilokað af framlögðum gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í ljósi þeirrar samfellu sem hefur verið í læknisvitjunum og meðferð M sem og að M lýsir auknum verkum eftir áreksturinn, verður að telja nokkrar líkur á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, að því marki sem niðurstöður matsgerðar sýna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki sem sýnt er fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 107/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.****Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 27. maí 2020 gengist undir liðskipaaðgerð hjá bæklunarlækninum Y sem tryggður er hjá V í gegnum einkahlutafélagið X. Þegar útskrifa átti M þann 29. maí, féll hún í gólfið og var í kjölfarið aðstoðuð á fætur. Hélt M svo heim í hárrí göngugrind án þess að hafa verið skoðuð af lækni og þrátt fyrir að vera verkjuð í mjöðminni. Þann 5. júní 2020 hafi Y svo vitjað M á heimili hennar til að skoða mjöðmina og reyndist hún þá vera með lítið mar á mjóðbaki. Var hún þá send í röntgenrannsókn sem kom vel út. M var áfram verkjuð í mjöðminni og í lok júlí var ástandið orðið það slæmt að hún var send í ómskoðun af öðrum lækni þann 23. júlí 2020. Sú skoðun leiddi í ljós rof við vöðvafestu í þeirri mjöðm sem aðgerðin þann 25. maí var framkvæmd á þann 15. september 2020 var M svo tekin til enduraðgerðar þar sem vöðvafestan var saumuð á ný. M gerir kröfu í sjúklingatryggingu Y á þeim grundvelli að vegna vangreiningar eftir fallið hafi hún verið með lausa vöðvafestu allt sumarið og fram á haust og búi í dag enn við verki á aðgerðarsvæðinu. Með betri rannsókn, einkum ómskoðun viku eftir fallið í stað röntgenrannsóknar sem fór fram, hefði mátt leiða í ljós hina rifnu vöðvafestu og sauma hana aftur strax saman. Eftirfylgni eftir aðgerðina hafi ekki heldur verið fullnægjandi því það hafi ekki komið í ljós fyrir en í janúar 2021 að blætt hafði inn á liðinn í aðgerðinni. Telur M að V beri fulla bótaábyrgð úr sjúklingatryggingu gagnvart M vegna ófullnægjandi lækni meðferðar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu bæklunarlæknisins Y á þeim grundvelli að ekki verði séð að rannsókn og meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið við þær aðstæður sem um ræðir. M hafi verið skoðuð eftir fallið þann 29. maí 2020 bæði af hjúkrunarfræðingi sem varð vitni af fallinu og vakhafandi skurðlækni. Skoðunin benti ekki til neinna áverka og miðað við tegund fallsins var afar ólíklegt að skaði hefði hlotist af þar sem fallið var bæði stöðvað af hjúkrunarfræðingnum og eiginmanni M. Mögulegt sé að vöðvafestan hafi rofnað við fallið en hvorki sé hægt að staðfesta það né útiloka. Vöðvafesta getur losnað eða ekki gróid hjá einstaklingi sem gengst undir sömu tegund aðgerðar án þess að nokkur saga sé um sambærilega áverka/fall. Þá er það ekki ómskoðun sem gefur tilefni til ákvörðunar um aðgerð, heldur er það skoðun sjúklings og mat á krafti eða getu til fráfærslu um mjöðmina. Hjá M hafi virkni vöðvans verið góð og styrkur var góður. Meginvandi voru verkir og óþægindi sem m.a. mátti rekja til annarra vandamála sem tengjast baki hennar. Þannig hafi engar vísbendingar verið til staðar við skoðun 5. júní 2020 um að eitthvað amaði að mjaðmasvæðinu. Allir sjúklingar eigi bókaða tíma í eftirlit í kjölfar aðgerðar, bæði saumatöku tveimur vikum eftir aðgerð og síðan í lokamat átta vikum eftir aðgerð. Auk þess fá sjúklingar farsímanúmer Y og hafa möguleika á að hafa samband við hann hvenær sem er. Þá fékk M sjúkrahjálfunarbeiðni þann 27. apríl 2020. Er því ekki hægt að fallast á með M að eftirfylgni og eftirlit eftir aðgerðina hafi ekki verið nægilega gott.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. tölul. 2. gr. og 3. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu eru tilgreind að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur til bóta stofnast úr sjúklingatryggingu. Í 1. tölul. 2. gr. kemur fram að greiða skuli bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í 1. mgr. 3. gr. segir að greiða

skuli bætur fyrir tjón sem hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. gr. laganna. Engin matsgerð eða læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu, sem staðreyna eða leiða líkum að því að rof í vöðva hafi komið í kjölfar fallsins þann 27. maí 2020 eða að rofið hafi að öllum líkindum mátt greina fyrir en raunin varð. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að stofnast hafi réttur til bóta úr sjúklingatryggingunni á grundvelli 1. tölul. 2. gr. og 3. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 108/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostleg gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 15. júní 2022 verið farþegi á rafhlaupahjólum þegar bifreiðinni A hafi verið ekið í veg fyrir hjólið og M orðið fyrir meiðslum.

V skerti bætur M um þriðjung á þeim grundvelli að hún hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi með því að hafa verið farþegi á rafhlaupahjólunum án hjálms og að hafa brotið gegn 3. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem hún sýndi ekki sérstaka aðgæslu að umferð.

M telur fulla bótaskyldu vera til staðar þar sem hvorki hafi verið um að ræða stórkostlegt gáleysi né orsakatengsl milli meints gáleysis og slyssins. Fram kemur að mörk milli almenns gáleysis og stórkostlegs hafi mikla þýðingu en það hafi verið talið að gáleysi þyrfti að vera á mjög háu stigi til að teljast stórkostlegt. Vegna þessarar ríku kröfur hafi meðábyrgð fótgangandi vegfarenda, hjólréiðamanna, ríðandi manna og þeirra sem eru farþegar í ökutæki sjaldnast verið talið stórkostlegt. Einnig bendir M á að í 4. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 komi fram að ekki verði niðurfelling eða lækkun á ábyrgð ef hinn váttryggði hafi ekki getað vegna aldurs síns gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. M hafi verið 15 ára á slysdegi og beri því að taka tillit til ungs aldurs hennar við mat á skerðingu bótaréttar. Þá geti það ekki talist til stórkostlegs gáleysis að taka sér far á hlaupahjólum án hjálms. Það sé einungis stórkostlegt gáleysi sem feli í sér skerðingu á bótarétti. M hafi verið farþegi á hlaupahjólunum og því hafi hún ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með aðgæsluleysi þegar því var ekið þvert yfir akbraut, án sérstakrar aðgæslu á umferð eins og V haldi fram. M telur orsök slyssins að rekja til ógætni ökumannsins þar sem hann hafi ekki haft sérstaka gát á við vegmót eins og kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Ökumaður A hafi ekið á 50 km/klst þegar leyfilegur hámarkshraði var 30 km/klst.

Í bréfi V kemur fram að í lögregluskýrslu dags. 27. júní 2022 lýsi vitni slysinu með þeim hætti að tvennt hefði verið á rafmagnshlaupahjólum á gangstétt að aka Laugaveg en hafi síðan snögglega tekið beygju til vinstri og keyrt í veg fyrir bifreiðina. Samkvæmt reglum Hopp skuli ökumaður verða 18 ára eða eldri og óheimilt sé að aka með farþega á hlaupahjólum frá þeim en bæði ökumaður og M hafi verið 15 ára á slysdegi og þar af leiðandi óheimilt að aka hjólinu. V telur þá háttsemi M að vera farþegi á hlaupahjólunum teljast til stórkostlegs gáleysis og þurfi M því að bera ábyrgð á tjóni sínu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sú háttsemi M að hafa verið farþegi á rafhlaupahjólum teljist til stórkostlegs gáleysis. Það liggur fyrir að M var farþegi á rafhlaupahjólunum án þess að vera það heimilt þar sem óheimilt var að vera með farþega á rafhlaupahjólunum samkvæmt reglum Hopp. Það liggur einnig fyrir að ökumanni rafhlaupahjólans var óheimilt að aka því þar sem hún var 15 ára en skv. reglum Hopp skal ökumaður vera 18 ára. Það liggur einnig fyrir að hvorugar voru með hjálm eins og kveðið er á um í 1. mgr. 79. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar sem M var ekki ökumaður rafhlaupahjólans er ekki unnt að líta svo á að hún hafi valdið váttryggingaáburðinum en ábyrgð M snýst um það að hún var farþegi á rafhlaupahjólunum án þess að vera það heimilt og án hjálms. Það var vissulega gáleysi af hennar hálfu að hafa tekið sér far með rafhlaupahjólunum en þegar litið er til dómafordæma um mat á stórkostlegu gáleysi er ekki unnt að líta svo á að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Í því sambandi verður einnig að taka tilliti til ungs aldurs M sem var einungis 15 ára þegar slysið varð. Með vísan til framangreinds er V bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt úr bóttum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 109/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging og húseigendatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. maí 2023.
3. Bréf M, dags. 11. maí 2023.
4. Bréf V, dags. 15 maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 20. janúar 2023 hafi orðið vatnsleki í bílskúr við húseignina M. Lýsir M atvikum þannig að heitt vatn hafi flætt óhindrað í fjóra daga. Þegar tjónið uppgötvaðist hafi M haft samband við V sem sendi verktaka á staðinn. Lýsir M því að þeir hafi strax skrúfað fyrir lekann. Þá lýsir M því að mikill hiti hafi verið í skúrnum og skemmdir á timburverki, bílskúrshurð hafi verið föst og ekki lokast auk þess tjón hafi orðið á ýmsum innbúsmunum og rafeindatækjum vegna vatns.

V hefur hafnað bótaskyldu úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingarinnar og úr fjölskyldutryggingunni. Telur V ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni. Vísar V til þess að þak bílskúrsins hafi verið óeinangrað og að ofn í bílskúrnum hafi verið vanvirkur og skúrin þ.a.l. kaldur. Í mikilli kuldatíð í janúar hafi neysluvatnskrani í bílskúrnum því gefið sig, líklega vegna frosts. Afleiðingar þess hafi verið þær að heitt og kalt vatn rann úr neysluvatnskrananum. Hitinn frá lekanum hafi því verið mun minni en þegar einungis lekur heitt vatn. V heldur því jafnframt fram að M hafi verið margsaga um það hvernig ástand bílskúrsins var áður en til lekans kom, hann hafi m.a. haldið því fram að klæðning hafi verið bæði á veggjum og lofti auk þess sem vaskur hafi verið bakvið útihurð. Vísar M til þess að það standist ekki og vísar í því sambandi til ljósmynda. Engin för séu eftir festingar, klæðningar eða hillur. Þá standist það varla skoðun að M hafi fjarlægð vask áður en skoðunarmenn félagsins komu á staðinn til að skrúfa fyrir vatnsleka.

V telur allt tjón vera ósannað gögn málsins, m.a. myndir af tjónsstað beri ekki með sér að vatnsskemmdir hafi orðið þó vissulega hafi myndast einhver raki í skúrnum. Sem dæmi sé pappakassar sem stóðu á gólfi þurrir og ekki hægt að greina vatnsskemmdir á öðrum byggingarhlutum. Þá hafi M fargað öllum tjónsmunum áður en V gafst færi til að skoða eða láta meta hvort þeir hafi skemmt. Telur V jafnframt ósannað að sumir þeir hlutir sem M tilgreinir sem skemmda hafi yfir höfuð verið í skúrnum og vísar V til þess að þeir sjáist ekki á myndum sem teknar voru í skúrnum fljótlega eftir atvikið. En fremur sé ljóst að stór hluti þeirra muna sem voru í skúrnum teljist ekki til innbús og falli þ.a.l. ekki undir fjölskyldutrygginguna.

M telur að fyrirliggjandi gögn sýni það með fullnægjandi hætti að hann hafi orðið fyrir tjóni. Bendir M m.a. á að dýrustu hlutirnir, ýmis rafeindatæki eins og loftnesiur, tölvuskápur með serverum öryggisbúnaði router og switchum sjáist mjög vel. Þá vísar M til þess að rafeindabúnaður þoli illa heitt vatn og því verði að teljast ljóst að allur rafbúnaður sem var í skúrnum hafi orðið fyrir altjóni. Gerir hann kröfu um að kostnað við að endurnýja lausafé úr fjölskyldutryggingu sinni auk þess sem hann gerir kröfu um að fá bættan kostnað vinnu á timburverki, umskipti á útihurð og bílskúrshurð ásamt opnara og rafmagnstöflu.

Álit.

Ágreiningur að málinu snýr að því hvort vatnstjón hafi orðið á innbúi og fasteign M vegna vatnsleka sem varð í bílskúr M þann 20. janúar 2023. Samkvæmt meginreglum bótaréttarins ber M sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni. Engin gögn liggja fyrir sem sýna með skýrum hætti að skemmdir hafi orðið á fasteign M eða innbúsmunum sem þar voru geymdir. Þá bera myndir ekki með sér að M tjón hafi orðið á fasteigninni eða innbúsmunum. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Enn fremur virðist sem a.m.k. nokkur hluti þeirra tjónsmuna sem M hefur tilgreint teljist ekki til innbús í skilningi þess váttryggingarskilmála sem gildir um

fjölskyldutrygginguna. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem fellur unnir húseigenda- eða fjölskyldutryggingu hans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr fjölskyldu- eða fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 110/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging og líftrygging.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggðs.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. maí 2023, ásamt tjonstilkynningu vegna sjúkdómatryggingar dags. 8. september 2022 og svarbréf endurtryggjanda vegna málsins, dags. 3. maí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að eiginmaður M (hér eftir X) undirritaði svokallaða heilbrigðisyfirlýsingu vegna umsóknar um bæði líftryggingu og sjúkdómatryggingu hjá V hinn 29. október 2021 og í kjölfarið voru gerðir váttryggingasamningar um báðar váttryggingar. X greindist með krabbamein í lifur í ágúst 2022 og bótakrafa í sjúkdómatryggingu X var send til V 8. september 2022. X lést hinn 12. nóvember 2022 og gerði M kröfu um bætur úr líftryggingu X í kjölfarið. V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúkdóma- og síðar líftryggingu X. Ekki liggur fyrir í málinu hvort M sé eini erfingi X eða hvort hún situr í óskiptu búi þannig að krafa sem X hafði uppi til greiðslu bóta úr sjúkdómatryggingu sé á forræði M.

V telur að X hafi gefið rangar og ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt þegar hann sótti um váttryggingar með heilbrigðisyfirliti sem fylgdi umsókn dags. 29. október 2021. V bendir á að með undirritun sinni á umrætt heilbrigðisyfirlit hafi X lýst því yfir að „...heilsufarsupplýsingar væri veittar af hans bestu vitund rétt og sannleikanum samkvæmt og að honum væri ljóst að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar kynni að valda missi bótaréttar að hluta eða öllu leyti og að greidd iðgjöld tapast“. Aukinheldur hafi X staðfest með undirritun sinni á umsókn að V noti bæði eigin reglur og reglur endurtryggjanda á hverjum tíma við áhættumat. V bendir á að í umsókn hafi komið fram að X kvaðst ekki hafa haft nein af þeim einkennum eða vandamálum sem þar er spurt sérstaklega um og kvaðst ekki hafa farið í neina tegund rannsókna, blóðrannsókna eða sýnatöku á síðustu fimm árum, auk þess sem hann kvaðst hafa verið heilsuhraustur síðastliðin þrjú ár. V telur að upplýsingar úr sjúkraskrá X sýni að þessar upplýsingar hans hafi ekki verið réttar og bendir á í apríl 2020 komi fram að blóðsykur hans hafi mælst 6,5 sem og hafi mælst D-vítamínskortur í blóðrannsókn. Einnig hafi í júlí 2021 komið fram upplýsingar um að X hafi leitað til læknis vegna mál- eða taltruflunar, hafi haft hjartsláttartruflanir og þá greindur með taltruflun. Einnig hafi í september 2021 sést í ómskoðun af heila óeðlileg rýrnun á „temporal svæði vinstra megin“ og tilvísun send á Landakot vegna þess. Einnig vísar V til þess að það komi fram í sjúkragögnum að X hafi farið í mænuvökvatöku hinn 26. október 2021, eða þremur dögum áður en hann sótti um váttryggingar hjá V. Í þessu felist að X hafi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt á umsókn og ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir þá hefði ekki verið unnt samkvæmt vinnureglum V að samþykkja umsókn um sjúkdóma- og líftryggingu. Einnig vísar V til samskipta sinna við endurtryggjanda máli sínu til stuðnings. V telur að orsakasamband milli þeirra heilsufarsupplýsingar sem vanrækt hafi verið að gefa og þess meins sem X hafi fengið skipti ekki máli, enda hefði X ekki fengið útgefnar váttryggingar hefðu réttar upplýsingar legið fyrir og þannig sé engin greiðsluskilylda fyrir hendi af hálfu V.

M telur að hún eigi rétt til bóta úr bæði sjúkdómatrygging og líftryggingu X. M vísar því á bug að X hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína þegar hann sótti um umræddar váttryggingar. Í fyrsta lagi bendir M á að þó komi fram upplýsingar um blóðsykurs- og D-vítamínmælingu X í apríl 2020 hafi aldrei komið til álita að X hafi verið með of háan blóðsykur eða sykursýki í heimsóknnum hans til lækna síðar og þorri Íslendinga líði D-vítamínskort. Í öðru lagi vísar M til þess að X hafi ekki fengið upplýsingar um að hann hafi fengið „stroke“ fyrr en í ágúst 2022, þ.e. eftir töku trygginga. Einnig hafi óreglulegur hjartsláttur ekki kallað á sérstaka meðferð. Loks bendir M einnig á að í sjúkraskrá X hafi ekki komið fram fyrir töku váttrygginga að hann hafi verið með nokkurn sjúkdóm eða grunur um slíkt. M telur að ekki sé óeðlilegt að X hafi sætt rannsóknum og blóðrannsóknum þar sem hann hafi þurft að standast lækni- og sjúkaferðir. Auk þess hafi X verið vinnufær allt fram á sumar 2022 þegar hann hafi greinst með krabbamein. Einnig áréttar M að X hafi látist úr meini sem tengist ekki þeim upplýsingum sem V haldi fram að hann hafi vanrækt að veita. Þrátt fyrir rannsóknir á árunum 2020 og 2021 komi

ekki fram í lækisfræðilegum gögnum að grunur hafi verið um krabbamein í lifur sem X greindist síðar með í ágúst 2022.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort X hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 við umsókn um sjúkdóma- og líftryggingu hjá V og ef svo er hvaða áhrif það hafi á rétt M til bóta í skilningi 83. gr. sömu laga.

Í stöðluðu eyðublaði V, sem nefndist heilbrigðisyfirlýsing, koma m.a. fram spurningar um hvort væntanlegir váttryggingartakar hafi m.a. haft hjartasjúkdóma eða einkenni frá hjarta, hækkaðan blóðsykur, einkenni frá taugakerfi eða hafi síðustu 5 ár verið í rannsóknum, blóðrannsóknum eða sýnatökum vegna sjúkdóms, gruns um sjúkdóm, einkenna eða slyss. Öllum þessum spurningum svaraði X neitandi við umsókn sína um váttryggingar.

Í gögnum málsins kemur fram að X hafi mælst með tiltekin gildi blóðsykurs í apríl 2020 og D-vítamínskort. Að upplýsa V ekki um þessar mælingar telst óveruleg vanræksla af hálfu X en þegar kemur að þeim lækisfræðilegu rannsóknum sem M undirgekkst stuttu fyrir töku váttrygginga vegna taltruflunar, sérstaklega mænuvökvatöku þremur dögum fyrir umsókn um váttryggingar, verður að ætla að X hafi mátt vera ljóst að slíkar upplýsingar gætu haft áhrif á mat V á áhættu vegna persónutrygginga. Vanræksla á að veita slíkar upplýsingar, þó X hafi verið að fullu vinnufær, verður að teljast ekki óveruleg í skilningi 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort takmarka eigi ábyrgð váttryggingafélags í heild eða hluta ber skv. 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga að líta til fjögurra þátta skv. athugasemdum við umrædda grein í frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga. Nánar tiltekið er þar átt við að meta þurfi í fyrsta lagi hvaða áhrif vanrækslan hafi hafi haft fyrir mat váttryggingafélags á áhættu þess, í öðru lagi ber að líta til þess hve sök váttryggingartaka var mikil, í þriðja lagi með hvaða hætti váttryggingaratburður varð og í fjórða lagi ber að líta til atvika að öðru leyti. Hér verða allir þessir þættir raktir og áhrif hvers og eins þeirra á hlutfall takmörkunar á ábyrgð V.

Í gögnum málsins kemur fram að ef V hefði haft réttar upplýsingar um heilsufar X við töku sjúkdóma- og líftryggingar hefði V skv. bréfi endurtryggjanda þurft að fresta gildistöku váttryggingar þar til greining frá Landakoti lægi fyrir. Má því ætla að M hefði haft takmarkaðri möguleika á persónutryggingum hefði hann gefið réttar upplýsingar um heilsufar sitt.

Sök X lýtur að því að hafa ekki gefið upp í heilbrigðisyfirlýsingu að hann hafi verið til rannsókna vegna taltruflunar og að hafa farið í mænuvökvarannsókn. Eins og áður kemur fram telur nefndin að vanræksla á því að láta vita af þeim rannsóknum feli í sér meira en óverulega vanrækslu þannig að sökin er meira en óveruleg. Ekki verður þó með skýrum hætti ályktað af gögnum málsins að M hafi mátt vera ljóst að mögulegar niðurstöður þessara rannsókna hefðu leitt til alvarlegs sjúkdóms og verður sök hans því ekki metin mikil þegar þessi þáttur 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga er metinn.

Hvað varðar þriðja þáttinn í mati á takmörkun varðar þá segir í fyrrnefndum athugasemdum með 20., sbr. 83. gr. laga í frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga að meta þurfi hve náíð orsakasamband er á milli þess að váttryggingartaki vanrækir að veita upplýsingar um heilsufar sitt og váttryggingaratburðar. Þá segir að ef upplýsingarnar skipti engu máli fyrir það að váttryggingaratburður varð eigi þær ekki að skipta máli fyrir ábyrgð félagsins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 24/2020 kom fram sú túlkun réttarins að ekkert orsakasamband væri milli váttryggingaratburðar sem fól í sér slit á hásin og þeirra heilsufarsupplýsinga sem váttryggingartaki í því máli hefði vanrækt að veita og þannig yrði ekki litið svo á að vanræksla á að veita þær upplýsingar leiddi til þess að fella bæri ábyrgð niður að hluta eða í heild. Í sama dómi Landsréttar í máli nr. 24/2020 er hins vegar ekki fjallað um það sem kemur einnig fram í fyrrnefndum athugasemdum með 20., sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem segir að komi til ágreinings á milli váttryggingartaka og váttryggjanda um ábyrgð félagsins verði dómstólar að hafa svigrúm til að meta hvert sambandið er á milli váttryggingaratburðar og vanræktar upplýsingaskyldu til þess að geta metið hvort eða í hve ríkum mæli ábyrgð félagsins yrði felld niður.

Nefndin telur að það verði að taka tillit til alls texta umræddra lögskýringargagna við mat á þýðingu þeirra. Þannig telur nefndin ekki unnt að túlka ummæli í lögskýringargögnum þannig að þegar eðli heilsufarsupplýsinga, sem váttryggingartaki vanrækir að veita váttryggingafélagi, eru ekki með skýrum hætti tengd váttryggingaratburði, sé hægt að útiloka með öllu að V geti takmarkað ábyrgð sína, heldur verði að meta það sjálfstætt innan þessa þriðja þátta heildarmats sem líta verður til þegar hlutfall

takmörkunar á ábyrgð er metin. Þegar litið er til aðstæðna í máli M verður að líta til þess að þær upplýsingar sem X vanrækti að veita V í aðdraganda váttryggingarsamninga sýna ekki tengsl við þann sjúkdóm sem hann síðar greindist með og leiddi til dauða hans. Þessi þriðji þáttur matsins felur því ekki í sér að V geti takmarkað ábyrgð sína vegna hans, sem dregur úr áhrifum á heildarmatið.

Með hliðsjón af atvikum öllum, þ.e. sjálfstætt og allra þeirra fjögurra þátta sem ber að líta til við beitingu 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga verður að líta svo á að heimildir V til að takmarka ábyrgð sína séu minni en meiri og sanngjarnt að leggja til grundvallar að þær séu sem nemur fjórðungi af heildarfjárhæð bóta.

Í váttryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar verður ekki séð að V geti borið fyrir sig að bótaréttur sé ekki fyrir hendi, en krafa um greiðslu bóta átti sér stað hinn 8. september 2022, ekki er annað að sjá að X hafi fengið krabbamein í skilningi 11. gr. skilmálanna og lifði í þrjátíu daga frá greiningu, sbr. a. liður 2. gr. sömu skilmála. Greiðsluskylda er því fyrir hendi úr sjúkdómatryggingu X sem nemur $\frac{3}{4}$ hlutum heildarbóta. Ekki verður af gögnum málsins fyllilega ráðið hvort M fari með forræði á málum dánarbús X og verður því ekki slegið föstu að M eigi beinan rétt til greiðslu þeirra bóta þó sömu sjónarmið um upplýsingaskyldu X sem váttryggðs myndu eiga við um heimild V til takmörkunar á ábyrgð. Þetta þýðir því einnig að M sjálf, sem maki í skilningi 2. mgr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga, á að minnsta kosti rétt til bóta sem nemur $\frac{3}{4}$ hlutum heildarbóta úr líftryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda V vegna sjúkdómatryggingar er $\frac{3}{4}$ hluti heildarbóta.
M á rétt til greiðslu $\frac{3}{4}$ hlutar heildarbóta úr líftryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 111/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. apríl 2023, ásamt váttryggingarskilmálum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 19. apríl 2023.
4. Tölvupóstur M dags. 21. apríl 2023.

Málsatvik.

Hinn 4. nóvember 2021 var M við vinnu ásamt fjórum samstarfsmönnum sínum við að steypa vegg með steypudælu sem var í eigu X og starfsmaður X við stjórn dælnnar. Í lögregluskýrslu kemur fram að slysið hafi átt sér stað þar sem verið var að steypa brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi og þegar lögreglumenn komu á vettvang hafi komið fram að M hafi lent undir steypurana. Haft er eftir verkstjóra M að hann sjálfur hafi haldið í stút steypudælu og verið að dæla steypu ofan í handrið undir leiðara á brúnni og M hafi gengið á eftir honum til að slétta úr steypunni. Verkstjórinn kveðst síðan hafa heyrt læti og fundið að steypuraninn væri að losna og hann hafi lent á höfði M og hann slasast. Haft er eftir stjórnanda steypudælnnar að liðamót í steypudælurana hafi gefið sig fyrirvaralaust með þeim afleiðingum að neðri hluti ranans hafi fallið niður og lent á höfði M. Samstarfsmaður M kvaðst hafa staðið við hlið M þegar slysið varð og steypurdæluranninn hafi farið í hjálm hans en hann náð að beygja sig niður en hjálmur á höfði hans hafi dottið. Þegar hann hafi litið upp hafi M verið fastur undir steypudæluranninum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem það megi rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna m.t.t. öryggis. Nánar tiltekið vísar M til þess að í lögregluskýrslu komi fram að skoðun hafi átt að fara fram á steypudælnni skv. skoðunarskírteini í október 2021 en slík skoðun hafi ekki farið fram þegar slys M hafi orðið hinn 4. nóvember 2021. M telur að vanræksla á skoðun hafi leitt til slyss M, steypudælan hafi verið í ófullnægjandi ástandi sem slyshætta hafi verið af og þannig hafi búnaður M ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 13, 37. og 46. gr. laganna. Einnig vísar M til reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og bendir á að framkvæmd hafi verið viðgerð á gálga steypudælnnar árið 2016 og hún skoðuð af framleiðanda árið 2018 án athugasemda en skoðun ársins 2021 hafi ekki verið sinnt. M bendir á að í 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 komi fram að þegasr öryggi tækja minnki við tilteknar aðstæður skuli atvinnurekandi sjá til þess að sá sem ber ábyrgð á að annast skoðun tækis skoði og prófi tækið með reglulegu millibili til að tryggja öryggi. Það hafi X ekki gert en ef það hefði verið gert megi ætla að skemmd á steypudælurana sem leiddi til slyss M hefði komið fyrr í ljós þannig að slysið hefði ekki orðið.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að félagið hafi aflað ítarlegra upplýsinga frá X um viðhald og viðgerðir á steypudælnni og liggja þær fyrir í gögnum sem lögð hafi verið fyrir nefndina. V telur að þau gögn sýni að viðhaldi dælnnar hafi verið sinnt með eðlilegum hætti og tækið skoðað reglulega af starfsmönnum X sem séu faglærðir og hafi sótt námskeið og hlotið vottun vegna tækja sem notuð séu í starfsemi X. V vísar til þess að viðgerð sem hafi verið framkvæmd á gálga steypudælu C þar sem gert hafi verið við samskeyti á armi gálgans tengist ekki bilun sem hafi komið upp í armi steypudælnnar hinn 4. nóvember 2021 og leitt hafi til líkamstjóns M. V telur að ekkert í gögnum málsins sýni að viðhaldi og eftirlit með steypudælnni hafi verið vanrækt og beri M sönnunarbyrði um það. Einnig vísar V til þess að orsök slyss M hafi verið sú að kólfur í armi steypudælnnar hafi losnað úr armi dælnnar en ekki brotnað eins og áður hafði gerst. Skoðun af hálfu Vinnueftirlitsins hafi farið fram árlega án athugasemda og eki sýnt að skoðun í nóvember 2021 hefði getað komið í veg fyrir líkamstjón M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram ábending um að X hafi haft heilan mánuð, þ.e. októbermánuð 2021, til að láta framkvæma skoðun á steypudælnni og telur M að augljóst að vanræksla á því hafi

orsakað slys M. Gera verði ríkar kröfur til fyrirtækis eins og X, sem m.a. leigi út vinnuvélar, að búnaður sé fullnægjandi og ekki stafi af honum hættu vegna viðhaldsleysis.

Í viðbótarathugasemdom V kemur fram áréttning um að V telji algjörlega ósannað og verulega ósennilegt að ástæðu slyss M sé hægt að rekja til þess að vinnuvél X hafi ekki verið skoðuð í október 2021. V bendir á að ástæða slyssins hafi verið sú að kólfur losnaði úr liðamótum dælu og engin merki á armi dælu um að eitthvað gæti gefið sig.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé að rani á steypudælu X hafi lent á M og það hafi leitt til líkamstjóns hans. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að það atvik að raninn losnaði tengist með einhverjum hætti fyrri viðgerð á steypudælu X. Af þeim gögnum sem hafa verið lögð fram af hálfu X verður ekkert ráðið um að slík tengsl séu fyrir hendi og engin efni eru til að snúa sönnunarbyrði við þannig að X verði látið bera hallann af því að ekki sé ljóst hvað leiddi til bilunar í búnaði steypudælu.

Af dómafordæmum eða öðrum réttarheimildum í íslenskum rétti verður ekki ráðið að í gildi sé hlutlæg bótaregla vegna bilunar í tækjum og verður jafnframt eins og atvikum er háttað hér að sýna fram á einhvers konar saknæma háttsemi eða athafnaleysi starfsmanna X svo bótaábyrgð stofnist. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hefur sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu sönnunarbyrði um að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á eða gert líklegt að steypudælaninn hafi verið vanbúinn, úr sér genginn eða óhentugur til umrædds verks. Liggur ekki heldur fyrir að eftirliti með honum af hálfu X hafi ábótavant og þó vinnuvélaskírteini hafi mælt fyrir um opinbert eftirlit í október 2021 er ekkert sem styður það að í skoðun í síðasta lagi í þeim mánuði hefði eitthvað komið fram sem hefði getað komið í veg fyrir slys M hinn 4. nóvember 2021. Ekki liggur fyrir, eins og áður segir, að orsakatengsl hafi verið milli atvika sem leiddu til slyss M og fyrri bilunar eða viðgerðar á steypudælu á árinu 2016. Ekki liggur heldur fyrir að slys M sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns X sem stjórnaði steypudælu í greint sinn. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 112/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. apríl 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. apríl 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 2. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi verið einn eigenda og íbúi í fjölbýlishúsinu X. Upp komu deilur innan hússins þegar annar íbúi, Y, sem þjáðist af kattaofnæmi, kvartaði undan kattahaldi M og annarra íbúa og gerði kröfu um að M losaði sig við kött í sinni eigu. Rataði ágreiningurinn til kærunefndar húsamála sem komst að þeirri niðurstöðu, með úrskurði dags. 31. ágúst 2021, að kattahald væri óheimilt í X. Í kjölfarið krafði Y kattaeigendur í X um skaðabætur vegna málskostnaðar fyrir kærunefnd húsamála auk miskabóta. M og aðrir eigendur höfnuðu þeirri kröfu og í framhaldi stefndi Y þeim fyrir héraðsdóm. Voru M og aðrir stefndu sýknuð af kröfu Y og þeim dæmdur málskostnaður að fjárhæð 1.100.000 kr. Byggði dómurinn m.a. á því að stefndu hefðu brugðist við tilmælum Y innan þeirra fresta sem hann sjálfur gaf þeim, svo og því að ekki hefði verið þörf á því fyrir Y að leita lögmannsaðstoðar vegna meðferðar málsins fyrir kærunefndinni.

Lögmannskostnaður M og annarra stefndu vegna dómsmálsins nam hins vegar hærri fjárhæð en tildæmdum málskostnaði, og gerði M á grundvelli þess kröfu í réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafnaði kröfu hans á grundvelli þess að umræddur ágreiningur varðaði hann sem „eiganda fasteignar“ og væri því undanskilinn tryggingarvernd váttryggingarinnar.

M mótmælir þeirri afstöðu og telur að ágreiningur málsins hafi varðað háttsemi íbúa í húsinu en komi eignarhaldi þeirra á fasteign ekki við. Hefði hann allt eins getað haldið kött þó hann hefði ekki átt fasteign í X. Hafi ágreiningur Y og M aðeins varðað tiltekna háttsemi en ekki M sem eiganda fasteignar. Ekkert í skilmálum V undanskilji þá ágreining sem varði „notanda fasteignar“, en V hefði verið í lófa lagið að orða skilmála sína með þeim hætti hafi ætlunin verið að undanskilja ágreining sem leiði af háttsemi íbúa óháð eignarhaldi þeirra. Þess utan hafi M ekki lengur verið eigandi umræddrar fasteignar þegar honum var stefnt fyrir dóm.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þá afstöðu sína að umræddur ágreiningur hefði ekki komið til ef ekki hefði verið fyrir ólögmeitt kattahald M í X, en honum hafi sem eiganda borið að sjá til þess að reglum um gæludýrahald væri fylgt. Aðild M að málinu hefði ekki komið til nema vegna eignarhalds hans á umræddri fasteign.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M afstöðu sína og vísar til þess að meðstefndu, sem eigi í viðskiptum við önnur váttryggingafélög hafi fengið tjón sitt bætt.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að um brot á ákvæðum laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, en ekki háttæmisreglum, hafi verið að ræða hvað varðaði kattahald M. Umrædd lög hafi að geyma reglur um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa. Y hafi þá byggt á því í dómsmálinu að um væri að ræða tjón vegna málareksturs fyrir kærunefnd húsamála, en ágreiningur fyrir nefndinni hafi verið milli Y og húsfélagsdeildar. Staðhæfingar M um að aðrir stefndu hafi fengið tjón sitt bætt séu þá með öllu ósannaðar en jafnvel þó svo hafi verið hafi það enga þýðingu við úrlausn þessa ágreinings. Enn fremur byggir V á því að frestur M, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hafi verið liðinn enda hafi kröfu hans verið hafnað 17. mars 2022 en málskot ekki borist nefndinni fyrr en 22. mars 2023.

Álit.

Í 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að ef váttryggingafélag hafnar kröfu váttryggðs í heild eða að hluta glati hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er þá skylt að geta þessa frestar, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans. V hefur lagt fram útskrift úr kerfi sínu, og virðist þar vera um að ræða tölvupósta eða annars konar rafræn skilaboð frá starfsmanni V til ótilgreinds viðtakanda sem virðist þó vera lögmaður M. Eru þessi einhliða samskipti dagsett 16. og 17. mars 2022, en ekki sést á útskriftinni hverjum, eða með hvaða hætti, þau voru send. Er því ekki sýnt að þau uppfylli skilyrði ákvæðisins um sannanlega tilkynningu, né er umrædds frestar getið í þeim svo sem skylt er. Verður því, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, ekki miðað við að umræddur frestur til að krefjast meðferðar málsins fyrir nefndinni hafi verið liðinn og ágreiningur aðila því tekinn til efnislegrar meðferðar.

M krefst bóta úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar vegna þess tjóns sem hann varð fyrir vegna málskostnaðar í einkamáli. Í skilmálum váttryggingarinnar segir að hún taki ekki til ágreinings sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar, og aðila greinir samkvæmt framansögðu um hvort það skilmálaákvæði eigi við. Upphaflegur ágreiningur Y við aðra íbúa í X varðaði það hvort kattahald í X væri í andstöðu við ákvæði laga um fjöleignarhús um samþykki fyrir dýrahaldi. Í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að þau hafi að geyma reglur um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa. Þó fallast verði á það með M að kattahald sé ekki háð eignarhaldi á fasteign verður þá ekki séð annað af ákvæðum fjöleignarhúsalaga en að þau taki aðeins til eigenda, og að það séu eigendur, en ekki t.a.m. leigjendur, sbr. 3. mgr. 33. gr. e., sem eru ábyrgir fyrir öflun samþykkis fyrir dýrahaldi. Fyrir liggur í málinu að M vanrækti að afla slíks samþykkis og má rekja ágreining Y við hann og aðra íbúa X til þess. Krafa Y fyrir héraðsdómi byggði þannig á því að stefndu, þ.á.m. M, hefðu vanrækt að leita slíks samþykkis fyrir dýrahaldi. Þá liggur fyrir að aðilar að málarekstri fyrir kærunefnd húsamála voru annars vegar Y og hins vegar húsfélagsdeild að X. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga um fjöleignarhús geta eigendur fjöleignarhúsa leitað til nefndarinnar greini á á um réttindi sín eða skyldur samkvæmt þeim lögum og er aðild að slíkum ágreiningi því bundin við eigendur. Verður samkvæmt öllu framansögðu ekki séð að komið hefði til málareksturs fyrir dómstólum og tjóns M hefði hann ekki verið eigandi fasteignar að X. Verður því að telja tjón hans svo samofið eignarhaldi hans á fasteign að óhjákvæmilegt er að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 114/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Upplýsingaskylda vátryggðs.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemd M, dags. 15. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sótti um líf- og sjúkdómatryggingu hjá V með beiðni dags. 20. nóvember 2019. Haustið 2022 fór að bera á taugaköstum hjá M sem var í kjölfarið greindur með MS sjúkdóminn. Með tónstilkynningu dags. 25. október 2022 sótti M um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 5. janúar 2023 auk þess sem sjúkdómatryggingunni var sagt upp. Byggði V á því að M hafi ekki veitt fullnægjandi heilsufarsupplýsingar í umsókn sinni um trygginguna. Er þar annars vegar um að ræða svar M við spurningunni hvort hann hafi haft sjúkdóma, vandamál eða einkenni frá taugakerfi; lömun, heila- og mænisigg (MS), hreyfitaugasjúkdóm (MND), svima, dofa, skjálfta eða höfuðverk en M merkti ekki við á umsókn að hann hafi haft slík einkenni. Hins vegar var það spurning varðandi það hvort M hafi nú eða áður haft sjúkdóm/vandamál frá augum eða eyrum. Merkti M á sama hátt ekki við á umsóknina að hann hefði haft slík einkenni.

V vísar til upplýsinga í sjúkraskrá M, sem aflað var í kjölfar tónstilkynningar hans, en þar kemur fram að hann hafi árið 2018 fengið skyntruflun í hægri fótlegg upp að mjöðmum og að fyrir um átta árum hafi hann fengið verk við augnhreyfingar í hægri auga, séð „fjólubláar“ stjörnur og sjón hafi versnað. Hafi hann farið til augnlæknis og að grunur væri um sjóntaugabólgu. V byggir á því að ef M hefði svarað ofangreindum spurningum játandi hefði umsókn hans verið samþykkt með eftirfarandi takmörkun: „Undanskilið áhættu félagsins eru tauga- og hrörnunarsjúkdómar“. Ofangreind einkenni frá augum hefðu ein og sér dugað til þess að sett yrðu slík takmörkun á trygginguna. Ætla megi að M hafi átt að vera meðvitaður um svo veruleg fyrri einkenni frá augum og einnig dofa í hægri fæti sem náði að mjöðm. Er það mat V að upplýsingaskylda við töku tryggingar hafi verið vanrækt og í því mæli að ekki teljist óverulegt, sbr. 83. gr. laga nr. 83/2004.

M krefst bóta úr sjúkratryggingunni og telur höfnun V óréttmæta og að hann eigi rétt á að fá hámarksbætur úr umræddri tryggingu. M var ekki kunnugt að hann væri með sjúkdóm eða vandamál í augum. Hann fór til læknis þann 2. október 2019, vegna vottorðs vegna ökuleyfis og þar kemur fram „sjón mælist innan marka án gleraugna og sjónsvið óskert“. Áður hafði M farið til læknis þegar hann var fjórtán ára gamall og þá var grunur um sjóntaugabólgu sem gekk niður á fáeinum vikum. Ekki taldi læknir, né hann sjálfur, að um neitt alvarlegt væri að ræða, hvað þá eitthvað varanlegt. Varðandi spurningu í umsókn um sjúkdóma, vandamál eða einkenni frá taugakerfi, þá gengu einkenni sem M var með árið 2018 til baka á einni viku og var verkjalaust. Hvorki M né læknir hans töldu neina ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu og var M í góðri trú um að þetta væri eitthvað minniháttar og tímabundið vandamál. Honum var aldrei tjáð að þetta gæti haft nokkuð að gera með taugakerfi eða væri neitt alvarlegt yfir höfuð. Þá er engin saga um taugasjúkdóma í ætt M. Telur M engan veginn hægt að segja að honum hafi mátt vera kunnugt um að hann bæri einhver vandamál tengt taugakerfi eða augum út frá fyrrgreindum athugasemdum í sjúkraskrá. Enda voru þær minniháttar og var ekki fylgt eftir þar sem svo var talið. Þess fyrir utan er algjörlega ósannað, að þau smávægilegu vandamál sem M kvartaði undan tengist á neinn hátt MS sjúkdómnum.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því að það sem skráð er í sjúkraskrá sé það sem var sagt við hann orðrétt. Varðandi fótinn þá hafi honum verið illt í fætinum og með smá ójafnvægi og vandamál frá augum voru ekki tengt sjóntaugabólgu, hann hafi haft nær fullkomna sjón alla daga, er einungis með -1,75 í styrkleika og notar aðeins gleraugu til að keyra.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við tryggingatöku á þann hátt að það leiði til þess að bótaréttur falli niður sbr. 83. gr. um vátryggingarsamninga. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga ber félagið ekki ábyrgð ef upplýsingaskylda er vanrækt með sviksamlegum hætti. Er því ekki borið við af V að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti og verður því ekki fjallað nánar um 1. mgr. 83. gr. laganna. Þá kemur til skoðunar hvort skilyrði 2. mgr. 83. gr. laganna séu uppfyllt. Þar kemur fram að fella megi ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki eða vátryggður hafi ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Við mat á því verður að líta til 3. mgr. 83. gr. laganna varðandi það hvaða viðmiða eigi að líta til. Í fyrsta lagi skal skoða hvaða þýðingu vanrækslan hafði fyrir mat V á áhættunni. V hefur vísað til þess að hefðu legið fyrir upplýsingar um sjóntaugabólgu og skyntruflanir í hægri fótlegg og handlegg hefði M ekki fengið sjúkdómatryggingu án takmörkunar vegna tauga- og hrörnunarsjúkdóma. Vísar V til vinnureglna um áhættumat í persónutryggingum. Ekki hafa þó verið lögð fram gögn sem styðja þá afstöðu. Í öðru lagi varðandi mat á sök M verður að líta til þess sem fram kemur í sjúkraskrá M sem er samtímagagn um hvað M vissi eða mátti vita þegar hann sótti um trygginguna. Í fyrirliggjandi sjúkraskrá heilsugæslunnar í Mjódd fyrir tímabilið frá 20. nóvember 2014 til 20. nóvember 2019 koma engar upplýsingar fram um einkenni frá taugakerfi, hvorki frá augum né fótum. Upplýsingar um þau einkenni koma fyrst fram í göngudeildarskrá LSH dags. 12. október 2022. Þar segir: „Hann fékk sjóntaugabólgu þegar hann var 14 ára. Þá varð hann tímabundið alveg blindur á því auga og með verki. Hefur að mestu jafnað sig á því. Þá fékk hann greinilega klaufsku/dofa í hægri fótlegg árið 2019. Varði í nokkra daga.“ Ítarlegri lýsingu á þessum einkennum er svo að finna í göngudeildarskrá LSH dags. 20. október 2022. Í skránni eru talin upp „köst“ sem M hefur fengið. Þar er talað um skyntruflun í hægri fótlegg upp að mjöðmum um 2018, skyntruflun í hægri handlegg en M muni ekki hvenær það var eða hvað stóð lengi og svo verkir við aughreyfingar í hægri auga fyrir um 8 árum. Þau einkenni hafi náð hámarki á um viku. Í skránni kemur ekki fram hvaðan þessar upplýsingar eru fengnar, hvort þær séu hafðar eftir M sjálfum, móðursystur hans sem var með honum í viðtalinu eða komi fram í öðrum gögnum. Því liggja engin samtímagögn fyrir sem geta varpað ljósi á það hvaða upplýsingum um heilsufar sitt, M bjó yfir þegar hann sótti um sjúkdómatrygginguna þann 20. nóvember 2019. Kveðst hann sjálfur aldrei hafa heyrt orðið sjóntaugabólga né hafa tengt einkenni frá fæti við taugakerfi. Engin eftirfylgni virðist hafa verið hjá læknum með þessi einkenni sem gengu öll yfir á stuttum tíma og enga skráningu er að finna í sjúkraskrá um þessi einkenni. Því verður að mati nefndarinnar ekki unnt að líta svo á að M hafi verið með sjúkdóm, vandamál eða einkenni frá taugakerfi eða augum sem honum hafi borið að greina frá við töku tryggingar. Það að þessi einkenni hafi verið tengd MS sjúkdómnum við greiningu hans árið 2022 telst ekki fullnægjandi sönnun þess að M hafi vitað eða mátt vita að þetta teldust vera sjúkdómur, vandamál eða einkenni frá taugakerfi eða augum sem honum bar að greina frá á umsókn um trygginguna. V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt og verður að mati nefndarinnar að telja að sú sönnun hafi ekki tekist. Þannig verður ekki talið að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Þegar af þeirri ástæðu þarf ekki að kanna hvort þriðja skilyrði lagagreinarinnar er uppfyllt. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að M hafi verulega vanrækt upplýsingaskyldu sína á þann hátt að fella megi niður ábyrgð V í heild eða að hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 115/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Ábyrgðartrygging ökutækis, umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
3. Bréf M dags. 2. maí 2023.
4. Bréf M dags. 3. maí 2023.
5. Bréf M dags. 4. maí 2023.
6. Bréf V dags. 5. maí 2023.

Málsatvik.

Hinn 7. mars 2022 varð árekstur með bifreiðunum A og B, bifreiðar í eigu M. Enginn ágreiningur er um að A hafi borið alla sök á árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins og upplýsingum frá M urðu skemmdir á frambretti og framfelgu við áreksturinn, þar sem bifreiðin lenti á kanti. Kveður M að ljós fyrir loftpúða hafi byrjað að loga eftir áreksturinn auk þess sem flautan hafi hætt að virka. Var B færð til viðgerðar hjá bifreiðaverkstæði og var gert við skemmdir á yfirbyggingu auk þess sem bifreiðin fór í hjólastillingu og skipt var um svokallaðan klukkuhring í stýri nokkru síðar.

Segir M að þegar hún fékk bifreiðina afhenta eftir hjólastillingu og tölvustillingu þann 12. júlí 2022 hafi bifreiðin komið til baka með skekkju í stýri. Bifreiðin hafi farið aftur til viðgerðar þann 14. ágúst 2022 og þá hafi M fengið þær upplýsingar að ekki væri hægt að hjólastilla bifreiðina fyrr en búið væri að skipta um fóðringar. Bifreiðin fór í fóðringaskipti í byrjun febrúar 2023 og eftir fóðringaskiptin kveður M að bifreiðinni verið ekið rakleiðis að hjólastillingarverkstæði í ca. eins km. fjarlægð. Á leiðinni hafi kviknað rautt ljós í mælaborði fyrir rafmagnsstýrið.

Samkvæmt M sendi hún bifreiðina í bilanagreiningu hjá umboðsaðila þann 22. mars 2023. Kveðst hún hafa fengið þær upplýsingar frá umboðsaðila að stýrismaskínan hafi fengið á sig högg og að hún hafi verið úrskurðuð ónýt. Ekki hefur verið lögð fram bilanagreining eða mat frá umboðsaðilanum eða öðru verkstæði. Í tölvupósti sem M hefur lagt fram og virðist koma frá varahlutasala sem seldi M nýja stýrismaskínu segir:

„[..]Niðurstaða greiningarinnar okkar er að stýrismaskínan er biluð. Það er villa á hana sem heitir: Power Steering Control Module No signal/communication, Static. Sem þýðir einfaldlega að það er rafmagnsbilun inni í maskínunni. Það er okkar mat að það sé ekki hægt að sanna að tjónið hafi valdið þessu, sérstaklega í ljósi þess að það er ár síðan tjónið átti sér stað. Þegar rafmagnsstýris maskínur verða fyrir höggi bila þær yfirleitt strax og þá gjarnan mekanísk bilun. Ég læt svo senda þér greiðsluhlekkinn á eftir. [..]“

M telur að stýrismaskínan hafi skemmst við högg eftir áreksturinn þann 7. mars 2022 og gerir þá kröfu að kostnaður við umskipti á henni verði greiddur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. V telur ósannað að bilun í stýrismaskínu bifreiðarinnar verði rakin til höggs í kjölfar árekstursins. Vísar V m.a. til þess að í bilanagreiningu þeirri sem M hefur lagt fram segi að um sé að ræða rafmagnsbilun inni í maskínunni en ekki virðist vera um að ræða mekaníska bilun.

Álit.

Ágreiningslaust er að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna áreksturs bifreiðanna A og B. Ágreiningurinn snýr fyrst og fremst að því hvort bilun í stýrismaskínu verði rakin til árekstursins og hvort V beri að greiða kostnað vegna viðgerðar á henni. Gögn málsins bera með sér að bifreiðin lenti í árekstri með þeim afleiðingum að framfelga skall í kanti. Við það virðist hafa komið högg á hjólabúnað með þeim afleiðingum að hjólabúnaður skekkist auk þess sem bilun virðist hafa orðið í svokölluðum klukkuhring í stýri bifreiðarinnar sem tengir loftbúða og flautu í stýrinu við rafkerfi bifreiðarinnar. Greiddi V fyrir hjólastillingu og umskipti á klukkuhringnum. Eftir að þessar viðgerðir

fóru fram fór að sögn M að loga rautt viðvörðunarljós fyrir stýrismaskínu, en samkvæmt M hafði áður logað gult ljós. Gögn um bilunina á stýrismaskínuna eru af nokkuð skornum skammti en M fullyrðir að hafa fengið þær upplýsingar frá verkstæði umboðsaðila bifreiðarinnar að stýrismaskínan sé skemmd vegna höggs. Engin gögn hafa þó verið lögð fram um þessi samskipti né heldur önnur gögn sem staðfesta að bilun í stýrismaskínu verði rakin til höggs. Eina gagnið sem fyrir liggur um bilunina er afrit af tölvupóstsamskiptum milli M og varahlutasala þar sem fram kemur að um sé að ræða raffræðilega bilun sem ekki er hægt að fullyrða að rakið verði til árekstursins þar sem ekki virðist vera um að ræða mekaníska bilun eins og eftir högg.

M ber sönnunarbyrðina fyrir því að umfang tjónsins sé meira en V hefur þegar greitt. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna, og þess að bilunin í stýrismaskínunni kom ekki fram fyrr en nokkrum mánuðum eftir að áreksturinn varð, er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi tekist að sýna fram á að bilunin verði rakin til árekstursins. Það er M sem ber hallann af framangreindum sönnunarskorti og á því ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá, V.

Reykjavík, 23. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 116/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur lögmanns M dags. 30. mars 2023 ásamt læknaþreffi dags. 18. maí 2022.
3. Bréf V dags. 12. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sé váttryggð í sjúkdómatryggingu föður síns hjá V. M kveðst hafa fengið bólusetningarsprautu með lyfinu Pfizer í annað sinn hinn 1. júlí 2021 og um sjö dögum eftir það fengið miklar sjóntruflanir og höfuðverk sem ekki leið hjá og síðar í júlí hafi henni verið ómögulegt að aka bifreið vegna skertrar sjónar. Í læknisvottorði dags. 25. ágúst 2021 kemur fram að M hafi veikt af alvarlegum bólgusjúkdómi í sjónhimnu. Í læknisvottorði dags. 9. febrúar 2022 kemur fram að sjón M á hægri auga væri 0,3 og á vinstri auga 0,7. Í læknaþreffi dags. 18. maí 2022 kemur fram að sjónskerpa sé á hægri auga 0,20 og á vinstri auga 0,66. M kveðst hafa verið verið hraust og með góða sjón áður en hún veiktist en augnlæknir hafi nú staðfest að sjón hennar kæmi ekki til með að batna meira og hún því orðið fyrir verulegri og varanlegri sjónskerðingu.

M telur skilyrði sjúkdómatryggingar um bætur uppfyllt og vísar þar til gr. 5.17 í váttryggingarskilmálum þar sem segir að váttryggingin greiði bætur vegna „*Blindu (Profund Vision Loss) Afgerandi varanlegur og óafturkræfur missir sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss sem ekki er hægt að laga með laseraðgerð (refractive correction), lyfjagiöf eða skurðaðgerð. Afgerandi missir sjónar er staðfestur með annað hvort sjónmælingu 3/60 eða minna (0,05 eða minna í tugabrotum) í betra auganu eftir bestu leiðréttingu, eða sjónsvið minna en 10° í þvermál í betra auganu eftir bestu leiðréttingu. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.*“ M telur að skýringar V á því að skilyrði bótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi með vísan til þess að sjón M hafi batnað og hún sé hæf til aksturs bifreiðar séu rangar. M bendir á að aksturshæfni, þ.e.a.s. skortur á henni, sé ekki ein af forsendum bótaábyrgðar og vottorð liggi fyrir um afgerandi, varanlegan og óafturkræfan missi sjónar á báðum augum sem ekki muni ganga til baka að fullu. Þannig telur M að forsendur fyrir synjun bótaábyrgðar af hálfu V séu rangar.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til þess að skilyrði gr. 5.17 í váttryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar séu ekki uppfyllt þar sem sjón M mælist með nýjustu mælingu 0,66 á betra auga (vinstri) en skilyrði í umræddri grein váttryggingarskilmála segi að skilyrði bótaskyldu sé að sjón mælist 0,05 eða minni í betra auganu.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um túlkun á gr. 5.17 í váttryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar V þar sem segir að afgerandi missir sjónar sé staðfestur af sérfræðingi í augnlækningum með sjónmælingu 3/60 eða minna (0,05 eða minna í tugabrotum) í betra auganu eftir bestu leiðréttingu, eða þannig sjónsvið minna en 10° í þvermál í betra auganu eftir bestu leiðréttingu. Í þeim læknisfræðilegu gögnum frá sérfræðingum í augnlækningum sem M leggur fram í málinu kemur fram að sjón hennar sé með nýjustu sjónmælingum 0,2 á hægri auga og 0,66 á því vinstra. Þessi sjónmæling sýnir ekki að skilyrði um 0,05 eða minna í betra auganu, eftir bestu leiðréttingu, sé náð. Skilyrði um afgerandi missi sjónar eru skilgreind með skýrum hætti í umræddu ákvæði váttryggingarskilmála V og er ekki tilefni til annarrar túlkunar á ákvæðinu en skv. orðanna hljóðan. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 117/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. mars 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 18. apríl 2023 ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. apríl 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi tjóntilkynningu M til V, dags. 19. mars 2023, kemur fram að hinn 15. mars 2023, er M var stödd á Tenerife, Spáni, hafi, meðan hún var stödd í hóteldarðinum, verið farið inn í hóteldherbergið hennar, og nánar tilgreindum munum stolið þaðan. Í frekari samskiptum M við V kemur fram að engin ummerki hafi verið á hurð herbergisins og að farið hafi verið inn í það með aðgangskorti eða lykli. M hafi talað við tvo starfsmenn í gestamóttökunni sem hafi ekki sýnt málinu mikinn áhuga eða brugðist við með tilhlýðilegum hætti, og viti M ekki til þess að gerð hafi verið skýrsla um atvikið. Þá hafi hóteldstarfsmaður tjáð M að lögregla kæmi ekki á vettvang í svona tilvikum. Með bréfi, dags. 28. mars 2023, hafnaði V bótaskyldu þar sem innbrotið hefði ekki verið tilkynnt til lögreglu.

Í málskoti gerir M athugasemdir við að V hafi ekki leiðbeint henni með fullnægjandi hætti. Þegar hún hafi sent tjóntilkynninguna hafi hún enn verið stödd á Tenerife, en hún hafi farið þaðan hinn 21. mars. Í fyrstu samskiptum V við hana hafi þannig ekki verið að finna neinar leiðbeiningar um hvað hún ætti að gera, og ljóst sé að hún hafi ekki getað aflað skýrslu frá spænsku lögreglunni eftir að hún var komin heim til Íslands.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til almennra skilmála félagsins en þar komi fram að þjófnað, innbrot, skemmdarverk og árás skuli ávallt tilkynna til lögreglu eða næsta yfirvalds í því landi sem atburður átti sér stað og framvísa skýrslum þeirra hjá V. Þar sem umræddur þjófnaður hafi ekki verið tilkynntur lögreglu eða næsta yfirvaldi liggja engin slík skýrsla fyrir og þegar af þeirri ástæðu sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Þá liggja fyrir að engin ummerki um innbrot hafi verið á vettvangi og engin skýrsla hafi verið gerð á hóteldinu. Sé umræddur atburður því með öllu ósannaður. Þá hafi M, í samskiptum sínum við V, ekki óskað frekari leiðbeininga um hvað hún ætti að gera en þess utan hefði henni verið í lófa lagið að kynna sér viðeigandi skilmála.

Álit.

Fjölskyldutrygging M hjá V tekur m.a. til tjóns á farangri hinna váttryggðu á ferðalögum erlendis, t.d. vegna þjófnaðar úr hóbýlum. Í skilmálum þeirrar váttryggingar kemur fram að um hana gildi jafnframt almennir sameiginlegir skilmálar V. Þar er m.a. fjallað um tilkynningu um váttryggingaratburð og segir í þeirri umfjöllun að þjófnað, innbrot, rán, skemmdarverk og árás skuli ávallt tilkynna lögreglu eða næsta yfirvaldi í því landi þar sem atburður átti sér stað og framvísa skýrslu þeirra aðila til V. Af framlögðum tölvupóstum milli M og V má sjá að hinn 24. mars 2023 óskaði V eftir lögregluskýrslu um atvikið en eins og að framan er rakið var engri slíkri skýrslu til að dreifa enda atvikið ekki tilkynnt lögreglu.

Jafnvel þó í einhverjum tilvikum verði að fallast á, eins og virðist hafa verið raunin í tilviki M, að örðugt geti verið að kveða lögreglu á vettvang eða afla skýrslu hennar verður í öllu falli að gera þær kröfur til tjónþola að þeir sýni með einhverjum hætti fram á að tjón megi rekja til atviks sem falli undir gildissvið viðkomandi váttryggingar. Í þessu tilviki hvílir það því á M að sýna fram á að þjófnaður úr hóteldherbergi hennar hafi átt sér stað.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hafa engin gögn verið lögð fram er sýni fram á umræddan atburð eða með hvaða hætti hann hafi átt sér stað. Þannig virðast engin ummerki um innbrot hafa verið á vettvangi og þrátt fyrir að M hafi tilkynnt um atvikið til hóteldstarfsmanna virðist engin skýrsla hafa verið gerð af hálfu hóteldsins né liggur fyrir nein yfirlýsing viðkomandi starfsmanna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 119/2023.**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 6. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 12. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Greinargerð lögmanns M, dags. 31. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir V í tölvupósti dags. 31. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti er haft eftir M að hann hafi hinn 12. maí 2022 verið að fara af efra dekki skips niður snarbrattan stiga þegar honum skrikaði fótur þannig að hann féll beint niður á gólf fyrir neðan stigann, en þó þannig að hann hafi lent standandi. Handrið séu sitt hvoru megin við stigann og hann hafi haldið sér, en þegar hann lenti á gólfinu hafi komið tog á vinstri handlegginn og hann fundið fyrir sting í öxlinni. Um kvöldið og daginn eftir hafi hann fundið fyrir verk en haldið áfram vinnu og ekki farið til skipstjóra og sagt frá þeim fyrr en 15. maí 2022. Í gögnum málsins eru kemur fram í skipsdagbók hinn 15. maí 2022 eftirfarandi færsla: „Síðustu 3 daga hefur verkur undir vinstra herðablaði, öxl og úti olnboga í hendina, verið að aukast hjá [M]. Fann hann fyrst fyrir verknum eftir aðgerð og hefur verkurinn aukist. [M] treystir sér ekki í aðgerð í kvöld.“ M virðist síðan hafa leitað til læknis þar sem einkennum hans er lýst í sjúkraskrá hinn 17. maí 2022 þannig að hann hafi „...verk í hæ.vi. handlegg án áverka...“ og um sé að ræða sögu um „...slæman leiðniverk í vi. handlegg sem er versnandi.“ Vottað var um óvinnufærni M vegna sjúkdóms í nokkrum læknisvottorðum eftir þetta og hann fékk beiðni um sjúkrahjálfun. Í nóvember 2022 kom hins vegar fram vottorð um óvinnufærni vegna vinnuslyss og krafa um bætur í slysáttryggingu sjómanna. Hinn 11. desember 2022 handskrifaði bróðir M yfirlýsingu um að hann hefði séð þegar M féll niður stiga um borð í skipi því sem þeir voru báðir. Í tölvupósti V til þáverandi lögmanns M dags. 20. desember 2022 kemur fram að félagið hafi eftir skipstjóra að sá hafi spurt M ítrekað um hvort eitthvað sérstakt hafi komið fyrir eða hvort skrifa ætti sérstaka slysaskýrslu þá hafi M neitað því og óvinnufærni hans í kjölfarið hafi mátt rekja til brjóskloss. Í læknisvottorði dags. 10. janúar 2023 er síðan haft eftir M að hann hafi fengið slæman hnykk á háls við að missa fótanna í stiga um borð í skipi við vinnu sína. Í annarri yfirlýsingu frá bróður M dags. 23. febrúar 2023 kemur fram ítarlegri lýsing bróður M af því að hann sá M þegar hann var að falla niður stiga og að hann hafi haldið með vinstri hendi í handrið stigans. Hann kvaðst hafa spurt M hvort hann hefði meitt sig en M hefði gert lítið úr því, en hann hafi séð síðar um daginn að M hafi verið verkjaður.

M telur að afleiðingar líkamstjóns síns séu þess eðlis að þau falli undir slysáttryggingu sjómanna hjá V. M vísar m.a. til þess að hann hafi verið hræddur um að missa vinnuna með því að segja frá atvikinu sem og að ekki sé að finna skilgreiningu á hugtakinu slys í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. M vísar til þess að í dönsku váttryggingarétti sé ekki lengur stuðst við utanaðkomandi atburð og þannig ætti að túlka slyshugtak í íslenskum rétti. Einnig vísar M til þess að hugtakið utanaðkomandi atburður sé heldur ekki skilgreint í skilmálum V og óvissu um merkingu þess verði að túlka M í hag og í skilningi 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 sé atvinnuáhætta M ástæða líkamstjóns hans. Einnig vísar M m.a. til réttarreglna varðandi kjarasamninga, stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu, leiðbeiningarskyldu váttryggingafélaga og lögskýringasjónarmiða.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu sjómanna og telur að skilyrði 3. gr. skilmála um slys sé ekki uppfyllt þar sem ekki sé sannað að einkenni M sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi greinarinnar. V vísar til þess að skv. upplýsingum frá útgerð skipsins hafi M verið ítrekað spurður um hvort eitthvað sérstakt hafi leitt til þess að hann fann til en hann alltaf neitað því. Einnig vísar V til þess að lýsingar úr samtímagögnum hafi meira sönnunargildi en breyttur framburður M og yfirlýsingar skyldmenna hans um atvik. V vísar til þess að í læknisheimsóknum hafi M ekki upplýst um sérstakt atvik að baki einkennum sínum og verði að álykta út frá þeim gögnum að um innri veikleika hafi verið að ræða í líkama M en ekki utanaðkomandi atburð eins og 3. gr. váttryggingarskilmála gerir kröfu um.

Í bréfi lögmanns M dags. 12. maí 2023 kemur fram beiðni um frest til frekari gagnaöflunar í málinu en bréfinu fylgdi einnig læknisvottorð sérfræðings dags. 26. apríl 2023 þar sem sjúkdómsgreining er tognun á hálsliðum og tognun á vinstri öxl. Einnig fylgdi bréfinu handskrifuð yfirlýsing frá samstarfsmanni M þar sem hann segir að M hafi hinn 12. maí 2022 hrasað niður stiga um borð í skipi þar sem þeir voru báðir skipverjar.

Í greinargerð lögmanns M dags. 31. október 2023 og fylgiskjölum kemur fram að að farið hafi verið fram á mat á afleiðingum líkamstjóns M hinn 12. maí 2022 og niðurstaða þess mats sé að einkenni sem greind séu eftir atvikið séu vegna utanaðkomandi atburðar og geti ekki verið vegna sjúkdóms. Einnig ítrekar M að vitnisburðir tveggja vitna liggja fyrir um atburðinn og vitnar til fræðiskrifa um orsakatengsl vegna líkamstjóna. Í matsgerð læknis dags. 30. október 2023 kemur fram að lækurinn telur að M hafi orðið fyrir tveimur hálsáverkum, hefðbundinni hálstognun og tognunaráverka á 7. hálsaug og í matinu er byggt á frásögn M um að hann hafi hrasað í stiga. Einnig liggur fyrir vottorð frá heilsugæslu dags. 11. október 2023 um niðurstöður segulóm skoðunar og fyrra heilsufar og myndir af stiga.

Í viðbótarathugasemdum V dags. 31. október 2023 vísar V til fyrri athugasemda sinna vegna málsins og telur að atvik verði ekki sönnuð með matsgerð læknis og lýsingar vitna séu ekki í samræmi við fyrstu skráningar vegna slyssins og samtímagögn.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að fyrstu skriflegu upplýsingar um líkamstjón M komi fram í skipsdagbók hinn 15. maí 2022 þar sem kemur fram að M hafi í nokkra daga verið slæmur í öxl. Eftir það leitaði M til læknis og var greindur með sjúkdómseinkenni. Nokkrum mánuðum eftir það gefur M síðan þær skýringar á líkamstjóni sínu að hann hafi fallið á leið niður stiga við vinnu sína og greinir lækni frá því, að því er virðist 10. október 2022, eða um fimm mánuðum seinna. Ályktanir í læknisfræðilegum gögnum og matsgerð sem M aflaði einhliða byggja allar á umræddri frásögn M.

Þegar litið er til þess hvort sannað sé að M hafi fengið áverka við tiltekinn utanaðkomandi atburð um borð í skipi, þar sem M var við vinnu sína, verður að hafa hliðsjón af því hvað kemur fram í samtímagögnum. Verður ekki hjá því litið að M greindi ekki frá atviki fyrr en fimm mánuðum eftir að það á að hafa átt sér stað. Sönnunarbyrði er á M um að atvik hafi verið með þeim hætti og verður ekki ályktað af lýsingu annarra skipverja, sem komu fram eftir að ágreiningur varð um bótaskyldu hjá V, að einkenni M í dag sé ótvírætt hægt að rekja til atviks sem þeir lýsa. Ekki verður heldur, á grundvelli einhliða matsgerðar, með nægilegri vissu hægt að álykta hvort tiltekinn atburður við vinnu M hafi leitt til einkenna frekar en annað. Verður M að bera hallann af óvissu þessari m.t.t. almennra sönnunarreglna í íslenskum rétti. Verður því ekki fallist á að gögn þau sem liggja fyrir í máli M taki af tvímæli um að einkenni hans verði rakin til atviks sem hann sjálfur greindi ekki frá fyrr en fimm mánuðum eftir að það á að hafa átt sér stað. M á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 120/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Framúrakstur.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 2. maí 2023. .
3. Bréf V2 dags. 8. maí 2023, ásamt skýrslu frá A&Ö, nánari lýsingu frá ökumanni bifreiðar B, niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna og þriggja úrskurða nefndarinnar.

Málsatvik.

Í skýrslu A&Ö vegna áreksturs bifreiðar A, sem váttryggð er hjá V1, og bifreiðar B, sem váttryggð er hjá V2, kemur fram báðum bifreiðum var ekið í sömu akstursátt austur Austurveg á Selfossi þegar árekstur varð. Í skýrslu A&Ö er haft eftir ökumanni bifreiðar A (M) að hann hafi ætlað að beygja til hægri og leggja í bílastæði sem liggja skáhallt við Austurvegin þegar bifreið B hafi komið á mikilli ferð hægra megin við bifreið A og þannig hafi árekstur orðið. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á eftir bifreið A þegar hann sá stefnumerki til vinstri á þeirri bifreið og hafi því ákveðið að aka hægra megin framhjá bifreið A. Þeirri bifreið hafi þá skyndilega verið ekið til hægri og utan í bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið á um 30-40 km/klst og ekki hafa hemað í aðdraganda árekstursins þar sem hann hafi talið meiri líkur á að komast hjá árekstri með því að aka áfram.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum og vísar til þess að Austurvegur hafi eina akrein í hvora akstursátt og snjór og hálka hafi verið á vettvangi þegar árekstur varð. M telur að áreksturinn megi fyrst og fremst rekja til þess að bifreið B hafi verið ekið of hratt og að ekki hafi verið tilefni til framúraksturs hægra megin. M vísar því á bug að hafa verið með stefnumerki til vinstri þar sem þar sé einungis húsagarður en ekki hægt að beygja til vinstri. Auk þess séu ekki merki á bifreið A um skyndilega beygju t.d. eins og dæld heldur séu þar aflíðandi rispur.

V1 gerir ekki athugasemdir við málskotið, en V2 telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekki tekið hægri beygju með réttum hætti, sbr. 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að ekki sé sýnt með óyggjandi hætti að skilyrði hafi verið til framúraksturs af hálfu ökumanns bifreiðar B, sbr. 1. mgr. 23. gr. sömu laga. Þannig telur V2 að það eigi að skipta sök til helminga og vísar V2 um það til úrskurða nefndarinnar í málum 176/2021 og 178 og 298/2022.

Álit.

Við aðstæður þar sem annar ökumaður ætlar að taka hægri beygju og hinn að aka framúr gilda háttarnisreglur umferðarlaga nr. 77/2019, nánar til tekið segir í 1. mgr. 19. gr. að ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skuli gæta m.a. að umferð fyrir aftan sig og í 2. mgr. 19. gr. laganna segir að við hægri beygju skuli aka sem næst hægri brún akbrautar og beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Af 1. mgr. 23. laganna má síðan ráða að almenna reglan sé sú að aka skuli vinstra megin fram úr bifreið en heimilt sé að aka hægra megin fram úr ef ökumaður bifreiðar á undan beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Almenn tillitsskylda er einnig í 4. gr. laganna

Aðstæður til aksturs á Austurvegi á Selfossi er um margt sérstakar þar sem akreinar eru nokkuð breiðar þó einungis sé ein akrein í hvora átt. Í þessu máli liggur fyrir af myndum frá vettvangi að snjór var yfir vegi. Bar báðum ökumönnum að sýna sérstaka varúð við akstur við slíkar aðstæður. Til þess að ökumanni sé heimilt að aka hægra megin fram úr annarri bifreið þarf ökumaður þeirrar bifreiðar að vera að beygja til vinstri eða undirbúa greinilega slíka beygju. Af gögnum málsins verður ekki séð að ökumanni bifreiðar A hafi verið slík beygja möguleg, auk þess sem ósannað er að hann hafi verið með stefnumerki til vinstri í greint sinn. Í ljósi þess hvers breið akrein Austurvegar er bar ökumanni A hins vegar að gæta sérstaklega að annarri umferð, þar á meðal umferð fyrir aftan sig. Ökumaður bifreiðar B ók hins vegar án nægilegs tillits til umferðar fyrir framan sig auk þess sem honum bar að taka tillit til þeirra aðstæðna á Austurvegi að hægt var að aka til hægri inn í bifreiðastæði og því afar varhugavert að aka hægra megin fram úr bifreið A. Einnig verður ekki annað séð af gögnum málsins en að ökumaður

bifreiðar B hafi ákveðið að hemla ekki heldur aka áfram til að freista þess að komast fram úr bifreið A. Vegna þessa ber ökumaður bifreiðar B meginsök vegna árekstursins og er þetta mál ekki að öllu leyti sambærilegt við málavexti þeirra mála nefndarinnar sem V2 vísar til.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að 2/3 hluti sakar eru á ökumann bifreiðar B og 1/3 hluti sakar á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 121/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. maí 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 23. janúar 2023 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna A og B sem M ók. M hafi samdægurs leitað á bráðadeild þar sem hann hafi kvartað um verk í hálsi og herðum vinstra megin. Hafi hann verið greindur með tognun og ofreynslu á hálsþrygg og hafi þurft að ganga með hálskraga vegna þess. Samkvæmt beiðni um sjúkrahjálfun, dags. 15. febrúar 2023 hafi M fengið áverka á andlit og hálsþrygg við áreksturinn. M sé enn að glíma við líkamlegar afleiðingar slyssins. Á grundvelli þessa hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en ekki virðist ágreiningur um að A beri sök á árekstri aðila. V hafi, með tölvupósti dags. 24. febrúar 2023, hafnað bótaskyldu með vísan til PC-Crash skýrslu og lögregluskýrslu, og hafi sú afstaða verið ítrekuð hinn 13. mars 2023, eftir að sjúkragögn höfðu verið lögð fram. V mótmælir þeirri afstöðu enda liggi sjúkragögn fyrir og líkamstjón sé metið á grundvelli læknisfræðilegra gagna, en ekki PC-Crash skýrsla eða lögregluskýrsla. Þá beri gögn með sér að nokkurt tjón hafi orðið á bifreiðunum og ökumaður A hafi farið af tjónsvettvangi með sjúkrabifreið á bráðadeild.

Í bréfi V kemur fram að engin áverkamerki hafi fundist við skoðun á bráðamóttöku samdægurs en álit læknis þar hafi verið að M hefði fengið tognun og ofreynslu á hálsþrygg. Þá hafi M, um mánuði eftir áreksturinn, fengið beiðni um sjúkrahjálfun. M hafi ekki aftur leitað til læknis vegna þessa og frekari sjúkragögn liggi ekki fyrir. Óljóst sé hver einkenni M hafi verið eftir slysið og þá liggi engin gögn fyrir um fyrra heilsufar hans. Um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og að mati félagsins útilokað að hann hafi orsakað varanlegt líkamstjón. Það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn vegna þess, auk þess að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hann reki til þess. Þar sem um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sé frekari gagna þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástands M, og í öllu falli þurfi að vera meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl hafi verið fyrir hendi. Þá liggi ekki fyrir matsgerð hæfra, óvilhallra matsmanna um orsakatengsl milli líkamlegra einkenna M og árekstursins. Framangreind sönnun hafi því ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og áréttað að ljóst sé hvaða áverka M hlaut í slysinu, enda liggi greining um tognun og ofreynslu í hálsþrygg fyrir. Þá hafi M leitað til læknis hinn 15. febrúar 2023 og komi fram í gögnum vegna þeirrar komu að M hafi sagst vera með einkenni beggja megin í hálsi og við skoðun hafi hann verið stífur í hálsvöðvunum. Liggi því fyrir tvö læknisfræðileg gögn sem sýni fram á að M hafi hlotið áverka og einkenni af árekstrinum. Hvað varði athugasemd V um að ekki liggi fyrir matsgerð þá sé stutt liðið frá slysinu og slíkra matsgerða sé ekki aflað fyrir en stöðugleikapunktur er náð. Sé öflun hennar því ótímabær. Hins vegar hafi M orðið fyrir kostnaði vegna læknismeðferðar, lyfjakaupa og sjúkrahjálfunar, sem hann eigi ekki að þurfa að bera sjálfur uns tímabært er að meta afleiðingar slyssins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn hinn 23. janúar 2023, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í fyrirbyggjandi PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Verður því að líta heildstætt til allra gagna málsins við mat á því hvort orsakatengsl eru

milli árekstursins og einkenna þeirra sem M rekur til hans. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum má sjá að nokkurt tjón hafi orðið á A og B. Verður þá að líta til þess að M leitaði samdægurs á bráðamóttöku og lýsti verkjum í hálsi og vinstra megin í herðum. Þá liggur fyrir að M leitaði aftur til læknis hinn 15. febrúar 2023 og fékk þá beiðni um sjúkráþjálfun, þó engin frekari gögn liggi fyrir um þá meðferð. Eins og málið horfir við nefndinni verður að leggja til grundvallar að M hafi sýnt fram á að hann hafi fundið fyrir líkamlegum einkennum í kjölfar árekstursins og að meiri líkur en minni séu því á því að hann hafi haft einhver áhrif á heilsu hans. Þá liggur jafnframt fyrir að M hafi orðið fyrir einhverjum kostnaði vegna læknskoma. Hvort afleiðingar á heilsu M eru eingöngu tímabundnar eða varanlegar liggur hins vegar ekki fyrir enda skammt um liðið frá umræddu atviki.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns síns að því marki sem sýnt er fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 122/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 3. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. maí 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 23. janúar 2023 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna A og B sem M var farþegi í. M hafi vankast við höggið sem hlaut af árekstrinum og samdægurs leitað á bráðadeild þar sem hún hafi verið greind með heilahristing, tognun og ofreynslu á hálsþrygg og yfirborðsáverka á bol. Samkvæmt beiðni um sjúkráþjálfun, dags. 3. mars 2023 hafi greiningar verið tognun og ofreynsla á hálsþrygg, brjóstþrygg og lendarþrygg. M sé enn að glíma við líkamlegar afleiðingar slyssins. Á grundvelli þessa hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en ekki virðist ágreiningur um að A beri sök á árekstri aðila. V hafi, með tölvupósti dags. 24. febrúar 2023, hafnað bótaskyldu með vísan til PC-Crash skýrslu og lögregluskýrslu, og hafi sú afstaða verið ítrekuð hinn 1. mars 2023, eftir að sjúkragögn höfðu verið lögð fram. V mótmælir þeirri afstöðu enda liggi sjúkragögn fyrir og líkamstjón sé metið á grundvelli læknisfræðilegra gagna, en ekki PC-Crash skýrsla eða lögregluskýrsla. Þá beri gögn með sér að nokkurt tjón hafi orðið á bifreiðunum og ökumaður A hafi farið af tjónsvettvangi með sjúkrabifreið á bráðadeild.

Í bréfi V kemur fram að lögregla hafi verið kölluð á vettvang þar sem talið hefði verið að M væri meðvitundarlaus. Við komu lögreglu hafi enginn aðili á vettvangi verið meðvitundarlaus og eftir skoðun sjúkraflutningamanna hafi ekki verið talin þörf á að flytja M til frekari aðhlyningar. M hafi þó leitað á bráðamóttöku samdægurs og hafi álit læknis þar verið að hún hefði fengið vægan heilahristing. M hafi ekki aftur leitað til læknis vegna þessa og frekari sjúkragögn liggi ekki fyrir. Um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og að mati félagsins útilokað að hann hafi orsakað varanlegt líkamstjón. Það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn vegna þess, auk þess að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hún reki til þess. Þar sem um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sé frekari gagna þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástands M, en engin slík gögn, s.s. matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, liggi fyrir. Framangreind sönnun hafi því ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og áréttað að ljóst sé hvaða áverka M hlaut í slysinu, enda liggi greiningar á því fyrir. Þá hafi M leitað til læknis hinn 3. mars 2023 og komi fram gögnum vegna þeirrar komu að M hafi fengið töluverða áverka á stoðkerfi og sé mjög verkjuð. Þá hafi M verið til meðferðar sjúkráþjálfara. Hvað varði athugasemd V um að ekki liggi fyrir matsgerð þá sé stutt liðið frá slysinu og slíkra matsgerða sé ekki aflað fyrr en stöðugleikapunktur er náð. Sé öflun hennar því ótímabær. Hins vegar hafi M orðið fyrir kostnaði vegna læknismeðferðar, lyfjakaupa og sjúkráþjálfunar, sem hún eigi ekki að þurfa að bera sjálf uns tímabært er að meta afleiðingar slyssins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn hinn 23. janúar 2023, en samkvæmt almennum sönnunareglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í fyrirbyggjandi PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Verður því að líta heildstætt til allra gagna málsins við mat á því hvort orsakatengsl eru milli árekstursins og einkenna þeirra sem M rekur til hans. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum má sjá að nokkurt tjón hafi orðið á A og B. Verður þá að líta til þess að M leitaði samdægurs á bráðamóttöku og

Lýsti þá höfuðverk, ógleði, verkjum í hálsi og baki auk óþæginda frá hægri hönd. Þá liggur fyrir að M leitaði aftur til læknis hinn 3. mars 2023 og fékk þá beiðni um sjúkraþjálfun, þó engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Eins og málið horfir við nefndinni verður að leggja til grundvallar að M hafi sýnt fram á að hún hafi fundið fyrir líkamlegum einkennum í kjölfar árekstursins og að meiri líkur en minni séu því á því að hann hafi haft einhver áhrif á heilsu hennar. Þá liggur jafnframt fyrir að M hafi orðið fyrir einhverjum kostnaði vegna lyfja og lækniskoma. Hvort afleiðingar á heilsu M eru eingöngu tímabundnar eða varanlegar liggur hins vegar ekki fyrir enda skammt um liðið frá umræddu atviki.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns síns að því marki sem sýnt er fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 123/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot dags. 30. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 25. apríl 2021 hafi M orðið fyrir frítímaslysi er hann féll af hestbaki. Ágreiningslaust er að M hafi mátt vera fullljóst um afleiðingar þessa slyss í síðasta lagi sex mánuðum síðar, eða hinn 25. október 2021. Hafi eins árs tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 því byrjað að líða þá. Aðila greinir á um hvort tilkynning hafi borist V innan þess frestar.

M byggir á því að V hafi verið kunngjört um atvikið er því var send matsbeiðni, dags. 14. október 2022, í tengslum við mat á afleiðingum slysa sem M varð fyrir hinn 27. mars 2020 og 13. janúar 2021, enda hafi í læknisvottorði sem fylgdi matsbeiðninni komið fram að M hefði dottið af hestbaki hinn 25. apríl 2021. Umboð lögmanns vegna slyssins sem hér um ræðir hafi svo verið sent V hinn 21. desember 2022. Vísar M til þess að áður nefnt lagaákvæði áskilji ekki tilkynningu með tilteknum hætti eða í ákveðnu formi heldur sé einnig gert ráð fyrir því að váttryggingafélagi geti borist tilkynning um váttryggingaratburð „með öðrum hætti.“ Slík tilkynning hafi einmitt falist í matsbeiðninni sem send var 14. október 2022, innan tilkynningarfrestarins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar byggir V á því að jafnvel þó gert sé ráð fyrir því að tilkynning geti borist með „öðrum hætti“ verði að gera lágmarkskröfur til slíkrar tilkynningar. Gögn sem feli í sér slíka tilkynningu verði þannig að bera með sér að verið sé að upplýsa um váttryggingaratburð með einhverjum hætti, þannig að viðkomandi váttryggingafélag geti í öllu falli áttað sig á því að um slíkan atburð sé að ræða og undir hvaða váttryggingu umrætt tjón geti fallið. Það að minnst sé á slysið læknisvottorði sem sé meðal gagna í 54 bls. langri matsgerð vegna annarra slysa geti með engum hætti talist fullnægjandi tilkynning. Sé því ekki tækt að miða við að tilkynning um slysið hafi borist fyrr en með umboði lögmanns M hinn 21. desember 2022.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta, þ.e. í þessu tilviki M, samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á, eða félaginu hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur aðila um það hvort V hafi, fyrir 25. október 2022, borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti en með kröfugerð M. Af hálfu M er byggt á því að V hafi borist slík tilkynning í matsbeiðni vegna fyrri slysa M en meðal fylgigagna hennar hafi verið vottorð læknis þar sem upplýsingar um umræddan váttryggingaratburð komi fram. Umrætt læknisvottorð, en ekki matsbeiðnin í heild sinni, er meðal gagna fyrir nefndinni. Í því er að finna upplýsingar um komur M á heilsugæslu og bráðamóttöku vegna falls af hestbaki í mars 2020, vegna bílslyss í janúar 2021, og vegna falls af hestbaki hinn 25. apríl 2021, en matsbeiðnin tekur aðeins til hinna tveggja fyrrnefndu. Ekki liggja fyrir nefndinni gögn er sýni frekari tilvísanir til slyss M hinn 25. apríl 2021 í umræddri matsbeiðni eða fylgigögnum hennar. Verður að telja að þó í slíku ágripi af sjúkrasögu komi fram upplýsingar um tiltekið atvik geti það ekki sjálfkrafa talist vera tilkynning í skilningi lagaákvæðisins, enda verði tilkynning almennt að vera sérgreindari en svo. Í fyrirliggjandi gögnum kemur þá ekkert fram um að kröfugerð á hendur V vegna slyssins sem M varð fyrir hinn 25. apríl 2021 sé fyrirhuguð, eða hverjar varanlegar afleiðingar þess fyrir M hafi verið. Jafnvel þó fyrrgreint lagaákvæði geri ráð fyrir að tilkynning um váttryggingaratburð geti borist V með öðrum hætti en með kröfugerð M verður að mati nefndarinnar að gera þær lágmarkskröfur til slíkrar tilkynningar að V sé ljóst að um váttryggingaratburð sem fyrirséð er að krafist verði bóta vegna sé að ræða. Svo er ekki í þessu tilviki og er því óhjákvæmilegt að líta svo á

að tilkynning um umrætt slys hafi ekki borist fyrr en hinn 21. desember 2021, þ.e. eftir lok tilkynningarfrestar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V vegna slyss sem hann varð fyrir hinn 25. apríl 2021.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 124/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging.****Gildissvið váttryggingar. Matsfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi þann 13. nóvember 2018. Á slysdegi var M með almenna slysáttryggingu hjá V. Með tölvupósti dags. 4. apríl 2022 upplýsti V að þar sem meira en þrjú ár væru liðin frá slysi, væri þriggja ára matsfrestur sem tilgreindur er í skilmála váttryggingarinnar, liðinn. Telur M að slíkt skilmálaákvæði fari gegn lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. einkum 36. gr. laganna, og ber að virða að vettugi. M byggir á því í fyrsta lagi að orðalag skilmálaákvæðisins segi ekki að váttryggður skuli aðhafast innan þriggja ára með tilteknum hætti. Ef skyldan til að aðhafast hvílir á váttryggðum beri félaginu að taka slíkt fram með skýrum hætti í skilmálum félagsins. Þannig sé váttryggður háður váttryggingafélaginu á öllum stigum máls síns, félagið ákveði hvaða gögn komast að í málinu, greiðir kostnað við gagnaöflun og þarf að samþykkja val á matsmanni. Vísar M til andskýringarreglu samninga- og váttryggingaréttarins og telur að túlka verði allan óskýrleika skilmálanna váttryggðum í hag. Í öðru lagi byggir M á því að í skilmálum váttryggingarinnar sé hvergi vísað til afleiðinga þess að örorka af völdum slysaatburðar sé ekki metin áður en þrjú ár eru liðin frá slysdegi. Í þriðja lagi byggir M á því að lög nr. 30/2004 feli í sér lágmarksvernd til handa váttryggðum. Þá eru löginn einnig ófrávíkjanleg og hafa að geyma tæmandi talningu allra fresta, hvort heldur um ræðir tómlætisfresti eða fyrningarfresti. Löginn geyma engan frest sem snýr að því að tjónþola beri að ljúka máli sínu innan þriggja ára frá slysdegi. Ákvæði í þá átt þarf að eiga sér stoð í lögnum. Skorar M á V að upplýsa við hvaða ákvæði laga nr. 30/2004 umrætt skilmálaákvæði styðst en bendir jafnframt á að það sé 121. gr. laganna sem er undir í málinu. Sú grein fjallar um hvenær bætur falla í gjalddaga en skv. ákvæðinu falla bætur í gjalddaga 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna fjárhæð bóta. Þá segir jafnframt að eigi félagið að bæta örorku sé heimilt í váttryggingarskilmálum að kveða nánar á um mat á örorkunni. Telur M að hugsunin að baki þessu orðalagi hafi verið og sé sú að tryggja félaginu sjálfu öryggisventil í að hámarki þrjú ár til að varna ótímabæru matsferli sem fellir skuld í gjalddaga og hefur um leið dráttarvaxtakröfu tjónþolans. Hugsunin hafi aldrei verið sú að skylda váttryggðan til að aðhafast innan þriggja ára. Vísar M til samskonar ákvæði norskra laga um váttryggingarsamninga og umfjöllunar um þá grein í norsku fræðiriti. Þá vísar M einnig til umfjöllunar í athugasemdum um 121. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 30/2004. Að lokum bendir M á að samkvæmt skilmálum V hefur M engin úrræði til að rjúfa þriggja ára matsfrestinn.

V bendir á það í athugasemdum sínum að M naut aðstoðar lögmanns frá 16. febrúar 2021. Þá voru rétt um níu mánuðir þar til þrjú ár voru liðin frá slysinu. Það var nægilegt svigrúm til að óska eftir við V að falla frá tímamarkinu um að mat færi fram innan þriggja ára. Það gerði lögmaður M ekki. Vísar V til fjölmargra dóma sem fjallað hafa um þetta skilmálaákvæði, sá nýjasti er dómur Hæstaréttar í máli nr. 36/2022. Þá mótmælir V öllum málsástæðum M varðandi það að skilmálaákvæðið fari gegn lögum nr. 30/2004 og lögum nr. 7/1936.

Álit.

Ágreiningslaust er að M varð fyrir líkamstjóni þann 13. nóvember 2018 og tilkynnti V um tjón sitt þann 20. desember 2018. M leitaði til lögmanns sem sendi V umboð sitt þann 19. febrúar 2021. Næstu samskipti lögmanns M við V voru ekki fyrr en 31. mars 2022 þegar hann óskaði eftir gögnum frá V og var tilkynnt af V í tölvupósti þann 4. apríl 2022 að matsfrestur vegna slyssins væri liðinn þar sem meira en þrjú ár voru liðin frá slysinu sbr. skilmálaákvæði nr. 11.2.5. Í því ákvæði segir: „Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækningar telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.“ Hæstiréttur hefur í mörgum dómum fjallað um

sambærilegt skilmálaákvæði. Í nýlegum dómi sínum í máli nr. 36/2022 frá 8. febrúar 2023 vísar Hæstiréttur til eldri dóma sinna í málum nr. 22/2004 og 604/2017 sem fjalla allir um sambærilegan ágreining og segir að viðurkennt hafi verið að váttryggingafélög hafi réttmæta hagsmuni af því að mæla í skilmálum slysáttrygginga fyrir um tímafresti sem tjónþolar hafa til að afla sér sönnunar um varanlegar afleiðingar slyss og er þriggja ára frestur þar ekki talinn óeðlilegur. Þá er jafnframt vísað til þess að samningsfrelsi ríki um það hvernig ábyrgð er takmörkuð samkvæmt váttryggingarsamningi og vísað til þess að tjónþola var í lófa lagið, ekki síst eftir að slysið varð, að kynna sér skilmála slysáttryggingarinnar sem mörkuðu nánar inntak réttar sem hann átti samkvæmt tryggingunni. Þá hefur Hæstiréttur einnig hafnað því að slík skilmálaákvæði fari gegn 36. gr. laga nr. 7/1936.

Í málskoti fjallar M sérstaklega um að fyrrgreint skilmálaákvæði fari gegn 1. mgr. 121. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Að mati nefndarinnar og með vísan til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 36/2002 verður ekki talið að 1. mgr. 121. gr. laga nr. 30/2004 girði fyrir það að váttryggingafélög setji reglur um matsfresti í váttryggingarskilmála sína þar sem samningsfrelsi ríkir um það hvernig ábyrgð er takmörkuð samkvæmt váttryggingarsamningi. Samkvæmt orðanna hljóðan setur 1. mgr. 121. gr. laga nr. 30/2004 því ekki skorður. Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að umrætt skilmálaákvæði sé hvorki óeðlilegt né óskýrt og brjóti ekki gegn lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga né lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Matsfrestur var því liðinn þann 4. apríl 2022 og er kröfu M hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr almennri slysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 125/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum, þar á meðal hljóðupptöku.
2. Bréf V1 dags. 26. apríl 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 27. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs 13. mars 2023 kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B á bryggjusvæði á Akranesi og á myndum má sjá ákomu á vinstri framhornum beggja bifreiða. Í tjónstilkynningu er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi verið á rúntinum á bryggjunni og hafi mætt bifreið B í beygju þar sem báðir ökumenn hafi hemlað en bifreiðarnar runnið og rekist saman. Ökumaður bifreiðar B kveðst hins vegar hafa setið undir stýri í kyrrstæðri bifreiðinni þegar bifreið A hafi komið fyrir horn og ekið á bifreið B.

M telur að framburður ökumanns bifreiðar B um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð sé ekki réttur og vitnar til hljóðskilaboða þar sem kemur fram að bifreið B hafi verið á ferð. M telur að niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna um að hann beri 100% sök sé röng en að helmingaskipti séu ásættanleg.

V1 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna þar sem framburður þeirra sýni að báðar bifreiðar hafi verið á hreyfingu þegar árekstur varð, ekið úr gagnstæðum áttum og hafi lent framan á hvorri annarri á blindhorni. Einnig vísar V til hljóðupptöku þar sem ökumaður bifreiðar B viðurkenni að bifreiðin hafi verið á hreyfingu þegar árekstur varð.

V2 telur að öll sök sé á ökumanni bifreiðar A þar sem ekki sé sannað að bifreið B hafi verið á ferð þegar árekstur varð og framburður ökumanns bifreiðar B sýni að bifreiðin hafi verið kyrrstæð. V2 telur ekki hægt að byggja á hljóðupptöku þar sem hún komi frá símanúmeri sem samræmist ekki símanúmeri ökumanns bifreiðar B í tjónstilkynningu. V2 vísar einnig til 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um forgang við akstur um mjóan veg.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvernig árekstur varð milli bifreiða A og B þar sem ákoma varð á vinstri framhorni beggja bifreiða og bifreiðarnar voru báðar á bryggjusvæði þar sem erfitt var fyrir tvær bifreiðar að mætast m.v. lýsingu í tjónstilkynningu. Í málinu liggur fyrir framburður ökumanns bifreiðar B um að hann hafi einungis farið inn í bifreiðina til að drepa á henni en í hljóðupptöku kemur fram sú lýsing á atvikum að bifreið B hafi verið stopp eða eiginlega stopp eftir við mætingu á blindhorni. Ekki liggja fyrir fullnægjandi skýringar á staðsetningu bifreiðar B við þessar aðstæður og ekki hafa komið fram gögn sem benda til þess að fyrrnefnd hljóðupptaka stafi ekki frá ökumanni bifreiðar B. Með hliðsjón af öllum gögnum málsins telst því ósannað að bifreið B hafi verið kyrrstæð og með vísan til aðstæðna ósannað að áreksturinn sé hægt að rekja til þess að annar ökumanna hafi ekið óvarlegar en hinn í greint sinn. Skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 126/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. apríl 2023.
2. Tölvupóstur V dags. 25. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótargögn, tjónaskýrsla A&Ö send frá V eftir fyrirspurn nefndarinnar.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi á gatnamótum Smiðjuvegur og Stekkjarbakka hinn 28. mars 2023. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Fyrirtækið Aðstoð & Öryggi var fengið af V til þess að taka framburðarskýrslur af ökumönnum. Í skýrslunni kemur fram að ökumönnum ber ekki saman um stöðu bifreiðanna er áreksturinn varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið niður Smiðjuveg á hægri akrein og inn á ytri hring hringtorgsins. Sýndist honum ökumaður B hafa ekið á innri hring hringtorgsins en þegar honum fannst hann vera kominn vel inn á hringtorgið hafi ökumaður B þrengt að sér eins og ökumaður hafi beygt of snemma og við það rekist utan í bifreið sína. Ökumaður B kveðst hafa ekið að hringtorginu frá aðrein af Reykjanesbraut í suður og inn á ytri hring hringtorgsins með stefnuljós til vinstri til að sýna að hann ætlaði að aka framhjá fyrstu gatnamótunum. Kvað hann ökumann A hafa ekið inn á hringtorgið frá Smiðjuvegi og utan í bifreið sína.

M er eigandi bifreiðarinnar A og telur sig vera í fullum rétti og að áreksturinn hafi átt sér stað þar sem báðir bílarnir voru á leið út úr hringtorginu. Bifreiðinni B hafi verið ekið af innri hring í veg fyrir bifreiðina B á leið út úr hringtorginu. Ákomur á bifreiðunum staðfesti það.

V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Óumdeilt er að í aðdraganda umrædds áreksturs ók A inn á hringtorgið frá Smiðjuvegi á sama tíma og B var ekið um hringtorgið. Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal ökumaður sem ekur að hringtorgi veita þeim sem eru í torginu forgang. Ágreiningur er milli aðila hvort bifreiðinni B hafi verið ekið eftir innri eða ytri hring hringtorgsins og hvort A hafi ekið í veg fyrir B eða hvort B hafi skipt um akrein í veg fyrir A. Engin gögn, vitnaframburðir eða annað liggja þá fyrir er styðji við þá frásögn M að B hafi skipt um akrein í veg fyrir A við akstur úr úr hringtorginu. Þar sem er hins vegar ljóst í málinu er að ökumaður A bar að veita allri umferð um hringtorgið forgang og eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að hann hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði og að það hafi orsakað árekstur aðila.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 127/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot dags. 5. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. maí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 5. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 10. mars 2023 hafi bifreiðinni A, sem er í eigu M, verið stolið fyrir utan heimili hennar. Hafi A verið ekið nokkurn spöl uns hún hafnaði á brunahana og skemmdist verulega. V hefur, með tölvupósti dags. 22. mars 2023, hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu A á grundvelli þess að varúðarreglna hafi ekki verið gætt þar sem A hafi verið ólæst og í gangi er henni var stolið.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og krefst þess að fá allt tjón sitt bætt en til vara að það verði bætt að hálfu. Í málskoti og viðbótarathugasemdum M er atvikum í aðdraganda tjónsins lýst svo að eiginmaður M, X, hafi farið inn í hús þeirra til að sækja farþega. Áður en hann yfirgaf A tók hann lykil hennar úr slíðrinu og taldi hann sig hafa drepit á A og læst henni áður en hann fór inn í húsið. Ekki hafi heyrst mikið hljóð frá bifreiðinni þar sem hún hafi umrætt sinn gengið fyrir rafmagni. M og X hafi dvalið í um 15 mínútur inni í húsinu en er þau komu aftur út hafi lögregla tekið á móti þeim og bifreiðin verið stórskemmd við brunahana nokkurn spöl í burtu. X hafi haldið á lykklum A er hann mætti lögreglu og hafi atvikið því komið honum í opna skjöldu enda hafi hann eðlilega ekki gert sér grein fyrir því að bifreiðin gæti verið í gangi án lykllanna. X hafi þá talið sig hafa læst drepit á og læst A, en M og X hafi aðeins átt A í 18 daga á tjónsdegi og ekki verið búin að átta sig til fulls á virkni hennar. X hafi verið með lykklana í öruggri vörslu sinni og hafi verið fráleitt að ætla að hægt væri að aka bifreiðinni án þeirra. Eigi ákvæði skilmála kaskótryggingarinnar um brot á varúðarreglum því ekki við. Þess utan gerir M athugasemdir við að skilmálar V taki ekki mið af tækniþróun bifreiða enda sé ekkert minnst á lykklalaust aðgengi að bifreiðum í þeim. X og M hafi í engu brotið gegn aðgæsluskyldu sinni og sé ætlun V að undanskilja áhættu sem sé samfara tækniþróun og nýjungum í hönnun bifreiða verði skilmálar að vera skýrir hvað það varðar. Í það minnsta eigi atvik málsins ekki að leiða til algers missis bótaréttar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í 2. gr. skilmála kaskótryggingarinnar komi fram að tjón af völdum þjófnaðar og tilrauna til þjófnaðar á ökutækinu eða hlutum þess sé bætt „enda hafi ökutækið verið læst.“ Sé það því meginforsenda fyrir bótaskyldu að bifreiðin hafi verið læst. Þá sé, í 4. mgr. 6. gr. skilmálanna að finna varúðarreglu sem kveði á um að þeim sem er ábyrgur fyrir hinu váttryggða beri að gæta þess að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess eða annan opnunarbúnað á öruggum stað. Brot á slíkri varúðarreglu geti leitt til brottfalls bótaréttar, í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. almennra skilmála V og 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Áskilnaður um að bifreið skuli vera læst sé þá skýr og taki jafnt til bifreiða sem eru búnar lykklalaus aðgengi sem annarra. Verði að gera þær kröfur að eigendur eða ábyrgðaraðilar kunni á búnað bifreiða sinna og stuðli ekki að óþarfa áhættu á grundvelli vanþekkingar. Óumdeilt sé að bifreiðin hafi verið ólæst og falli tjón M því í fyrsta lagi ekki undir gildissvið váttryggingarinnar en jafnframt megi rekja tjón M til brots á fyrrgreindri varúðarreglu.

Álit.

V byggir í fyrsta lagi á því að þjófnaður á ökutæki falli aðeins undir gildissvið váttryggingarinnar hafi ökutækið verið læst, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. skilmála váttryggingarinnar. Í slíku ákvæði er vísað til háttsemi váttryggðs að læsa ökutæki og verður að skoða skilmála váttryggingarinnar heildstætt og m.a. líta til varúðarreglu 4. mgr. 6. gr. um að váttryggðum eða ábyrgðaraðila hins váttryggða beri að gæta þess að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun og geyma opnunarbúnað þess á öruggum stað. Verður með hliðsjón af því að líta svo á að í fyrrgreindri 2. gr. sé í raun að finna áréttingu á þeirri varúðarreglu

fremur en að um sé að ræða hlutlæga ábyrgðartakmörkun sem leiði fortakslaust til þess að bótaréttur sé ekki fyrir hendi sé ólæstu ökutæki stolið.

Ágreiningslaust er að A var ólæst er henni var stolið og var því um brot á áðurnefndri varúðarreglu að ræða. Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í váttryggingarskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr. laganna sem fyrirmæli í váttryggingarsamningi til váttryggingartaka eða annarra um tilteknar ráðstafanir sem séu til þess fallnar að fyrirbyggja eða takmarka tjón. Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur einnig fram að þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt megi samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti. Að læsa bifreið þegar hún er yfirgefin verður að teljast mikilvæg varúðarregla, en hins vegar er það mat nefndarinnar að jafnframt verði að líta til þess að X hugðist aðeins yfirgefa bifreiðina í skamma stund, hann hafði lykla hennar í öruggum vörslum sínum og virðist ekki hafa gert sér grein fyrir að hún var ólæst og í gangi. Að öllum aðstæðum virtum telst V því geta takmarkað bótaskyldu við helming af heildartjóni M vegna þjófnaðarins.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hennar um helming.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 128/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Akreinaskipti.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 4. maí 2023, ásamt lögregluskýrslu og niðurstöðu Tjónanefndar.
3. Tölvupóstur V2 dags. 5. maí 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur varð með bifreið A, sem váttryggð er hjá V1 og bifreið B, sem váttryggð er hjá V2 á Reykjanesbraut við Kaplakrika. Báðum bifreiðum var ekið í sömu akstursstefnu á vegi þar sem eru tvær akreinar og aðrein. Ökumaður bifreiðar A kveðst í lögregluskýrslu hafa verið að aka frá aðrein og yfir á næstu akrein þegar hún hafi séð bifreið B ekið til hægri. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa reynt að flauta til að láta vita af sér en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á hægri akrein þegar bifreið A var skyndilega ekið inn í hlið bifreiðar B. Ökumaður bifreiðar B kveðst í lögregluskýrslunni ekki hafa verið að skipta um akrein frá hægri inn á aðrein.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi skipt um akrein frá vinstri til hægri þegar hún sem ökumaður bifreiðar A ók af aðrein inn á hægri akrein Reykjanesbrautar. M kveðst hafa flautað til aðvörunar og telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum og vísar um það til akreinaskiptanna og staðsetningu skemmda á bifreiðum.

V1 telur að ef sannað sé að ökumaður bifreiðar B hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs eigi að skipta sök til helminga en ef akreinaskiptin eru ósönnuð verði að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A, sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2 vísar til lögregluskýrslu í málinu og þess að ökumaður bifreiðar B hafi verið að aka beint áfram án akreinaskipta þegar árekstur varð og að ökumaður bifreiðar A hafi verið að skipta frá aðrein yfir á hægri akrein og beri því ábyrgð árekstrinum.

Álit.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur skýrt fram í framburði ökumanns bifreiðar A (M) að hún hafi verið að skipta um akrein, þ.e. að hún hafi ekið frá aðrein inn á hægri akrein Reykjanesbrautar í aðdraganda áreksturs, og ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið beint áfram á hægri akrein, en haf ekki verið að skipta um akrein. Engin vitni geta borið um akreinaskipti ökumanns bifreiðar B og ekki verður ráðið af myndum af skemmdum á bifreiðunum að báðir ökumenn hafi verið að skipta um akrein. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ökumenn sem skipta um akrein eða aka á annan hátt til hliðar skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Þessa gætti M sem ökumaður bifreiðar A ekki nægilega vel og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 129/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Hestaleiga.****Gögn.**

1. Málskot dags. 5. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, ásamt eiginmanni sínum, Y, og barnabarni verið í hestaferð á vegum hestaleigu X hinn 30. mars 2022. Umrædd ferð sé auglýst sem einkar hentug byrjendum. Hesturinn sem Y hafi fengið til reiðar hafi þó látið illa að stjórn og þegar hópurinn staðnæmdist í miðri ferðinni hafi hann hent Y af baki og hlaupið í átt að hesti M. Hestur M hafi fælst við það, og M fallið af baki með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að tjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Umræddur hestur hafi bersýnilega ekki hentað byrjanda. Þá er því alfarið mótmælt að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta með því að skrifa undir yfirlýsingu um að henni hafi verið kunnugt um áhættu sem fylgdi útreiðum, enda sé fráleitt að tjónvaldur geti firrt sig ábyrgð með undirritun tjónþola á slíkt plagg. Máli sínu til stuðnings vísar M til Hæstaréttardóms í máli 678/2016. V hafnaði, með tölvupósti dags. 24. október 2022, bótaskyldu á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á saknæma háttsemi af hálfu X.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt frásögn V hafi verið um að ræða einfalda reiðleið um láglandi, og allir hestarnir sem völdust til fararinnar eldri en tíu ára, vel tamdir, rólegir og yfirvegaðir. Ekkert í aðdraganda ferðarinnar gæti þá hafa orsakað það að hestarnir hafi fælst. Þannig hafi þeir fyrir ferðina verið í stóði sem þeir voru vanir, um hafi verið að ræða leið sem þeir fari daglega og þeir hafi verið notaðir við hestaleiguna í 4-6 ár án vandkvæða. Hafi sambærileg atvik ekki átt sér stað síðan. Þá hafi leiðsögumaðurinn verið vanur, og aðeins þrír viðskiptavinir, þ.e. M og fjölskylda hennar, í ferðinni. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að atvikið verði rakið til saknæmrar ólögmastrar háttsemi X, starfsmanna hans, eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Hvað umræddan Hæstaréttardóm varði geti hann ekki talist fordæmisgefandi hvað ágreining þennan varði, enda hafi í því máli legið fyrir að ýmsu hafi verið ábótavant við undirbúning reiðferðar og atvik með þeim hætti að þau væru til þess falin að valda hesti ótta og streitu. Engin slík atvik séu til staðar í þessu tilviki. Þess utan hafi M fyrirgert sér bótarétti með því að hafa samþykkt þá áhættutöku sem fylgdi ferðinni.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Af gögnum málsins verður ráðið að í miðri reiðferð hafi verið áð við foss og meðan hópurinn staðnæmdist hafi hestur Y farið af stað og að hesti M sem hafi fælst við það. Fyrirliggjandi myndband upplýsir ekkert frekar um atvik málsins. Þá er ekki, gegn neitun X, sýnt fram á að aðstæður hafi verið sambærilegar þeim sem lágu til grundvallar í tilvísuðum dómi Hæstaréttar. Í því máli var þannig sýnt fram á að gáleysi hefði falist í því að flytja umræddan hest í hestakerru í um 30 kílómetra leið og koma honum fyrir í gerði með ókunnugum hrossum áður en hann var látinn undir tjónþola, nánast strax eftir komu á tjónsstað. Var talið að þær aðstæður hefðu verið til þess fallnar að valda ótta og streitu hjá umræddum hesti. Ekki er sýnt fram á neitt slíkt vegna þess atviks sem hér um ræðir og virðist M fyrst og fremst byggja á því að hestur Y hafi ekki hentað til ferðarinnar.

Hestar eru lifandi verur og það er ákveðin áhættutaka fólgin í því að fara hestbak, en óháð þjálfun og skapferli hesta getur alltaf komið fyrir að þeir fælist eða sýni af sér óvænta hegðun. Verður það í sjálfu sér ekki metið X til sakar. Er þá ekki sýnt fram á að val á umræddum hestum hafi verið óforsvaranlegt,

eða tamningu þeirra eða þjálfun ábótavant. M var þá gerð grein fyrir því í upphafi ferðarinnar að um ákveðna áhættu væri að ræða.

Ekki verður samkvæmt framansögðu annað séð en að það hafi verið einskær óheppni að hestur Y skyldi fara af stað með þessum hætti og að það hafi valdið þeirri keðjuverkun sem leiddi til tjóns M. Er því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 131/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2023, ásamt skjáskoti af mínum síðum X hjá Vinnueftirlitinu, mynd af búnaði og myndband og skýrsla X til V dags. 14. janúar 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M var hinn 17. nóvember 2020 að vinna á vörubílspalli sem geymdi stálbita og þegar hann steig á einn hluta hans sem var laus féll hann fram af pallinum og slasaðist. Haft er eftir vitni að M hafi verið að labba á vörubílspalli er hann steig á lausan hlut sem varð til þess að hann féll fram af pallinum. Í tjónstilkynningum X til V og Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að M hafi stigið á hreyfanlegan hjólabúnað á flutningavagni og misst jafnvægi við það og fallið aftur fyrir sig af vagninum og slasast. Einnig kemur þar fram að M hafi orðið óvinnufær samdægurs. Með gögnum málsins er myndband sem sýnir virkni umrædds hjólabúnaðar.

M telur að slys hans hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en þremur dögum eftir að það varð og hafi þannig brotið gegn tilkynningarskyldu atvinnurekanda í 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þannig vísar M til þess að rannsókn Vinnueftirlitsins hafi ekki átt sér stað og verði X að bera hallann af því. Einnig bendir M á að ekki hafi verið nægilega örugglega gengið frá búnaði sem verið var að ferma í umrætt sinn, með þeim afleiðingum að vagnhjólabúkki, sem var hluti af búnaði sem verið var að ferma og átti að flytja, hljóp af stað við það eitt að stigið var upp á hann þegar M hugðist festa búnaðinn tryggilega niður á flatvagninn.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að færsla á „mínum síðum“ X á vef Vinnueftirlitsins sýni að slys M var tilkynnt samdægurs og þannig hafi X fullnægt skyldum skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Einnig vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum sem félagið fékk frá X hafi M unnið hjá X frá 31. janúar 2010 og hlutverk hans hafi verið að ferma og afferma hinn hreyfanlega hjólabúnað. X telur því að M hafi verið fullkunnugt um virkni hjólabúnaðarins og að öxullinn sem hann steig á hafi verið hreyfanlegur. V telur að ekki sé hægt að rekja slys M til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X og sönnunarstöðu vegna vinnuslyss M. Ljóst er af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu að X tilkynnti um slys M til Vinnueftirlitsins samdægurs og lögregla kom á vettvang slyssins. Ekki verður séð að ágreiningur sé um málsatvik, þ.e. að M hafi fallið niður af palli flutningavagns eftir að hann steig á hreyfanlegan hjólabúnað sem þar var staðsettur. Ekki kemur fram í málinu að búnaðurinn hafi verið vanbúinn eða að verkstjórn hafi verið ábótavant. Ekki liggur því fyrir að slys M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og er greiðsluskylda af þeim sökum ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 132/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Akreinaskipti.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 3. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 12. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 15. febrúar 2023, varð þann sama dag árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M en sonur hans ók umrætt sinn, á Sæbraut við Súðavog í Reykjavík. Er þar haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið aðreininna inn að Sæbraut í norðurátt frá Miklubraut og skipt um akrein inn á Sæbraut. Þar sem bílaröð hafi verið á hægri akbraut hafi hann gefið stefnuljós til vinstri og fært sig yfir á vinstri akrein. Hafi hann séð B í baksýnispeglinum og hún hafi verið langt í burtu. Hann hafi þá ekið um 30-40 metra á vinstri akrein áður en B var ekið aftan á A og telji hann að B hafi verið ekið á ofsahraða. Haft var eftir ökumanni B að hann hafi verið á umferðarhraða, eða um 60 kílómetra hraða á klukkustund, þegar A hafi allt í einu verið ekið í veg fyrir B. Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að B var undir áhrifum lyfja og ávana- og fíkniefna, og taldist óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök á árekstri bifreiðanna hvíldi á A sem hefði skipt um akrein í veg fyrir umferð. Málið var síðar tekið fyrir að nýju hjá Tjónanefnd, að beiðni V1 og á grundvelli nýrra gagna, en niðurstaða hennar var óbreytt.

M kvartar í málskoti yfir því að V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, hafi í tvígang hafnað því að fara að álitu nefndarinnar.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að afstaða félagsins sé sú að A hafi í engu gætt að annarri umferð þegar hann skipti um akrein í veg fyrir B. Ákomur á bifreiðarnar, sem séu á vinstra afturhorni A og hægra framhorni B sýni þá fram á að A hafi aðeins að litlu leyti verið komin á vinstri akrein er árekstur varð. Ökumanni B hafi þá ekki verið unnt að bregðast við aðstæðum og afstýra árekstri og sé ekki orsakasamband milli ástands hans og árekstursins. Beri A því alla sök á árekstri aðila.

Í bréfi V1 til nefndarinnar er rakið að ágreiningur aðila snúi að því hvort um aftanákeyrslu hafi verið að ræða eða hvort A hafi skipt um akrein í veg fyrir B. Þegar vafi sé um atvik verði hallinn af sönnunarskorti að hvíla á þeim aðila sem hafi verið óhæfur til aksturs vegna lyfjanotkunar, og hafi úrskurðarnefndin áður beitt slíkri túlkun. Sé þannig byggt á lýsingum ökumanns A, en ekkert liggja fyrir um að hann hafi verið óhæfur til aksturs umrætt sinn, verði að telja að ökumaður B hefði haft nægt ráðrúm til að afstýra árekstri. Þá verði engar ályktanir dregnar af staðsetningu ákoma á bifreiðunum, enda geti margar ástæður legið fyrir því að þær hafi ekki verið á miðjum bifreiðunum, s.s. mismunandi staðsetning þeirra innan akreinar eða það að B hafi reynt að sveigja til vinstri í aðdraganda áreksturs. Séu samkvæmt framansögðu orsakatengsl milli árekstursins og ástands B, sem beri alla sök á honum vegna ástands síns og þess að hann að gætti ekki nægilega að umferð fyrir framan sig.

Álit.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra. Aðila greinir á um hvort M hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði. Því er ekki mótmælt sérstaklega að M hafi gefið stefnuljós áður en hann skipti um akrein, en slík merkjagjöf leysir ökumenn ekki undan fyrrgreindri aðgæsluskyldu. Verður að líta til þess að staðhæfingar A um að hann hafi ekið 30-40 metra á vinstri akrein áður en til áreksturs kom og að B hafi verið ekið á ofsahraða eru ekki studdar neinum gögnum. Verður þá ekki litið framhjá því að ákomur á bifreiðunum benda til þess að akreinaskiptum A hafi ekki verið lokið er árekstur varð og að henni hafi því í raun verið ekið yfir á vinstri akrein í veg fyrir B.

Hvað varðar ökumann B þá liggur fyrir að hann var undir áhrifum lyfja og ávana- og fíkniefna og því óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega skv. 2. mgr., sbr. 1. mgr., 50. gr. umferðarlaga. Það eitt og sér dugir þó ekki svo sök, eða hluti sakar, á árekstrinum verði felld á hann, heldur þarf jafnframt að vera orsakasamband milli þess ástands og umrædds áreksturs. Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar að orsök árekstursins hafi verið sú að A skipti um akrein í veg fyrir B og verður því ekki talið að sýnt sé fram á orsakasamband við ástand ökumanns bifreiðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 13. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 133/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Akreinskipti.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 4. maí 2023.
3. Bréf V2, dags. 19. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. maí 2023.
5. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 24. maí 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Skólástíg á Akureyri hinn 18. mars 2023. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Hvor ökumanna skilaði tilkynningu til síns váttryggingafélags. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 198/23 að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M, sem var ökumaður A, er ósáttur við þá niðurstöðu. M kveðst hafa mætt bifreiðinni B á horni bifreiðastæðisins og hafa náð að stöðva bifreið sína en bifreiðin B hafi runnið áfram niður halla í mikilli hálku og á bifreið hans. Í málskoti mótmælir M því að akstursleiðir bifreiðanna skerist þar sem þær eru að mætast í beygju. Líklega hafi ökumaður B ekið of hratt á bifreiðastæðinu miðað við aðstæður. Ökumaður B segist ekki vita hvor var í rétti og að ökumaður A hafi viljað meina að hann hafi verið kyrrstæður.

V1 skilar ekki athugasemdum í málinu og V2 vísar til þess að M hafi borið að veita ökumanni B forgang um bifreiðastæðið samkvæmt 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M það að akstursleiðir bifreiðanna skerist ekki þar sem hann sé að fara sömu leið og bifreið B er að koma úr. Bifreiðarnar mætist á horni þar sem M er í hægri beygju og hafi ökumaður B verið inni á hans vegarhelmingi og ekki náð að stöðva vegna hálku.

Álit.

Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu né er til staðar lögregluskýrsla eða skýrsla annars óháðs aðila vegna tjónsins. Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Ljóst er af akstursstefnu bifreiða A og B að M, sem ökumaður bifreiðar A, var með bifreið B sér á hægri hönd og bar að veita þeirri bifreið forgang í samræmi við fyrrgreind fyrirmæli 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M ber sönnunarbyrði um að hann hafi náð að stöðva bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu og að akstur ökumanns bifreiðar B hafi verið í andstöðu við fyrirmæli umferðarlaga. Ekki verður af gögnum málsins talið sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt um bifreiðastæðið eða að staðsetning bifreiðar B hafi leitt til árekstursins. Hallann af þeim sönnunarskorti verður M að bera. Öll sök er lögð á M sem ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Ökumaður A alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 13. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 134/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot dags. 10. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. janúar 2022, er hún var að störfum hjá X, hafi M orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að M var falið að þrifa vegg þar sem eftirlitsaðili með starfseminni hafi verið væntanlegur, og hafi því verið um að ræða verk sem féll utan við hefðbundin verkefni M í starfi. Hafi yfirmaður hennar afhent henni einfaldan stiga til verksins, en ekki A-tröppu sem einnig hafi verið til staðar. Hafi henni ekki verið sýnt hvernig réttast væri að nota stigann eða festa hann, og hafi stiginn runnið undan henni þegar hún stóð á honum í um 1,8 metra hæð við veggjaþrif. Hafi M fallið í gólfið og hlotið líkamstjón. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna fyrrgreinds atvik en V hafnað kröfu hennar með tölvupósti dags. 10. ágúst 2022. M byggir kröfu sína á því að slys hennar sé að rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað, þ.e. stiga sem hafi verið vanbúinn að því leyti að hann uppfyllti ekki öryggiskröfur og hafi alls ekki hentað til verksins. Það hafi verið á ábyrgð yfirmanns að útvega viðeigandi búnað eða bíða með verkið þar til A-trappan, sem var í notkun, væri tiltæk. Þá hafi M ekki verið bent á gúmmímottur sem haldið sé fram að hafi verið tiltækar. Skipti engu máli í þessu samhengi hvort M hafi verið að flýta sér enda sé hvíli sú skylda á vinnuveitanda að tryggja öryggi starfsmanna, og gæta þess að þeim sé ekki hættu búin af notkun tækja við vinnu sína. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á. Þar sem slysið hafi þá ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins, eða ekki fyrr en 21. janúar 2022, sbr. 79 gr. laga nr. 46/1980, verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði en ætla megi að rannsókn eftirlitsins hefði t.d. leitt í ljós hvort umræddur stigi uppfyllti kröfur EN 131 staðalsins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji M ekki hafa sýnt fram á að tjón hennar megi rekja til vanbúnaðar stigans, ófullnægjandi verkstjórnar eða öryggisbúnaðar, skorts á þjálfun og reynslu, vanbúnaðar vinnusvæðisins eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Um hafi verið að ræða léttu þrífavinnu, en veggir séu þrífir á nokkurra vikna fresti og hafi M margoft áður sinnt því verki. Um sé að ræða létt þrif sem ekki krefjist mikilla átaka en almennt sé þó A-trappa notuð enda sé hún öruggari og hentugri kostur. Það sé þó alls ekki svo að það sé óforsvaranlegt eða saknæmt á nokkurn hátt að nota eða heimila notkun á venjulegum álstiga við þetta verk enda séu slíkir stigar einmitt ætlaðir til notkunar við vegg. Umrætt sinn hafi M verið að flýta sér úr vinnu og því ekki viljað bíða eftir því að A-trappan yrði tiltæk. Hafi yfirmaður hennar því, að beiðni M sjálfrar, sótt álstigann. Óumdeilt sé að yfirmaður M hafi varað hana við hættunni við að vinna verkið úr stiga og sagt henni að fara varlega. Það hvort M hafi verið leiðbeint um örugga notkun stigans, en aðila greini á um það, eigi ekki að hafa úrslitaáhrif í málinu enda um einfalt verk að ræða sem krefjist ekki sérstakra leiðbeininga. Umræddur stigi sé hefðbundinn álstigi og á honum gripkjálki úr gúmmí, sem af myndum að dæma sé ekki mikið slitinn. Sé ekkert komið fram sem bendi til þess að stiginn hafi verið vanbúinn og að orsakatengsl séu milli slyss M og ástands hans. Þá hafi M, fyrir slysið, notað stigann án vandkvæða og fært hann til og reist upp við vegginn nokkrum sinnum. Á svæðinu hafi þá verið gúmmímottur sem M hefði getað notað undir stigann til öryggis. Eins hafi aðrir starfsmenn X verið nálægir og hefðu þeir getað haldið við stigann. Gólf í vinnurýminu sé þá hefðbundið iðnaðargólf og liggi ekkert fyrir um að hálka eða gólfefni hafi átt þátt í að orsaka slys M. Enginn sjónarvottur hafi orðið að slysinu sem slíku og sé enginn til frásagnar um það hvort M hafi misst jafnvægið eða stiginn runnið undan henni, og hefði vettvangsrannsókn Vinnueftirlitsins, hefði hún farið fram, ekki varpað frekara ljósi á það. Þá sé stiginn enn til staðar, og gólfefnið hið sama og á slysdegi. Sé því enn hægt að rannsaka ástand stigans með sama hætti og gert hefði verið með vettvangsrannsókn. Þar sem sönnunarstaða M hafi ekki raskast á grundvelli þess að vettvangsrannsókn fór ekki fram sé ekki rétt að víkja frá almennum sönnunareglum.

Álit.

Tilkynning X um slysið barst Vinnueftirlitinu hinn 21. janúar 2022, en fyrir liggur að M var óvinnufær frá slysinu sem atvikaðist um kl. 15:50 hinn 13. janúar 2022. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ber að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, t.a.m. beinbroti, eigi síðar en innan sólarhrings. M hlaut beinbrot í umræddu slysi og verður því að telja ljóst að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980. Atvik málsins eru þau að M féll úr stiganum og á gólfið, en ekki liggur fyrir hvort stiginn rann undan henni eða hvort hún missti jafnvægið í honum. Er vandséð að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði leitt það frekar í ljós. M byggir á því annars vegar að þjálfun og leiðbeiningum til M hafi verið ábótavant og hins vegar því að umræddur stigi hafi verið vanbúinn að því leyti að hann hentaði ekki til verksins. Umræddur stigi mun enn til staðar á starfsstöð X og er því unnt að rannsaka hann frekar, m.t.t. meints vanbúnaðar. Á grundvelli framangreinds verður ekki fallist á að tilefni sé til þess að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slysið og ber M sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Hvað varðar leiðbeiningar og þjálfun M verður ekki annað séð en að um einfalt verk hafi verið að ræða og stiginn í sjálfu sér einfaldur í notkun. Verður því ekki fallist á að sérstakra leiðbeininga hafi verið þörf. Af fyrirliggjandi ljósmyndum verður ráðið að um hefðbundinn einfaldan álstiga sé að ræða og virðist ekki sem hann sé haldinn ágalla sem slíkur. Gera má ráð fyrir að notkun A-tröppu við verkið hefði verið hentugri og öruggari, en hins vegar verður ekki talið sýnt að notkun stigans sem slík hafi verið óforsvaranleg eða bersýnilega hættuleg, enda væri aðgæslu gætt. Jafnvel þó miðað væri við að stiginn hafi runnið undan M, eins og hún byggir á, er því ekki sýnt fram á að það megi rekja til athafna, athafnaleysis, atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 135/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. apríl 2023.
2. Bréf V1, dags. 4. maí 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu dags. 28. mars 2023 kemur fram að þann 11. mars 2023 hafi orðið árekstur með bifreiðunum A og B. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hún hafi ekið bifreið sinni vestur Tryggvabraut á meðan farþegi í framsæti var að skoða kort. Kvaðst ökumaður A ekki kunnug staðháttum og ekki ratað á Akureyri. Viðurkenndi hún að hafa mögulega hægt of hratt á bifreið sinni til að skoða kortið sem farþeginn var með. Í kjölfarið hafi hún fundið fyrir höggi eins og ekið hafi verið aftan á bifreiðina. Kvaðst hún ekki viss hvort hún hafi verið orðin alveg kyrrstæð þegar áreksturinn varð en taldi að líklega hefði hún enn verið á hægri ferð. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa verið að aka Tryggvabraut til vesturs og verið rétt kominn út úr hringtorginu hjá Krónunni og verið að auka hraðann aftur þegar ökumaður bifreiðar A stöðvaði mjög skyndilega og ákveðið. Kvaðst hann hafa reynt að bremsa en ekki náð að stöðva í tæka tíð vegna hálku. Aðspurður kvaðst hann hafa ekið á um það bil 20-30 km. hraða á klst.

M telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök á árekstrinum. Telur M að hann hafi verið með nægjanlegt bil milli bifreiða en vegna mjög skyndilegrar stöðvunar ökumanns A og með tilliti til hálkuskilyrða hafi þrátt fyrir það verið ómögulegt fyrir hann að stöðva bifreið sína í tæka tíð.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið líti svo á að báðir ökumenn eigi jafna sök á árekstrinum. Ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga, þar sem fram kemur að ökumaður, skuli, áður en hann nemur staðar eða dregur snögglega úr hraða ökutækis, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá bendir V1 á að ökumaður B hafi ekki gætt að ákvæðum 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ökumaður sem ekur á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hættu á árekstri, þótt ökutækið á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga ber ökumanni sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækisins að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Fyrir liggur að ökumaður A gætti ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hún dró snögglega úr hraða bifreiðar sinnar. Verður því að telja að hún beri nokkra sök á árekstrinum. Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga kemur fram að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hættu á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Eðli málsins samkvæmt þarf að gæta þess við erfiðar aðstæður og í hálku að bilið þarf að vera lengra en ella. Að þessu gætti ökumaður B ekki. Verður hann því einnig talinn bera nokkra sök. Þannig sýndu báðir ökumenn gáleysi við akstur sinn og veður ekki ráðið af gögnum málsins eða málsatvikum að öðru leyti að leggja eigi meiri sök á annan ökumann fremur en hinn. Sök verður því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 136/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V3****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting, akstur aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot móttakið, 11. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, 8. maí 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
3. Bréf V2, 8. maí 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á bifreiðastæði við Krónuna á Reyðarfirði. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjonstilkynningu né liggur fyrir tjonaskýrsla frá hlutlausum aðila, eins og arekstur.is eða lögreglunni. Gögn málsins bera með sér að bifreiðunum hafði verið lagt í stöðureiti skáhallt á móti hvorri annarri þannig að afturhlutar bifreiðanna vísuðu í átt að akleiðinni um bifreiðastæðið. Ákoma er á hægri afturhurð bifreiðar A, þ.e. nokkuð stór rispa sem nær frá fremri hluta hurðarinnar langleiðina að afturbretti. Einnig virðist vera rispa á afturbretti en erfitt er að greina af myndum hvort um sé að ræða rispu eða óhreinindi. Engar myndir hafa borist af ákomum á bifreið B. Í tjonstilkynningu frá M, ökumanni A, segir að hún hafi verið búinn að bakka út úr bifreiðastæðinu, verið stopp og búinn að setja bifreiðina í D til að fara áfram, þegar högg kom á bifreiðina. Í tjonstilkynningu frá ökumanni B segir að báðum bifreiðunum hafi verið bakkað úr stæði og að B hafi verið komin aðeins lengra þegar árekstur varð. Málið fór fyrir Tjonanefnd váttryggingafélaganna í máli nr. 151/2023 og var niðurstaða nefndarinnar sú að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna var talinn hafa gætt nægilega vel að sér við akstur aftur á bak.

M mótmælir niðurstöðu Tjonanefndar váttryggingafélaganna og telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum. Vísar M m.a. til þess að hún hafi gætt sérstaklega að því að enginn hafi verið fyrir aftan bifreiðina þegar henni var ekið aftur á bak, hún hafi haft augun á baksýnispeglum bifreiðarinnar og bakkmyndavél, og ekki haft nokkurn kost á því að koma í veg fyrir að bifreið A hafi verið ekið inn í hlið bifreiðar sinnar.

V1 sendi nefndinni afrit af gögnum málsins en gerir ekki sérstakar athugasemdir. V2 telur að skipta beri sök til helminga með ökumönnum A og B. Í rökstuðningi sínum vísar V2 m.a. til þess að M haldi því ekki fram í málskotinu að hún hafi verið kyrrstæð og að gögn málsins bendi eindregið til þess að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins.

Álit.

Líkt og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjonstilkynningu á vettvangi, heldur skilaði hvor um sig tilkynningu til síns váttryggingarfélags. Í þessum tilkynningum er atvikum lýst með nokkuð mismunandi hætti og ljóst að ágreiningur er um málsatvik. Þannig telur ökumaður B að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak á sama tíma, en ökumaður A kveðst hafa verið búin að stöðva bifreið sína þegar árekstur varð. Myndir af ákomu á afturhurð A eru ekki afgerandi um hvort bifreiðin hafi verið stopp þegar árekstur varð. Þær benda þó frekar til þess að bifreiðin hafi verið á ferð þó ómögulegt sé að fullyrða um það út frá myndunum einum saman. Án frekari gagna, svo sem vitnisframburða, verður þar af leiðandi ekki byggt á frásögn annars hvors ökumanns um málsatvik.

Af gögnum málsins er ljóst að báðum ökutækjum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Hefur það ekki úrslitaáhrif þótt M hafi hugsanlega stöðvað A rétt áður en áreksturinn varð, enda verður ekki ráðið annað en að einungis hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði í umrætt sinn enda hefðu báðir ökumenn átt að veita hinum athygli í aðdraganda árekstursins. Þar sem ekki hefur tekist sönnun á því að A hafi verið kyrrstæð, né heldur að hún hafi verið kyrrstæð nægilega lengi, áður en árekstur varð, ber því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar í umræddum árekstri.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 137/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Afnotamissir. Sönnun tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 12. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti dags. 28. apríl 2023.
2. Bréf V dags. 8. maí 2023, ásamt tónstilkynningu og myndir af ökutæki M.
3. Tölvupóstur M dags. 10. maí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið var ekið aftur á bak í hlið bifreiðar M hinn 13. febrúar 2023. V viðurkenndi bótaskyldu vegna árekstursins og við tjónaskoðun kom fram að bið væri eftir nauðsynlegum varahlutum til viðgerðar á tjóninu. Sú bið reyndist verða um 45 dagar en bifreið M var síðan á verkstæði í fjóra daga á meðan gert var við hana. V hefur greitt bætur vegna afnotamissis til M sem nema viðmiðunarfjárhæðum félagsins í fjóra daga, eða þann tíma sem bifreið M var á verkstæði.

M telur að hann eigi rétt á dagpeningagreiðslum í þann tíma sem bifreið hans var „...frá vinnu...“ vegna tjónsins. M kveðst hafa orðið fyrir tekjumissi í þá 45 daga sem tók að útvega varahluti og laga skemmdir á bifreið hans. M telur ekki skipta máli að bifreið hans hafi verið ökuhæf, hún hafi hins vegar ekki verið nothæf til leigubílaaksturs þar sem mögulegir viðskiptavinir hafi valið aðrar leigubifreiðar vegna tjónsins.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur til M en sem nemur greiðslum vegna þeirra fjögurra daga sem bifreið M var á verkstæði. V vísar til þess að bifreið M hafi verið að fullu nothæf í kjölfar árekstursins og ekkert því til fyrirstöðu að hún væri í fullum rekstri eftir það þó á henni væru rispur og vægar formbreytingar. Auk þess hafi M ekki fært fram nokkur gögn því til stuðnings að hann hafi ekki getað notað bifreiðina eða orðið fyrir tekjufalli á því tímabili sem bið eftir varahlutum varði.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um rétt til skaðabóta vegna afnotamissis leigubifreiðar þann tíma sem beðið var eftir varahlutum til að laga tjón á annarri hlið bifreiðarinnar. Í málinu liggur fyrir að V hafi greitt bætur vegna þeirra fjögurra daga sem bifreiðin var á verkstæði m.v. fjárhæðir sem V sjálft ákveður til viðmiðunar. Ekki liggja fyrir nokkur gögn sem sýna mögulegt tekjutap M, hvorki gögn um tekjur á sambærilegu tímabili né gögn um þær tekjur sem M raunverulega hafði á því tímabili sem hann krefst bóta vegna.

Ábyrgðartrygging þeirrar bifreiðar sem ekið var á bifreið M greiðir skaðabætur vegna þess tjóns sem varð af árekstri bifreiðanna. Sá sem verður fyrir skaðabótaskyldu tjóni (M) hefur bæði þá skyldu að sanna tjón sitt og eftir atvikum takmarka tjón skv. almennum sönnunarreglum sem og almennum reglum skaðabótaréttarins. Engin gögn liggja fyrir í málinu um raunverulegt tekjutap M í sínum atvinnurekstri vegna tjóns á bifreiðinni. Sönnunarbyrði hvílir á M að sýna fram á það tjón og það er ekki hægt án þess að leggja fram einhver gögn um hvert slíkt tjón getur verið. Viðmiðunarfjárhæðir V um fjárhæð afnotamissis hvern dag sýnir ekki raunverulegt tjón og er greiðsla slíkra bóta umfram skyldu V skv. reglum skaðabótaréttar. M getur því ekki byggt sjálfstæðan rétt á slíkum fjárhæðum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 6. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 141/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Taka sér far með ölvuðum öikumanni.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V ódagsett.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 18. desember 2022 hafi M orðið fyrir umferðarslysi þegar ökumaður ökutækisins A missti stjórn á því í hálku með þeim afleiðingum að það fór út af veginum og valt nokkrum sinnum. V skerti bótarétt M um 2/3 með vísan til þess að gögn hafi bent til þess að M hafi valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaatburður hafi orðið eða afleiðingar orðið meiri en ella hefði orðið. M telur að þegar litið sé til fyrirliggjandi gagna málsins sé ekki réttlætanlegt að skerða bætur til hans með vísan til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. M bendir á að V hafi ranglega vísað til 31. gr. almennra skilmála lögboðinna ökutækjatrýggingar, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr laga nr. 30/2004 en að um ágreining aðila gildi lög um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og að auki sé vísað í lagagreinar sem eigi við um váttryggðan sjálfan en ekki farþega ökutækis. Einnig kemur fram að orsakatengsl verði að vera á milli háttsemi M og þess að slysið varð og að sönnunarbyrði hvíli á V. Þá verði að gera ríkar kröfur til sönnunar atvika sem leiða eigi til skerðingar bótaréttar vegna líkamstjóns í umferðarslysum, sérstaklega á grundvelli stórkostlegs gáleysis. M bendir á að í fyrirliggjandi lögregluskýrslum sem voru teknar af aðilum komi hvergi fram að hann hafi vitað eða mátt vita af ástandi öikumanns enda hafi ekki verið tekin af honum skýrsla. M mótmælir því að honum hafi verið kunnugt um ölvun öikumannsins og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að hann hafi vitað eða mátt vita það. Ökumaður A hafi sótt hann kl. 8 um morguninn 18. desember 2022 þar sem þeir voru að fara til Reykjavíkur. M hafi ekki verið með öikumanni fyrir bílferðina en vitað af því að hann hafi verið að vinna á kvöldvakt kvöldið áður. M hafi ekki séð öikumanninn drekka áfengi né hafi hann verið ölvaður við upphaf ferðalagsins. Hann hafi því treyst því að ökumaðurinn hafi verið allsgáður. M vísar til dómafordæma máli sínu til stuðnings þar sem farþegar vissu um ölvun öikumanns og bætur voru lækkaðar vegna þessa. Hvergi komi fram í gögnum málsins að ökumaður hafi verið sýnilega ölvaður og virðist sem tómar áfengisumbúðir við ökutækið hafi verið tilefni þess að ökumaður hafi verið látin blása í áfengismæli. Dómafordæmin séu því ólík þeim aðstæðum sem séu uppi í þessu máli. Þá getur M ekki fallist á þau rök V að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að vera ekki í öryggisbelti.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2019 um ökutækjatrýggingar skuli eigandi ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni öikumanns, en þó megi lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt 1. og 3. mgr. umferðarlaga nr. 77/2019 megi enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis og ef magn vínanda í blóði öikumanns nemur 1,20‰ eða meira telst hann óhæfur til þess að stjórna ökutæki. Þá kemur fram að V telji sannað með óyggjandi hætti að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður í umrætt sinn og vísar V í því sambandi til niðurstöðu úr Drager mæli lögreglunnar sem gaf niðurstöðuna 1,59‰. V telur því að M hefði ekki getað dulist að ökumaðurinn hafi verið ölvaður þegar hann fór upp í ökutækið með honum og er í því sambandi vísað til dóms Landsréttar nr. 498/2020 þar sem vínandamagn öikumanns var 1,66‰ fljótlega eftir atvikið. Með því að taka sér far með bifreiðinni hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og því til viðbótar hafi M ekki spennt á sig öryggisbelti við aksturinn. Með vísan til þess og að öllu virtu telur V hæfilegt að skerða bótarétt um 2/3 hluta úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Í máli þessu liggur fyrir að ökumaður A var ölvaður þegar hann missti stjórn á ökutækinu þannig að það fór út af veginum og valt nokkrum sinnum með þeim afleiðingum að M slasaðist.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi vitað eða mátt vita að ökumaður A hafi verið ölvaður. Samkvæmt lögregluskýrslu sem var tekin á vettvangi eftir slysið kemur fram að það hafi verið nokkuð magn áfengisumbúða við bifreiðina, bæði tómar og fullar ásamt vínflösku. Ökumaður A var látinn blása í Drager áfengismæli á vettvangi sem sýndi 1,59% en M var ekki látinn blása í áfengismæli. Samkvæmt lögregluskýrslu voru bæði öryggisbelti hjá M og ökumanni spennt og vel strekkt eftir slysið. Í Landsréttardómi nr. 498/2020 sem V vísar til þar sem ökumaður var mældur með 1,66% var farþeginn einnig drukkinn. Í þessu máli var liggur ekki fyrir að M hafi verið með áfengismagn í blóði. Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður A var að vinna kvöldið áður og að hann hafi sótt M heim til hans sama morgun og slysið varð. Það liggja engin gögn fyrir í málinu sem sýna ótvírætt að M hafi mátt vera kunnugt um að ökumaður A hafi verið með áfengismagn í blóðinu þegar hann missti stjórn á ökutækinu. Með vísan til framangreinds er ekki unnt að skerða bótarétt M og er tjón hans því bótaskyldt að fullu. Með vísan til dóms Hæstaréttar nr. 31/2014 verður það ekki talið stórkostlegt gáleysi að M hafi ekki verið í bílbelti.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 142/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging vinnuvélar.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot dags. 18. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags 22. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 9. maí 2022 hafi starfsmaður M, X, unnið við bergmölun með vélinni A. Hafi M verið nýbúið að kaupa A en X hafi þó haft mikla reynslu af vinnu með sams konar brjótum. Hafi X endurstíllt framleiðslustillingu A þegar tækið var undir fullu álagi, þ.e. að brjóta mól í eðlilegri vinnslu. Við þetta hafi A skemmst, en söluaðili þess hafi síðar upplýst um að aðeins mætti breyta stillingum á A eftir að hún hefði verið stöðvuð, sem sé óvanalegt með brjóta af þessu tagi. V hafi neitað að greiða viðgerðarkostnað úr kaskótryggingu A á grundvelli þess að um hafi verið að ræða vélarbilun vegna vanstillingar, en slík atvik séu undanþegin bótaskyldu. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur að um utanaðkomandi atburð, þ.e. aðgerðir X, hafi verið að ræða. M telur að undantekningarregla um að kaskótryggingin taki ekki til vélarbilana eigi ekki við, enda hafi tjónið orsakast af utanaðkomandi atburði en ekki bilunareiginleika A. Um hafi verið að ræða skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik í skilningi skilmálanna. Séu skilmálar V óljósir hvað þetta varði beri þá að túlka þá váttryggðum, þ.e. M, í hag. Þá verði ekki miðað við að X hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, enda verði, með hliðsjón af langri reynslu X, og sérstökum eiginleikum A hvað stillingar varði, að miða við að um einfalt gáleysi hafi verið að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til ákvæðis 6.1 í viðeigandi váttryggingarskilmálum en þar segi að váttryggingin bæti ekki vélarbilun, þ.e. tjón sem stafi m.a. af vanstillingu. Það sé mat V að um vélarbilun vegna vanstillingar hafi verið að ræða. Ekki sé um það að ræða að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið skemmdum heldur hafi vélin bilað vegna þess að X hafi stíllt hana á rangan hátt. Sé kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telji almennt útilokað að stilla vél þannig að bilun verði í henni. Röng stilling geti aðeins leitt til skemmda á vél en ekki bilunar. Vélin hafi ekki bilað vegna galla eða annarra orsaka sem taldar séu upp í nefndu skilmálaákvæði, heldur vegna þess að X hafi breytt stillingu hennar meðan hún var undir álagi. Nefnt undanþáguákvæði verði að túlka þröngt og sé bótaréttur því fyrir hendi.

Álit.

Í umræddum váttryggingarskilmálum segir um bótasvið í 5. gr. að váttryggingin bæti beint tjón á hinni váttryggðu vinnuvél, sem verði vegna skyndilegra og óvæntra atvika, sem stafi af utanaðkomandi orsökum, sbr. þó 6. gr., en í 6. gr. er að finna takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar. V vísar til gr. 6.1 en hún er svohljóðandi um það sem váttryggingin bætir ekki: „*vélarbilun, þ.e. tjón sem stafar af: galla í efni, hönnunargalla, smíðagalla, mistökum við uppsetningu, titringi, vanstillingu, rangri staðsetningu, losun vélarhluta, óeðlilegum spennum, brotum af völdum málmþreytu, miðflóttakrafti, varmaleiðni, smurningstregðu eða tilfallandi vöntun á smurefni, yfirspennu af hvaða orsökum sem er, einanrunargalla, skammhlaupi, rafleiðslum sem einanrunin hefur farið af, neistamyndun eða öðrum innbyggðum göllum.*“. V byggir á því að um vanstillingu hafi verið að ræða og hafnað bótaskyldu með vísad til þess. Um undantekningarákvæði er að ræða og hvílir það því á V að sýna fram á að atvik falli innan þess.

Fyrirliggjandi er yfirlýsing umboðsaðila um skoðun og bilunargreiningu á A, dags. 13. apríl 2023. Segir þar: „Eftir að hafa skoðað þetta þá er þetta ekki bilun í tækinu heldur tjón sem hefur orsakast af mistökum stjórnanda tækisins. Það lítur út fyrir að brjóturinn hafi verið keyrður saman í gangi (aðeins má keyra brjótinn saman þegar hann er stopp)...“.

Á grundvelli framangreinds verður að telja að tjón hafi orðið á vélinni vegna mistaka X, en að það verði ekki rakið til „bilunar“ í tækinu sem slíkrar, í hefðbundinni merkingu þess hugtaks, en telja verður nokkurn blæbrigðamun í merkingum hugtakanna „bilunar“ og „skemmdar“. Verður að byggja á því að A hafi skemmt þegar hún var keyrð saman, þ.e. stillingum á henni breytt, meðan hún var í gangi. Þó telja verði að vanstilling geti í sjálfu sér falið í sér bilun sem leiði til tjóns, sbr. 6.1, verður ekki talið að svo sé hér. Er það því mat nefndarinnar að aðgerðir X hafi falið í sér utanaðkomandi, skyndilegt og óvænt atvik sem leiddi til tjóns á A. Þá verði V að bera hallann af því að ekki er sýnt fram á að undantekningarákvæði gr. 6.1 eigi við.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu vinnuvélar A hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 144/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótargögn frá M dags. 23. júní 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kom upp stífla í lögnum í fasteign M í byrjun febrúar 2022. Samkvæmt skoðun pípulagningarmeistara sem sá um viðgerðina hafði frárennsli frá þaki verið leitt í lögna utan hússins og inn undir húsið og tengt frárennsliskerfi þess. Rörið hafi gefið sig og í miklum rigningum hafi vatnsflaumur fleytt mól og grjóti inn í frárennsliskerfið og stíflað lögna frá klósetti. Orðrétt sé niðurstaða pípulagningameistarans sú að viðgerð hafi verið vegna „brots á lögna við útvegg innanhúss þar sem tengt var við steinlögna af þakrennu...“. Vegna þessa hafi orðið að brjóta upp gólfplötu og endurleggja frárennslislögna að hluta ásamt því að breyta frárennsli frá þaki. Jafnframt hafi þurft að brjóta upp stétt framan við húsið og endurleggja flísar á gólfi baðherbergis og í sturturými. Fulltrúa V hafi verið tilkynnt um tjónið, en enginn hafi komið að meta það heldur hafi aðeins verið beðið um myndir. V hafi svo, hinn 29. apríl 2022, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að um hafi verið að ræða steinlögna sem staðsett sé utan veggja hússins og hafi gefið sig vegna aldurs með þeim afleiðingum að hluti lagnarinnar ásamt öðrum jarðvegi rann inn í plastlögna sem tengdist steinlögnum og olli stíflu. Mótmæla M þessari afstöðu enda verði álit umrædds pípulagningameistara ekki skilið á annan veg en svo að umrædd steinlögna sé einmitt innan veggja hússins, en ekki utan þeirra og hafi V ekki sýnt fram á annað.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi ekki undir höndum tilvitnaða niðurstöðu pípulagningameistarans né myndir af lögnum sem brotnaði. Af framlögðum ljósmyndum megi sjá að undir húsinu sé plastlögna sem hafi fyllt af grjóti og hafi sú lögna legið að gamalli steinlögna fyrir utan húsið. Sú síðarnefnda virðist hafa gefið sig með þeim afleiðingum að jarðvegur komst í lagnakerfi hússins. Fasteignatrygging M hjá V innifeli vatnstjónstryggingu og um gildissvið hennar er fjallað í 1. gr. viðeigandi skilmála. Komi þar fram að váttryggingin bæti tjón sem rekja megi til tiltekinna tjónsorsaka, þ.e. þegar um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan vatnsleka úr lagnakerfi hússins er að ræða eða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, raftækjum, vatnsrúmum og fiskabúrum. Í þessu tilviki hafi ekki verið um að ræða vatnsskemmdir heldur kostnað og rask við lagfæringu lagna sem gáfu sig vegna aldurs. Tjón M falli því ekki undir gildissvið vatnstjónstryggingarliðar fasteignatryggingarinnar. Þá sé enn fremur í a-lið 2. gr. skilmálanna að finna undanþágur frá bótaskyldu. Þar komi fram að váttryggingin bæti ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- og frárennslislögnum eða af völdum þess að lagnir geti ekki flutt allt það vatn er að berst. Váttryggingin bæti þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Þá bæti váttryggingin ekki skemmdir sem rekja megi til missigs frárennslislagna. Gögn málsins séu afar takmörkuð en ljósmyndir beri þó með sér að um hafi verið að ræða stíflu vegna skemmda á steinlögna utan við húsið eða vegna missigs frárennslislagna. Hefði vatnstjón orðið á fasteign M hefði það, á grundvelli þessara undanþága, ekki fengist bætt. Afstaða V er því sú að tjón M megi rekja til viðhaldskostnaðar við að endurnýja lagnir sem hafi verið komnar á tíma en ekki sé um bótaskyld vatnstjón að ræða.

Álit.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð. Fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 13. apríl 2023 frá þeim pípulagningameistara sem sá um viðgerðir á fasteigninni en þar segir að viðgerðin hafi verið „...vegna brots á lögna við útvegg innanhúss þar sem tengt var við steinlögna að þakrennu...“. Ekki liggja fyrir frekari gögn um orsakir umræddrar stíflu né um staðsetningu eða ástand steinlagnarinnar, þ.á.m. um ástæður þess að hún gaf sig. Á fyrirliggjandi ljósmyndum má sjá hvar gólf í sturturými baðherbergis hefur verið brotið upp og plastlögna tekin undan því. Á öðrum ljósmyndum má sjá hvernig umrædd plastlögna er nær full af grjóti og mól. Er því talið sýnt fram á að umrædd lögna hafi stíflast vegna þess

að jarðvegur hafi komist inn í hana, og þá er ekki um það deilt að jarðvegurinn stafi með einhverjum hætti frá steinlögn sem ætlað var að flytja rigningarvatn frá þaki hússins og í frárennsliskerfi þess.

Í 1. gr. viðeigandi skilmála er gildissvið vatnstjónstryggingar afmarkað og kemur fram að vátryggingin greiði bætur vegna tjóns af þeim tjónsorsökum sem tilgreindar eru: „*a. Skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. b. Einnig bætast tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka úr frystikistum, kæliskápum, vatnsrúmum og fiskabúrum.*“ Það hvílir þá á vátryggðum, þ.e. M, að sýna fram á að tjón þeirra falli undir framangreint gildissvið vátryggingarinnar.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka sem á upptök sín innan veggja hússins hafi verið að ræða, sbr. a-lið 1. gr. skilmálans. Eins og áður segir liggja engin frekari gögn eða upplýsingar fyrir um atvik málsins, staðsetningu eða ástand lagnarinnar og ástæður þess að hún eða tenging hennar við frárennsliskerfi hússins gaf sig. Þar sem ekki er sýnt fram á að tjón M falli undir gildissvið vátryggingarinnar er þá óþarft að fjalla frekar um undanþágur þær sem tilgreindar eru í 2. gr. skilmálans.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 145/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. maí 2023.
3. Bréf M dags. 26. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og meðfylgjandi minnisblaði dags. 23. ágúst 2021 lýsir M atvikum á þá leið að 31. júlí 2021 hafi hann verið úti að ganga með hundinn sinn eftir að hafa snætt kvöldverð í húsi foreldra sinna. Kveðst M hafa gengið frá húsi þeirra með vegi til austurs í átt að skógræktarsvæði. Á leiðinni hafi hundurinn farið inn um opið hlið inn á lóð sem tilheyrir bænum X. Þar hafi hópur fólks verið að skemmta sér og kona úr hópnum komið með hundinn og sagt við M að hann mætti ekki vera á svæðinu. Í kjölfarið hafi M haldið leið sinni áfram til austurs að skógræktinni þar sem hann var í dágóða stund. Hundurinn hafi svo farið aftur til vesturs yfir lélega girðingu inn á lóð sem tilheyrir bænum X. M hafi farið eftir hundinum en áður en hann náði honum hafi kona sem þar var fyrir tekið í ól hundsins og gengið með hann í átt að hliðinu. Kveðst M hafa gengið eftir henni og kallað til hennar en ekki fengið nein svör. Hann hafi því næst ætlað að teygja sig í öxl hennar en það næsta sem hann muni var að hann lá sárþjáður í jörðinni. Í kjölfarið hafi hópur fólks komið að honum og verið að tuskast í honum þar sem hann lá í jörðinni, m.a. með því að taka í jakkann sem hann var í og dangla í hann með fótunum. Kveðst M svo hafa verið dreginn af slóð sem liggur inn á reitinn og upp í gras þar sem hann hafi orgað af verkjum. Hann hafi svo hringt á sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl og beðið um lögreglu kl. 22:59. Áður en sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl og lögregla kom á staðinn hafi fólkið dregið hann út fyrir hlið. Kveðst M hafa talið að hann hafi farið úr mjaðmarlið, sem getur verið fylgikvilli mjaðmaaðgerðar sem M hafði gengist undir nokkrum mánuðum fyrir atvikið, síðar hafi þó komið í ljós að hann reyndist hafa lærleggsbrotnað. Lögregla tók ekki skýrslu af M á staðnum þar sem sjúkraflutningamenn voru að hlúa að honum í sjúkrabifreiðinni. Tekin var framburðarskýrsla af M þann 12. ágúst 2022. Þar lýsir hann því að þegar hann teygði sig í átt að konunni hafi einhver komið aftan að honum og hann fengið högg, eða spark í hægri hnésbótina með þeim afleiðingum að hann féll við. Hafi engin orðaskipti verið við viðkomandi og hann geti ekki lýst honum, þar sem hann kom aftan að honum. Enn fremur lýsir M því að hann hafi heyrt fólkið á svæðinu tala um að það þyrfti að samræma framburð sinn.

Lögregla tók framburðarskýrslur af nokkrum vitnum sem staðsett voru í gleðskapnum, m.a. konunni sem A segir að hafi dregið hundinn. Lýsir A atvikum á þá leið að hún hafi verið stödd á bænum X að hlusta á Helga Björnsson þegar M kom inn á svæðið með hund með sér sem hafi verið laus. Átta ára frænka hennar hafi orðið mjög hrædd við lausan hundinn og hún hafi því rætt við M um að vera með hundinn í bandi eða fara með hann. Segir hún að M hafi ekki verið sáttur með það en hann hafi verið verulega ölvaður og ekki viljað hafa hundinn í taumi, á endanum hafi M þó farið með hundinn. Sagði hún að einhverju síðar hafi M komið aftur á öðrum stað inn á svæðið en hundurinn hafi þá verið á undan honum inn á svæðið. Sagði A að þar sem hún hafði rætt við M áður hafi hún ákveðið að vera ekki að ræða mikið við hann og tekið í ólina á hundinum og leitt hann út fyrir hlið. Kveðst hún hafa sett hundinn út fyrir hliðið og verið að loka hliðinu þegar M kom aftan að henni og kippti í hana og snéri henni um leið og öskraði á hana að láta hundinn í friði. Í þann mund hafi maðurinn hennar, B, komið og tekið í öxlina á M og sagt honum að svona kæmi hann ekki fram við konuna sína. Sagði konan að M hafi verið í flipp flopp skóm og þegar hann snéri sér við hafi hann einhvern veginn flækst í fótunum á sjálfum sér og dottið. Í kjölfarið hafi fleira fólk komið að og hundurinn verið geltandi og virst hræddur, hún hafi því farið með hundinn til M en hann hafi þá rífið í höndina á henni og rífið þrjár gel neglur af auk þess sem hann hafi kallað hana ljótum nöfnum og sagt henni að láta hundinn sinn í friði. Hún hafi þá farið þar sem hún vildi ekki taka þátt í þessu lengur.

B lýsir atvikum á þá leið að þegar M kom í seinna skiptið hafi konan hans A, farið til M og beðið hann að fjarlægja hundinn. Hann hafi ekki samþykkt það og A hafi því tekið í ólina á hundinum og leitt hann

út að hliði. Segir B að M hafi fylgt henni eftir og B hafi fylgt þeim báðum þar sem hann taldi að þetta gæti stefnt í eitthvað slæmt. Sagði B að við hliðið hafi M tekið í öxlina á A og togað hana til sín, en A hafi verið hokin þar sem hún hafi haldið í hundinn. Sagði B að hann hafi verið nálægt og því gripið í vinstri öxl M og togað hann frá A. Við það hafi M snúið að honum og einhvern vegin þvælst um fæturna á sjálfum sér. M hafi verið mikið ölvaður og illa skóaður. Sagði hann M hafa fallið með miklum látum og talið það vera tilgerð.

C lýsir atvikum á þá leið að hann hafi verið að skemmta sér ásamt fjölskyldu sinni þegar hann tók eftir því að það liggur maður niður við hlið. Hann hafi því gengið að hliðinu þar sem hann sá M nággranna sinn. C kveðst hafa hringt í móður M sem hafi komið á bifreið sinni en M hafi verið dauðadrukkin og ekki viljað þiggja neina aðstoð. Kvaðst C hafa ætlað að hjálpa M á fætur og rétt honum hendi, þar sem hann stóð klovvega yfir M. Sagði C að M hafi ekki viljað aðstoðina og sparkað í klofið á C. Kveðst C hafa brugðið við þetta og í kjölfarið slegið til M. Aðspurður kvaðst C ekki muna hvar hann hafi slegið M né heldur hvort það hafi verið með flötum lófa eða krepptum hnefa. Sagði C jafnframt að M hafi ekki viljað fara með móður sinni en sjúkrabifreið hafi komið stuttu síðar og flutt M á brott. Kvaðst C ekki hafa séð M fyrr en hann lá við hliðið og að hann hafi lítil samskipti átt við M. Sagði hann M hafa verið með hund sem valdið hafi ótta hjá barnabarni sínu og hann hafi verið beðinn um að vera með hann í bandi þegar hann sé hjá foreldrum sínum. Það hafi aldrei hafa verið neitt vandamál, hundurinn hafi bara verið sóttur og að hundurinn hafi margoft komið áður.

V hefur hafnað bótaskyldu úr frítímaslysatriygingu, sem innifalin er í fjölskyldutryggingu M, með vísan til þess að tryggingin taki ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða í refsiverðum verknaði. Vísar V m.a. til þess að í lögregluskýrslu séu atburði raktir og þar komi fram að þegar A var að fjarlægja hundinn af lóðinni hafi M rifið í öxl hennar og snúið henni við. Við það hafi M verið ýtt og hann dottið í jörðina. Einnig hafi M sparkað í mann sem kom og ætlaði að aðstoða. Þá vísar V til þess að í sjúkragögnum komi fram að M hafi lent í stimpingum við aðila og að tjónþoli lýsi atburðum á nokkra mismunandi vegu. Enn fremur vísar V til þess að ekkert styðji frásögn M um að hann hafi verið sparkaður niður.

M fellir sig ekki við niðurstöðu V og heldur því fram að slysið verði ekki rakið til þátttöku M í handalögmálum. Byggir M m.a. á því að það sé rangt að hann hafi gripið í öxl A heldur hafi hann einungis ætlað sér að gera það en verið sparkaður niður áður. Þá byggir M á því að jafnvel þó hann hefði tekið í öxlina á C sé ekki unnt að líta á það sem þátttöku í handalögmálum sbr. dómur Hæstaréttar í máli 529/2011 þar sem það var ekki talin þátttaka í handalögmálum að toga í hendi manns og ýta við honum eftir orðahnippingar. Enn fremur vísar M til þess að ekki skipti máli varðandi bótaskyldu í málinu hvort M hafi verið sparkaður niður eða hvort hann féll um sjálfan sig eins og vitni hafa lýst, þar sem ljóst verði að teljast að hann hafi ekki tekið þátt í handalögmálum. M hafnar því alfarið að hafa sparkað í aðila eftir að hann féll til jarðar og vísar til þess að það hafi verið honum ómögulegt þar sem hann var lærleggsbrotinn. Hann hafi hins vegar haft réttmæta ástæðu til að óttast fólkið þar sem honum var veitt hnefahögg í andlitið þar sem hann lá bjargarlaus og sárþjáður. Þá hafnar M því að það hafi einhverja þýðingu í málinu hvað gerðist eftir að hann varð fyrir meiðslunum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort líkamstjón M sé bótaskyld úr slysatriygingu fjölskyldutryggingar. Samkvæmt vátryggingarskilmálum V fyrir slysatriygingu þá sem hér er til skoðunar greiðir vátryggingin bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum sínum. Þó bætir vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum.

Ósamræmi er í lýsingum aðila á málsatvikum en gögn málsins bera með sér að M hafi gripið eða reynt að grípa í öxlina á A áður en hann féll til jarðar eða var sparkaður niður af B sem var fyrir aftan M. Þá verður að teljast ljóst að M hafi lærleggsbrotnað á þessum tímapunkti, þ.e. þegar hann féll til jarðar. Ósannað verður að teljast að M hafi gripið í öxl A og ber V sönnunarbyrðina fyrir því. En jafnvel þó það teldist sannað verður ekki litið svo á að sú meinta háttsemi M að grípa í öxlina á A teljist til þátttöku í handalögmálum. Af þeirri lýsingu sem liggur fyrir verður m.ö.o. ekki talið sannað að líkamstjón M verði rakið til þátttöku hans í handalögmálum eða að um hafi verið að ræða handalögmál sem ekki falla undir skilmála tryggingarinnar skv. ákvæði I liðar 24. gr. vátryggingarskilmálans.

Í skilmála tryggingarinnar er slys skilgreint, þar sem fram kemur að „með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsli á útlimum og vegna tannbrota er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans. [..]“ Hvort sem litið verður til atvikalýsingar M sjálfs eða annarra sem voru á svæðinu er ljóst að um er að ræða meiðsl á útlím sem urðu skyndilega og án vilja M. Þar af leiðandi er ljóst að um var að ræða slys í skilningi vátryggingarskilmálans og að undantekningarákvæði skilmálans á ekki við.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 146/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot dags. 21. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. maí 2023, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á leið til vinnu sinna í húsnæði X að morgni hinn 17. mars 2020 þegar hún féll fyrir utan inngang starfsmanna. Í tjónstilkynningum til Vinnueftirlits dags. 22. desember 2021 er atvikum þannig lýst að hált hafi verið við inngang og M hafi dottið á hnén og borið hendur fyrir sig. Hún hafi síðar um morguninn farið heim úr vinnu en ekki leitað til læknis vegna covid-19 ástandsins. Í tilkynningu um tjónsatvikið til Sjúkratrygginga Íslands dags. 22. desember 2021 er atvikum þannig lýst að M hafi átt örfá skref eftir að inngangi þegar hún rann á hálkubletti og kastaðist fram fyrir sig.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar. M bendir á að vanrækt hafi verið að tilkynna um slys hennar til Vinnueftirlitsins en X hafi borið skylda til þess skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Ekki hafi því verið framkvæmd rannsókn á aðstæðum eða öðrum atvikum og verði X að bera hallann af því sem slík rannsókn kynni að hafa leitt í ljós, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 198/2006. Einnig vísar M til þess að X sæti strangara mati á saknæmi þar vegna þeirrar starfsemi sem sé á vegum X í húsnæði því sem M sótti vinnu í. Vísar M í því skyni til fræðirita þar sem fjallað er um skaðabótaábyrgð fasteignareigenda og dóma Hæstaréttar, m.a. í málum nr. 385/2003, 251/2005 og 633/2014. M telur að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að hafa ekki sandað eða saltað við þann inngang sem M gekk um þegar hún féll í hálfu, um hafi verið að ræða inngang sem M bar að ganga um og í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins hafi komið fram að mjög hált hafi verið við innganginn. Einnig vísar M til þess að annar starfsmaður X hafi runnið í hálfu við sama inngang nokkru áður. Þrátt fyrir þetta hafi X ekki gert frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu við innganginn. Einnig vísar M til þess að skýringar X á því að húsvörður X og fyrirtæki sem X eigi viðskipti sjái um hálfuvarnir dugi ekki og sérstaklega mótmælir M þeim skýringum að húsvörður hafi ekki getað gert ráðstafanir áður en M mætti til vinnu kl. 8.30 að morgni. M vísar til þess að X stefni starfsfólki sínu til vinnu á tiltekinn stað á tilteknum tíma og beri X því að gera fullnægjandi ráðstafanir í samræmi við það. Skýringar V á því að húsvörður geti ekki brugðist við milli kl. 8 og 8.30 við aðstæðum sem þeim sem uppi voru þegar M slasaðist dugi ekki. Einnig bendir M á að ekki dugi að vísa til þess að einhver hafi verið ráðinn til að sinna því hlutverki á vinnustað að gera öryggisráðstafanir heldur verði að líta til þess hvort hann hafi gert það í raun. Loks þurfi að horfa til þess að ríkar skyldur verði að gera til X þar sem búast mátti við umferð gangandi fólks á þessari leið sem M gekk um. Vísar er auk þessa til ákvæða í lögum nr. 46/1980 um skyldur atvinnurekanda, t.d. 13. og 42. gr. laganna auk reglugerðar um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995.

V hefur hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M og telur engan ágreining um tildrög slyss hennar, þ.e. að M hafi dottið fyrir utan einn af inngöngum í húsnæði X hinn 17. mars 2020 í kringum kl. 8.30. V vísar til þess að hafa fengið læknisvottorð sem hafi gefið til kynna óvinnufærni M vegna annars slyss en hinn 14. maí 2020 hafi loks borist læknisvottorð þar sem ástæða óvinnufærni sé vegna vinnuslyss. V telur að X hafi ekki haft tilefni til að tilkynna um slys M til Vinnueftirlitsins strax þar sem X hafi ekki haft nægar upplýsingar um ástæður forfalla hennar til vinnu. Einnig bendir V á að Vinnueftirlitið hefði ekki rannsakað hvort X hafi fullnægt skyldu sinni hvað hálfuvarnir varðar í því veðri sem hafi verið í kringum slysdag og verði það ekki metið X til sakar að hafa ekki tilkynnt um aðstæður samdægurs. V vísar auk þessa til þess að hefðbundnar hálfuvarnir við húsnæði X sé í höndum húsvarðar X og þjónustuaðila sem sé utanaðkomandi fyrirtæki. V vísar til þess að slys M hafi átt sér stað um 30 mínútum eftir að hefðbundinn vinnudagur húsvarðar hefjist og hafi verið ómögulegt að tryggja hálfuvarnir við vinnustaðinn á þeim stutta tíma. V telur að starfsmenn X geti ekki gengið út frá því að allir inngangar séu hálfulausir auk þess sem veðuráðstæður hafi verið með þeim hætti í mars 2020 að aðstæður hafi

getað breyst snögglega. Einnig vísar V til þess að skv. yfirliti yfir keypta þjónustu X vegna hálkuvarna hafi utanaðkomandi þjónustuaðili komið og sinn slíku hinn 17. mars 2020. Einnig vísar V til þess að M hafi unnið í húsnæði X í um 11 ár og þekki aðstæður vel, hún hafi því einnig vitað að tveir aðalinngangar húsnæðis séu þannig að hitalagnir séu í steypu við þá. Veðurfar hafi einnig verið með þeim hætti þennan dag og dagana fyrir að M hefði átt að gæta varúðar. V vísar til þess að dómur Hæstaréttar sem M vísi til eigi ekki við aðstæður í máli M og vísar sjálf til bæði héraðsdóma og dóms Hæstaréttar í máli nr. 41/2003 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að óumdeilt sé að M hafi fallið í hálku við einn af nokkrum inngöngum inn í húsnæði X þar sem M stundar vinnu. Við mat á sönnun atvika verður annars vegar að líta til þess að ekki liggur með skýrum hætti fyrir að X hafi verið upplýst strax um að M hafi orðið óvinnufær vegna þess að hún féll fyrir utan húsnæði X í greint sinn. Verður því ekki lagt til grundvallar að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Auk þess verður ekki séð að ágreiningur sé um tjónsatvikið sem slíkt, þ.e. að M hafi fallið í hálku.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort starfsmenn X hafi gert fullnægjandi ráðstafanir fyrir kl. 8.30 að morgni hins 17. mars 2020 varðandi gönguleiðir þær sem leiða að húsnæði X. Verður við það að hafa í huga að vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir m.v. fyrirbyggjandi sönnunargögn að sérstakar ráðstafanir af hálfu X fyrir slys M hefðu komið í veg fyrir fall M. Ekki verður lögð sú skylda á X að leið að öllum inngöngum inn í húsnæði X séu þannig að engin hálka sé nokkurs staðar og verður það ekki lagt til grundvallar við sakarmat. Ekki liggur fyrir að nokkur hafi gert athugasemdir við aðstæður umræddan morgun, ekki liggur fyrir lýsing á aðstæðum frá nokkrum öðrum sem gekk um sama svæði og M auk þess sem ekki liggur fyrir að önnur slys hafi orðið sama dag. Verður því ekki talið nægilega sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M hinn 17. mars 2020 heldur verði það rakið til óhappatilviks. Greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 147/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Húftrygging skip X****Gildissvið váttryggingarskilmála. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2023, ásamt skjáskoti af mínum síðum X hjá Vinnueftirlitinu, mynd af búnaði og myndband og skýrsla X til V dags. 14. janúar 2021.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V segir að hinn 29. júní 2022 hafi tjón orðið á X þegar hún var á leið á miðin. Í tjónstilkynningunni segir orðrætt: „Vélin fellur aðeins niður í snúning, fer og skoða og sér ekkert athugavert. Er að gefa í á ný, þá gerist eitthvað og það seindrapst á öll, báturinn er fastu í gír.“ Í gögnum málsins eru einnig samskipti M og starfsmanna V sem og ljósmyndir af X.

M lýsir atvikum þannig við siglingu á X hafi hann orðið var við hljóðbreytingu í vél og hafi hann því minnkað hraða og opnað vélarrúmið og ekki séð neitt athugavert. Þegar hann hafi gefið vél X fullt afl hafi komið mjög stórt högg og steindrepist á vélinni. M bendir á að hann hafi ekki horft fram fyrir X áður en hann sigldi áfram en mikið rusla hafi verið sjónum. Einnig vísar M til þess að þegar búíð var að draga X í land og þegar hann var hífdur upp á bryggju hefði starfsmaður vélaverkstæðis spurt hvað hann hafi fengið í skrúfunu og þannig sé komin staðfesting á því sem gerðist. Þegar drifbúnaður X hafi síðan verið opnaður hafi komið í ljós að aðaldriföxull hafi verið þverklipptur og það gerist ekki öðruvísi en að eitthvað lendi á skipsskrúfunum. Þar sem hver dagur á strandveiðum sé dýr ákvað M að gera bráðabirgðaviðgerð áður en skoðunarmaður V hafi komið til að skoða X. Ekki hafi sá skoðunarmaður talað við viðgerðaraðila og af málalíbúnaði M má ráða að hann telji að skoðun skoðunarmanns V hafi verið ófullnægjandi. Í málskoti eru einnig rakin samskipti M við starfsmenn V í kjölfar tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að X hafi verið siglt á rusl í sjónum eins M heldur fram. V vísar til þess að um hlutatjón hafi verið að ræða á X og bótasvið váttryggingar V sagi í 16. gr. að váttryggingin bæti m.a. skemmdir á skipi vegna „...áreksturs á annan fastan eða fljótandi hlut...“. V bendir á að M beri sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið váttryggingarinnar. V kveðst hafa sent skoðunarmann á vettvang til að skoða drifbúnað og skrúfu X eftir tjónstilkynningu og þá hafi verið búíð að taka í sundur drifbúnað X og nota hluta drifs sem skemmdist til viðgerðar ásamt gömlum varahlutum. Einnig hefur V eftir umræddum skoðunarmanni að líklegasta skýring á tjóni sé sú að öxull hafi brotnað þegar X var sett á ferð eftir gangtruflanir og ekki séu þannig skemmdir sjáanlegar á skrúfublöðum að merki sé um högg á skrúfunu vegna utanaðkomandi hluta. Þannig telur V skilyrði 16. gr. ekki uppfyllt um að tjón hafi orðið vegna þess að siglt hafi verið á fastan eða fljótandi hlut, þar sem gögn bendi til þess að tjón hafi orðið vegna langvarandi álags og þreytu í öxli X.

M gerir athugasemdir við afstöðu V með þeim skýringum að ekki hafi komið strax í ljós að um ásiglingu hafi verið að ræða heldur hafi það komið fram síðar. Einnig vísar M til þess að drif og skrúfur í X hafi verið þrettán mánaða gamlar og einungis verið notaðar í 82 daga og vísar til yfirlits Fiskistofu um róðrafjölda sem og reikninga fyrir kaupum á drifi. Einnig vísar M til ljósmynda af skrúfum og öxli og því að hann hafi bent V á að tala við tiltekna aðila.

V ítrekar í seinni athugasemdum sínum að M beri sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið váttryggingarskilmála.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um sönnun atvika og hvort þau atvik hafi leitt til váttryggingaratburðar í skilningi gr. 16.1 í váttryggingarskilmálum V, þ.e. hvort sýnt sé að skemmdir á X séu til komnar vegna „...áreksturs á annan fastan eða fljótandi hlut...“. Sá sem heldur því fram að váttryggingaratburður falli undir gildissvið váttryggingar ber alla jafna sönnunarbyrði um atvik skv. meginreglum um sönnun í váttryggingarétti. Sú sönnunarbyrði hvílir því í þessu máli á M.

Þegar litið er til gagna málsins verður ekki annað séð en að tjónstilkynning M í upphafi beri ekki skýrlega með sér að X hafi verið siglt á eitthvað í sjónum þegar tjóns varð fyrst vart. Til sönnunar á því að atvik hafi verið með þeim hætti vísar M til eðlis tjónsins og það sem hann hefur eftir tilgreindum mönnum um það hvernig það getur hafa komið til. Ekki liggja fyrir í málinu upplýsingar beint frá þeim sem M vísar til, engin sérfræðigögn eða matsgerðir liggja fyrir um hverjar líklegar tjónsorsakir eru nema frá skoðunarmanni V sem telur að tjón hafi orðið vegna langvarandi álags og þreytu í öxli.

Þó M hafi fært fram rök gegn mati V á tjónsorsök, sem byggt er á umræddu mati skoðunarmanns V, er eru þau rök ekki studd með afgerandi gögnum sem sýna hið gagnstæða. Hallann af slíkum sönnunarskortum verður M að bera með vísan til þeirra sönnunarreglna sem áður var vísað til. Telst M því ekki hafa sýnt fram á, með þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, að skemmdir á X hafi orðið vegna áreksturs á fastan eða fljótandi hlut í sjónum og á því ekki rétt til bóta úr húftryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr húftryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 148/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Starfsörorkutrygging.****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2023
3. Bréf lögmanns M dags. 14. júní 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 15. júní 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var váttryggður með svokallaðri starfsörorkutryggingu V1 þegar á árinu 2020. Af sömu gögnum verður ekki annað ráðið en að váttryggingamiðlunin V2 dreifi váttryggingum fyrir V1 og hafi komið á umræddri váttryggingu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V2 komi fram fyrir hönd V1 gagnvart viðskiptavinum hérlendis almennt en V2 er tilgreint sem miðlari í texta váttryggingarskilmála og sem útgefandi váttryggingarskírteinis.

Í lækisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M greinist með slitna sín í „...supraspinatus og merki um impingement...“ í febrúar 2021 sem hann rekur til atvika á árinu 2020 og ályktun lækis í vottorði frá 24. mars 2023 er að álagstengdir verkir og viðvarandi hreyfiskerðing í hægri öxl í kjölfar rofs á supraspinatus sin séu afleiðingar af vinnuslysi í september 2020.

Í málskoti kemur fram að upplýsingar liggi fyrir frá V2 um að M hafi haft samband við V2 símleiðis 17. febrúar 2021 um hvernig ætti að tilkynna slys og hafi í kjölfarið fengið sent sérstakt eyðublað í tölvupósti. Hinn 12. apríl 2022 var tilkynnt um hagsmunagæslu af hálfu lögmanns M til V2 vegna slyss M. Í kjölfarið hafnaði V bótaskyldu og vísaði til þess að tilkynning M um líkamstjón hefði borist of seint í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir vsl.) og miðað það við tímamarkið þegar lögmaður hefur samband í apríl 2022.

M telur að tilkynning um líkamstjón hans hafi borist með fullnægjandi hætti í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl. þegar M hafði sambandi við V2 símleiðis í febrúar 2021. M vísar til orðalags ákvæðisins sem og breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 4. gr. laga nr. 15/2015. M vísar til þess að ekki séu gerðar kröfur um form eða efni tjónstilkynninga sem þessara til að rjúfa þann frest sem tilgreindur er í ákvæðinu, tilkynningin þurfi einungis að upplýsa hver váttryggingartaki sé, um hvers konar váttryggingu sé að ræða og hver váttryggingaratburðurinn sé. M bendir á að allt þetta hafi komið fram í umræddu símtali M við starfsmann V2 í símtali í febrúar 2021.

V2 hefur hafnað bótaskyldu og telur að það sé ekki hægt að líta svo á að símtal geti talist krafa um bætur í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem ekki hafi verið upplýst um hvenær slys hefði orðið, hvernig það hefði gerst eða hverjar afleiðingar þess hafi verið. V2 telur auk þessa að símtalið geti ekki talist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti í skilningi sama ákvæðis. Einnig vísar V2 til lögskýringargagna þegar núverandi orðalag 1. mgr. 124. gr. vsl. var breytt árið 2015 og ályktar að tilgangur orðalags breytinga sé takmarkaður við að tilkynning vinnuveitanda um váttryggingaratburð jafngildi tilkynningu váttryggð. Einnig vísar V2 til váttryggingarskilmála um að allar bótakröfur þurfi að berast innan árs frá því að kringumstæður bótakröfunnar koma upp. Til viðbótar bendir V2 á að M hafi ekki farið að fyrirmælum lækna sem mæltu með aðgerð og hafi því ekki fylgt kvöðum váttryggingarskilmála og geti það haft neikvæð áhrif á bótakröfuna.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M frá 14. júní 2023 er áréttað að enginn ágreiningur sé um að M hafi sannanlega tilkynnt um váttryggingaratburð með símtali innan árs frá slysi. Einnig er vísað til þess að í lögskýringargögnum komi fram í frumvarpi til breytinga á lögum um váttryggingarsamninga að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi túlkað orðalag greinarinnar þannig að tilkynning lögreglu um váttryggingaratburð sem borist hafi váttryggingafélagi jafngildi kröfu í skilningi ákvæðisins. M telur með vísan til þessa að símhringingin dugi sem nægileg tilkynning.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns V2 kemur fram sú afstaða að það sé fráleitt að líta svo á að símtal M til V1 geti talist krafa um bætur eða tilkynning um váttryggingaratburð í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl.

Munur sé á símtali og lögregluskýrslu og M hafi fengið skýr skilaboð um að hann þyrfti að skila inn sérstöðu eyðublaði sem tjonstilkynningu. Því hafi M ekki sinnt og hafi tjonstilkynning ekki borist fyrir en tæpum tveimur árum eftir slysdag og V2 gæti ekki gert ráð fyrir því að tjonnið hefði verið tilkynnt fyrir en þá.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur aðila um hvort líkamstjón M hafi verið tilkynnt innan árs frá því M vissi um þau atvik sem krafa hans um bætur er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl. en þar segir orðrétt: „Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.“

Ekki verður ráðið af orðalagi ofangreinds ákvæðis að gerðar séu kröfur um form tilkynningar eða efni hennar, annað en að tilkynna á um „kröfu“ vátryggðs eða að tilkynning um vátryggingaratburð berist „með öðrum hætti“. Í lögskýringargögnum sem fylgja frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga eða breytingu á þeim með lögum nr. 15/2015 má heldur ekki sjá að fjallað sé sérstaklega um form eða eftir atvikum efni kröfu eða tilkynningar. Nefndri breytingu á lögnum var skv. lögskýringargögnum ætlað að taka af tvímæli um að litið væri á tilkynningar vinnuveitenda sem tilkynningar vátryggðra en orðalag ákvæðisins eftir breytingar er ekki einskorðað við það heldur vísar það til hvers kyns tilkynninga um vátryggingaratburð sem berst vátryggingarfélagi með öðrum hætti. Er þessi túlkun einnig í samræmi við úrskurði nefndarinnar í málum nr. 191/2017 og 408/2017.

Í þessu máli er óumdeilt að M hringdi í vátryggingamiðlunina V1 og gaf upplýsingar um líkamstjón sitt frá því í september 2020 og mögulega aðgerð sem þyrfti að framkvæma vegna þess. Í vátryggingarskilmálum vátryggingar M hjá V2 er vátryggingamiðlunin V1 nefnd sem tengiliður vátryggðs og verður að líta svo á að tilkynningar til vátryggingamiðlunar jafngildi tilkynningum til vátryggingafélagsins V2.

Í núgildandi lögum um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019 er í 32. gr. fjallað um að dreifingaraðili vátrygginga skuli starfa á heiðarlegan, sanngjarnan og faglegan hátt í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á vátryggingamarkaði og með hag neytenda fyrir augum, sbr. 4. gr. reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavinum og meðhöndlun kvartana nr. 353/2022 sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda. Verður að telja það til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta og venjur á vátryggingamarkaði að upplýsingar sem vátryggður veitir í tengslum við viðskiptasamband hans við dreifingaraðila, f.h. erlends vátryggingafélags eins og V2, séu skráðar þegar þær upplýsingar berast. Ekki er annað að sjá í gögnum málsins en að vátryggingamiðlunin V1 hafi sannanlega fengið upplýsingar um líkamstjón M í símtali í febrúar 2021 og það nægar upplýsingar til þess að hægt væri að skrá vátryggingaratburð, þó eftir atvikum þyrfti frekari gögn til að taka endanlega afstöðu til þess að M ætti bótarétt úr vátryggingunni á þeim tímapunkti. V. Verður því ekki fallist á að M hafi glatað rétti sínum til bóta skv. vátryggingu sinni hjá V2 með vísan til 1. mgr. 124. gr. vsl. Í 3. gr. vsl. segir að óheimilt sé, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum laganna með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi. Undantekning er gerð varðandi skaðatryggingar í 2. mgr. 3. gr. en ekki varðandi persónutryggingar. Ákvæði í vátryggingarskilmálum um aðra tjonstilkynningarfresti hafa því ekki þýðingu við afgreiðslu málsins.

Í þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu virðist ljóst að M hlaut líkamstjón á gildistíma vátryggingar sinnar hjá V2 og telst atvikið bótaskyld í skilningi þeirra vátryggingarskilmála sem liggja fyrir þannig að meta þurfi þær afleiðingar. Ekki liggja fyrir næg gögn til þess að taka afstöðu til orsakatengsla vegna varanlegra afleiðinga og möguleg áhrif háttsemi M varðandi endurhæfingu eða aðgerðir vegna líkamstjónsins og verður því ekki tekin afstaða til nákvæmrar bótafjárhæðar þó bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta hjá V2 að því marki sem sýnt er fram á afleiðingar líkamstjóns hans.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 7. júlí 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 149/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. febrúar 2023.
3. Tölvupóstur lögmans M dags. 26. maí 2023 ásamt vottorði heimilislæknis dags. 26. maí 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 1. júní 2023.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið farþegi í bifreiðinni X þegar þeirri bifreið var ekið utan í skilti eða vegrið í Breiðholti hinn 29. nóvember 2021. Í PC Crash skýrslu sem V aflaði vegna atviksins reiknast skýrsluhöfundur til að skemmdir hafi orðið á bifreið X þegar henni var ekið á 27 km/klst hraða, tímalengd áaksturs hafi verið 0,14 sekúndur og að þyngdarkraftur á ökutækið hafi verið 0,38 g. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M leitaði samdægurs á bráðamóttöku þar sem hún kvartaði undan verkjum í hálsi og baki má sá frekari heimsóknir á heilsugæslu vegna afleiðinga þessa. Einnig er gerð grein fyrir öðrum aðstæðum M og læknisheimsóknum. Í læknisvottorði heimilislæknis frá 26. maí 2023 kemur fram að M hafi að mati heimilislæknis sinnt endurhæfingu vel en hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri og tímabært sé að meta afleiðingar.

M telur að sýnt sé með læknisfræðilegum gögnum að orsakatengsl séu milli umferðaróhapps og líkamlegra einkenna M, en í samtímagögnum komi fram að M hafi verið heilsuhaust þar til hún lenti í umræddu óhappi. Einnig vísar M til þess að bifreiðinni X hafi verið ekið á 60 km/klst hraða þegar áakstur varð. Einnig vísar M til læknisvottorða sem sýni að hún hafi m.a. sótt sjúkraþjálfun og aðra endurhæfingu.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til þess að m.v. niðurstöðu PC Crash skýrslu að áakstur hafi verið mjög vægur. V vísar til þess að M hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum við framkvæmd rannsóknarinnar en það hafi M ekki gert. V hafi þó samþykkt að greiða fyrir fyrstu lækniskomu og kostnað vegna sannarlega tímabundinna afleiðinga fyrstu þrjá mánuðina eftir slys. V vísar auk þessa til meginreglna í skaðabóta- og váttryggingarétti sem gera ráð fyrir að tjónþoli verði að sanna tjón sitt og beri sönnunarbyrði um orsakatengsl milli atburðar og tjóns. V vísar til þess að um hafi verið að ræða lágorkuárekstur og vísar til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 um svipað álitafni þar sem ekki var fallist á kröfur tjónþola. V vísar einnig til ljósmynda af bifreiðinni X sem benda til þess að ákomur hafi verið minniháttar. V bendir á að hægt sé að vísa til fjölda rannsókna þar sem sýnt sé fram á að þegar þyngdarkraftur sé eins lítill og í þessu máli sé ómögulegt að hlotist hafi varanleg líkamstjón og vísar einnig til nokkurra úrskurða nefndarinnar. V ítrekar að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu heldur hvort varanlegar afleiðingar hafi hlotist af slysi M. Ekki er að finna frekari efnislegar athugasemdir frá V í tölvupósti frá 1. júní sl.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áaksturs hinn 29. nóvember 2021. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur sé um að tjónsatvikið sjálft hafi átt sér stað heldur telji V að það atvik hafi ekki getað leitt til líkamstjóns M.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis samdægurs eftir umrætt tjónsatvik. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. M hefur nokkuð reglulega leitað læknisástoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun og sótt sjúkraþjálfunarmeðferð vegna einkenna sem og sálfræðimeðferð. Í ljósi þess sem fram kemur í læknisfræðilegum gögnum um að M

hafi reglulega leitað til læknis og sótt meðferð vegna einkenna sem hún rekur til umferðarslyss. Ekki er að sjá að slík einkenni hafi áður verið þekkt áður hjá henni og að þar sem vel á annað ár er liðið frá árekstrinum verður að telja nokkrar líkur á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, að því marki sem niðurstöður matsgerðar sýna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 150/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2023, ásamt flugmiða, SOS gögnum, tölvupósti frá ráðgefandi lækni V dags. 4. apríl 2023 og tölvupóstur frá V til M, dags. 20. október 2022 og 5. apríl 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M festi kaup á flugmiða hinn 4. ágúst 2022 og ferðaðist í kjölfarið til Bretlands og Frakklands í sama mánuði. Þar þurfti hann að leita læknishjálpar á báðum stöðum og þurfti einnig að fresta heimkomu vegna veikinda og hafði af því kostnað. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi gengist undir nýrnaígræðslu árið 2018 og verið á ónæmisbælandi lyfjameðferð síðan. Einnig kemur fram í sama vottorði að M fengið endurteknar blóðsýkingar síðan, oftast E.coli sýkingar sem svarað hafi sýklalyfjagjöf vel. Í vottorðinu kemur síðan fram að M hafi komið til eftirlits í júlí 2022 og þá ekki verið merki um sýkingu en hann hafi síðan á ferðalagi sínu í ágúst greinst með sýkingu og ræktast hafi í blóði „enterobacter Ludwigi (cloacae)“ sem ekki hafi ræktast áður hjá M.

M var váttryggður með fjölskyldutryggingu hjá V þar sem kemur fram í 41. gr.c. í váttryggingarskilmálum vegna ferðatryggingar fjölskyldutryggingar að félagið bæti ekki tilteknar kröfur. Nánar tiltekið eru það kröfur „...vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjást af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta við eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknisferðum, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði eða óhefðbundin lækningameðferð.“

M telur að hann eigi rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni þar sem hann hafi ekki áður fengið þá sýkingu sem leiddi til tjóns hans.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til 41. gr.c í váttryggingarskilmálum og vísar til læknisfræðilegra gagna um að M hafi síðast fengið sýkingu um tveimur mánuðum fyrir ferðalag sitt og þannig tengist veikindi sem leiddu til kostnaðar fyrir M veikinda sem hann var í meðferð við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds í skilningi orðalags skilmálanna. Einnig vísar V til álits ráðgefandi lækni félagsins um að tengsl séu þarna á milli.

Álit.

Í málinu er upplýst í læknisfræðilegum gögnum að M hafi verið á ónæmisbælandi lyfjameðferð síðan hann gekkst undir nýrnaígræðslu árið 2018 og hafi ítrekað verið greindur með blóðsýkingar á síðustu árum. Ekki kemur annað fram í sömu gögnum en að M sé enn á umræddri lyfjameðferð og má ætla að ónæmiskerfi hans sé viðkvæmara fyrir vikið. Verður því að líta svo á að M hafi þjást af veikindum og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við þeim á síðustu 6 mánuðum fyrir kaup á ferð hans. V undanþiggur kröfur vegna slíkra veikinda með skýrum hætti í 41. gr.c í váttryggingarskilmálum sínum. Það að M hafi veikt vegna annarrar tegundar bakteríu en hann hafði veikt af áður hefur ekki þýðingu við skýringu á gildissviði undanþáguákvæðis 41. gr.c þar sem hin ónæmisbælandi lyfjameðferð nær undir þá meðferð sem þar er tilgreind. M á þannig ekki rétt til bóta úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 152/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. maí 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 12. október 2018 hlotið líkamstjón er hann datt ofan í skurð á óafgirtu og óupplýstu vinnusvæði X. Var M ásamt vini sínum að stytta sér leið yfir svæðið eftir að hafa farið of snemma út úr strætó. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi dags. 22. júní 2022 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ósannað væri að slysið hafi átt sér stað á framkvæmdasvæði X og að ekki hafi verið sýnt fram á að slys M hafi verið rakið til ónógra öryggisráðstafana. Þeirri afstöðu V mótmælir M og telur hana ranga. Byggir M á því að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess að X hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stoð í lögnum með sagnæmum og hættulegum aðstæðum á vinnusvæðinu. Þannig hafi X borið skylda til að afmarka byggingarsvæðið með girðingu sbr. reglur nr. 546/1996. Vinnusvæðið hafi hvorki verið afgirt, upplýst né merkt neinum viðvörðunarskiltum og var því veruleg hættu á ferðinni fyrir þá sem gengu þar um, þá sérstaklega í myrkri, líkt og í tilvikum M. Fyrir liggja tölvupóstskipti milli X og starfsmanns á umhverfissviði sveitarfélagsins þar sem ítrekuð er skylda X til að setja upp öryggisgirðingu áður en framkvæmdir áttu að hefjast. Fyrir liggja myndir af vinnusvæðinu sem teknar voru daginn eftir að slysið átti sér stað ásamt götukorti af ja.is sama dag sem sýnir greinilega að ekki var búið að girða svæðið af. Myndirnar sýna einnig að engin lýsing var á svæðinu eða merkingar. Þá liggur fyrir vitnisframburður vinar M. Vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4811/2010 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 415/2015 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekki þyki sýnt fram á að slysið þann 12. október 2018 hafi gerst á þeim stað sem M kveðst hafa dottið ásamt því að ósannað sé að slysið verði rakið til sakar af hálfu X sem fékk ekki vitneskju um slysið fyrir en þann 24. mars 2022 þegar liðin voru tæp fjögur ár frá slysi. Ekki sé að finna nein samtímagögn vegna slyssins fyrir utan samskiptaseðil heilsugæslu þar sem segir: „15 ára kk sem misstígur sig í gær. Stígur í holu.“ Myndir sem fylgdu málskoti eru ódagsettar og því með öllu óljóst hvenær þær eru teknar. Á þeim tíma sem slysið varð var ekki búið að grafa skurði, heldur aðeins framkvæmdir við sökkla á púða. Af þeim sökum var ekki búið að girða svæðið af en enga djúpa skurði var að finna með bröttum hlíðum.

Álit.

Afar takmörkuð gögn liggja fyrir nefndinni og engin samtímagögn fyrir utan samskiptaseðil heilsugæslu dags. 13. október 2018 þar sem fram kemur að M hafi misstigið sig daginn áður, stigið í holu. Myndir þær sem liggja fyrir í málinu eru ódagsettar auk þess sem engin sönnun liggur fyrir á því hvar M slasaðist á leið sinni úr strætó og hvort það hafi verið á vinnusvæði X. Tölvupóstskipti milli sveitarfélagsins og starfsmanna X um skyldu til þess að setja upp öryggisgirðingu áður en framkvæmdir áttu að hefjast teljast ekki sönnun á aðstæðum á vettvangi á slyssdegi né að M hafi hlotið líkamstjón á framkvæmdasvæði X. Í málskoti vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4811/2020 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 415/2015. Ekki verður talið að málsatvik í þeim málum séu sambærileg enda kom lögregla á vettvangi í fyrra málinu og framkvæmdu rannsókn og í því síðara var slysið tilkynnt daginn eftir til starfsmanns Reykjavíkurborgar sem skráði kvörtun um ástand vinnusvæðisins. Engin slík samtímagögn liggja fyrir í því máli sem hér um ræðir. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að líkamstjón hans megi rekja til sagnæms frágangs og hættulegra aðstæðna á vinnusvæði X, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 154/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. febrúar 2023.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 26. maí 2023 ásamt vottorði heimilislæknis dags. 26. maí 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 1. júní 2023.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið farþegi í bifreiðinni X þegar þeirri bifreið var ekið utan í skilti eða vegrið í Breiðholti hinn 29. nóvember 2021. Í PC Crash skýrslu sem V aflaði vegna atviksins reiknast skýrsluhöfundur til að skemmdir hafi orðið á bifreið X þegar henni var ekið á 27 km/klst hraða, tímalengd áaksturs hafi verið 0,14 sekúndur og að þyngdarkraftur á ökutækið hafi verið 0,38 g. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M leitaði til læknis hinn 30. nóvember 2021 vegna umferðarslyss, aftur 1. desember 2021 og reglulega á árinu 2022. M var óvinnufær vegna afleiðinga slyssins um hríð og hefur stundað endurhæfingu og leitað sálfræðiaðstoðar. Einnig er fjallað um fyrra heilsufar M í læknisfræðilegum gögnum og nýtt slyss sem hún varð fyrir 9. febrúar sl.

M telur að sýnt sé með læknisfræðilegum gögnum að orsakatengsl séu milli umferðaróhapps og líkamlegra einkenna M, en í samtímagögnum komi fram að M hafi verið heilsuhaust þar til hún lenti í umræddu óhappi. Einnig vísar M til þess að bifreiðinni X hafi verið ekið á 60 km/klst hraða þegar áakstur varð. Einnig vísar M til læknisvottorða sem sýni að hún hafi m.a. sótt sjúkraþjálfun og mat læknis sé að varanlegar afleiðingar hafi hlotist af slysinu.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til þess að m.v. niðurstöðu PC Crash skýrslu að áakstur hafi verið mjög vægur. V vísar til þess að M hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum við framkvæmd rannsóknarinnar en það hafi M ekki gert. V hafi þó samþykkt að greiða fyrir fyrstu lækniskomu og kostnað vegna sannarlega tímabundinna afleiðinga fyrstu þrjá mánuðina eftir slys. V vísar auk þessa til meginreglna í skaðabóta- og váttryggingarétti sem gera ráð fyrir að tjónþoli verði að sanna tjón sitt og beri sönnunarbyrði um orsakatengsl milli atburðar og tjóns. V vísar til þess að um hafi verið að ræða lágorkuárekstur og vísar til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 um svipað álitaefni þar sem ekki var fallist á kröfur tjónþola. V vísar einnig til ljósmynda af bifreiðinni X sem benda til þess að ákomur hafi verið minniháttar. V bendir á að hægt sé að vísa til fjölda rannsókna þar sem sýnt sé fram á að þegar þyngdarkraftur sé eins lítill og í þessu máli sé ómögulegt að hlotist hafi varanleg líkamstjón og vísar einnig til nokkurra úrskurða nefndarinnar. V ítrekar að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu heldur hvort varanlegar afleiðingar hafi hlotist af slysi M. Ekki er að finna frekari efnislegar athugasemdir frá V í tölvupósti frá 1. júní sl.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áaksturs hinn 29. nóvember 2021. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur sé um að tjónsatvikið sjálft hafi átt sér stað heldur telji V að það atvik hafi ekki getað leitt til líkamstjóns M.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis daginn eftir umrætt tjónsatvik. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. M hefur reglulega leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun og sótt sjúkraþjálfunarmeðferð vegna einkenna frá baki sem og sálfræðimeðferð. Í læknisvottorði kemur auk þess fram að M hafi ekki leitað læknis áður vegna slíkra einkenna. Í ljósi þeirrar samfellu sem hefur verið í læknisvitjunum og meðferð M vegna einkenna sem hún rekur til umferðarslyss sem og að slík einkenni voru ekki þekkt áður hjá henni

og að vel á annað ár er liðið frá árekstrinum, verður að telja nokkrar líkur á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, að því marki sem niðurstöður matsgerðar sýna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 155/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. apríl 2023 ásamt fylgiskólum.
2. Bréf V dags. 17. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. maí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. júní 2023.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 22. júní 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að X hafi tekið að sér framkvæmdir á baðherbergi og að skipta um tvo þakglugga á fasteign M. Þá kemur fram að á meðan framkvæmdum stóð hafi meiri háttar vatnstjón orðið á fasteigninni vegna vinnubragða X, en vatnslagnir hafi lekið með þeim afleiðingum að tjón varð á hæðinni fyrir neðan. Þá hafi þakgluggarnir ekki verið settir í með réttum hætti sem leiði til leka og vatnsskemmda. Þá hafi X ekki sinnt kröfum um að bæta úr ágöllum á verkinu. M kvartar í málskoti undan því að V hafi dregið að afgreiða kröfu hans um bætur í ábyrgðartryggingu X, þrátt fyrir að V hafi undir höndum gögn sem sýni fram á tjónið sem sé afleiðing af vinnubrögðum X. Þar sem fyrirhugaðar séu framkvæmdir á vegum húsfélagsins sé afar brýnt að gera við tjónið á fasteign M sem fyrst auk þess sem allt húsið liggi í raun undir skemmdum, enda sé hætt við að vatn flæði inn á þakið út frá gluggunum. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 16. maí 2023. Í höfnunarbréfi félagsins segir m.a. að ekkert liggi fyrir um að pípulagningarvinna hafi verið innt af hendi X eða starfsmanna þess og bendi gögn málsins fremur til þess að um sjálfstæðan verktaka hafi verið að ræða. Hvað þakgluggana varði bendi lýsing í tjónstilkynningu M til V þá frekar til þess að um galla í gluggunum, fremur en handvömm eða vanrækslu X hafi verið að ræða, og verði X ekki gert að bera ábyrgð vegna þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að reynt hafi verið, án árangurs, að kalla eftir lýsingu X á atvikum. Þá hafi V hvatt M til að koma á framfæri frekari gögnum um málið, svo sem skoðunarskýrslum fagmanna. Af þeim gögnum sem liggi fyrir hafi hins vegar ekki verið sýnt fram á að skemmdir á fasteign M megi rekja til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu starfsmanna X, og því ekki sýnt fram á skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M málatilbúnaði V. M vísar þá til þess að verktaki sem nú vinni að framkvæmdum á húsinu, þ.á.m. þakskiptum, muni hafa samband við V og nefndina. Hvað varði þakgluggana álfíti sá verktaki að ekki einasta sé ísetning þeirra haldin ágöllum heldur sé gluggarnir sjálfir af gerð sem henti ekki þaki hússins og halla þess, og séu allt annarrar gerðar en aðrir þakgluggar á húsinu. M kvartar þá áfram undan afgreiðslu V á kröfu hans, en t.a.m. hafi V ekki sent matsmann á þess vegum til að meta tjónið og orsakir þess, þrátt fyrir beiðnir þar að lútandi. Samningar um framkvæmdirnar hafi þá verið milli M og X, sem hafi tekið ábyrgð á þeim í heild sinni, og verði því ekki byggt á því að tilteknir undirverktakar, eða gallað efni, hafi valdið tjóninu. Því hafi verið haldið fram að ágallar á framkvæmd endurbóta á baðherbergi séu á ábyrgð pípulagningarmanns sem sé ekki starfsmaður X en það eigi ekki að skipta M máli enda hljóti vinnuveitendaábyrgð X að ná jafnt til slíkra aðila.

Í viðbótarathugasemdum V er tekið fram að tjón vegna skemmda á munum sem váttryggður, þ.e. X, taki að sér að vinna við sé undanskilið gildissviði umræddrar váttryggingar, og undantekningarreglur skilmála þess efnis eigi því við um skemmdir á baðherbergi M. Þá er áréttað að það hvíli á M að sýna fram á saknæma háttsemi, orsakatengsl milli hennar og tjóns, og umfang tjóns síns en slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að það verði rakið til athafna, eða athafnaleysis, X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. Fyrir nefndinni liggja fremur takmörkuð gögn um orsakir þess tjóns sem M telur sig hafa orðið fyrir, eðli þess og umfang. Er fyrst og fremst um að ræða lýsingar M sjálfs auk ljósmynda sem vissulega sýna einhver rakaummerki en upplýsa þó ekki um orsakir rakans. Þá liggur fyrir skjáskot af samskiptum M við annan aðila innan húsfélagsins þar sem fram kemur að verktakar sem undirbúi framkvæmdir á vegum þess telji ísetningu þakglugganna svo ábótavant að öruggt sé að það muni leka með þeim og inn í þakið. Engar álitsgerðir eða skoðunarskýrslur liggja þó fyrir um þetta atriði, né nokkur frekari gögn frá umræddum verktökum þó M hafi í viðbótarathugasemdum sínum vísað til þess að þeirra væri að vænta. Hvað leka frá leiðslum á baðherbergi varðar og tjón sem M telur að megi rekja til hans eru gögn málsins enn takmarkaðri. Samkvæmt M olli verktaki leka úr vatnsleiðslum á baðherbergi efstu hæðar sem olli því að vatn barst í vegg miðhæðar hússins og olli þar skemmdum. Engin frekari gögn um umræddar skemmdir eða orsök þeirra, utan fyrrgreindra ljósmynda, liggja fyrir nefndinni. Samkvæmt framansögðu hefur M ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu uppfyllt og verður hann að bera hallann af því. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 156/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og ábyrgðartryggingu ökutækis.

Skráningarnúmer vinnuvélar vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Skráningarnúmer ökutækis vegna ábyrgðartryggingar ökutækis (B)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuvél.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 23. maí 2023, ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis, athugasemda M dags. 22. apríl 2023, afstöðubréfs V1 dags. 18. apríl 2023 og upplýsingum um skráningarskyldar vinnuvélar á heimasíðu Vinnueftirlitsins.
3. Tölvupóstur V1 dags. 14. ágúst 2023 með vísun til tölvupósts V dags. 20. júní 2023 og fylgiskjala.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla Aðstoðar&Öryggis vegna tjónsatviks sem varð 29. mars 2023 við innkeyrslu að bílakjallara við Sunnusmára í Kópavogi. Í skýrslunni kemur fram að M ók bifreiðinni B (sem váttryggð var hjá V2) eftir akbraut Sunnusmára í suðurátt og ætlaði að beygja þaðan til hægri inn í bílakjallara. Vinnuvélin A (sem váttryggð er með ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V1) var staðsett fyrir framan innkeyrsluna og þegar ökumaður bifreiðarinnar B ók framhjá vinnuvélinni A var vinnuvélinni snúð og rakst hún þannig á bifreiðina A. Í framburði ökumanns bifreiðar B á vettvangi kemur fram að hún hafi ekið eftir Sunnusmára og séð stóra vinnuvél fyrir framan sig á götunni og fyrir innkeyrslu að bílakjallara. Ökumaður B kveðst hafa þurft að komast inn í bílakjallara og reynt að ná athygli stjórnanda vinnuvélarinnar án árangurs og því ekið framhjá vinnuvélinni sem hafi í sömu mund snúð henni utan í bifreið B. Í framburði stjórnanda vinnuvélarinnar A kemur fram að hann hafi verið að moka af kerru í kyrrstæðri vinnuvélinni, sem hafi verið með blikkandi vinnuljós, og hafi verið á fullu að athafna sig þannig að hann hafi ekki tekið eftir bifreið B þegar hann sneri efri hluta vinnuvélarinnar og lenti utan í bifreið B. Stjórnandi vinnuvélarinnar segir í sömu skýrslu að nánast ekkert pláss hafi verið til að aka framhjá vinnuvélinni í greint sinn.

M telur að eigandi A beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið B þar sem stjórnandi A hafi ekki sinnt skyldum skv. 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að óheimilt sé að stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. M vísar til þess að þrátt fyrir að ákvæðið taki skv. 30. gr. umferðarlaga ekki til ökutækja í vegavinnu þá gildi það ekki nema fullnægjandi varúðarráðstafanir hafi verið gerðar. M telur að slíkar ráðstafanir hafi ekki verið gerðar í greint sinn. Keilur hafi ekki verið á vettvangi sérstaklega vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru á tjónsdegi heldur hafi þær verið lengi á vettvangi og engin sjáanleg skilti hafi verið um að vegavinna væri á svæðinu. Einnig bendir M á að stjórnanda A hafi verið í lófa lagið að færa vinnuvélina þegar honum var með afgerandi hætti var gerð grein fyrir því að hann kæmi í veg fyrir eðlilega umferð á veginum. M vísar til mynda af vettvangi sem teknar voru eftir að afstaða V1 lá fyrir um höfnun bótaskyldu.

V2 sem ábyrgðartryggjandi bifreiðar B telur í fyrsta lagi að ákvæði laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 eigi við vinnuvélina A þar sem hún hafi verið í akstri í greint sinni m.t.t.. reglugerðar nr. 1515/2020 um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja sem sýni að vinnuvélar séu skráningarskyld vélknúin ökutæki á meðan vinnuvélar sem ætlaðar séu til akstur utan almennrar umferðar séu undanþegar skráningarskyldu. Þar sem vinnuvélin A sé ætluð til aksturs í almennri umferð gildi 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar um sakarskiptingu við mat á bótaskyldu vegna tjóns á bifreið B. V2 telur að á stjórnanda vinnuvélarinnar B hafi hvílt rík aðgæsluskylda vegna þess að unnið hafi verið á svæði sem opið var fyrir almenna umferð auk þess sem ríkar skyldur voru til merkinga á vinnusvæði, sbr. reglugerð nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg. Keilur sem hafi verið á vettvangi hafi verið ófullnægjandi í þessu skyni og hafi auk þess ekki verið sýnt að þær hafi verið settar upp af stjórnanda vinnuvélarinnar. V2 telur einnig að ef ekki er fallist á að lög um ökutækjatrýggingar eigi við sé tjón á bifreið B að fullu hægt að rekja til saknæmrar

háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar að tjón á bifreiðinni eigi að bæta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs vegna A hjá V1.

V1 hefur hafnað því að tjón á bifreið B sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar A. V vitnar til upplýsinga frá eiganda Á um að vinnusvæði hafi verið afmarkað með keilum í umrætt sinni sem hafi verið í 1,1 metra frá efri hluta vinnuvélar en um 2 metra fjarlægð frá hjólbörðum hennar og áttu þannig að þjóna því hlutverki að koma í veg fyrir umferð milli vinnuvélar og innkeyrslu í bílakjallara. Einnig telur V1 að ökumönnum bifreiða sem óku sömu leið og bifreið B var ekið hefði ekki átt að dyljast að hætta væri af því að aka nálægt vinnuvél í notkun og þannig hafi ökumaður bifreiðar B sjálf tekið áhættu með því að aka framhjá án þess að tryggja samskipti við stjórnanda vinnuvélarinnar. Sönnunarbyrði um saknæma háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar A hvíli á M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V1 vegna háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar B, en í málalítlunni V1 hefur því ekki verið mótmælt að tjón vegna háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar B falli undir umrædda vátryggingu eða að mat V1 á atvikum málsins takmarki rétt M til að krefjast bóta úr þeirri ábyrgðartryggingu m.t.t. gildissvið laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Einnig er rétt að benda á að skv. a.lið 2. mgr. 2. gr. laganna gilda lögin ekki þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en ökutæki. Í athugasemdum með fyrrnefndri grein í frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar segir: „Í 2. mgr. er í fyrsta lagi er lagt til að ekki falli undir gildissvið laganna tilvik þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki. Ökutæki sem eru vinnuvélar myndu samkvæmt því ekki falla undir gildissvið frumvarpsins þegar þau eru notuð sem vinnuvélar. Um er að ræða staðfestingu á framkvæmd en hugtakið notkun á ökutæki hefur verið túlkað þannig af dómstólum að það nái ekki til vinnuvéla þegar þær eru notaðar sem slíkar, þ.e. hlutlæga ábyrgðin takmarkast við það þegar ökutækið er í umferð en nær ekki til þess ef tjón hlýst af notkun vinnuvélarinnar utan almennrar umferðar.“ Þrátt fyrir skráningarnúmer vinnuvélar verður ekki séð að hún hafi verið notuð sem ökutæki í greint sinni og eiga lög nr. 30/2019 því ekki við.

Ágreiningur málsins hverfist um háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar A, þ.e. hvort í staðsetningu hennar á vettvangi og stjórn hennar hafi falist saknæm háttsemi þegar bifreiðinni B var ekið framhjá vinnuvélinni hinn 29. mars 2023 á akbraut Sunnusmára. Við mat á því verður að líta til þess að tilvitnað ákvæði 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að óheimilt sé að stöðva ökutæki eða leggja þannig að valdi geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð gildir ekki fyrir ökutæki í vegavinnu skv. 30. gr. sömu laga. Rétt er einnig að benda á að skv. 47. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga segir að með orðinu ökutæki sé í lögnum átt við „...Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.“

Þegar metið er hvort nægar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar verður að líta til aðstæðna hverju sinni. Af gögnum málsins má að minnsta kosti ráða að vinnuvélinni A hafi verið komið þannig fyrir á akbraut Sunnusmára að erfitt hafi verið að aka framhjá henni. Ágreiningur er um hvort keilur hafi verið á vettvangi í greint sinn en af framburði ökumanns bifreiðar B verður ekki annað ráðið en að henni hafi verið ljóst að verið var að nota vinnuvélina A við vinnu. Af framburði ökumanns bifreiðar B verður einnig ráðið að hún hafi reynt að ná athygli stjórnanda vinnuvélarinnar án árangurs en hafi samt sem áður ákveðið að aka framhjá vinnuvélinni. Þegar litið er til stærðar vinnuvélarinnar og framburðar ökumanns bifreiðar B sem bendir eindregið til þess að varhugavert hafi verið að aka framhjá vinnuvélinni verður ekki annað séð en að staðsetning vinnuvélarinnar sem slík feli í sér fullnægjandi varúðarráðstafanir í skilningi 30. gr. umferðarlaga. Verður sök því ekki lögð á stjórnanda vinnuvélarinnar fyrir það eitt að snúa henni við aðstæður þar sem hann mátti ekki vænta þess að ekið væri framhjá. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar A hjá V1 vegna tjóns á bifreið B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar A hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 12. september 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 157/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot dags. 2. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að A, sem er rafmagnsbifreið í eigu M, hafi verið sett í samband að kvöldi hins 8. febrúar 2023. Um nóttina hafi bifreiðin runnið á klaka á bifreiðaplani við heimili M með þeim afleiðingum að rafmagnsmóttakið hafi rifnað úr A og eyðilagst og þá hafi hleðslustöðin sem fylgdi bifreiðinni einnig eyðilagst. V hefur fallist á bótarétt úr kaskótryggingu A hvað varðar skemmdir á bifreiðinni sjálfri en ekki hleðslustöðinni. M vísar í málskoti til þess að hún telji að þar sem hleðslustöðin hafi fylgt bifreiðinni og sé sérstaklega útbúin fyrir hana, sé hún hluti af bifreiðinni A og ætti tjón á henni því að falla undir kaskótryggingu A.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi samþykkt bótaábyrgð vegna þess tjóns sem varð á A sjálfri. Hvað varðar tjón á hleðslustöð vísar V til skilmála kaskótryggingar þar sem komi fram að váttryggingin bæti tjón á „hinu váttryggða ökutæki“. Nái hún því aðeins til tjóns á bifreiðinni sjálfri en ekki annarra aukahluta hennar, s.s. hleðslustöðvar, og skipti þá ekki máli þó umrædd hleðslustöð hafi verið sett upp fyrir þessa tilteknu bifreið. Notkun A sé ekki háð þessari tilteknu hleðslustöð, enda sé væntanlega hægt að hlaða hana í fleiri hleðslustöðvum auk þess sem aðrar bifreiðar geti líklegast nýtt sér hleðslustöðina. Sé því ekki hægt að líta svo á að hleðslustöðin sé hluti bifreiðarinnar A. Þá er í bréfi V tekið fram að A sé einnig tryggð lögbundinni ábyrgðartryggingu. Þar sem umrædd hleðslustöð sé einnig í eigu M komi þó bótaskylda úr henni ekki til álita enda taki hún ekki til skemmda á öðrum eignum váttryggðs eða ökumanns. Geti ekki komið til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A enda geti M ekki átt skaðabótakröfu á hendur sjálfri sér.

Álit.

Í 2. gr. skilmála umræddrar váttryggingar er gildissvið hennar afmarkað en þar kemur m.a. fram að hún „bæti tjón á hinu váttryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika...“. Verður því miðað við, og er það jafnframt til samræmis við orðalag skilmálanna að öðru leyti, að gildissvið váttryggingarinnar takmarkist við bifreiðina sem slíka og búnað hennar. Almennt verður að telja að hleðslustöð sem væntanlega er tengd við rafmagn og rafleiðslur heimilis M sé fremur hluti fasteignar og nokkuð varanlega við hana skeytt, en að hún sé hluti bifreiðarinnar. Þess utan verður jafnframt að fallast á það með V að líklegast sé að hægt sé að hlaða A með öðrum hætti og eins sé hægt að hlaða aðrar bifreiðar í þessari tilteknu hleðslustöð. Í öllu falli hefur M ekki sýnt nægilega fram á að hleðslustöðin sem slík sé hluti bifreiðarinnar og verður því að hafna kröfu hennar.

Hvað varðar aðrar váttryggingar sem eru í gildi vegna A er ástæðulaust að fjalla ítarlega um þær, enda takmarkast krafa M fyrir nefndinni við bætur úr kaskótryggingu. Hins vegar er rétt að taka fram að í 2. gr. skilmála ábyrgðartryggingar A hjá V kemur fram að váttryggingin nái ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum váttryggingartaka, váttryggðs eða ökumanns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna tjóns á hleðslustöð úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 158/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Sjúkrakostnaður. Fyrirvari.

Gögn.

1. Málskot dags. 28. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 22. júní 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. júlí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. júlí 2023.

Málsatvik.

Þann 28. apríl 2019 slasaðist M er bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið þá sem hann ók. Aflaði lögmaður M gagna í málinu og sendi matsbeiðni ásamt málgögnum á V þann 19. maí 2020. Þann 9. júní 2020 upplýsti V lögmann M um að V teldi ekki tímabært að meta afleiðingar slyssins þar sem M væri enn í sjúkraþjálfun. Þann 23. júní 2020 sendi lögmaður M tölvupóst á V og upplýsti að farið yrði einhliða fram á mat á afleiðingum slyssins. Var V boðið að koma á framfæri athugasemdum við matsmenn. Þann 18. mars 2021 lá einhliða matsgerð tveggja matsmanna fyrir og sendi lögmaður M í kjölfarið skaðabótakröfu á grundvelli matsgerðarinnar til V sem hafnaði því að uppgjör færi fram á grundvelli matsgerðarinnar. V óskaði því næst eftir dómkvæðingu matsmanna með matsbeiðni dags. 4. júní 2021. Matsgerð dómkvæddra matsmanna lá fyrir þann 25. mars 2022 og var málið gert upp á grundvelli þeirrar matsgerðar með fullnaðaruppgjöri dags. 29. mars 2022. Uppgjörið var samþykkt af hálfu lögmanns M með fyrirvara um „réttmæti niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar og greiðslu lögmannskostnaðar.“ Þá kom einnig fram að áskilinn væri réttur til að endurmeta afleiðingar slyssins og krefja félagið um frekari bætur vegna slyssins. Eftir að uppgjör fór fram hafnaði V að greiða kostnað vegna fyrri matsgerðarinnar með þeim rökum að um væri að ræða einhliða utanréttarmat sem aflað hefði verið eftir að félagið hafði upplýst lögmann M um að gögn málsins bæru með sér að ekki væri tímabært að meta afleiðingar slyssins.

M telur V skylt að greiða kostnað M við að sanna tjón sitt skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem kostnaður við öflun mats til sönnunar á tjóni telst til sjúkrakostnaðar. Telur M kostnaðinn bæði eðlilegan og nauðsynlegan. Hafi hann sýnt fram á tjón sitt með undirmatinu og hafi það verið nauðsynleg forsenda fyrir niðurstöðu matsgerðar dómkvæddra matsmanna. Þá vísar M til dómaframkvæmdar þar sem, við mat á því hvort öflun gagna hafi verið nauðsynleg, hefur verið metið hvort um nauðsynleg gögn til sönnunar líkamstjón hafi verið að ræða. Vísar M til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings. Að lokum vísar M til þess að V hafi verið gefið fullt færi á að gæta hagsmuna sinna við matið. Var V sendur tölvupóstur með matsbeiðni og öllum gögnum auk þess sem því var gefið færi á að senda athugasemdir til matsmanna. Sönnunargildi matsgerðar þar sem gagnaðila hefur verið gefið færi á að gæta hagsmuna sinna er mun meira en sönnunargildi matsgerðar sem aflað er einhliða án þess að gagnaðili sé látinn vita. Matið hafi leitt í ljós að það hafi verið löngu tímabært að meta afleiðingar slyssins

V kveðst vera sammála M um að matskostnaður teljist til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga og vísar til þess að bóttalaga V dags. 29. mars 2022 hafi verið samþykkt af M með fyrirvara um réttmæti niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar og greiðslu lögmannskostnaðar. Enginn fyrirvari hafi verið gerður af hálfu M vegna sjúkrakostnaðar. Sá kostnaður sé því að fullu uppgjörur úr tjóninu.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að hinn ógreiddi matskostnaður hafi á sínum tíma verið greiddur af lögmanni M og geti því einnig talist til lögmannskostnaðar. Við uppgjör hafi verið gerður fyrirvari við greiðslu lögmannskostnaðar og falli þessi kostnaður þar undir.

Í viðbótarathugasemdum V er því hafnað að kostnaður vegna öflunar örorkumats geti talist til lögmannskostnaðar og vísað til dóma Hæstaréttar því til stuðnings að slíkur kostnaður falli undir sjúkrakostnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað vegna einhliða matsgerðar sem M aflaði án samþykkis V. Uppgjör fór ekki fram á grundvelli matsgerðarinnar þar sem V óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna og fór fullnaðaruppgjör dags. 29. mars 2022 fram á grunvelli þeirrar matsgerðar. Við bótum var tekið, af hálfu M, með fyrirvara sem orðast svo: „Samþykkt með fyrirvara um réttmæti niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar og greiðslu lögmannskostnaðar. Áskilinn er réttur til að endurmeta afleiðingar slyssins og krefja félagið um frekari bætur vegna slyssins.“

Útlagður kostnaður tjónþola vegna matsgerða, sem aflað er utanréttar, telst til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 748/2012. Í fyrrgreindum fyrirvara við fullnaðaruppgjör dags. 29. mars 2022 var ekki gerður fyrirvari um greiðslu kostnaðar M vegna öflunar matsgerðarinnar né um greiðslu annars sjúkrakostnaðar. Getur kostnaður vegna öflunar matsgerðar ekki talist til lögmannskostnaðar enda er sú túlkun í andstöðu við fyrrnefndan dóm Hæstaréttar. Þannig hefur að mati nefndarinnar farið fram fullnaðaruppgjör án fyrirvara um greiðslu matskostnaðar sem lögmaður M lagði út fyrir. Í skaðabótarétti gildir sú meginregla að hafi tjónþoli ekki gert fyrirvara við uppgjör skaðabóta, geti hann ekki krafist endurupptöku á bótaákvörðun nema á grundvelli 11. gr. skaðabótalaga. Eru skilyrði þeirrar greinar ekki uppfyllt og þar af leiðandi verður að telja að fullnaðaruppgjör sjúkrakostnaðar hafi þegar farið fram og á M því ekki rétt á endurgreiðslu kostnaðar vegna matsgerðar dags. 18. mars 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum vegna sjúkrakostnaðar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 159/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Opnun á dyr.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V2, dags. 22. maí 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1, dags. 8. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á bílstjórahurð bifreiðarinnar A, sem er í eigu M, þar sem henni var lagt í stöðureit við Keflavíkurflugvöll þann 10. apríl 2022. Ágreiningur er milli aðila um það hvort M hafi opnað dyr bifreiðarinnar í veg fyrir bifreiðina B eða hvort bifreiðinni B hafi verið ekið á bílastjórahurðina. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 307/22 að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M, sem er eigandi A, er ósáttur við þá niðurstöðu. M kveðst hafa verið að stíga út úr bifreið sinni þegar ökumaður B ók á opna bílstjórahurðina. Hafði hann séð bifreiðina í baksýnispeglinum í kyrrstöðu áður en hann opnaði dyrnar. Var hann þannig búinn að opna dyrnar þegar tjónið varð og var það því ökumaður B sem bar að gæta varúðar gagnvart gangandi vegfarendum, sbr. m.a. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Á honum hvíldi einnig almenn aðgæsluskylda samkvæmt 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Þá telur M að verulegur misbrestur hafi orðið á því að V1 hafi starfað í samræmi við 32. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og 4. gr. reglna nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavinum og meðhöndlun kvartana. Hagur hans sem viðskiptavinur hafi verið sniðgenginn með öllu bæði hvað varðar upplýsingamiðlun og ráðgjöf og að bersýnilega hafi verið reynt að draga úr honum við að leita endurskoðunar málsins fyrir tjónanefnd, þvert á hans hag, og þrátt fyrir að upplifun aðila máls færi ekki saman. Þá telur M að V1 hafi ekki gætt hagsmuna hans á fullnægjandi hátt þar sem ekki var sótt harðar að lögreglunni að fá upptökur úr eftirlitsmyndavélum afhentar og/eða hann upplýstur um að þeim yrði eytt eftir þrjátíu daga.

V1 tekur fram í bréfi sínu að áreksturinn hafi orðið á bifreiðastæði við brottfararsvæði Keflavíkurflugvallar. Stöðureitir meðfram akleiðinni, sem og akleiðin sjálf séu nokkuð þröng. Að mati V1 bar M því að gæta sérstakrar varúðar áður en hann opnaði dyr bifreiðar sinnar og steig út. Ekki hafi verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið ógætilega, eða getað hagað akstri sínum með öðrum hætti í aðdraganda áreksturs. Þá er tjónið á hægri afturhurð B sem bendir eindregið til þess að hurð A hafi verið opnuð utan í bifreiðina, en ekki að bifreiðinni B hafi verið ekið á opnar dyr A. V1 gerði ítrekaðar tilraunir til að nálgast upptökur úr öryggismyndavélum en það gekk ekki eftir og fékk V1 þær upplýsingar að málið hefði runnið út á tíma og að upptakan væri ekki lengur til.

V2 telur að leggja skuli alla sök á ökumann A sem opnaði hurð í veg fyrir umferð og á bifreiðina B.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu. Eins og málið liggur fyrir hefur ökumaður A sönnunarbyrði um að hann hafi opnað dyr A þannig að ekki hafi valdið hættu eða óþarfa óþægindum. Ökumenn eru einir til frásagnar um það hvernig áreksturinn bar að höndum þar sem myndbandsupptökum hafði verið eytt þrjátíu dögum eftir atvikið. Er það að mati nefndarinnar því ósannað að ökumaður A hafi opnað dyrnar svo löngu áður en áreksturinn varð að ökumaður B hafi í tæka tíð getað varist því að aka á hurðina. Verður áreksturinn því rakinn til þess að M, sem ökumaður A gætti þess ekki að valda ekki hættu eða óþarfa óþægindum er hann opnaði dyr A í því skyni að stíga út úr bifreiðinni. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum ógætilega þannig að á hann verði felld sök. Ber því að leggja alla sök á ökumann A.

Hvað varðar samskipti V1 við M þá liggja fyrir í málinu samskipti milli starfsmanns V1 og M og af þeim verður ekki annað séð en að upplýsingagjöf V1 til M hafi verið fullnægjandi miðað við gildandi reglur um starfsemi vátryggingafélaga.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 160/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Raftækjatrýgging.****Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 2. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt sér viðbótartryggingu með sjónvarpstæki sem hann keypti í mars á árinu 2021. Um var að ræða 58 tommu snjallsjónvarp. Vorið 2023 varð tjón á tækinu og er ekki deilt um það að bótaréttur sé í sjálfu sér til staðar. Hins vegar hafi M aðeins verið boðin endurgreiðsla kaupverðs hins ónýta tækis í formi inneignarnótu en hann telur sig eiga rétt á sambærilegu tæki, samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Vísar M í málskoti til þess að allar upplýsingar á vefsíðu viðkomandi verslunar og skilmálar umræddrar raftækjatrýggingar vísi til þess að hann eigi að fá nýtt eða sambærilegt sjónvarp. Fyrir nefndinni krefst hann þess að fá sambærilegt sjónvarp eins og skilmálar geri ráð fyrir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi sent sjónvarpið í bilanagreiningu og hafi kostnaðaráætlun viðgerðar verið u.þ.b. 106.000 kr. Hinn 24. apríl 2023 hafi verslunin sem M keypti sjónvarpið af sent V tölvupóst um að til væri 55 tommu tæki og 65 tommu tæki en að 58 tommu tæki væri ekki til. Því hafi verið ómögulegt að bæta M tjónið með sambærilegu tæki. Er þá vísað til skilmála váttryggingarinnar en þar komi m.a. fram að tryggingin greiði sanngjarnan kostnað við viðgerð á váttryggðu tæki, eða sé það ekki hægt, með sambærilegu tæki. Þá áskilji V sér rétt til að ákveða hvort viðgerð fari fram eða hvort tækið skuli bætt með sambærilegu tæki. Þá komi fram í skilmálum að hámarksbætur séu sú fjárhæð sem tiltekin er á sölukvittun sem kaupverð hins váttryggða tækis og sé sambærilegt tæki ekki fáanlegt eða kaupverð þess hærra en hins váttryggða tækis skuli tjón gert upp með afhendingu inneignarnótu fyrir upphaflegu kaupverði. Í ljósi þessa hafi M verið bætt tjón sitt í fullu samræmi við skilmála.

Álit.

Með málskoti fylgdu ljósmyndir af skilmálum raftækjatrýggingarinnar. Kemur þar fram í gr. 10.1 að váttryggingin greiði sanngjarnan kostnað við viðgerð eða afhendi sambærilegt tæki geti viðgerð ekki farið fram. Það sé þá í höndum V að ákveða hvort viðgerð eða ný afhending fari fram. Í gr. 10. 2 segir svo að hámarksbætur sem váttryggingin greiði fyrir viðgerðir eða útskipti á tæki samkvæmt gr. 10.1 sé upphaflegt kaupverð hins váttryggða tækis. Í þeim tilfellum sem sambærilegt tæki er ekki fáanlegt hjá seljanda eða kaupverð slíks tækis er hærra en hins váttryggða tækis sé tjón gert upp með afhendingu inneignarnótu fyrir sömu fjárhæð.

Fallast verður á það með V að ómögulegt hafi verið að bæta tjón M með sambærilegu tæki þar sem það hafi ekki verið til hjá seljanda og að því komi gr. 10.2 til skoðunar. Á upphaflegri kaupnótu hins váttryggða tækis kemur þá fram að M hafi, hinn 2. mars 2021, greitt 87.995 kr. fyrir hið váttryggða tæki. Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi þegar fengið inneignarkort að fjárhæð 87.995 kr. hjá seljanda. Samkvæmt ákvæði 10.2 hefur hann því þegar fengið greiddar hámarksbætur og verður ekki annað séð en að afgangi málsins af hálfu V hafi verið til samræmis við skilmála þess.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr raftækjatrýggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 161/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.****Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 2. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 15. janúar 2020 farið í heilsufarsskoðun á vegum X í tengslum við vinnu sína og óskað þá eftir að lækurinn Y, sem starfar hjá X, myndi senda beiðni um ristilspeglun. Lækurinn Y hafi tjáð M að beiðni yrði send á Læknastofur Akureyrar. Um mánuði síðar hafi M samband við Læknastofur Akureyrar sem fann beiðnina ekki. Hafði M þá samband við X sem tjáði honum að beiðnin hefði verið send. M var hins vegar ekki boðaður í ristilspeglunina og reyndi M að hafa samband við báða aðila án árangurs. Ári eftir upphaflegu heilsufarsskoðunina þ.e. þann 13. janúar 2021 fór M aftur í slíka skoðun hjá X og upplýsti lækurinn Y að hann hefði ekki verið boðaður í ristilspeglun. Útbjóst X þá nýja beiðni og fékk M þann 16. febrúar 2021 skoðun hjá sérfræðilækni. Var hann svo í kjölfarið boðaður í ristilspeglunir í mars og apríl 2021 sem leiddu í ljós að M var með ristilkrabbamein sem hafði dreift sér töluvert. Undirgekkst hann í kjölfarið aðgerð þar sem stór hluti ristils var fjarlægður.

Með bréfi dags. 14. desember 2021 gerði M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu X hjá V á grundvelli þess að lækurinn Y hefði gert mistök þegar hann sendi beiðni um ristilskoðun til Z en gekk ekki á eftir því að M yrði skoðaður. Vegna þessa hefði ristilkrabbamein sem M er haldinn ekki uppgötvast fyrr en of seint. V hafnaði bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X með bréfi dags. 27. maí 2022.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X á grundvelli laga nr. 111/2000, einkum 1. og 2. gr. laganna. M vísar til þess að engin sjúkraskrá virðist vera til hjá X og að Y hafi sent beiðni um ristilspeglun í tölvupósti á lækni sem var hættur störfum. Byggir M á því að með því að senda beiðni um ristilspeglun á lækni sem var hættur og ganga ekki eftir því að beiðnin hefði skilað sér í réttar hendur hafi lækurinn Y sýnt af sér gáleysi. Í ljósi reynslu hans og menntunar hafi mátt gera þá kröfu til hans að hann gengi á eftir beiðni sinni þangað til hann hefði gengið úr skugga um að M hefði fengið ristilskoðun. Eigi þetta sérstaklega við í tilfalli M þar sem hann hafi orðið var við blóð í hægðum og lá því á að komast í slíka rannsókn. Vísar M máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 160/2007.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X og mótmælir málavaxtalýsingu M. Þann 11. janúar 2019 hafi Y sent rafræna beiðni um magaspeglun á Læknastofur Akureyrar vegna sögu M um magabólgu. Kannast lækurinn Y hvorki við að hafa sent beiðni um ristilspeglun né heldur að hún hafi verið send með tölvupósti. Það er því ekki rétt að hún hafi verið send á lækni sem var hættur störfum. Því næst hafi Y hitt M þann 15. janúar 2020 og var þá farið ítarlega yfir spurningalista um heilsufar M sem hann svaraði sjálfur og undirritaði. Kemur þar fram m.a. að engin einkenni séu frá meltingarfærum né þvagfærum hans. Í kjölfar þeirrar skoðunar var send að nýju fyrri beiðni og ítrekað að M fari í magaspeglun vegna fyrri einkenna frá efri meltingarvegi, bakflæðis og fyrri sýkingar af völdum magabólguþakkeríu. Sú beiðni var einnig send rafrænt í gegnum skilaboð og tilvísunarkerfi en ekki í gegnum tölvupóst. Þann 21. janúar 2021 hafi M verið skoðaður að nýju af læknum Y og í undirrituðum svörum hans um eigið heilsufar kemur ekkert fram um einkenni frá meltingarvegi né þvagfærum. Hann hafi hins vegar glímt við einkenni frá öxl og var vísað af Y til bækunarlæknis sem gerði aðgerð á öxlinni. Með vísan til þeirra upplýsinga og gagna sem liggja fyrir í málinu telur V að ekkert hafi komið fram sem gefi tilefni til að ætla að samskipti og meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans, rétt til bóta samkvæmt lögunum. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekkert í fyrirbyggjandi gögnum, líkt og fyrirbyggjandi afritum af tilvísunum læknisins Y til Læknastofa Akureyrar eða spurningalistum í tengslum við árlega heilsufarsskoðun M hjá X, styður frásögn M af málavöxtum hvorki varðandi samskipti milli M og læknisins Y né varðandi tímasetningar eða innihald á tilvísunum læknisins Y til Læknastofa Akureyrar. Þannig er það, að mati nefndarinnar, ósannað að M hafi átt samskipti við lækninn Y um blóð í hægðum eða beiðni um ristilspeglun og þar af leiðandi verður að telja ekki hafi stofnast réttur til bóta úr sjúklingatryggingu X á grundvelli 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá verður heldur ekki séð af gögnum málsins að réttur til bóta hafi stofnast samkvæmt öðrum töluliðum umræddrar lagagreinar. Af ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 162/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X).

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot dags. 3. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. júní 2023.

Málsatvik.

Þann 23. maí 2022 slasaðist M er bifreiðinni X var ekið á hann þar sem hann ók rafmagnshlaupahjólí inn á gönguþverun á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Laugavegs. Í vettvangsskýrslu lögreglu um atvikið er haft eftir M að þegar hann kom að gönguþveruninni hafi allar bifreiðarnar sem voru á akreinum Kringlumýrarbrautar til norðurs við gatnamótin verið kyrrstæðar og hafi hann sökum þess ákveðið að aka rafmagnshlaupahjólínu inn á gönguþverunina. Aðspurður um stöðu umferðarljósa kvaðst M ekki muna hana en gaf þó í skyn að þetta hefði mögulega verið tæpt hjá honum. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni X að hann hafi ekið bifreið sinni á hægri akrein á um 40 km/klst. og ætlað sér að þvera gatnamótin til norðurs. Grænt ljós hefði kviknað gegn akstursstefnu hans rétt áður en hann kom að gatnamótunum og hefðu bifreiðar verið á öllum akreinum við gatnamótin og ökumenn þeirra að byrja að aka af stað. Tvö vitni gáfu lögreglu framburð sinn og þau sammála um að grænt ljós hafi logað gegn akstursstefnu X er árekstur varð og að M hafi farið inn á gönguþverunina þegar grænt ljós hafi logað fyrir umferð norður Kringlumýrarbraut.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V og hefur V fallist á bótaskyldu en telur að skerða beri bótarétt um 1/3 hluta með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. M er ósáttur við þá skerðingu og telur ljóst að V hafi ekki fært sönnur fyrir því að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning umrætt sinn. Hann hafi farið yfir gatnamótin þegar grænt ljós logaði á gönguljósum. Þegar hann var kominn yfir eyjuna sem skilur á milli gagnstæðra akreina þá skipti gönguljósið um lit. Á þessum tímapunkti voru kyrrstæðir bílar á fyrstu þremur akreinunum en enginn bíll var á fjórðu og síðustu akreininni. M taldi að þarna væru aðeins þrjár akreinar og mat aðstæður þannig að þar sem hann væri kominn út á gangbrautina þar sem bílar voru stopp þá væri öruggast að klára að fara yfir þrátt fyrir að ljósin hefðu skipt um lit eftir að hann kom út á gangbrautina. Á fjórðu akreininni hafi svo bifreiðin X komið á töluverðum hraða þannig að af verður slys. Fer M fram á að nefndin endurskoði skerðingu V á bótarétti.

V vísar til framburða vitna í lögregluskýrslu og telur skýrsluna vera mjög sterka sönnun fyrir því hvernig atvikið bar að og að ljóst sé að M hafi farið yfir á rauðu ljósi. Er það afstaða V að það sé engum vafa undirorpið að orsök atviksins verði rakin til þess að M hafi ekið rafhjólí gegn rauðu ljósi og með því ollið þeim árekstri sem átti sér stað. Þá er það mat V að hlutfall skerðingar í málinu sé eðlilegt að teknu tilliti til atvika, aðstæðna og háttsemi.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 293/2015 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 10/2007 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur af tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna.

Samkvæmt 30. tölul. 1. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 tilheyra vélknúin hlaupahjól flokki reiðhjóla. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna skal vegfarandi fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarljósum. Í VII. kafla laganna er að finna sérreglur fyrir reiðhjól

og segir í 3. mgr. 43. gr. að ef hjólreiðamaður á gangstétt þverar akbraut skuli hann gæta að því að hjóla eigi hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða. Sama á við um hjólreiðamann sem þverar akbraut á gangbraut. Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugavegs eru með fjórum akreinum til norðurs og tveimur til suðurs með eyju á milli sem aðskilur akstursáttir. Tvenn umferðarljós eru fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem ætla sér að þvera Kringlumýrarbraut. Að sögn vitnis sem lögregla hafði samband við, fór M á mikilli ferð inn á gönguþverunina eftir að grænt ljós kviknaði fyrir umferð norður Kringlumýrarbraut. Af þessum vitnaframburði verður þannig ekki annað ráðið en að M hafi farið inn á gönguþverunina á miklum hraða gegn rauðu ljósi og braut hann þar með gegn fyrrgreindum ákvæðum umferðarlaga. Með því sýndi M af sér háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis með því að hafa farið yfir gönguþverun á þessum tilteknu gatnamótum gegn rauðu ljósi. Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 293/2015 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 10/2007. Að mati nefndarinnar eru málsatvik í þeim málum ekki sambærileg. Í fyrra málinu var tjónþoli eingöngu 14 ára gamall og voru bifreiðar á tveimur akreinum nýbúnar að stöðva gegn rauðu ljósi en grænt ljós logað á einni akrein af þremur. Þannig tekur Hæstiréttur það sérstaklega fram að misskilja hafi mátt aðstæður á gatnamótunum. M var á slysdegi tæplega 26 ára gamall og verður ekki séð að hægt hafi verið að misskilja aðstæður á gatnamótunum sem sama hætti í máli því sem hér er til umfjöllunar. Í seinna málinu var um að ræða akstur gegn einstefnu en ekki þverun yfir umferðarþung gatnamót gegn rauðu ljósi og atvik því á engan hátt sambærileg. Að öllu virtu og með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 þykir rétt að bætur úr ábyrgðartryggingu X skerðist um 1/3 hluta. Að sama skapi telst M því eiga rétt á bótum að 2/3 hluta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hluta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 163/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið út af vegi með þeim afleiðingum að hún valt hinn 16. desember 2020. M var farþegi í bifreiðinni og var flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku sjúkrahúss eftir veltuna. Við skoðun þar komu fram svokölluð miðlínueymsli í baki en full hreyfigeta og stífleiki í hálsi vinstra megin. M fékk þær ráðleggingar að leita til heilsugæslu ef einkenni væru enn til staðar eftir 10 daga. Ekki er að sjá af læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi leitað aftur til læknis fyrr en í lok desember 2021 þar sem hún kvartaði undan verk í mjóbaki og fékk síðan á árinu 2022 útgefna beiðni um sjúkraþjálfun. Í athugasemdum lækni kemur fram að einkenni frá baki hafi komið fram í febrúar 2021 og tengir læknirinn þau einkenni við álag í vinnu frekar en umferðaróhappið.

M telur að sýnt sé að orsakatengsl séu milli umferðaróhappsins og einkenna hennar nú. Vísar M til þess að um hafi verið að ræða alvarlegt umferðarslys, háorkuárekstur, og að hún hafi ekki verið með öryggisbelti við aksturinn. M bendir á að þegar á slysstað hafi komið fram líkamleg einkenni. Einnig bendir M á að hún sé ung að aldri, aðeins 17 ára þegar slysið varð, og ósanngjarnt sé að láta hana bera hallann af því að hafa ekki leitað til lækni fyrr og telur að V eigi að bera kostnað af gerð matsgerðar vegna afleiðinga slyssins.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að ekki séu sönnuð orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M finnur nú fyrir. V bendir á að í læknisfræðilegum gögnum komi fram að M hafi rúmu ári eftir umferðaróhappið leitað til lækni og kvartað undar mjóbaksverkjum og stífleika en læknirinn hafi tengt einkenni frekar við nýtt starf fyrr á árinu en ekki við umferðaróhappið.

Álit.

Í málinu er upplýst að nokkuð tjón varð á ökutækinu X þegar því var ekið út af vegi með þeim afleiðingum að það valt. Einnig er upplýst að M, sem var farþegi í ökutækinu, hafi ekki verið spennt í öryggisbelti og að líkamleg einkenni hafi verið fyrir hendi við komu á bráðamóttöku samdægurs. Ekki koma síðan fram upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um að M hafi leitað til lækni fyrr en rúmlega ári síðar. Í athugasemdum lækni sem hún hitti þá kemur fram að læknirinn telur að einkenni M þá sé frekar hægt að rekja til vinnuáðstæðna en umferðarslyssins 16. desember 2020. Annað læknisfræðilegt mat liggur ekki fyrir, né upplýsingar um fyrra heilsufar M. Þrátt fyrir ungan aldur M verður ekki litið framhjá því að að hún sem tjónþoli ber sönnunarbyrði um að líkamleg einkenni hennar megi rekja til umferðaróhapps. Ekki er samfella í lækniheimsóknnum vegna einkenna eftir umferðaróhappið auk þess sem læknisfræðileg gögn benda ekki til þess að orsakatengsl séu fyrir hendi. Með vísan til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður ekki talið sannað að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni þegar X var ekið út af hinn 16. desember 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 164/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostleg gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í umferðarslysi hinn 15. júní 2022. Atvik hafi verið þau að hún hafi verið ökumaður rafhlaupahjóls þegar bifreiðinni A hafi verið ekið eftir Laugavegi í veg fyrir hjólið þar sem M hugðist aka yfir Laugaveg við Mjólnisholt. Með bréfi dags. 28. september 2022 féllst V á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, þó þannig að M skyldi bera helming tjóns síns sjálf enda hafi hún sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa, samkvæmt framburði vitnis, ekið hjólinu á akbraut sem sé óheimilt, auk þess sem hún hafi haft farþega á hjólinu sem hafi haft áhrif á viðbragðstíma. M telur fulla bótaskyldu vera til staðar. Meginorsök slyssins hafi verið of mikill ökuhraði A, sem samkvæmt framburði ökumanns í lögregluskýrslu hafi verið á 50 kílómetra hraða á götu þar sem hámarkshraði sé 30 kílómetrar á klukkustund. Þá hafi stórri bifreið verið ólöglega lagt við horn Laugavegs og Mjólnisholts þannig að hún skerti sýn A að gatnamótunum og gerði það að verkum að M þurfti að fara fyrir hornið á þeirri bifreið til að líta eftir umferð á Laugavegi. Hafi ökumanni A borið að sýna sérstaka aðgát vegna þessara aðstæðna. M hafi þá stöðvað til að líta eftir umferð en ekki ekið fyrirvaralaust út á götuna. Þá er því mótmælt að M hafi ekið eftir akbraut heldur hafi hún ekið eftir gangbraut við Laugaveg og aðeins ekið út á akbrautina í þeim tilgangi að fara yfir götuna. Vegna aðstæðna á slysstað sé með öllu óásættanlegt að M, sem hafi verið 15 ára á slysdegi, sé gert að bera helming tjóns síns sjálf, enda verði ekki fallist á að gáleysi hennar hafi verið stórkostlegt.

Í bréfi V kemur fram að í lögregluskýrslu dags. 27. júní 2022 lýsi vitni slysinu með þeim hætti að tvennt hefði verið á rafmagnshlaupahjóli á gangstétt að aka Laugaveg en hafi síðan snögglega tekið beygju til vinstri og keyrt í veg fyrir bifreiðina. Samkvæmt reglum Hopp, en M var á leiguhjóli frá því fyrirtæki, skuli ökumaður verða 18 ára eða eldri en M hafi verið 15 ára á slysdegi og þar af leiðandi óheimilt að aka hjólinu. Þá sé óheimilt að vera með farþega á slíku hjóli og geti það eitt og sér verið næg truflun fyrir ökumann og skert viðbragð hans. Þá sé óheimilt að aka rafhlaupahjóli á akbraut, sbr. c. lið 30. tl. 1. mgr. 3 gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M hafi þá ekki verið með hjálm svo sem skylt sé sbr. 1. mgr. 79. gr. sömu laga. Allt framangreint leiði til þeirrar niðurstöðu að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og því rétt að hún beri meðábyrgð á tjóni sínu. Þá vekur V athygli á því að misræmi virðist í frásögn M af atvikum, en í lögregluskýrslu komi fram að hún hafi ekið norður Mjólnisholt. Beri að leggja til grundvallar þá lýsingu sem þar komi fram en við mat á gáleysi skipti máli hvort M hafi ekið niður brekku og beint út á götu eða af gangstétt við götuna. Þá sé ósannað að bifreiðin sem var lagt á horninu hafi haft áhrif á sjónsvið M. Þá sé ungur aldur M ekki til fyrirstöðu því að hún geti borið meðábyrgð á tjóni sínu enda megi ætla að hún hafi áttað sig á hættunni sem stafaði af háttsemi hennar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns, þ.e. í slíkum tilfellum gildir hlutlæg ábyrgðarregla. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laganna er heimilt að lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Svo að tiltekin háttsemi verði metin til stórkostlegs gáleysis þarf hún að fela í sér verulegt eða alvarlegt frávik frá því sem almennt má ætlast til.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er eitthvað á reiki hvort M hafi í aðdraganda slyssins ekið norður Mjólnisholt og þaðan yfir Laugaveg, eins og má ráða af framburði hennar sjálfrar og ökumanns A, eða hvort hún hafi ekið eftir gangstétt við Laugaveg og beygt þaðan yfir á akbrautina, eins og má ráða af framburði vitnis að atvikinu. Er því ekki fyllilega ljóst hvort M hafi í aðdraganda slyssins ekið hjólinu

eftir akbraut, í andstöðu við c lið 30. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Í öllu falli virðist ljóst að M hafi ekki sýnt nægilega aðgát er hún þveraði akbrautina og ekki gætt að áskilnaði 3. mgr. 43. gr. umferðarlaga um að ökumaður á reiðhjólum sem þverar akbraut skuli ekki aka hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða. Það eitt og sér verður þó aðeins metið henni til einfalds gáleysis en ekki stórkostlegs.

Koma þá til skoðunar önnur atriði sem V metur M til stórkostlegs gáleysis. V byggir m.a. á því að reglur þess fyrirtækis sem M leigði hjólið af kveði á um að ökumaður verði að vera orðinn 18 ára og að óheimilt sé að aka með farþega. Verður þá að líta til þess að utan reglna einstakra leigufyrirtækja er ekki lögbundið aldurstakmark varðandi það hverjir megi aka reiðhjólum sem falla undir skilgreiningu c. liðar 30. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga og er ekki gerð krafa um tiltekin ökuréttindi. Þá er ekki skýrlega kveðið á um bann við því að aka með farþega á reiðhjólum, og verður ekki séð að kveðið sé á um flutning farþega og farms á reiðhjólum í reglugerð, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 42. gr. umferðarlaga. Hvað sem því líður verður það metið M til gáleysis að hafa ekki farið að skilmálum leigusala hvað þessi atriði varðar. Þá liggur jafnframt fyrir að M var ekki með hjálm við aksturinn svo sem skylt er skv. 1. mgr. 79. gr. umferðarlaga. Ljóst er því að M sýndi af sér nokkurt gáleysi með háttsemi sinni við aksturinn umrætt sinn. Hins vegar verður ekki talið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli þessarar háttsemi og þess að M varð fyrir líkamstjóni eða umfangs þess, en M slasaðist á fæti, vinstri öxl og baki, en ekki verður séð af gögnum málsins að um höfuðhögg hafi verið að ræða.

Þegar litið er heildstætt til allra atvika verður að telja að M hafi sýnt af sér gáleysi, en ekki verður fallist á að það hafi verið stórkostlegt, og við mat á því er jafnframt litið til ungs aldurs hennar og aðstæðna allra. Þrátt fyrir hina skýru hlutlægu ábyrgð sem hvílir á eigendum (umráðamönnum) bifreiða verði tjón af notkun þeirra verður þá ekki að fullu litið framhjá því að ökumaður A ók, samkvæmt framburði hans sjálfs fyrir lögreglu, bifreið sinni á 50 kílómetra hraða á svæði þar sem hámarkshraði er 30 kílómetrar á klukkustund. Um hlutlæga ábyrgð eiganda ökutækis er að ræða, sbr. áður nefnda 1. gr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, og þarf því sök ekki að koma til, en hins vegar verður litið til þessa við mat á gáleysisstigi M, enda verður einnig að telja að aksturslag A hafi valdið því að hann hafi haft minna svigrúm til að bregðast við og það hafi jafnframt valdið því að tjónið varð meira en ella.

Með tilliti til alls framangreinds og heildstæðu mati á gögnum málsins er það því niðurstaða nefndarinnar að M eigi óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 165/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A, B og C****Sakarskipting. Akreinaskipti.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 30. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V1 dags. 12. júní 2023

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis, sem fylgir gögnum málsins, kemur fram að árekstur varð hinn 8. nóvember milli bifreiða A, B og C með þeim hætti að bifreið A var ekið fremst í bílaröð á Sæbraut, bifreið B var í miðjunni og bifreið C var aftast. Bifreið B var váttryggð hjá V1 en bifreiðar A og C hjá V2. Í skýrslunni kemur fram að ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið stöpp í bílaröð þegar hún fann eitt högg aftan á sína bifreið. Ökumaður bifreiðar B (M) segir í skýrslunni að hann hafi verið stöpp þegar ekið hafi verið aftan á hann en lýsir aðstæðum síðan nákvæmar með þeim hætti að hann hafi komið af rampi inn á hægri akrein Sæbrautar og skipt síðan yfir á þá vinstri og stöðvað fyrir aftan bifreið A þegar bifreið C hafi verið ekið aftan á hans bifreið. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið stöpp í einhverjar sekúndur áður en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar C kveðst hafa verið að keyra í bílaröð þegar ökumaður bifreiðar B hafi skipt um akrein í veg fyrir bifreið C.

M telur að ökumaður bifreiðar C beri alla sök á árekstrinum með því að aka á miklum hraða aftan á bifreið B, sem hafi verið kyrrstæð í nokkurn tíma þegar árekstur varð. Einnig vísar M til þess að ákomur á bifreið B hafi verið beint aftan á bifreiðinni og bendi það til þess að hann hafi verið búinn að skipta um akrein og stöðva bifreið B áður en árekstur varð.

V1 telur með vísan til framburðar M, sem ökumanns bifreiðar B, og staðsetningu ákoma á bifreið hans að akreinaskiptum hafi verið lokið þegar árekstur varð og leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar C fyrir að hafa ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða, sbr. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Til vara telur V1 að skipta eigi sök til helminga.

V2 telur að M sem ökumaður bifreiðar B hafi farið gegn fyrirmælum 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga með því að skipta um akrein í veg fyrir bifreið C án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óparfa óþæginda fyrir aðra. V2 telur að árekstur hafi orðið vegna þess að M hafi upptekið hemlunarvegalengd bifreiðar C og vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 109/2019 í sambærilegu máli.

Álit.

Í framburði ökumanns bifreiðar B (M) í tjónaskýrslu sem og í málskoti kemur fram að hann skipti um akrein í aðdraganda árekstursins. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óparfa óþægindi fyrir aðra.

Ágreiningur er um hversu langur tími leið frá því að M skipti um akrein þar til árekstur varð en ekki kemur fram að akreinaskipti hafi verið gefin til kynna með stefnumerki eða hver vegalengd var milli bifreiða þegar þau fóru fram. Hallann af sönnunarskorti hvað það varðar ber M.

Hvað varðar aksturslag ökumanns bifreiðar C þá viðurkennir hann að aksturshraði hafi verið um 40-60 km/klst í aðdraganda áreksturs. Ekki er sýnt fram á að það hafi verið í ósamræmi við aðstæður eða umferðarhraða en sönnunarbyrði slíkra staðhæfinga hvílir á M. Er þá ekki sýnt fram að aksturslag ökumanns bifreiðar C hafi verið ámælisvert að öðru leyti.

Af gögnum málsins verður því að telja að árekstur aðila megi rekja til þess að ökumaður B, þ.e. M, hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að ganga úr skugga um að unnt væri að skipta um akrein án þess að skapa hættu eða óparfa óþægindi fyrir aðra umferð. Er þá ekki sýnt fram á að efni séu til þess að leggja hluta sakar á A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á tjóni á bifreiðum A og C.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 7. júlí 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 167/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Umfang tjóns. Bótafjárhæð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 22. maí 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. maí 2023.
4. Svar V við fyrirspurn nefndarinnar, dags. 13. júní 2023, ásamt fylgigögnum sem nefndin kallaði eftir.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A, sem er í eigu M og B, sem váttryggð er hjá V við Helluhraun í Hafnarfirði þann 31. mars 2023. Ekki er ágreiningur um að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Ágreiningur málsins snýr að umfangi tjónsins á bifreiðinni A. Þannig hafi V upphaflega boðið M kr. 600.000 í útborgun fyrir bifreiðina. Í framhaldi hafi M farið með bifreiðina í Krók þar sem í ljós kom að bifreiðin var skemmd á hægri framhorni og hægri afturhurð. M hafi þá tekið bifreiðina aftur til sín og lagað hana en sú viðgerð hafi ekki verið unnin af fagaðila var illa gerð. Þá hafi V óskað eftir ástandsskoðun og verðmati frá Króki. Samkvæmt því mati er áætlað markaðsvirði miðað við að bifreið sé í lagi kr. 250.000 en núvirði bifreiðarinnar að teknu tilliti til nauðsynlegra viðgerða vegna skemmda sem voru fyrir á bifreiðinni, kr. 124.556. V hafi þá boðið M samkomulagsbætur að fjárhæð kr. 125.000 sem miðist við að M myndi halda bifreiðinni. M er ósáttur við þá bótafjárhæð sem honum hefur verið boðin, sérstaklega í ljósi þess að litlar skemmdir voru á bifreiðinni fyrir áreksturinn þann 31. mars 2023.

V telur boð sitt vera sanngjarnt og hefur engar upplýsingar sem styðja það að félagið eigi að miða við aðra og hærri upphæð.

Álit.

Ekki ágreiningur um að M eigi að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V. Ágreiningur lítur að umfangi tjóns M. Gögn sem fylgdu málskoti M til nefndarinnar voru myndir af bifreiðinni A ásamt þremur skjölum. Í fyrsta lagi tilkynningu um eigendaskipti á A, í öðru lagi tilboð V vegna uppgjörs á ábyrgðartjóni og í þriðja lagi skaðabótakvittun og afsal. Öll skjölin eru undirrituð af M og starfsmanni V og dagsett þann 27. apríl 2023. Í öllum þeim skjölum kemur fram að kaupverð bifreiðarinnar er kr. 600.000. Þessi gögn voru ekki í samræmi við aðrar upplýsingar málsins, hvorki frá M né V og því fór nefndin fram á það að fá nánari útskýringar og gögn frá V vegna málsins. Af þeim upplýsingum og gögnum má ráða að V bauð M upphaflega kr. 600.000 í bætur fyrir bifreiðina en síðar hafi komið í ljós við skoðun bifreiðarinnar hjá Króki að skemmdir voru á hægri framhorni og hægri afturhurð sem tengjast ekki árekstrinum þann 31. mars 2023. M hafi þá tekið bifreiðina til sín og lagað þær skemmdir en bifreiðin í framhaldinu verið ástandsskoðuð og verðmetin af Króki sem taldi áætlað markaðsvirði bifreiðarinnar miðað við að hún sé í lagi vera kr. 250.000 og að kostnaður við að koma henni í nothæft/söluástand væri kr. 125.444 m.a. vegna sprungu í framrúðu og slit á jafnvægisstangarenda. Að teknu tilliti til þessara atriða væri núvirði ökutækis kr. 134.556. Hafi V því boðið M samkomulagsbætur að fjárhæð kr. 125.000.

Samkvæmt fyrirbyggjandi kauptilboði V, dags. 27. apríl 2023 kemur fram að V bjóði M kr. 600.000 í bætur fyrir bifreiðina A og að bifreiðin seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér. Sömu upplýsingar eru að finna í afsali og skaðabótakvittun sem dagsett er sama dag en þar segir: „Bifreiðin selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, skemmd af völdum umferðaróhapps. Umsamið kaupverð kr. 600.000 staðgreiðir kaupandi. Seljandi lýsir því hér með yfir að ökutækið er ekið 155000 km skv. vegmæli og er ekki haldið neinum galla umfram tjónið.“ Af þessum gögnum og svo tilkynningu um eigendaskipti sem er dagsett og undirrituð sama dag verður ekki annað ráðið en að bindandi kaupsamningur hafi komist á milli M og V um bifreiðina A og að kaupverðið sé

kr. 600.000. Bæði í kaupsamningi og afsali er vísað til þess að V hafi kynnt sér núverandi ástand bifreiðarinnar og sætt sig við það. Í afsali er þó að finna fyrirvara um að seljandi lýsi því yfir að ökutækið sé ekki haldið neinum galla umfram tjónið en túlka verður það orðalag með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu að V hafi kynnt sér núverandi ástand bifreiðarinnar. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu V sem sýna fram á að bifreiðin hafi verið haldin galla sem V hafi ekki getað kynnt sér né að V hafi rift fyrirbyggjandi kaupsamningi um kaup á bifreiðinni A dags. 27. apríl 2023. Þannig er það afstaða nefndarinnar að V sé bundið af fyrirbyggjandi bótatilboði og kaupsamningi og beri að greiða M kr. 600.000 fyrir bifreiðina A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að fjárhæð kr. 600.000 úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 168/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð. Húseigandi.****Gögn.**

1. Málskot dags. 23. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 5. febrúar 2020, orðið fyrir líkamstjóni er hún sótti sér þjónustu til aðila í fasteign í eigu X. Hafi hún þurft að komast á þriðju hæð hússins, en hnappurinn fyrir þá hæð í lyftu hússins hafi verið bilaður. Hafi M því tekið lyftuna upp á fjórðu hæð og ætlað sér að ganga niður á næstu hæð. Mjög hált hafi verið í tröppunum og mikil bleyta í þeim, sem hafi orðið til þess að M datt og hlaut meiðsl á hægri handlegg, baki og mjöðm og sé hún enn að kljást við afleiðingar þeirra. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þessa en V hafnaði kröfu hennar með bréfi dags. 24. janúar 2022. M byggir á því að X beri ríka ábyrgð á aðstæðum í húsnæði sínu og gera verði sérstaklega ríkar kröfur til X sem eigenda húsnæðis þar sem almenningur sæki þjónustu. Slys M sé fyrst og fremst að rekja til óforsvaranlegra aðstæðna þar sem bleyta hafi verið í stiganum sem gert hafi það að verkum að hann var verulega háll og M féll niður 5-6 tröppur þrátt fyrir að hafa stutt sig við handrið. Þá viti hún til þess að fleiri hafi dottið í umræddum stiga. M telur þá að hálkuvarnir hafi verið ófullnægjandi og ekki til samræmis við áskilnað byggingarreglugerðar. Þar sem lyftuhnappurinn hafi verið bilaður hafi X þá mátt reikna með aukinni umferð um stigann og hafi honum þá borið að bregðast við því með viðhlítandi hætti og fyrirbyggja hættu, t.a.m. með hálkuvörnum eða viðvörðunarskiltum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi hafnað kröfu M á grundvelli þess að það telji ekki sýnt fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmrar og ólögætrar vanrækslu af hálfu X, þ.e. þess að X hafi ekki sinnt hálkuvörnum. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi X ekki verið tilkynnt um atvikið fyrr en með bréfi V, hinn 3. desember 2021 og því sé með öllu óvíst hverjar aðstæður voru á slysdegi. Þá kannist X ekki við að lyftan hafi verið í ólagi og séu engin gögn til staðar sem styðji þá frásögn M. Við inngang hússins sé að finna gryfjur með mottum/burstum ásamt mottu sem taki við bleytu undan skóm. Þá sé handrið við stigann og stálkantur á hverju þrepi. Verði að telja að þær ráðstafanir séu fullnægjandi nema aðrar aðstæður kalli á frekari ráðstafanir. Engin gögn séu til staðar um veðurfar á slysdegi en hafi verið blautt úti verðu að telja að umrædd gryfja og motta í anddyri séu fullnægjandi ráðstöfun vegna almennrar bleytu sem berist inn. Sönnunarbyrði þess að skilyrði skadabótaábyrgðar séu uppfyllt hvíli á M og hafi slík sönnun ekki tekist.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skadabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skadabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skadabótaábyrgð vegna. Gögn fyrir nefndinni um atvikið sem slíkt og aðstæður á slysdegi eru afar takmörkuð. Fyrir liggur að M leitaði á bráðamóttöku hinn 5. febrúar 2020 og lýsti því þá að hún hefði runnið í bleytu og dottið niður u.þ.b. fimm þrep. Jafnvel þó miðað verði við að M hafi runnið í bleytu og við það fallið niður stiga í fasteign í eigu X er með því einu ekki sýnt fram á að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hafi stofnast. Þannig liggur t.a.m. ekki fyrir hvernig veðurfar var umræddan dag og hvort veðuraðstæður hafi með einhverjum hætti kallað á sérstakar aðgerðir af hálfu X. Liggur ekki fyrir hvaðan umrædd bleyta stafaði eða hvort X mátti vera kunnugt um hana eða mögulega slysaheittu. Ekki er þá sýnt fram á að X hafi haft vitneskju um bilun í lyftuhnappnum, en engin gögn liggja fyrir um þá bilun, og hafi þess vegna mátt vænta aukinnar umferðar milli þriðju og fjórðu hæðar eða að það hafi kallað á sérstakar ráðstafanir. Þá liggur ekkert fyrir um að stiganum sem slíkum, handriði við hann eða almennum hálkuvörnum við inngang húsnæðisins hafi verið óbótavant.

Verður samkvæmt framansögðu miða við að ekki sé sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 169/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Húftrygging smábáta/Vélatrygging smábáta****Gildissvið váttryggingar. Fjárhæð bóta.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. júní 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf M dags. 3. júní 2023.
4. Bréf V dags. 15. júní 2023.
5. Bréf V dags. 6. júlí 2023.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að þann 10. ágúst 2021 hafi M orðið fyrir tjóni vegna bilunar í aðalvél smábáts. Lýsir M atvikum á þá leið að báturinn hafi verið á leið í land af miðunum í blíðu veðri þegar skyndilega heyrðust mikil högg og bank frá vél bátsins sem missti afl um leið. Strax hafi verið dregið á vélinni og báturinn dreginn til hafnar. Samkvæmt lýsingu M eru talsverðar skemmdir á vélinni og nauðsynlegt að taka vélina upp vegna bilunarinnar. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var M með húftryggingu smábáta og sérstaka vélartryggingu í gildi hjá V á tjónsdegi. Vélatryggingin er viðbót við húftrygginguna og eru skilmálar hennar ritaðir á skírteini húftryggingarinnar. Hefur V viðurkennt að atvikið falli undir gildissvið vélartryggingarinnar.

Í skilmálum vélartryggingarinnar sem ritaðir eru á skírteini húftryggingarinnar segir:

„1. gr Vélatjón

1.1. Váttryggingin bætir skemmdir á eftirtöldum vélarhlutum:

Vélarblokk, stimplar, slífar, strokklok, kambás ásamt legum, tannhjól og ásar, forþjappa, sveifarás, sveifaráslegur, olíudælur og botnskál svo fremi sem vélin sé staðsett í sérstöku vélarrúmi

1.2 Aðalvél skal vera yngri en 12 ára við gildistöku þessarar váttryggingar eða við endurnýjun hennar. Sé aðalvél eldri en 12 ára en hefur sannanlega verið endurnýjuð að verulegu leyti af viðurkenndum aðila er heimilt að víkja frá framangreindu skilyrði

2. gr. Uppgjör vélatjóna

2.1 Um uppgjör vélatjóna fer samkvæmt gr. 5.4 í skilmála félagsins nr. M-12

3. gr. Undanþágur frá bótaábyrgð vegna vélatjóna

3.1 Þessi váttrygging bætir ekki tjón á vél sem stafa af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, sliti, þreytu, tæringu eða hönnunargalla.

3.2 Þessi váttrygging bætir ekki tjón sem verða vegna þess að báturinn er útbúinn svokölluðu blautpústi, það er útblástur vélarinnar er tengdur sjókælingu.

Eigin áhætta vegna vélatjóna er 10% af tjónsfjárhæð, þó að lágmarki kr. 336.500 og að hámarki kr. 1.009.500“

Hefur V boðið greiðslu skv. framlögðu tjónamati tryggingafélagsins. Þar kemur fram að félagið bæti kostnað vegna tiltekinna vélarhluta að verðmæti kr. 1.798.401,- frá þeirri fjárhæð hefur V svo dregið frá 72% afskriftir (6% á ári í 12 ár), kr. 1.293.479, vegna aldurs með vísan til svohljóðandi ákvæðis 5.4. gr. skilmála Húftryggingar smábáta, sbr. 2.1. gr. skilmála vélartryggingarinnar, þar sem segir orðrét: „5.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði, gangskrúfum, öxlum, girum, raftækjum og öðrum sambærilegum búnaði skal aldrei greiða hærri bætur en sem nemur frumverði hlutarins að fádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrning er 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár. Annar kostnaður, svo sem vinna, flutningskostnaður eða slippkostnaður bætist ekki.“ Þá hefur V dregið eigin áhættu að fjárhæð kr. 336.500 frá tjónamatinu og boðið fram greiðslu samtals að fjárhæð kr. 168.421. V hefur hins vegar hafnað greiðsluskyldu vegna annars kostnaðar, svo sem vinnu, flutnings og slippkostnaðar.

M fellir sig ekki við niðurstöðu V og hefur lagt fram kostnaðaráætlun frá vélaverkstaði þar sem fram kemur að áætlaður viðgerðarkostnaður vegna bilunar á vélinni sé kr. 3.177.688,-. Gerir M þá kröfu í málskoti sínu að V verði gert að greiða bætur í samræmi framlagt viðgerðarmat og án afskrifta. Vísar M til þess að V geti ekki borið fyrir sig ákvæði um afskriftir þar sem ákvæði um afskriftir hafi ekki verið kynnt sérstaklega við sölu tryggingarinnar. Þá vísar M til þess að vélin hafi verið tekin upp árið

2011 og hefur hann lagt fram gögn sem sýna að vélin er frá árinu 1994 og að hún hafði verið tekin upp í nóvember 2011 í kjölfar bilunar. Liggja fyrir afrit af reikningum vegna viðgerðarinnar þar sem fram kemur nokkuð greinargóð lýsing á viðgerðinni. Þar segir m.a. að þústgrein hafi verið tekin frá henni, olíuverk tekið af og hedd losað. Stimplar hafi verið rifnir, vél sett í stand og allt tekið af blokk. Heddið hafi verið þrifið og ventlar teknir úr og slípaðir auk þess sem skipt var um ventlapéttingar. Mótör hafi verið hreinsaður upp og allir hlutir á mótör hreinsaðir og málaðir. Nýjar slífar og nýir stimplar settir í og skipt um höfuðlegur og stangarlegur auk þess sem skipt var um tímagírhjól fyrir bæði knastás og olíuverk.

Í 4.1.2. gr. skilmála húftryggingarinnar kemur m.a. fram að vátryggingin tekur ekki til vélartjóns nema tjónið megi rekja beint til atvika sem talin eru upp í 3.1. gr. skilmálans. Í skírteini tryggingarinnar er þó vikið frá reglu 4.1.2. gr. skilmálans með sérstakri áritun í skírteinið:

„Sérskildagi vegna vélátjóna

Þrátt fyrir gr. 4.1.2 í skilmálum félagsins nr. M-12 bætast vélátjón samkvæmt því sem hér segir:

1. gr Vélátjón

1.1. Vátryggingin bætir skemmdir á eftirtöldum vélarhlutum:

Vélarblokk, stimplar, slífar, strokklok,

kambás ásamt legum, tannhjól og ásar, forþjappa, sveifarás,

sveifaráslegur, olíudælur og botnskál

svo fremi sem vélin sé staðsett í sérstöku vélarrúmi

1.2 Aðalvél skal vera yngri en 12 ára við gildistöku þessarar

vátryggingar eða við endurnýjun hennar. Sé

aðalvél eldri en 12 ára en hefur sannanlega verið endurnýjuð að

verulegu leyti af viðurkenndum aðila

er heimilt að víkja frá framangreindu skilyrði

2. gr. Uppgjör vélátjóna

2.1 Um uppgjör vélátjóna fer samkvæmt gr. 5.4 í skilmála félagsins nr.

M-12 [..]“

Álit.

Fyrir liggur að V hefur samþykkt bótaskyldu úr véltryggingu bátsins. Ágreiningur málsins snýr því aðallega að bótafjárhæðum. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. þágildandi samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir þegar fyrir liggur samþykki allra málsaðila og liggur slíkt samþykki fyrir í máli þessu.

Um véltrygginguna gilda skilmálar sem ritaðir eru á skírteini húftryggingar smábáta sem M var með í gildi fyrir umræddan bát. Véltryggingin virðist vera eins konar viðbót við húftryggingu smábáta sem hægt er kaupa sérstaklega með húftryggingunni. Samkvæmt skilmála véltryggingarinnar fást vélátjón bætt úr vátryggingunni og er tekið sérstaklega fram að þau séu bætt þrátt fyrir að ákvæði 4.1.2. í húftryggingu smábáta séu vélátjón almennt undanskilin. Þá kemur fram í skilmála véltryggingarinnar að uppgjör á vélátjónum fari skv. 5.4. gr. skilmála V um Húftryggingu smábáta. Verður ekki fallist á það með M að V geti ekki borið fyrir sig ákvæði 5.4. í skilmála húftryggingarinnar, enda skýrt kveðið á um það í skírteini tryggingarinnar hvaða skilmálaákvæði gilda um uppgjör vélátjóna. V hefur þannig heimild til að draga frá tjónabótum fyrningu skv. 5.4. gr. skilmála húftryggingarinnar og kostnað vegna vinnu, flutnings og slipps. Í ákvæði 5.4. gr. kemur þó fram að fyrning miðist við 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár af frumverði hlutarins. Gögn málsins bera með sér að skipt var um tiltekna vélarhluta í nóvember 2011. V var því ekki heimilt að beita fullri fyrningu á þá vélarhluta sem skipt var um árið 2011, þar sem þeir voru ekki orðnir 12 ára þegar tjónið varð þann 10. ágúst 2021. M á því rétt á frekari bótum í þeim tilvikum sem vélarhlutar frá 2011 voru afskrifaðir að fullu.

Niðurstaða.

M á rétt á frekari bótum úr véltryggingu smábáta hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 170/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.****Nafn váttryggingartaka starfsábyrgðartryggingar(X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

3. Málskot mótttekið 16. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V dags. 21. febrúar 2024.
5. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 8. janúar 2023 kom upp leki á 4. hæð fasteignar M sem tekja megi til framkvæmda á þaki fasteignarinnar lauk með lokaúttekt þann 17. maí 2018. Byggingarstjóri framkvæmdanna var A, sem váttryggður var með starfsábyrgðartryggingu hjá V í gegnum fyrirtækið X. Vegna lekans var haft samband við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem kom á vettvang og hreinsaði frá niðurfalli þaksins. Í ljós kom að frosið var í niðurfallsrörinu. Taldi slökkviliðið að orsök lekans væri ófullnægjandi dúklögn og frágangur við niðurfallið. Mánudaginn 9. janúar 2023 kom verktakinn B til að gera bráðabirgðaviðgerð á niðurfallinu og í kjölfarið komu verktakarnir C sem gerðu við þakpappann við niðurfallið. Verktakinn C sérhæfir sig í þakpappa og telur hann að lagning pappa á þakinu hafi verið verulega ábótavant og framkvæmdi verktakinn því mat á lögninni sem og orsökum lekans að beiðni M. Var þakið ekki skoðað í heild vegna aðstæðna, enda meirihluti þaksins hulinn snjó og klaka.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli þess að byggingarstjóri beri skadabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum hljóti þriðji maður tjón af völdum gáleysis hans skv. 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Telur M að ágallar á þaki fasteignar M hafi verið verulegir í þeim skilningi að samkvæmt mati fagaðila hafi ágallarnir stytt líftíma þaksins úr 25-30 árum í u.þ.b. 6 ár, hefði ekkert verið gert. Þá hafi gallarnir þegar valdið verulegu tjóni á mannvirkinu. Tjón hafi bæði orðið á þakpappanum sjálfum sem og á innviðum mannvirkisins. Orsök tjónsins telur M vera ófullnægjandi frágang þakpappalagnar, þá sérstaklega við niðurfall það sem olli lekanum. Þrátt fyrir að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta beri hann sjálfstæða ábyrgð á því að eftirlit hans sé í samræmi við lög um mannvirki og byggingarreglugerð, sem og skoðunarhandbók.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X og vísar til þess að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd iðnmeistara eða starfsmanna þeirra nema um stórfellda vanrækslu sé að ræða og að ágallinn hefði ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Telur V að ekki sé um að ræða stórfellda vanrækslu. Þakið virðist aðeins hafa lekið við verulega vafasamar aðstæður þegar það var mikill snjó á þakinu sem bráðnaði og klakastífla var í niðurfalli með þeim afleiðingum að vatnsyfirborð á þakinu hækkaði. Þá hefur samkvæmt einhliða öfluðum gögnum einungis komið í ljós ágalli á frágangi á einu niðurfalli af mörgum á þakinu.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að þrátt fyrir að um einhliða mat hafi verið að ræða, sýni matið skýrlega fram á þá ágalla sem á verkinu voru og að verkætillir iðnmeistara hafi verið stórfelld vanræksla og verkætillir hans langt frá því sem venjulegt geti talist samkvæmt fagaðilum.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort sannað sé að skilyrði skadabótaskyldu liggi fyrir varðandi störf byggingarstjóra húseignar M og hvort ætlað tjón á þaki húseignarinnar sé hægt að rekja til atvika sem byggingarstjóri ber skadabótaábyrgð á. Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum gagnvart eiganda, enda hefðu

ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegrri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegrri framkvæmd tiltekins verkþátta sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

Í fyrirbyggjandi skýrslu verktakans C, dags. 25. janúar 2023 kemur fram að starfsmaður verktakans hafi verið fenginn til að skoða þakleka í húsnæði M. Í ljós hafi komið los á pappalögn við umrætt niðurfall. Er það álit verktakans að þakið sé ekki fagmannlega unnið. Í skýrslunni er nefnt að ekki hafi verið notuð viðurkennd aðferð þegar tjara var borin yfir öll samskeyti á þakinu, þakpappi sem notaðar var þolir ekki sólarljós, ófullnægjandi frágangur upp blikkspíral og ófullnægjandi frágangur niðurfalls. Þá er tekið fram að ekki hafi verið gerð ítarleg skoðun á þakinu þar sem meirihluti þaks var þakinn snjó og klaka. Af þessari skýrslu verður ekki ráðið verulegir ágallar hafi verið á þakframkvæmdum né að þá galla megi rekja til stórfelldrar vanrækslu hjá iðnmeisturum. Um það ber M sönnunarbyrði og verður að telja að sú sönnun hafi ekki tekist. Ekki hafa verið lögð fram önnur gögn en umrædd skýrsla verktakans C, líkt og skoðunar- eða álitsgerðir sérfróðra matsmanna. Samkvæmt þessu verður ekki talið að skilyrði sé að lögum til að fella bótaábyrgð á A sem byggingarstjóra. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra á vegum X hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 171/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Brunatrygging húseigna í smíðum.****Gildissvið váttryggingarskilmála. Undirtrygging.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. júní 2023.
3. Bréf lögmanns M dags. 3. júlí 2023.
4. Athugasemdir V við bréf lögmanns M dags. 28. júní 2023 (röng dagsetning)

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 17. september 2021 varð brunatjón á íbúð í eigu M. Váttryggingarsamningur var í gildi milli M og V um brunatryggingu íbúðarinnar, en sá samningur gildi um brunatryggingu húseigna í smíðum. Í váttryggingarskírteini var váttryggingarfjárhæð ákveðin að hámarki kr. 23.315.000 en athugasemd um að fjárhæðir breyttust samkvæmt byggingarvísitölu. Í málinu liggur einnig fyrir mat V á heildartjóni M, kr. 26.473.423 kr. V hefur greitt sem nemur 70% af váttryggingarfjárhæð vegna tjónsins eða kr. 16.320.500 og hefur vegna þess vísað til 12. gr. váttryggingarskilmála þar sem fjallað er um áhrif svokallaðrar undirtryggingar. Umrætt ákvæði hljóðar svo: „12. Undirtrygging. Sé heildarverðmæti hins váttryggða meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.“

M hefur krafist bóta sem nemur váttryggingarfjárhæð, eða kr. 23.315.000 og telur tjón sitt því vanbætt. Fyrst og fremst byggir M á því að tilvísun V til 12. gr. váttryggingarskilmála geti ekki réttlétt skerðingu bótafjárhæða þar sem meginregla sé að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum laga nr. 30/2004 ef það leiðir til lakari stöðu M, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. M bendir á að í 35. gr. sömu laga sé kveðið á um að váttryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki sé samið um annað í váttryggingarsamningi. Undantekning sé á því í 36. gr. laganna sem eigi ekki við í máli M. Bent er á að váttryggingarskírteini brunatryggingar í smíðum hjá V sé staðfesting á þeim samningi sem gildir milli M og V og hafi það sönnunargildi um efni réttarsambandsins og segi í váttryggingarskilmálum að ákvæði í váttryggingarskírteini gangi framar ákvæðum í skilmálum og þannig geti V ekki takmarkað bótarétt M sem leiðir af váttryggingarskírteininu. V beri hallann af óskýrleika þar sem V hafi samið váttryggingarskilmálanna einhliða og með vísan til ákvæða í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verði að víkja ákvæðum til hliðar. Einnig vekur M athygli á því að V byggi útreikninga sína á ætluðu brunabótamati íbúðar M sem hvergi sé tilgreind í gögnum eða útreikningum frá V og því mjög óskýrt hvernig V reiknar tjónsfjárhæð út.

V hefur hafnað því að greiða meira en kr. 16.320.500 vegna brunatjóns M og séu með því greiddar bætur að fullu skv. váttryggingarsamningi sem í gildi var á tjónsdegi. V vísar til orðalags 35. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem kveðið sé á um að sé ekki um annað samið eigi váttryggður almennt rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. V telur að með ákvæði 12. gr. váttryggingarskilmála sé um annað samið í váttryggingarsamningi M og V þar sem með skýrum og afdráttarlausum hætti sé kveðið á um réttaráhrif undirtryggingar. Skýr komi fram að ef heildarverðmæti hins váttryggða sé meira en váttryggingarfjárhæð þá bætist tjónið hlutfallslega. Þannig sé verið að koma í veg fyrir að váttryggingartakar geti almennt undirtryggt váttryggða háttsemi og greitt lægra iðgjald en á sama tíma átt tilkall til hámarksbóta skv. váttryggingarfjárhæð. V telur að það sé með 12. gr. váttryggingarskilmála að nýta heimild sem til staðar sé í lögum um váttryggingarsamninga og að ákvæði váttryggingarskírteinis um váttryggingarfjárhæð verði að beita samhliða ákvæðum váttryggingarskilmála. V vísar til þess að brunabótamat fasteignarhluta M hafi ekki legið fyrir á tjónsdegi þrátt fyrir að eignin fyrir þann tíma verið tekin í notkun. V bendir á að sú skylda hvíli á eigendum húseigna að láta meta eignina fjórum vikum eftir að byggingu lýkur eða eignin var tekin í notkun, sbr. 3. mgr. 1. laga um brunatryggingar nr. 48/1994 og gr. 10.2 í váttryggingarskilmálum. V bendir á að M hafi vanrækt þessa skyldu og hafi V því þurft að áætla brunabótamat fasteignarinnar á tjónsdegi og að það hafi verið að mati félagsins kr. 32.600.000 á móti váttryggingarfjárhæð upp á kr. 23.315.000. V bendir einnig á að eftir að M fullnægði skyldum sínum til að láta framkvæma brunabótamat á fasteigninni sé slíkt mat kr. 40.442.000 og með tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar hefði brunabótamat miðað við þær forsendur átt að vera kr.

34.683.000 á tjónsdegi, sem þýði að váttryggingarfjárhæð hafi verið 33% lægri en brunabótamatið. Þannig hafi V í raun ofbætt tjón M með því að miða einungis við 30% hlutfall vegna undirtryggingar en ekki 33%. V bendir einnig á að M hafi ekki lagt fram gögn sem sýni að miða hefði átt við annað brunabótamat en félagið hefur gert og verði að bera hallann af því, auk þess að bera hallann af eigin vanrækslu sem varð til þess að nýtt brunabótamat lá ekki fyrir þegar tjón varð.

Í viðbótarathugasemdum M eru sjónarmið um túlkun váttryggingarsamnings milli M og V ítrekuð þannig að 12. gr. váttryggingarskilmála feli í sér undantekningu frá meginreglu sem túlka beri þröngt. Því er mótmælt að V geti samið um áhrif undirváttryggingar þegar vísað sé til 35. gr. laga um váttryggingarsamninga um fullar bætur. Einnig minnir M á að fram komi í váttryggingarskilmálum V að ákvæði í váttryggingarskírteini gangi framur ákvæðum í skilmálum og þannig geti V ekki beitt ákvæðum váttryggingarskírteinis og skilmála saman. Einnig mótmælir M því að hafa verið skylt að láta framkvæma brunabótamat á eign sem það er ekki byggingaraðili af, en M hafi keypt þann hluta húseignar sem fyrir tjóni varð í lok árs árið 2019 og hafi því ekki komið að byggingu hennar.

Í viðbótarathugasemdum V eru áréttar þær röksemdir V að heimild 35. gr. laga um váttryggingarsamninga sé skýr um að hægt sé að semja m.a. um áhrif undirváttryggingar og að ákvæði 12. gr. váttryggingarskilmála um það séu skýr og afdráttarlaus. Þannig sé ekki verið að víkja frá ákvæðum laganna heldur nýta heimild þeirra. Auk þess ítrekar V að ákvæði um váttryggingarfjárhæð séu ekki sérákvæði gagnvart ákvæði váttryggingarskilmála um undirváttryggingu heldur beri að beita ákvæðunum saman. Einnig áréttar V að skv. lögum um brunatryggingu hvíli sú skylda á eiganda húseignar að afla brunabótamats en ekki byggingaraðila og M hafi verið eigandi húseignar þeirrar sem brann hinn 17. september 2021. V vísar auk þess til þess að upplýsingar um gildandi brunabótamat í júní 2023 megi nálgast á vefslóðinni fasteignaskra.is.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um túlkun váttryggingarsamnings þess sem M gerði við V um brunatryggingu húseignar í smíðum. Ágreiningslaust er að umsamin váttryggingarfjárhæð skv. váttryggingarskírteini var kr. 23.315.000 á tjónsdegi í september 2021 auk þess sem aðilar eru sammála um hvaða eintak váttryggingarskilmála á við um brunatryggingu húseignar í smíðum.

Ákvæði váttryggingarsamnings M og V koma fram í váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálum. Orðalag í upphafi váttryggingarskilmála V í kaflanum „Um váttrygginguna gilda:“ verður að túlka í heild og sá hluti orðalagsins sem segir „Ákvæði í váttryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum.“ verður ekki skilinn þannig upplýsingar um váttryggingarfjárhæð, sem alla jafna er í váttryggingarskírteini en ekki váttryggingarskilmálum, samsvari ákvæði í skilningi tilvitnaðs texta. Tilvísun til váttryggingarfjárhæðarinnar kr. 23.315.000 í váttryggingarsamningi M og V er því ekki „ákvæði“ í skilningi þessa orðalags. Er þessi túlkun í samræmi við þá meginreglu váttryggingaréttar að váttryggingarfjárhæð sé rétt í skilningi laga eða vilja aðila. Þannig verður að túlka upplýsingar um váttryggingarfjárhæð í váttryggingarskírteini með ákvæðum váttryggingarskilmála, þ.e. 12. gr. váttryggingarskilmála V þar sem segir að ef heildarverðmæti hins váttryggða sé meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega. Umrætt ákvæði er skýrt og verður beitt skv. orðanna hljóðan.

Til að ákvarða heildarverðmæti hinnar váttryggðu húseignar á tjónsdegi verður að líta svo á að sú aðferðafræði sem V notar um að leggja til grundvallar brunabótamat þessa árs m.t.t breytinga á vísitölu byggingaverðs m.v. tjónsdag sé ekki ósanngjörn. M verður að bera hallann af því að hafa ekki óskað sérstaklega eftir brunabótamati vegna húseignar sinnar á því tímabili sem leið frá lokum árs 2019, þegar M festi kaup á húseigninni, fram í september árið 2021 þegar tjón varð. M hefði verið í löfa lagt að óska eftir endurmati á heildarverðmæti í skilningi umrædds brunabótamats í samræmi við lög um brunatryggingar nr. 48/1994 og hefði váttryggingarfjárhæð þannig verið uppfærð þannig að samsvari betur heildarverðmæti eignarinnar og rétt íðgjöld greidd vegna þeirra váttryggðu hagsmuna. M hefur ekki sýnt fram á að verðmæti hinnar váttryggðu húseignar hafi á tjónsdegi verið lægra en kr. 34.683.000 á tjónsdegi og verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Með því að bæta M tjón hlutfallslega miðað við 30% mun á tilvitnuðu heildarverðmæti og váttryggingarfjárhæð hefur V því bætt tjón M að fullu m.v. gildandi váttryggingarsamningi á tjónsdegi og á M ekki frekari rétt til bóta úr brunatryggingu húseigna í smíðum hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til frekari bóta úr brunatryggingu húseigna í smíðum hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 172/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júní 2023.

Málsatvik

Í gögnum málsins kemur fram að M hyggist, ásamt öðrum, höfða mál sem tengjast eignayfirfærslu í tengslum við eignaskipti á dánarbúi á árinu 1997. Í gögnum frá M kemur fram að málið tengist rangri yfirlýsingu á erfðafjárskýrslu um að allir erfingjar afsali sér arfi til eins þeirra og með staðfestingu sýslumanns var skiptum lokið á dánarbúi hinn 27. nóvember 1997. Eignayfirfærslugerðingum var þinglýst árið 2007 en faðir M hafi áttað sig á að hann hafi verið hlunnfarinn um arf árið 2012. Faðir M lést árið 2019 og bróðir hans árið 2013 en M ætli ásamt systkinum og systkinabörnum sínum að láta reyna á málið fyrir dómstólum. Einnig kemur fram í gögnum málsins að M hafi látið reyna á beiðni um endurupptöku á dánarbússkipum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu en fengið þau svör þar að heimild til endurupptöku væri einungis fyrir hendi ef ný eign komi fram eftir að skiptum sé lokið, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum.

M telur að réttur til bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sé fyrir hendi þar sem hann hafi ekki fengið aðild að málinu fyrr en á árinu 2020 þegar dánarbússkiptum hafi verið lokið á dánarbúi föður hans, sem lést árið 2019. M kveðst þá hafa reynt að fá leiðréttingu mála hjá sýslumanni en fengið tilkynningu hinn 24. maí 2022 um að ekki yrði af slíkri leiðréttingu og þá fyrst hafi hann gert sér grein fyrir réttarstöðu sinni. Tjón hafi verið tilkynnt með bréfi 28. apríl 2023 og þannig innan árs frá því að M hafi verið atvik ljós.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ágreiningur hafi í síðasta lagi verið ljós á árinu 2019 þegar M öðlaðist rétt eftir dánardag föður síns. V telur ekki skipta máli við mat á tímamörkum að sýslumaður hafi svarað M því réttilega hinn 24. maí 2022 að ekki væri lagaheimild til endurupptöku dánarbússkipta frá árinu 1997 því ágreiningur snúi ekki að því heldur að meintri ólögmetu háttsemi sem einn erfingja í þeim skiptum hafi viðhaft á árinu 1997.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki alveg ljóst hvernig málatilbúnaður M og meðstefnenda hans verður fyrir dómstólum en af málskoti má ætla að höfðað verði mál gegn tilteknum einstaklingum og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu til að fá dánarbússkiptin frá árinu 1997 ógilt fyrir dómi og að lagt verði fyrir sýslumann að taka skiptin upp að nýju.

Hvað þann ágreiningur varðar þá tengist hann atvikum sem áttu sér stað árið 1997 en í málatilbúnaði M fyrir nefndinni kemur fram að föður M hafi verið ljós atvik sem kröfur hans um ógildingu dánarbússkiptanna gætu byggst á, þegar á árinu 2012. Þó ekki liggi fyrir gögn um nákvæma kröfugerð væntanlegra stefnenda í málinu verður að ætla að þær byggi á að minnsta kosti atvikum sem ljós urðu á árinu 2012, eða fyrir M í síðasta lagi á árinu 2020 þegar skiptum á dánarbúi föður hans var lokið og hann þar með handhafi þeirra réttinda sem hann telur sig eiga. Tjónstilkynning barst V í lok apríl 2023.

Í 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Verður ekki annað séð en að M hafi mátt vita um slík atvik hvað hann sjálfan varðar í síðasta lagi á árinu 2020 þegar skiptum á dánarbúi föður hans var lokið og telst tilkynning um tjónið því ekki hafa komið fram innan þess eins árs frests sem 1. mgr. 51. gr. gerir ráð fyrir. Samskipti M við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um lagaheimildir breyta ekki mati nefndarinnar á tímamörkum ágreinings.

Í samþykktum sem gilda fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kemur fram í 1. gr. að nefndin starfi á grundvelli samnings milli Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja og skv. 2. mgr. 5. gr. sömu samþykktu kemur fram að hver þessara tilnefni aðal- og

varafultrúa til setu í nefndinni. Um hæfi nefndarmanna er fjallað í 6. gr. samþykktanna þar sem vísað er til 3. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 um slíkt hæfi. Nefndin telur að skilyrði vanhæfis séu ekki fyrir hendi við afgreiðslu málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 7. júlí 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 173/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis(A)****Sönnun tjóns. 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga.****Gögn.**

1. Málskot dags. 17. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 14. apríl 2020 hafi starfsmaður M, X, lent í bótaskyldu umferðarslysi en ágreiningslaust er að tjónsatvikið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Hafi X orðið óvinnufær vegna afleiðinga slyssins og fengið greidd forfallalaun til 19. nóvember 2020, að fjárhæð 4.452.419 kr. að launatengdum gjöldum meðtöldum. Á tímabili óvinnufærni X hafi aðrir starfsmenn M fengið greitt aukalega fyrir að sinna störfum hans. Hafi fjártjón M vegna þeirra greiðsla numið kr. 3.440.162 kr., þ.e. tjón M felist í þeim viðbótarkostnaði sem fjarvera X hafi haft í för með sér. M hafi tilkynnt V um umrætt tjón en V hafi hafnað kröfu þess með bréfi dags. 4. júlí 2022. M hafi þá sent V frekari gögn og skýringar en V hafi á ný hafnað kröfu þess með bréfi dags. 5. janúar 2023. M krefst þess að viðurkenndur verði endurkröfurettur þess á hendur V á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna launagreiðslna til staðgengla X. X hafi sinnt tveimur „stykkjum“, þ.e. fengið fastar greiðslur vegna tiltekinnar verkefna sem hann sinnti fyrir viðskiptavinum M. Vegna þessara stykkja hafi X fengið greidd laun fyrir 7,1 vinnutíma á dag. Í forföllum hans hafi staðgenglar sinnt umræddum stykkjum og fengið greiðslur vegna þeirra, til viðbótar við laun fyrir önnur verkefni. Á sama tíma hafi X fengið greidd forfallalaun til samræmis við kjarasamninga. Hafi M því orðið fyrir tjóni vegna sannanlegs viðbótarkostnaðar, þ.e. umfram greiðslur til X í forföllum hans. Þá liggi fyrir yfirlit M um launakostnað vegna þessa. Starfsmenn M fái ekki föst mánaðarlaun óháð vinnuframlagi (unnum tímum) og því sé ekki um það að ræða að aðrir starfsmenn hefðu getað leyst X af án aukins kostnaðar fyrir M. Afstaða V grundvallast á því að hjá M starfi fjöldi starfsmanna og hljóti að vera gert ráð fyrir því að einhver hluti þeirra sé fjarverandi vegna slysa eða veikinda á hverjum tíma. Það sé vissulega rétt og kostnað vegna þess beri M sjálft þegar ekki er um að ræða forföll sem koma til vegna bótaskyldra atvika, eins og óumdeilanlega sé raunin í þessu tilviki. Heildarfjöldi starfsmanna M, sem allir séu ráðnir til að sinna tilteknum verkefnum, skipti ekki máli í þessu samhengi, og einskorðist réttur samkvæmt umræddri lagagrein ekki við lítil fyrirtæki með fáa starfsmenn.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ósannað að M hafi orðið fyrir auknum beinum kostnaði vegna forfalla X fyrir utan kostnað vegna greiðslu forfallalauna til X. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga geti vinnuveitandi sem greitt hafi slasaða eða þeim sem misst hafi framfæranda laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns kafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því maki sem hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna. Teljist það þá ekki tjón hafi vinnuveitandi greitt hinum óvinnufæra starfsmanni forfallalaun nema annan kostnað stafi af fjarveru stafsmannsins. Hins vegar geti komið til greiðslu kostnaðar vegna ráðningar afleysingarfólks eða aukinnar vinnu annarra starfsmanna á grundvelli ákvæðisins. Beri vinnuveitandi sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu og umfangi þess. V mótmælir því að sýnt sé fram á slíkt tjón enda hverfist ágreiningur aðila einmitt um það. Hjá M starfi 750 manns og í rekstri svo stórs fyrirtækis hljóti að vera gert ráð fyrir því að á hverjum tíma séu einhverjir starfsmenn forfallaðir. Í skjölum sem M hafi lagt fram sé ekki sýnt fram á að tekjur þeirra sem leystu X af séu sérstaklega komnar til vegna forfalla hans eða að þær hafi verið umfram venjubundnar tekjur þeirra. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að einhver hafi verið sérstaklega ráðinn til að leysa X af eða að launakostnaður M hafi verið umtalsvert hærri á umræddu tímabili. Hafi M því hvorki sýnt fram á að það hafi orðið fyrir tjóni umfram greiðslu forfallalauna né umfang meints tjóns. Sé bótaréttur á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga því ekki til staðar.

Með viðbótarathugasemdum sínum leggur M fram launaseðla X fyrir slysdag og viðeigandi launaseðla staðgengla hans á forfallatímabilinu og áréttar þá afstöðu sína að bótaréttur sé til staðar.

Álit.

M byggir kröfu sína á 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga en hún er svohljóðandi: *Vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða eða þeim sem misst hefur framfaranda laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, getur krafð hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna.* Ekki er um það deilt að X hafi verið óvinnufær á greindu tímabili eða að óvinnufærni hans verði rakin til atviks sem bótaskyld er úr ábyrgðartryggingu A. Aðila greinir því samkvæmt framansögðu aðeins á um það hvort M hafi sýnt fram á fjártjón sitt þannig að leiða eigi til endurgreiðslu á grundvelli ákvæðisins. Þar sem um er að ræða vátryggingaratburð sem átti sér stað fyrir gildistöku núgildandi samþykktar nefndarinnar verður þá ekki fjallað um fjárhæðir án samþykkis V, sbr. 1. mgr. 22. gr. samþykktar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Ekki er fallist á það með V að starfsmannafjöldi M leiði til þess að ekki geti komið til tjóns á grundvelli ákvæðisins þó ljóst sé að á svo stórum vinnustað megi ætla að einhver hluti starfsfólks sé forfallaður á hverjum tíma. Í athugasemdum við 2. mgr. 17. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að skaðabótalögum kemur fram að umræddur endurkröfuréttur skipti ekki síst máli fyrir þá atvinnurekendur sem reka lítil fyrirtæki og hafa ekki bolmagn til að dreifa þessari áhættu. Verður þó ekki ráðið af orðalagi ákvæðisins eða lögskýringargögnum að endurkröfurétturinn eigi ekki við um þau fyrirtæki sem hafa meira umleikis enda sé sýnt fram á fjártjón. Verður kröfu M því ekki hafnað á þeim forsendum.

Meðal gagna málsins eru launaseðlar X og þeirra sem leystu hann af á tímabili óvinnufærni. Samkvæmt því sem kemur fram hjá M, og því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, er uppbygging launa starfsmanna M með þeim hætti að þeir fá greitt fyrir tiltekin „stykki“ eða verkhluta en ekki dagvinnulaun óháð verkefnum. Af framlögðum launaseðlum má ráða að staðgenglar hafi fengið greidd laun fyrir þau „stykki“, en stykkirnir eru auðkennd með tölustöfum og bókstaf, sem X hafði áður með höndum. Verður að telja að ekki hefði komið til greiðslna til staðgengla vegna þeirra „stykkja“ hefði X verið vinnufær og sinnt þeim. Er því fallist á það með M að sýnt sé fram á fjártjón í skilningi 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga. Það fellur hins vegar, eins og áður segir, utan verksviðs nefndarinnar að taka afstöðu til þess hver fjárhæð þess tjóns sé.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna fjártjóns á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 174/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. maí 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
2. Bréf V dags. 27. júní 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 17. nóvember 2022 hafi M orðið fyrir slysi þegar hún rann til og datt á göngubrú sem staðsett er á sorpmóttökustöð sem X starfrækir. M lýsir málsatvikum með þeim hætti að fótur hennar hafi runnið til þegar hún steig fyrsta skrefið upp á göngubrú á milli rampa með þeim afleiðingum að hún féll og lenti illa. Segir hún jafnframt að mikið hafi rignt þennan dag og að þrepið hafi því verið sleipt. Gögnum málsins fylgja ljósmynd af brúnni eins og hún var fyrir slysið. Þar má sjá að um er að ræða timburbrú úr pallaefni með handriðum báðum megin. Engin samtímagögn, svo sem lögregluskýrsla eða ljósmyndir af svæðinu liggja hins vegar fyrir sem sýna aðstæður á tjónsdegi.

M telur að telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu. Byggir M m.a. á því að aðstæður á brúnni hafi verið hættulegar fyrir þá sem áttu leið um hana og ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra göngubrauta í lögum og reglum. Vísar M í þessu sambandi til 12.10.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar m.a. kemur fram að aðkoma að almennu göngusvæði við byggingar skuli þannig staðsett og frágengin að ekki skapist slysaþætta. Þá segir þar að yfirborðsefni á lóðum skuli valið þannig að hálkuvíðnám þess henti við þær aðstæður sem það er notað. Þá heldur M því fram að brúin hafi verið afar skítug og fitug umræddan dag eftir umgang viðskiptavina og starfsmanna sem fóru um hana með rusl. Telur M að X hafi brugðist skyldum sínum með því að háлкуverja ekki göngubrúna eða tryggja öryggi á henni með öðrum hætti.

V telur ósannað að aðstæður á brúnni hafi verið hættulegar og mótmælir því sem ósönnuðu að brúin hafi verið skítug og fitug þegar slysið varð. Enn fremur mótmælir V því að pallaefni úr timbri sé hált yfirborðsefni eða hættulegt. Notkun efnisins sé því í fullu samræmi við ákvæði 12.10.1. gr. byggingarreglugerðar þar sem fram kemur að forðast skuli að nota hál efni á umferðarleiðum. Þá segir í bréfi V til nefndarinnar að starfsmaður X hafi skoðað aðstæður á slyssað klukkustund eftir slysið og að bleyta hafi ekki verið slík að aðstæður hafi verið hættulegar. Enn fremr segir að ekkert rusl hafi verið á brúnni þegar slysið átti sér stað.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi runnið á göngubrú á sorpmóttöku sem X starfrækir. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. M ber þar af leiðandi sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögðætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Gögn málsins eru nokkuð af skornum skammti, engar ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi á slysdegi og ekki virðist hafa verið gerð lögregluskýrsla vegna atviksins. Þá liggur ekki fyrir framburður vitna. Ekki verður fallist á það með M að brúin sem um ræðir hafi í eðli sínu verið hættuleg eða til þess fallin að valda tjóni. Að teknu tilliti til framangreinds verður jafnframt að teljast ósannað að brúin hafi verið skítug eða sleip í umrætt sinn. Hefur þar af leiðandi ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 175/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Húseigandi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. maí 2023.
2. Bréf V dags. 31. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júní 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. janúar 2023 hafi M runnið í hálfu fyrir utan verslun X. Bifreiðastæðið hafi verið hált vegna snjóþæfings og krapablöndu en gangstéttin meðfram húsinu og við innganginn hafi að mestu verið snjólaus en yfir henni var íshula sem sást illa. Var hún að hluta til flughál og er M var að koma upp á stéttina, rann hún til í hálkunni og steiptist kylliflöt á höfuðið. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna fyrir utan verslunarkjarnann og af þeim sökum hafi verið rík athafnaskylda á rekstraraðila til þess að gera allar þær ráðstafanir sem sanngjarnt hafi mátt teljast til þess að koma í veg fyrir slys hennar vegna hálfu. Að mati M er óumdeilt að hálka hafi verið á svæðinu enda rann eiginmaður M til á sama hálkubletti rétti áður en M hrasaði sjálf og því ljóst að snjóbræðslan hafði ekki undan þann dag sem atvik máls gerðust. Því hefði fyrirsvarsmönnum X verið bæði rétt og skylt að bregðast við aðstæðum til að koma í veg fyrir hálkuslys, t.d. með því að salta gangstéttina. Telur M aðfinnsluvert að starfsmenn X salti aðeins þegar snjóbræðslan hefur ekki undan eða þegar þeir fá ábendingu um hálfu á gangstéttinni. Vísar M til þess að ríkar kröfur eru gerðar til þeirra sem reka verslanir um að þeir geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón vegna bleytu og hálfu þar sem viðskiptamenn þeirra koma.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Í bréfi V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X sé snjóbræðsla í stéttinni fyrir framan verslunina og við inngang hennar. Þá salti X gangstéttina eftir þörfum og ábendingum frá viðskiptavinum og einnig ef ljóst er að snjóbræðslan hefur ekki undan. Af myndbandi af atvikinu megi sjá að snjóbræðslan á gangstéttinni hafi virkað. Höfðu starfsmönnum X ekki borist ábendingar eða kvartanir um mikla hálfu á gangstéttinni fyrir þetta slys. Þá hafi veðurfar dagana í kringum slysið verið með þeim hætti að sérstök ástæða var til aðgæslu M, enda hálka á gangstéttum, bílastæðum og lóðum um allan bæ. Í þeim veðuraðstæðum sé ekki hægt að leggja þá kröfu á X að uppræta hálfu algjörlega þannig að ekki hafi verið nein hálfu neins staðar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telji að það sé bæði eðlileg og sanngjörn krafa að rekstraraðilar geri allt sem í sínu valdi stendur til þess að fyrirbyggja og koma í veg fyrir slys og þá sérstaklega með vísan til veðuraðstæðna sem voru fyrir hendi umræddan dag. Sérstaklega brýnt hafi verið að bera sand eða íseyðingarefni til þess að koma í veg fyrir hálfu. Telur M að af samskiptum milli V og X megi ætla að fyrirsvarsmenn X séu og hafi verið meðvitaðir um að á niðurfalshlemmi sem er við hliðina á þeim stað sem M rann til á, geti myndast hálfu. Þannig verði að telja að þeim hafi borið enn ríkari skylda til þess að tryggja að umrætt svæði yrði sandborið eða saltað. Þá liggi ekki fyrir um hvort hálfuvarnir hafi verið viðhafðar umræddan dag.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort verslunin X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi runnið í hálfu fyrir utan verslunina. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögættra athafna eða athafnaleyfis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Myndbandsupptaka af atvikinu er til hjá X en hefur ekki verið lögð fram í málinu. Af mynd sem tekin er úr myndskaiðinu af aðstæðum á vettvangi verður ekki betur séð en að snjóbræðslukerfi sem staðsett er undir gagnstétt við inngang verslunarinnar hafi verið í gangi en þrátt fyrir það hafi myndast glær hula yfir hluta gagnstéttarinnar og er það sá staður sem M rann á. Í málinu

liggur ekki fyrir á hversu löngum tíma sú hálfka myndaðist eða hvort starfsmenn X hafi haft vitneskju um þennan hálkublett fyrir slysið. Gegn neitun X um vitneskju um hálkuna er því ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 176/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála. Slysahugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. júní 2023.
3. Tölvupóstur M dags. 1. júlí 2023.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu M til V dags. 6. janúar 2023 kemur fram að M hafi verið að færa til blómaker við heimili sitt hinn 1. nóvember 2022 og hafi við það hrasað og slinkur komið við það á vinstri öxl hans. Í skráningu á heilsugæslustöð frá 2. nóvember 2022 kemur fram að M hafi verið að lyfta stórum potti tveimur vikum áður og hafi eftir það verið með slæman verk í vinstri öx. Í röntgenmyndatöku frá 3. nóvember 2022 kemur m.a. fram greinileg rifa í „supraspinatus festunni“. Eftir þetta var M vísað til bæklunarlæknis sem gerði aðgerð á öxlinni.

M telur að gildissvið váttryggingarskilmála sé uppfyllt þannig að líkamstjón hans hafi orðið vegna slyss. M lýsir atvikum þannig að hann hafi hrasað og þannig hlotið slink á vinstri öxl og það sé sá utanaðkomandi atburður sem leitt hafi til líkamstjóns hans og sé því um að ræða slys í skilningi skilgreiningar í váttryggingarskilmálum V.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að leggja eigi til grundvallar lýsingu á váttryggingaratburði eins og honum er fyrst lýst í sjúkragögnum á læknisvottorðum, þ.e. að M hafi verið að lyfta stórum eða þungum hlut þegar hann fann fyrir verk í öxl. V vísar til samskiptaseðils heimilislæknis þar sem vísað er til þess að M hafi verið að lyfta stórum potti tveimur vikum áður en hann leitaði til læknisins og hafi eftir það fengið slæman verk í vinstri öxl. Svipað orðalag hafi síðan verið í beiðni um myndgreiningu sem og í vottorði bæklunarlæknis. Það hafi síðan ekki verið fyrir en í tjonstilkynningu dags. 6. janúar 2023 sem lýsing M hafi komið fram og þá sé fyrst minnst á að hann hafi hrasað.

Í viðbótarathugasemdom M frá 1. júlí 2023 kemur fram að hann mótmælir því að leggja eigi til grundvallar atvikalýsingu sem komi fram í læknisvottorði þar sem þar sé ekki nákvæm skráning á því hvernig váttryggingaratburður varð. M ítrekar að meiðsli hans séu með þeim hætti að þau hafi ekki komið til með því að lyfta upp hlut heldur vegna þess að hann hrasaði og fékk á sig slink. M ítrekar að leggja eigi til grundvallar hans eigin lýsingu á atvikum enda sé hún sett fram með bestu samvisku auk þess sem engin utanaðkomandi vitni hafi verið að atburðinum. V telur að seinni lýsingar á váttryggingaratburði hafi takmarkað sönnunargildi og þannig eigi að leggja samtímalýsingar til grundvallar.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjonstilkynning frá M um að hann hafi hrasað við að lyfta blómapotti þegar og þannig hafi komið slinkur á vinstri öxl hans. Í læknisfræðilegum gögnum frá heilsugæslulækni er ekki sérstaklega minnst á það að M hafi hrasað. Af sömu læknisfræðilegum gögnum má hins vegar ráða að einhvers konar rifa hafi komið fram á röntgenmynd í supraspinatus festu eftir atvikið. Við mat á sönnunargildi gagna verður að líta til þess að M sjálfur lýsir atvikum þannig að hann hafi hrasað og það hafi leitt til líkamstjóns hans þegar hann tilkynnir um líkamstjón sitt til V. Það sem ritað er í sjúkraskrá af lækni felur í sér það sem læknirinn telur nauðsynlegt til meðferðar en ekki til að upplýsa sérstaklega um atvik. Í ljósi þessa og eðli áverka M verður ekki talið sannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til innri áhrifa í líkama hans heldur verði að líta svo á að um utanaðkomandi atburð sem leiddi til líkamstjóns hans. M á því rétt til bóta úr slysathvingingu fjölskyldutryggingar V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 177/2033

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging, ábyrgðarliður.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar X

Gildissvið váttryggingar, undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. maí 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-20.
2. Bréf V dags. 13. júní 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf M dags. 21 júní 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 18. ágúst 2021 hafi A, sonur M, orðið fyrir líkamstjóni þegar hann varð fyrir léttu bifhjóli. Í lögregluskýrslu er haft eftir B, syni X, að hann hafi ekið eftir göngustíg þar sem A var ásamt hópi krakka þar sem sumir voru gangandi en aðrir á vespum. Kvaðst B haf verið að aka fram hjá hópnum þegar einhverra hluta vegna var eins og A hafi hoppað til hliðar og í veg fyrir hjólið. Kvaðst B ekki vita hversu hratt hann hefði ekið. Aðspurður sagði B að ekki væri hraðatakmakandi innsigli í vespunni og að það hefði ekki verið til staðar þegar vespan var keypt notuð. Staðfesti móðir B að ekki væri innsigli í vespunni. Í lögregluskýrslu er haft eftir X, móður A, að hann hafi verið ásamt hóp af krökkum, þau hafi verið í þvögu og A hafi verið fremstur. Hafi A fundist eins og B hafi litið aðeins aftur á bak og ekki tekið eftir honum með þeim afleiðingum að B ók á hann.

M gera þá kröfu að líkamstjón A verði bætt úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X. Byggir M á því að B hafi valdið tjóninu með saknæmri háttsemi og að bótaréttur sé þ.a.l. fyrir hendi úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar. Enn fremur telur M að bifhjólið sem B ók í umrætt sinn teljist til léttra bifhjóla í flokki I og tjónið sé þar af leiðandi ekki undanskilið skv. sérstöku ákvæði í váttryggingarskilmála tryggingarinnar, þar sem fram kemur að tryggingin bæti ekki tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, að frá töldum léttum bifhjólum í flokki I.

V hefur hins vegar hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tryggingin taki ekki til tjóns sem valdið er af ökutækjum öðrum en léttum bifhjólum í flokki I. Samkvæmt upplýsingum í ökutækjaskrá sé ljóst að um sé að ræða skráningarskyld létt bifhjóli í flokki II. Í þessu sambandi vísar tryggingafélagið m.a. til þess að skv. ökutækjaskrá sé ökutækið hannað til aksturs allt að 45 km hraða á klst. en skv. skilgreiningu í 28. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 séu létt bifhjól í flokki I ekki ætluð til hraðari aksturs en 25 km. á klst. Þá liggja fyrir að ekki hafi verið innsigli í vespunni sem takmarkar hraða þess.

Álit.

Gögn málsins, þ.m.t. gögn úr ökutækjaskrá, bera með sér að um er að ræða létt bifhjól sem ætlað er til hraðari aksturs en 25 km. hraða á klst. auk þess sem fyrir liggur að ekki var innsigli í bifhjólinu sem takmarkar hraða þess. Hjólið telst því til léttra bifhjóla í flokki II skv. skilgreiningu b-liðar 28. tölul. 3. gr. umferðarlaga. Þar af leiðandi fellur tjónið undir undanþáguákvæði váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingarinnar, þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki tjón sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda vélknúinna farartækja að frátöldum léttum bifhjóli í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga. Þegar af þeim sökum er ljóst að bótaréttur er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Létt bifhjóli í flokki II eru skráningarskyld og ber eiganda ökutækisins að váttryggja skráningarskyld ökutæki með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja og slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. III. kafla laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Ekki hefur verið gerð krafa á hendur tjónsuppgjörsmiðstöð sem afgreiðir tjón af völdum óváttryggðra ökutækja skv. IV. kafla laga um ökutækjatrýggingar. Samkvæmt þágildandi 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag áður hann getur borið það undir nefndina. Þar sem tjónsuppgjörsmiðstöð hefur ekki verið tilkynnt um málið eða gefinn kostur á að taka afstöðu til kröfunnar verður því ekki fjallað um það hvort bótaréttur sé fyrir hendi skv. IV kafla laga um ökutækjatrýggingar.

Niðurstaða.

M eiga ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 178/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot dags. 23. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. júlí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. júlí 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 1. ágúst 2022, varð, hinn 31. júlí s.á., tjón á bifreiðinni A sem er í eigu M. Samkvæmt því sem haft er eftir M í skýrslunni var hann að aka Hjalteyrargötu á Akureyri til suðurs þegar hann missti skyndilega stjórn á A með þeim afleiðingum að hún hafnaði á húsi X við götuna. Kveður hann aksturshraða A hafa verið 70 til 80 kílómetra á klukkustund. Er þá haft eftir vitninu Y, sem var farþegi í A, að M hafi ekið á 130 til 140 kílómetra hraða og misst stjórn á A í beygju. Hinn 13. ágúst 2022 óskaði Y eftir því að breyta framburði sínum fyrir lögreglu enda gæti hún ekki staðið við fyrri framburð um ökuhraða þar sem hún hefði fengið kvíðakast í kjölfar atviksins og ruglað því saman við annað atvik sem hún hefði lent í. Ökuhraði A hafi, samkvæmt breyttum framburði Y, mögulega verið 90 til 95 kílómetrar á klukkustund skömmu áður en M missti stjórn á A. Á ljósmyndum lögreglu á vettvangi má m.a. sjá för eftir bifreiðina og brak úr henni í grasi vegkantar sem A virðist hafa verið ekið eftir í kjölfar þess að M missti stjórn á henni, og för sem sýna hvar bifreiðin fór af vegkantinum. Þá kemur fram að fyrstu hemlaförin eftir að M missti stjórn á bifreiðinni hafi verið um 121 metra frá þeim stað sem A hafnaði að lokum. Hemlunarför hafi einnig verið á grasi vestan við veginn. Þá er í ljósmyndaskýrslu lögreglu ljósmynd af förum eftir bifreiðina þar sem henni var ekið yfir innkeyrslu að lóð X. Þá má sjá af ljósmyndum að líknarbelgir sprungu úr og segir í skýrslu lögreglu að framrúða A hafi verið alsett sprungum eftir ákeyrsluna. Þá voru þrír hjólbarðar A sprungnir, affelgaðir og að mestu leyti tættir upp eftir atvikið, samkvæmt því sem segir í lögregluskýrslu.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann telji sig eiga rétt til óskertra bóta úr kaskótryggingu A vegna tjónsins en að V hafi hafnað bótaskyldu með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og 9. gr. sameiginlegra skilmála enda teldi það M hafa valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi þar sem hann hafi ekið á 130 til 140 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði sé 50 kílómetrar á klukkustund. M vísar til þess að Y hafi breytt framburði sínum með trúverðugum hætti og verði því að hafna upphaflegum framburði hennar. Ósannað með öllu sé að aksturshraði A hafi verið meiri en M lýsti fyrir lögreglu, en jafnvel þó byggt væri á síðar til komnum framburði Y um 90 til 95 kílómetra aksturshraða geti það ekki verið metið M til stórkostlegs gáleysis enda liggja fyrir sönnun þess að hann hafi verið allsgáður við aksturinn. Þá hafi engin rannsókn eða mat farið fram á ökuhraða A umrætt sinn, og er því sérstaklega mótmælt að ljósmyndir lögreglu sýni fram á að um ofsaakstur að ræða. Akstur yfir gras hafi þá valdið því að ummerki á vettvangi voru meiri en ella svo og því að hemlunarvegalengd lengdist enda minna viðnám á grasi en á malbiki.

Í bréfi og viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið telji, með vísan til atvika málsins, að tjóni á A hafi verið valdið með háttsemi sem meta verði til stórkostlegs gáleysis og því sé heimilt að fella bótarétt að fullu niður, en til vara að skerðing að 2/3 hlutum sé heimil. V telji að leggja verði upphaflegan framburð Y um ökuhraða, þ.e. að hann hafi verið 80 til 90 kílómetrum umfram heimilan hámarkshraða, til grundvallar enda samræmist hann ummerkjum á vettvangi en öll málsgögn bendi til ofsaaksturs M umrætt sinn. Skýr orsakatengsl séu þá milli aksturshraðans og áakstursins. Hvíli það þá á M að sýna fram á hið gagnstæða. Verði því að miða við að atvik málsins hafi verið þau sem leiði af frumgögnum málsins enda hafi ekkert komið fram sem rýri sönnunargildi þeirra. Að mati V sé sannað að um verulegt og alvarlegt frávik hafi verið að ræða frá þeirri háttsemi sem A bar að viðhafa og af háttsemi hans hafi stafað augljós og mikil hætta. Svo gáleysi teljist stórkostlegt þurfi háttsemi annað hvort að víkja hlutrænt meira frá þeirri háttsemi sem bar að viðhafa eða huglæg afstaða tjónvalds að

einkennast af meira tillitsleysi en þegar um almennt gáleysi er að ræða. Í tilviki M, sem hafi ekið á allt að nærri þreföldum hámarkshraða, séu bæði þessara skilyrða uppfyllt.

Álit.

Þegar um skaðatryggingar er að ræða er samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga heimilt að skerða eða fella niður bætur til vátryggðs í þeim tilvikum sem vátryggður hefur með stórkostlegu gáleysi orðið valdur að vátryggingaratburði. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Samkvæmt framansögðu greinir aðila á um hvort skilyrði fyrir niðurfellingu eða skerðingu bóta séu uppfyllt.

Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu má ráða að aðstæður á vettvangi hafi verið góðar, rökkur hafi verið á vettvangi, en færð góð og veður þurrt. Þá er því ekki haldið fram að ástand vegar eða aðrar aðstæður hafi verið meðverkandi orsök umrædds tjónsatviks. Virðist tjónið því aðeins að rekja til þess að M missti stjórn á bifreið sinni. Óumdeilt er að hámarkshraði á vettvangi var 50 kílómetrar á klukkustund, en ekki liggja fyrir rannsóknir eða mat á því hver aksturshraði A var umrætt sinn. Telja verður þó óumdeilt að hann hafi verið töluvert yfir löglegum hámarkshraða, en hvorki fyrri né seinni vitnisburði Y ber saman við lýsingu M sjálfs á ökuhraða. Engin vitni önnur en farþegar í A virðast hafa verið að atvikinu og þrátt fyrir að þrír farþegar hafi verið í A liggur aðeins vitnisburður Y fyrir. Þegar litið er til fyrirliggjandi gagna, þ.e. ummerkja á vettvangi og þeirra skemmda sem virðast hafa orðið á A og hjólbörðum hennar við atvikið þrátt fyrir að hemlunarför hafi fyrst mælst um 121 metra frá áakstursstað, verður að telja líklegt að hraðinn hafi verið umtalsverður og í öllu falli töluvert meiri en M bar fyrir lögreglu. Jafnvel þó miðað væri við síðari framburð Y, sem verður að taka með fyrirvara þar sem ekki er um frumgagn að ræða, var ökuhraði samkvæmt honum 80 til 90% yfir löglegum hámarkshraða. Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að sönnunarbyrðin hafi að því leyti snúist við að það standi M nær að sýna fram á að ökuhraðinn hafi ekki verið slíkur að meta megi hann til stórkostlegs gáleysis svo sem gögn málsins benda til. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því sýnt fram á að með háttsemi sinni við aksturinn hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og skapað töluverða hættu á vettvangi. Þá er ekkert komið fram sem bendir til þess að annað en mikill ökuhraði hafi leitt til þess að M missti stjórn á bifreiðinni umrætt sinn og eru því skýr orsakatengsl milli háttsemi og tjóns fyrir hendi. Samkvæmt framansögðu er heimilt að skerða bætur úr kaskótryggingu A og telst slík skerðing hæfileg að 2/3 hlutum þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V en heimilt er að skerða þær um 2/3 hluta.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 179/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi 20. febrúar 2019 orðið fyrir slysi við starf sitt fyrir X. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M hafi ásamt verkstjóra verið að vinna við stálbita er lá á jörðinni og hafi þeir verið að setja tréspýtur undir stálbitann svo unnt væri að setja stroffur undir bitann. Skotbómulyftari hafi lyft stálbitanum örlítið upp svo unnt væri að smeygja tréspýtunum undir bitann. Þegar einni spýtunni hafði verið komið fyrir hafi hún runnið með þeim afleiðingum að stálbitinn féll niður og lenti á hægri fæti M. Þá kemur fram að í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að stálbitinn hafi verið um þrjú tonn. Sama dag gerði Vinnueftirlitið úttekt á vinnustaðnum og kemur fram í skoðunarskýrslu að X hafi ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna verkþáttarins sem slysið varð við en hún eigi að fela í sér áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta við verkþáttinn.

M telur að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að tryggja ekki nægilegt öryggi á vinnustaðnum og beri hann því skaðabótaábyrgð á slysi M á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttarins og reglna um vinnuveitendaábyrgð. M byggir á því að verkstjórn hafi verið ábótavant og hann hafi treyst því að rétt væri að leggja trékubb á ísilagt undirlag enda tjáð af verkstjóra að hann ætti að vinna verkið þannig. Verklagi hefði átt að haga með öðrum hætti og öruggari. Hefði áhættumat legið fyrir hefði mátt afstýra slysinu. Þá kemur fram að M hafi starfað stutt hjá X þegar slysið átti sér stað og hann því reynslufullur. M geti því ekki borið eigin sök þótt hann hafi staðið nærri þegar afferming stálbitans fór fram.

Í bréfi V kemur fram að ekki hafi verið að lyfta byrði óvarið yfir vinnusvæði heldur hafi verið að lyfta bitanum svo hægt væri að koma stroffum á hann og að ekki hafi verið gerðar athugasemdir um þetta í skýrslu Vinnueftirlitsins. Þá kemur fram að ekki hafi verið um flókið verk að ræða og því hafi ekki átt að þurfa sérstaka þjálfun við verkið. Þá hafi ekki átt að þurfa áhættumat til að starfsmaður setji ekki fót sinn undir stálbita sem verið er að lyfta auk þess sem ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli áhættumats og tjóns. V bendir á að í sjúkrafærslu á slysdegi komi fram að M hafi leitað á bráðadeild vegna fíkniefnaneyslu. Sú færsla sé á undan upplýsingum um slysið og verði að ætla að ástand M kunni að hafa átt þátt í því að óhappið varð en V hafi ekki umboð til að fá betri upplýsingar um þetta. Að mati V hafi verið um óhappatilviljun að ræða sem X verði ekki kennt um.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort X beri ábyrgð á því að M slasaðist við vinnu sína þegar hann var að setja tréspýtur undir stálbita. Í skýrslu Vinnueftirlitsins sem gerð var eftir slysið kemur fram að X hafi ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði verkþáttarins sem slysið varð við en hún eigi að fela í sér áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta við verkþáttinn. Vinnueftirlitið gerði hins vegar ekki frekari athugasemdir varðandi staðsetningu stálbitans eða að ranglega hafi verið staðið að verkinu og verður ekki séð að áhættumat hefði breytt aðstæðum á slysstað enda um tiltölulega einfalt verk að ræða. Verkið snerist um að setja tréspýtur undir stálbita svo unnt væri að koma stroffum á hann sem virðist hafa runnið til með þeim afleiðingum að stálbitinn lenti á hægri fæti M. Ekki hefur verið sýnt fram á orsakatengsl milli fíkniefnaneyslu M og slyssins og kemur það því ekki til álita í málinu. Samkvæmt almennum reglum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. M ber því sönnunarbyrði fyrir því að X beri skaðabótaskyldu vegna tjóns hans. Gögn málsins málsins bera ekki með sér að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða sem X beri vinnuveitendaábyrgð á og verður ekki

annað séð en að það hafi verið óhappatilvik að stálbitinn rann til og á fót M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 181/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Akreinaskipti.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 13. júní 2023.
3. Bréf V1 dags. 14. júní 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. júní 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 28. apríl 2023, varð þann sama dag árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók, á Reykjanesbraut. Haft er eftir M í skýrslunni að hann hafi ekið B niður rampinn frá Urriðaholtsstræti/Austurhrauni í Garðabæ og fært sig yfir á hægri akrein og svo þaðan á vinstri akrein á Reykjanesbraut til vesturs. Hann hafi ekki séð neina bifreið nálægt og hafi keyrt hægt til samræmis við umferðarhraða. Hann hafi svo heyrt hemlahljóð og A hafi verið ekið aftan á B. Eftir ökumanni A er haft að hann hafi ekið eftir vinstri akrein Reykjanesbrautar til vesturs. Hafi hann náð að hemla aðeins fyrir áreksturinn og verið á u.þ.b. 70 kílómetra hraða á klukkustund þegar A lenti aftan á B.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna að frumkvæði A, sem sendi nefndinni nánari lýsingu sína á atvikum. Þar kemur fram að B hafi skyndilega verið ekið yfir á vinstri akrein framan við A, og hafi ökumaður B ekki metið mismun á umferðarhraða milli hægri og vinstri akreinar réttilega, en meiri umferð hafi verið á hægri akrein, og ekki aukið hraðann samhliða akreinaskiptunum. Hafi A reynt að hemla en vegalengdin milli bifreiðanna verið of stutt. Þá telji A að ökumaður B hefði átt að veita A athygli í aðdraganda akreinaskipta. Tjónanefndin komst að þeirri niðurstöðu að öll sök á árekstri bifreiðanna hvíldi á B sem hefði ekki gætt nægilega að annarri umferð við akreinaskipti.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og kemur fram í málskoti að umferð á þessum tíma hafi verið þung og hæg, umferðarhraði á bilinu 15 til 20 kílómetrar á klukkustund og A og B verið ekið í bílaröð. Þegar M hafi ekið 50 til 60 metra eftir vinstri akrein hafi A ekið aftan á B. A hafi þá verið ekið beint aftan á B sem styðji við þá frásögn M að B hafi verið komin að fullu yfir á vinstri akrein er til áreksturs kom, enda hefði ákoman ella verið á vinstra afturhorni hennar. Ekki sé þá í samtímagögnum að finna neinar aðfinnslur ökumanns A varðandi háttsemi M við akreinaskiptin, og bendi þau frekar til þess að aksturslag A, sem hafi verið á 70 kílómetra hraða á akbraut sem stífluð var af bifreiðum, hafi ekki verið til samræmis við aðstæður. Þá bendi gögn málsins til þess að V1 og V2 hafi í upphafi verið sammála um að A bæri sök á umræddum árekstri og virðist niðurstaða tjónanefndar aðeins byggð á síðar til kominni lýsingu A. Sé ótækt að gefa slíkri frásögn meira vægi en skýrslu hlutlauss þriðja aðila um málavexti. Þá sé það ekki rétt sem fram komi í lýsingu A að engin umferð hafi verið á vinstri akrein, enda komi fram í fyrrnefndri skýrslu að bílaröð hafi verið á vinstri akrein. Þá liggi ekkert fyrir um meinta ógætni M við akreinaskiptin í skýrslunni sem sé eina samtímagagn málsins. Staðreyndin sé sú að M hafi ekið 50 til 60 metra eftir vinstri akrein er til áreksturs kom. Miðað við 15 kílómetra ökuhraða taki 12 til 14 sekúndur að aka þá vegalengd og hafi A því gefist nægt svigrúm til að varna árekstri. Telur M því að A beri alla sök á árekstrinum.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að óumdeilt sé að M hafi skipt tvisvar um akrein frá aðrein áður en til áreksturs kom. Frá þeim stað sem fyrri akreinaskipti hafi fyrst verið heimil og að tjónsstað séu 32 metrar en sé miðað við 15 kílómetra aksturshraða taki 7 sekúndur að aka þá vegalengd, en ekki 12 til 14. Miðað við 70 kílómetra aksturshraða hefði það þá tekið ökumann A 1,5 til 2 sekúndur að aka frá þeim stað þar sem heimilt sé að aka af aðreininni og að árekstrarstað. Á ljósmyndum megi þá greina stutt bremsuför sem gefi til kynna að A hafi haft mjög skamman tíma til að bregðast við háttsemi M. V1 tekur undir sakarmat tjónanefndar og telur ekki tilefni til að leggja hluta sakar á A, sem hafi ekið á löglegum hraða og ekki haft ráðrúm til að forða árekstri þrátt fyrir tilraunir í þá veru. Alvanalegt sé þá

að umferðarhraði sé meiri á vinstri akrein en þeirri hægri og felist ekki gáleysi í því að aka hraðar á þeirri akrein enda sé ökuhraði til samræmis við aðstæður og háttnerisreglur umferðarlaga. Fyrir liggja að M hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs og beri hann þá sönnunarbyrði þess að A hafi með einhverjum hætti hagað akstri sínum með þeim hætti að rétt sé að leggja á hann sök og hafi slík sönnun ekki tekist.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki sjálfstæðar athugasemdir en taki undir og ítreki það sem komi fram í málflutningi M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi ekið yfir óbrotna línu við fyrri akreinaskiptin og því ekið 50 til 60 metra áður en til áreksturs kom. Engin orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi M og árekstursins. Þá er áréttað að við seinni akreinaskiptin hafi bifreið A verið hvergi sjáanleg og því sé ósannað að A hafi brugðist við um leið og M ók yfir á vinstri akrein. V1 gefi sér því ýmsar forsendur sem standist ekki nánari skoðun. Nærtækast sé að draga þá ályktun að ökumaður A hafi einfaldlega misst einbeitingu við aksturinn, enda hafi aksturslag hans ekki verið til samræmis við aðstæður og umferðarþunga, og hefði B ekki verið þar fyrir hefði A hafnað á annarri bifreið í bifreiðaröðinni.

Álit.

Óumdeilt er að B skipti um akrein í aðdraganda árekstursins. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra. Ágreiningur er um hversu lengi B var ekið eftir vinstri akrein áður en til áreksturs kom og verður að telja allar staðhæfingar aðila um það efni ósannaðar, enda liggur fyrir að vegarkafliinn frá aðrein að árekstrarstað er stuttur, og enn styttri sé miðað við þann stað þar sem akreinaskipti voru fyrst heimil. Þá liggur fyrir að B skipti tvívegis um akrein í aðdraganda áreksturs og ekkert liggur fyrir um nákvæma staðsetningu hvorra akreinaskipta. Samtímagögn eru af nokkuð skornum skammti og segir ekkert um það í frásögn M í skýrslu Aðstoðar og öryggis hvort hann hafi t.a.m. gefið akreinaskiptin til kynna með merkjagjöf eða með hvaða hætti hann hafi gætt að annarri umferð, heldur kemur aðeins fram að hann hafi ekki séð neinn nálægt. Þá verða engar skýrar ályktanir dregnar af ákomum á bifreiðarnar, en því er í sjálfu sér ekki haldið fram að akreinaskiptum sem slíkum hafi ekki verið lokið þegar til áreksturs kom.

Hvað varðar aksturslag A virðist óumdeilt að aksturshraði hennar hafi verið um 70 kílómetrar á klukkustund í aðdraganda áreksturs, en á tjónsstað er 80 kílómetra hámarkshraði. Er þá ekki sýnt fram á að það hafi verið í ósamræmi við aðstæður eða umferðarhraða á vinstri akrein en sönnunarbyrði slíkra staðhæfinga hvílir á M. Er þá ekki sýnt fram að aksturslag A hafi verið ámælisvert að öðru leyti, og benda gögn málsins til þess að hann hafi reynt að afstýra árekstri en ekki gefist nægt ráðrúm til þess.

Af gögnum málsins verður því að telja að árekstur aðila megi rekja til þess að ökumaður B, þ.e. M, hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að ganga úr skugga um að unnt væri að skipta um akrein án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra umferð. Er þá ekki sýnt fram á að efni séu til þess að leggja hluta sakar á A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 7. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 182/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. maí 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. júní 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 9. júní 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu dags. 16. desember 2020 varð, hinn 3. desember 2020, tjón á nokkrum bifreiðum, þ.á.m. bifreið í eigu M, þegar plötur fuku á þær af nýbyggingu sem X sá um framkvæmdir við. Samkvæmt lögregluskýrslunni sást ákoma vinstra megin að framan á bifreið M við skoðun lögreglu á henni. Kemur þá jafnframt fram að M hafi verið á sjó en reynt hafi verið, án árangurs, að hafa samband við hann símleiðis. Ekki er deilt um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X sem slíka og í málskoti kemur fram að V hafi fallist á að greiða bætur vegna skemmda á vinstra framhorni, vélarhlíf og fyrir samlitun á vinstri framhurð bifreiðarinnar. Í málskoti tekur M fram að þegar hann hafi komið aftur í land hafi hann haft samband við V og verið tjáð að málið færi í formlegt ferli og að haft yrði samband við hann. Ekkert hefði þó gerst í nokkra mánuði, uns M fylgdi málinu sjálfur eftir í júlí 2021. Í kjölfarið hafi verkstæðið Y framkvæmt tjónamat á bifreiðinni sem leitt hafi í ljós rispur víðar á bifreiðinni og hafi viðgerðarkostnaður verið áætlaður 1.179.184 kr. V hafi, með bréfi dags. 14. mars 2023, hafnað því að greiða frekari bætur en vegna skemmda á vinstra framhorni, vélarhlíf og samlitun á vinstri framhurð, enda hefði liðið um ár frá tjónsatburðinum og þar til tjónaskoðun fór fram og hefði hvað eina getað komið fyrir bifreiðina á þeim tíma. Sé því ósannað að skemmdir á bifreiðinni, aðrar en þær sem tiltekna séu í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, sé að rekja til umrædds atburðar. M mótmælir þeirri afstöðu og tekur fram að tafir á meðferð málsins séu alfarið á ábyrgð V. Þá sé ekki unnt að byggja á lýsingu í lögregluskýrslu sem sönnun þess að tjón hafi ekki orðið annars staðar á bifreiðinni, en lögregla hafi skoðað bifreiðina í myrkri meðan óveður gekk yfir. Þá liggi fyrir yfirlýsing vitnis varðandi það að bárujárnsplötur hafi fokið milli bifreiða og geti skýrsla lögreglu á engan hátt staðfest það hvað nákvæmlega þær hafi lent á bifreiðunum. Þá hafi V samþykkt að greiða bætur vegna tjóns á vélarhlíf en þess hafi ekki verið getið í lögregluskýrslu. Bifreiðin sé þá afar lítið notuð og hafi aðeins verið ekið um 1.500 kílómetra á ári frá 2019 til 2021. Fyrirliggjandi ljósmyndir sem teknar hafi verið við tjónamatið sýni þá að sambærileg áferð og útlit sé á rispum á vinstra framhorni, afturhorni, á vélarhlíf og báðum hliðum bifreiðarinnar. Séu engar líkur á því að þær sé að rekja til almennrar notkunar bifreiðarinnar eða þess að hún hafi orðið fyrir öðru sambærilegu tjóni á tímabilinu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi ekki haft samband við V vegna tjóns síns fyrr en hinn 21. júní 2021. Þá hafi hann fengið þær upplýsingar að um væri að ræða bótaskyld tjón og að hann þyrfti að fara með bifreiðina í tjónamat. Það hafi hann þó ekki gert fyrr en hálfu ári síðar, og hafi þá komið í ljós rispur víðs vegar á bifreiðinni. V áréttar afstöðu sína varðandi það að félagið sé tilbúið að greiða bætur til samræmis við það tjón sem lýst sé í lögregluskýrslu en í ljósi þess hve langur tími leið frá tjóni og þar til tjónamat fór fram sé frekara tjón ósannað. Það hvíli á M að sýna fram á umfang tjóns síns og það hafi ekki tekist.

Álit.

Atvik þessa máls eru í sjálfu sér óumdeild og ekki er ágreiningur um bótaskyldu sem slíka. Þá er ekki ágreiningur um að tjónaskoðun á bifreið M fór ekki fram fyrr en um ári eftir umræddan tjónsatburð. Í fyrirliggjandi tjónamati segir „ákoma og rispur víða á bíl við skoðun samkvæmt samráði við bíleiganda“. Þá eru fyrirliggjandi ljósmyndir af bifreiðinni og má greina af þeim að rispur eru víðs vegar á bifreiðinni en ekki aðeins „vinstra megin að framan“. Hins vegar kemur ekkert nánar fram í tjónamatinu eða öðrum gögnum málsins um eðli eða einkenni þessara rispa, t.d. hvort þær séu sams

konar og rispurnar vinstra megin að framan eða hvort þær samræmist því að bárujárnsplötur hafi fokið á bifreiðina og hvort ólíklegt sé að þær stafi af öðrum orsökum. Það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á umfang tjóns síns og að það hafi verið meira en fyrirliggjandi lögregluskýrsla, sem er frumgagn í málinu, bendir til. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og þegar litið er til þess hve langur tími leið þar til tjónaskoðun fór fram, verður að telja að sönnun á frekara umfangi tjóns en V hefur þegar fallist á að greiða bætur vegna hafi ekki tekist. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V en þegar hefur verið fallist á að greiða.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 183/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Krossmóa í Reykjanesbæ hinn 5. maí 2023. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega tjónstilkynningu. Hvor ökumanna skilaði einhliða tilkynningu til tryggingafélagsins V. M sem var ökumaður A kveðst hafa verið að aka bifreið sinni eftir bifreiðastæðinu eftir að hafa ekið aftur á bak úr stöðureit. Bifreiðinni B hafi verið ekið í veg fyrir bifreið hennar þannig að árekstur varð. Ökumaður B kveðst hafa ekið inn á bifreiðastæðið og séð bifreiðinni A ekið aftur á bak. Hann hafi metið aðstæður svo að hann gæti ekið bifreið sinni inn í stöðureit áður en ökumaður A legði af stað. Ökumaður A hafi hins vegar ekki virst sjá bifreiðina B og lagt af stað eftir að hafa ekið aftur á bak úr stöðureit og inn í framhlið bifreiðarinnar B. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 238/23 að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum fyrir að gæta ekki að annarri umferð um akbrautina er ekið var af stað úr kyrrstöðu. M, sem var ökumaður A, er ósátt við þá niðurstöðu. Telur M að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum eða eigi að minnsta kosti að bera helming sakar. Vísar M til þess að varúð til hægri gildi á bifreiðastæðinu.

V kveðst ekki taka afstöðu til sakarskiptingar þar sem báðar bifreiðarnar eru váttryggðar hjá félaginu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað séð en að ökumenn séu sammála um aðdraganda árekstursins. Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Ökumaður B hafði bifreiðina A sér á hægri hönd og mátti hann búast við því að ökumaður A myndi aka bifreið sinni fram á við eftir að hafa ekið aftur á bak úr stöðureitnum enda kveðst hann hafa séð er bifreiðinni var ekið aftur á bak úr stöðureit er hann ók inn á bifreiðastæðið. Bar honum þannig að sýna sérstaka aðgát þrátt fyrir að forgangsreglan gildi einungis þegar leiðir ökumanna skerast þ.e. bifreiðar eru á ferð. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. sömu laga skal ökumaður áður en hann ekur af stað frá vegbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa fyrir aðra. Þannig bar báðum ökumönnum að gæta að annarri umferð á bifreiðastæðinu í kjölfar árekstursins. M sem ökumanni A bar að annarri umferð áður en hún ók af stað úr kyrrstöðu og ökumanni B bar að gera hið sama áður en hann beygði þvert á akstursstefnu ökumanns A. Miðað við gögn málsins þykir nægilega sýnt að hvorugur ökumanna sýndi næga aðgæslu í umrætt sinn. Sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 186/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Fjárhæð tjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júní 2023, ásamt fylgigögnum.
3. Athugasemdir M við bréf V ódagsettar, ásamt mynd af reikningi með áritun um greiðslu.
4. Athugasemdir V við bréf M dags. 26. apríl 2023 (röng dagsetning)

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið á bifreið í eigu M hinn 21. febrúar 2022. V viðurkenndi í kjölfar þessa bótarétt M að fullu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðar X. Eftir það fór M með bifreið sína í skoðun hjá tilteknu bílaverkstæði (hér eftir nefnt B) og voru forsendur þeirrar skoðunar sendar til V sem veitti samþykki til B hinn 28. febrúar 2022 fyrir viðgerð að fjárhæð kr. 395.682 kr. M fór síðan með bifreið sína í viðgerð á tímabilinu 11. – 13. apríl 2022 og kveðst hafa greitt fyrir viðgerðina kr. 518.647 kr. skv. reikningi dags. 18. nóvember 2022.

Í málskoti vísar M til ákvæða samþykta úrskurðarnefndar í váttryggingamálum um rétt neytenda til að fá úrskurð nefndarinnar um ágreining sem varðar fjárhæðir, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna, auk þess sem vísað er til laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Verður umfjöllun M hvað þetta varðar ekki skilin öðruvísi en að M vilji með því sýna fram á að ágreiningur hans við V falli undir starfssvið nefndarinnar. Í bréfi V dags. 14. júní 2023 kemur ekkert fram um að V samþykki ekki að ágreiningur M og V fari fyrir nefndina heldur er eingöngu fjallað efnislega um ágreininginn og verður að túlka það sem samþykki V, sbr. orðalag 3. mgr. 3. gr. samþykta fyrir nefndina og telur nefndin því unnt að taka til úrlausnar ágreining um greiðslu bóta til M.

M vísar í málskoti til ákvæða samþykta úrskurðarnefndar í váttryggingamálum um rétt neytenda til að fá úrskurð nefndarinnar um ágreining sem varðar fjárhæðir, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna, auk þess sem vísað er til laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Verður umfjöllun M hvað þetta varðar ekki skilin öðruvísi en að M vilji með því sýna fram á að ágreiningur hans við V falli undir starfssvið nefndarinnar. Í bréfi V dags. 14. júní 2023 kemur ekkert fram um að V samþykki ekki að ágreiningur M og V fari fyrir nefndina og verður að túlka það sem samþykki V, sbr. orðalag 3. mgr. 3. gr. samþykta fyrir nefndina og verður því fjallað efnislega um ágreining um greiðslu bóta til M.

M krefst þess að fá tjón sitt bætt með greiðslu kr. 518.647 kr., en tjón hans sé sannað með greiðslu reiknings útg. 18. nóvember 2022 frá bifreiðaverkstæðinu B vegna viðgerðar tjónsins. M bendir á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar máli sínu til stuðnings um að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess sem og ákvæði 5. gr. laganna varðandi sömu skyldu vegna tjóns sem verður af árekstri tveggja ökutækja. Einnig vísar M til 1. mgr. 6. gr. laganna um fébótaskyldu eiganda og 1. mgr. 8. gr. um ábyrgðartryggingu ökutækja sem og greiðsluskyldu váttryggingafélags gagnvart tjónþola, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. M vísar auk þess til meginreglu skaðabótaréttar um að fjárhæð bóta skuli nema raunverulegu tjóni og það tjón M sé sá kostnaður sem hann greiddi vegna viðgerðar á bifreið sinni. M vísar auk þessa til þess að þó samningssamband hafi verið milli V og B um kostnað vegna bifreiðaviðgerða breyti ekki þeirri skyldu V að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X til M.

V telur í fyrsta lagi ósannað að M hafi greitt reikning til B vegna viðgerðar á bifreið sinni og þannig sé tjón hans ósannað. Í öðru lagi telur V að bindandi samningur hafi komist á milli V og B um viðgerð á bifreið M í febrúar 2022 í kjölfar þess að M fór með bifreið sína í tjónaskoðun hjá B í febrúar 2022 og viðgerð í apríl 2022. Á þessum tíma hafi verið í gildi svokallaður CABAS-samningur milli B og V þannig um tjónaviðgerðir þar sem hafi m.a. verið samið um svokallað einingaverð. Í samræmi við þann samning hafi B sent V viðgerðarmat sem V samþykkti og þannig hafi komist á bindandi samningur um viðgerð á bifreið M. V bendir á að ef hefði komið fram aukning á tjóni vegna atriða sem ekki hafi verið hægt að sjá fyrir í frumskoðun hafi B verið heimilt að senda svokallaða viðbótarskoðun til V og þannig hefði V mögulega getað samþykkt frekari greiðslur. Ekki hafi hins vegar verið beðið um viðbótarskoðun

Í vegna viðgerðar á bifreið M. V telur að af framangreindu leiði að B beri að rukka V beint um viðgerðarkostnað vegna tjóns á bifreið M í samræmi við CABAS-samning sem í gildi var á tjónsdegi. V telur M ekki heimilt að krefjast greiðslu á hærri fjárhæð en bindandi samningur um viðgerð milli B og V beri með sér og hið raunverulega tjón sé ekki hærra. Einnig vísar V til þess að samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar hvíli sú skylda á M sem tjónþola að takmarka tjón sitt og því hafi M verið óheimilt að gera samkomulag um viðgerð á bifreið sinni sem hafi falið í sér meiri kostnað en hinn bindandi samningur sem þegar hafði verið gerður bar með sér og að M hafi verið kunnugt um þann samning.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að útgefinn reikningur B til M varðandi kostnað við viðgerð á bifreið hans sýni raunverulegan viðgerðarkostnað og þar með það tjón sem M varð fyrir. M ítrekar að samningssamband V og B hafi ekki áhrif á rétt hans til greiðslu skaðabóta. Auk þess framvísar M mynd af reikningi frá B með áritun f.h. B um að greiðsla hafi átt sér stað hinn 20. febrúar 2023.

Í viðbótarathugasemdum V er bent á að V telur að stimpill og áritun á reikning feli ekki í sér sönnun á greiðslu reikningsins og að M hafi ekki sýnt fram á kvittun fyrir greiðslu reikningsins auk þess sem tímamark greiðslunnar skipti máli m.t.t. tjónstakmörkunarskyldu M. Einnig áréttar V að afstaða þess um bindandi samning byggji ekki á hinum almenna CABAS-samningi milli verkstæðisins og félagsins heldur því að B hafi sent viðgerðarmat sem V samþykkti. Samkomulag snúi þannig að tilboði B í viðgerð á bifreið M sem samþykkt hafi verið af V og að B sé þannig ekki heimilt að krefja M um aðra fjárhæð en það samkomulag hafi borið með sér og beri að krefja V beint um þá fjárhæð. V ítrekar einnig að M hafi verið kunnugt um þetta og beri að takmarka tjón sitt.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur aðila um hvort M hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni að fjárhæð kr. 518.647 vegna viðgerðar á bifreið hans eftir árekstur við bifreiðina X hinn 21. febrúar 2022. Af því sem kemur fram í gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé hvers eðlis það tjón sem varð á bifreið M í árekstrinum sé en ágreiningur sé um hvaða fjárhæð sé hægt að leggja til grundvallar sem tjón í skilningi skaðabótaréttar. Einnig verður ekki annað séð en að ágreiningslaust sé að sök á árekstri milli bifreiðanna X og bifreiðar M liggja hjá ökumanni bifreiðar X og að bótaskylda hafi verið viðurkennd að fullu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar X hjá V vegna tjónsatviksins.

M hefur framvísað reikningi með áritun um greiðslu frá bifreiðaverkstæðinu B til sönnunar þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Ekki verður annað ráðið af þeim reikningi en að gert hafi verið við þær skemmdir sem sannanlega urðu við árekstur bifreiðar M við X hinn 21. febrúar 2022. Ágreiningur er hins vegar um fjárhæð bóta þar sem V telur að þær fjárhæðir sem B hafi lagt til grundvallar reikningi til M séu ekki í samræmi við þá fjárhæð sem tilgreind var í tjónaskoðun sem V samþykkti til B í lok febrúar 2022 vegna tjónsins.

Þau samskipti sem áttu sér stað milli B og V í lok febrúar 2022 varðandi tjónaskoðun geta ekki falið í sér bindandi samning sem varðar M, enda verður ekki séð af gögnum málsins að V hafi upplýst M um að mat V á tjóni bifreiðar M hafi verið bundið við tiltekna fjárhæð. Tilvísun V til þess að bindandi samningur hafi komist á um tjónsfjárhæð milli B og V getur ekki takmarkað rétt M til skaðabóta vegna tjóns síns.

Meginreglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að að tjónþoli eigi rétt á því að fá fullar bætur fyrir tjón sitt úr hendi þess sem skaðabótaskyldur er, en sömu meginreglur gera ráð fyrir því að tjónþola sé skylt að takmarka tjón sitt. Við mat á því hvort M hafi sinnt umræddri tjónstakmörkunarskyldu í þessu máli verður að líta til þess að V hefur ekki sýnt fram á að hafa upplýst M sérstaklega um áætlaða tjónsfjárhæð skv. tilvitnaðri „tjónaskoðun“ sem V samþykkti í lok febrúar 2022. Ekki verður heldur séð að V hafi upplýst M eða aðra tjónþola sína um svokallaða CABAS-samninga sem V hefur gert við tiltekin bifreiðaverkstæði eða hvaða skilmálum þeir lúta. Hins vegar sendi V tilkynningu til M með tilvísun um lista yfir verkstæði sem hægt væri að fá tjónaskoðun á. Á þeim lista var bifreiðaverkstæðið B og hefði V verið í lófa lagið að upplýsa M frekar um að þær fjárhæðir sem tilgreindar voru í samskiptum B og V í lok febrúar 2022 hefðu áhrif á rétt M til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Það gerði V ekki og verður tjónstakmörkunarskylda M ekki túlkun með það víðtækum hætti að hann hafi mátt vita að reikningur sá sem útgefinn var í nóvember 2022 vegna viðgerðar á bifreið hans væri hærri en almennt mátti gera ráð fyrir vegna sambærilegra viðgerða. Engin gögn liggja fyrir um fjárhæðir í sambærilegri viðgerð, fyrir utan samning milli B og V sem, eins og áður segir, bindur ekki M. Verður V að bera

hallann af slíkum sönnunarskorti í ljósi þess að V hefði verið í lófa lagið, þegar ágreiningur kom upp milli V og B varðandi einingaverð að leiðbeina tjónþolum eins og M að leita á annað verkstæði vegna viðgerðar. Réttur M til skaðbóta byggir á meginreglum skaðabótaréttar og telst M, með framlögðum gögnum, hafa sýnt fram á að hann varð fyrir tjóni að fjárhæð kr. 518.647 sem fæst bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta að fjárhæð kr. 518.647 hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 22. ágúst 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 187/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Fjárhæð tjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júní 2023, ásamt fylgigögnum.
3. Athugasemdir M við bréf V dags. 20. júní 2023 ásamt mynd af reikningi með áritun um greiðslu.
4. Athugasemdir V við bréf M dags. 28. júní 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið á bifreið í eigu M hinn 27. september 2022. V viðurkenndi í kjölfar þessa bótarétt M að fullu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðar X með sms-skilaboðum til M hinn 4. október 2022 og bent á að fara með bifreið sína í viðgerð á viðurkennt verkstæði vísar um það til samstarfsaðila V samkvæmt lista á tiltekinni vefslóð. Eftir það fór M með bifreið sína í skoðun hjá tilteknu bílaverkstæði (hér eftir nefnt B) sem hafi síðan framkvæmt viðgerð og kveðst M hafa greitt fyrir viðgerðina kr. 148.948 kr. skv. reikningi dags. 23. nóvember 2022.

M vísar til þess í málskoti að V hafi fyrir málskotið hafnað beiðni M um samþykki V á því að ágreiningur um fjárhæð færi til úrlausnar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Í málskoti vísar M til ákvæða samþykktar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum um rétt neytenda til að fá úrskurð nefndarinnar um ágreining sem varðar fjárhæðir, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna, auk þess sem vísað er til laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Verður umfjöllun M hvað þetta varðar ekki skilin öðruvísi en að M vilji með því sýna fram á að ágreiningur hans við V falli undir starfssvið nefndarinnar. Í bréfi V dags. 14. júní 2023 kemur ekkert fram um að V samþykki ekki að ágreiningur M og V fari fyrir nefndina heldur er eingöngu fjallað efnislega um ágreininginn og verður að túlka það sem samþykki V, sbr. orðalag 3. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir nefndina og telur nefndin því unnt að taka til úrlausnar ágreining um greiðslu bóta til M.

M krefst þess að fá tjón sitt bætt með greiðslu kr. 148.948 kr., en tjón hennar sé sannað með greiðslu reiknings útg. 23. nóvember 2022 frá bifreiðaverkstæðinu B vegna viðgerðar tjónsins. M bendir á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar máli sínu til stuðnings um að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess sem og ákvæði 5. gr. laganna varðandi sömu skyldu vegna tjóns sem verður af árekstri tveggja ökutækja. Einnig vísar M til 1. mgr. 6. gr. laganna um fébótaskyldu eiganda og 1. mgr. 8. gr. um ábyrgðartryggingu ökutækja sem og greiðsluskyldu váttryggingafélags gagnvart tjónþola, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. M vísar auk þess til meginreglu skaðabótaréttar um að fjárhæð bóta skuli nema raunverulegu tjóni og það tjón M sé sá kostnaður sem hún greiddi vegna viðgerðar á bifreið sinni. M vísar auk þessa til þess að þó V hafi gert samninga við verkstæði um kostnað vegna bifreiðaviðgerða geti verðmyndun í slíkum samningum ekki haggað þeirri byrði sem hvíli á V um að sína fram á að kostnaður við viðgerð á bifreið M hafi ekki falið í sér raunverulegt tjón.

V bendir á að bifreiðaverkstæðið B sé ekki með CABAS-samning við V og þegar ljóst var að samningar myndu ekki nást milli B og V hafi V upplýst B „... um það að *tjónþolum væri frjálst að leita til verkstæðis án samnings með viðgerðir sem greiða á úr ábyrgðartryggingu ökutækis sem váttryggt hjá félaginu.*“ Einnig bendir V á að það hafi lagt ríka áherslu á að upplýsa B um stöðu tjónþola í þeim tilvikum þannig að B hafi verið upplýst um að „...*tjónþoli þurfi að sanna tjón sitt og geta lagt fram fullnægjandi gögn þar um, s.s. ítarlegt tjónamat, myndir af verkferli, reikninga fyrir viðgerð, kvittun fyrir greiðslu og undirnotur vegna efniskaupa.*“ V myndi síðan leggja sjálfstætt mat á viðgerð á grundvelli þeirra gagna og greiða bætur í samræmi við meðaltaxta CABAS verkstæða á viðkomandi starfsvæði. V telur sig einnig hafa upplýst B um tjónstakmörkunarskyldu tjónþola og þannig að tjónþoli gæti ekki ákveðið að leita til verkstæðis sem honum sé kunnugt um að rukki hærra tímagjald en venjubundið sé á því svæði sem viðgerð fer fram á. Þannig telur V að það hvíli sú skylda á B að upplýsa þá viðskiptavini sem leita til B með viðgerðir á tjónþónsuppgjörsmiðstöðlum um þetta í samræmi við leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu, sbr. 6. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000.

V telur ósannað að M hafi greitt reikning til B vegna viðgerðar á bifreið sinni og þannig sé tjón hennar ósannað. Í öðru lagi telur V að samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar hvíli sú skylda á M sem tjónþola að takmarka tjón sitt og leita á verkstæði sem rukki einingaverð sem sé í samræmi við það sem „eðlilegt og venjulegt“ sé á því svæði sem verkstæði sem hún leitaði á sé staðsett. Þannig sé reikningur frá B um 25% hærri en m.v. meðaltaxta og M hafi borið að takmarka tjón sitt um það. Einnig bendir V á að M hafi verið meðvituð um að V myndi að hámarki greiða bætur í samræmi við meðaltaxta CABAS-verkstæða á viðkomandi starfssvæði, en fjöldi slíkra verkstæða séu nálægt B og því auðvelt fyrir M að takmarka tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdom M kemur fram að útgefinn reikningur B til M varðandi kostnað við viðgerð á bifreið hans sýni raunverulegan viðgerðarkostnað og þar með það tjón sem M mátti gera ráð fyrir að væri eðlilegur viðgerðarkostnaður. M telur sig ekki hafa verið með nokkrum hætti skuldbundin til að leita viðgerðarþjónustu hjá öðrum viðgerðaraðila og ekki skipti máli hvaða samninga V geri við slíka aðila. M bendir á að hún sem einstaklingur og almennur neytandi hafi ekki haft þekkingu á hvernig vátryggingafélög og viðgerðaraðilar hafi hagað sinnis samningagerð. Einnig vísar M til umfjöllunar á bls. 6 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 þar sem fjallað sé um undanþágu vegna starfrækslu CABAS-tjónamatskerfis. Þar komi fram að samstarf um kerfið eigi ekki að ná til verðs og hamli ekki samkeppni milli verkstæða. Auk þessa telur M að þó fjöldi verkstæða hafi verið staðsettur á svipuðum slóðum og B hafi M ekki getað gert sér grein fyrir verðum á svæðinu þegar hún leitaði til B. M telur sig því engan veginn bundna af samningum eða samningsleysi V við bifreiðaverkstæði.

Í viðbótarathugasemdom V er bent á að V telur að stimpill og áritun á reikning feli ekki í sér sönnun á greiðslu reikningsins, hann sé rafrænn og M hafi ekki sýnt fram á kvittun fyrir greiðslu reikningsins. Einnig áréttar V að rík upplýsingaskylda hvíli á B um stöðu tjónþola og í athugasemdom M sé því ekki mótmælt að B hafi upplýst M um stöðu mála. Þannig leggur V til grundvallar að M hafi verið upplýst um þau atriði og þannig borið að takmarka tjón sitt. Einnig vísar V til þess að efni ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 hafi ekkert með efni ágreinings M og V að gera heldur snúist hann um sönnun tjónþola á umfangi tjóns síns og tjónstakmörkunarskyldu.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur aðila um hvort M hafi sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni að fjárhæð kr. 148.948 kr. vegna viðgerðar á bifreið hans eftir árekstur við bifreiðina X hinn 27. september 2022. Af því sem kemur fram í gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé hvers eðlis það tjón sem varð á bifreið M í árekstrinum sé en ágreiningur sé um hvaða fjárhæð sé hægt að leggja til grundvallar sem tjón í skilningi skaðabótaréttar. Einnig verður ekki annað séð en að ágreiningslaust sé að sök á árekstri milli bifreiðanna X og bifreiðar M liggja hjá ökumanni bifreiðar X og að bótaskylda hafi verið viðurkennd að fullu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar X hjá V vegna tjónsatviksins.

M hefur framvísað reikningi frá bifreiðaverkstæðinu B til sönnunar þess tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir og á reikningnum er kvittað fyrir greiðslu hans af hálfu B. Ekki verður annað ráðið af þeim reikningi en að gert hafi verið við þær skemmdir sem sannanlega urðu við árekstur bifreiðar M við X hinn 21. febrúar 2022. Ágreiningur er hins vegar um fjárhæð bóta þar sem V telur að þær fjárhæðir sem B hafi lagt til grundvallar reikningi til M séu ekki í samræmi við meðalverð verkstæða á tilteknu svæði.

Ekki verður ekki séð af gögnum málsins að V hafi upplýst M um að mat V á tjóni bifreiðar M hafi verið bundið við tiltekna fjárhæð þegar tilkynning um bótaskyldu var send til M hinn 4. október 2022.

Meginreglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að tjónþoli eigi rétt á því að fá fullar bætur fyrir tjón sitt úr hendi þess sem skaðabótaskyldur er, en sömu meginreglur gera ráð fyrir því að tjónþola sé skylt að takmarka tjón sitt. Við mat á því hvort M hafi sinnt umræddri tjónstakmörkunarskyldu í þessu máli verður að líta til þess að V hefur ekki sýnt fram á að hafa upplýst M sérstaklega um áætlaða tjónsfjárhæð eða sýnt fram á að annað verkstæði hefði gert við bifreið M fyrir aðra fjárhæð en þá sem M hefur framvísað reikningi vegna. Ekki verður heldur séð að V hafi upplýst M eða aðra tjónþola sína um svokallaða CABAS-samninga sem V hefur gert við tiltekin bifreiðaverkstæði eða hvaða skilmálum þeir lúta eða hvað einingarverð voru þar lögð til grundvallar þannig að M gæti sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni með afgerandi hætti.

Verður tjónstakmörkunarskylda M ekki túlkuð með það víðtækum hætti að hún hafi mátt vita að reikningur sá sem útgefinn var í nóvember 2022 vegna viðgerðar á bifreið hennar væri hærri en almennt mátti gera ráð fyrir vegna sambærilegra viðgerða. Engin gögn liggja heldur fyrir um fjárhæðir í sambærilegri viðgerð. Verður V að bera hallann af slíkum sönnunarskorti í ljósi þess að V hefði verið í lófa lagið að leiðbeina tjónþolum með skýrari hætti varðandi tjónstakmörkunarskyldu sína. Þeirri skyldu getur V ekki varpað yfir á B.

Réttur M til skaðbóta byggir á meginreglum skaðabótaréttar og telst M, með framlögðum gögnum, hafa sýnt fram á að hún varð fyrir tjóni að fjárhæð kr. 148.948 kr. sem fæst bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M rétt til bóta að fjárhæð 148.948 kr. úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 22. ágúst 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 188/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 19. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 16. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. júní 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur á Kjalarnesi hinn 20. apríl 2023 milli bifreiðanna A sem M ók, og B. Áreksturinn varð með þeim hætti að ökumaður A hafði lagt bifreið sinni út í vegkanti, hægra megin við veginn en ökumaður B ók á eftir. Er ökumaður B var kominn upp að hlið bifreiðarinnar A, tók ökumaður þeirrar bifreiðar snögglega vinstri beygju með þeim afleiðingum að árekstur varð. Í framburði ökumanns A kveðst hann hafa ekið Vesturlandsveg til suðurs, stöðvað bifreið sína í vegkanti, litið í alla spegla til þess að athuga hvort umferð væri nálæg. Kveðst ökumaður A hafa séð til bifreiðarinnar B fyrir aftan sig en talið að hún væri í nógu mikilli fjarlægð til þess að taka vinstri beygju inn á afleggjarann að Vallá en svo reyndist ekki vera. Ökumaður B kveðst hafa séð hvernig bifreiðinni A var lagt út í vegkanti hægra megin við veginn og er hann hafi verið að aka framhjá bifreiðinni og verið kominn við hlið hennar hafi henni verið ekið inn á akreinina. Kveðst ökumaður hafa ekið á 70 km/klst. hraða. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 236/23 að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum bar að veita allri umferð um Vesturlandsveg forgang. M sem er eigandi A er ósáttur við þá niðurstöðu. Telur hann að bifreiðinni B hafi verið ekið á meiri hraða en ökumaður gaf upp. Þannig hafi ökumaður A séð bifreiðina langt í burtu þegar hann gaf stefnuljós til að beygja/snúa við og metur það á þann hátt að hann eigi að geta snúið við áður en bifreiðin kæmi nær. Árekstrarstaður hafi verið merkt vinnusvæði þar sem gæta skuli varúðar. Óskar M þess að fá skýrari mynd af atvikinu.

V1 skilar ekki athugasemdum í málinu.

Afstaða V2 er sú að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er hann ók af stað frá vegbrún frá hægri vegöxl, inn á Vesturlandsveg og í veg fyrir bifreiðina B. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að háttsemi ökumanns B heri verið til þess fallin að valda umræddum árekstri.

Álit.

Rétt er að taka það fram að nefndin rannsakar ekki mál sem lögð eru fyrir nefndina, heldur byggir úrskurði sína á lagareglum, stjórnvaldsfyrirmælum, venju, fordæmum og öðrum réttarheimildum svo sem samningum aðila og öðrum fyrirbyggjandi gögnum sbr. 1. mgr. 10. gr. samþykka nefndarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Fyrir liggur að ökumaður A ók bifreið sinni út á Vesturlandsveg frá vegöxl í veg fyrir bifreiðina B sem ekið var eftir Vesturlandsvegi í átt að Reykjavík. Án frekari gagna, svo sem vitnisframburða eða sérstaks hraðaútreiknings, er ekki hægt að byggja á því að ökumaður B hafi ekið of hratt á vettvangi. Vitni sem gaf sig fram á vettvangi og V1 aflaði framburðar frá getur ekki til um hraðaksturs bifreiðarinnar B. Verður ökumaður A því að bera hallan af sönnunarskorti um of hraðan akstur ökumanns B eða að háttsemi hans hafi brotið í bága við ákvæði umferðarlaga eða fyrirmæli á vettvangi. Öll sök á ökumann A fyrir að hafa ekið inn á Vesturlandsveg af vegöxl í veg fyrir bifreiðina B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 189/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Rekstrarstöðvunartrygging****Fjárhæð tjóns. Samþykktir nefndarinnar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júlí 2023, ásamt minnisblaði Deloitte dags. 26. apríl 2023.
3. Athugasemdir M við bréf V dags. 8. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bruni varð í húsnæði M hinn 22. janúar 2023 og stöðvaðist rekstur M við það til 17. maí 2023.

M telur að bæta eigi rekstrarstöðvunartjón sitt með greiðslu kr. 19.871.655 króna og byggir sú krafa á bótatíma og váttryggingarfjárhæð í váttryggingarskírteini. M bendir á að heildarváttryggingarfjárhæð í váttryggingarskírteini hafi verið 63.070.753 kr. sem séu 172.797 krónur á dag og að tímabil rekstrarstöðvunar hafi verið 115 dagar. Til viðbótar krefst M þess að greiddar séu bætur vegna tímabils sem á eftir kemur til loka bótatíma 22. janúar 2024 í samræmi við váttryggingarfjárhæð að frádreginni raunframlegð. M telur að með því að ákveða váttryggingarfjárhæð með þeim hætti sem V hafi gert hafi verið litið framhjá sammingsbundinni bótafjárhæð milli M og V og ekki sé heimilt skv. váttryggingarskilmálum eða lögum að reikna tjón M út með þeim hætti sem V hefur gert. Einnig vísar M til réttar til hlutagreiðslu skv. 48. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og vaxta skv. 50. gr. sömu laga.

V bendir í fyrsta lagi á að óumdeilt sé að bótaréttur sé fyrir hendi úr rekstrarstöðvunartryggingu skv. 1. gr. váttryggingarskilmála. Ágreiningur málsins snúist hins vegar um fjárhæð bóta og varði hann fjárhæð sem er yfir 5.000.000 króna þannig að samþykki V þurfi til úrskurðar nefndarinnar um ágreininginn, sbr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar. Slíkt samþykki veiti V ekki og þannig eigi að vísa málinu frá nefndinni. Í öðru lagi, ef ekki er fallist á að málinu sé vísað frá telur V að greiddar bætur til M að fjárhæð 4.126.000 krónur séu fullnaðarbætur í samræmi við ákvæði váttryggingarskilmála. V vísar til þess að bótafjárhæðin taki mið af rekstrartapi og óhjákvæmilegum aukakostnaði M vegna rekstrarstöðvunar, sbr. ákvæði í váttryggingarskilmálum í gr. 1.1. Fjárhæðin sem greidd var sé byggð á mati Deloitte á líklegu tapi árið 2023 og við það mat hafi verið miðað við upplýsingar um rekstur M á árunum 2021 og 2022. Einnig bendir V á að tilgreind váttryggingarfjárhæð í váttryggingarskírteini sé hámarksfjárhæð bóta, sbr. orðskýringu í 17. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig bendir V á ákvæði í gr. 7.1-7.7 í váttryggingarskilmálum vegna útreikninga tjóns.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram gagnrýni á afstöðu V varðandi það að málið heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar þar sem V hafi fengið viðbótarfrest til að skila umsögn um málskot M og fyrst eftir það hafi V haldið því fram að ágreiningurinn ætti ekki að fá afgreiðslu hjá nefndinni. Einnig vísar M til þess að frávisunarástæður sem tilgreindar séu í 4. gr. samþykktar fyrir nefndina nái ekki til málsins. Einnig vísar M til þess að í 29. gr. váttryggingarskilmála V sé vísað til þess að hægt sé að skjóta málum til nefndarinnar og að V sé aðili að stofnun nefndarinnar auk þess sem lögfræðingur V sé varamaður í nefndinni. Einnig ítrekar M fyrri röksemdir um að váttryggingarskilmálar veiti V ekki heimild til að reikna framlegð M einhver ár aftur í tímann og finna þannig bótafjárhæð sem V hugnist að greiða.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort úrskurðarnefnd í váttryggingamálum geti tekið ágreining M og V til úrskurðar skv. samþykktum sem gilda um nefndina og birtar eru á vefsvæðinu www.nefndir.is

Hvað varðar samþykktir nefndarinnar kemur fram í 3. gr. hvert starfssvið nefndarinnar sé. Í 3. mgr. 3. gr. segir: „Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki

kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000.“ Í b.lið 4. gr. sömu samþykktá segir síðan að nefndin fjalli ekki um „ágreining sem ekki heyrir undir starfssvið nefndarinnar.“

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að bótakröfur M í málinu séu vel umfram 5.000.000 króna og verður því skv. tilvitnuðu ákvæði 3. mgr. 3. gr. samþykktá nefndarinnar að liggja fyrir samþykki varnaraðila (V) fyrir því að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæð. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 4. júlí 2023 kemur fram að V samþykki ekki að ágreiningur varðandi fjárhæð bóta milli M og V verði til umfjöllunar hjá nefndinni.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er bundin af samþykktum sínum og getur ekki farið út fyrir starfssvið nefndarinnar eins og það er tilgreint í sömu samþykktum. Verður því að vísa þessu máli frá nefndinni með vísan til b. liðar 4. gr. samþykktá nefndarinnar.

Nefndin bendir þó á að mikilvægt er fyrir neytendur að fá skýrar upplýsingar um rétt sinn af hálfu varnaraðila og þegar ágreiningur er um bótafjárhæð umfram 5.000.000 króna vegna váttryggingarsamnings milli varnaraðila og váttryggingartaka almennt. Verður að taka undir með M að eðlileg tillitsemi við viðskiptavini felur í sér að afstaða varnaraðila til þess hvort hægt sé að fjalla um slíkan ágreining fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum liggja fyrir sem fyrst eða þegar slíkur ágreiningur kemur upp, en ekki nokkrum vikum eftir að váttryggingartaki hefur vísað máli til nefndarinnar.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 190/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Eigin áhætta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30. maí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. júní 2023.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi, með ódagsettri tjonstilkynningu, tilkynnt um tjon í kaskótryggingu A hjá V. Kemur þar fram að M hafi allt í einu tekið eftir skemmdum á bifreiðinni aftanverðri en viti ekki hvernig eða hvenær tjonnið hafi atvikast. Hinn 18. mars 2023 varð svo árekstur milli A og bifreiðarinnar B, og var það tjon metið bótaskyrt úr ábyrgðartryggingu B. Samkvæmt afsali dags. 11. apríl 2023 keypti V bifreiðina A af M í kjölfar þess áreksturs.

Í málskoti kvartar M undan því að V krefjist greiðslu eigin áhættu að fjárhæð 97.000 kr., vegna fyrrnefnda tjónsins, þrátt fyrir að það hafi aldrei verið bætt. V hafi leyst til sín bifreiðina og hafi hún verið seld V í því ástandi sem hún var, og hafi verið hennar miðað við ástand bifreiðarinnar eftir tjonnið sem bótaskyrt var úr kaskótryggingu hennar. Hefði viðgerð farið fram hefði kaupverð bifreiðarinnar enda verið herra. Gerir M því kröfu um að það fyrir nefndinni að úrskurðað verði um að V eigi ekki rétt á að krefjast greiðslu sjálfsábyrgðar.

Í bréfi V kemur fram að tjon á framhluta A hafi verið bótaskyrt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu B hjá V enda hafi ökumaður þeirrar bifreiðar borið alla ábyrgð á árekstri aðila hinn 18. mars 2023. Það tjon og tjonnið á afturhluta bifreiðarinnar, sem hafi verið bótaskyrt úr kaskótryggingu A, hafi saman leitt til þess að viðgerðarkostnaður hafi verið umfram verðmæti bifreiðarinnar. Á þeim grundvelli hafi V keypt A af M. Sé því ljóst að M hafi nýtt kaskótryggingu A og beri honum að greiða eigin áhættu til samræmis við skilmála váttryggingarinnar en þar komi fram að tryggður beri eigin áhættu, sem tilgreind sé í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, vegna hvers tjóns.

Álit.

Gögn þessa máls eru nokkuð takmörkuð. Þannig kemur t.a.m. ekki fram hvenær V veitti hinni ódagsettu tjonstilkynningu móttöku eða hvaða afgreiðslu krafa M fékk í kjölfarið. Liggur þá ekkert fyrir um umfang þess tjóns, sem M segir að hafi atvikast á „vormánuði 2022“. Hins vegar virðist óumdeilt að uppgjör þess eða viðgerð hafi ekki farið fram áður en V keypti bifreiðina skv. fyrirleggjandi afsali. Í afsalinu kemur fram að ökutækið seljist í núverandi ástandi sem V hafi kynnt sér og sætti sig við. Þá kemur þar fram að ökutækið sé skemmt eftir umferðaróhapp og sé ekki haldið neinum galla umfram tjonnið. Umsamið kaupverð sé þá kr. 2.300.000 kr. Engin frekari gögn liggja fyrir nefndinni um uppgjör aðila eða hvernig umsamið kaupverð var ákvarðað. Þá er ekkert í texta afsalsins eða öðrum málgögnum sem sýnir fram á að um uppgjör vegna tjóns sem bótaskyrt er úr kaskótryggingu sé að ræða og er aðeins talað um „umferðaróhapp“ í eintölu í afsali. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður því ekki annað ráðið en að bótauppgjör vegna þess tjóns sem M tilkynnti um með ódagsettri tjonstilkynningu hafi ekki farið fram og að kaupverð bifreiðarinnar hafi miðast við ástand hennar, þ.m.t. hugsanlegt tjon. Verður V, eins og mál þetta horfir við nefndinni, að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar, enda verður að líta svo á að félaginu hefði verið í lófa lagið að færa fram frekari gögn máli sínu til stuðnings og upplýsa nánar um hvað lá að baki kaupum á A og mati á kaupverði hennar.

Niðurstaða.

V á ekki rétt á að krefja M um greiðslu eigin áhættu vegna kaskótryggingar A.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 192/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Slyshugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. júní 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. júní 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 17. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að föstudaginn 1. október 2021 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var að loka hurð á vagni, hurðin hitti ekki í falsið og skall harkalega til baka og lenti á hægri öxl M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Hafi hann strax á mánudeginum eftir slysið átt samtalið við yfirmann sinn og greint honum frá slysinu. Nokkrum dögum síðar eða þann 13. október 2021 leitaði M til læknis og er getið um slysið í sjúkraskrá heilsugæslunnar. Eftir þetta hafi hann farið endurtekið til læknis vegna meiðslanna. Vegna líkamstjóns síns krafðist M bóta úr slysáttryggingu launþega X hjá V sem hafnaði bótaskyldu þann 16. júní 2022 á grundvelli þess að ósannað væri að slysið hefði átt sér stað auk þess sem atvikið uppfyllti ekki skilyrði slyshugtaks skilmála tryggingarinnar.

M byggir á því að fyrirbyggjandi gögn staðfesti að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi þann 1. október 2021. Til að mynda hafi Sjúkratryggingar Íslands staðfest bótaskyldu með bréfi dags. 17. ágúst 2022. Þá eru fyrirbyggjandi tölvupóstsamskipti M við yfirmann sinn hjá X þar sem M vísar til samtala um vinnuslysið. Yfirmaður M þverturk hins vegar fyrir að hafa átt samtöl við M vegna slyssins og byggir M á því að það svar sé mjög ótrúverðugt í ljósi gagna og upplýsinga í málinu. Þá mótmælir M því einnig að atvikið uppfylli ekki skilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar, enda ljóst að skyndilegur og utanaðkomandi atburður olli slysinu, þ.e. vagnhurð sem skall skyndilega til baka og lenti með höggi á öxl hans.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysáttryggingu launþega í fyrsta lagi þar sem V telur ósannað að slys hafi orðið og í öðru lagi að ef slysið teljist sannað þá uppfylli það ekki skilyrði slyshugtaksins samkvæmt skilmála tryggingarinnar. Vísar V til þess að meint slys hafi verið tilkynnt til félagsins rúmum fjórum mánuðum eftir að það varð og að X sem vinnuveitandi M hafi ekki staðfest að atvikið hafi átt sér stað. Engin vitni hafi verið að atvikinu og M leitaði ekki til læknis fyrr en tveimur vikum eftir meint atvik. V telur með vísan til þess sem fram kemur í sjúkraskrárfærslu dags. 13. október 2021, að ekki sé um slys í skilningi skilmála váttryggingarinnar að ræða. Í færslunni segir: „Illt í hæ öxl nú en fór í aðg f nokkrum árum, slitið í öxlinni. Náði bata en nú komið bakslag, var að loka hurð á flutningtjónsuppgjörsmiðstöð og fann til og verið slæmur í nokkra daga. Erfið líkamleg vinna á flutningtjónsuppgjörsmiðstöð.“ Að mati V var ekki um utanaðkomandi atburð að ræða, heldur meiðsli sem hafa átt sér stað innan líkama hans.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því í fyrsta lagi hvort sýnt þyki að M hafi orðið fyrir líkamstjóni á vinnustað sínum hjá X þann 1. október 2021 og í öðru lagi ef sannað þykir að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni, hvort um sé að ræða slys í skilningi váttryggingaskilmála slysáttryggingar launþega hjá V. Af fyrirbyggjandi sjúkragögnum má ráða að M er með langa sögu um meiðsli í hægri öxl og fór hann í aðgerð á öxlinni árið 2012. Engin vitni voru að hinu meinta atviki og gegn neitun yfirmanns M hjá X, þá liggur ekki fyrir staðfesting á því að M hafi látið X vita af því. Samkvæmt gögnum X var M ekki fjarverandi frá vinnu næstu daga þar á eftir. Fyrir liggur að hann leitaði til læknis þrettán dögum eftir líkamstjónið og má af færslu í sjúkraskrá þann dag að M hafi líklega lent í einhverju atviki á vinnustað nokkrum dögum áður en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrðina fyrir því með hvaða hætti tjónsatvikið varð þ.e. að um slys í skilningi váttryggingarskilmála hafi verið að ræða. Í 2. gr. váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að

um sé að ræða „...skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.“ Eins og fyrr segir var M með fyrri sögu um meiðsli á hægri öxl. Færsla í sjúkraskrá styður ekki þá frásögn hans að líkamstjónið megi rekja til utanaðkomandi atviks og eru meiðslin þess eðlis að allt eins líklegt er að líkamstjónið megi rekja til innra ástands M. Með hliðsjón af öllum gögnum hefur M ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í skilningi skilmálaákvæðis V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 193/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10 júlí 2023.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M dags. 3. febrúar 2023 til V kemur fram að M kveðst hafa slasast við akstur á ökutækinu X, sem er svokallaður buggy-bíll, seint að kvöldi hinn 27. janúar 2023. M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið að prófa umræddan buggy-bíl þegar bíllinn hafi runnið til í snjó og hálfu og stoppað snögglega á þurru svæði og við það farið yfir á vinstri hlið. Þegar bíllinn hafi varið á hliðina hafi M haldi utan um vinstri hurð og klemmst á milli járnstangar við hurð og götu og hlotið af því opið beinbrot á handlegg. Í skriflegri yfirlýsingu móður M, dags. 27. mars 2023 kemur fram að hún hafi sótt M um miðnætti 27. janúar 2023 á tiltekinn stað þar sem hann hafi sagt henni að hann hafi verið að aka buggy-bílnum X í hálfu með þeim afleiðingum að bíllinn valt og vinstri hendi hans hafi orðið á milli veltigrindar á bílnum og götunnar. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að móðir M hafi ekið M á bráðamóttöku og farið síðan ásamt öðrum syni sínum til að færa buggy-bílinn og hafi þau þurft að velta bílnum með kaðli sem festur var í þann bíl sem hún ók til að koma honum á réttan stað. Einnig liggur fyrir afrit staðfestingar á móttöku tjónstilkynningar frá V dags. 3. febrúar vegna tjóns á ökutækinu X og að það tjón hafi aðallega verið á vinstri hlið bílsins.

Í lækisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað á bráðamóttöku um miðnætti 27. janúar 2023 og haft er eftir honum að hann hafi fengið þunga járnstöng á vinstri framhandlegg. Í sömu gögnum kemur fram að staðsetning slyssins hafi verið íbúðarsvæði innan dyra. Í frekari lækisfræðilegum gögnum er haft eftir M að hann hafi dottið og fengið einhverja þunga stöng yfir sig, eða þungt járn. Einnig kemur fram í síðar tilkomnum gögnum að M hafi óskað eftir leiðréttingu á lýsingu atvika í lækisfræðilegum gögnum þannig að hann hafi lent í tjóni á buggy-bíl.

M hefur gert kröfu um greiðslu bóta úr slysátryggingu ökumanns ökutækisins X og telur gögn málsins sýna og staðreyna að M hafi slasast við akstur ökutækisins X hinn 27. janúar 2023. M vísar til þess að hafa verið staddur á verkstæði eiganda X að kvöldi og þar sem hann hafi áður fengið vilýrði um að prófa að aka X hafi hann eftir vinnu sína ákveðið að gera það. M hafi verið búinn að aka í um 30 mínútur þegar hann velti X á lóð eða bílplani. M vísar til lýsingar í lækisvottorði bæklunarlæknis sem og yfirlýsingar móður sinnar sem hafi sótt hann eftir slysið og ekið á bráðamóttöku. Einnig vísar M til þess að við komu á bráðamóttöku hafi hann verið í miklu áfalli auk þess sem hann hafi fengið morfín og þannig ekki munað hvað hann sagði við lækna um atvik sem leiddu til þess opna beinbrots sem M greindist með á bráðamóttökunni. Einnig vísar M til þess að eigandi X hafi tilkynnt um tjón á ökutækinu til V hinn 3. febrúar 2023. M vísar til þess að frásögn hans sjálfs beri að leggja til grundvallar við sönnun atvika en lýsingar um að þung járnstöng hafi lent á vinstri handlegg M séu í samræmi við að veltigrind X hafi lent á handlegg hans.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að það sem haft sé eftir M um atvik slyss hans í lækisfræðilegum gögnum frá bráðamóttöku bendi ekki til þess að hann hafi lent í slysi vegna ökutækis heldur hafi hann fengið járnstöng yfir sig við vinnu. Ekki hafi borist samtímagögn til V um atvik slyss M, ekki hafi verið kallað til lögreglu og ekki hafi V borist gögn sem staðfesti munatjón á bifreiðinni X. Þannig telur V að ósannað sé að M hafi hlotið líkamstjón af völdum notkunar ökutækisins X.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sönnun atvika varðandi líkamstjón M hinn 27. janúar 2023 en óumdeilt er a M leitaði á bráðamóttöku seint að kvöldi með opið beinbrot á vinstri hendi. Í fyrstu lækisfræðilegu gögnum eru hafðar eftir M lýsingar á atvikum þar sem ekki er minnst sérstaklega á að hann hafi verið

að aka buggy-bíl. Þær lýsingar fela þó í sér að M hafi fengið þunga járnstöng á handlegg. M gerði reka að því að leiðrétta lýsingu á atvikum í læknisfræðilegum gögnum eftir að hann var búinn að tilkynna V um tjón sitt og lýsa þar atvikum þannig að um hafi verið að ræða tjón af völdum notkunar ökutækisins X. Einnig liggur fyrir sjálfstæð tjónstilkynning af hálfu eiganda X vegna munatjóns á ökutækinu í greint sinn og lýsing móður M á því hvernig hún sótti M á slysstað og fór síðan aftur til að velta við bílnum X sem hafi á verið á vinstri hlið. Þetta samræmist þeim atvikum sem M lýsir sjálfur í tjónstilkynningu sinni til V dags. 3. febrúar 2023 eða rétt um viku eftir atvikið.

Við mat á sönnunargildi gagna verður að líta til þess hvernig M lýsir sjálfur atvikum. Það sem ritað er í sjúkraskrá af lækni felur í sér það sem lækirinn telur nauðsynlegt til meðferðar en ekki til að upplýsa sérstaklega um atvik. Í ljósi þessa og eðli áverka M verður ekki talið sannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til annars en þess að hann velti ökutækinu X með þeim afleiðingum að vinstri handleggur lenti á milli veltigrindar úr járn og götunnar sem sú grind lenti á. M telst því eiga rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 194/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. júní 2023, ásamt myndum af ökutæki og upplýsingum um fjárhæð tjóns.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. júní 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið X var ekið í hlið bifreiðar sem M ók hinn 16. febrúar 2022. Líkamstjóns er ekki getið í tjónstilkynningu vegna árekstursins en í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M leitaði til læknis þremur dögum síðar vegna einkenna sem hún kveður hafa komi fram tveimur dögum síðar í hægri síðu, hægri öxl og hálsi hægra og vinstra megin sem versni við höfuðsnúning í allar áttir. M fékk ávísað verkja- og bólgueyðandi lyfjum og leitaði læknis vegna óþæginda í maga seinna sama vor sem mögulega var hægt að tengja við töku bólgueyðandi lyfja. Einnig liggja fyrir upplýsingar um fleiri komur M til heilsugæslu, að M hafi sótt sjúkráþjálfun og samtalsmeðferð sem og hverjar afleiðingar umferðarslysa á árinu 2017 voru skv. matsgerð dags. 18. maí 2019, auk tekjuupplýsinga skv. skattframtölum. Einnig liggur fyrir svokölluð PC-crash skýrsla frá V, en niðurstaða hennar er að um svokallaðan lágorkuárekstur hafi verið að ræða.

M telur að hún eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V og bendir á að ekki sé hægt að byggja höfnun bótaskyldu á PC-crash útreikningi einum og sér enda sé um að ræða sönnunargögn sem V aflaði einhliða, auk þess sem dómaframkvæmd bendi til að ekki sé hægt að leggja að jöfnu tjón á bifreið og líkamstjón einstaklinga. Einnig vísar M til upplýsinga í læknisfræðilegum gögnum um að M hafi þurft að draga úr vinnu vegna afleiðinga líkamstjónsins. Einnig vísar M til þess að hún hafi náð sér að fullu eftir umferðarslys á árinu 2017 áður en það atvik sem varð hinn 16. febrúar 2022 átti sér stað.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl milli áreksturs og líkamstjóns M ósönnuð. V telur að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og vísar um það til PC-Crash skýrslu og þess að M hafi ekki lagt fram gögn sem rengr niðurstöðu skýrslunnar auk þess sem M hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum við vinnslu hennar. Einnig vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og úrskurða nefndarinnar. Auk þessa bendir V á að einkenni þau sem M lýsir hjá læknum eftir áreksturinn 16. febrúar 2022 séu svipuð einkennum sem M hafði eftir umferðarslys á árinu 2017. V bendir einnig á að sönnunarbyrði hvíli á M varandi sönnun orsakatengsla og hallinn af slíkum sönnunarskorti falli á M. Einnig telur V að ágreiningur málsins snúist ekki um skilyrði bótaskyldu heldur það hvort V beri að greiða fyrir gagnaöflun áður en matsgerð liggur fyrir.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 16. febrúar 2022 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða fyrir gagnaöflun til mats á fjárhæð líkamstjóns M.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis þremur dögum eftir umrætt tjónsatvik. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V þó V hafi látið M vita af gerð hennar, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna.

Þau gögn sem liggja fyrir um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna sýna að M lýsir svipuðum líkamlegum einkennum og hún hafði áður glímt við vegna umferðarslysa á árinu 2017, en matsgerð dags. 18. maí 2019 sýnir að vegna annars þeirra voru afleiðingar metnar varanlegar. Ekki kemur nægilega skýrt fram í fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum hvernig núverandi einkenni tengjast fyrri einkennum eða fullnægjandi upplýsingar um fyrri heilsufar þannig að hægt sé að meta hvort

einkenni M nú tengist eingöngu árekstrinum 16. febrúar 2022. Ekki liggur fyrir vottorð frá sérfræðingi eða sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar eða annað sem bendir til þess að meiri líkur en minni séu á því einkenni M nú sé hægt að rekja til téðs áreksturs. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirbyggjandi gögnum, er vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta, t.d. sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 195/2023**Nafn málskotsaðila (M):****Nöfn varnaraðila (V): V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Akreinaskipti.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 2. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 21. júlí 2023.
3. Bréf V1 dags. 10. ágúst 2023.
4. Ódags. viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 27. október 2022, varð þann sama dag árekstur milli bifreiðanna A, sem er í eigu M en X ók umrætt sinn, og B, í Ártúnsbrekku til móts við Sævarhöfða. Er í skýrslunni haft eftir ökumanni X að hann hafi skipt um akrein fyrir framan flutningabifreiðina B. Hann hafi þá nánast strax orðið að hægja á A þar sem mjög hratt hafi hægst á umferðinni fyrir framan. Stuttu seinna hafi B verið ekið aftan á A. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi verið nýlega byrjaður að hægja á aksturshraða en hann hafi verið um 75 kílómetrar á klukkustund fyrir. Hann hafi tekið seint eftir A sem kom frá hægri og hafi reynt að stöðva en það ekki tekist.

Samkvæmt því sem segir í málskoti var ágreiningi um sakarskiptingu vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök á árekstri bifreiðanna hvíldi á A sem hefði skipt um akrein í veg fyrir umferð. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur að B beri sök á árekstrinum, en til vara skuli sök skipt að jöfnu. Vísar M í málskoti og viðbótarathugasemdum sínum til þess B, sem sé auk þess atvinnubílstjóri, hafi borið skylda til að auðvelda umferð af aðrein inn á akreinina. Hafi vanræksla á því leitt til þess ökumaður A þurfti að aka niður alla aðreinina áður en færi gafst á að aka inn á Vesturlandsveg. Þá hafi B, þrátt fyrir að vera á stórum bíl og með gott útsýni, ekki veitt A athygli sem bendi til þess að hann hafi virt að vettugi umferð frá aðreininni og þar með vanrækt lögbundnar skyldur sínar og ekki verið með fulla athygli á akstrinum. Ökumaður A hafi hins vegar farið rétt að öllu, ekið á löglegum hraða, gefið stefnumerki til marks um fyrirætlan sína og nýtt sér fyrsta mögulega tækifærið til að aka inn á Vesturlandsveg frá aðrein við Bíldshöfða.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er vísað til framburðar ökumanns B í framangreindri skýrslu. Er afstaða V2 sú að X hafi brotið gegn áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 svo og 1. másl. 3. mgr. 20 gr. sömu laga er hann skipti um akrein í veg fyrir B sem hafi reynt að hemla og afstýra árekstri.

Álit.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra. Er í skýrslu Aðstoðar og öryggis haft eftir X að hann hafi skipt um akrein fyrir framan B og nánast strax hafi hann þurft að hægja ferðina þar sem hægt hafi mjög hratt á umferðinni fyrir framan A og B. Þá er haft eftir ökumanni B að hann hafi reynt að stöðva bifreiðina en það ekki tekist. Af þessu má ráða að X hafi, áður en hann skipti um akrein, ekki gengið nægilega úr skugga um að það hafi verið unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi og að hann hafi með akreinaskiptunum tekið upp hemlunarvegalengd B, sem er stór og þung bifreið. Þá er ekki sýnt fram á að ökumaður B hefði getað brugðist við þessum aðstæðum með öðrum hætti og verður ekki séð að orsakatengsl séu milli meintrar vanrækslu hans á að auðvelda umferð af aðrein inn á akreinina, sbr. síðari másl. 3. mgr. 20. gr. umferðarlaga, og árekstursins.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 196/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: V1 og V2****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Fjárhæð tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags 27. júní 2023.
3. Bréf V1 dags. 12. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið á bifreið M, B, þar sem hún var kyrrstæð í bifreiðarstæði. Eftir að tilkynnt hafði verið um tjónið á B hafi V spurt M út í eldra tjón á bifreiðinni og M svarað því til að hann hefði keypt bifreiðina með ákomum á sömu hlið og A hefði rekist á. V hafi þá hafnað bótakröfu hans á grundvelli þess að fyrra tjón á B hefði verið bætt. M segir í málskoti að skemmdirnar af völdum A séu á sömu hlið og eldri ákomur en um sé að ræða nýjar skemmdir, eldra tjón hafi falist í dældum en rispur séu nýjar. M byggir á því að hann eigi að fá nýtt tjón bætt óháð því hvort eldri ákomur séu á B.

Í bréfi V1 kemur fram að hinn 18. maí 2023 hafi orðið árekstur milli A og B, þannig að A var að beygja úr stöðureit og hafi hægra framhorn A stökist við vinstri afturstuðara B þar sem hún var kyrrstæð og mannlaus. Ökumaður A hafi samþykkt atvikalýsingu M í tjónstilkynningu og ákomu á stuðara en gert athugasemdir við skemmdir á vinstri hlið B sem hefðu ekki komið til við atvikið. V1 hafi samþykkt að um bótaskyld atvik væri að ræða en þegar tjónamat vegna B barst hafi réttung og málun á vinstri hlið B verið inni í því mati. Í kjölfarið hafi V1 tekið málið til frekari skoðunar og hafi þá komið í ljós að V2 hafi í tvígang greitt út bætur vegna tjóns á B, annars vegar vegna tjóns á vinstri hlið og hins vegar vegna tjóns aftan á B. Niðurstaða skoðunar Aðstoðar og öryggis á B hafi þá verið sú að það tjón sem varð af atvikinu hafi verið takmarkað við vinstra afturhorn B þar sem tjón hafi verið fyrir, en það sum sé orðið umfangsmeira en áður. V1 telji því að M hafi reynt að knýja fram frekari bætur en hann átti rétt á með því að krefjast bóta vegna dælda aftan við framhurð sem þegar hafi verið bættar. V2 hafi þá áður greitt bætur vegna skemmda á stuðara og þar sé búið að „bletta“ í skemmdir. Raunverulegt tjón M af atvikinu sé á sama stað á B og eldra tjón. Ljóst sé að ef V1 hefði samþykkt að viðgerð færi fram hefði M verið mun betur settur en fyrir tjónið enda hefðu þá ýmsar ákomur sem ekki tengist notkun A verið bættar auk þess sem tjón á þessum hluta bifreiðarinnar hafi þegar verið bætt af hálfu V2. Hafi M því ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna notkunar A.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Í viðbótarathugasemdum M segir að tjónið af völdum A felist í rispu vinstra megin á stuðara, rispu á afturhlið vinstra megin og rispu á hurðinni. M hafi keypt bifreiðina með dældum á vinstri hlið en fyrri eigandi hennar hafi orðið fyrir tjóni og fengið bótageiðslur frá V2 vegna þess. Hann hafi þá sjálfur fengið bætur frá V2 vegna tjóns á stuðara, en það hafi verið hægra megin, en ekki vinstra megin á stuðaranum. Þegar hann hafi farið með B í tjónamat hafi starfsmaður þar tekið ljósmyndir og sagst sjá um málið en M sjálfur hafi aldrei fengið neina skýrslu um tjónið. Þá hafi þjónusta V1 vegna málsins einkennst af samskiptaleysi og félagið byggi afstöðu sína á röngum forsendum.

Álit.

Í fyrirbyggjandi tjónstilkynningu M til V1 er lýst tjóni á aftanverðri vinstri hlið B og stuðara. Fylgja þá tilkynningunni ljósmyndir af annars vegar tjóni á vinstri hlið aftan við ökumannshurð og hins vegar vinstra megin á stuðara. Í athugasemdum ökumanns A kemur þá fram að hann sé sammála því að hann hafi skrapað stuðarann að aftan vinstra megin en að hann kannist ekki við dæld á vinstri hlið. Ágreiningslaust er í sjálfu sér að M eigi að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V1. Hins vegar eiga slíkar bætur að miða að því að tjónþoli sé eins settur, en ekki betur, og ef tjón hefði ekki komið til. Það hvílir þá á tjónþola að sýna fram á tjón sitt og umfang þess. Í fyrirbyggjandi skýrslu

Aðstoðar og öryggis kemur m.a. fram að á vinstra afturhorni B hafi verið bæði nýjar og eldri rispur, og að ljósmyndir sem teknar hafi verið af B í tengslum við eldra tjón sýni slíkar rispur auk þriggja dælda á vinstri hlið. Rispur á vinstri hlið B komi þá ekki heim og saman við umrætt atvik. Með hliðsjón af þessari skýrslu, svo og frásögn ökumanns A og atvikum árekstursins þykir mega byggja á að ekki sé sýnt fram á annað en að tjón á B vegna atviksins einskorðist við nýjar rispur á vinstra afturhorni. Fyrir liggur að V2 hefur þegar greitt M út bætur vegna tjóns aftan á bifreiðinni. Af ljósmyndum má þá sjá að „blettad“ hefur verið í eldri skemmdir nálægt þeim stað þar sem rispur eru á bifreiðinni vegna áreksturs við A þó fullnaðarviðgerð virðist ekki hafa farið fram. Þó tjón á B hafi þannig orðið umfangsmeira við atvikið er það því á stað sem tjón var á fyrir og hefur það tjón verið bætt. Færu viðgerð eða bótageiðsla af hálfu V1 fram verður því að fallast á að með því yrði M betur settur en ef tjón hefði ekki átt sér stað. Samkvæmt framansögðu verður að miða við að ekki hafi verið sýnt fram á frekara fjártjón sem rakið verði til notkunar A en þegar hefur verið bætt af hálfu V2. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 197/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Gildissvið váttryggingar. Slysahugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. júní 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 19. júní 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum þann 4. október 2022, er hann var að störfum fyrir X. Atvikum er lýst á þann hátt í málskoti að M hoppaði niður úr vinnuvél sem hann var að vinna á og lenti illa með þeim afleiðingum að hann fékk högg á bak og háls. Nokkrum dögum síðar hafi hann verið að þrífa bryggjugólf með kústi og skóflu og hafi versnað í baki við það og verkurinn farið að leiða niður í vinstri hnébót. Með bréfi dags. 24. maí 2023, hafnaði V bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega X á grundvelli þess að ekki yrði ráðið af gögnum málsins að meiðsli M hafi orsakast af utanaðkomandi áhrifum, heldur vegna innri veikleika M.

M mótmælir þeirri afstöðu. Utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslunum og hafi sá atburður verið lending þegar hann hoppaði úr vinnuvélinni. Ekki hafi verið sýnt fram á að eitthvað innan líkama M hafi valdið slysinu líkt og V heldur fram. Líkamstjón M megi rekja til þess að hann hafi lent illa við það að hoppa úr vinnuvél og sýnt sé fram á það í læknisfræðilegum gögnum málsins. Vísar M til dómaframkvæmdar máli sínu til stuðnings og þá sérstaklega dóma Hæstaréttar í málum nr. 467/1996, 412/2011, 128/2013 og 560/2017.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að greiðsluskyldu hafi verið hafnað þar sem atvikið uppfylli ekki skilyrði slysahugtaksins samkvæmt skilmála tryggingarinnar. Með orðinu slys í skilmála tryggingarinnar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án hans vilja. Til þess að um sé að ræða utanaðkomandi atburð þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarrás sem tjonþoli hefði almennt mátt reikna með. Ef engu slíku er til að dreifa skortir á að um utanaðkomandi atburð sé að ræða, enda ættu aðstæður almennt ekki að valda líkamstjóni. Ekki sé að sjá að eitthvað hafi valdið því að M fékk hnykk á bakið annað en höggið af fallinu, t.d. steinn eða óslétt undirlag. Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum málsins þyki ljóst að meiðsli M hafi átt sér stað innan líkama hans þegar hann hoppaði úr gröfu.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort líkamstjón það sem M varð fyrir þann 4. október 2022, megi rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka. Af fyrirliggjandi lýsingum af atvikinu má telja að M hafi lent illa er hann hoppaði úr vinnuvél og fengið við það högg á bak. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að utanaðkomandi atvik eða atburður hafi truflað þá atburðarrás er hann hoppaði úr vinnuvélinni. Verða meiðsli M því rakin til innra álags eða veikleika en ekki til utanaðkomandi atburðar. Fellur slíkt ekki undir gildissvið slysáttryggingar launþega eins og það er skilgreint með svokölluðu slysahugtaki í skilmála váttryggingarinnar en þar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Ekki er því um að ræða bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysáttryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 199/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot dags. 6. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 1. ágúst 2022, varð, hinn 31. júlí s.á., tjón á bifreiðinni A sem er í eigu M og hann ók umrætt sinn. Samkvæmt því sem haft er eftir M í skýrslunni var hann að aka Hjalteyrargötu á Akureyri til suðurs þegar hann missti skyndilega stjórn á A með þeim afleiðingum að hún hafnaði á húsi X við götuna. Kveður hann aksturshraða A hafa verið 70 til 80 kílómetra á klukkustund. Er þá haft eftir vitninu Y, sem var farþegi í A, að M hafi ekið á 130 til 140 kílómetra hraða og misst stjórn á A í beygju. Hinn 13. ágúst 2022 óskaði Y eftir því að breyta framburði sínum fyrir lögreglu enda gæti hún ekki staðið við fyrri framburð um ökuhraða þar sem hún hefði fengið kvíðakast í kjölfar atviksins og ruglað því saman við annað atvik sem hún hefði lent í. Ökuhraði A hafi, samkvæmt breyttum framburði Y, mögulega verið 90 til 95 kílómetrar á klukkustund skömmu áður en M missti stjórn á A. Á ljósmyndum lögreglu á vettvangi má m.a. sjá för eftir bifreiðina og brak úr henni í grasi vegkantar sem A virðist hafa verið ekið eftir í kjölfar þess að M missti stjórn á henni, og för sem sýna hvar bifreiðin fór af vegkantinum. Þá kemur fram að fyrstu hemlaförin eftir að M missti stjórn á bifreiðinni hafi verið um 121 metra frá þeim stað sem A hafnaði að lokum. Hemlunarför hafi einnig verið á grasi vestan við veginn. Þá er í ljósmyndaskýrslu lögreglu ljósmynd af förum eftir bifreiðina þar sem henni var ekið yfir innkeyrslu að lóð X. Þá má sjá af ljósmyndum að líknarbelgir sprungu úr og segir í skýrslu lögreglu að framrúða A hafi verið alsett sprungum eftir ákeyrsluna. Þá voru þrír hjólbardar A sprungnir, affelgaðir og að mestu leyti tættir upp eftir atvikið, samkvæmt því sem segir í lögregluskýrslu.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við atvikið og telji sig eiga rétt til óskertra bóta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A vegna tjónsins en að V hafi hafnað bótaskyldu að fullu með vísan til 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og 9. gr. sameiginlegra skilmála enda teldi það M hafa valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi. M telur skilyrði framangreinds lagaákvæðis ekki uppfyllt og því sé bótaskerðing ekki heimil. M hafi ekið á ca. 70 kílómetra hraða á klukkustund. A sé þá sýningarbifreið og hafi hún verið á sýningarfelgum sem séu mun viðkvæmari og hættara við skemmdum en venjulegum felgum. Þá hafi A verið búin fjöðrunarkerfi sem gerði það að verkum að hún lá lægra við veginn. Þegar bifreiðin skoppaði upp úr djúpum hjólförum á veginum hafi M því misst stjórn á henni, og hafi bifreiðin farið utan í og yfir vegkant sem hafi eyðilagt bremsurör hennar. Við það hafi hemlar A orðið óvirkir og þar sem ekki var unnt að stöðva hana hafi hún hafnað á húsvegg. Orsök slyssins sé því fyrst og fremst að rekja til myrkurs, aðstæðna á veginum og óvirks hemlabúnaðar fremur en aksturslags. M og Y hafi þá bæði verið í miklu uppnámi þegar skýrsla var tekin af þeim á vettvangi og hafi Y síðar dregið framburð sinn til baka. Þá telur M að V hafi dregið rangar ályktanir um aksturshraða. Ákoma á bifreiðina sé þannig ekki í neinu samræmi við að henni hafi verið ekið á ofsahraða og hafnað á húsvegg. Þá sé ekki að sjá nein bremsuför á vettvangi eftir að A fór upp á vegkantinn enda hafi bremsur hennar orðið óvirkar í kjölfar þess og hafi hún í raun runnið bremsulaus um 100 metra vegalengd. Ljóst sé því orsök tjónsins verði aðeins að hluta rakin til ökuhraða og sé því ekki hægt að byggja á því að M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi. Þá verði ökuhraði sá sem A var á í aðdraganda slyssins eingöngu metinn M til einfalds gáleysis en stórkostlegt gáleysi þurfi til svo skerðing eða niðurfelling bóta sé heimil. Vísar M þá til fordæma dómstóla máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji, með vísan til atvika málsins, að tjóni á A hafi verið valdið með háttsemi sem meta verði til stórkostlegs gáleysis og því sé heimilt að fella bótarétt að fullu niður, en til vara að skerðing að 2/3 hlutum sé heimil. V telji að leggja verði upphaflegan framburð Y um ökuhraða, þ.e. að hann hafi verið 80 til 90 kílómetrum umfram heimilan hámarkshraða, til grundvallar enda

samræmist hann ummerkjum á vettvangi en öll málgögn bendi til ofsaaksturs M umrætt sinn. Skýr orsakatengsl séu þá milli aksturshraðans og áakstursins. Hvíli það þá á M að sýna fram á hið gagnstæða. Verði því að miða við að atvik málsins hafi verið þau sem leiði af frumgögnum málsins enda hafi ekkert komið fram sem rýri sönnunargildi þeirra. Hvað varði málatilbúnað M um að slysið megi rekja til dekkjabúnaðar, hjólfara á veginum og þess að bifreiðin hafi orðið bremsulaus liggi þá engin gögn fyrir er styðji þær fullyrðingar og sé ekkert að finna um þær í rannsókn lögreglu á atvikinu. Að mati V sé sannað að um of ofsaakstur hafi verið að ræða og að orsakatengsl séu milli hans og tjónsins. Um verulegt og alvarlegt frávik hafi verið að ræða frá þeirri háttsemi sem A bar að viðhafa og af háttsemi hans hafi stafað augljós og mikil hættu. Svo gáleysi teljist stórkostlegt þurfi háttsemi annað hvort að víkja hlutránt meira frá þeirri háttsemi sem bar að viðhafa eða huglæg afstaða tjónvalds að einkennast af meira tillitsleysi en þegar um almennt gáleysi er að ræða. Í tilviki M, sem hafi ekið á allt að nærri þreföldum hámarkshraða, séu bæði þessara skilyrða uppfyllt. Vísar V þá til dómafordæma til stuðnings afstöðu sinni.

Álit.

Þegar um persónuþryggingar er að ræða er samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins í þeim tilvikum sem vátryggður hefur með stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. Við úrlausn á því skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Samkvæmt framansögðu greinir aðila á um hvort skilyrði fyrir niðurfellingu eða skerðingu bóta séu uppfyllt.

Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu má ráða að aðstæður á vettvangi hafi verið góðar, rökkur hafi verið á vettvangi, en færð góð og veður þurrt. Óumdeilt er að hámarkshraði á vettvangi var 50 kílómetrar á klukkustund, en ekki liggja fyrir rannsóknir eða mat á því hver aksturshraði A var umrætt sinn. Telja verður þó óumdeilt að hann hafi verið töluvert yfir löglegum hámarkshraða, en hvorki fyrri né seinni vitnisburði Y ber saman við lýsingu M sjálfs á ökuhraða. Engin vitni önnur en farþegar í A virðast hafa verið að atvikinu og þrátt fyrir að þeir farþegar hafi verið í A liggur aðeins vitnisburður Y fyrir. Þegar litið er til fyrirliggjandi gagna, þ.e. ummerkja á vettvangi og þeirra skemmda sem virðast hafa orðið á A og hjólbörðum hennar við atvikið verður að telja líklegt að hraðinn hafi verið umtalsverður og í öllu falli töluvert meiri en M bar fyrir lögreglu. Jafnvel þó miðað væri við síðari framburð Y, sem verður að taka með fyrirvara þar sem ekki er um frumgagn að ræða, var ökuhraði samkvæmt honum 80 til 90% yfir löglegum hámarkshraða. Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að sönnunarbyrðin hafi að því leyti snúist við að það standi M nær að sýna fram á að ökuhraðinn hafi ekki verið slíkur að meta megi hann til stórkostlegs gáleysis svo sem gögn málsins benda til. Hvað varðar staðhæfingar M um að önnur atriði, s.s. gerð dekkjabúnaðar og fjöðrunar, breidd og dýpt hjólfara á veginum og óvirkni hemlunarbúnaðar, hafi verið meðverkandi orsakapættir verður að líta til þess að þær staðhæfingar eru ekki studdar neinum gögnum. Þannig er ekkert minnst á þau atriði í framburði M fyrir lögreglu né liggur fyrir neins konar matsgerð um ástand A eftir atvikið, eða um gerð hennar sem sýningarbifreiðar. Því er ekkert komið fram sem styður við fullyrðingar um að annað en mikill ökuhraði hafi leitt til þess að M missti stjórn á bifreiðinni umrætt sinn svo sem frumgögn málsins benda til og verður því að telja orsakatengsl milli háttsemi M og tjóns hans. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því sýnt fram á að með háttsemi sinni við aksturinn hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og skapað töluverða hættu á vettvangi. Samkvæmt framansögðu er heimilt að skerða bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A og telst slík skerðing hæfileg að 2/3 hlutum þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V en heimilt er að skerða þær um 2/3 hluta.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 200/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skráningarnúmer ökutækis (B)

Gildissvið laga um ökutækjatrýggingar. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að setja son sinn í barntjónsuppgjörsmiðstöðlstól í ökutæki B á stæði við Hagkaup í Skeifunni. Ökutæki A hafi ætlað að leggja í stæði við hliðina en ekið á opna aftur hurð B og M hafi slasast.

V hafnaði bótaskyldu M með vísan til þess að um árekstur hafi verið að ræða og vísaði til 5. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingu. M telur að slysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A og telur að að 5. gr. laganna eigi ekki við þar sem tjónið varð ekki vegna áreksturs tveggja ökutækja en B hafi verið kyrrstæð þegar A ók á hurð B. M telur að 4. gr. laganna gildi um ágreining málsins sem kveður á um hlutlæga ábyrgð ökutækis og ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi að ræða af hennar hálfu.

Í bréfi V kemur fram að málið hafi verið lagt fyrir tjonanefnd vátryggingafélaganna sem hafi talið að öll sök hafi réttilega verið lögð á M. V telur að sakarskiptingaákvæði ökutækjatrýggingalaganna beri ávallt að beita þegar snerting verður milli ökutækja og gildi það einnig þótt annað ökutækið sé kyrrstætt. V bendir á dóm Hæstaréttar nr. 136/1988 þar sem sök var skipt á grundvelli sakarskiptingarreglu þegar farþegi opnaði hurð bifreiðar án þess að huga að umferð með þeim afleiðingum að bifreið sem var ekið í stöðureit við hliðina á ók á hurðina. Einnig bendir V á úrskurði nefndarinnar sem hafi í fjölda mála skipt sök í svokölluðum hurðamálum þegar árekstur verður milli bifreiðar sem ekið er fram hjá annarri bifreið með opna hurð og snerting verður. Enn fremur kemur fram í bréfi V að ökumaður A hafi frá upphafi haldið því fram að hurðin hafi verið hálfopin er hann ók inn í stöðureitinn en hún hafi skyndilega verið galopnum í veg fyrir hann. Þessu neiti M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort beita eigi 4. eða 5. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingu, vegna þess atviks þegar ökutækið A ók á hurð ökutækis B. Með vísan til dómafordæma Hæstaréttar og fyrri úrskurða nefndarinnar í svokölluðum hurðamálum verður 5. gr. laganna beitt í þessu máli þar sem lítið er svo á að um árekstur tveggja ökutækja sé að ræða þegar ökutæki er ekið á annað ökutæki sem er kyrrstætt með opna hurð. M ber ábyrgð á því að hafa verið með opna hurð og skiptir í því sambandi ekki máli hvort hurðin hafi verið hálfopin eða galopin. Ekki er ágreiningur um sakarskiptingu. Með vísan til framangreinds er bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutæki A hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 201/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Sönnun tjónsfjárhæðar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. júlí 2023, ásamt ljósmyndum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 8. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 11. september 2022 hafi orðið tjón á húseign M, nánar tiltekið á parketi vegna vatns frá uppþvottavél. Greiddar voru bætur vegna þess tjónsatviks á grundvelli samkomulags um fjárhæð hinn 21. september 2022. Hinn 20. apríl 2023 varð aftur tjón með þeim hætti að flæddi frá uppþvottavél og í tjónstilkynningu M vegna þess tjóns segir að búið hafi verið að laga gólfefni vegna fyrra tjóns þegar hið seinna varð. Ljósmyndir liggja einnig fyrir í gögnum málsins. Samskipti M við V eru rakin í gögnum málsins en eftir að V hafði boðið greiðslu vegna seinna tjónsins dró V slíkt boð tilbaka á þeim grundvelli að ljósmyndir sýndu að ekki hafi orðið frekara tjón á parketi við það tjónsatvik heldur en greiddar voru bætur fyrir vegna þess fyrra í september 2022.

M telur sýnt að frekara tjón hafi orðið í apríl 2023 og vísar til þess

V hefur hafnað því að greiða sérstaklega bætur til M vegna vatnstjóns í apríl 2023 og vísar til þess að þar sem M hafi ekki lagt fram gögn sem staðfesti að skipt hafi verið um parket eftir fyrra tjónsatvik í september 2022 og bótafjárhæð sem V greiddi þá hafi falið í sér bætur vegna skipti á parketi á þeim stað sem seinna tjónið varð. Þannig hafi ónýtt parket skemmst við seinna tjónsatvikið og þannig hafi ekki orðið raunverulegt tjón. Ekki liggi fyrir af hálfu M gögn um að skipt hafi verið um parket vegna fyrra tjónsatviksins, t.d. myndir eða reikningar og þannig sé ósannað að slík viðgerð hafi átt sér stað þegar seinna tjónið varð í apríl 2023. V bendir á að M beri sönnunarbyrði um

Í viðbótarathugasemdum M dags. 10. júlí 2023 bendir M á að strax hafi verið tilkynnt um vatnstjón í apríl 2023 og maður á vegum V hafi komið til að skoða aðstæður og spjallað við M um tjónið. Í því spjalli hafi komið fram hugmynd um að setja flísar á rými í eldhúsi sem myndi henta betur ef frekari leki yrði. M bendir á að ekkert hafi komið fram við þá skoðun um að ekki hafi verið skipt um parket vegna fyrra tjóns og bendir einnig á að af ljósmyndum megi sjá að samskeyti á parketi hafi verið í lagi. Einnig vísar M til þess að erlendir aðilar hafi aðstoðað vegna fyrra tjóns og ekki séu til nótur vegna þeirra verka. Auk þessa telur M að V hafi viðurkennt tjón með því að bjóða samkomulagsbætur vegna þess í upphafi og að ljósmyndir hafi legið fyrir þegar það boð var sett fram en ekki eftir að M hafnaði því.

Í viðbótarathugasemdum V dags. 8. ágúst 2023 er ítrekað að þar sem greiddar höfðu verið bætur fyrir nýtt parket í september 2022 og að myndir sýni að ekki hafi verið skipt um parket skipti máli við mat á umfangi tjóns. Tjón vegna seinna váttryggingaratburðar sé því ekki fyrir hendi og vísar V til þess að M hafi gefið rangar upplýsingar um ástand húseignar sinnar og að bótaþilboð V í upphafi hafi ekki verið bindandi þar sem fullnægjandi upplýsingar hafi ekki legið fyrir um ástand eignarinnar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sönnun tjóns eftir að vatn flæddi úr uppþvottavél í húseign M í apríl 2023. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni beri sönnunarbyrði fyrir því hvert tjónið er. Í gögnum málsins liggja fyrir ljósmyndir af tjónsvettvangi sem og upplýsingar um samskipti M og V vegna atviksins.

Í 12. gr. b. í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að váttryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur eru ákveðnar. Í þessu máli liggur fyrir að verktaki á vegum V kom til M og ræddi um tjónið og mögulegar endurbætur á húseigninni m.t.t. gólfefna. Tilboð V um samkomulagsbætur var sett fram í kjölfar þess en ekki náðist sátt um fjárhæð bóta og þrátt fyrir skyldur V í fyrrnefndri lagagrein verður slíkt tilboð

um bætur ekki talið binda V þar sem ekki varð samningur á grundvelli þess tilboðs. Svigrúm V til að meta aðstæður aftur á grundvelli þegar fram kominna gagna eða eftir atvikum nýrra gagna er þannig fyrir hendi.

Í málinu greinir M og V á um hvort viðgerð fór fram vegna fyrra tjónsatviks þannig að það parket sem var á húseign M hafi verið nýtt eða óviðgert eldra parket. Hvað það varðar stendur það M nær að sýna fram á að bótafjárhæð vegna fyrra tjóns hafi verið nýtt til að skipta um parket, en ekki er að sjá af gögnum málsins að ágreiningur sé um að bætur vegna fyrra tjónsins hafi verið greiddar með það fyrir augum að parket hafi skemmt þannig í fyrra tjóni að því hafi þurft að skipta út. Ekki liggja fyrir sönnunargögn um að tjón hafi orðið á nýju parketi þegar seinna tjónsatvikið kom til og verður hallinn af sönnunarskorti um það metinn M í óhag.

Af gögnum málsins verður ekki skýrlega ráðið að M hafi orðið fyrir frekara fjárhagstjóni í apríl 2023 en búið var að bæta í september 2022 og á M því ekki rétt til bótagreiðslna úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 202/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A****Fjárhæð tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. júní 2023.
2. Bréf V dags 21. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón, sem bótaskyld er úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V, hafi orðið á bifreiðinni A sem er í eigu M. Atvik að baki tjóninu sem slíku virðast ágreiningslaus. Í málskoti er kvartað undan því að V vilji gera við tjónið fremur en að greiða bifreiðina út. Um tveggja og hálfmánaða gamla bifreið sé að ræða og M sætti sig ekki við að vera með viðgerðan tjóntjónsuppgjörsmiðstöðl. Um umfangsmikið tjón sé að ræða og jafnvel þó viðurkennt verkstæði sjái um viðgerðina verði bifreiðin aldrei söm. M hafi haft samband við umboðsaðila bifreiðarinnar og spurt að því hvort viðgerðin gæti rýrt verðgildi hennar. Hafi svörin verið þau að rík skylda væri til að tilkynna væntanlegum kaupendum um tjón og eðli þess og gæti það haft áhrif á verð og söluvænleika A í framtíðinni. M telur því að afgreiðsla V á málinu muni leiða til þess að e.t.v. neiti umboðsaðila að taka bifreiðina upp í nýja eða að hún seljist á lægra verði en ella. V hafi einnig haft samband við umboðsaðila og fengið önnur svör, þ.e. að ef um væri að ræða viðgerð unna af vottuðu verkstæði sem væri í einu og öllu unnin til samræmis við staðla framleiðanda ætti það ekki að hafa áhrif á uppítökuverð. M bendir á að hann sé með nýjan bíl sem hafi kostað níu milljónir og telji einu leiðina til að fá tjón sitt að fullu bætt þá að fá bifreiðina greidda út til samræmis við kaupverð hennar að frádreginni einhverri sanngjarni fjárhæð vegna notkunar í tvo og hálfan mánuð. V byggir hins vegar á vinnureglu um að nemi kostnaður vegna tjóns ekki 30% af andvirði bifreiðar skuli gera við hana fremur en að greiða hana út, en það sé ósanngjarnt sé um dýrar bifreiðar að ræða enda nái tjón þá sjaldnast slíku hlutfalli.

Í bréfi V kemur fram að ágreiningur aðila snúi að því hvort M fái tjón sitt bætt með því að framkvæmd verði viðgerð á A. Vísar V til þeirra svara umboðsaðila að viðgerð sem unnin er af vottuðu verkstæði til samræmis við staðla hafi ekki áhrif á uppítökuverð í framtíðinni. Í því tilviki sem hér um ræði standi til að vottað verkstæði framkvæmi viðgerðina til samræmis við staðla framleiðanda. Tjónamat verkstæðisins hljóði þá upp á 2.455.505 kr. en andvirði bifreiðarinnar sé 8.400.000 kr. Sú staða væri afar óheppileg ef váttryggingafélög væru skuldbundin til þess að kaupa allar bifreiðar sem verða fyrir tjóni þó viðgerðarkostnaður nái ekki 30% af andvirði bifreiðar. Telur V samkvæmt framansögðu að M verði ekki verr settur en fyrir tjónið fari framangreind viðgerð fram og ekki séu forsendur til að borga bifreiðina út vegna tjónsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að á söluaðila hvíli rík upplýsingaskylda, og sé um tjóntjónsuppgjörsmiðstöðl að ræða sé líklegt að það hafi áhrif á sölu- eða uppítökuverð. Líta þurfi þá til þess að um nýja bifreið sé að ræða sem sé nú altjónuð á annarri hliðinni. Það geti ekki talist lítið tjón þó kostnaðarmat viðgerðar nái ekki viðmiðum vinnureglu V. Að öðru leyti áréttar M fyrri röksemdir og kröfu sína um að hann fái greitt kaupverð bifreiðarinnar, að frádregnu einhverju gjaldi vegna notkunar.

Álit.

Ágreiningslaust er að M eigi að fá tjón sitt vegna atviks sem varð hinn 2. febrúar 2023 bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækis X hjá V. Skal þá við uppgjör miða við að tjónþoli sé eins settur og ef tjón hefði ekki komið til. Það hvílir þá á tjónþola að sýna fram á tjón sitt og umfang þess. Telji tjónþoli þannig að hann fái tjón sitt ekki fullbætt hvílir á honum að sýna fram á það. V byggir á því að áætlaður viðgerðarkostnaður nái ekki 30% af andvirði A og séu engar forsendur til annars en að framkvæma viðgerð á bifreiðinni. Þá liggja ekkert fyrir um að tjón M verði ekki að fullu bætt með viðgerð á A. Bæði V og M hafa haft samband við söluaðila A og spurst fyrir um áhrif viðgerðar á verðmæti hennar. Af svörum til V má ráða að viðgerð hafi ekki áhrif á uppítökuverð í framtíðinni sé viðgerð framkvæmd af

viðurkenndum aðila til samræmis við staðla framleiðanda. Svarið til M er ekki jafnafráttarlaust en þar er bent á að viðgerð þurfi að vera framkvæmd af viðurkenndu verkstæði og að upplýsingaskylda gagnvart kaupanda sé rík. Varðandi verð/sölulíkur sé erfitt að fullyrða þar sem söluaðili sé núna „ekki með uppítökur. Það er tekið tillit til þess í lok 2022 þegar við vorum að taka bíla uppí.“ Af þessum samskiptum verður ekki ráðið að fullsannað sé að M verði ekki eins settur og áður en tjón átti sér stað þó viðgerð verði framkvæmd á A. Þar sem ekki er sýnt fram á að M fái tjón sitt ekki að fullu bætt með viðgerð á A ber V því ekki að kaupa hana með greiðslu sem nemur andvirði hennar fyrir tjónsatburð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á að fá bifreið sína greidda út úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 203/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Veitur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign í eigu M af völdum heitrar gufu þann 29. desember 2022. Orsök tjónsins er leki frá inntakslögn sem lögð var af starfsmönnum X árið 1985. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V, sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 11. apríl 2023. M byggir á því að X beri hlutlæga ábyrgð á tjóninu á grundvelli reglna um skaðsemisábyrgð og einnig beri X húsbóndaábyrgð á tjóninu. Byggir M á því að frágangur hitaveituinntaksins hafi ekki verið eftir þeim stöðlum sem venja er í dag né á þeim tíma er húsið var byggt þ.e. einangrun stálrörsins náði ekki alla leið að inntakskrana, heldur endaði utan sökkuls um 50 sm. frá útvegg sökkuls og við tók bert stálror sem lá óvarið í jarðvegi. Tæring á þeim hluta rörsins er ástæða lekans. Í ljósi þess hvernig staðið var að frágangi lagnarinnar, beri X hlutlæga ábyrgð tjóninu á grundvelli laga um skaðsemisábyrgð. Samkvæmt grein 8.1.13 í byggingarreglugerð nr. 292/1979 sem var í gildi þegar húsi var byggt, er óheimilt að hylja úttektarskyldar lagnir nema með samþykki byggingarfulltrúa. Hafnar M því að gerðar hafi verið úttektarskyldar breytingar á lögnum, aldrei hafi komið fram í málflutningi X til hvaða breytinga X er að vísa til. Húseigandi geti ekki gert breytingar á heimæð án aðkomu X og hafi þannig verið gerðar breytingar á heimæðinni, skrifast það alfarið á X og fellur undir húsbóndaábyrgð X. Fyrrum eigandi hafi byggt utan um tengigrind en það hafi ekki brotið í bága við neina reglugerð sem þá var í gildi. Enginn rökstuðningur hafi fengist varðandi það hvort hin bilaða lögn hafi verið lögð samkvæmt þeim reglum og/eða góðum hefðum, vönduðum vinnubrögðum og þágildandi kröfum um lagningu heitavatnsinntaka. M telur sig hafa með gögnum sýnt fram á með óyggjandi hætti að lagning og frágangur heitavatnsinntaksins hafi ekki verið í neinu samræmi við það verklag sem viðhaft var í húsum í nágrenni við hans hús. Telur M því full sannað að X hafi valdið tjóni af gáleysi og beri því alla bótaábyrgð á tjóninu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að X hafi ekki sýnt neina vanrækslu í málinu þar sem ekki hafi verið kominn tími á viðhald í hverfinu og engin vitneskja var um annað en að lagnir virkuðu sem skyldi þegar tjón varð. Þá byggir V á því að lögnin hafi verið lögð fyrir utan hús M á sínum tíma en ekki finnist leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem gerðar voru þegar byggt var yfir lögnina og hefði þar með tjón á húsi M aldrei orðið. X geti ekki borið ábyrgð á lögnum sem byggt hefur verið yfir þrátt fyrir ákvæði reglugerðar, skiptir þá engum togum hver það var sem byggði yfir lagnirnar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á fasteign M, en af gögnum málsins má ætla að skemmdir hafi orðið á inntakslögn vegna tæringar og hafi heit gufa frá lögninni valdið tjóni á vegg fasteignarinnar. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð eiga lögin ekki við um tjón er hlýst af vöru sem framleiðandi dreifir fyrir gildistöku þeirra. Umrædd lögn var lögð árið 1985 og verður því þegar af þeirri ástæðu ekki fjallað nánar um bótaábyrgð á grundvelli þeirra laga. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti fyrir hendi verður M þannig að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi er lögnin var lögð á sínum eða eða að X hafi vitað eða mátt vita að hætta væri á því að lögnin myndi gefa sig eða viðhald hafi með einhverjum hætti verið vanrækt. Af fyrirbyggjandi gögnum verður því ekki talið sannað að tjón á fasteign M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 204/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Hringtorg.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 16. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. júní 2023.

Málsatvik.

Í tjónsskýrslu A&Ö dags. 20. maí 2023 kemur fram að þann dag varð árekstur með bifreiðum A og B í hringtorgi við Eiðsgranda, Ánanaust og Hringbraut. Nánar tiltekið kemur fram að bifreiðum A og B hafi verið ekið Eiðsgranda í austurátt að hringtorginu, bifreið A inn í innri hring hringtorgsins og bifreið B á ytri hring þess. Árekstur hafi síðan orðið með bifreiðunum þegar bifreið A var ekið út úr hringtorginu við fyrsta mögulega útakstur inn á Hringbraut en fyrirhuguð akstursstefna bifreiðar B var framhjá þeim útakstri og út við annan, eða inn Ánanaust. Af ljósmyndum skýrslunnar má ráða að hægra framhorn bifreiðar A hafi farið utan í vinstri hlið að aftanverðu á bifreið B. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið inn innri hring hringtorgsins og ætlað út við vista útakstur og sýnt stefnumerki í þá átt en hafi ekki séð bifreið B fyrir en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B (M) kveðst í skýrslunni ekki hafa vitað af bifreið A í innri hring fyrir en hann hafi farið í vinstri hlið bifreiðar B.

M, sem ökumaður bifreiðar B, telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A þar sem hann hafi komið inn í hringtorg á eftir bifreið B og bifreið A hafi skolið aftarlega á vinstri hlið bifreiðar B án þess að M hafi getað brugðist við. M vísar til reynslu sinnar sem ökumanns og starfsreynslu auk ljósmynda af vettvangi máli sínu til stuðnings.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna þar sem hvorugur hafi gætt að sér m.t.t. háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019 og vísar um það til niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna í máli nr. 267/23 sem og úrskurða í málum nefndarinnar nr. 62/2020 og 76/2020.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 27. júní 2023 kemur fram að V hafi sent mál hans til Tjónanefndar váttryggingafélaganna án þess að hans sjónarmið hafi legið fyrir. Einnig telur M úrskurð í máli frá 2020 ekki sambærilegan við atvik máls hans þar sem hann hafi ekki ekið í veg fyrir bifreið A heldur hafi bifreið A verið ekið á eftir honum.

Álit.

Samkvæmt 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er hringtorg skilgreint sem vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis. Þá segir í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. laganna að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Ekki er um það deilt að árekstur milli bifreiða A og B varð í hringtorgi. Ljóst er af aðstæðum í hringtorginu að áreksturinn varð á fyrstu gatnamótum út úr hringtorginu eftir að bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsl. 6. mgr., 19. gr. Á þessu varð misbrestur. Þá bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá gatnamótunum, sbr. 3. málsl sömu málsgreinar, en á því varð misbrestur.

Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Við þær aðstæður sem lýst er í gögnum málsins verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna ökutækja A og B.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 22. ágúst 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 205/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 29. júní 2023.
3. Bréf V2 dags. 29. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. júlí 2023.
5. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 21. júlí 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 4. apríl 2023, varð þann sama dag árekstur milli bifreiðanna A, sem er í í eigu M og B, á Hringbraut í Hafnarfirði. Haft er eftir M í skýrslunni að hann hafi ekið A vestur Grænukinn gegn biðskyldu og til hægri inn á Hringbraut. Hann hafi verið að aka beint áfram á u.þ.b. 10-15 kílómetra hraða þegar B ók aftan á A. Eftir öikumanni B er haft að hann hafi ekið eftir Hringbraut til norðurs að gatnamótum Grænukinnar og hafi dregið úr hraða vegna hraðahindrunar við gatnamótin. Hann hafi litið í stutta stund af veginum en þegar hann leit aftur á hann hafi A verið beint fyrir framan B. Ökuhraði B hafi kannski verið 20 til 30 kílómetrar á klukkustund áður en hann hafi hemlað og sveigt til vinstri í þeirri viðleitni að forða árekstri.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök á árekstri bifreiðanna hvíldi á A sem hefði borið að beita allri umferð um Hringbraut forgang.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og kemur fram í málskoti að hann hafi ekið í nokkra stund og farið 23 metra eftir Hringbraut áður en árekstur varð og sé það því ekki rétt að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Hraðahindrunin sem ökumaður B tali um sé þá staðsett um 63 metrum frá árekstrarstað. Áður en M ók út á Hringbraut hafi hann litið til vinstri en þar hafi engin bifreið verið. B hafi greinilega verið á töluverðum hraða auk þess sem hann hafi litið af veginum. Beri hann því að mati M alla sök á árekstrinum. M og B hafi þá verið sammála um atburðarásina á vettvangi en síðar hafi B breytt framburði sínum á þann veg að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Verði að virða slíkan síðar til kominn framburð að vettugi.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, er tekið undir sjónarmið M. Í upphaflegum framburði B komi fram að hann hafi litið af veginum, en síðar hafi hann breytt framburði sínum á þann veg að A hafi verið ekið í veg fyrir B. M hafi hins vegar frá upphafi verið stöðugur í frásögn sinni um að hann hafi verið kominn inn á Hringbraut og hafi ekið eftir henni nokkurn spöl þegar til áreksturs kom. Staðsetning árekstursins sýni þá að M hafi ekið A rúma 20 metra eftir Hringbraut áður en B var ekið aftan á hana og það eitt og sér útiloki að orsök árekstursins sé sú að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Beri B því alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægilega að umferð fyrir framan sig.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að 17 metrar séu frá þeim stað þar sem M beygði inn á Hringbraut og að árekstrarstað og því styttri vegalengd en M haldi fram. Byggja verði á því að M hafi ekki virt biðskyldu þegar hann ók inn á Hringbraut í veg fyrir B enda hefði hann átt að veita B athygli miðað við þær aðstæður sem voru á vettvangi. M hafi hins vegar ekki veitt B athygli fyrir en henni var ekið aftan á A og geti M því ekki staðhæft neitt um staðsetningu hennar í aðdraganda áreksturs. Bendi gögn málsins því til að M hafi ekki litið til vinstri áður en hann ók inn á Hringbraut. Í öllu falli sé óumdeilt að M hafi farið yfir biðskyldu og beri hann þá sönnunarbyrði þess að hann hafi gætt að nægilega að annarri umferð svo og þess að ökumaður B hafi sýnt af sér sagnæmt aðgæsluleysi. Sú sönnun hafi ekki tekist. Hvað varði háttsemi ökumanns B þá taki tvær sekúndur, miðað við ökuhraða þann sem hann tilgreini, að aka frá þeim stað þar sem A ók inn á Hringbraut og að tjónsstað. Sé það ekki nægur tími til að bregðast við og forða árekstri. Þá séu ekki orsakatengsl milli tjónsins og þess að ökumaður B hafi misst athyglina af veginum í stutta stund. Beri A því alla sök á árekstri aðila.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir áréttáðar. M hafi ekið út Grænukinn, beðið á biðskyldu í fimm sekúndur, litið til beggja hliða án þess að sjá neinn nema í fjarska og að því loknu beygt inn á Hringbraut þar sem hann hafi ekið 20 metra niður götuna áður en B ók aftan á A. Þá geti farþegi í A staðfest lýsingu hans af atburðum. B hafi hins vegar misst einbeitingu við aksturinn og geti því ekki sagt með fullri vissu hvað gerðist. Um aftanákeyrslu hafi verið að ræða sem B verði að bera ábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum V2 eru fyrri röksemdir áréttáðar og lýsingu M á háttsemi hans við biðskyldu mótmælt enda sé eingöngu um að ræða frásögn M sjálfs sem þess utan komi fram löngu eftir tjónsdag en ekkert komi fram um þessi atriði í skýrslu Aðstoðar og öryggis. Líklegra sé að hann hafi ekið beint inn á Hringbraut enda hefði hann séð B hefðu atvik verið með þessum hætti.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, þegar ekið er inn á veg eða yfir veg veita umferð á þeim vegi forgang sé það gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Óumdeilt er að A var ekið frá Grænukinn þaðan sem er biðskylda gagnvart umferð um Hringbraut, áður en til árekstrar kom. Í frumgögnum málsins, en miða verður við þau umfram síðar til komnar staðhæfingar aðila, kemur ekki fram hvort eða með hvaða hætti M hafi gætt að annarri umferð áður en hann beygði inn á Hringbraut. Hvort sem miðað er við að 17 eða 23 metrar hafi verið frá því að M ók inn á Hringbraut og þar til áreksturs kom verður, með hliðsjón af aðstæðum og atvikum öllum, að miða við að hann hafi ekki gætt nægilega að umræddum áskilnaði enda hafa bara liðið örfáar sekúndur frá því A var ekið inn á Hringbraut og þar til áreksturs kom.

Hvað varðar háttsemi B í aðdraganda áreksturs þá kemur fram í framburði hans á vettvangi að hann hafi í aðdraganda áreksturs litið „í stutta stutt af veginum til að taka eitthvað sem var fast milli tannanna minna.“ Er hann leit upp hafi A verið beint fyrir framan hann, mjög nálægt. Liggur því fyrir viðurkenning M sjálfs á því að hann hafi ekki verið með fulla athygli við aksturinn. Verður að ætla að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og árekstursins enda megi ætla að B hefði veitt A athygli fyrr og gefist betra ráðrúm til viðbragða hefði hann haldið athyglinni á umferð fyrir framan sig.

Af framansögðu, sbr. 5. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 206/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkra- og slysatrygging.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggðs.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemd M, dags. 5. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var lagður inn sem legudeildarsjúklingur hjá Sjúkrahúsi Akureyrar (SAK) vegna alvarlegs þunglyndis þann 11. febrúar 2023. Ástæða innlagnar var rifrildi við M við kærustu sína nokkrum dögum áður. Vegna þessara veikinda sinna sótti M um bætur vegna óvinnufærni úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 27. apríl 2023. Byggði V á því að sálræn veikindi M væru ekki ný af nálinni, heldur mætti rekja þau til ástands sem var fyrir hendi áður en tryggingin var tekin. M leitaðist eftir endurskoðaðri afstöðu V þann 25. maí s.l., að fengnum nýjum gögnum en V hafnaði því og áréttaði fyrri afstöðu sína með sömu röksemdum.

M telur að V sé greiðsluskylt úr sjúkra- og slysatryggingu vegna andlegra veikinda M. Byggir M á því að upplýsingagjöf hans við töku tryggingarinnar hafi verið fullnægjandi og í samræmi við 5. gr. skilmála tryggingarinnar og 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. M hafi búið við góða andlega heilsu fyrir innlögnina. Mótmælir M því að lyf sem hann fékk ávísað 14. október 2020 tengist andlegum vandamálum. Hafi hann fengið það lyf vegna skorts á svefni. Þá voru heimsóknir hans til læknis í nóvember og desember 2020 tengdar svefnvandamálum en ekki andlegum veikindum. Hafi þær komur til læknis tengst geðrænum vandamálum eiginkonu M líkt og staðfest er í fyrirbyggjandi læknisvottorði geðlæknisins A, dags. 23. maí 2023. Fyrir innlögnina í febrúar 2023 hafi M aldrei áður þurft að vera í samskiptum við geðheilsusvið SAK vegna andlegra vanheilinda.

V telur að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar. Þannig hafi hann svarað því neitandi að vera á lyfjum eða hafa verið á lyfjum. Hann svaraði einnig neitandi spurningum sem lutu að því hvort hann hafi átt við vandamál af andlegum toga. Vísar V til þriggja færslna í fyrirbyggjandi sjúkraskrá M á tímabilinu frá 14. október 2020 til 20. nóvember 2020 þar sem greiningar eru annars vegar svefnröskun og svo hins vegar andleg vanlíðan. Hann hafi fengið ávísað lyfinu Quetiapín sem flokkist til geðrofslyfja, sem draga úr einkennum vissra geðsjúkdóma. Þá vísar V til þess að hefðu svör M við fyrrgreindum spurningum um andlega vanlíðan og lyfjagjöf verið önnur, hefði umsókn hans um trygginguna verið samþykkt með eftirfarandi takmörkun váttryggingaverndar: „*Undanskilið áhættu félagsins eru hvers kyns andlegir eða geðrænir kvillar og sjúkdómar sem og slys eða líkamleg einkenni sem rekja má til þeirra.*“ Vísar V til a-liðar 5. gr. skilmála tryggingarinnar þar sem segir að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttrygging gekk í gildi nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það. V hafi hvorki verið kunnugt um að M hafi verið í lyfjameðferð, hvað þá á geðrofslyfjum, né að hann hafi leitað ítrekað á heilbrigðisstofnun vegna andlegra vandamála eða óskað aðstoðar áfallateymis vegna þess. Er það mat V að upplýsingaskylda við töku tryggingar hafi verið vanrækt og í þeim mæli að ekki teljist óverulegt, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004. Vísar V til máls nefndarinnar nr. 48/2018 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því í fyrsta lagi að hafa ítrekað leitað á heilbrigðisstofnun vegna andlegra vandamála eða óskað aðstoðar áfallateymis vegna þess. Líkt og fram komi í málskoti séu ástæður heimsóknna og samskipta hans við heilbrigðisstofnunina á tímabilinu fram til 5. febrúar 2023 alls óskyldar þeim sem skráðar eru eftir 5. febrúar 2023. Í öðru lagi hafnar M því að hafa verið í lyfjameðferð. Lyfið hafi verið notað í þeim tilgangi að hann næði svefni á umræddu tímabili. Vandamál tengt svefnleysi þýði ekki svo afdráttarlaust að einstaklingurinn sé þunglyndur eða eigi við önnur geðræn vandamál að stríða. Tók hann lyfið aðeins um stuttan tíma. Í þriðja lagi hafnar M því að mál nefndarinnar í máli nr. 48/2018 sé fordæmisgefandi í hans máli.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við tryggingatöku á þann hátt að það leiði til þess að bótaréttur falli niður á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í fyrrgreindri lagagrein kemur fram að hafi váttryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Í 3. mgr. 83. gr. kemur síðan fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, til þess hve sök váttryggingartaka var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti.

Í sjúkraskrá M þann 14. október 2020 er tilefni komu á heilsugæslu sagt vera svefnleysi og fjallað er um mál tengd eiginkonu M. Fékk hann sama dag ávísad lyfinu Quetiapin og tekið fram að það skuli nota við svefnvanda. Í símaeftirliti 19. október 2020 er enn og aftur fjallað um vandamál tengd eiginkonu M og fram kemur að M hafi tekið lyfið einu sinni en ekki fundist það virka. Ætlaði M að prófa lyfið aftur. Greiningin sögð svefnröskun og andleg vanlíðan. Síðasta heimsóknin fyrir tjónsatvikið í febrúar 2023 er dagana 19 – 20. nóvember 2020 þegar M leitaði á SAK og fékk viðtal við geðhjúkrunarfræðing úr áfallateymi SAK vegna vanlíðan tengt vandamálum eiginkonu M. Fékk hann almenna fræðslu og greining sögð andleg vanlíðan. Í færslu sjúkraskrár þann 4. desember 2020 fær M endurnýjun á lyfinu og fær 100 stk., vegna svefnvanda. Greining er þar aftur sögð andleg vanlíðan og svefnröskun. Í sjúkraskrá M er ekki að finna frekari færslur vegna fyrrgreinds lyfs eða andlegra einkenna þar til 10. febrúar 2023. Í læknisvottorði geðlæknisins A, dags. 23. maí 2023 kemur fram að M var lagður inn sem legudeildarsjúklingur hjá SAK geðlækningum frá 11. febrúar – 10. mars 2023 vegna alvarlegs þunglyndis. Hafi það verið fyrsta innlögn hans í geðheilbrigðiskerfið. Samskipti M við geðþjónustu þann 19. nóvember 2020 hafi ekkert með þessa dvöl að gera. M hafi á árinu 2020 beðið um ráðgjöf vegna vandamála eiginkonu sinnar. Engin tengsl séu á milli þessara tveggja atvika.

Með vísan til þess sem fram kemur í þessu vottorði og sjúkraskrá, er ekki unnt að líta svo á að M hafi, á þeim tíma sem hann sótti um trygginguna, haft þunglyndi sem honum bar að greina V frá. Hins vegar er ekki hægt að horfa framhjá því að M fékk tvisvar greiningu um andlega vanlíðan við komur sínar til læknis og fékk ávísad geðlyfi sem hafði þann tilgang að hjálpa honum að sofa. Orsök vanlíðunar virðist hafa tengst eiginkonu hans en það var hann sjálfur en ekki eiginkona hans sem fékk greiningu og úrlausn sem var í þessu tilviki lyfjagjöf við þessar komur til læknis. Er það mat nefndarinnar að honum hafi borið að upplýsa V um þetta við töku tryggingarinnar. Verður það ekki talið til óverulegrar vanrækslu á upplýsingagjöf og eru því skilyrði 2. mgr. 83. gr. uppfyllt. Ekki verður þó talið að þunglyndið sem M greindist með í febrúar 2023, sé sjúkdómur sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi og þar með undanskilinn áhættu félagsins sbr. a-lið 5. gr. skilmála váttryggingarinnar.

Þegar metið er hvort V geti takmarkað ábyrgð sína í heild eða að hluta verður að líta til leiðbeininga 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga um til hvaða viðmiða eigi að líta. Í fyrsta lagi þar að skoða hvaða þýðingu vanrækslan hafði fyrir mat V á áhættu. V hefur vísað til þess að hefðu legið fyrir upplýsingar sem fram koma í sjúkraskrárfærslum þann 14. október 2020, 19. október 2020 og 20. nóvember 2020 um svefnröskun og andlegan vanlíðan þar sem M fékk ávísad lyfinu Quetiapin, hefði umsókn hans um trygginguna verið samþykkt með takmörkun váttryggingaverndar. Hefur V lagt fram upplýsingar úr áhættumatskerfi sínu þar sem fram kemur að ef um vægt þunglyndi væri að ræða, þá yrði að lágmarki settir sérskilmálar með takmörkun váttryggingaverndar. Þó sá þáttur skipti máli þá hefur hann ekki úrslitaáhrif á hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína. Það verður einnig að leggja mat á sök M. Við það verður að líta til þess að M á ekki skráðar neinar komur til læknis vegna andlegra vandamála eftir 20. nóvember 2020 og ekkert liggur fyrir um að hann hafi tekið umrætt lyf lengur en sá skammtur sem hann fékk þann dag, dugði. Ekkert bendir heldur til þess að M hafi á þessum tíma verið óvinnufær vegna þessara vandamála. Í þriðja lagi verður að líta til þess með hvaða hætti váttryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti. Í færslu í sjúkraskrá þann 15. febrúar 2023 er haft eftir M að andleg líðan hans hafi verið ágæt þar til 2020-2021. Sambærilegar upplýsinga koma einnig fram annarsstaðar í sjúkraskránni. Þannig tengir hann sjálfur þessa atburði saman og getur það aukið takmörkunarheimildir V.

Þegar litið er til þessa alls og atvika að öðru leyti þykir rétt að takmarka ábyrgð V um 1/3 hluta bóta úr sjúkra- og slysatryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V en heimilt er að skerða bætur til hans um þriðjung.

Reykjavík, 5. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 207/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Ábyrgðartrygging atvinnureksturs, skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. júní 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.
2. Bréf V dags. 17. júlí 2023.
3. Bréf M dags. 26. júlí 2023.
4. Bréf V dags. 18. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 20. september 2022 hafi M verið að vinna við nýbyggingu. Til þess að vinna verkið hafi M þurft að notast við verkpall á verkstað. Þegar M steig upp á pallinn mun gólf hans hafa gefið sig skyndilega með þeim afleiðingum að M féll u.þ.b. 2 metra niður á steiptan grunn fyrir neðan pallinn með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði. X var yfirverktaki á verkinu en M var í starfsmaður hjá undirverktaka sem X hafði fengið til að vinna tiltekið verk. Þá kemur fram í gögnum málsins að X hafi tekið vinnupallinn á leigu hjá tiltekinni tækjaleigu þann 5. maí 2022. Einnig kemur þar fram að uppsetning pallsins hafi verið framkvæmd af starfsmönnum X. Slysið var tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins af vinnuveitanda M en slysið var ekki rannsakað af VER skv. því sem fram kemur í bréfi þeirra dags. 30. september 2022.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu á grundvelli sakarreglunnar og vinnuveitendaábyrgðar. Byggir M á að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og að tjón M hefði mátt rekja til vanbúnaðar á verkpalli sem starfsmenn X höfðu sett upp til nota á verkstað. Vísar M enn fremur til þess að X hafi ekki gætt að kröfum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 729/2018 um röraverkpalla og öðrum reglum settum á grundvelli laga nr. 46/1980. Tiltekur M m.a. að X hafi farið með hlutverk aðalverktaka við framkvæmdir á nýbyggingu á þeim vinnustað sem slysið varð og að X hafi haft boðvald og eftirlit yfir undirverktakanum sem M starfaði hjá. X hafi þar af leiðandi verið í hlutverki verkstjóra og borið að tryggja að aðstæður á vinnustað uppfylltu kröfur um öryggi og aðbúnað starfsmanna, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skyldur atvinnurekenda sem eiga sameiginlega aðild að starfsemi á sama vinnustað. Enn fremur vísar M til þess að X hafi vanrækt að kanna ástand verkpallanna við uppsetningu og með reglulegu millibili eftir það líkt og honum var skylt að gera skv. 16.3. gr. sviðauka IV, í B-hluta, við reglugerð 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð sem sett er á grundvelli laga nr. 46/1980.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. V vísar m.a. til þess að X hafi ekki verið vinnuveitandi M og hafi ekki farið með beina verkstjórn yfir honum. Það sé þó óumdeilt að X hafi séð um að setja upp umræddan vinnupall á verkstað. Telur V ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Byggir V á því að slysið verði einungis rakið til óhappatilviljunar, þ.e. þess að vinnupallurinn gaf sig óvænt og skyndilega og að það hafi verið algerlega ófyrirséð. Enginn vinnupallur á svæðinu hafi verið vanbúinn og ósannað sé að slysið verði rakið til annars en óhappatvívís. Þá telur V að X geti ekki borið ábyrgð á því VER rannsakaði slysið ekki auk þess sem það telur að rannsókn samdægurs hefði engu breytt, enda liggja fyrir ljósmyndir af vinnupallinum auk þess sem það komi skýrt fram í gögnum málsins að vinnupallurinn hafi gefið sig skyndilega.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt hafi verið fram á að líkamstjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður ekki lagt til grundvallar að X hafi vanrækt tilkynningaskyldu um vinnuslys M til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980, en fyrir liggur að atvinnurekandi M sendi tilkynningu til Vinnueftirlitsins samdægurs.

Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að umrætt atvik hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að gólf verkpallsins sem M steig á í umrætt sinn hafi gefið sig óvænt og skyndilega. Engin rannsókn liggur fyrir á orsökum þess að verkpallurinn gaf sig en svo virðist sem armar sem voru á öðrum endanum á gólfi verkpallsins, sem ætlaðir eru til að festa gólfið við roraverkpallinn, hafi gefið sig. Af gögnum málsins verður ekki fullyrt að sjá hefði mátt fyrir að pallurinn myndi gefa sig. Þegar af þeim sökum verður að teljast ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Greiðsluskylda er þar af leiðandi ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 208/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot dags. 8. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. júní 2023, ásamt skilmála.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. júní 2023.
4. Umbeðin viðbótarögn frá V, mótt. 9. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í vélsleðaslysi hinn 30. mars 2021. Tjónið var tilkynnt til V þann 26. apríl 2021. V upplýsti M um það að ökutæki M væri undanskilið váttryggingaskyldu með vísan til 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Í grein 27.1 í skilmála váttryggingarinnar segir að váttryggingin bæti líkamstjón vegna slyss sem ökumaður eða váttryggingataki verður fyrir sem farþegi á hinu váttryggða bifhjóli, samkvæmt 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Í grein 27.2. er að finna undantekningarákvæði þar sem segir að váttryggingin bæti ekki líkamstjón þar sem varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er undir 15 stigum. Í því felst að sé varanlegur miski yfir 15 stigum greiðast bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Jafnframt kemur fram að sé varanlegur miski undir 15 stigum greiði félagið ekki fyrir útlagðan kostnað váttryggðs svo sem vegna öflunar læknisvottorða og matsgerða. Í kjölfar þessara samskipta aflaði lögmaður M örorkumats. Niðurstaða þess er sú að varanlegur miski M var metinn 13 stig og varanleg örorka 10%. Með vísan til þessarar niðurstöðu hafnaði V bótaskyldu enda þyrfti læknisfræðilegur miski að vera yfir 15 stigum samkvæmt fyrrnefndu skilmálaákvæði.

M telur að með þessari túlkun hafi V útvíkkað gildissvið undantekningarákvæðisins meira en heimilt getur talist skv. túlkunarreglum samninga- og váttryggingaréttar. M vísar til þess að undantekningarákvæði í skilmálum váttrygginga beri að túlka þröngt samkvæmt almennum túlkunarreglum samninga- og váttryggingaréttar. M vísar enn fremur til 36. gr., a- til d-liða, laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga með síðari breytingum. Ekki sé með góðu móti unnt að lesa úr þessum fyrirvara að honum sé skýrlega ætlað að gilda einnig um varanlega örorku eða aðrar tegundir tjóns sem tjónþolar geta orðið fyrir. Í raun sé ekkert nefnt um varanlega örorku í greininni. Orðalagið sé ónákvæmt. Í ljósi aflmunar sem er á V annars vegar og M hins vegar, verði að gera þá kröfu að skilmálar séu gagnsær, skýrir og áreiðanlegir. V verði að bera hallan af því að svo sé ekki í þessu tilviki. Vísar M til laga nr. 57/2005, laga nr. 100/2016 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1557/2012. M krefst þess þannig að viðurkenndur verði réttur hans til bóta vegna varanlegrar örorku, úr valkvæðri slysáttryggingu ökumanns, sem hann var með í gildi hjá V þegar hann lenti í slysinu. Þá er þess krafist að úrskurðað verði að M skuli ganga til uppgjörs við M vegna varanlegrar örorku og tímabundins vinnutaps, á grundvelli niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar frá 28. mars 2023.

V bendir á það í athugasemdum sínum að óumdeilt sé að ökutækið sem um ræðir sé undanþegið tryggingarskyldu. Því sé um valkvæða tryggingu að ræða og sé aðilum heimilt að semja um tryggingarverndina með þeim hætti sem þeir kjósa samkvæmt almennum reglum samningaréttar. Í grein 27.1. komi skýrlega fram að bótasvið tryggingarinnar sé takmarkað við líkamstjón sem ökumaður verður fyrir við stjórn váttryggðs ökutækis eða sem farþegi. Bótasviðið sé svo takmarkað í grein 27.2. á þann hátt að tryggingin bæti ekki líkamstjón í þeim tilvikum þar sem varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga er undir 15 stigum. Telur V að framangreind ákvæði sé skýrt og engum geti dulist að líkamstjón sé ekki bætt í tilvikum þar sem varanlegur miski nái ekki 15 stigum. Með hugtakinu líkamstjón er samkvæmt almennum málskilningi vísað til alls tjóns á líkama viðkomandi. Bætur vegna líkamstjóns eru ákvarðaðar skv. I. kafla skaðabótalaga, en kaflinn beri heitið „Bætur fyrir líkamstjón“ og nær til allra bótaþátta sem tilgreindir eru í 1. til 7. gr. laganna, m.a. atvinnutjóns, sjúkrakostnaðar, annars fjártjóns, þjáninga, varanlegs miska eða varanlegrar örorku. Það sé því ljóst að mati V að tilvísun í skilmálum til bóta vegna líkamstjóns, eigi við allt líkamstjón sem fellur undir I. kafla laganna. Hafnar V því að umrætt ákvæði geti með einhverjum hætti talist óskýrt. Þá hafnar V vísun M til laga nr. 57/2005

og nr. 100/2016, enda sé ljóst að ákvæði þeirra laga eigi með engum hætti við úrlausn á þeim ágreiningi sem M hefur lagt fyrir nefndina. Bæði skilmálar V og ákvörðun þess um bótaskyldu séu í fullu samræmi við lög og reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þá séu skilmálarnir með engum hætti líklegir til að blekkja neytendur eða með þeim hætti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar. Hafi M á öllum stigum málsins notið aðstoðar lögmanns.

Álit.

Ágreiningslaust er að líkamstjón M er fellur undir valkvæða slysátryggingu ökumanns og eiganda en ekki lögboðna slysátryggingu ökumanns og eiganda enda eru ökutæki sem eingöngu eru ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki, undanþegin vátryggingarskyldu skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Fellur vélsleði M hér undir. Snýr ágreiningur þessa máls eingöngu að túlkun á undanþáguákvæði skilmála vátryggingarinnar þar sem segir: „Vátryggingin bætir ekki: a. Líkamstjón þar sem varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er undir 15 stigum. Í því felst að sé varanlegur miski yfir 15 stigum greiðast ekki bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993.“ Þá segir jafnframt: „b. Sé varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 undir 15 stigum greiðir félagið ekki fyrir útlagðan kostnað vátryggðs s.s. vegna öflunar læknisvottorða og matsgerða.“

Taldi nefndin rétt að óska eftir stöðluðu upplýsingaskjali um vátrygginguna en samkvæmt 10. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga skal dreifingaraðili skaðatrygginga veita staðlaðar upplýsingar á sérstöku skjali. Skjalið skal m.a. innihalda helstu undanþágur frá bótakröfu. Á upplýsingaskjali um þá vátryggingu sem hér um ræðir kemur fram að slysátrygging ökumanns og eiganda sé valkvæð ef um torfærutæki sé að ræða og að varanlegur miski þurfi að ná 15 stigum svo hægt sé að sækja bætur í trygginguna. Þegar litið er á orðalag skilmálans og það sem fram kemur á upplýsingaskjali vátryggingarinnar verður ekki annað séð en að það komi skýrt fram að vátryggingin bæti ekki líkamstjón ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi þ.e. varanlegur miski nær ekki 15 stigum. Í fyrirliggjandi matsgerð dags. 28. mars 2023 var varanlegur miski M metinn 13 stig. Þegar af þeirri ástæðu á hann ekki rétt á bótum úr vátryggingunni fyrir varanlega örorku eða tímabundið tekjutap. Þá verður ekki talið að ákvæðið sé óeðlilegt eða ósanngjarnt þannig að víkja beri því til hliðar á grundvelli 36. gr., a- til d-liða laga nr. 7/1936. Nefndin óskaði einnig eftir og fékk skírteini vátryggingarinnar og telur rétt að nefna að þrátt fyrir að sömu formkröfur gildi ekki um upplýsingar sem fram eiga að koma í skírteininu sbr. 12. gr. c. laga nr. 30/2004, þá mætti orðlag þess varðandi valkvæða slysátryggingu ökumanns vera með skýrari hætti. Það breytir hins vegar ekki afstöðu nefndarinnar enda er á skírteini vátryggingarinnar vísað til skilmála og árétting til viðskiptavinar um að mikilvægt sé að kynna sér ákvæði skilmálans.

M byggir á því í málskoti að V hafi beitt óréttmætum viðskiptaháttum í skilningi 8. gr. laga nr. 57/2005, sem og að framsetning V á skilmálum brjóti í bága við 9. gr. laga nr. 100/2016. Rétt er að benda á að það er Fjármálaeftirlit Seðlabankans sem er eftirlitsstjórnvald með lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og Neytendastofa er eftirlitsstjórnvald með lögum nr. 57/2005. Fellur ágreiningur þar að lútandi því utan við starfssvið nefndarinnar, sbr. og a-lið 4. gr. samþykktu hennar.

Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að umrætt skilmálaákvæði sé hvorki óeðlilegt né óskýrt og verður ekki litið svo á að umræddu ákvæði verði vikið til hliðar á grundvelli laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. M á ekki rétt á bótum úr valkvæðri slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr valkvæðri slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 209/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting Mæting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur lögmans M dags. 24. janúar 2024.
3. Tölvupóstur V dags. 25. janúar 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 28. desember 2022 varð árekstur með hóp bifreiðinni A og fólks bifreiðinni B, sem báðar eru váttryggðar hjá V, neðan við Bakkaselsbrekku í Hörgársveit. Haft er eftir ökumanni A (eigandi M) á vettvangi að hann hafi verið að aka á eftir snjóruðningstæki og snjór hafi fokið upp frá því. Ökumaður A kveðst hafa séð bifreið B koma á móti sér óvænt og hafi þeirri bifreið verið ekið á hægra horn A, eftir að ökumaður B hafi gert tilraun til að beygja út af til vinstri. Ökumaður B kveðst hafa mætt snjóruðningstæki og af því hafi komið mikið snjókóf og hafi hann séð ljós koma á móti sér og því tekið ákvörðun um að gefa inn eldsneytisgjöfina og beygja út af vegi til vinstri. Ökumaður B kveðst hafa fundist bifreið A vera á hans vegarhelmingi og því hafi hann tekið þá ákvörðun. Í lögregluskýrslu lýsa farþegar hóp bifreiðarinnar A atvikum og einn farþega var að taka upp myndband sem hann afhenti lögreglu. Það myndband liggur fyrir í gögnum málsins og hafa nefndarmenn skoðað það. Í upplýsingaskýrslu lögreglu um myndbandið kemur fram að báðar bifreiðar virðist vera fyrir miðju á veginum, en þegar þær nálgist hvor aðra virðist sem bifreið A sé meira á hægri vegarhelming. Upplýsingar úr ökurita bifreiðar A sýna að sú bifreið var á 65 km/klst hraða en ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið að hægja á sér eftir að hafa verið með „cruise control“ stillt á 88 km/klst. Í viðbótargögnum frá ökumönnum segist ökumaður A að snjóruðningstæki hafi verið komið langt fram fyrir hann þegar árekstur varð en að hann hafi hægt ferð rétt áður vegna snjókófs frá því. Ökumaður A bendir einnig á að hann hafi séð stikur hægra megin sem styðji að hann hafi verið á réttum vegarhelmingi. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum þannig að hann hafi hægt ferð þegar snjókóf hafi komið frá snjóruðningstæki sem hann mætti þegar bifreið A hafi komið að því er virtist á hans vegarhelmingi. Ökumaður B vísar til mælinga sem gerðar hafi verið á vettvangi sem sýni að A hafi verið um einn metra inn á sínum vegarhelmingi en einn og hálfan inn á öfugum vegarhelmingi miðað við för eftir að dekk hennar hafi læsts við áreksturinn. Ökumaður B telur að viðbrögð hans hafi forðað frekara tjóni, þ.e. að beygja til vinstri út af því annars hefði hann lent beint framan á rútunni.

Tjónanefnd váttryggingafélaganna tók málið til umfjöllunar og taldi að skipta ætti sök til helminga þar sem hvorugur ökumaður hafi gætt nægjanlega að sér við akstur í aðdraganda áreksturs.

V hefur ekki gert sérstakar athugasemdir vegna málsins en eftir að málskot var mótttekið á skrifstofu nefndarinnar virðist V hafa óskað eftir viðbrögðum ökumanns bifreiðar B við málskotinu. Ekki bárust frekari athugasemdir eða gögn í kjölfar þess.

Álit.

Ágreiningur er um sakarskiptingu vegna áreksturs bifreiða A og B sem óku úr gagnstæðri átt á hringvegi 1 fyrir neðan Bakkaselsbrekku. Ökumaður bifreiðar A ók á eftir snjóruðningstæki sem ökumaður bifreiðar B mætti skömmu fyrir áreksturinn. Ökumenn eru sammála um að nokkuð snjókóf hafi myndast vegna snjóruðningstækisins og má því einnig finna stoð í vitnisburði farþega bifreiðar A. Í myndbandi sem farþegi bifreiðar A tók upp og liggur fyrir hjá nefndinni má sjá áreksturinn sjálfan og nokkrar sekúndur þar á undan. Af myndbandinu verður ekki skýrlega ráðið að ökumaður bifreiðar A hafi staðsett þá bifreið of langt inn á vegi miðað við aðstæður. Af ljósmyndum lögreglu af vettvangi verður heldur ekki fyllilega ráðið að miðað við snjó úti í kanti vegar hafi ökumaður bifreiðar A ekið ógætlega í aðdraganda árekstursins. Einnig kemur fram í lögregluskýrslu að skyggni hafi verið ágætt áður en snjókóf frá snjóruðningstæki myndaðist.

Eins og kemur fram í 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 verða báðir ökumenn að sýna tillitssemi við mætingu. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur því fram að annar hafi ekki sýnt slíka tillitsemi. Þegar

Öll gögn eru metin saman, upplýsingar úr lögregluskýrslu, framburður ökumanna og myndband af árekstrinum verður ekki talið sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið þannig í aðdraganda áreksturs að staðsetning bifreiðar A hafi skapað augljósa hættu fyrir umferð sem á móti kom. Verður ökumaður B að bera hallann af sönnunarskorti um það. Af títtnefndu myndbandi verður því ekki annað ráðið en að árekstur með bifreiðum A og B hafi orðið vegna þess að bifreið B var ekið yfir á öfugan vegarhelming á bifreið A og sem fyrr segir liggja ekki fyrir gögn sem styðja þá skýringu ökumanns bifreiðar B að hann hafi ekki átt annarra kosta vöð. Verður sök því skipt þannig skv. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 að ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstrinum við bifreið A.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík, 13. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 211/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Verktakar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 12. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á tveimur íbúðum í eigu M þann 1. mars 2023. Hafi starfsmenn X verið að vinna í atvinnurými sem staðsett er fyrir neðan húseignir M og boruðu þeir í lögn í lofti atvinnurýmisins með þeim afleiðingum að vatn lak um íbúðir M og tjón varð. M telur að engar teikningar hafi verið skoðaðar, heldur hafi starfsmenn borað upp leiðara í loft atvinnurýmisins án þess að kynna sér lagnakerfi loftsins og beri því að bæta tjónið. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að starfsmenn X hafi skoðað teikningar áður en byrjað var að bora. Teikningar sem X lagði fram hafi ekki verið af því svæði sem verið var að bora í og telur M því haldslaust að styðjast við þær þegar borað var í loftið. Hafi M óskað eftir að afstöðu V til bótaskyldu yrði snúið við en engin svör hafi borist þar sem V hafi verið að bíða eftir upplýsingum frá X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ósannað sé að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi sem X beri ábyrgð á. Starfsmenn X hafi gætt allra varúðarráðstafana þegar unnið var við verkið. Lagnateikningar voru skoðaðar og hitamyndavél notuð áður en borað var í vegg og loft. Teikningar gáfu til kynna að ekki væru lagnir á þeim stöðum sem til stóð að bora. Auk þess nam hitamyndavélin ekki hita á umræddum stöðum þar sem heitavatnslagnir liggja upp við lagnir með köldu vatni. Þá hafi X fengið upplýsingar frá A pípulagningarmeistara sem skráður var fyrir byggingu húseignarinnar að lagnateikningar hennar séu rangar. M hafi ekki sýnt fram á hið gagnstæða þ.e. að lagnir húseignarinnar liggi rétt miðað við teikningar af húseigninni. Þannig hafi af hálfu M ekki verið sýnt fram á að framangreindar upplýsingar frá X séu rangar til þess að færa sönnur á að ábyrgðin hvíli á honum en ekki á öðrum aðilum samkvæmt framangreindu. Ekki liggi fyrir hvort gerð hafi verið krafa í ábyrgðartryggingar annarra aðila vegna málsins.

Álit.

Ágreiningslaust er að starfsmenn X boruðu gat á lagnir í lofti atvinnurýmis sem leiddi til tjóns á íbúðum í eigu M. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V, þarf að mega rekja tjónið til saknæmra athafna eða athafnaleyfis af hálfu aðila sem X ber ábyrgð á. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem slíku heldur fram og verður því að meta hvort M hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að starfsmenn X hafi ekki gætt fyllstu varúðar áður en þeir boruðu í loftið. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að lagnir væru staðsettar þar sem þeir voru að bora. Þannig hefur M ekki hnekkt því sem fram kemur í svörum X um að fyrirliggjandi lagnateikningar hafi verið rangar og að hitamyndavél hafi verið notuð áður en borað var í loftið. Sönnunarbyrði um að orsök tjónsins megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X hvílir á M og hefur slík sönnun ekki tekist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 212/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 13. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júlí 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. september 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 15. október 2021 hafi orðið árekstur milli A og B sem M ók. Óumdeilt virðist að ökumaður A hafi borið alla sök á árekstrinum. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og leitað samdægurs til læknis vegna verkja. M hafi aftur leitað til læknis tíu dögum síðar og í læknisvottorði dags. 15. júlí 2022 komi fram að áverkar M séu í hálsi og mjóbaki. Hafi V, hinn 8. ágúst 2022, hafnað bótaskyldu með vísan til þess að umrætt tjónsatvik hafi ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni og að orsakatengsl milli þess og einkenna M væru ósönnuð. M vísar til þess að sýnt sé fram á að tjón hafi orðið á B við atvikið. Læknisfræðileg gögn málsins sýni þá fram á að líkamstjón hafi orðið af því. M hafi ekki fyrri sögu um verki frá hálsi, og eldri einkenni frá baki hafi ekki skert starfsgetu hans um árabíl. Áhrif höggs á líkamlega heilsu tjónþola séu þá einstaklingsbundin og bótaskylda falli ekki niður þó tjón verði óvenjumikið vegna þess að tjónþoli sé viðkvæmur fyrir. Með viðbótarathugasemdum leggur M fram læknabréf dags. 5. september 2023, þar sem fram kemur að M hafi átt við bakeymsli að stríða en verið góður af þeim í nokkur ár fyrir umrætt atvik. Er þá í bréfinu að finna frekari lýsingu á læknisskoðun á M hinn 11. júlí 2023. Þá segir í niðurstöðu að stöðuga verki, svefnleysi og andlega vanlíðan megi klárlega rekja til árekstursins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að höggið á B hafi verið afar vægt og viðgerðarkostnaður vegna tjóns á henni aðeins numið 79.176 kr. Í læknisvottorði dags. 15. júlí 2022 komi fram að M hafi strítt við þrálát einkenni frá baki um árabíl, vegna slysa sem hann varð fyrir á árunum 2002 og 2006. Þurfi mun ítarlegri gögn um fyrri heilsufar M til að sýna fram á orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra umfangsmiklu einkenna sem M reki til hans, en t.a.m. liggi engin álit- eða matsgerð óvilhalls aðila um líkamstjón M vegna árekstursins fyrir. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé ekki hægt að fullyrða um það hvort minni eða meiri líkur séu á því að einkenni M tengst árekstrinum og verði hann að bera hallann af því.

Álit.

V byggir samkvæmt framansögðu afstöðu sína á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli hins bótaskylda atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrir liggur að tjón á A og B var lítið og benda gögn frekar til þess að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Það eitt og sér girðir þó ekki fyrir að líkamstjón hafi getað hlotist af honum enda bendi læknisfræðileg gögn til þess. Fyrir liggur að M leitaði samdægurs til læknis, og aftur tíu dögum síðar, eða hinn 25. október 2021, þar sem hann lýsti versnandi verkjum frá mjóbaki og hálsi. Í læknabréfi dags. 5. september 2023, en V hefur ekki brugðist sérstaklega við framlagningu þess, kemur þá fram að sú afstaða að M sé að kljást við einkenni sem klárlega verði rakin til umrædds áreksturs. Þó ráða megi af sjúkragögnum að M eigi sögu um einkenni frá baki girðir fyrri heilsufar hans ekki fyrir það að líkamstjón geti hafa hlotist af umræddum árekstri enda má þá jafnframt ætla að hann hafi verið viðkvæmari og veikari fyrir en ella. Þá má ráða af gögnum málsins að að einhverju leyti lýsi M nýjum einkennum.

Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar að sýnt sé fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þó ekki liggi fyrir hvert umfang þess sé. Það er enda á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að meta frekar orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Telst M samkvæmt öllu framansögðu eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt verður fram á tjón með slíkri matsgerð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingin A V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 3. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 213/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verktakar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að starfsmenn verktakafyrirtækisins X hafi verið að leggja gólfdukk í húseign M á tímabilinu 12.-13. apríl 2023. M kveðst ekki hafa verið í húseigninni á meðan starfsmenn X voru í húsínu en hinn 12. apríl 2023 hafi starfsmaður X rekið sig í krana í þvottahúsi þannig að opnast hafi fyrir hann og vatn lekið á borðplötu í þvottahúsinu. Þannig hafi vatn lekið þar til morguninn eftir þegar starfsmenn X hafi aftur mætt til vinnu. Í tölvupóstsamskiptum starfsmanns X og V kemur fram að starfsmaður X hafi „...rétt rekist utan í vask kranan – (ekki tengikrana úr vegg eða sambærilegt) með þeim afleiðingum að það dropaði úr vaskinum í langan tíma“. Einnig kemur fram í sömu samskiptum að X telur sig bera ábyrgð á tjóni M.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð vegna vatnslekans og bendir á að fagleg vinnubrögð hefðu verið að fara yfir húseignina áður en hún var yfirgefin til að ganga úr skugga um að allt væri í lagi. Það hafi ekki verið gert og á því beri X ábyrgð.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að sú háttsemi starfsmanns X, sem hafi rétt rekist í krana, sé ekki saknæm háttsemi og þannig beri X ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sú háttsemi starfsmanns X að rekast í krana í þvottahúsi og gera ekki sérstakar ráðstafanir til að stöðva vatnsleka í kjölfarið sé saknæm háttsemi í skilningi sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Við mat á háttseminni verður að líta til þess að starfsmenn X voru einir við vinnu í húseign M, sem átti þess ekki kost að uppgötva vatnslekann áður en til tjóns kom. Verður að gera þær kröfur til starfsmanna verktakafyrirtækja sem sinna störfum sínum í húseignum annarra að þeir gæti sín þannig að ef þeir rekast í t.d. vatnskranu að þeir gangi úr skugga um að ekki geti hlotist tjón af því. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að þess hafi verið gætt nægilega vel og á þeirri saknæmu háttsemi ber X skaðabótaábyrgð. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 214/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 15. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. ágúst 2023.
3. Bréf M, dags. 7. september 2023.
4. Bréf V, dags. 13. september. 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins kemur fram að þann 20. mars 2023 hafi orðið umferðaróhapp á Norðurlandsvegi þegar ökumaður vöruflutningabifreiðarinnar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar. Segir í lögregluskýrslunni að bifreiðin hafi hafnað utan vegar og oltið á öikumannshlið. Aðspurður um aðdraganda óhappsins kvaðst ökumaður bifreiðarinnar hafa verið að aka á 90 km hraða á klukkustund fyrir miðju vegarins þar sem hann var viss um að enginn bifreið hafi verið nálægt. Þegar hann hafi teygst sig í kæliskáp farþegamegin í vörubifreiðinni hafi fremri hjólbarði öikumannsmegin farið út fyrir vegöxlina og hann ekki náð að stýra bifreiðinni aftur upp á veginn. Bifreiðin hafi leitað út fyrir veginn með þeim afleiðingum að hún valt á hliðina ásamt tengivagni. Samkvæmt upplýsingum úr ökurita bifreiðarinnar var ökuhraði 85 km/klst. í aðdraganda árekstursins. Myndir úr bifreiðinni bera með sér að kæliskápurinn er staðsettur á milli öikumannssætis og farþegasætis. Þá útdraganlegur, þ.e. hægt er að draga hann frá innréttingu aftan við öikumannssætið og draga hann fram milli sætanna. Til að opna kælinn þarf svo að opna hurð eða lok ofan á kælinum.

V hefur fallist á bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A en telur að takmarka eigi ábyrgð félagsins með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Telur félagið að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og að tjónið verði rakið til þess. Byggir V m.a. á því að ökumaður bifreiðarinnar hafi brotið gegn aðgæsluskyldu sinni með því að aka bifreiðinni of hratt miðað við aðstæður. Þá telur V að ökumaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að teygja sig í kæliskáp milli sæta og að sú háttsemi hafi leitt til tjónsins. Tekur M sérstaklega fram að af myndum af dæma hafi kælinn verið inndreginn og ökumaður hafi því þurft að teygja sig nokkuð langt aftur til að draga kælinn fram og svo opna hann að því loknu. Enn fremur vísar V til þess að leggja verði ríkari aðgæsluskyldu á öikumann bifreiðarinnar þar sem hann er atvinnubílstjóri með aukin réttindi. Þá þurfi að gera enn ríkari kröfur um aðgæsluskyldu þar sem ökumaður ók þungri bifreið með 28 tonna farm í umrætt sinn.

M hefur gert kröfu um greiðslu fullra bóta vegna tjóns á bifreið sinni og vísar til þess að tjónið verði rakið til óhappatilviks. Byggir M m.a. á því að við gáleysismat verði að líta heildstatt á málsatvik. Ekki sé unnt að líta svo á að ökumaður hafi sýnt af sér gáleysi, hvorki einfalt né stórfellt eða að forsendur séu til að takmarka bótaskyldu V. Þegar horft er til aðstæðna allra verði því ekki talið óforsvaranlegt að hálfu öikumanns að teygja sig í kæliskáp sem staðsettur var milli sæta bifreiðarinnar og ekki hægt að líta svo á að ökumaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi við aksturinn.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. vsl. losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta hafi váttryggður valdið tjóninu með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. Þá kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skuli líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og hvort váttryggður hafi verið undir áhrifum fíkniefna sem hann hafi sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þá kemur fram í a-lið 2. mgr. 29. gr. vsl. að semja megi svo um að samsama megi háttsemi annars en váttryggðs sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Samkvæmt 17.2. gr. skilmála kaskótryggingarinnar getur félagið borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Við úrlausn

málsins verður því að leggja mat á það hvort tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar A.

Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður bifreiðarinnar A missti stjórn á henni í svipaða mund og hann var að teygja sig í kæliskáp. Ljóst er af gögnum málsins og þeim atvikalýsingum sem fyrir liggja að líkur eru á að tjónið verði rakið til þess að ökumaður bifreiðarinnar sýndi ekki að sér næga aðgæslu við aksturinn. Háttsemi ökumannsins fól því í sér gáleysi sem leiddi til þess að hann missti stjórn á bifreiðinni og hún hafnaði utan vegar með tilheyrandi tjóni. Við heildstætt mat á atvikum verður þó að líta til þess að það felur almennt ekki í sér stórkostlega tjónshættu að ökumaður teygi sig eftir hlutum og nái sér í drykk eða annað lauslegt í bifreiðinni. Er það mat nefndarinnar að sú háttsemi að teygja sig í kæliskápinn sé sambærileg við slíka háttsemi. Verður það því ekki metið ökumanninum til stórkostlegs gáleysis að hafa teygt sig í kæliskápinn, jafnvel þó það hafi leitt til umtalsverðs tjóns í þessu tiltekna tilviki. M á því fulla bótarétt úr kaskótryggingu ökutækisins A.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 216/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Fasteignareigandi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. apríl 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. júlí 2023 ásamt úrskurðum í málum 23/2020 og 28/2021.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. júlí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. október 2021 hafi M fallið við veitingastað X í miðborg Reykjavíkur. M kveðst hafa fallið fram fyrir sig í úttröppum og hlotið af því líkamstjón sem fólst í tvíbroti á fótlegg. Í gögnum málsins liggur fyrir yfirlýsing frá nafngreindum manni dags. 29. maí 2023 um að hann hafi verið á leið að sækja M á veitingastað X og verið að tala við hana í síma þegar hún hafi skyndilega hrópað og skell í kjölfarið eins og sími hennar hafi lent í götunni. Þá hafi komið maður í símann sem hafi sagt að M hafi dottið í þrepi tröppu við veitingastað M. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að viðkomandi hafi farið á vettvang, tekið mynd af tröppunum og mælt uppstig þeirra.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V skv. 2. gr. váttryggingarskilmála þar sem X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Í málskoti er vísað til þess að umráðamenn og eigendur fasteigna lúti ströngu sakarmati þegar skilyrðum sakarreglu skaðabótaréttarins er beitt og það gildi um X sem reki vínveitingastað þar sem M féll og aðbúnaður verða að vera þannig að reiknað sé með því að fólk sé undir áhrifum áfengis. Þannig verið að gera sérstakar ráðstafanir til að minnka slysaheitu sérstaklega við tröppur. M vísar einnig til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 varðandi þetta og bendir meðal annars á ákvæði um að mismunandi uppstig og innstig á tröppum auki slysaheitu, forðast skuli að hafa færri uppstig en þrjú þar sem það auki líkur á slysum og hæð framstiga og uppstiga skuli vera að tiltekinni hæð. M telur að X hafi vanrækt þessar skyldur og vísar til ljósmynda máli sínu til stuðnings. M telur að ekki skipti máli þó opinberir aðilar hafi ekki gert athugasemdir við húsnæði X og ekkert standi í vegi fyrir því að X geri lagfæringar á aðstöðunni til að auka öryggi gesta. Einnig bendir M á að í lækisfræðilegum gögnum komi fram að M hafi dottið á leið niður á tréfall á hallandi stétt þannig að það sé ekki vafi um hvar hún datt.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til saknæmra mistak starfmannanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X beri ábyrgð á. V bendir á að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við tröppur fyrir utan veitingastað X og ekki þekkt að áður hafi orðið slys þar. Enginn starfsmaður X hafi verið látinn vita af atvikinu og hafi X ekki heyrt af því fyrr en í janúar 2023 og þá hafi verið búið að eyða upptökum úr öryggismyndavélum sem sýni að M hafi dottið í tröppum við veitingastað X. V bendir einnig á að jafnvel þó sýnt sé fram á að M hafi dottið í tröppunum þá hafi sé ekki sannað að þær hafi verið vanbúnar, enda hafi þær verið í sama formi í um 30-40 ár þó eðlilegt viðhald hafi farið fram á þeim árum. Bent er á að handrið er við tröppurnar og byggingareglugerð nr. 112/2021 eigi ekki við um húsnæði X þar sem það hafi byggt fyrir gildistíma hennar. Eftirlitsaðilar hafi aldrei gert athugasemdir við tröppurnar þó fjöldi sem nemur tug- eða hundraði þúsunda hafi gengið um þær í misjöfnu ástandi. V telur að slys M verði rakið til þess að henni hafi orðið fótaskortur á háum hælum eins og fram komi í frumgögnum málsins og sé það ekki á ábyrgð X.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að X eða V hafi ekki gert reka að því að upplýsa hvenær pallur eða tröppur hafi verið byggðar m.t.t. gildandi byggingareglugerða. Einnig er áréttað að strangt sakarmat sé varðandi aðbúnað vínveitingastaða. Auk þess telur M að þeir úrskurðir sem V vitnar til í bréfi sínu séu ekki sambærilegir við atvik í máli M.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að gerðar eru athugasemdir við vitnisburð maka M sem lagður var fram í málinu af hálfu M þar sem viðkomandi var ekki vitni sjálfur heldur kveðst hafa fengið upplýsingar um að M hafi dottið frá ónefndu vitni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um hvort X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þegar hún féll við veitingastað X. Meginreglur um sönnun gera ráð fyrir því að sá sem heldur fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Sú sönnunarbyrði hvílir því á M.

Við skoðun á gögnum málsins verður ekki fallist á að skýrt sé að ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012 eigi við um húsnæði X, enda liggur ekkert fyrir um að húsnæði X sé byggt eða að því hafi verið breytt eftir að sú reglugerð tók gildi. Verður sakarmat því ekki byggt á ákvæðum þeirrar reglugerðar. Þegar litið er til almennrar slysaþattu við veitingastaði, sérstaklega vínveitingastaði verður að gera ríkar kröfur til þess að aðstæður séu ekki hættulegar þeim sem heimsækja slíka staði. Ekki liggur fyrir að opinberir eftirlitsaðilar hafi gert athugasemdir við aðstæður við veitingastað X, ekki liggur heldur fyrir að slys hafi orðið þar þrátt fyrir nokkra umferð gesta. Telst M því ekki hafa sýnt fram á að sértaklega hættulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi í greint sinn og verður að bera hallann af slíkum sönnunarskorti m.v. almennar sönnunarreglur sem vitnað er til hér að ofan. M á því ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 217/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging og ábyrgðartrygging vegna atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Veitur. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. júní 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V1 dags. 11. júlí 2023, ásamt skilmálum, tjonstilkynningu dags. 2. febrúar 2023 og skoðunarskýrslu.
3. Bréf V2 dags. 13. júlí 2023, ásamt skilmálum. tjonstilkynningu, afstöðubréfi og tölvusamskiptum V2 og váttryggingartaka.
4. Tölvupóstur M dags. 17. júlí 2023, ásamt matsskýrslu.
5. Tölvupóstur V2 dags. 24. og 26. júlí 2023, ásamt upplýsingum frá X.
6. Tölvupóstur V1 dags. 14. ágúst 2023.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hinn 2. febrúar 2023 hafi orðið tjón á húseign M með þeim hætti að rigninga- og leysingavatn hafi flætt inn í húseignina. Í tjonstilkynningu M til V1 kemur fram að vatn hafi flætt í gegnum útveggi húseignarinnar og að dælur sveitarfélagsins hafi slegið út og allt farið á flot. Í skoðunarskýrslu dags. 6. febrúar 2023 kemur fram að „...vatn að utan..“ hafi flætt „...inn í gegnum útvegg“ og haft eftir M að dælukerfi sveitarfélagsins hafi slegið út eða hætt að virka og mikið vatn hafi þannig safnast saman í kringum húsið og þannig átt greiða leið inn í húsið. Í tjonstilkynningu M til V2 segir „Dælukerfi sló út, húsið stóð í hálfum meter af vatni. Flæddi inn um útveggi. 2-3 cm vatn í húsinu. Gólfefni, innréttingar og húsgögn urðu fyrir tjóni.“

Af málskoti M verður ekki annað ráðið en að hún telji að greiða eigi bætur úr fasteignatryggingu sinni hjá V1 á grundvelli 4. gr. 2. kafla í váttryggingarskilmálum þar sem fjallað um tjón vegna yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku. Krafa M um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V2 sé hins vegar á þeim forsendum að dælur X hafi sannanlega slegið út í úrhelli.

V1 hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til a.liðar 5. gr. 2. kafla váttryggingarskilmála fasteignatryggingar (húseigandatryggingar) félagsins þar sem segir að váttryggingin bæti ekki tjón vegna „...utanaðkomandi vatns, s.s. grunnvatns, vatns frá svölum, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.“ V1 bendir á að það komi bæði fram í skoðunarskýrslu og tjonstilkynningu M að vatn hafi flætt inn í húseign M í gegnum útveggi og þannig eigi undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna við.

V2 hefur einnig hafnað bótaskyldu og telur að tjón verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmetrar háttsemi X, en þau skilyrði þurfi að uppfylla til að tjón M falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V2 auk þess sem sönnunarbyrði um slíkt hvíli á M. V vísar til upplýsinga frá X um að dælustöð X hafi slegið út vegna rafmagnstruflana í slæmum veðuraðstæðum. V2 vísar til þess að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verði með þessum hætti heldur þurfi M að sýna fram á saknæma og ólögmeta háttsemi starfsmanna X sem ekki hafi gert neitt rangt og ekki vitað um bilun fyrr en eftir á. Auk þessa sé ekki ljóst að tjón M sé alfarið hægt að rekja til bilunar í dælustöð.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 17. júlí 2023 er vísað til matsskýrslu og tekið fram að flætt hafi tvisvar sinnum síðasta mánuðinn, þ.e. 24. júní og 1. júlí.

Í viðbótarathugasemdum frá V2 dags. 24. júlí 2023 kemur fram að félagið telji matsskýrslu þá sem M lagði fram sýna slæmar aðstæður húseignar hennar renni það stöðum undir að aðstæður í og við húseignina sé orsakavaldur tjónsins eða eigi þátt í að vatn renni inn í hana. Húseignin standi lágt, þ.e. lægra en yfirborð götu og þannig hafi vatn sem safnist innan lóðar við húsið enga leið til að renna frá því. Einnig er vísað til upplýsinga frá X að ekki hafi flætt inn í aðrar húseignir í svipaðri legu og húseign M. Einnig er í viðbótarathugasemdum V2 dags. 26. júlí 2023 vísað til þess að þegar flætt hafi á árinu 2023 inn í húseign M hafi ekki verið um að ræða sömu bilun og þegar flæddi inn í febrúar 2023.

Í viðbótarathugasemdom V1 dags. 14. ágúst 2023 eru sjónarmið félagsins um að vatn sem flæddi inn í húseign M hafi verið verið utanaðkomandi ítrekuð og vísað til framlagðra matsskýrslna um það.

Álit.

Í málinu er annars vegar ágreiningur um hvort tjón á húseign M falli undir gildissvið fasteignatryggingar (húseigandatryggingar) hennar sjálfrar hjá V1. Í váttryggingarskilmálum kemur skýrlega fram í a.lið 5. gr. 2. kafla að váttryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns. Í tjónstilkynningu M sjálfrar sem og matsskýrslum sem liggja fyrir í málinu kemur skýrt fram að vatn hafi legið inn um vegg húseignar M og verður slíkt vatn að teljast utanaðkomandi. Verður því ekki fallist á að M eigi bótarétt úr fasteignatryggingu sinni hjá V1.

Hins vegar snýr ágreiningur að því hvort tjón á húseign M falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V2. Í váttryggingarskilmálum þeirrar váttryggingar kemur fram í 4. gr. að tryggingin bæti „...beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum.“ m.a. vegna starfsemi sem getið er í skirteini eða endurnýjunarkvittun. Samkvæmt almennum sönnunarreglum verður M að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi til þess að eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki er í gildi hlutlæg bótaregla sem nær til sveitarfélaga þegar bilun verður í búnaði þeirra, en í gögnum málsins kemur fram að bilun hafi orðið í dælubúnaði þegar tjón á húseign M varð 2. febrúar 2023. Ekki kemur fram í gögnum málsins að þá bilun sé hægt að rekja til háttsemi starfsmanna X, vitneskju þeirra um aðstæður sem leitt gætu til slíkrar bilunar né að á þeim hafi hvílt skylda til frekari athafna. Þar sem ekki er um hlutlæga bótaábyrgð að ræða verður skaðabótaábyrgð X ekki byggt á öðru en því að einhver sem X ber ábyrgð á hafi sýnt saknæma háttsemi í skilningi sakarreglunnar. Verður M að bera hallann af því að hafa ekki sýnt fram á það með einhvers konar gögnum og á því ekki heldur rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V2.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu sveitarfélags hjá V2.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 5. september 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 218/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið váttryggingar. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 19. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi, hinn 3. mars 2023, ekið bifreið sinni, A, að bifreiðapvottastöð X. Hún hafi ekið A að hurð þvottastöðvarinnar en hurðin ekki opnast eins og venjulega. Annar viðskiptavinur hafi farið inn og opnað hurðina og M þá ekið inn í stöðina. Hún hafi þá fylgt leiðbeiningum um staðsetningu A í stöðinni, farið út úr bifreiðinni og greitt fyrir þvottinn. Hafi þvottavélin þá strax farið af stað en M hafi ekki beðið inni í bifreiðinni heldur úti við dyr þaðan sem hún hafi fylgst með. Eftir þvottinn hafi komið í ljós skemmdir á A. Í málskoti kemur fram að augljóst sé að kerfinu sem sinni sjálfvirkri stýringu í þvottastöðinni sé ábótavant enda hafi stútar og spíssar afvegaleiðst með þeim afleiðingum að þeir rákust í A og rispuðu hana og dælduðu. Samkvæmt leiðbeiningum við þvottastöðina eigi að greiða fyrir þvott áður en ekið er inn en í þessu tilviki hafi það verið ómögulegt þar sem óþolinmóður þriðji aðili hafi opnað innkeyrsludyrnar áður en greiðsla fór fram. Það sé ekki á valdi M að meta hvort slíkt inn grip hafi áhrif á virkni búnaðar, enda megi jafnframt ætla að búnaðurinn stöðvist sé eitthvað óeðlilegt í ferlinu. M hafi margoft nýtt sér þessa þvottastöð og hafi hún þá farið að með sama hætti, þ.e. skilið bifreiðina eftir í þvottastöðinni áður en greitt var fyrir þvottinn. Þetta fyrirkomulag virðist þá hafa breyst með nýjum búnaði í stöðinni. M sé þá með alvarlegan astma og innilokunarkennd og hafi af þeim sökum ekki getað beðið í bifreiðinni meðan þvottur fór fram. Hafi ekki verið farið að leiðbeiningum hefði stöðin átt að endurræsa ferlið eða stöðva það með villumeldingu og ábyrgðinni á því að það hafi ekki gerst verði ekki varpað á notendur. Gerir M því kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V er vísað til þess að í sérskilmála umræddrar váttryggingar komi fram að skemmdir á bifreiðum af völdum þvottavélar séu séu undanskildar gildissviði hennar. Jafnvel þó komist yrði að þeirri niðurstöðu að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M sé bótaréttur úr váttryggingunni því ekki fyrir hendi, enda megi rekja meint tjón til þvottavélar. Þess utan telur V að skaðabótaábyrgð sem slík sé ekki til staðar. Á svæðinu séu leiðbeiningar um að greiða þurfi fyrir þvott áður en bifreið er ekið inn í stöðina. Sé hurð bifreiðar opnuð eftir að henni hefur verið komið fyrir inni í stöðinni geti það þá ruglað skynjara sem ákvarða lengd og stærð bifreiða. M mótmæli því ekki að leiðbeiningar hafi verið til staðar og hefði hún kynnt sér þær hafi henni mátt vera ljóst að ætlast sé til að notendur greiði fyrir þvottinn áður en ekið er inn á stöðina og sitji í bifreiðum meðan þvottur fer fram. Verði X ekki gert að bera ábyrgð á tjóni sem rakið verði til þess að leiðbeiningum var ekki fylgt. Þá telur V óljóst að hvaða leyti ákomur á bifreiðinni verði raktar til búnaðar þvottastöðvarinnar.

Álit.

Á váttryggingarskírteini vegna umræddrar váttryggingar er að finna sérstakan skildaga fyrir bifreiðapvottastöðvar og bónstöðvar. Kemur þar fram m.a. fram að skemmdir á bifreiðum af völdum þvottavélar séu undanskildar. Af málskoti M verður ekki annað ráðið en að hún telji þvottavél eða búnað hennar í þvottastöð X hafa valdið tjóni sínu. Þar sem slíkt tjón er skýrlega undanskilið samkvæmt framansögðu verður að hafna kröfu hennar þegar af þeirri ástæðu og koma atvik málsins þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 219/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 7. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. júlí 2023 ásamt fylgigagni.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. júlí 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi, hinn 7. september 2022, orðið fyrir líkamstjóni er hann féll af reiðhjóli. Atvik hafi verið þau að hann hafi ekið reiðhjóli eftir Eyjafjarðarbraut í átt að miðbæ Akureyrar. Hann hafi hjólað af akbrautinni og að hjólastíg yfir grasflöt sem skilji göngu- og hjólastíg frá akveginum. Hafi hann stýrt hjólinu milli tveggja staura sem hann taldi vera hlið sem hægt væri að hjóla í gegnum. Á leið milli stauranna hafi hann hins vegar steypst fram fyrir sig og fallið af hjólinu en komið hafi í ljós að á milli stauranna voru þrír litlir kranar sem stóðu upp úr jörðinni sem ollu því að M steypist af hjólinu. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins en V hafnað bótaskyldu, með bréfi dags. 15. febrúar 2023, á grundvelli þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða. M byggir kröfu sína á því að kranarnir hafi verið staðsettir með þessum hætti af hálfu X, en auðvelt hefði verið að staðsetja þá annars staðar. Um sé að ræða almenningssvæði við vinsæla hjólaleið sem gera megí ráð fyrir talsverðri umferð um og þá hafi kranarnir verið huldur með gróðri. Hefði verið fyrirhafnarlítið af hálfu X að finna krönum annan stað eða takmarka slyshættu með öðrum hætti, t.a.m. með því að moka sandi yfir þá svo sem síðar hafi verið gert. Þá komi fram í svörum V til M að sérstaklega sé varað við staðsetningu krananna með umræddum staurum. Að mati M gefi staðsetning og útfærsla stauranna ekki nein merki um að hættu stafi af því að fara milli stauranna sem myndi eins konar hlið. Þvert á móti gefi staðsetning stauranna hjólafólki til kynna að rétt sé að hjóla milli þeirra til að komast yfir á hjólastíginn. Þá séu merkingar þeirra óljósar og ósamræmi milli þeirra enda sé annar staurinn í rauðum lit en hinn í bláum. Hefði verið hæfur vandi að vara við krönum með öðrum og greinilegri hætti. Í öllu falli sé ljóst að staurarnir þjóni alls ekki þeim tilgangi að fæla vegfarendur frá.

Í bréfi og viðbótarathugasemdum V er lýst þeirri afstöðu að tjón M verði ekki rakið til atvika sem X beri skadabótaábyrgð vegna heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. Því er hafnað að staðsetning krananna sem slík verði metin X til gáleysis enda sé um að ræða óræktað svæði sem erfitt sé umferðar og megí ætla að gangandi og hjólandi vegfarendur sækist fremur eftir því að nýta þar til gerða stíga. Kranarnir hafi þá verið staðsettir langt frá göngu- og hjólastíg. Þrátt fyrir það hafi X ákveðið að setja upp tvo staura sem málaðir séu í bláum og rauðum lit og ætlaðir til að vara vegfarendur við krönum sem staðsettir séu milli þeirra. Venja sé fyrir því að aðvörunarmerkingar séu rauðlitar, sbr. t.a.m. reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, og hafi M mátt vera það ljóst að staurunum væri ætlað að vara við einhvers konar hættu. Þá hafi staurarnir báðir verið merktir með rauðum lit þó í mismiklum mæli hafi verið. Með engu móti sé þá hægt að fallast á að rétt hafi verið að ætla að um hlið væri að ræða, enda sé engin girðing á svæðinu. Þá standist staurarnir ekki á og hafi ekki snúið að akbrautinni. Hafi M því þurft að beygja sérstaklega til að komast milli stauranna. Hafi M því hunsað viðvörunarmerkingar á svæðinu. Staurarnir hafi þá verið á sama stað í um áratug án frekari óhappa. Þó X hafi í kjölfar óhappsins ákveðið að setja mól yfir krananna feli það þá ekki í sér viðurkenningu á ábyrgð eða sönnun þess að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skadabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skadabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hans sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna

Þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Af gögnum málsins, þ.á.m. ljósmyndum af vettvangi, má ráða að um níu metra breiður grasbali sé milli akbrautar og samsíða göngu- og hjólastígar. Þá er óumdeilt að á þessu svæði eru þrjár kranar á returlögn hitaveitu. Af fyrirliggjandi ódagsettum ljósmyndum af slyssað má ráða að kranarnir hafi staðið nokkuð uppúr jörðinni og verið að mestu leyti huldur með gróðri. Eftir slys M mun X svo hafa sett mól að krönum svo staðsetning þeirra er nú sýnilegri. Af ljósmyndum má einnig sjá að sitt hvorum megin við kranana eru staurar. eru staurarnir málaðir bláir til hálf, annar á neðri hluta en hinn á efri, en að öðru leyti virðast staurarnir, eða í það minnsta annar þeirra, hafa verið rauðir, þó sá litur sé, af fyrirliggjandi ljósmyndum að dæma, ákaflega máður. Samkvæmt málflytningi V voru umræddir staurar settir upp í þeim tilgangi að vara vegfarendur við fyrrnefndum krönum. Verður því að miða við að X hafi talið að slyshættu gæti stafað af staðsetningu krananna. Verður þá ekki fallist á það með V að þessar viðvaranir hafi verið til samræmis við tilvísaða reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, eða settar fram með þeim hætti að vegfarendum mætti vera ljóst að hættulegt gæti reynst að fara milli stauranna. Verður að taka undir með M varðandi það að að fyrirhafnarlítið hefði verið fyrir X að vara við umferð með mun skýrari hætti eða með því að setja mól að krönum eins og nú hefur verið gert. Vanrækslu á því verður að meta X til gáleysis. Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður þá ekki talið að M hafi mátt vera ljóst að umferð milli stauranna væri varasöm eða að hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að hjóla milli þeirra. Verður því ekki talið að tilefni sé til þess að M beri hluta heildartjóns síns á grundvelli meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 220/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 20. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. júlí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 3. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 12. október 2020 hafi bifreiðinni A verið ekið aftan B, sem M ók. Hafi M kastast til við áaksturinn með þeim afleiðingum að hann fékk slink á háls og brjóstbak og fann strax fyrir miklum stífleika á þeim svæðum. Hinn 2. mars 2021 hafi M sent V tilkynningu um slysið og hafi skráning þess hjá V verið staðfest hinn 7. apríl s.á. V hafi, hinn 2. ágúst 2022, hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns með vísan til hraða- og höggútreikninga. M telur að V hafi glatað rétti sínum til takmörkunar ábyrgðar samkvæmt 2. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem ekki hafi verið tilkynnt um höfnun án ástæðulauss dráttar, en tilkynning V hafi borist tæpum sextán mánuðum eftir að skráning atviksins hjá V var staðfest. V hafi þá aðeins byggt höfnun sína á upplýsingum um munatjón og áður nefndri PC-crash skýrslu en litið hafi verið framhjá lækisfræðilegum gögnum. Er skýrslunni sérstaklega mótmælt enda hafi hennar verið aflað einhliða af V án þess að M hafi átt þess kost að koma að athugasemdum. Þrátt fyrir niðurstöður skýrslunnar hafi kraftur árekstursins þá ekki verið minni en svo að starfsmaður Aðstoðar og öryggis hafi á vettvangi talið ástæðu til að hringja í neyðarlínuna vegna ástands ökumanns A, sem hafi á endanum verið flutt með sjúkrabifreið á slysadeild. Hvað varði lækisfræðileg gögn þá liggi fyrir að M hafi, vegna annars slyss tveimur árum fyrr, ekki verið heill heilsu fyrir umrætt atvik. Undirliggjandi einkenni hans hafi ýft upp við áreksturinn og versnað. Hafi M fyrst leitað á heilsugæslu vegna afleiðinganna í janúar 2021. Þá séu fleiri færslur í sjúkraskrá sem vísi til versnandi ástands hans og bakslags. Þá sýni yfirlit meðferða sjúkrabjálfa fram á varanleg einkenni M í kjölfar árekstursins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra varanlegu einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð. Við áreksturinn hafi komið örlitlar skrárum á afturstuðara B en um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sem ekki hafi haft næga krafta til að valda varanlegu líkamstjóni. Miðað við fyrirliggjandi sjúkragögn hafi M fyrst leitað lækisáðstoðar vegna þess atviks hinn 14. janúar 2021, eða þremur mánuðum eftir að það átti sér stað. Við þá komu hafi hann lýst versnandi einkennum frá hálsi. Hann hafi þess utan átt nokkrar komur til lækis þar sem minnst sé á slysið í október 2020 en flestar þeirra hafi þó snúið að afleiðingum fyrra umferðarslyss eða öðru í heilsufari M og við segulómun hafi fundist vísir að brjós-klosi. M hafi lent í alvarlegu umferðarslysi á árinu 2018 en ekki hafi verið framkvæmd matsgerð vegna þess. Fram komi í sjúkraskrá að síðasta koma M til lækis vegna þess slyss hafi verið aðeins nokkrum mánuðum fyrir atvik það sem hér um ræði og hafi M þá verið að fullu óvinnufær vegna fyrra slyss. M hafi þá ekki leitað lækisáðstoðar vegna afleiðinga þess atviks sem hér um ræðir síðan í janúar 2022. Þá hafi hann aðeins leitað í eitt skipti til kírópraktors og ekkert liggi fyrir um frekari meðferðir. Þá er lögð áhersla á að atvikið sem slíkt sé bótaskyldt, enda liggi fyrir að ökumaður A beri sök á árekstri aðila. Greinarmun skuli gera á bótaskyldu og fjárkröfu sem gerð er í kjölfar hennar. Hugsanleg bótaábyrgð takmarkist þó við að orsakatengsl séu milli atviks og meints líkamstjóns og að tjón sé sennileg afleiðing bótaskylds atviks. V telji ekki sýnt fram á það og snúi ágreiningur málsins að þeirri ákvörðun V að greiða ekki fyrir gagnaöflun áður en matsgerð liggi fyrir en það sé í höndum tjónþola að afla slíkra gagna á eigin kostnað og áhættu. Vert sé þá að taka fram að V hafi boðist til þess að standa sameiginlega að öflun matsgerðar, þ.e. fallist á að greiða tiltekna gagnaöflun án viðurkenningar á greiðsluskyldu, eftir að einhliða matsbeiðni barst V. Lögmaður M hafi hins vegar ekki verið tilbúinn að leyfa félaginu að hafa aðkomu að matinu og hafi fyrri afstaða þess því staðið óbreytt.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það hafi ekki verið fyrr en með málskoti til nefndarinnar að V hafi breytt afstöðu sinni og boðist til að standa sameiginlega að mati á afleiðingum. Fram að því hafi mikill kostnaður falist í því fyrir M að afla matsgerðar. Þá hafi V krafist breytingar á matsmanni án frekari skýringa og ekki hafi verið unnt að fallast á það enda þegar búið að senda matsbeiðnina. Þá er áréttað að læknisfræðileg gögn sýni fram á líkamlegar afleiðingar og orsakatengsl þeirra við áreksturinn. Ástæða þess að M hafi ekki leitað læknis fyrr eftir slysið hafi verið sú að hann greindist með Covid-19 strax eftir atvikið og var því í einangrun í hálfan mánuð. Auk þess sé alkunna að nokkur tími geti liðið frá slysum áður en tjónþolar átti sig að fullu á afleiðingum þeirra. Er því áréttuð krafa um greiðsluskyldu V vegna tjóns M.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að ágreiningur málsins snúi ekki að því hvort M eigi rétt á bótum heldur því að V hafi hafnað að greiða fyrir gagnaöflun á grundvelli þess að orsakatengsl séu ósönnuð.

Álit.

Í málalilbúnaði M er vísað til þess að samkvæmt 2. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga skuli váttryggingafélag tilkynna um það án ástæðulauss dráttar hyggist það bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að heild eða hluta samkvæmt ákvæðum 13. kafla laganna, ella falli réttur til þess niður sbr. 3. mgr. 94. gr. Þar sem ekki verður séð að ágreiningur þessa máls falli með nokkrum hætti undir framangreindan 13. kafla laganna, auk þess sem um ábyrgðartryggingu samkvæmt lögum nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar er að ræða kemur þetta atriði ekki til frekari skoðunar.

Fram kemur hjá V að ágreiningur þessa máls varði eingöngu það hvort V beri skylda til þess á grundvelli 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að greiða fyrir mat á afleiðingum umferðarslyssins en af gögnum málsins má ráða að M hafi þegar hafið ferli við framkvæmd einhliða mats í þeim tilgangi að sýna fram á tjón sitt. Í málskoti M er þess hins vegar krafist að „úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kveði upp úrskurð þess efnis að V sé að fullu greiðsluskylt úr tryggingum M hjá V.“

V byggir afstöðu sína á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli hins bótaskylda atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Kemur þá til skoðunar hvort sýnt hafi verið fram á slík orsakatengsl fyrir nefndinni. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi afar litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði ekki til læknis fyrr en um þremur mánuðum eftir umrætt atvik og lýsti þá versnun fyrri einkenna, en hann mun hafa verið óvinnufær vegna fyrra slyss. Þá liggur fyrir læknisvottorð dags. 24. maí 2022, en þar er aðeins að finna mjög takmarkaða umfjöllun um ástand M eftir fyrra slysið. Þá liggur ekki fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um afleiðingar árekstursins á heilsu M. Verður að telja, af heildstæðri skoðun gagna málsins, að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakatengsl milli árekstursins 12. október 2020 og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Í 1. gr. skaðabótalaga segir að sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skuli greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Til þess að sýna fram á að réttur til greiðslu fyrir gagnaöflun vegna líkamstjóns sé fyrir hendi verður tjónþoli að sýna fram á að einkenni hans sé hægt að rekja til bótaskylds váttryggingaratburðar. Eins og fram hefur komið hér að ofan er verulegur vafi um að þau einkenni sem M finnur nú fyrir sé hægt að rekja eingöngu til áreksturs 12. október 2020. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Með vísan til alls ofangreinds og þá sérstaklega meginreglna um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti verður ekki fallist á að greiðsluskylda V vegna fyrirhugaðs örorkumats sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

V ber ekki skylda til að greiða fyrir fyrirhugað örorkumat á M vegna afleiðinga sem hann rekur til áreksturs hinn 12. október 2020.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 222/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið umferðarlaga. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot dags. 20. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu og öðrum málgögnum varð, hinn 9. júní 2022, árekstur milli bifreiðarinnar A og rafmagnshlaupahjólans B á frárein af Hringbraut inn á Nauthólsveg. Atvik voru með þeim hætti að M sem var ökumaður rafmagnshlaupahjólans ók af gangstétt og út á fráreinina í veg fyrir bifreiðina A. M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að umrætt rafmagnshlaupahjól teljist ekki reiðhjól í skilningi 42. tölul. 3. gr. umferðarlaga og að M beri alla sök á árekstrinum. M er þessu ósammála og telur sig eiga fullan og óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Í fyrsta lagi teljist rafmagnshlaupahjól með um ræðir vissulega reiðhjól, í öðru lagi eru engin orsakatengsl fyrir hendi á milli mögulegs hámarkshraða hlaupahjólans og þeirrar staðreyndar að ekið var á M á gangbrautinni umrætt sinn. Loks var M í rétti umrætt sinn en skv. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2019 bar ökumanni A að veita M forgang þegar hann þveraði götuna og jafnframt sýna af sér sérstaka aðgæslu við umrædd vegamót sbr. 1. mgr. 26. gr. sömu laga. Er því ólöglegt að mati M að leggja alla sök á árekstrinum á hann. Til vara krefst M minni hlutfallslegrar skerðingar bótaréttar.

Afstaða V er sú að skipta eigi sök milli ökumanna á grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar og að alla sök beri að leggja á M þar sem B sé váttryggingarskyldt bifhjól. Samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 séu öll vélknúin ökutæki skráningarskyld en létt bifhjól í flokki I séu þó undanþegin skráningarskyldu skv. 1. mgr. 72. gr. laganna. Þau séu einnig undanþegin váttryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og ákvæði 5 gr. sömu laga um sakarskiptingu. Létt bifhjól í flokki I sé hins vegar, skv. 28. tölul. 3. gr. umferðarlaga, skilgreint sem bifhjól sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Í málinu liggja fyrir að hámarkshraði B var 47,2 km/klst., sbr. rannsóknargögn lögreglu. Ljóst sé því að B falli ekki undir skilgreiningu á léttu bifhjóli í flokki I né undir skilgreiningu á reiðhjóli. Þannig beri að skipta sök í réttu hlutfalli við sök ökumanna samkvæmt 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar, sbr. 7. gr. laganna. Varðandi sakarmatið vísar V til þess að M hafi ekið hratt af gangstíg þvert inn á akbraut með þungri umferð á háannatíma án þess að gæta að annarri umferð. Hafi hann þannig brotið gegn tilvitnuðum ákvæðum umferðarlaga og reglugerða nr. 57/1994 og nr. 822/2004. M hafi ekki farið yfir gangbraut í skilningi umferðarlaga og átti áreksturinn sér ekki stað á gatnamótum. Til vara, ef nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ökutækið B flokkist undir skilgreiningu umferðarlaga á reiðhjóli eða léttu bifhjóli í flokki I, er það afstaða V að tilefni sé til að fella niður bótarétt M að fullu vegna eigin sakar.

Álit.

Samkvæmt framansögðu snýst ágreiningur þessa máls um það hvort rafmagnshlaupahjól B hafi á tjónsdegi verið skráningarskyldt ökutæki samkvæmt umferðarlögum, sbr. 7. tölul. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar, en það er forsenda þess að tjóni verði skipt á milli A og B í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli á grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Samkvæmt c-lið 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 fellur vélknúin hlaupahjól undir þann flokk reiðhjóla sem er annað vélknúin ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Líkt og létt bifhjól í flokki I eru slík reiðhjól hvorki skráningar- né váttryggingarskyld. Létt bifhjól í flokki II er samkvæmt 28. tölul. 3. gr. umferðarlaga, hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Fyrir liggur að búin var að aftengja aftengja hraðatakmarkun á B, í þeim tilgangi að aka því hraðar, en það felur ekki í sér að það hafi verið „hannað“ til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund í skilningi umferðarlaga. Með vísan til ofangreinds og úrskurðar nefndarinnar

í málum nr. 350/2022 sem fjallar um sambærilegt álitæfni er það afstaða nefndarinnar að rafmagnshlaupahjólíð, eins og það var hannað, teljist vera reiðhjól skv. c-lið 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Verður við úrlausn þessa máls því ekki byggt á 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Í 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur af tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur milli A og B við svokallaða göngubverun á frárein frá Hringbraut inn á Nauthólsveg. Göngubverunin er ekki merkt sem gangbraut með umferðarmerki D02.11 né hvítum samsíða röndum eins og áskilið er í 29. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. Var því ekki um gangbraut að ræða. Bar M þannig að sýna sérstaka aðgát skv. 3. mgr. 42. gr. umferðarlaga og veita umferð um veginn forgang skv. 3. mgr. 26. gr. sömu laga. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu er að finna framburði tveggja vitna. Annað vitnið kveðst hafa séð M aka í veg fyrir bifreiðina A á „ágætum hraða“ þegar slysið varð og kveðst ekki hafa séð að M hafi litið til beggja hliða áður en hann fór yfir götuna, en var ekki alveg viss. Hitt vitnið kvað M hafa farið yfir á mikilli ferð án þess að líta sérstaklega til beggja hliða. Hið sama kemur fram í framburði ökumanns A. Verður samkvæmt þessu að telja sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur rafmagnshlaupahjólsins í umrætt sinn. Að öllu virtu og með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 þykir rétt að bætur úr ábyrgðartryggingu A skerðist um helming. Að sama skapi telst M því eiga rétt á ½ bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/2 hluta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 223/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 11. júní 2021 var bifreiðinni A, ekið inn í hlið bifreiðar M. Leitaði M í kjölfar slyssins á heilsugæslu þann 15. júlí 2021 og svo aftur þann 20. ágúst 2021. Þá leitaði M til læknis í Danmörku þar sem hún er búsett í febrúar 2022 og fékk beiðni um sjúkrahjálfun. Sótti hún sex meðferðartíma á tímabilinu frá 20. júní 2022 til 26. ágúst 2022. M tilkynnti um líkamstjón til V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 27. júní 2022. Þar kemur fram að V telji orsakatengsl ekki vera til staðar milli árekstursins og þeirra áverka sem M glímur við. Vísaði V til PC-crash skýrslu dags. 13. mars 2022. M telur ákvörðun V ekki réttmæta og óskar eftir endurskoðun. Mótmælir M því að byggt verði á PC-crash útreikningi þar sem þeir séu að litlu leyti byggðir á samtímagögnum. Slíkur útreikningur geti ekki haft sönnunargildi varðandi mat á líkamstjóni M. Bendir M á að fyrir dómstólum hafi slíkar skýrslur ekki verið taldar fullnægjandi sönnunargögn. Fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn hafi fyrst og fremst þýðingu við mat á líkamstjóni og orsakatengslum en ekki skýrsla um útreikninga úr PC-crash. Þá beri V að bæta M kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar til að sýna fram á umfang tjónsins enda hafi M lagt fram gögn til að leiða líkum að líkamstjóni sínu eftir slysið. Vísar M til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Afstaða V byggir á því að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl á milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M telur að rekja séu til þess. Miðað við fyrirliggjandi sjúkragögn leitar M ekki læknisaðstoðar fyrr en þann 4. október 2021 þegar liðnir eru fjórir mánuðir frá slysinu. Við þá komu lýsir M bakverkjum með leiðni upp í háls og höfuð og niður í vinstri fót. Næsta koma er hjá lækni í Danmörku þann 20. desember 2021 þar sem M lýsir mjóbaksverkjum. M á því miðað við fyrirliggjandi gögn aðeins tvær lækniskomur vegna slyssins. M byrjaði síðan í sjúkrahjálfun þann 20. júní 2022, rúmi ári frá slysi og leitar aðeins sex sinnum í slíka meðferð. Gögn málsins bera með sér að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. V telur ágreining snúa að ákvörðun um að greiða ekki fyrir gagnaöflun áður en matsgerð liggur fyrir. Bendir V á að samkvæmt dómaframkvæmd er ekki nægilegt til sönnunar um orsakatengsl á milli atburðar og tjóns í líkamstjónamálum að hugsanlegt geti verið að um slík tengsl sé að ræða, heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu í raun og veru fyrir hendi. M hafi ekki lagt fram gögn sem sýni fram á orsakatengsl. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því að hafa ekki leitað til læknis fyrr en fjórum mánuðum eftir slys. Fyrir liggir að M fór í myndgreiningu vegna brjóstverkja, uppkasta og blóðugs hósta þann 15. júlí 2021. Þá liggja einnig fyrir samskiptaseðill heilsugæslu dags. 4. október 2021 er staðfest af lækni að M hafi leitað til hans í kjölfar slyssins. Þá lagði M einnig fram staðfestingu dags. 28. febrúar 2023 frá sjúkrahúsi í Danmörku þar sem fram kemur að M sé enn með verki í kjölfar slyssins.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að lækniskoma þann 15. júlí 2021 sé ekki í neinum tengslum við umferðarslysið þann 11. júní 2021. M lýsir þannig einkennum að V telur engar líkur á að þau séu afleiðing umrædds umferðarslyss. Í komunótu 20. ágúst 2021 sé ekki minnst á umferðarslysið og þá staðfesti læknir það ekki við komu þann 4. október 2021, heldur kemur þar fram að M hafi sjálf haldið því fram að þau hafi rætt þegar þegar þau hittust þann 20. ágúst 2021.

Álit.

Fram kemur í greinargerð V að félagið hafi ranglega hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Hið rétta sé að félagið telji atvikið sem slíkt bótaskyld hjá félaginu og sé því að hafna greiðsluskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds slyss og meintra líkamsáverka M.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Fyrsta koma M til læknis eftir umferðarslysið 11. júní 2021 var þann 15. júlí 2021. Í bráðamóttökuskrá er greining sögð vera ógleði og uppköst. Ekki er fjallað um umferðarslysið í tengslum við þá komu. Næsta koma var þann 20. ágúst 2021 og þar er skráð að læknir hafi gefið almennar heilsufarsráðleggingar. Þriðju samskipti hennar við heilsugæslu er með símtali þann 4. október 2021 þar sem hún kveðst vera stödd í Danmörku og að ekið hafi verið á hana 11. júní 2021. Hún hafi haft stoðkerfisvandamál eftir slysið og kveðst hafa talað um þetta við læknisheimsókn þann 20. ágúst 2021. Af þessum gögnum verður ekki annað ráðið en að M hafi fyrst með símtali þann 4. október 2021 minnst á umferðarslysið við lækna á Íslandi. Fyrsta læknisskoðun eftir umferðarslysið er svo í Danmörku þann 20. desember 2021. Fékk hún þá tilvísun í sjúkraþjálfun.

Af ofangreindu má sjá að kvartanir M eftir slysið komu ekki fram fyrir en rétt tæpum fjórum mánuðum eftir slysið og var það eingöngu í símtali við lækni á Íslandi eftir að M var farin aftur til Danmerkur þar sem hún er búsett. Var þannig um einhliða frásögn hennar að ræða sem ekki var staðfest með skoðun læknis. Ákomur á bifreið M voru litlar þegar litið er til niðurstöðu hraða- og höggútreiknings í fyrirliggjandi PC-crash skýrslu og ljósmynda af bifreið M. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástands M. Þau gögn sem liggja fyrir nefndinni sýna ekki fram á slíkt orsakasamband og er því óhjákvæmilegt að láta M bera hallan af þeim sönnunarskorti sem er til staðar í málinu. Hefur M þannig ekki sýnt fram á að hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum þann 11. júní 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 224/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega, ábyrgðartrygging atvinnureksturs og ábyrgðartrygging vegna vinnuvélar.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. júlí 2023.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast þegar vélarhlíf vinnuvélar lenti á hönd hans hinn 20. október 2021. Í tjónstilkynningu M til V dags. 4. febrúar 2022 kemur fram að M hafi verið að setja frostlög á vinnuvél og sonur hans hafi lokað húddi vinnuvélarinnar þannig að hönd M hafi orðið á milli. Í skráningu sjúkraskrár M kemur fram að hann hafi leitað hinn 20. október 2021 á heilsugæslustöð þar sem hann „..klemmdi við hendi á vélarloki traktorsgröfu.“

M telur í málskoti að um hlutlæga ábyrgð sé að ræða vegna ökutækis og verður málatilbúnaður M ekki skilinn öðruvísi en að þannig eigi M rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu traktorsgröfunnar. Einnig er vísað til þess að saknæm háttsemi starfsmanns X hafi leitt til tjóns M þegar hann lokaði vélarhlíf vinnuvélarinnar á hönd M og vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, reglugerðar um vélar og tæknilegan búnað nr. 1005/2009, reglna Vinnueftirlitsins um öryggisbúnað véla nr. 492/1987 og annarra leiðbeininga og reglna sem settar hafi verið með stoð í áður nefndum lögum. Í málskoti er einnig áskorun á V um framlagningu váttryggingaskírteina og váttryggingaskilmála.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega þar sem ekki liggja fyrir að M hafi verið launþegi hjá X og þannig váttryggður skv. tryggingunni. V hefur einnig hafnað bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu X með vísan til gr. 7.,5 í váttryggingarskilmálum frjálsrar ábyrgðartryggingar þar sem segir að undanskilin sé sú áhætta sem leiðir af skaðabótakröfu vegna skráningarskyldra vinnuvéla. Hvað varðar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna vinnuvélar þeirrar sem M var að vinna við á tjónsdegi vísar V til gildissviðs váttryggingarinnar um að váttryggingin nái til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan sem eiganda tilgreindrar vinnuvélar og myndast við notkun hennar. V vísar til 1. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 hvað varðar notkun vinnuvélar og telur að það að laga vinnuvél falli ekki undir það hugtak með vísan til dómaframkvæmdar um notkunarhugtakið.

Álit.

Af málskoti M til nefndarinnar verður ekki skýrlega ráðið hvort M geri kröfu í allar váttryggingar sem tilgreindar eru eða tiltekna en með hliðsjón af gögnum málsins, þar á meðal samskiptum lögmanns M og V áður en málskot barst verður tekin afstaða til þeirra váttrygginga sem nefndar eru í sömu gögnum.

Í fyrsta lagi byggir bótaskylda úr slysáttryggingu launþega á því að M sé váttryggður í váttryggingu. Engin gögn liggja því til grundvallar í málinu og verður að telja sönnunarbyrði um launþegastöðu M hvíla á honum sjálfum. Ekki verður því fallist á að sýnt hafi verið fram á bótaskyldu slysáttryggingu launþega hjá V.

Í öðru lagi verður ekki fallist á að notkunarhugtak hlutlægrar bótareglu 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 eigi við í málinu þar sem skv. a.lið 2. mgr. 2. gr. laganna gilda lögin ekki þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en ökutæki. Í athugasemdum með fyrrnefndri grein í frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar segir: „Í 2. mgr. er í fyrsta lagi er lagt til að ekki falli undir gildissvið laganna tilvik þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki. Ökutæki sem eru vinnuvélar myndu samkvæmt því ekki falla undir gildissvið frumvarpsins þegar þau eru notuð sem vinnuvélar. Um er að ræða staðfestingu á framkvæmd en hugtakið notkun á ökutæki hefur verið túlkað þannig af dómstólum að það nái ekki til vinnuvéla þegar þær eru notaðar sem slíkar, þ.e. hlutlæga

ábyrgðin takmarkast við það þegar ökutækið er í umferð en nær ekki til þess ef tjón hlýst af notkun vinnuvélarinnar utan almennrar umferðar.“ Verður því ekki litið til dómaframkvæmdar varðandi túlkun á notkunarhugtaki laganna við mat á ábyrgð V.

Í þriðja lagi, hvað mögulega skaðabótaábyrgð X varðar þá fær frásögn M um að sonur hans hafi skellt vélarhlíf vinnuvélar á hönd hans ekki stoð í öðrum gögnum málsins með nægilega skýrum hætti. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á að líkamstjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanns X í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Ekki verður annað séð en að slík skaðabótaábyrgð sé grundvöllur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar og telst því ekki sýnt að bótaréttur M hafi stofnast úr þeirri váttryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega, ábyrgðartryggingu atvinnureksturs né ábyrgðartryggingar vinnuvélar X hjá V.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 12. september 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 226/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Gildissvið váttryggingar. Slysahugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X hinn 4. janúar 2022. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi verið að færa búr af lyftu á vörubíl niður á jörðina til að koma því á viðeigandi stað. Hafi hann þurft að draga búið yfir snjó og klaka og hafi dekk búrsins fests við þær aðstæður og stöðvast skyndilega, með þeim afleiðingum að högg kom á búið og slinkur á öxl M. V hafi, með bréfi dags. 23. júní 2023, hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega X á grundvelli þess að atvikalýsing í gögnum málsins hafi ekki verið með þeim hætti að félli undir skilgreiningu slysahugtaksins í skilmálum váttryggingarinnar, þ.e. að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M. M fellir sig ekki við þá afstöðu og byggir á því að hann hafi ekki slasast vegna þess hve þungt búið var heldur vegna þess að högg kom á það. Landsréttur hafi, í máli 414/2020, byggt á því að það geti talist utanaðkomandi atvik ef eitthvað fer úrskaiðis við verk sem leiði t.d. til þess að byrði verði þyngri eða átak meira en tjónþoli hafi búist við. Sú hafi einmitt verið raunin í tilviki M, þ.e. það að búið festist með fyrrgreindum hætti hafi falið í sér frávik frá væntri atburðarás. Fallist sé á að skráning í sjúkraskrá við komu M á heilsugæslu sé ekki jafnítarleg og framangreind lýsing en M geti á engan hátt borið ábyrgð á því hvað sé haft eftir honum í sjúkraskrá. Tilkynning X til Vinnueftirlitsins styðji þá við lýsingu M á atvikum auk þess sem ljósmyndir af tjónsstað séu meðal gagna málsins, og af þeim megi ráða að nauðsynlegt var að leggja vörubifreiðinni við göngustíg og draga búið eftir snjó og klaka.

Í bréfi V er vísað til tilkynningar til Vinnueftirlitsins dags. 4. janúar 2022, þar sem segi m.a. um tildrög atviksins: „Við að taka búr af lyftu milli snjós og hitaðrar gangstéttar þá er starfsmaður að tosa búið yfir snjó og tognar illa á öxl.“ Í skilmálum váttryggingarinnar sé slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður, sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannarlega án vilja hans. Til að um utanaðkomandi atburð sé að ræða þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli hafi mátt reikna með. Í framangreindi tilkynningu og læknisfræðilegum gögnum komi hvergi fram að dekk búrsins hafi stöðvast skyndilega þannig að högg hafi komið á það og valdið slink á öxl M. Sé því ekki sýnt fram á að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða en sönnunarbyrði þess hvíli á M. Verði ekki byggt á lýsingum M nema þær hafi stoð í öðrum málgögnum.

Álit.

Aðila greinir á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak váttryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Sönnunarbyrði þess hvílir á M. Telja verður að lýsing M á atvikum eins og hún kemur fram samtíma læknisfræðilegum gögnum uppfylli ekki þau skilyrði, en í læknisvottorði dags. 7. febrúar 2022 segir um komu M til læknis 4. janúar 2022: „Var að aflesta vörubíl á Dalvík, dregur „þungt“ búr eftir jörðinni. Heyrir smell/brak í hægri öxlinni.“ Þó framangreind lýsing í samtímagögnum bendi ekki til þess að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, heldur aðeins venjubundið ferli við flutning búrsins, kemur til skoðunar hvort önnur gögn málsins styðji við atvikalýsingu eins og hún kemur fram í málskoti. Fyrirliggjandi er tilkynning X til Vinnueftirlitsins dags. 4. janúar 2022 en þar er atvikum lýst svo: „Við að taka búr af lyftu milli snjós og hitaðrar gangstéttar þá er starfsmaður að tosa búið yfir snjó og tognar illa á öxl.“ Ekki er minnst á það í framangreindum gögnum að einhver fyrirstaða hafi orðið til þess að hjól búrsins hafi stöðvast, þ.e. að utanaðkomandi atburður, frávik frá venjubundinni atburðarás, hafi leitt til tjóns M. Þó óumdeilt sé að snjór hafi verið á vettvangi leiðir það eitt og sér ekki til þess að sýnt sé fram á að búið hafi stöðvast með fyrrgreindum hætti í snjónum. Engin vitni virðast hafa orðið að atvikinu sem slíku og liggja engar frekari upplýsingar um gerð eða búnað búrsins eða hjóla þess þannig að styðji við lýsingu M í málskoti.

Þá eru lækisfræðileg gögn takmörkuð og liggur ekkert fyrir um að áverkar hans, þ.e. tognun á biceps, séu sértækir fyrir högg eða slink fremur en að þeir geti orsakast vegna innri veikleika eða þess að toga umrætt búr með venjubundnum hætti. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið sýnt fram á að högg hafi komið á búið, þ.e. að frávik hafi orðið frá þeirri atburðarás sem M mátti vænta við verkið. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 227/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: V

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: X

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmans M dags. 19. september 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að hinn 13. mars 2023 var tilkynnt um eld í bifreið til lögreglu og þegar hún kom á vettvang kom í ljós að logaði eldur í rafmagnssnúru við hlið bifreiðarinnar X og kom fram í máli þeirra sem voru á vettvangi að eldur hafi komið upp í bifreiðinni sem búið var að slökkva að mestu þegar lögregla kom á vettvang. Haft var eftir eiganda bifreiðarinnar á vettvangi að settur hafði verið hitablásari undir vélarhlíf bifreiðarinnar skömmu áður. Ástæða þess var sú að ekki hafði verið hægt að ræsa bifreiðina, en áður hafði sama aðferð verið notuð með góðum árangri, þ.e. að kveikja á hitablásara undir vélarhlíf bifreiðarinnar þegar kalt hefði verið úti og bifreiðin hafi þá farið í gang. Í þetta skipti kveðst eigandi bifreiðarinnar X hafa gert það sama og áður, sett hitablásara í gang og síðan brugðið sér frá ásamt tengdaföður sínum í 5 mínútur en þegar þeir hafi komið tilbaka hafi eldur verið laus í bifreiðinni.

M telur bótaskyldu fyrir hendi úr kaskótryggingu hjá V og vísar í fyrsta lagi til 1. gr. 1. kafla váttryggingarskilmála þar sem tiltekið sé að tryggingin bæti tjón vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika og sérstaklega tiltekið að tryggingin bæti tjón vegna eldsvoða. Í öðru lagi telur M að undantekningarreglur váttryggingarskilmála V eigi ekki við þar sem atvik eigi ekki undir þau. Í þriðja lagi telur M tilvísun til 2. mgr. 27. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki eiga við þar sem sú lagagrein eigi einungis við um háttsemi váttryggðs en ekki annarra. Í fjórða lagi mótmælir M því að farið hafi verið gegn ráðleggingum sem fram komi í leiðbeiningum með ökutækinu X. Þær leiðbeiningar snúist um hvernig „starta“ eigi ökutækinu en því hafi ekki verið „startað“ þegar tjón varð og eigi það því ekki við.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að sú háttsemi sem viðhöfð var með því að setja hitablásara undir vélarhlíf bifreiðarinnar X feli í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2044 og beri að takmarka ábyrgð félagsins vegna tjónsins að fullu. V vísar einnig til þess að varúðarregla váttryggingarskilmála í 6. gr. þeirra hafi ekki verið fylgt, en í þeirri varúðarreglu kemur fram að váttryggður og sé sem hefur ökutækið undir höndum skuli sjá til þess meðal annars að viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. V vísar til þess að ítarlegar leiðbeiningar séu í eigandahandbók bifreiðarinnar X um gangsetningu hennar og hvernig skuli unnið við vélarrymi sem og sérstaka aðvörun við því að unnið sé við tiltekin kerfi bílsins nærri hiturum, vatnshiturum eða öðrum opnum lögum. V telur að sú háttsemi að setja hitablásara undir vélarhlíf bifreiðarinnar samhliða því að skilja hana eftir eftirlitslausa sé verulegt frávik frá því með hvaða hætti eigi að ræsa bifreiðar og umgangast vélarrúm þeirra. Þannig hafi verið um stórkostlegt gáleysi að ræða og enginn réttur til bóta.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram að eldur logaði í rafmagnssnúru við hlið bifreiðarinnar X þegar lögreglumenn komu á vettvang. Á vettvangi voru annars vegar eigandi bifreiðarinnar m.v. upplýsingar í sömu lögregluskýrslu og tengdafaðir hans. Ekki liggur fyrir frekari greining á tjónsatburðinum sjálfum en sjá má af framburði umræddra á vettvangi að þeir skildu hitablásara eftir í gangi undir vélarhlíf bifreiðar X og brugðu sér frá bifreiðinni í um 5 mínútur. Ekkert kemur fram í framburði þeirra um að eldur hafi kviknað við þær aðstæður að reynt hafi verið að gangsetja bifreiðina á meðan hitablásarinn var í gangi.

Í 4. gr. váttryggingarskilmála um kaskótryggingu hjá V kemur fram að skráðir eigendur ökutækja séu þeir sem séu tryggðir. Í lögregluskýrslu kemur ekki annað fram en að skráður eigandi bifreiðarinnar X sé annar þeirra sem kom hitablásara fyrir undir vélarhlíf bifreiðarinnar í greint sinn. Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur síðan fram að ef váttryggður sýnir stórkostlegt gáleysi sem leiðir til tjóns geti það takmarka ábyrgð váttryggingafélags í heild eða að hluta. Váttryggðir eru þeir sem geta átt rétt til bóta í skilningi 13. tl. a. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga. Auk þess er þess getið í a.lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga að heimilt sé að beita samsömun í váttryggingum ökutækja milli eiganda og þeirra sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Í 20. gr. almennra skilmála V, sem gilda samhliða skilmálum kaskótrygginga, áskilur V sér samsömun í samræmi við tilgreint ákvæði. Af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um eignarhald bifreiðar X verður að leggja til grundvallar að háttsemi skráðs eiganda X verði metin sem háttsemi tryggðs í skilningi váttryggingarskilmála V og váttryggðs í skilningi laga um váttryggingarsamninga.

Stendur þá eftir að meta hvort háttsemi viðkomandi hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga eða hvort brotið hafi verið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína skv. 26. gr. laganna. Við mat á orðalagi varúðarreglunnar verður ekki séð að hafin hafi verið ræsing ökutækisins og verður því ekki lagt til grundvallar að farið hafi verið gegn leiðbeiningum í eigendahandbók bifreiðarinnar varðandi ræsingu þess. Háttsemi eiganda bifreiðar X var ekki skynsamleg en sönnunarbyrði um hvort hún hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem átti að gera hvílir á váttryggingafélaginu V þar sem um er að ræða reglu um takmörkun á ábyrgð váttryggingafélags. Þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu V sýna ekki með óyggjandi hætti fram á að háttsemi eiganda X hafi verið þannig að hún hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem átti að gera, háttsemin hafi verið viðhöfð áður án þess að tjón varð og ekki verður með nægilega skýrum hætti séð af gögnum málsins hvernig eldur kviknaði og hvers vegna. Hallann af þessum sönnunarskorti verður V að bera og er réttur til bóta úr kaskótryggingu X því fyrir hendi.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur til óskertra bóta úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 17. október 2023.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 228/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttækið 21. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. júlí 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 1. janúar 2022 var M við akstur bifreiðarinnar X þegar farþegi í bifreiðinni greip ítrekað í hár M og togaði í það þar til M ákvað að stöðva bifreiðina. Við þessar aðstæður missti M takið á fótbremsu bifreiðarinnar sem rann við það áfram yfir aðra akrein og inn á afrein þar sem bifreiðin endaði á vegriði. Í bráðamóttökuskra kemur fram að M missti hár við árás farþegans og var við skoðun á slysadeild í andlegu uppnámi auk þess að vera með roða og væga bólgu í hársverði. Í meðferðarseðli frá bráðadeild er ástæða komu skráð sem árás / áverki af hendi annars manns. Í læknisvottorði dags. 17. febrúar er fjallað um líkamsárás og „...óþægindi í hnacka og herðum síðan slysið átti sér stað.“ Í læknisvottorði frá heilsugæslu kemur fram að ekki komi fram upplýsingar um einkenni frá hálsi eða herðum vegna annars en umrædds atviks. Í málinu liggur einnig fyrir svokölluð PC-crash skýrsla dags. 5. mars 2022.

M telur að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðar X og að hún eig rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns. M vísar til þess að skýrt liggja fyrir í læknisfræðilegum gögnum málsins að hún hafi hlotið varanlega líkamlega áverka í umferðarslysi 1. janúar 2022 og þau sýni fram á orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna hennar auk þess sem hún hafi þurft að sækja sjúkrahjálfun vegna slyssins. M vísar á bug að skýrsla um höggkrafta hafi þýðingu m.a. þar sem hennar sé einhliða aflað af hálfu V og takamarkanir séu á sönnunargildi hennar, hún byggji ekki á samtímagögnum og reikni ekki áhrif á líkama fólks heldur einungis á bifreiðar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að varanlegt heilsutjón geti ekki hafa hlotist af umferðaróhappinu sem varð 1. janúar 2022 og vísar um það til PC-crash skýrslu sem sýni 0,97 g þyngdarhröðun og þannig hafi verið um lágorkuárekstur að ræða og dómaframkvæmdar. Einnig telur V sýnt af læknisfræðilegum gögnum málsins að einkenni þau sem M lýsi í kjölfar óhappsins sé fyrst og fremst að rekja til árásar farþega bifreiðarinnar en ekki umferðaróhappsins sem slíks, sbr. til dæmis upplýsingar í bráðamóttökuskra.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sýnt sé að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi, þ.e. hvort rekja megi slíkt tjón til notkunar bifreiðar X, sbr. rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns skv. 9., sbr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Þegar litið er til læknisfræðilegra gagna málsins verður ekki annað séð en að helstu einkenni líkamstjóns M verði rakin til líkamsárásar farþega bifreiðarinnar en ekki ljóst af sömu gögnum að þau megi rekja til áaksturs. Tjónþoli ber skv. almennum sönnunarreglum sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar bifreiðar í skilningi fyrrnefndra lagaákvæða og ber hallann af sönnunarskort. Með hliðsjón af því verður ekki talið sannað m.v. fyrirliggjandi gögn að einkenni M séu eingöngu vegna notkunar bifreiðarinnar X heldur alveg eins líklegt að þau séu vegna líkamsárásar. Hallann af slíkum sönnunarskort ber M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 229/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 28. júní 2021 gengist undir augnlokaaðgerð hjá X. Eftir aðgerðina hafi komið í ljós að annar skurðurinn við vinstra augað hafi verið á röngum stað, of langur og örið náð langt út fyrir augað. M telji að augabrúnir hennar hafi dregist niður eftir aðgerðina, sér í lagi vinstra megin. Þá hafi X ekki veitt henni viðeigandi leiðbeiningar um kremnotkun í kjölfar aðgerðarinnar í þeim tilgangi að draga úr öramyndun. Mistök hafi því verið gerð við framkvæmd aðgerðarinnar og upplýsingagjöf í kjölfar hennar hafi verið ábótavant. M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni og fjárhagslegu tjóni sem rekja megi til aðgerðarinnar og að komast hefði mátt tjóni hefði aðgerð og meðferð við þær aðstæður sem um ræddi verið hagað eins vel og unnt var, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Samkvæmt 2. gr. laganna skuli greiða bætur á grundvelli laganna í þeim tilvikum sem tjón verði að öllum líkindum rakið til atvika sem þar eru tilgreind. Ljóst sé af gögnum málsins, þ.á.m. boði X um „leiðréttingu“, að bótaskylda sé til staðar.

Í bréfi V er vísað til yfirlýsingar X þar sem fram komi að „aðgerð gekk vel en smá framlengingu skurðar þurfti að gera öðrum megin til að þess að fella línuna í broshrukku.“ Í kjölfarið hafi M haft samband við X með tölvupósti þar sem hún hafi lýst því að örið væri aðeins lengra öðrum megin og að hún væri óánægð með aðgerðina. X hafi í kjölfarið boðið M að koma og sýna sér þetta en hann hafi verið boðinn og búinn til lagfæringar. Hafi því ekki verið gerð mistök við aðgerðina, heldur hafi verið ástæða fyrir því að hún var framkvæmd með fyrrgreindum hætti. Hvað krem varði þá sé það líkami sjúklingsins sem myndi ör og hjá sumum sé öramyndun meiri en öðrum. Lítil læknisfræðileg vísindi séu bak við fullyrðingar um að krem dragi úr öramyndun. X hafi þó rætt kremnotkun við M og sagt henni að hún gæti notað slík krem kysi hún svo. Verði samkvæmt framangreindu ekki fallist á að umræddri aðgerð og meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og kostur var. Tjón M sé þá afar óljóst enda hafi X boðið henni að koma í skoðun og mögulega breyta því sem hún vilji láta breyta. Verði ekki séð að M hafi orðið fyrir tjóni, og þó svo sé þá liggja umfang þess ekki fyrir enda hafi hún átt möguleika á að koma í veg fyrir og/eða takmarka hið meinta tjón með skoðun og hugsanlega frekari meðferð.

Álit.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum tölulíðum. Af málskoti má ráða að M byggi kröfu sína á 1. tl.:

„1. Átla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.“

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð og engin frekari gögn liggja fyrir um tjón M eða umfang þess en ekkert læknisfræðilegt mat á meintu tjóni liggur fyrir. Verður þá ekki séð að M hafi þegið boð X um skoðun né að hún hafi leitað annað til slíkrar skoðunar. Engin læknisfræðileg gögn né álit- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggja fyrir í málinu sem gera líklegt að aðgerðinni sem M gekkst undir hinn 28. júní 2021 eða eftirfarandi ráðleggingum hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hafi verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Hefur enda komið fram skýring X á því að skurðurinn náði lengra öðrum megin og ekkert liggur fyrir um að um óvenjulega framkvæmd hafi verið að ræða né um hver árangur aðgerðarinnar hefði líklega verið hefði annarri aðferð verið beitt. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að leiðbeiningar X um umhirðu í kjölfar aðgerðar hafi verið ófullnægjandi eða leitt til tjóns fyrir M. Þar af leiðandi hefur réttur til bóta úr tryggingunni ekki stofnast á grundvelli 1. tl.

Verður þá ekki séð, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að ákvæði annarra töluliða 1. mgr. 2. gr. leiði til þess að bótaskylda sé til staðar og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 230/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. júlí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. júlí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreið sem M ók og bifreiðinni X hinn 9. febrúar 2023. Í lækni-fræðilegum gögnum kemur fram að M leitaði samdægurs til læknis og ljósmóður þar sem hún kvaðst hafa verki í hálsi og smá höfuðverk en fram kemur í þeim gögnum að M hafi verið þunguð og komin tæpar 28 vikur á leið. M fékk leiðbeiningar um viðbrögð við whiplash-áverka og ráðleggingar um að fá endurmat hjá lækni ef versnun væri á einkennum eða meðferð eða ráðleggingar skiluðu ekki tilskyldum árangri. Um viku síðar fór M til læknis og kvaðst enn vera stíf í hálsi eftir áreksturinn. Frekari færslur eru ekki í sjúkraskrá um einkenni vegna árekstursins heldur ná frekari færslur til einkenna sem tengd eru meðgöngu. Í vottorði heilsugæslulæknis dags. 3. apríl 2023 er gerð grein fyrir helstu færslum úr sjúkraskrá M sem varða stoðkerfissögu. Þar að auki liggja fyrir ljósmyndir af bifreið M og bifreið X eftir árekstur og reikningur vegna viðgerðar á bifreið M að fjárhæð kr. 234.454.

M telur orsakatengsl sönnuð milli áreksturs og einkenna M þar sem hún hafi strax leitað til læknis og verið greind með whiplash-áverka og átta dögum eftir árekstur hafi hún leitað læknis á ný og þá enn haft einkenni frá hálsi. M telur V ekki geta byggt á PC-crash skýrslu um þyngdarkraft í árekstrinum þar sem þeirri skýrslu hafi verið aflað einhliða. Einnig vísar M til athugunar Fjármálaeftirlitsins á notkun váttryggingafélag á PC-crash skýrslum þar sem komi fram að skýrslurnar mæli ekki fyrir um áhrif á líkama ökumanna eða farþega í ökutækjum heldur áhrif á ökutækið. M telur að lækni-fræðileg gögn málsins sýni að hún hafi orði fyrir líkamstjóni í árekstri 9. febrúar 2023 og hún hafi ekki áður haft sambærileg einkenni frá stoðkerfi.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að um láorkuárekstur hafi verið að ræða þar sem þyngdarkraftur sem myndast hafi á bifreið M hafi verið 0,89 g, en framkvæmd hafi verið svokölluð PC-crash rannsókn sem staðfesti umræddan þyngdarkraft. V áréttar að það hafi hafnað greiðsluskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins 9. febrúar 2023 og meintra líkamsáverka M, þ.e að gögn bendi ekki til þess að heilsutjón hafi getað hlotist af árekstrinum. V bendir á að M hafi leitað einu sinni til læknis vegna árekstursins og hafi ekki sýnt fram á nokkra meðferð við meintum einkennum sínum. Einnig vísar V m.a. til úrskurða nefndarinnar og dóma máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 20. júlí 2023 kemur fram að M telur sig sannanlega hafa orðið fyrir tjóni í slysi og eigi því rétt á að fá greiddar bætur vegna gagnaöflunar í tengslum við mat á afleiðingum þess.

Í viðbótarathugasemdum V dags. 24. júlí 2023 kemur fram að V ítreki fyrri röksemdir sínar og bendir á meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti sem gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á tjón sitt og umfang þess, þar á meðal orsakatengsl og ef slík sönnun liggi ekki fyrir beri V ekki skylda til að greiða fyrir mat á afleiðingum slyssins, sbr. úrskurður nefndarinnar í máli nr. 384/2022.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 9. febrúar 2023 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða fyrir gagnaöflun og mat á fjárhæð líkamstjóns M.

Í málinu liggja fyrir lækni-fræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis samdægurs eftir umrætt tjónsatvik og tjáði sig um einkenni á ný átta dögum síðar. Síðan þá liggja ekki fyrir upplýsingar í lækni-fræðilegum gögnum um einkenni M eða mögulega meðferð vegna þeirra.

Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V þó V hafi látið M vita af gerð hennar, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna.

Þau gögn sem liggja fyrir um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna M eru mjög takmörkuð og ná einungis til tveggja læknisheimsókna stuttu eftir árekstur. Ekki liggur fyrir hvort M hafi sótt sérstaka meðferð vegna einkenna sinna eða vottorð frá sérfræðingi eða sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar eða annað sem bendir til þess að meiri líkur en minni séu á því einkennum M nú sé hægt að rekja til téðs áreksturs. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta, t.d. sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna öflunar mats á varanlegum afleiðingum líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 231/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26. júní 2023.
2. Bréf V1 dags. 14. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 5. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. ágúst 2023.
5. Ódags. viðbótarathugasemdir V2 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 9. júlí 2022 hafi orðið tjón á bifreiðinni A af völdum B en að V2 telji nú ósannað að ökumaður B hafi valdið tjóninu. Málsatvik hafi verið þau að B hafi tekið fram úr A við Tjörnes hjá Húsavík, á nýlagðri klæðningu þar sem framúrakstur hafi verið bannaður og hámarkshraði 50 kílómetrar á klukkustund. Hafi grjóti rignt yfir A og valdið tjóni á henni. Ökumaður A hafi séð B beygja inn á tjaldstæði og elt hann þangað. Tjónaskýrsla hafi verið undirrituð og ökumaður B beðist afsökunar á atvikinu. M byggir á því að B viti fullvel að hann hafi valdið umræddu tjóni og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að fyrir liggi tjónaskýrsla sem sé undirrituð af báðum öikumönnum. Þar sé atvikum lýst svo að B hafi ekið fram úr A og við það hafi lakkskemmdir orðið á A. Í síðar til komnum framburði öikumanns B játi hann að hafa ekið fram úr A en að hann telji ósannað að skemmdir á A séu vegna grjótkasts frá B eða annarrar bifreiðar. V telji að með sameiginlegri tjónstilkynningu hafi M tryggt sér sönnun atviksins og að tjón á A verði rakið til notkunar bifreiðarinnar B og því bótaskyld skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Í bréfi og viðbótarathugasemdum V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að samkvæmt öikumanni B, svo og framburði samferðafólks hans sem hafi verið í annari bifreið, hafi B ekki verið eina bifreiðin sem tók fram úr A. Engar merkingar hafi þá verið á svæðinu um lækkaðan hámarkshraða eða bann við framúrakstri. Þá hafi B ekki orðið var við að grjót kastaðist frá bifreið hans. Þá liggi ekki fyrir neitt mat um það að skemmdir á A sé að rekja til grjótkasts. Það hvíli á M að sýna fram á að tjón verði rakið til notkunar B og slík sönnun hafi ekki tekist. Meðfylgjandi athugasemdum V2 er ódagsett greinargerð öikumanns B þar sem hann segist hafa skrifað undir tjónaskýrslu og samþykkt hlið M á málinu en við nánari umhugsun sé hann ekki nauðsynlega sammála því að hann hafi valdið umræddum skemmdum. B hafi ekið fram úr A á malarvegi en hann hafi verið í samfloti með öðrum og tvær bifreiðar hafi tekið fram úr A á umræddum stað. Þá lýsir B einnig ákveðnum efasemdum um að grjótkast geti hafa stafað frá dekkjum B sem séu fínmynstuð sumardekk og um að tjónið á A megi rekja til grjótkasts.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á A megi rekja til notkunar B en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrirliggjandi er sameiginleg tjónstilkynning, undirrituð af öikumönnum beggja bifreiða. Er þar að sjá teikningu sem sýnir bifreið B aka fram úr bifreið A og fram kemur að sjáanlegt tjón á A sé brotin rúða og lakkskemmdir en sjáanlegt tjón á B ekkert. Verður að byggja á þessari tjónstilkynningu, sem er frumgagn í málinu, sem staðfestingu öikumanns B á að umrætt atvik hafi átt sér stað leitt til tjóns á A. Verður þá ekki annað ráðið af gögnum málsins en að skemmdir á A samræmist því að hún hafi orðið fyrir grjótkasti og samræmist staðsetning skemmdanna fyrrgreindri atvikalýsingu. Telst því nægilega sýnt fram á að tjón á A megi rekja til notkunar B en samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni öikumanns. Er í því samhengi óþarft að fjalla nánar um hver hámarkshraði á vettvangi hafi verið eða hvort framúrakstur hafi verið óheimill. Er tjón M því bótaskyld úr ábyrgðartryggingu B samkvæmt 8. gr. sömu laga.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 232/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Stöðvun ökutækis í vegkanti.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. maí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 19. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 16. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. júní 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur á Þingvallavegi við Grafningsveg að morgni 22. desember 2022, milli bifreiðanna A sem er í eigu M, og B. Áreksturinn varð með þeim hætti að bifreiðin A var kyrrstæð og mannlauð í vegkanti og hafi ökumaður B sem ók bifreið sinni eftir Þingvallavegi aldrei orðið var við bifreiðina fyrir en árekstur varð. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann gerði ekki viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja bifreiðina sem var ljóslauð og án viðvörunarmerkja á vettvangi. M sem er bílaleiga og eigandi A er ósátt við þá niðurstöðu. Í málskoti kemur fram að M hafi fengið vitneskju um að leigutaki hefði fest bifreiðina A kl. 11 þann 17. desember og hafði björgunarsveit haft afskipti af málinu og bjargað fólkinu til byggða. Var bifreiðin skilin eftir með hættuljósin á, þríhyrning úti og voru lykjar skildir eftir í sæti bifreiðarinnar. Veginum var lokað um þetta leyti og var hann lokaður þar til kl. 10.28 þann 21. desember 2022 en þá var hann formlega opnaður. Fékk M þá símtal frá Vegagerðinni sem var svo fylgt eftir með tölvupósti þar sem óskað var eftir aðstoð frá Vegagerðinni við að færa bifreiðina. Taldi M því að málið væri í góðum farvegi. Hafði M þann dag fengið tölvupóst frá Vegagerðinni þar sem M var látin vita að bifreiðin væri rafmagnslauð en sá starfsmaður þann tölvupóst ekki fyrir en morguninn eftir. Lögregla hafi hringt í M að kvöldi 21. desember, í einkasíma starfsmanns sem skráði símtalið og fylgdi því eftir með símtali á viðbragðsdeild. Var það skráð sem forgangsmál strax næsta morgun enda náðist ekki í neinn af þeim viðbragðsaðilum sem M vinnur með á svæðinu. Hafi viðbragðsaðilar á vegum M mætt of seint á vettvang, eftir að árekstur hafði átt sér stað. Bifreiðin hafi sannarlega verið orðin rafmagnslauð og aðvörunarljós hætt að blikka auk þess sem þríhyrningur sem settur var út var horfinn eftir margra daga óveður og ófærð sem hamlaði því að bifreiðin væri sótt. Um var að ræða aðstæður af verstu gerð. Þá hafi bifreiðin verið vel sýnileg á beinum vegkafla og einnig hafi sést vel í stikur langa leið fyrir framan bifreiðina.

V skilar ekki inn athugasemdum í málinu þar sem báðir aðilar eru tryggðir hjá félaginu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal flytja ökutæki á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er hafi það stöðvast vegna umferðaróhapps eða vélabilunar eða af öðrum orsökum á stað þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Hafi ökutæki stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina skal ökumaður gera ráðstafanir með hættuljósi og viðvörunarþríhyrningi til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott. Tilkynna skal til lögreglu staðsetningu ökutækis ef nauðsyn ber til. Af gögnum málsins má ráða að aðstæður á Þingvallavegi voru mjög erfiðar þegar bifreiðin A var skilin eftir á vettvangi eftir að leigutakar hennar festu bifreiðina. Fengu leigutakar leiðbeiningar frá björgunarsveit á staðnum um að skilja hana eftir og með ákveðnum hætti. Árekstur sá sem hér um ræðir verður nokkrum dögum eftir að bifreiðin var skilin eftir en tæpum sólarhring eftir að vegurinn hafði verið opnaður aftur fyrir umferð. Samkvæmt gögnum málsins vissi M af bifreiðinni yfirgefni á Þingvallavegi frá því leigutakar hennar festu hana þann 17. desember 2022. Kveðst M hafa gert ráð fyrir að Vegagerðin myndi fjarlægja bifreiðina og sá ekki tölvupóst frá Vegagerðinni um að það hefði ekki verið gert fyrir en sama morgun og árekstur varð. Hafði M fengið símtal kvöldið fyrir áreksturinn frá lögreglu en ekki hafi verið brugðist við því símtali fyrir en næsta morgun. Verður þannig ekki annað ráðið en að starfsmenn M hafi í tæpan hálfan sólarhring vitað

af þeirri hættu sem af bifreiðinni stafaði og hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til þess að fjarlægja bifreiðina þá þegar. Ber M þannig meginsök á árekstrinum fyrir að hafa ekki flutt ökutækið af vettvangi eins fljótt og unnt var, sbr. 32. gr. umferðarlaga. Ökumaður B kveðst ekki hafa séð til bifreiðarinnar A á Þingvallavegi fyrr en högg kom á bifreið hans við áreksturinn. Af myndum í lögregluskýrslu bæði sem teknar voru á vettvangi áreksturs og svo af aðsendri mynd sem tekin var kvöldið áður, verður ekki annað séð en að bifreiðin hafi verið sýnileg þar sem hún stóð hálf inn á Þingvallavegi. Engin snjór virðist hafa verið á bifreiðinni. Þannig verður talið að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig þegar hann ók aftan á bifreiðina A, þar sem hún var kyrrstæð og mannlaus á veginum. Ber hann því nokkra sök á umræddum árekstri. Með hliðsjón af atvikum öllum, skal sök skiptast þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 5. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 233/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Stórkostlegt gáleysi. Váttryggingaskylda.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 3. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 16. ágúst 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. ágúst 2021, og öðrum málgögnum varð, aðfararnótt hins 9. ágúst 2021, árekstur milli bifreiðarinnar A og bifhjólsins B sem M ók. Varð M fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

Í málskoti kemur fram að V1 hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli þess að Tjónanefnd váttryggingafélaganna hafi talið B bera alla sök á umræddum árekstri þar sem hann hefði ekki virt forgang umferðar samkvæmt biðskyldu. M fellir sig ekki við þá afstöðu og byggir á því að B sé létt bifhjól í flokki 1 og því eigi ákvæði 4.-6. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 ekki við um það. Sé því um hlutlæga ábyrgð A að ræða, og ekki komi til skoðunar að lækka bætur til M enda hafi hann hvorki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi né ásetning er hann ók inn á veginn enda liggja fyrir að biðskyldumerkið sem um ræði hafi verið lítt sýnilegt vegna gróðurs. Verði ekki fallist á þá afstöðu og komi hefðbundin sakarskipting til álita byggir M hins vegar á því að áreksturinn verði rakinn til sakar ökumanns A sem hafi verið án ökuréttinda og undir áhrifum fíkniefna auk þess sem hann hafi greinilega ekið yfir leyfilegum hámarkshraða. Tjónanefnd hafi þá að mestu byggt niðurstöðu sína á framburði A sem standist ekki nánari skoðun og samkvæmt framburði vitnist hafi bifreiðinni verið ekið hratt og á öfugum vegarhelmingi. Hallinn af sönnunarskorti um atvik máls verði þá að falla á A sem hafi upphaflega flúið af vettvangi. Gerir M því kröfu um að nefndin úrskurði um fullabótaskyldu vegna slyssins úr ábyrgðartryggingu A.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A, eru rakin atvik við áreksturinn og vísað til álits Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hefði ekki virt biðskyldu. V1 lýsir þá þeirri afstöðu sinni að B sé váttryggingarskyld bifhjól. Samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 séu öll vélknúin ökutæki skráningarskyld en létt bifhjól í flokki I séu þó undanþegin skráningarskyldu skv. 1. mgr. 72. gr. laganna. Þau séu einnig undanþegin váttryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og ákvæði 5 gr. sömu laga um sakarskiptingu. Létt bifhjól í flokki I sé hins vegar, skv. 28. tl. 3. gr. umferðarlaga, skilgreint sem bifhjól sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt bíltæknirannsókn sem framkvæmd hafi verið á B hafi hraðatakörkun á hjólinu verið aftengd, þannig að það nái 56,7 kílómetra hraða á klukkustund. Við skoðun á hjólinu hafi hraðamælir þess þá verið fastur í 38 kílómetra hraða á klukkustund. Sé B því ekki bifhjól í flokki I, og falli því ekki undir undanþágu frá váttryggingarskyldu. Telur V1 að háttsemi ökumanns B, sem tekið hafi að sér stjórn skráningar- og váttryggingarskylds ökutækis án þess að hafa til þess tilskilin réttindi, og hafi í engu gætt að forgangi umferðar sem gefin var til kynna með biðskyldumerki og þess í stað ekið viðstöðulaust, og án þess að hægja á sér, yfir gatnamótin, leiða til þess að hann beri alla sök á árekstri aðila. Hvað sýnileika biðskyldumerkisins varði vísar V1 til þess að biðskyldumerkingar hafi verið á akbrautinni sjálfri auk þess sem M sé mjög kunnugur staðhátum en hann búi í næsta nágrenni. Hvað varði ökumann A þá hafi hann ekið bifreiðinni umrætt sinn án tilskilinna réttinda auk þess sem tetrahýdrokanntjónsuppgjörsmiðstöðnól (kannabis) hafi mælst í blóði hans. Hins vegar sé ekki orsakasamband milli þeirrar háttsemi og árekstursins og vandséð hvernig hann hefði getað brugðist við með öðrum hætti. Hann hafi öðlast réttindi til að aka bifreið, þó slík réttindi hafi ekki verið í gildi á slysdegi og því búið yfir þeirri þekkingu sem þurfi til aksturs bifreiðar, og þá hafi magn tetrahýdrokanntjónsuppgjörsmiðstöðnóls í blóði hans verið lítið. Þá bendi tjón á bifreiðinni einnig til þess að B beri sök á umræddum árekstri. Eigi M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

V2, sem er tjónsuppgjörsmiðstöð í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar, segir í bréfi sínu til nefndarinnar að B hafi, þegar það kom frá framleiðanda, ekki verið hannað til þess að geta náð meira en 25 kílómetra hraða á klukkustund. Hafi það við nýskráningu verið skráð sem létt bifhjól í flokki I. Eftir að breytingar sem gerðar voru á umferðarlögum með lögum nr. 39/2021 tóku gildi í maí 2021 hafi B verið afskráð enda ekki lengur skráningarskyld ökutæki samkvæmt lögum. Ábyrgð V2 takmarkist við skráningarskyld ökutæki og falli afleiðingar þessa atviks því ekki undir lögbundið ábyrgðarsvið V2. Sú staðreynd að eigendur B hafi breytt þeim öryggisbúnaði sem fylgdi hjólinu frá framleiðanda breyti ekki þeirri afstöðu enda miðist skráningarskylda við ökutæki eins og þau eru búin frá framleiðanda. Jafnvel þó bótaskylda væri til staðar á grundvelli lagaskyldu V2 til að bæta tjón sem leiðir af ökutækjum sem ekki eru ábyrgðartryggð leiði þá af 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar að skipta beri ábyrgð í hlutfalli við sök ökumanna. Þess utan er afstaða V2, teldist bótaskylda þess til staðar, sú að skerða beri eða fella niður bótarétt M á grundvelli stórkostlegs gáleysis hans sjálfs, en honum hafi mátt vera ljóst að stórhætta skapaðist af því að flytja tvo farþega á B auk þess sem slíkur farþegaflutningur hafi verið með öllu óheimill. Þá bendi gögn málsins til þess að aksturshraði B hafi verið of mikill miðað við aðstæður svo og þess að sést hafi til M við áfengisneyslu fyrir atvikið. Auk þess hafi M vanrækt að bera hlífðarhjálms svo sem henni hafi borið.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa að mati nefndarinnar um það hvort bótaskylda sé til staðar á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, eða á grundvelli sakar hlutaðeigandi aðila, þ.á.m. ökumanns hins óvátryggða ökutækis B, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr. sömu laga en greiðsluskylda hvíli þá á V2 skv. 15. gr. sömu laga. Rétt er að taka fram að sama álitafni vegna sama tjónsatburðar kom til skoðunar hjá nefndinni í málum nr. 332/2022 og 11/2023 en í þeim tilvikum voru málsskotsaðilar farþegar á B. Af gögnum málsins verður þá ráðið að ágreiningur þess varði aðeins bótarétt vegna líkamstjóns en ekki munatjóns M og kemur mögulegt munatjón því ekki til skoðunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvort B hafi á tjónsdegi verið skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum, sbr. 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar, en það er forsenda þess að tjóni verði skipt á milli A og B í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli á grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga eru létt bifhjól í flokki I undanþegin skráningarskyldu. Í 28. tl. 3. gr. sömu laga kemur fram að létt bifhjól greinist í létt bifhjól í flokki I, sé bifhjólið ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund, og í létt bifhjól í flokki II sé bifhjólið hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt bíltæknirannsókn sem fram fór á B, var B hannað og skráð sem létt bifhjól í flokki I. Þó fyrir liggi að búið hafi verið að aftengja hraðatakörkun á B, í þeim tilgangi að aka því hraðar, verður ekki talið að í því felist að það hafi verið „hannað“ til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund í skilningi umferðarlaga. Þá verður ekki byggt á því að 9. tl. gr. 03.02 reglugerðar nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja, þar sem fjallað er um heimildir Samgöngustofu til afturköllunar gerðarviðurkenninga að tilteknum skilyrðum uppfylltum, feli í sér skýra skyldu eigenda til að hlutast til um breytta skráningu eigi þeir við ökutæki sín með þessum hætti. Án ítarlegri ákvæða og skýrari leiðbeininga í lögum hvað þetta varðar telur nefndin sér því ekki unnt að komast að þeirri niðurstöðu að létt bifhjól sem hönnuð eru til að falla í flokk I verði skráningar- og tryggingarskyld við það að eigendur þeirra aftengi hraðatakmarkanir með þessum hætti. Er greiðsluskylda af hálfu V2 því ekki fyrir hendi og verður við úrlausn þessa máls ekki byggt á 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þar sem niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu byggð á þessu ákvæði þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort ökumaður A beri sök á umræddu tjónsatviki enda er um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða. Er umfjöllun um þann þátt málsins því stillt í hof frá því sem kemur fram í málgögnum. Á M samkvæmt framansögðu, á grundvelli fyrrnefndrar 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, því rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir.

Kemur þá til skoðunar 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar en þar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfærandanda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Við skýrslugjöf M hjá lögreglu hinn 13. ágúst 2021, kom fram að hann myndi lítið eftir atvikum við slysið. Þó kemur fram, og er það óumdeilt, að M hafi verið með tvo farþega á hjólinu og var hvorug þeirra með hjálm. Aðspurður um aksturshraða giskar M á að hann hafi verið 30 kílómetrar á klukkustund, en hann muni ekki hvort hraðatakörkun hafi verið aftengd. Við skýrslugjöf annars farþeganna hjá lögreglu 13. ágúst 2021, kemur fram að hún telji að ökuhraði B hafi verið um 50 kílómetrar á klukkustund og að M hafi „kíkt alltof seint“ þegar hann keyrði inn á götuna.

Samkvæmt framburði ökumanns A var B ekið á bifreiðina án þess að hann hafi áður séð til ferða þess en B hafi ekki verið með tendruð ökuljós. Þá segir í upplýsingaskýrslu lögreglu að biðskyldumerki hafi að hluta til verið hulið með gróðri en að hvítir þríhyrningar hafi verið málaðir á yfirborð götunnar. Skylda til að veita umferð á vegi forgang, sé það gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu, er fortakslaus í umferðarlögum, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Það leysir M ekki undan slíkri skyldu þó umferðarmerki sé að hluta til hulið gróðri enda benda gögn málsins til að merkingar á vegyfirborði um biðskyldu hafi verið skýrar og greinilegar og M kunnugur staðháttum. Þá verður ekki annað ráðið en M hafi ekið inn á akbraut frá gatnamótum án þess að sýna viðhlítandi aðgæslu og gæta að þeirri umferð sem þar var fyrir. Þá liggur fyrir að M og farþegar hans þrímennu á bifhjólinu, en samkvæmt 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga var M, sem var 14 ára á slysdagi, með öllu óheimilt að flytja farþega á því. Má ætla að sú staðreynd að þrennt var á hjólinu hafi haft töluverð áhrif á þyngd þess og aksturseiginleika og stuðlað að frekara tjóni. Þá virðist aksturshraðinn, þegar M ók bifhjóli með aftengdri hraðatakörkun frá vegamótum hafa verið töluverður og umfram þann hraða sem gert er ráð fyrir að svo ungir ökumenn sem ekki hafa öðlast ökuréttindi af neinu tagi aki á. Þegar allt framangreint er metið saman er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og með því verið meðvaldur að tjóni sínu í skilningi framangreinds ákvæðis. Í ljósi ungs aldurs M er það afstaða nefndarinnar að hæfilegt sé að lækka bætur til hans um helming.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns sem hann hlaut við áreksturinn en skerða skal bætur til hans um helming.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 234/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. júlí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 31. júlí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður sendibifreiðarinnar A ók hinn 27. janúar 2023 bifreiðinni inn í bílastæðakjallara Kringlunnar austan megin þannig að tjón varð á bifreiðinni. Ljósmyndir af vettvangi sýna að hæðartakmörkun er 2,2 metrar sem er tilgreind annars vegar á hæðarslá en hins vegar með bannmerkjum á hægri hönd ökumanna þegar ekið er að bílakjallaranum. Í ljósmynd frá M kemur fram að hæðarsláin snýr þannig að merkingar hennar snúa niður í jörðina, en ekki er ljóst af ljósmyndinni hvenær hún er tekin. Einnig liggja fyrir aðrar ljósmyndir frá M af hæðarmælingum sem og ljósmynd frá V af aðstæðum.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi að fullu úr kaskótryggingu hans hjá V og vísar til þess að hæðarslá hafi verið ranglega staðsett og þannig gagnslaus þar sem hún hafi ekki varað ökumann við hæðinni. Hæð bílakjallarans hafi verið um 1-2 cm meiri en hæð bifreiðarinnar A og þannig hafi háttsemi ökumanns ekki verið stórkostlega gálaus í greint sinn en í versta falli hafi verið um einfalt eða almennt gáleysi að ræða.

V hefur fallist á bótaskyldu úr kaskótryggingu en telur að takmarka eigi ábyrgð félagsins við 50% af heildartjóni M þar sem ökumaður bifreiðar A hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur inn í bílakjallara. Heimild til takmörkunar á ábyrgð sé fyrir hendi í 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, auk tilvísunar í 19. gr. almennra skilmála V. V vísar til þess að bifreið A sé 2,6 metrar á hæð m.v. upplýsingar í ökutækjaskrá en skýr og greinileg viðvörunarmerki séu á vettvangi tjóns um að hæðartakmörkun í bílakjallara sé 2,2 metrar. Annars vegar sé slík takmörkun sýnd með bannskilti áður en ekið er inn í bílakjallarann en hins vegar sé merking á hæðarslá. V vísar til þess að M sé fyrirtæki sem samkvæmt fyrirtækjaskrá sé með skráða atvinnugreinaflokkun sem akstur sendibíla, ökumaður A sé eini eigandi M og hafi því mátt gera auknar kröfur til hans um aðgát sem atvinnubílstjóra. V telur að sú háttsemi að aka 2,6 metra hárrí sendibifreið inn í bílakjallara sem skýrlega tilgreini 2,2 metra hæðartakmörkun feli í sér stórkostlegt gáleysi og rétt sé að takmarka ábyrgð V um 50%.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram hann telji að V haldi því fram að 40 sm hæðarmunur hafi verið á bifreið A og bílakjallaranum en að það sé rangt, það hafi munað örfáum sm, líklega ekki minna en 2 sm á hæð A og bílakjallara. Hæðarmælingar komi fram á myndum sem hafi ekki verið mótmælt af hálfu V. M bendir einnig á að ekki hafi verið skýrar hæðartakmörkunaraðvaranir á vettvangi, hæðartakmörkunarslá hafi verið ranglega staðsett og vonlaust fyrir ökumanna að lesa úr henni. M telur sönnunargildi þessara upplýsinga óumdeilt. M bendir einnig á að tjón sem þessi séu algeng hjá vönun ökumönnum sendibifreiða og að litið sé framhjá þeim mun sem sé á einföldu og stórkostlegu gáleysi heldur sé V að leggja hugtökin að jöfnu sem standist ekki lögfræðilega skoðun.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram ítrekun um að ökutækið A sé skráð 2,6 metra hátt í ökutækjaskrá sem sé 40 sm hærra en sú hæðartakmörkun sem sé skýrlega tilgreind áður en ekið sé inn í bílakjallara þann sem M ók inn í þegar tjón varð. Ekki komi fram í fyrri athugasemdum félagsins að 40 sm hæðarmunur hafi verið á bifreiðinni A og bílakjallaranum. V telur einnig að staðhæfing M um að hæðarslá sé ranglega staðsett sé ósönnuð þar sem engin gögn hafi verið lögð fram um réttari staðsetningu. Einnig telur V að myndir af hæð slárinnar og bifreiðinni A hafi ekki þýðingu vegna

merkingar um 2,2 metra hæðartakmörkun og vísar til þess að ökumaður A sé atvinnubílstjóri og hafi því átt að vita betur en að aka inn í bílakjallarann í greint sinn.

Álit.

Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skuli líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í sameiginlegum skilmálum V, sem gilda um allar váttryggingar V, nema kveðið sé á um annað í einstökum ákvæðum annarra skilmála, er í gr. 19 að finna sambærilegt ákvæði. Í skilmálum kaskótryggingar þeirrar sem M krefst bóta úr kemur þá fram að um trygginguna gildi m.a. sameiginlegir skilmálar og lög um váttryggingarsamninga.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. Verður að telja sannað með ljósmyndum af vettvangi að þar sé greinilegt bannmerki sem tilgreini mestu leyfilegu hæð ökutækja í bílakjallaranum sem 2,2 metra. Þá verður ráðið af gögnum málsins að hæð A sé 2,6 metrar skv. skráningu í ökutækjaskrá. Það þýðir að ökumaður bifreiðar A mátti vita að hæð bifreiðarinnar væri nokkuð meiri en hæðartakmörkunin. Samkvæmt framburði M var hæðarsláin uppi en ekki niðri þegar hann ók að bílakjallaranum sem þýðir að hann gat ekki lesið um hæðartakmörkun á sjálfri slánni en skýrt bannmerki þar við hliðina verður að teljast fullnægjandi merki þar um þó bifreiðin hafi ekki rekist í hæðarslána. Er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann ók inn í kjallarann án þess að skeyta um framangreint bannmerki. Háttsemin fól í sér verulegt frávik frá því sem ætlast mátti til af ökumanni atvinnubifreiðar auk þess sem bent er á að A er há bifreið og miðað við aðstæður allar hafi M mátt vera ljóst að aðstæður væru varhugaverðar og hætta á tjóni augljós. Ekki skiptir máli að litlu hafi muna á raunverulegri hæð bifreiðarinnar og inngangi í bílakjallarann en augljóst er að hæðartakmörkun nær til alls bílakjallarans en ekki einungis innakstri hans.

Við mat á ábyrgð V ber eins og segir í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga að líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Sök ökumanns M var nokkur í greint sinn og skýr orsakatengsl milli háttsemi hans og tjóns hvað varðar hvernig váttryggingaratburð bar að. Það dregur aðeins úr sök hans að hæðarslá hafi ekki sýnt eins greinilega og hún hefði getað sýnt þá hæðartakmörkun sem var auk þess sem ökumaður A var ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Eins og öllum atvikum er háttað telur nefndin að takmarka eigi ábyrgð V um 1/3 hluta bóta heildartjóns.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V en heimilt er að takmarka ábyrgð félagsins um um 1/3 hluta heildartjóns.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 5. september 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 235/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging vegna dýrahalds

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Dýrahald.

Gögn.

1. Málskot dags. 28. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 7. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 10. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi, við annan mann, verið að hjóla eftir göngustíg sem liggur samsíða Bæjarbrautinni í Garðabæ þann 2. júní 2023. Á sama tíma hafi maki A staðið til hliðar við göngustíginn að taka upp kúk eftir hundinn B. Þegar hjólreiðamennirnir hjóla framhjá þá fer hundurinn B í veg fyrir annan hjólreiðamanninn, M, með þeim afleiðingum að hann féll fram fyrir sig á hjólinu og hlaut minniháttar líkamsáverka en hjólið og fatnaður skemmdust. Einnig meiddist hundurinn B við atvikið. Hundurinn B var í svokölluðum flex taumi þegar atvikið átti sér stað.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu vegna atviksins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Vísar M til þess þess að hann hafi ekki verið á miklum hraða og gefið viðvörðunarkerki með bjöllu. Þá hafi maki A haft hundinn B hafi ólæstan í flex-taumnum og því hafi hundurinn í raun verið laus. Hins vegar hafi maki A hafi verið með airpods í eyrum og því ekki heyrt í bjöllu sem M hafi hringt. Telur M að slysið megi þannig rekja til saknæmrar og ólögðrtrar háttasemi maka A.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögðrtrar háttsemi eiganda hundsins eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Þá hefur V vísað til 4. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem m.a. segir að hjólreiðamanni á göngugötu beri að sýna vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Þá sé ekki heimilt að hjóla á göngugötu hraðar en sem nemur eðlilegum gönguhraða, sbr. 43. gr. laganna.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um það hvort umrætt atvik sé bótaskyldt samkvæmt ábyrgðartryggingu sem X er með í gildi hjá V. Umrædd váttrygging er ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga sem byggir á sök, og felur það í sér að ekki er um að ræða hlutlæga ábyrgð vegna tjóns sem hundar kunna að valda. Til að bótaskylda stofnist þarf þannig að vera sýnt fram á saknæma háttsemi eiganda eða umráðamanns hundsins.

Í málinu liggur fyrir að umráðamaður hundsins var á göngustíg þar sem hann nýtur forgangs gagnvart hjólreiðamönnum samkvæmt umferðarlögum og af framlögðum gögnum verður ekki annað ráðið en að hann hafi gætt að aðstæðum þegar hann hóf að hreinsa upp eftir hundinn. Óumdeilt er að þá hafi hjólreiðamennirnir ekki verið sýnilegir og að taka upp eftir hund tekur aðeins örfáar sekúndur. Hins vegar hafi hjólreiðamennirnir verið komnir að honum að verkinu loknu og því hjólað um 80 til 100 metra á stuttum tíma. Einnig liggur fyrir að hundurinn var í taumi í samræmi við 9. gr. samþykktar nr. 1348 um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi, en telja verður að flex taumur uppfylli kröfur samþykktarinnar og er viðurkenndur taumur á meðal hunda eiganda á Íslandi.

Að framansögðu verður að telja ósannað að umráðamaður hundsins hafi sýnt af sér saknæma háttasemi í umrætt sinn og a grundvelli þessa verður að telja að skilyrði bótaskyldu séu ekki uppfyllt og að M eigi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 5. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 236/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. mars 2021 hafi M verið á leið í verslunina X á Selfossi. Lagði hún bifreið sinni fyrir norðan verslunina og gekk frá bílastæðinu inn á gangstétt fyrir framan bygginguna. Þar féll hún skyndilega um hjólagrind sem staðsett var þvert á gangstéttina, rétt við bílastæðið. Hlaut hún við þetta meiðsli sem hafa verið metin til 12% læknisfræðilegrar örorku. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 1. júlí 2022. M telur þá höfnun ekki réttmæta og sé ekki í samræmi við gögn málsins og framkvæmd dómstóla í sambærilegum málum. Slysið hafi gerst fyrir framan inngang verslunar X og telur M staðsetningu hjólagrindarinnar hafa verið hættulega og skapað talsverða hættu fyrir viðskiptavinum verslunarinnar. Vegna staðsetningar hennar, við brún bílastæðis, var erfitt fyrir gangandi að sjá grindina og mátti starfsmönnum X vera ljóst að staðsetning hennar fæli í sér mikla hættu á slysum. Bendir M sérstaklega á að verslun X laði að sér gesti í viðskiptalegum tilgangi, og hefur viðurværi sitt af sölu matvöru og annarra neysluvara. Gera verði strangar kröfur til aðbúnaðar á staðnum og að starfsfólk bregðist við augljósri hættu á slysum. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hennar, á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunni um vinnuveitendaábyrgð, þar sem slysið orsakaðist af saknæmum og ólögætum athöfnum og athafnaleysi starfsmanna X. Vísar M máli sínu til stuðnings til dómaframkvæmdar og reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Mótmælir M því að slysið megi rekja til eigin óaðgæslu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Í bréfi V kemur fram að X hafi ekki fengið ábendingu um að hjólagrindin væri staðsett á hættulegum stað né að önnur slys hefðu átt sér stað við þessa hjólagrind. Þá hafi X ekki svör um hvaða aðili sá um að staðsetja grindina við þennan stað eða ákveður hvar hún eigi að vera. Getur V ekki fallist á að slyshætta hafi verið fyrirsjáanleg af staðsetningu hjólagrindarinnar. Hún sé vel sýnileg og engin slys höfðu átt sér stað fyrir slys M þrátt fyrir þann fjölda fólks sem gekk um þetta svæði á hverjum degi.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort verslunin X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi dottið um hjólagrind sem staðsett var á gangstétt utan verslunina. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, ber sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögættra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum af vettvangi verður ekki séð að staðsetning hjólagrindarinnar hafi verið óforsvaranleg eða með þeim hætti að augljós hætta á tjóni hafi verið til staðar. Hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 238/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging .

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júlí 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dag. 19. júlí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að í byrjun ágúst 2022 slasaðist M við það að hross hljóp á hana. Í málskoti kemur fram sú lýsing M að viðbein hafi losnað frá hægri axlarlið við slysið. M leitaði til heimilislæknis vegna óþæginda nokkrum dögum síðar og í myndatöku kom fram svokallað AC luxation. Í læknisvottorði sérfræðings í bæklunarlækningum dags. 12. júní 2023 segir: „Við skoðun greinilega áberandi viðbeinið og skruðningar við hreyfingar. Hún er þó með ágætis hreyfingu. Impingment próferu neikvæð og engin sérstök óþægindi við óbeina prófun á AC liðnum. Innrotation er eilítið skert en lift of test ágætt. Ekki að sjá neina rýrnun á vöðvum axlarinnar. Er með svolitinn stirðleika í hálsinum við allar hreyfingar. Meðferð – Tel ekki að aðgerð komi henni að gagni.“ Einnig kemur fram í sama vottorði greiningin „dislocation of acromioclavicular joint S43.1“ og M vísað til sjúkrapjálfa.

Í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er ákvæði í slysatryggingarlið, nánar tiltekið í gr. 31.6, sem segir: „Ef augljóst er að mati félagsins á grundvelli fyrirliggjandi gagna og/eða miskatöflu Örorrunefndar að lágmarki örorku skv. gr. 33.2 verði ekki náð mun félagið ekki standa að og greiða fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.“ Í gr. 33.2 segir: „Lægri varanleg örorka en 15% bætist ekki.“

M telur að V eigi að standa að og greiða fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku M og að höfnun V á því að greiða slíkan kostnað standi á hæpnum grundvelli. Orðalag váttryggingarskilmála um að eitthvað sé augljóst sé svo matskennt að það geti ekki verið grundvöllur höfnunar enda verði slíkt mat aldrei einhliða. M bendir á að V vísi til læknisvottorðs og miskatöflu Örorrunefndar án nánari tilgreiningar og slík almenn tilvísun fullnægi ekki skilyrði um að augljóst sé að lágmarki örorku verði ekki náð. M telur ljóst að einkenni frá viðbeini og hálsi nái 13% skv. miskatöflu Örorrunefndar og þá hafi ekki verið tekið tillit til axlarliðar eða hvort áverkarnir eigi við axlarlið og viðbein í einu lagi eða hvort um samverkandi áverka sé að ræða sem geti leitt til herra mats. Einnig bendir M á að hún hafi verið almennt hraust fyrir sly og afleiðingar þess því mögulega geta verið metnar meiri en ella. Einnig bendir M á að miskatafla sé til leiðbeiningar og geti forsendur mats byggt á einstaklingsbundnum grunni þannig að fyrra heilsufar eða samverkandi þættir spili stóran þátt.

V hefur hafnað því að standa að og greiða fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku M þar sem félagið telur augljóst að áverki sem M hlaut í slysi í byrjun ágúst 2022 nái ekki 15% lágmarki skv. gr. 33.2 í váttryggingarskilmálum. Um það vísar V til þess sem vitnað er til hér að ofan í læknisvottorði sérfræðings í bæklunarlækningum dags. 12. júní 2023 en í bréfi V til nefndarinnar dags. 10. júlí 2023 kemur fram að það sé mat félagsins eftir lestur þess vottorðs og eftir að hafa borið það vottorð undir trúnaðarlækni félagsins miski mat á læknisfræðilegri örorku muni ekki ná 15%.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að að gagnálykta verði frá ákvæði í gr. 31.6 í váttryggingarskilmálum þannig að ef ekki sé augljóst að mat nái ekki 15% lágmarki. Orðið augljóst þýði eitthvað ótvírætt þannig að enginn vafi sé fyrir hendi. Þegar litið sé til orðalagsins að eitthvað sé augljóst að mati V verði að horfa almennt á það hvað teljist ótvírætt og augljóst og það sé markleysa að halda fram mælikvarða sem miði við mat félagsins á því hvað geti talist augljóst. M vísar til upplýsinga um líkamstjón M í áverkavottorði og vottorði sérfræðings í bæklunarlækningum. Einnig telur M að skylda V sem tryggingafélags sé rík hvað það varðar að bæta viðskiptavinum sínum og tjónþolum tjón sitt og eigi það sérstaklega við um líkamstjón. Þannig verði að meta allan vafa tjónþola í vil.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvor skilyrði ákvæðis í váttryggingarskilmálum V, nánar tiltekið gr. 31.6, þar sem segir að ef augljóst sé að mati V á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og/eða miskatöflu Örorrunefndar að lágmarki örorku skv. gr. 33.2 (15% í þessu tilviki) verði ekki náð þá muni félagið ekki standa að og greiða fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.

Um er að ræða ákvæði í slysatryggingarkafli samsettrar váttryggingar, en váttryggingarskilmálarnir eru staðlaðir af hálfu V og lúta þannig hefðbundnum skýringarreglum samningaréttarins, auk þess sem 1. mgr. 36. gr. b laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga gildir um samningsgerðina. Þar segir: „Skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skal vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.“ Túlkunarregla umræddrar lagagreinar er í samræmi við ólögfesta túlkunarreglu samningaréttarins sem nefnd hefur verið andskýringarregla.

Við mat á því hvort sýnt sé að skilyrði þau sem tilgreind eru í gr. 31.6 séu sönnuð, þ.e. að „augljóst er að mati félagsins.“ að lágmarki um 15% læknisfræðilega örorku verði ekki náð verður að hafa hliðsjón af fyrnefndum túlkunarreglum og í því felst að vafa um atvik verður að meta þeim í óhag sem samdi orðalag hinna stöðluðu samningsskilmála.

Í máli M liggja fyrir læknisfræðilegar upplýsingar um áverka þann sem M hlaut í slysi í byrjun ágúst 2022 og fram komnar afleiðingar hans. Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að mat starfsmanna V og trúnaðarlæknis V sé að 15% lágmarki varanlegrar læknisfræðilegrar örorku verði ekki náð. Sá rökstuðningur sem V beitir vísar að hluta í gögn málsins en ekki liggur fyrir staðfesting eða nokkur slíkur rökstuðningur frá trúnaðarlækni félagsins í gögnum málsins.

V samdi einhliða orðalag í stöðluðum váttryggingarskilmálum um að tiltekna aðstæður væru háðar mati félagsins. Slíkt mat verður þó að uppfylla þau viðmið að vera málefnalegt. Í því felst að rökstuðningi um slíkt mat verða að fylgja allar þær upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar því mati gagnvart M. Rökstuðningur trúnaðarlæknis liggur ekki fyrir í þessu máli og tilvísun V til upplýsinga í læknisfræðilegum gögnum án hans verður ekki talinn fullnægjandi sönnun þess að mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku M nái ekki 15%. Hallann af þessu verður V að bera.

Niðurstaða.

M á rétt til þess að V standi að mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku hennar vegna afleiðinga slyss þegar hross hljóp á hana í byrjun ágúst 2022.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 239/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30. júní 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. ágúst 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 8. apríl 2021, er hann var að störfum hjá X í húsakynnum Y, hafi M orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að M var á hnjánum á púða við að sjóða saman stálplötur. Hafi hann verið að slípa suðurnar þegar slípiskífan rakst í plötuna sem þaðan skaust í læri hans, sbr. og tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 8. apríl 2021. Vegna tjóns síns hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 26. apríl 2023. M byggir á því að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað, vinnuaðstaða og verkstjórn hafi ekki verið til samræmis við reglur og þá hafi öryggisbúnaður og verklagsreglur verið ófullnægjandi. Þörf hafi verið á því að krjúpa á hnjánum við vinnu með slípirokk og hafi því verið um að ræða mjög óþægilega vinnuaðstöðu sem varð til þess að M fór að þreytast í baki og þurfti að skipta um stellingu. Ekki sé hægt að ætlast til að einn starfsmaður sinni verki sem þessu án aðstoðar og að starfa í þessari stellingu feli í sér ófullnægjandi vinnuaðstæður. Telur M því að kröfum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hafi ekki verið fullnægt þar sem aðstæður hafi ekki verið þannig að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta en á því beri X og Y sameiginlega ábyrgð. Þá hafi enginn starfsmaður verið nálægur þegar slysið atvikaðist og verði því ekki séð að verkstjórn hafi verið til samræmis við reglur. Verði að telja að sérstaklega varasamt sé að láta starfsmenn vinna eina og í fjarlægð frá öðrum starfsmönnum þegar unnið er með svo hættuleg tæki. Þá hefðu hlífðarbuxur mögulega komið í veg fyrir eða takmarkað tjón M, en verklagsreglur X hafi ekki gert ráð fyrir notkun þeirra við þetta tiltekna verk. Þá hafi öryggisbúnaður á slípirokknum ekki virkað sem skyldi og sérstök hlíf á honum einungis ætluð til að varna neistaflugi. M hafi fært sig og tekið aðra höndina af slípirokknum og þá treyst því að hann mundi stöðvast. Á slípirokknum sé sérstakur öryggisrofi sem eigi að leiða til þess að hann stöðvist sé aðeins haldið með annarri hendi um hann. Hafi sá rofi augljóslega ekki virkað sem skyldi. Eftir slysið hafi sérstöku ákvæði verið bætt við öryggis-, umgengnis- og verklagsreglur X þess efnis að varast skuli að leggja slípirokk frá sér nema hann hafi að fullu stöðvast. Allt framangreint bendi til skaðabótaábyrgðar X á tjóni M sem hafi aðeins farið að þeim fyrirmælum sem giltu á slysdegi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skýrslu sem unnin hafi verið af Y eftir slysið komi fram að M hafi verið að skipta um stellingu vegna þreytu í baki. Við þá tilfærslu hafi hann aðeins verið með aðra hönd á slípirokknum sem hafi líklega enn verið á hreyfingu og rekist í plötuna. M hafi þannig misst stjórn á rokknum þar sem hann hafi verið að færa sig aftur á bak, togað hann í átt að sér og slípiskífan farið í fótlegg hans. Afstaða V sé sú að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að atvikið sé að rekja til saknæmrar ólögsmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Lögregla hafi verið kölluð á vettvang og í fyrirliggjandi skýrslu hennar komi ekkert fram sem bendi til sakar X. Mögulegt sé að vinna umrætt verk í öðrum stellingum en M var í og þá sé óhætt að skipta um stellingu við verkið enda sé slípirokkurinn að fullu stöðvaður áður. Svo virðist sem M hafi ætlað að skipta um stellingu en ekki gætt að því að slípirokkurinn væri stöðvaður. Hvað hlífðarfatnað varði hafi fjölbreyttur búnaður verið til staðar. Þá er því hafnað að verkstjórn hafi verið ábótavant enda sé verkið ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að annar starfsmaður standi yfir þeim sem vinnur slípivinnuna. Aðrir starfsmenn hafi þó verið nálægir og komið M til aðstoðar. Það sé þá ekki rétt að slípirokkurinn hafi ekki virkað eins og til stóð. Slípirokkurinn virki ekki nema tvær hendur séu á honum, en sé ein hönd fjarlægð leiði það ekki til þess að hann stöðvist samstundis heldur taki eðli máls samkvæmt ákveðinn tíma fyrir skífuna að stöðvast. M sem hafi unnið með slík tæki í 15 ár hafi mátt gera sér grein fyrir því að slípirokkurinn stöðvaðist ekki samstundis þegar hann tók aðra hönd af honum. Það að verklagshandbók

hafi verið uppfærð hvað þetta varði feli þá ekki í sér viðurkenningu á sök enda sé allíða að slíkar handbækur séu uppfærðar og betrubættar í kjölfar slysa eða óhappa. M sé þá einn af reynslumestu starfsmönnum X og starfi daglega með verkfæri á borð við slípirokka. Um alvanalegt verk hafi verið að ræða, sem áhættumat hafi verið framkvæmt vegna og sambærilegt slys ekki átt sér stað áður. Verði niðurstaðan sú að X beri á einhvern hátt bótaábyrgð vegna slyssins beri því í öllu falli að skerða þann rétt verulega á grundvelli eigin sakar M.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir áréttaðar og málatilbúnaði V mótmælt. Sérstaklega er áréttað að vinnuástaða hafi verið ófullnægjandi, með því að gera hvorki ráðstafanir vegna vinnu í svo erfiðum stellingum né með því að stuðla að því að starfsmenn væru einungis í slíkum stellingum í stutta stund í senn. Atvikið hafi átt sér stað í lok vaktar M þegar hann hafði unnið lengi í líkamlega erfiðri stöðu. Hvað varði hlífðarbúnað þá hafi M notað allan þann búnað sem til boða stóð en hann hafi ekki veitt vörn gegn slípiskífu líkt og þeirri sem lenti á honum. Hlífðarbuxur hefðu hentað betur til þess en þær ekki staðið M til boða. Þá er áréttað að rokkurinn hafi ekki stöðvast með sama hætti og slípirokkur á myndbandi sem V hefur lagt fram, heldur hafi hann haldið áfram af fullum krafti og lent í læri M. Hafi hann því ekki virkað eins og hann átti að gera. Hvað varði áhættugreiningu þessa verkþáttar þá liggi ekki fyrir að hún hafi verið framkvæmd fyrir slysdag og verði X að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að það sé með öllu ósannað að slípirokkurinn hafi ekki virkað sem skyldi. Ekkert í gögnum málsins beri það með sér og þá komi ekkert fram um það í fyrrgreindri skýrslu Y um atvikið, þar sé bæði fjallað um öryggisrofann og hlíf á rokknum sem hafi mögulega varnað því að ekki fór verr. Er þá áréttað að eigin sök M felist í því að hafa hreyft sig með aðra hönd á slípirokk sem enn var á hreyfingu.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra ólögmetra athafna af hálfu A eða starfsmanna þess eða annarra aðstæðna eða atvika sem X beri ábyrgð á þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu þess. Sönnunarbyrði þess hvílir á M. Atvik málsins sem slík virðast nokkuð óumdeild, en í lögregluskýrslu, dags. 8. apríl 2021, er haft eftir M að hann hafi verið að slípa með slípurokk og þegar hann hafi fært sig til hafi slípirokkurinn kastast í gólfið og kastast í fót hans. Sambærileg lýsing kemur fram í sérstakri skýrslu um atvikið sem unnin var af hálfu Y. Virðist því liggja fyrir að M hafi hreyft sig áður en slípirokkurinn hafði að fullu staðnæmst og að það hafi haft fyrrgreindar afleiðingar. M heldur því fram að slípirokkurinn hafi verið vanbúinn að einhverju leyti, þ.e. að hann hafi ekki stöðvast með réttum hætti eða að frekari hlíf á honum hefðu komið í veg fyrir umrætt slys. Engin gögn eru þó lögð fram um þessi atriði og verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að um vanbúnað eða bilun hafi verið að ræða og er það því ósannað. Hvað varðar vinnuástaðu en málatilbúnaður aðila hvað það varðar er reifaður nokkuð ítarlega hér að framan, verður að fallast á það með M að það er óþægilegt og þreytandi að vinna á hnjúnum með þessum hætti, en fram kemur í skýrslu Y að starfsmenn þurfi að krjúpa á hnjúnum í nokkurn tíma við verkið. Ekki er hins vegar sýnt fram á að orsakatengsl séu beinlínis vegna vinnu í þeirri stöðu og slyss M. Þá liggur ekki fyrir að M hafi ekki haft tök á að taka sér hlé eða skipta um stellingu með hæfilegu millibili. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að hlífðarbúnaður hafi verið óforsvaranlegur eða að það hafi falið í sér brot gegn verklagsreglum, lögum nr. 46/1980 eða reglum settum með stöð í þeim að gera M ekki að klæðast hlífðarbuxum við verkið. Hvað varðar verkstjórn og það að M var látinn vinna umrætt verk einn síns liðs verður þá að líta til þess um venjubundið verk virðist hafa verið að ræða, sem M virðist hafa verið alvanur að sinna, og ekki er sýnt fram á að sérstaka hættu, umfram þá sem almennt leiðir af vinnu með rafmagnsverkfæri, hafi stafað af því. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að meginorsök slyssins hafi verið sú að M hreyfði sig áður en skífa slípirokksins stöðvaðist að fullu. Er því ekki sýnt fram á annað en að um óhapp hafi verið að ræða sem verði ekki rakið til atvika sem X beri skaðabótaskyldu vegna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 240/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Ekið af stað úr kyrrstöðu.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 1. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 12. september 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 5. júní 2023 varð árekstur milli A, sem er í eigu M, og B á bifreiðastæði við leikskóla. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur tilkynntu hvor um sig um tjónið. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem taldi A bera alla ábyrgð á atvikinu þar eð ökumaður hennar hefði þverað stöðureiti bifreiðastæðisins í aðdraganda áreksturs. M er ósammála þeirri niðurstöðu og tekur í málskoti fram að engar sýnilegar merkingar séu á umræddu bílaplani og því gildi almennar reglur um forgang umferðar frá hægri. Þá hafi tjónanefnd byggt afstöðu sína á síðar til komnum framburði vitnis, en ekkert vitni hafi gefið sig fram á vettvangi og kannist ökumaður A ekki við að nein vitni hafi verið að atvikinu. Ökumaður B hafi verið í síma sínum og ekið af stað án þess að huga að umferð og beri hann því alla ábyrgð á umræddu atviki. Þá beri ákomur á bifreiðunum þess merki að B hafi ekið á hliðina á A sem styðji við atvikalýsingu A.

V1 sem var váttryggjandi A á tjónsdegi telur að ökumaður B sem hafi ekið af stað úr kyrrstöðu í veg fyrir umferð frá hægri beri alla sök á árekstrinum. Vitni, sem ekki hafi gefið sig fram á vettvangi, hafi síðar borið að A hafi ekið inn á bílastæðið og ekið beint yfir það á „smá hraða“ án þess að fylgja akstursleiðinni. Merkingar hafi einu sinni verið á vettvangi en á tjónsdegi hafi þær að mestu veðrast og aðeins ógreinileg ummerki þeirra eftir. Verði að leggja mat á aðstæður hverju sinni og grundvöllur þess að sök sé lögð á A sé sá að stöðureitir séu greinilega merktir. Þar sem engin sýnileg akstursleið hafi verið merkt á stæðinu gildi almennur umferðarréttur. Hafi B því borið að gæta að forgangi umferðar frá hægri. Þá beri að virða lýsingu B á akstursleið A að vettugi enda hafi B ekki séð A í aðdraganda áreksturs. Sé þá ekki tilefni til að leggja hluta sakar á A sem hafi ekið eftir opnu svæði þegar B var skyndilega ekið af stað og í hlið A.

V2 sem var váttryggjandi B á tjónsdegi telur að ökumaður A beri alla sök á árekstri aðila. Fyrir tjónanefnd hafi legið fyrir vitnisburður þar sem fram komi að þegar vitnið var að koma að leikskólanum hafi hún séð A aka „á smá hraða inn fyrstu beygjuna fara beint yfir bílastæðin í stað götuleiðina fer við hliðina bílnum hægra megin sem er stopp í stæði og fer svo beint í veg fyrir hann þegar hann fer í veg fyrir hann er hinn billinn sem er stopp að taka af stað.“ V2 sé sammála afstöðu tjónanefndarinnar um að A hafi ekið þvert yfir merkta stöðureiti á bifreiðastæði og beri því alla sök á árekstri aðila, enda sé sú niðurstaða í samræmi við fordæmi úrskurðarnefndarinnar í máli 203/2010 þar sem sambærileg atvik hafi verið uppi.

Álit.

Eins og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og þá greinir í verulegum atriðum á um atvik í aðdraganda árekstursins. Í tjónstilkynningu B til V2 segir „ég er staddur í bílastæði og lít til hægri áður en ég legg af stað til að keyra úr stæðinu til vinstri og þá kemur bíllinn í gegnum bílastæði í veg fyrir mig og framstuðari farþegamegin á mínum bíl lendir í bílstjórahurð hins bílsins.“ A virðist þá hafa samþykkt þessa frásögn í rafrænum samskiptum við V2. Í tölvupósti A til V2, dags. 12. júní 2023 lýsir hann atvikum svo „ég kem akandi inn á bílaplanið og tek vinstri beygju. Ökumaður í bíl í bílastæði ekur af stað í þann mund sem ég kem fyrir hornið og ekur í hliðina á mér.“ Þá liggur fyrir tölvupóstur fyrrgreinds vitnis til V2 dags. 14. júní 2023. Fyrirliggjandi eru svo teikningar af akstursleið A, annars vegar sem stafa frá A sjálfum og hins vegar sem stafa frá fyrrnefndu vitni og ber þeim ekki saman. Liggur því ekki fyrir afstöðumynd af vettvangi sem aðilar geta sammælst um. Af ákomum á bifreiðunum, sem eru hægra megin á framstuðara og á hægri framhlið B en á öikumannshurð A verða þá ekki dregnar neinar afdráttarlausar ályktanir um atvik í aðdraganda áreksturs. Af ljósmyndum af vettvangi er þá greinilegt að merkingar stöðureita eru afar máðar og má af þeim aðeins

greina langa þverlínu milli tveggja raða samhliða stöðureita en aðeins á stöku stað daufar línur til aðgreiningar stöðureita í hvorri röð.

Hvað varðar fyrra fordæmi nefndarinnar skal þá tekið fram að atvik þess máls eru ekki fyllilega sambærileg, enda er tekið fram í fyrra úrskurði að stöðureitir hafi verið skýrt afmarkaðir með máluðum línunum, auk þess sem sameiginleg afstöðumynd ökumanna lá fyrir. Verður því að varast að draga víðtækar ályktanir af því fordæmi enda verður að taka afstöðu til fyrirbyggjandi gagna og atvika hverju sinni.

Þrátt fyrir að stöðureitir hafi ekki verið greinilega merktir verður að líta til þess að bifreiðastæðið þjónar eftir því sem best verður séð aðeins umræddum leikskóla og má ætla að þeir sem eiga leið þangað séu kunnugir staðháttum og að sérstakrar tillitssemi geti verið þörf í nágrenni slíkrar starfsemi. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum, sem sýna bæði A og B, og bera því með sér að hafa verið teknar á tjónsdegi, má þá ráða að fleiri bifreiðum hafi verið lagt á þessu svæði og eins og áður sagði er þverlína milli tveggja raða bifreiðastæða enn nokkuð greinileg samkvæmt ljósmyndum. Verður því að miða við að A hafi mátt gera sér grein fyrir því að um bifreiðastæði hafi verið að ræða, eða í það minnsta að svæðið væri nýtt sem slíkt.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er það afstaða hennar að hvorugur aðila hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs. Þannig hafi B ekki gætt nægilega að annarri umferð áður en hann ók af stað úr kyrrstöðu, enda megi ætla að hann hefði þá orðið A var. Þá er það mat nefndarinnar að ökumaður A hafi ekki gætt nægilegrar varúðar við þær aðstæður sem uppi voru, og að hann hafi ekið skáhallt yfir svæði sem honum hafi mátt vera ljóst að var nýtt sem bifreiðastæði.

Samkvæmt öllu framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 10. október 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 241/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. júlí 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 31. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M rifbeinsbrotnaði þann 15. desember 2021 er hann rann í hálku á Lindargötu og féll utan í handriði. Á slysdegi var M með frítímaslysaftryggingu hjá V og tilkynnti hann slysið til V þann 3. apríl 2023. Með bréfi dags. 15. maí 2023, hafnaði V bótaskyldu úr frítímaslysaftryggingu á grundvelli þess að réttur M til bóta hafi verið fallinn niður á tilkynningardegi. Byggði V höfnun sína á því að M hafi verið fullljóst um afleiðingar slyssins daginn eftir slysið þar sem hann fékk þá staðfest að hann hefði rifbeinsbrotnað en ekki síðar en þremur mánuðum frá slysi. Því hafi frestur M til að tilkynna slysið runnið út í allra síðasta lagi þann 15. mars 2023, eða þremur vikum áður en tilkynning barst félaginu um slysið, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. M er þessu ósammála og bendir á að vitneskja um áverka og vitneskja um varanlegar afleiðingar eru ekki sami hluturinn. Upphaf ársfrestsins eigi að miða við það tímamark þegar M gerði sér raunverulega grein fyrir því að hann hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni vegna afleiðinga slyssins. Það hafi hann ekki raunverulega gert sér grein fyrir fyrir en eftir 3. apríl 2022. Höfnun V byggir einvörðungu á upplýsingum sem fram koma í læknaþreffi frá bráðamóttöku LSH sem fjallar um komu M á spítalann strax eftir slysið. Var hann þá ekki greindur með varanlegar afleiðingar rifbeinsbrots enda aðeins einn dagur liðinn frá slysdegi. Ekkert lá fyrir um varanleika einkenna á þeim tímamarki. Vísar M til tveggja dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V er vísað til þess að tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning barst félaginu einu ári og fjórum mánuðum eftir að umrætt tjón átti sér stað. Samkvæmt ákvæðinu glatar váttryggður rétt til bóta ef ekki er gerð krafa innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Vísar V jafnframt til þess að hvergi við ítarlega skoðun á sjúkragögnum megi sjá atvikið sem slíkt staðfest, þ.e. að M hafi runnið í hálku og lent á handriði. Þá komi fram í bráðamóttökuskra að M hafi fundið fyrir versnandi verk í vinstra brjósti síðustu 10 daga og grunur leiki á um rifbeinsbrot. Það gefi til kynna að hið meinta atvik hafi átt sér stað a.m.k. 10 dögum fyrr en M og lögmaður hans gefa upp í tjónstilkynningu til félagsins og öðrum gögnum. V mun þannig ganga út frá að meint atvik hafi átt sér stað í síðasta lagi þann 6. desember 2021 og byggir þannig á fyrirliggjandi sjúkragögnum og framburði M við fyrstu læknskómu frekar en upplýsingum í tjónstilkynningu sem koma fram þegar svo langt er liðið frá slysi. V telur að M hafi mátt vera ljóst strax við fyrstu komu þann 16. desember 2021 að varanlegar afleiðingar gætu hlotist vegna áverkans í ljósi þess að hann var greindur með beinbrot. Í síðasta lagi þremur mánuðum frá slysi. Í flestum tilvikum læknað rifbeinsbrot að sjálfu sér á einum til tveimur mánuðum, allar líkur séu á að M hafi verið upplýstur um áætlaðan batatíma og venjulegan gróanda rifbeinsbrota við greininguna, sbr. 1-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Álit.

Aðila greinir á um við hvaða tímamark ætti að miða upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr frítímaslysaftryggingu sinni hjá V. Samkvæmt ákvæðinu, glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysaftryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015.

Nefndin tekur undir með V að atvik það sem hér um ræðir virðist hafa átt sér stað í kringum 6. desember 2021, frekar en þann 15. desember. Læknisfræðileg gögn málsins ná eingöngu til komu hans á bráðamóttöku Landspítalans dagana 15-16. desember 2021. Engin nýrri gögn liggja fyrir í málinu. Fékk hann við útskrift þann 16. desember 2021 ráðleggingar um meðferð með verkjalyfjum auk þess sem honum var ráðlagt að leita til heimilislæknis m.t.t. frekari verkjastillingar ef hann hefði hamlandi verki. Þrátt fyrir að M hafi verið greindur með rifbeinsbrot þann 15. desember 2021 er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að M hafi vitað eða mátt vita á þeim tímapunkti, eða rúnum þremur mánuðum síðar, um atvik sem krafa hans er reist á þ.e. að ekki væri von á fullum bata eftir rifbeinsbrotið. Verður því að miða við að umræddur tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt um einu ári og fjórum mánuðum eftir umræddan tjónsatburð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar, hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 242/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging

Gildissvið váttryggingar, undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
2. Bréf V dags. 1. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
3. Bréf M dags. 7. ágúst 2023.
4. Bréf V dags. 16. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sendi V tvær tjónstilkynningar vegna rakavandamála sem upp höfðu komið í húseign M. Þá fyrri sendi M til V þann 13. febrúar 2023 og þá síðari sendi M þann 26. mars 2023. Með fyrri tilkynningunni tilkynnti M um raka í lagnastokk í kjallara en í þeirri síðari tilkynnti M um raka og ólykt sem hann hafði orðið var við í svefnherbergi á 2. hæð. Svefnherbergið mun skv. gögnum málsins vera við hliðin á baðherbergi. Þá mun lagnastokkurinn vera í nokkuð beinni línu fyrir neðan baðherbergið m.v. þær upplýsingar sem fram koma í gögnum málsins.

Í kjölfar tjónsins sem var tilkynnt þann 13. febrúar 2023 var framkvæmd skoðun af pípulagningameistararum G á vegum V. Í ódagsettri skoðunarskýrslu hans, kemur m.a. fram að rakaskemmdir séu á lagnastokknum þó ekki hafi mælst bleyta í honum. Þá kemur fram að ekki hafi fundist lagnaleki en að það leki þó nokkuð með sturtugleri þegar farið er í sturtu. Af myndum má sjá að vatn lekur með kverkum frá sturtunni í átt að innbyggðum salerniskassa sem staðsettur er nokkuð þétt upp við sturtuglerið. Þann 28. mars 2023 fór fram önnur skoðun á vegum V sem framkvæmd var af pípulagningameistararum Á. Í skýrslu hans kemur fram að rakamyndun og fúkkalykt komi frá innbyggðum salerniskassa. Þá sé raki og lykt bundin við salerniskassann. Enginn leki fannst í salerniskassanum eða frá öðrum lögnum við skoðunina. Þriðja skoðunin var framkvæmd af starfsmanni V þann 3. apríl 2023. Var niðurstaða skoðunarinnar sú að líklegasta skýringin á rakanum væri að fúgur í sturtuklefa væru ekki að halda vatni og að mögulega væri einnig að leka meðfram niðurfalli. Enginn lagnaleki greindist við skoðunina þó greinst hafi raki í veggjum og gólfi. Fjórða skoðunin var framkvæmd af starfsmanni V þann 24. apríl 2023. var niðurstaða þeirrar skoðunar að hugsanlega hefði verið að leka með ófullnægjandi frágangi á þéttingu við tengingu vatnláss í svokallaðri sturturennu. Samkvæmt gögnum málsins höfðu m.a. verið gerðar endurbætur á sturtunni árið 2019 í tíð fyrri eigenda og mun hafa verið skipt um þessar frárennslislagnir þegar þær endurbætur fóru fram. Gögn málsins eru nokkuð óljós um umfang rasks í kjölfar lekaleitar. Þau bera þó með sér að V framkvæmdi lekaleit og virðist hafa látið opna salerniskassa og vegg. Þá kemur fram í gögnum málsins að þar sem lekaleit V leiddi ekki í ljós lagnaleka hafi M fengið til sín pípulagningameistara á eigin vegum sem framkvæmdi uppbot á baðherbergi vegna lekaleitar.

Hefur V boðið fram greiðslu að fjárhæð kr. 400.000,- vegna viðgerða í kjölfar þeirrar lekaleitar sem V lét framkvæma. V hefur hins vegar hafnað greiðsluskyldu úr tryggingunni að öðru leyti með vísan til þess að um sé að ræða vatnstjón sem rakið verður til langvarandi leka. Byggir V á því að tjón af völdum langvarandi leka sé sérstaklega undanskilið skv. váttryggingarskilmála tryggingarinnar. Enn fremur vísar V til þess að orsök lekans hafi verið til staðar þegar váttryggingin tók gildi og bendir á að niðurstaða skoðana bendi til þess að orsök lekans geti verið að rekja til endurgerðar á baðherbergi á fasteign M sem fór fram árið 2019 nokkru áður en M festi kaup á eigninni og trygging hans tók gildi.

M gerir þá kröfu að tjón sitt verði bætt úr vatnstjónslið fasteignatryggingarinnar. Tekur M fram að tjónið felist aðallega í rakaskemmdum á parketi og veggjum í herbergi við hlið salernisins auk þess sem tjón felist í kostnaði vegna viðgerða í kjölfar niðurrifs sem framkvæmt var vegna lekaleitar. Hefur M lagt fram kostnaðarmat vegna framkvæmda metinn er kostnaður vegna 16. liða, samtals að fjárhæð kr. 2.149.095,- og gerir hann bótakröfu samtals að fjárhæð kr. 2.730.000,-. Telur M ljóst að bótaréttur sé fyrir hendi úr fasteignatryggingu sinni þar sem um sé að ræða tjón sem rakið verður til skyndilegs og óvænts leka. Byggir M m.a. á því að ekki hafi greinst raki við fyrstu skoðanir á vegum V á þeim stöðum

sem síðar kom í ljós vatnstjón. Tekur M sérstaklega fram að um sé að ræða tvö aðgreind tjónstilvik og að tjónið sem varð á svefnherbergi og veggjum þess hafi uppgötvast óvænt og skyndilega í mars 2023 og að þar hafi ekki verið rakavandamál fram að þeim tíma sem síðar tjónið var tilkynnt. Einnig kvartar M yfir því að lekaleit á vegum V hafi verið ófullnægjandi þar sem henni var hætt án þess að lagnaleki sem var til staðar hafi fundist.

Álit.

Ágreiningur er um hvort rakaskemmdir þær sem tilkynnt var um þann 26. mars. 2023 falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Í a-lið 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátryggingin taki til skemmda á vátryggðri húseign af völdum: „*vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Tryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.*“ Enn fremur kemur fram í vátryggingarskilmálanum að tryggingin taki ekki til tjóns sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.

M hefur sönnunarbyrði um að bótaskilyrðum skilmálans sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Af gögnum málsins virðist ekki deilt um að lekið hafi frá gúmmíhring í frárennislögn frá sturtu sem endurnýjuð var árið 2019. Af gögnum málsins virðist sem fyrst hafi orðið vart við raka í húsnaði M í febrúar 2023 og að rakavandamál hafi ágerst nokkuð hratt eftir það. Verður því ekki á öðru byggt en að um hafi verið að ræða skyndilegan óvæntan og ófyrirsjáanlegan leka úr lagnakerfi hússins. Að teknu tilliti til gagna málsins verður að teljast ósannað umrædd lögn hafi lekið frá árinu 2019. Enn fremur verður að teljast ósannað að það tjón sem um ræðir verði rakið til langvarandi leka eða raka. Þar af leiðandi er ljóst að M á bótarétt úr fasteignatryggingu sinni vegna þess tjóns sem hlaust af leka úr lögninni. Einnig á M rétt á bótum vegna kostnaðar við uppbrot og rask sem óhjákvæmilega fylgdi því að stöðva lekann og frágang vegna þeirra aðgerða, sbr. það sem fram kemur í a-lið 1. gr. vátryggingarskilmálans.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð hvað varðar upplýsingar um umfang tjónsins. Þau gögn sem M hefur lagt fram eru ekki fullnægjandi til þess að nefndin geti lagt mat á fjárhæðir. Þar sem gögn málsins eru óljós hvað varðar tjónið sjálft er því hugsanlegt að kostnaðaráætlun sú sem M hefur lagt fram feli í sér vinnu sem er umfangsmeiri en sem nemur því að bæta tónið í samræmi við gildissvið vátryggingarskilmálans. Að teknu tilliti til framangreinds er ágreiningi er varðar fjárhæðir vísað frá nefndinni með vísan til g-liðar 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 243/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki : X og Y

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. ágúst 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið í eigu M hinn 29. mars 2023 af völdum ruslatunnu í eigu X, sem fyrirtækið Y, leigir af X og hefur fyrir utan starfsstöð sína. Ruslatunнан fauk í hífandi roki og hafi M komið að tunnunni utan í bílnum sínum. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingum X og Y hjá V, sem hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að hvorki X né Y væru bótaskyld vegna tjónsins. M byggir á því að ruslatunнан hafi verið illa fest eða ekki fest og farið af stað í miklu roki á bifreið hennar sem lögð var í merkt bifreiðastæði. Telur M það ósanngjarnt að ástæða þess að hún fái ekki tjónið bætt sé vegna ágreinings um það hvort starfsmaður X hafi ekki gengið nógu vel frá ruslatunnunni eða að starfsmenn Y hafi fært hana og ekki gengið nógu vel frá henni aftur. Eftir tjónsatvikið hafi verið búið að setja hellusteina við tunnurnar sem eiga líklega að tryggja að þær fari ekki aftur af stað.

Í bréfi V kemur fram að V byggir höfnun sína á því að M hafi ekki sýnt fram á að starfsmenn X eða Y beri ábyrgð á tjóninu. Í umsögn frá X komi fram að starfsmenn X hafi losað síðast þessar ruslatunnur að morgni 28. mars 2023. Kannist starfsmenn X ekki við annað en að hafa fest tunnurnar með hefðbundnum hætti. Þá vísi Y til þess að einungis starfsmenn X sjái um að losa og festa tunnurnar. Bendir V á að ekkert fyrirbyggi það að aðrir aðilar eigi við eða losi ruslatunnur úr tunnufestingunum.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að það sé á ábyrgð X og Y að tunnurnar séu ávallt tryggilega festar. Ekki liggja fyrir nein neitun frá starfsmönnum X, heldur komi ítrekað fram í tölvupóstum milli X og V að starfsmenn X viti ekki hvort þeir festu tunnuna. Telur M að yfirgnæfandi líkur séu á því að starfsmenn X hafi ekki gengið tryggilega frá tunnunum. Telur langsótt að aðrir aðilar hafi átt við eða losað ruslatunnurnar. Eigandi og/eða leigjandi hljóta að bera ábyrgð á því að ruslatunnur á þeirra vegum séu ávallt tryggilega festar og í ljósi þess að spáð var miklu hvassviðri bar þeim sérstök skylda til að ganga úr skugga um að svo væri.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að starfsmenn X tæmi margar tunnur á hverjum vinnudegi og því sé ómögulegt að gera þá kröfu að þeir muni nákvæmlega eftir verklagi við hverja ruslatunnu. Tjónið hafi ekki átt sér stað fyrr en sólarhring eftir síðustu tæmingu sem bendi frekar til þess að starfsmenn X hafi fest umrædda tunnu. Þá hafi starfsmenn Y ekki haft ástæðu til að kanna með og tryggja sérstaklega tunnurnar vegna veðurspár þar sem fullnægjandi búnaður var til staðar til að tryggja ruslatunnurnar.

Álit.

Bótaskylda úr frjálsum ábyrgðartryggingum X og Y hjá V er háð því að skadabótaábyrgð sé fyrir hendi á tjóni M. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða Y, eða aðila sem þau bera ábyrgð á og er það hlutverk M að sýna fram á það. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna að frágangur ruslatunnunnar hafi á einhvern hátt verið ófullnægjandi eða að ófullnægjandi frágangur megi rekja til athafna eða athafnaleysis starfsmanna X eða Y. Er því ekki sýnt fram á að saknæm háttsemi X eða Y eða starfsmanna þeirra hafi leitt til umrædds tjóns. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X né úr ábyrgðartryggingu Y hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 244/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. júlí 2023, ásamt samskiptum V og X og V og M.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 3. ágúst 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 11. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M hinn 9. ágúst 2022 þegar bifreiðinni var gefið start með tæki sem var með of hárrí spennu m.v. rafmagnskerfi bifreiðarinnar, þ.e. notað tæki með 24v straumi í stað 12v.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V á þeim grundvelli að starfsmaður X hafi gefið bifreið M start með 24v.tæki en hafi átt að vita að bifreiðin þoldi ekki þann straum og á því verði X að bera ábyrgð. M vísar til vitnisburðar tveggja nafngreindra aðila sem staðfesti að það hafi verið starfsmaður X sem hafi gefið bifreið M start.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til upplýsinga frá X um að starfsmaður X hafi lánað einstaklingum sem voru með bifreið M í vörslum sínum tæki til að gefa bifreiðinni start. V telur að yfirlýsingar tveggja nafngreindra einstaklinga um að það hafi verið starfsmaður X sem hafi tengt tækið við bifreið M vera ófullnægjandi sönnun fyrir atvikum þar sem þeir séu ekki óháð eða óhlutdræg vitni að atvikum. Þessir einstaklingar hafi verið í fylgd starfsmanns M og voru þar í erindagjörðum M. Einnig sé því haldið fram af hálfu X að þessir einstaklingar hafi sjálfir valdið tjóni á bifreið M og hafi þeir því sjálfir hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Einnig vísar V til þess að atvikið falli ekki undir gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V þar sem samið sé þannig með sérskilmála váttryggingarinnar að V greiði bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum sem X hafi til skoðunar eða reynsluaksturs. Bifreið M hafi ekki verið til skoðunar hjá X eða reynsluaksturs en ekki öðrum vegna vörsluábyrgðarákvæða í sömu skilmálum.

Í viðbótarathugasemddum M kemur fram að vitni að tjónsatburði séu ótengdir aðilum málsins og hafi haft það eina hlutverk að aka bifreiðum í skoðun hjá X auk þess sem staðið hafi X nærri að tryggja sönnun um atvik í gegnum eftirlitsmyndavélar sínar. Einnig komi fram í gögnum að bifreið M hafi sannanlega verið í skoðun hjá X hinn 9. ágúst 2023 þannig að sérskilmáli váttryggingarinnar eigi við.

Í viðbótarathugasemddum V er vísað til fyrri athugasemda og almennra sönnunarreglna í skaðabótarétti. Einnig vísar V til þess að röksemd M um sérskilmála leiði til þess að beita beri 5. gr. 1. kafla váttryggingarskilmála sem undanskilji skemmdir á tækjum sem X hafi til viðgerðar, hreinsunar, geymslu o.s.frv. sem þýði að tjón M falli utan gildissviðs váttryggingar X hjá V.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V er í gr. 2.1 tekið fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem falli á váttryggðan m.a. vegna skemmda á munum. Til þess að slík skaðabótaábyrgð sé staðreynd í máli M þarf að liggja fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að tjón M sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um það. Ekki liggja fyrir samtímagögn vegna tjónsatviksins 9. ágúst 2022 en í tjónstilkynningu frá 23. nóvember 2022 er því haldið fram að starfsmaður X hafi notað of háa spennu við það að gefa bifreið M start og samskipti M og V frá sama tíma staðfesta þá frásögn M. Sama dag svarar fulltrúi X því til við fyrirspurn V um atvik málsins að eina aðkoma starfsmanna X að málinu hafi verið að lána þeim sem voru með bifreið M fyrir utan skoðunarstöð X starttæki. Skýringar hinna tveggja nafngreindu aðila sem vísað er til hér að ofan koma fram sem svör við spurningum lögmanns M í tölvupóstum dags. 3. júlí 2023. Verður að meta slík gögn

með þeim fyrirvara að ekki er um samtímagögn að ræða og ekki er hægt að útiloka að umræddir einstaklingar hafi hagsmuni af því að vera ekki sjálfir sakaðir um að hafa sett of háan straum á bifreið M.

Af öllum gögnum málsins virtum verður því ekki talið nægilega sannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X og verður X að bera hallann af sönnunarskorti þar um. Þegar af þeirri ástæðu er óþarfi að fjalla frekar um gildissvið ábyrgðartryggingar V hvað varðar undanþáguákvæði 5. gr. váttryggingarskilmála eða sérskilmála. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 12. september 2023.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 245/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 6. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. júlí 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. júlí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 9. febrúar 2022 hafi orðið árekstur milli A og B sem M ók. Óumdeilt virðist að ökumaður A hafi borið alla sök á árekstrinum. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og leitað á bráðamóttöku daginn eftir. Hinn 11. febrúar 2022 hafi hann aftur leitað á bráðamóttöku þar sem hann hafi verið greindur með tognun og önnur meiðsli á hálsi og öxl. Þá hafi M leitað til sjúkráþjálfara vegna afleiðinga slyssins. M hafi þá orðið fyrir öðru umferðarslysi hinn 13. maí 2022 en ekki liggi fyrir hverjar afleiðingar þess á heilsu hans hafi verið enda hafi M ekki undirgengist sérfræðilegt mat á afleiðingum slyssanna. V, sem var váttryggjandi A hinn 9. febrúar 2022, hafi, hinn 7. júlí 2022, hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns með vísan til hraða- og höggútreikninga. M gerir athugasemdir við það að bótaskyldu hafi verið hafnað með vísan til slíkrar PC-Crash skýrslu án þess að litið hafi verið til læknisfræðilegra gagna. Skýrsla sem hafi verið aflað einhliða af V geti ekki haft úrslitaáhrif við mat á því hvort umferðarslys hafi valdið tjóni í skilningi skaðabótaréttar. Fyrirliggjandi gögn sýni fram á að M hafi hlotið nokkurt tjón af völdum árekstursins 9. febrúar 2022. Það sé þá aðeins á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um orsakatengsl milli slyssins og einkenna M. Ekki sé þá rétt að M þurfi einn að standa að allri gagnaöflun til að sýna fram á orsakatengsl milli einkenna sinna og atburðar sem sé bótaskyldur sem slíkur, enda byggji bótaréttur hans á hlutlægri ábyrgðarreglu. Mikill aðstöðumunur sé á váttryggingafélögum og tjónþolum sem margir hverjir hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa að slíkri gagnaöflun og því eðlilegt að V komi að kostnaði við hana. Er á grundvelli framangreinds farið fram á úrskurð nefndarinnar um bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að fyrirliggjandi gögn sýni ekki fram á að langvarandi heilsutjón hafi hlotist af árekstrinum. Um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og ekki mikið högg. Læknisfræðileg gögn virðist þá byggð á óljósum forsendum þar sem gefið hafi verið til kynna að um harðari árekstur hafi verið að ræða en raunin var. Áreksturinn hafi þá verið hliðarárekstur, þ.e. A og B hafi verið ekið samhliða og ekki sé líklegt að hálsnykkur verði af slíku atviki. Sé því ólíklegt að M hafi tognað á hálsi við áreksturinn. Þá séu einhver einkenni sem M lýsi hjá læknum alls ótengd umræddum árekstri, og einkennalýsingar M eigi frekar rót sína að rekja til fyrri heilsufarssögu hans, en hann sé öryrki með umfangsmikla heilsufarssögu. V hafi þá fallist á að taka þátt í útlögðum kostnaði fyrstu 10-12 vikunnar eftir áreksturinn en sé samkvæmt framansögðu ekki reiðbúið að fallast á greiðsluskyldu vegna varanlegra afleiðinga enda ekki sýnt að slíkar afleiðingar hafi getað hlotist af atvikinu.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. áréttuð sú afstaða að sönnunargildi einhliða aflaðra PC-Crash skýrsla sé óverulegt og geti þær aldrei falið í sér annað en líkindaútreikning sem byggður sé á forsendum sem ákveðnar séu af V. Þá er afstöðu V er varðar gildi læknisfræðilegra gagna hafnað enda megi ætla að þess væri getið í sjúkraskrá teldu læknar líkamleg einkenni M ekki koma heim og saman við umrætt atvik. Það að M sé öryrki hafi þá ekkert með umrætt slys að gera.

Álit.

V byggir samkvæmt framansögðu afstöðu sína á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli hins bótaskylda atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður í fyrsta lagi ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða þá ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af því sýni önnur gögn fram á að líkamstjón geti hafa hlotist af atvikinu.

Fyrir liggur að daginn eftir áreksturinn, þ.e. hinn 10. febrúar 2022, leitaði M á bráðamóttöku þar sem hann lýsti verk í hálsi og dofa í fótum. Hann leitaði þá aftur á bráðamóttöku degi síðar og lýsti þá verkjum í hálsi, herðum, hægri öxl og handlegg og mattleysi í vinstri fótlegg, en fram kemur í færslu í sjúkraskrá um þá komu að máttminnkun í vinstri fæti sé þekkt og að einnig sé M með slæmt brjóslos og króníska verki. Fékk M greiningu um tognun og ofreynslu á aðra og ótilgreinda hluta axlargrindar og tognun og ofreynslu á háls hrygg. Hinn 15. febrúar 2022 leitaði M þá á heilsugæslu og lýsti miklum höfuðverk, verkjum og hreyfiskerðingu í hægri öxl og eymslum í axlarvöðvum. Fékk hann þá jafnframt beiðni um meðferð sjúkraþjálfara og liggur skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 1. júní 2023, um meðferðina fyrir nefndinni. Þar kemur fram að M hafi vissulega verið með einkenni fyrir umrætt slys, og m.a. hafi M verið viðkvæmur í hálsi eftir hálsaðgerð nokkrum misserum áður, en að einkennum hans hafi ýfst upp. Má þá ráða af sjúkragögnum og skýrslu sjúkraþjálfara að M hafi átt við þó nokkur heilsufarsvandkvæði að etja, bæði fyrir og eftir umrætt atvik, og virðist hann enn þjást af umfangsmiklum einkennum frá stoðkerfi. Fyrra heilsufar M girðir ekki fyrir það að líkamstjón geti hafa hlotist af umræddum árekstri enda má þá jafnframt ætla að hann hafi verið viðkvæmari og veikari fyrir en ella. Má þá ráða af fyrirliggjandi gögnum að að einhverju leyti lýsi M nýjum einkennum í kjölfar árekstursins.

Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar að sýnt sé fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þó ekki liggja fyrir hvert umfang þess sé. Það er enda á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að meta frekar orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Telst M samkvæmt öllu framansögðu eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt verður fram á tjón með slíkri matsgerð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingin A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 246/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanns.

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í frítímaslysi 25. febrúar 2015 þegar hann rann í hálfu og fótbrotnað á hægra fæti. Hann hafi í kjölfarið fengið þrýstingsheilkenni. Í kjölfarið hafi hann leitað til lögmanns sem hafi vanrækt að óska eftir mati á læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára líkt og kveðið sá á um í skilmálum vátryggingarinnar. Ekki sé ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu vegna þess en ágreiningur sé um hvort miða eigi við læknisfræðilega örorku vegna grunnáverka (5%) eða heildarmat (25%). M telur að hann hafi orðið fyrir læknisfræðilegri örorku af völdum frítímaslyssins. Hvergi sé í skilmálum vátryggingarinnar F+2 getið að slysið þurfi að vera bein og eina orsök læknisfræðilegrar örorku. Þar sem frítímaslysið sé megiorsök líkamstjóns M eigi hann rétt á því að fá allt tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingunni í samræmi við 25% mat á læknisfræðilegri örorku samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð.

Í bréfi V kemur fram félagið hafni greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins þar sem mistök lögmannsins hafi ekki leitt til tjóns málskotsaðila. Sú afstaða byggist á því að metin örorka sem rekja mætti til slyssins skv. fyrirliggjandi gögnum næði ekki 15% lágmarki læknisfræðilegrar örorku skv. skilmála F+2 tryggingarinnar sem M var með í gildi á slysdegi. Í bréfinu er rakið að bótasvið F+2 nái bóta vegna slyss ef það leiði til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og telur V að bætur vegna slysa greiðist aðeins í þeim tilvikum þar sem slysið sem um ræðir sé orsök læknisfræðilegrar örorku og að það sé í samræmi við almennar meginreglur skaðabóta- og vátryggingaréttar um að tjón skuli aðeins bætt að því marki sem sýnt er fram á orsakatengsl milli atburðar og þess tjóns sem um ræðir. V telur að í þessu máli sé til staðar tveir tjónsatburðir, í fyrsta lagi slysið sjálf og í öðru lagi sjúklingatryggingaattvikið þar sem mistök voru gerð. Það liggja fyrir mat um að sjúklingatryggingaattvikið hafi valdið M 20 stigum varanlegs miska (20% læknisfræðilegrar örorku) en frítímaslysið hafi valdið honum 5 stigum varanlegs miska (5% læknisfræðilegrar örorku). Þá bendir V á að M hafi fengið greiddar bætur vegna sjúklingatryggingaratviksins frá Sjúkratryggingum Íslands. Enn fremur kemur fram að bótasvið F+2 sé ekki ætlað að bæta tjón sem verði vegna mistaka við læknismeðferð

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort bætur úr F+2 tryggingu M nái bæði til áverkans sem varð strax við slysið og er metin 5% læknisfræðilegrar örorku sem og þeirrar örorku sem er sjúklingatryggingaattburður og afleiðing grunnáverkans og metin er til 20% læknisfræðilegrar örorku. Í kafla IV. í skilmálum F+2 kemur fram að í gr. 4 og 4.1.2 að V greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum ef það leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Að öðru leyti eru ekki gerðar takmarkanir á bótaskyldu vegna frítímaslyss. Í gr. 6 er síðan fjallað um ákvörðun bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Í gr. 6.2.2 kemur fram að ekki séu greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%. Í þessu tilviki er varanleg læknisfræðileg örorka M 25%. Með vísan til þess að engar takmarkanir eru gerðar á bótaskyldu vegna frítímaslyssins í vátryggingunni fellur öll læknisfræðileg örorka M undir vátrygginguna. V ber því að greiða bætur vegna varanlegrar örorku M úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 247/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V):

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. júlí 2023.
2. Bréf V dags. dags. 2. ágúst 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf M dags. 7. ágúst 2023.

Málsatvik.

M og maki hennar áttu bókaða ferð til Póllands frá 7. til 12. júní 2023. Veiktust þau bæði á meðan dvöl þeirra stóð og þurftu þau að leggjast inn á sjúkrahús vegna veikinda. Einnig þurftu þau að lengja ferðina þar sem þau komust ekki heim á fyrirhuguðum tíma vegna veikindanna. Fóru þau heim þann 14. júní 2023. M hafa fengið sjúkrakostnað og kostnað vegna viðbótar gistingar og nýs flugs til Íslands greiddan úr ferðatryggingu sem innifalin er í greiðslukortatryggingu hjá sem M eru með í gildi hjá V. V hefur hins vegar hafnað kröfum M um endurgreiðslu ferðar.

Um endurgreiðslu ferðar fer skv. 7. gafla váttryggingarskilmála greiðslukortatryggingarinnar. Í 17. gr. skilmálans kemur m.a. fram að tryggingin bætir hlutfallslega allt að kr. 360.000,- af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs fyrir þann hluta ferðarinnar sem hann getur ekki notað vegna þess að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda. Í 18. gr. skilmálans er undanþáguákvæði þar sem segir: „Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.“.

M telur sig eiga rétt á bótum skv. 17. gr. skilmálans um endurgreiðslu ferðar. Byggir M á því að skilyrði 17. gr. séu uppfyllt þar sem hún hafi þurft að leggjast inn á spítala vegna alvarlegra veikinda. Þá byggir M á því að undantekningarákvæði 18. gr. skilmálans eigi ekki við þar sem ferðin hafi sannarlega varað lengur en í 5 daga. Telur M engu máli skipta að ferðin hafi samkvæmt upphaflegri ferðatilhögun einungis átt að vara í 5 daga. Ferðin hafi á endanum varað í 7 vegna veikinda og undantekningarákvæði 18. gr. geti þar af leiðandi ekki átt við. Telur M að ef miða ætti við upphaflega ferðatilhögun hefði V þurft að tiltaka það sérstaklega í váttryggingarskilmálanum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu vegna endurgreiðslu ferðarinnar. Byggir V á því að skv. 18. gr. skilmálans taki tryggingin ekki til endurgreiðslu ferðar sem átti að vara í 5 daga eða skemur skv. upphaflegri ferðatilhögun, þ.e. þeirri ferðatilhögun sem áætluð var fyrir brottför. Telur V ósanngjarn og órókrétt að beita annarri túlkun og vísar til þess að ef ekki er miðað við upphaflega ferðatilhögun geti váttryggður, eftir að hann er kominn út og orðinn veikur, framlengt ferð sína í þeim tilgangi einum að fá ferðina eða a.m.k. hluta ferðarinnar endurgreidda.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr einungis að túlkun á undantekningarákvæði 18. gr. váttryggingarskilmálans þar sem fram kemur að ferðir sem vara skemur en 5 daga fáist ekki endurgreiddar. Hvergi í skilmálum greiðslukortatryggingarinnar kemur fram að undantekningarákvæðið skuli túlka með hliðsjón af upphaflegri ferðatilhögun. Þó líklegt verði að teljast að forfallatryggingunni hafi einungis verið ætlað að taka til ferða sem áttu að vara lengur en 5 daga skv. upphaflegri ferðaáætlun kemur það ekki skýrt fram í váttryggingarskilmála tryggingarinnar. Var V í lófa lagið að afmarka áhættu sína með skýrari hætti í skilmálanum. Þar af leiðandi og með hliðsjón af andskýringarreglu váttryggingarréttar verður ekki fallist á það með V að undantekningarákvæði 18. gr. eigi við. M á þar af leiðandi rétt á bótum vegna endurgreiðslu ferðar skv. 17. gr. skilmálans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna endurgreiðslu ferðar úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 248/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækis (A).

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 7. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að keyra upp Holtavörðuheidi 6. mars 2023 þegar hann mætir ökutæki A sem var að skafa veginn og dreifa mjöl með dreifara að aftan. Það hafi kastast mól upp á bíl M af talsverðu afli svo það komu skellur í lakkið víðsvegar á bílinn. M telur að ekki ætti að dreifa mól á þennan hátt um umferð annarra bíla og að tjónið eigi að vera bætt því það sé enginn leið að átta sig á hvað hafi komið aftur úr vegavinnubílnum fyrir mölinni rigndi yfir bílinn.

Í bréfi V kemur fram að það hafi hafnað kröfu M með vísan til þess að ósannað væri að tjónið á bifreið M væri að rekja til A. Fram kemur að A hafi verið að urða snjó og dreifa hálkuvarnarefni á veginn sem sé skilgreint sem sandur. Ökumaður A kannast ekki við þetta mál og forsvarsmaður fyrirtækisins sem á A telur engar líkur á því að tjón á bifreið M sé að rekja til dreifingar hjá A. Ökumaður A dragi úr styrk eða slökkvi á dreifingunni þegar hann mæti annarri bifreið og sé auk þess með viðvörðunarljós. Hins vegar komi það fram í skýrslu Aðstoðar & Öryggis að M hafi ekki verið viss á hvaða hraða hann var þegar hann ók fram hjá M en að hann hafi dregið úr hraða áður. Þá kemur fram í bréfinu að M hafi ekki tilkynnt málið til Aðstoðar & Öryggis fyrr en 21. apríl 2023 eða um einum og hálfum mánuði eftir að meint tjónsatvik átti sér stað. Þá hafi engin vitni verið að atvikinu. V telur því ljóst að gegn neitun ökumanns A verði M að bera hallann af sönnunarskorti í málinu. Þá liggja engin tjónaskoðun fyrir í málinu um það hvort eða hversu mikið bifreið M var útleikin eftir grjótkast fyrir atvikið né heldur hvort eða að hve miklu leyti bifreiðin á að hafa skemmst við tjónsatvikið. V tekur fram að myndir sem fylgi málskoti komi ekki að gagni í málinu því ósannað sé að tjón á bifreið M sé að rekja til notkunar A.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort bifreið M hafi orðið fyrir tjóni þegar hann ók fram hjá ökutækinu A sem var að dreifa hálkuvarnarefni og eigi þar með bótarétt úr ábyrgðartryggingu A. M telur atvikið hafa átt sér stað 6. mars 2023 en engin vitni eru að þeim atburði. A tilkynnir atvikið til Aðstoðar & Öryggis einum og hálfum mánuði eftir að það tjón átti að hafa átt sér stað. Ekki liggja önnur gögn fyrir um tjónið á bifreið M en myndir af bifreiðinni. M ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón hafi orðið á bifreið sinni vegna atburðarins. Þar sem ökumaður A hefur neitað aðkomu að málinu og önnur gögn staðfesta hvorki tjónsatburðinn né það tjón sem á að hafa orðið á bifreið M við atvikið verður að telja ósannað að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til notkunar á ökutæki A. Með vísan til þess er bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutæki A hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 249/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M dags. 1. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V dags. 11. september 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á húseign M í óveðri 25. september 2022. Ágreiningur er um fjárhæð bóta úr fasteignatryggingu (húseigandatryggingu vegna atvinnuhúsnæðis), en ekki er ágreiningur um að bótaskylda sé fyrir hendi úr váttryggingunni. Nánar tiltekið telur M að V eigi að greiða samtals 8.710.800 krónur til viðbótar þeirri bótafjárhæð sem V hefur þegar greitt vegna tjónsins. Í málinu liggur fyrir samþykki V (í tölvupósti dags. 11. september 2023) fyrir því að fjallað sé um bótafjárhæð þó hún fari yfir 5.000.000 kr. og verður því ekki fjallað frekar um frávísunarkröfu V í bréfi þess frá 14. ágúst 2023, enda litið svo á að V hafi horfið frá slíkri kröfu.

Í gögnum málsins liggur fyrir að áður en tjón varð á húseigninni 25. september 2022 hafði orðið tjón á henni vegna aurskriðu í lok desember 2020. Í málinu liggur fyrir matsgerð og minnisblað sem unnið var fyrir Náttúruhamfaratryggingu Íslands í febrúar 2021 vegna skemmda á húseigninni í kjölfar þeirrar aurskriðu. Einnig liggur fyrir greinargerð vegna mannvistarlaga og hleðslu í húseign M frá 19. apríl 2020. Þessu til viðbótar liggur fyrir mat V á því að virði undirstaða í húsinu hafi verið 8.710.800 kr. sem er sú fjárhæð sem ágreiningur er um í máli þessu.

M telur bæta eigi tjón sitt að fullu og sýnt sé að altjón hafi orðið á húseigninni og enginn hluti hennar nothæfur til uppbyggingar. Um það vísar M til yfirlýsingar frá húsasmið sem tók þátt í að fjarlægja húsið af undirstöðum og þar komi fram að húsið hafi verið byggt á staurum og hvort sem húsið væri byggt upp á sama stað aftur eða á öðrum stað væri ekki með nokkru móti hægt að nota gömlu undirstöðurnar og að þær væri ónothæfar að öllu leyti. Umrædd yfirlýsing fylgir með gögnum málsins en er ódagsett og óundirrituð. Af málalíbúnaði M verður ekki annað ráðið en að ekki sé ágreiningur um aðra þætti tjónsuppgjors sem þess sem snýr að mati á verðmæti undirstaða í húseign M, þ.e. að þeirri fjárhæð sem haldið hefur verið eftir af heildarverðmæti húseignarinnar að frádregnum bótum frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands vegna aurskriðutjóns í desember 2020 sem og eigin áhættu skv. váttryggingarsamningi. M vísar til þess í málskoti að stauravirki undir húsi sem og undirstöður þess séu engum nýtar. Ekki sé hægt að draga staurana upp án þess að eyðileggja þá og þar sem steipt plata hafi verið yfir hluta burðarvirkis sé það ekki aðgengilegt. Einnig hafi þurft að fylla í holu og setja efni yfir plötu til að rífa húsið og þar með sé búið að „...fylla yfir allt sem eftir var á svæðinu.“

V telur að ekki sé sýnt með yfirlýsingu húsasmiðs eins að undirstöður hafi verið ónothæfar og vísar um ástand húseignarinnar til fyrirliggjandi greinargerðar vegna mannvistarlaga og hleðslu frá árinu 2020, auk matsgerðar og minnisblaðs vegna afleiðinga aurskriðu frá því í ársbyrjun 2021. Það er mat V að undirstöður og gólf húseignar M, sem og stauravirki sem stóð út í sjó hafi ekki skemmst við tjónsatvik 25. september 2022 og telur V að einungis verði bætt beint tjón sem verður á hinu váttryggða vegna tilgreinds tjónsatviks, en ekki óbeint tjón sem kann að verða vegna þess að ekki sé hægt að nýta tiltekna hluta mannvirkis sem ekki skemmdust. Einnig vísar V til kafla 12 í váttryggingarskilmálum um greiðslu bóta sem nemur fjárhæð brunabótamats að frádregnu verðmæti sem stendur eftir í húseigninni. V telur að það verðmæti sem eftir standi sé 8.710.800 kr. og þannig eigi M ekki rétt til greiðslu þeirrar fjárhæðar. Vísar V um það til minnisblaðs matsmanna sem gert var í ársbyrjun 2021 fyrir Náttúruhamfaratryggingu Íslands þar sem komi fram að undirstöður húseignar M hafi verið skoðaðar sérstaklega eftir tjón vegna aurskiða í lok desember 2020 og ekki hafi fundist ummerki um skemmdir á undirstöðunum þá. V vísar til þess að það mat hafi verið framkvæmt af hæfum og óvillhóllum matsmönnum samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum og hafi ekki verið hnekkt. Auk þess bendir V á að ekki sé sýnt að umræddar undirstöður hafi skemmst í tjónsatburðinum í september 2022. Einnig vísar

V til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-178/2013 þar sem váttryggingafélag var sýknað af kröfu um bætur vegna tjóns á húseign þar sem grunnur húseignarinnar hafði ekki brunnið, þó það hafi legið fyrir að ekki mætti byggja

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort hafi orðið tjón á undirstöðum húseignar M í óveðri 25. september 2022, í þeim skilningi að greiða eigi bætur vegna þeirra úr fasteignatryggingu M hjá V. Sönnunarbyrði um slíkt tjón hvílir á þeim sem gerir kröfur um bætur, þ.e. M. Í gögnum málsins má sjá úttekt á ástandi húseignar M eftir að aurskriður féllu á það í lok desember 2020. Sú úttekt byggir á minnisblaði og matsgerðum tveggja matsmanna dags. 10. febrúar 2021 og þriggja matsmanna dags. 15. apríl 2021 þar sem sérstaklega er fjallað um burðarvirki húseignar M. Þar kemur fram að ekki hafi fundist ummerki um skemmdir á undirstöðum sem mögulegt væri að rekja til tjóns vegna aurskriðna. Ekki liggur fyrir að skemmdir hafi sérstaklega orðið á umræddum undirstöðum vegna óveðurstjóns þess sem fellur undir fasteignatryggingu M hjá V og verður því að leggja umræddar matsgerðir til grundvallar við sönnunarmat. Við mat á því hvort sú yfirlýsing húsmiðs sem M leggur fram með málskoti sínu hnekkir fyrirliggjandi matsgerðum verður að líta til þess að umrædd yfirlýsing er frá einum einstaklingi og ber ekki með sér hvaða aðferðum var beitt við mat á aðstæðum. Fyrri matsgerðir eru gerðar af fleiri einstaklingum en fyrst og fremst er í þeim gerð grein fyrir matsaðferðum. Verða umrædd gögn því ekki lögð að jöfnu við sönnun tjóns sem verulegur vafi er á að hafi orðið á undirstöðum húseignar M, gólfi og burðarvirki. Verður því ekki talið sýnt að sú fjárhæð sem lögð var til grundvallar verðmæti þess hluta húseignar M, eða kr. 8.710.800 kr. sé tjón sem bætast eigi úr fasteignatryggingu M hjá V. Verður M, með hliðsjón af ofangreindri sönnunarstöðu að bera hallann af skorti á sönnun um það tjón. Telst M því ekki eiga rétt til frekari bótagreiðslna af hálfu V en þegar hafa verið greiddar vegna tjóns á húseign í óveðri hinn 25. september 2022.

Niðurstaða.

M eiga ekki frekari rétt til bóta úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. september 2023.
Póra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 251/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 28. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 2. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 15. júní 2023 varð árekstur milli A, sem M ók, og B á bifreiðastæði. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en fóru saman í útibú V2, váttryggjanda B, þar sem B fyllti út rafræna tjónstilkynningu. en samkvæmt tjónstilkynningu ökumanns B var hann að bakka og bakkaði á A sem einnig var að bakka. V1, váttryggjandi A, óskaði í kjölfarið eftir afstöðu M til atviksins. Samkvæmt lýsingu M ætlaði hún að aka aftur á bak úr stöðureit þegar hún sá hvar B var ekið í stöðureit hægra megin A. Hafi M því beðið þar til B var kyrrstæð og þá ekið af stað aftur á bak og beygt til hægri. Hafi M svo stöðvað A og undirbúið akstur áfram. Hafi B þá ætlað að laga bifreiðina til í stöðureitnum og ekið aftur á bak á A. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem taldi rétt að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M er ósammála því og telur B bera alla sök á umræddum árekstri. Ökumaður B hafi jafnframt viðurkennt það á vettvangi að hafa ekki séð hana og í útibúi V2 hafi hann sagst bera fulla ábyrgð á árekstrinum.

Í bréfi V1 til nefndarinnar er tekið undir þá afstöðu að B beri alla sök á árekstri aðila, enda hafi aðgæsluskylda hans verið ríkari en M þar sem bifreið A var staðsett fyrir aftan bifreið B og hafi ökumanni B borið sérstök skylda til að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hann ók aftur á bak. Tjón á A styðji þá við þá frásögn M að hún hafi hafið akstur aftur á bak og verið þvert aftan við stöðureit B áður en B var ekið af stað.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að sök skuli skipt til helminga enda liggi fyrir að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum í aðdraganda áreksturs. Staðhæfing M um að hún hafi verið búin að stöðva bifreið sína sé þá ekki studd neinum gögnum og því ósönnuð. Í upphaflegum samskiptum M við V1 hafi þá ekki komið fram að A hafi staðnæmst áður en til áreksturs kom. Verði því að miða við að hvorugur aðila hafi gætt nægilega vel að sér við akstur aftur á bak.

Álit.

Eins og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Lýsingar þeirra á atvikum eru þá ekki fyllilega samhljóða, en í tjónstilkynningu B kemur fram að báðar bifreiðar hafi bakkað í aðdraganda tjónsatviksins og segir þar ekkert um að A hafi staðnæmst áður en til áreksturs kom. Í samskiptum M við V1 lýsir hún atvikum svo að hún hafi verið búin að bakka og beygja og hafi staðnæmst og verið að undirbúa akstur áfram þegar B var bakkað á A.

Óumdeilt er þó að báðum ökutækjum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Það er þá álit nefndarinnar að það hafi ekki úrslitaáhrif þó M hafi mögulega stöðvað A áður en til árekstrar kom, enda verður ekki ráðið annað en að einungis hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 12. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 252/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. ágúst 2019 hafi M verið á leið til vinnuáðstöðu sinnar á vinnustað sínum hjá X og hafi þurft að ganga framhjá vinnuáðstöðu samstarfsmanns síns, en þeir séu báðir með vinnuáðstöðu í kjallara húsnæðisins. M kveðst hafa fengið mikinn sviða í öndunarfarin og fundið fyrir mikilli vanlíðan þegar hann gekk fram hjá vinnuáðstöðu samstarfsmannsins og leitaði samdægurs til lækni vegna þessa og hefur leitað reglulega til lækna vegna einkenna sem hann rekur til umrædds atviks. X tilkynnti um atvikið til Vinnueftirlitsins hinn 28. ágúst 2019 og lýsir atvikum þannig að M hafi orðið fyrir eituráhrifum vegna notkunar lífrænna leysiefna í úðaformi. Í tilkynningunni kemur fram að M hafi leitað til lækni sem ráðlagt hafi 10 daga veikindaleyfi. Einnig kemur fram í sömu tilkynningu að X hafi stöðvað með öllu notkun umrædds efni og ætli að fara í gagngera endurskoðun á efnanotkun á öllum svæðum vinnustaðarins sem og að setja frekari reglur um notkun efna.

M telur að X beri ábyrgð á líkamstjóni sem hann varð fyrir við þessar aðstæður. M vísar til þess að samstarfsmaður hans hafi verið að nota svokallaðan „spray paint“ grunn við vinnu sína og M hafi gengið í gegnum þykkt ský af því efni í greint sinn. M vísar til þess að í innhaldslýsingu efnisins komi fram að virk efni séu m.a. svokallað Xýlen og sé það sérstaklega hættulegt við innöndun, enda komi fram á umbúðum efnisins að það sé hættulegt og geti valdi varanlegu heilsutjóni við innöndun auk þess sem það megi einungis nota á vel loftræstum stað. Í öryggisleiðbeiningum með efninu komi einnig fram að tryggja skuli virka loftræstingu þar sem unnið er með efnið, sérstakt útsog þar sem loftskipti séu ekki nægilega tíð og öndunargrímu ef útsogi verði ekki komið við. M telur að tjón hans verði rakið til gáleysislegrar háttsemi samstarfsmanns hans sem notaði hættulegt efni við algjörlega ófullnægjandi aðstæður. Einnig vísar M til þess að aðbúnaður, öryggi og hollustuhættir á vinnustaðnum hafi á tjónsdegi verið í algjörum ólestri varðandi notkun og meðhöndlun hættulegra efna eins og komi fram í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins. Einnig vísar M til tölvupóstsamskipta sinna við deildarstjóra hjá X þar sem hann hafi sagst hafa verið meðvitaður um stöðu efnamála á vinnustaðnum og hafi haldið að samstarfsmaður þeirra væri „...lengra kominn í þessum málum, en áttaði mig betur eftir okkar síðasta samtal að svo er ekki.“ M telur að í þessum orðum felist viðurkenning á gáleysi samstarfsmannsins. Einnig vísar M til þess að yfirmaður M hafi viðurkennt í tölvupósti til starfsmanna að átak í efnamálu hefði ekki skilað tilætluðum árangri. Í sama pósti fjalli hún um alvarlegt slys sem hafi orðið í húsnæði X og að það sé ekki til staðar áhættumat við vissar aðstæður og að hún hafi ekki tekið nægilega hart á málum tengdum efnanotkun. M vísar til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum máli sínu til stuðnings auk reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum með síðari breytingum. M telur að X hafi farið gegn háttætnisreglum sem fram komi í þeim lögum og reglugerðinni m.a. hvað varðar fræðslu og þjálfun starfsmanna vegna meðhöndlunar hættulegra efna, gerð áhættumats og fleira, auk þess sem slíkt hefði hvorki kostað mikið né krafist umfangsmikilla aðgerða eða athafna af hálfu X. Einnig vísar M til þess að enginn rannsókn fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins þar sem atvikið hafi ekki verið tilkynnt fyrr en viku eftir að það átti sér stað. V slíkar aðstæður verði X að bera hallann um öll þau atriði sem slík rannsókn kynni að hafa leitt í ljós, sbr. m.a. ummæli í dóm i Landsréttar í máli nr. 217/2019, auk þess sem M vísar til annarra dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að ekki sé sýnt að skilyrði skaðabótaréttar séu fyrir hendi vegna þess atviks sem M hafi lýst hinn 21. ágúst 2019. V vísar til umsagnar lækni sem sérhæfður sé í

atvinnu- og umhverfissjúkdómum þar sem komi fram að efni þau sem verið var að vinna með þennan dag séu ekki „bráðtoxísk“, þ.e. að þau valdi ekki bráðum eituráhrifum við innöndun í skamma stund. Ekki sé sýnt að farið hafi verið yfir mengunarmörg á vinnustaðnum, sem miðast við heilan vinnudaga og bendir V á að hvorki sá samstarfsmaður M sem var að vinna með efnið né þeir aðrir hafi fundið fyrir áhrifum. Í skýrslunni sé einnig bent á að efnin geti valdið tímabundnum áhrifum en slík vanlíðan eigi skv. sérfræðingum að líða fljótt frá og stutt mengunarálag einhverra efna eigi ekki að valda varanlegum líkamstjóni. V hafnar því að samstarfsmaður M hjá X hafi meðhöndlað efni óvarlega og áréttar að meðhöndlun efnanna sé ekki saknæm eða ólögmat. Ekki liggi heldur fyrir sönnun á því að vinnuáðstæður í kjallara vinnustaðar X hafi verið ófullnægjandi auk þess sem M hafi unnið á vinnustaðnum í tvö ár og hafi því vitað að unnið væri með efni þar. Einnig telur V það vera á verksviði M að stöðva eða láta vita ef starfsemi í húsnæðinu færi gegn reglum eða væri að einhverju leyti ófullnægjandi. Ennfremur hafnar V því að viðurkennt hafi verið að vinnuáðstæður, fræðsla og þekking hafi verið í ólestri hjá X. Einnig bendir V á að ekki liggi fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar M og því ekki hægt að útiloka að það hafi áhrif á líðan M. Einnig vísar V til gagna málsins um að M hafi verið útskrifaður heim af bráðamóttöku eftir skoðun og rannsóknir hinn 21. ágúst 2019 og ekki talinn hafa alvarleg einkenni. Einnig telur V að það sé ekki sýnt að mengun hafi ollið langvarandi veikindum M heldur hafi það verið viðbrögð M við atvikinu og samskipti í kjölfar þess. Einnig telur V að ekki sé ágreiningur í málinu um aðdraganda slyss og þannig séu málsatvik sem slík upplýst og dómar sem M vísi til eigi ekki við.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að málatilbúnaður V byggi nær eingöngu á einhliða aflaðri skýrslu sem hafi þess vegna lítið ef nokkuð sönnunargildi. Einnig bendir M á atriði í efni skýrslunnar sem rýri sönnunargildi hennar, m.a. að vinnuáðstæður hafi ekki verið eins þegar skýrsluhöfundur heimsótti vinnustað M og þegar tjón varð, auk þess sem ekki komi skýrt fram í skýrslunni að aðstæður hafi verið fullnægjandi. Einnig vísar M til þess að upplýsingar um fyrra heilsufar M skipti ekki máli varðandi afstöðu til bótaskyldu heldur hafi þær í fyrsta lagi þýðingu við mat á umfangi tjóns. Einnig telur M að málatilbúnaður V varðandi starfslýsingu M sé ekki svaraverður. Auk þess bendir M á að málatilbúnaður V um að vanræksla á tilkynningu X til Vinnueftirlitsins skipti ekki máli fari gegn því sem komi fram í öðrum gögnum frá félaginu

Álit.

Í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V er tekið fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan m.a. vegna líkamstjóns. Til þess að slík skaðabótaábyrgð sé staðreynd í máli M þarf að liggja fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að tjón M sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um það.

Í þessu máli má af gögnum málsins ráða að ekki er ágreiningur um að M andaði að sér efni sem verið var að nota í kjallara húseignar X, á leið til vinnuáðstöðu sinnar sem einnig er í kjallara húseignarinnar. Af afstöðu V verður ekki ályktað að ágreiningur sé um að umrætt efni hafi verið merkt þannig á umbúðum efnisins að það sé hættulegt og geti valdi varanlegu heilsutjóni við innöndun auk þess sem það megi einungis nota á vel loftræstum stað. Ekkert liggur fyrir um að slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu X og verður ekki litið framhjá því að tölvupóstur frá yfirmönnum X bendir eindregið til þess að ekki hafi verið fyrir hendi skýrar reglur af hálfu X um notkun efna eða sérstakt áhættumat þess vegna. Ekki var tilkynnt um tjónsatvik strax af hálfu X til Vinnueftirlitsins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og þó ekki sé ágreiningur um atvik að öllu leyti þá verður að líta svo á að ef Vinnueftirlitið hefði rannsakað aðstæður þá hefði verið hægt að meta með skýrari hætti hvort aðstæður hafi verið fullnægjandi við notkun efnisins, m.v. leiðbeiningar á umbúðum þess. Sú skýrsla sem aflað var einhliða af X verður ekki lögð að jöfnu við skýrslu Vinnueftirlitsins. Engar upplýsingar liggja fyrir frá X um skýrar verklagsreglur við notkun efna eins og það sem samstarfsmaður M var að nota eða sérstakar ráðstafanir sem átti að gera við þær aðstæður. Verður X að bera hallann af því í ljósi í þeirra almennu skyldna sem á X hvíla skv. lögum nr. 46/1980 og ákvæða víðeigandi reglugerða. Verður því metið starfsmönnum X til gáleysis að hafa ekki gerð sérstakar ráðstafanir í greint sinn til að tryggja öryggi við notkun efna. Verður líka talið sannað að orsakatengsl séu milli þeirra aðstæðna og þess að M hafi fengið óþægindi við innöndun efna og verður bótaskylda því viðurkennd úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Hvað varðar fyrra heilsufar M eða mögulegan ágreining um umfang líkamstjóns hans er ekki unnt af gögnum málsins að fullrða um slíkt umfang, en það breytir ekki því að bótaskylda er fyrir hendi vegna

Þess líkamstjóns sem telst verða rakið til tjónsatviksins 21. ágúst 2019. Það að aðrir starfsmenn X hafi ekki fundið fyrir viðlíka einkennum og M þennan dag breytir ekki afstöðu nefndarinnar til bótaskyldu.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 254/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. ágúst 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðaróhapps hinn 15. febrúar 2022. Hafi atvik verið þau að A, sem M ók, lenti í holu í veginum, á Reykjanesbraut á suðurleið frá Breiðholti að Smáralind, með þeim afleiðingum að A fór út af veginum og lenti á snjóskafli. V hafi, með bréfi dags. 16. ágúst 2022, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að slys M hefði átt sér stað og að orsaktengsl væru milli þess og einkenna hennar. M mótmælir þeirri afstöðu. M hafi leitað til læknis vegna einkenna sem hún reki til atviksins hinn 6. apríl 2022 og hafi hún áfram leitað læknaðstoðar vegna sömu einkenna auk þess sem hún hafi leitað meðferðar hjá sjúkráþjálfara. Þá vísar M til tjonaskýrslu, dags. 17. maí 2021, þar sem fram komi að tjónið á bifreiðinni hafi að mestu verið bundið við undirvagn A, sem renni stöðum undir það að hún hafi lent á snjóskafli. Komi jafnframt fram í skýrslunni að tjón á A hafi verið metið 16. febrúar 2022, eða daginn eftir að slys M átti sér stað. Sé því fullsannað að slysið hafi orsakast með þeim hætti sem M lýsi og að orsaktengsl séu milli þess og einkenna hennar.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að engin tilkynning hafi borist veghaldara um holu á umræddum vegi á slysdegi eða dagana á eftir, og með því að tilkynna ekki um holuna hafi M komið í veg fyrir að upplýsa mætti nánar um atvik málsins. Þar sem um fjölfarinn veg sé að ræða hefði verið fullt tilefni til að tilkynna holu sem orsakaði tjón af þessu tagi. V hafi þá óskað eftir ljósmyndum af A en verið tjáð að engar myndir hefðu verið teknar. Einhvers konar tjónamat hafi þó borist V þar sem greint sé frá viðgerð á A og kostnaði. Skjalið sé óundirritað en fram komi að eigandi bifreiðarinnar sé vinur skoðunaraðila og viðgerð hafi farið fram án kostnaðar enda hafi eigandi sjálfur framkvæmt hana utan almenns opnunartíma. M hafi þá ekki leitað læknis fyrr en sjö vikum eftir meint slys. Að mati V sé umrætt atvik sem slíkt ósannað og jafnvel þó sönnun þess lægi fyrir séu orsaktengsl milli þess og einkenna M ósönnuð.

Álit.

Engin vitni virðast hafa orðið að meintu tjónsatviki og í öllu falli liggja engir vitnisburðir fyrir nefndinni. Þá má ráða af samskiptum V við Vegagerðina, sem er veghaldari á umræddum stað að engin tilkynning um holu þar hafi borist á tímabilinu 15.- 29. febrúar 2022. Tjónamat það sem vísað er til er þá óundirritað og felur ekki í sér nána lýsingu á, eða ljósmyndir af, tjóni á A, né nokkurs konar mat á því hvort tjón hafi orðið á henni sem sé dæmigert fyrir, eða samræmist, lýsingu M á atvikum. Þá liggur fyrir að M leitaði fyrst læknis vegna einkenna sem hún rekur til þessa hinn 6. apríl 2022. Þá liggur fyrir að M fékk beiðni í sjúkráþjálfun hinn 6. apríl 2022, og vottorð um fulla óvinnufærni annars vegar frá 29. apríl til 14. maí 2022 og hins vegar frá 16. til 31. maí 2022. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að vinnufærni hennar hafi verið skert frá 15. febrúar til 29. apríl 2022. Í læknabréfi dags. 21. september 2022 kemur þá fram að M hafi ítrekað leitað til læknis og við komur virðist hún hafa lýst víðtækum einkennum m.a. frá baki, herðum og fótleggjum. Ekki liggur þó fyrir nein nánari greining eða mat á orsaktengslum þeirra einkenna við þá atvikalýsingu sem M heldur fram. Án frekari gagna er samkvæmt heildstæðu mati á grundvelli alls framanritaðs fallist á það með V að umrætt atvik sé ósannað og verður M að bera hallann af því. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar þegar af þeirri ástæðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.
rafræn undirritun

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 256/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 17. júlí 2023.
2. Bréf V1, dags. 26. júlí 2023.
3. Bréf V2, dags. 8. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi skýrslu frá Aðstoð & öryggi (A&Ö) kemur fram að tjón hafi orðið á bifreiðinni A, sem er í eigu M, þar sem henni var lagt í stöðureit í bílakjallara við heimili M, þann 8. febrúar 2023. Taldi M að bifreiðinni B hefði verið ekið utan í A. Kannast eigandi B ekki við að hafa ekið utan í A. Framkvæmdi starfsmaður A&Ö mælingar með mælistiku. Ákomur voru á hægri hlið A á bilinu 52-72 cm., og ákomur á B voru á hægri framhorni á bilinu 22-73 cm. Ákomusvæði B var þannig stærra en ákomusvæði A. Taldi starfsmaður A&Ö sig ekki geta fullyrt að ákomur bifreiðanna passi svo hafið sé yfir vafa. Í málskoti kemur fram að M hafi fyrst í desember 2022 tekið eftir að ökumaður B hafi farið utan í bifreið sína. Hafi M rætt við eigandi B sem viðurkenndi að hafa farið utan í bílinn og kvaðst ætla að láta laga tjónið. Ekkert hafi gerst í þeim málum og svo hafi M tekið eftir fleiri rispum á bifreið sinni þann 8. febrúar 2023 og haft þá samband við A&Ö. Telur M að gögn málsins sýni fram á að ökumaður B hafi farið utan í bifreiðina A.

V1 skilar ekki inn athugasemdum í málinu. V2 telur ósannað að tjón á bifreiðinni A hafi komið til vegna notkunar bifreiðarinnar B og hafnar kröfum M um bætur úr ábyrgðartryggingu B.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort sannað sé að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B þann 8. febrúar 2023 og hvort tjón hafi orðið á bifreið A sem rekja megi til hans. Ekki verður fjallað hér um atvik sem M fjallar um í málskoti og eiga að hafa átt sér stað í desember 2022, enda hefur M ekki gert kröfu í ábyrgðartryggingu B vegna þeirra tjóna. Varðandi tjónsatvikið þann 8. febrúar 2023 þá kannast ökumaður B ekki við að hafa ekið utan í bifreiðina A í bílakjallaranum. Rispur á hægri framhorni á bifreiðinni megi rekja til gamalla atvika. Engin vitni voru af hinum meinta árekstri og sky. mati sérstaks skoðunarmanns frá fyrirtækinu A&Ö telur hann ekki sannað svo hafið sé yfir allan vafa að tjón hafi orðið á bifreið A sem rekja megi til áreksturs við bifreið B.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Í þessu máli er verulegur vafi um hvort árekstur hafi orðið með bifreiðunum auk þess sem sönnunargögn benda til þess að ekki megi rekja mögulegt tjón á bifreið A til áreksturs við bifreið B. Hallann af slíkum sönnunarskoti verður sá að bera sem hefur sönnunarbyrðina, þ.e. M sem eigandi bifreiðar A og á hann því ekki rétt á bótum frá V2.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2.

Reykjavík, 19. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 257/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. júlí 2023.
3. Viðbótarathugasemdir lögmanns M, dags. 17. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu sína hinn 16. ágúst 2021 við grunnskóla X þegar hann féll við sundlaug við grunnskóla X. Nánar tiltekið lýsir M því þannig í tjonstilkynningu hans og X til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 16. ágúst og 19. október 2021, að hann hafi gengið hring í kringum sundlaugina og þegar hann hafi verið kominn vestanvert við hana hafi hann stigið á hellulögn og misstigið sig illa á hægri fæti, auk þess sem hann datt fram fyrir sig. M kveðst strax hafa fundið fyrir óþægindum í hné og báðum ökklum og í málskoti kemur fram að hann hafi tognað á lendhrygg, brjósthrygg og háls hrygg, liðhlaup, tognun og ofreynslu liða og banda í brjóstakassa auk tognunar á báðum ökklum, olnboga og vinstra hné. Með gögnum málsins fylgja ljósmyndir af vettvangi.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyss hans og telur að stétt við sundlaug X sé illa viðhaldið og hún sé mjög varasöm. M kveðst hafa verið nýráðinn til starfa sem kennari hjá X og hafi hann því ekki þekkt aðstæður á slysstað og ekki verið varaður við hættu sem hafi verið við sundlaugina. M telur að frá steinssteyptri gönguleið við bakka sundlaugar X hafi verið mishæð, svokallað „hrasprep“, niður steinlagða stétt, auk þess sem steina hafi vantað í steinalögnina þar sem M steig niður fæti. M vísar til þess að aðbúnaður sé ófullnægjandi þar sem þrenns konar efnisval sé á gönguleið í kringum sundlaug X, tréfallur og steinsteypt stétt auk steinalagðar stéttar og sé mishæðótt á milli. Einnig bendir M á aðstæður séu ekki í samræmi við leiðbeiningar frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um þrep í gördum varðandi breidd og innstig þrepa.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um að slys hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X og hafnar því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar. Hellulögn í kringum sundlaug X hafi ekki verið frábrugðin því sem almennt mætti gera ráð fyrir og staðhæfingum um svokallað „hrasprep“ vísað á bug þar sem um sé að ræða lítið þrep niður á stétt sem sé ekki frábrugðið því sem almennt gerist við svipaðar aðstæður. V vísar til þess að hellulögnin sé í raun hluti af grassvæði við sundlaug X og hafi ekki verið um að ræða almennt göngusvæði sem gera megi ráð fyrir að starfsfólk eða gestir sundlaugarinnar gangi um, auk þess sem hverjum megi vera ljóst hvernig aðstæður séu þegar gengið sé um svæðið.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M, dags. 17. ágúst 2023 kemur fram að ef hellulögnin sé ekki hluti af eðlilegri gönguleið meðfram sundlaug X og barn síns tíma hafi átt að merkja hana þannig eða að minnsta kosti að taka upp stéttina og tyrfa upp að sundlaugarbakkanum. Engar merkingar hafi verið á vettvangi um að umrætt svæði væri ekki gönguleið auk þess sem M hafi verið í fylgt starfsmanns X sem hafi gengið með hann um svæðið. Einnig bendir M á að hann hafi verið sundkennari við skóla X og hafi verið nauðsynlegt fyrir hann sem kennara að hafa gott og greitt aðgengi allt í kringum sundlaugina til að tryggja öryggi barna í sundlauginni og til að geta leiðbeint þeim.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir ljósmyndir af þeim aðstæðum sem voru í kringum sundlaug við grunnskóla X. Við skoðun á þeim ljósmyndum verður ekki sýnt að aðstæður hafi verið með öllu óforsvaranlegar þó gangflötur hafi ekki verið alveg sléttur eða úr sama efni, enda verður ekki séð að það hvíli slíkar skyldur á X að svæði kringum sundlaugina sé þannig útbúið. Auk þess verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að starfsmaður X sem fylgdi M um svæðið hefði átt að vara sérstaklega við aðstæðunum. Telst því ekki sýnt að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 258/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: A****Fyrning.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 31. júlí 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. ágúst 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 8. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti, viðbótarathugasemdum M og gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysi þann 23. desember 2013. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V. Kröfu M var hafnað af hálfu V með vísan til þess að krafan hefði fyrnst áramótin 2018/2019 sbr. 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. M er því ekki sammála og telur að bætur vegna líkamstjóns fyrnist á 10 árum sbr. 2. mgr. 23. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 sem tóku gildi 1. janúar 2020. Í málskoti eru málsatvik rakin með ítarlegum hætti sem og sjúkrasaga M. Vísar M til fræðiritra þar sem fram kemur að hafi fyrningarfrestur verið lengdur með lögum, verði þeim lögum ekki beitt um fyrningu sem hafin er, en ekki lokið, í tíð eldri laga. Þá telur M að fyrningu kröfu hennar hafi ekki verið lokið er lög nr. 30/2019 tóku gildi og ekki heldur fjögurra ára fresturinn varðandi raunverulega vitneskju og möguleika til að krefjast bóta, ef það skiptir máli. Með vísan til þess sem fram kemur í gögnum málsins telur M að hún hafi ekki fengið raunverulega vitneskju um kröfu sína fyrr en með sérfræðimatsgerð dags. 12. júní 2023. Þá bendir M á að V hafi ekki fyrr en 30. júní 2023 borið fyrir sig að krafan væri fyrnd. V hafi samþykkt að matsgerðin færi fram og einungis skilað athugasemdum til matsmanna varðandi það að orsakasamband milli umferðarslyssins og einkenna M væru ekki sönnuð. Einnig hafi V samþykkt að greiða matskostnað vegna matsgerðarinnar. Var það skilningur lögmanns M að V hefði með því viðurkennt kröfuna og þar með rofið fyrningarfrest. Vísar M til 31. gr. laga nr. 30/2004, sbr. 94. gr. laganna sem fjallar um ábyrgðartakmörkun og telur að hún hafi ekki verið sett fram án ástæðulauss dráttar. Þá vísar M einnig til þess að í lögum nr. 30/2019 sé ekki tekið fram að þau gildi ekki aftur í tímann, líkt og skýrlega sé tekið fram í 28. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Þá vísar M til ýmissa dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að V telji að krafan sé fallin niður fyrir fyrningu sbr. 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Dómvenja sé fyrir því að beita skuli hlutlægum mælikvarða á það hvenær tjónþoli megi gera sér grein fyrir kröfu sinni og geti leitað fullnustu hennar. Er það afstaða V að M hafi gert sér grein fyrir kröfu sinni og getað leitað fullnustu hennar eftir að stöðugleikapunktur hafi verið náð og þegar fyrst var tímabært að meta afleiðingar slyssins samkvæmt matsmönnum, þann 23. desember 2014. Ekki hafi verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að einhver ný eða aukin einkenni M hafi komið fram eftir þetta tímamark. Þannig hafi fjögurra ára fyrningarfrestur byrjað að líða í byrjun árs 2015 og krafan hafi því verið fyrnd áramótin 2018/2019. Máli sínu til stuðnings bendir V á tilvitnaða dóma Hæstaréttar. Hafnar V því alfarið að krafan eigi að fyrnast á 10 árum frá tjónsdegi skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 enda hafi krafan þegar verið fyrnd þegar löggin tóku gildi. Þar að auki komi það hvergi fram í gildistökuákvæði laganna sjálfra að þeim sé ætlað að gilda um kröfur sem stofnuðust fyrir gildistöku þeirra.

Álit.

Tjónsatburður sá sem hér er til umfjöllunar varð þann 23. desember 2013. Ágreiningur þessa máls snýst í fyrsta lagi um það hvort krafa M um bætur vegna líkamstjóns, sé fyrnd á grundvelli 99. gr. þágildandi umferðarlaga eða hvort um kröfuna gildi 2. mgr. 23. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Sá meginmunur er á fyrningarákvæðum þessara tveggja laga að samkvæmt fyrrnefndu lögnum fyrnist bótakrafa á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Samkvæmt síðarnefndu lögnum fynrast kröfur um bætur fyrir líkamstjón á tíu árum frá tjónsatburði. Þar sem tíu ár eru ekki liðin frá því tjónsatburður varð er ljóst að V getur ekki borið fyrir sig fyrningu, falli tjónsatburðurinn undir lög um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 sem tóku gildi 1. janúar 2020. Falli tjónsatburður hins vegar undir þágildandi umferðarlög nr. 50/1987 er uppi ágreiningur um það hvort krafan sé nú þegar fyrnd.

Hvað varðar spurninguna hvaða lög gilda um fyrningu kröfunnar þá hefur nefndin áður fjallað um sambærilegan ágreining og komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 325/2022 að taka hefði það skýrt fram í gildistökuákvæði laga nr. 30/2019, væri þeim ætlað að gilda um kröfur sem stofnuðust fyrir gildistöku þeirra. Þá segir í fyrrgreindum úrskurði að í lögnum sé ekki sérstaklega tekið fram að þau eigi að gilda með afturvirkum hætti um tjónsatburði sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna. Niðurstaða þess máls var því sú að þágildandi umferðarlög nr. 50/1987 ættu við um alla tjónsatburði sem gerðust fyrir 1. janúar 2020. Með vísan til þess er það afstaða nefndarinnar að hið sama gildi um tjónsatburð þann sem hér um ræðir.

Þá kemur til skoðunar hvort krafa M sé nú þegar fyrnd á grundvelli þess að meira en fjögur ár eru liðin frá lokum þess almanaksárs sem M fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Fyrir nefndinni liggja ítarleg lækisfræðileg gögn, greinargerðir frá VIRK og svo matsgerð dags. 12. júní 2023. Í matsgerðinni er lagt mat á varanlegar afleiðingar umferðarslyssins þann 23. desember 2013. Töldu matsmenn stöðugleikapunkt vera 23. mars 2014 og í tölvupósti dags. 27. júní 2023 svara matsmenn fyrirspurn V varðandi það hvenær fyrst hafi verið fyrst tímabært að meta afleiðingar slyssins. Töldu matsmenn fyrst tímabært að meta afleiðingar slyssins einu ári eftir að slysið varð, eða þann 23. desember 2014. Af öðrum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að á þeim tímamarki hafi M verið kunnugt um atvik sem krafa hennar er reist á og að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Þá hafði hún leitað ítrekað til læknis vegna afleiðinga sinna, farið í röntgenrannsókn, verið óvinnufær vegna bakverkja og leitað til lögmanns vegna tjónsins. Með vísan til þess, féll krafan niður vegna fyrningar áramótin 2018/2019.

Ekki verður litið svo á að V hafi borið að bera fyrir sig fyrningu fyrir en eftir að matsgerð lá fyrir þann 12. júní 2023. Ekki verður heldur talið að fyrning hafi verið rofin með því að V samþykkti að standa sameiginlega að mati. Í tölvupósti V til lögmanns M dags. 28. febrúar 2023 kemur fram að V sé reiðubúið að standa sameiginlega að mati án viðurkenningar á bótaskyldu að því gefnu að samkomulag náist um matsmenn. Í því felst ekki viðurkenning á kröfunni. Varðandi tilvísun M til 31. og 94. gr. laga um vátryggingarsamninga sem fjallar um ábyrgðartakmörkun þá eiga þau ákvæði ekki við um fyrningu bótakröfu.

Með vísan til alls ofangreinds telst krafa M á hendur V fyrnd.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 12. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 259/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Ekið aftan á.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 11. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 8. september 2023.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur í Hlíðarbergi við Hlíðartorg þann 10.06.2023 milli bifreiðanna A sem M ók, og B. Er lögreglu bar að garði hafði ökumaður B yfirgefið vettvang. Ákoma var framan á bifreið A. Í framburði M kemur fram að hún hafi ekið suður Reykjanesbraut, eftir hringtorgi við Lækjargötu í Hafnarfirði og út úr hringtuginu áleiðis austur Hlíðarberg þegar bifreiðinni B var ekið hægra megin fram úr bifreið hennar og stöðvað snögglega framan við bifreið hennar þar sem tvær akreinar sameinast í eina. Hún hafi ekki náð að stöðva og bifreið hennar lent aftan á bifreiðinni B. Sagði M að ökumaður B hefði flautað ítrekað á hana í aðdraganda áreksturs og að henni virtist sem ökumaður B hafi stöðvað í einhverjum annarlegum tilgangi. Líkt og fyrr segir var ökumaður B farinn af vettvangi er lögreglu bar að og reyndi lögregla ítrekað að hringja í hann án árangurs. Lögregla hafði samband við vitni sem sá bifreiðina B stöðva skyndilega án ástæðu fyrir framan bifreið A.

V1 telur að ökumaður B verði að bera hallan af því ef eitthvað telst ósannað eða óljóst í málinu. Er það mat V1 að ökumaður B skuli bera alla sök á árekstri bifreiðanna á grundvelli 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Afstaða V2 er sú að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að því að halda nægjanlegu bili við bifreiðina B þannig að ökumaður A gat ekki brugðist við til þess að afstýra árekstri þegar bifreiðin B stöðvaði. Vísar V2 til 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga og telur að skipta beri sök til helminga milli ökumanna.

Álit.

Eingöngu liggur fyrir framburður M sem var ökumaður bifreiðarinnar A fyrir í málinu. Ökumaður B yfirgaf tjónsvettvang og hefur ekki látið ná í sig þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir lögreglu. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Vitni af atvikinu staðfestir frásögn M að hluta þ.e. virðist eingöngu hafa séð þegar ökumaður B stöðvaði bifreið sína án ástæðu fyrir framan bifreiðina A. Þar sem ökumaður B lætur ekki ná í sig og yfirgaf tjónsvettvang áður en lögregla kom á vettvang þykir rétt að hann beri hallan af sönnunarskortum í málinu og verður framburður M sem nýtur stuðnings vitnis að hluta, lagður til grundvallar í málinu. Verður því talið að ökumaður B hafi skipt um akrein í veg fyrir bifreiðina A og stöðvað bifreið sína án ástæðu með þeim afleiðingum að M ók aftan á B. Með þessari háttsemi braut ökumaður B gegn 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ber þannig alla sök á umræddum árekstri. Ekki verður talið að tjónið megi rekja til brota ökumanns A á 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga. Öll sök á ökumann B fyrir að hafa ekið í veg fyrir bifreiðina A og hemlað að óþörfu.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 3. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 261/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Hestaleiga.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 8. september 2022 við það að falla af hestbaki. Umræddur hestur var í eigu X sem býður upp á gistingu og daglega útreiðartúra fyrir ferðamenn. Hafði M pantað sér dvöl í 2 ½ viku hjá X. Hópar sem þar gistu fóru í útreiðartúr einu sinni eða tvisvar á dag. Reiðkennsla var ekki í boði. Í reiðtúrnum var Y, fyrirvarsmaður X, alltaf fremst og svo voru ungar stúlkur sem þar unnu einnig með í ferðunum. Ekkert skipulag hafi verið á því hvar í hópnum þær héldu sig og voru þær sjaldnast fyrir aftan hópinn. Daginn sem M datt af hestbaki fékk hún úthlutað hryssu sem hún hafði einu sinni áður setið. Fannst henni hryssan þá vera taugaóstyrk og æst og leið M illa yfir því að þurfa að fara aftur á bak henni. M lét Y vita af áhyggjum sínum og bað um annan hest en var neitað. Slysið átti sér stað þegar hópurninn var á heimleið. Var M um 300 metra fyrir aftan hópinn og jók hryssan hraðan af eigin frumkvæði og lét ekki af stjórn. Fór hún út af veginum og á gras í vegkantinum þar sem hún missteig sig með þeim afleiðingum að hún hrasaði og M missti jafnvægið og datt úr öðru ístaðinu. Slóst það í síðuna á hryssunni sem jók við það hraðann enn meira. Reyndi M að hægja á henni án árangurs og missti svo hitt ístaðið og stökk hryssan þá upp á veg með þeim afleiðingum að M féll af henni. Telur M að hryssan hafi ekki hentað til notkunar í þessum útreiðum. Hafi Y átt að vera búin að átta sig á því að M réði ekki við hryssuna, einkum þar sem M sagðist sjálf finna fyrir óöryggi og hafði beðið um annað hross. Ekki hafi verið vandað til verka við undirbúning og framkvæmd útreiðartúra, enginn stjórn var á hópnum og ekkert eftirlit. Eftir fallið hafi M ekki verið færð undir læknishendur né nánar spurð út í líðan sína. M hafi beðið um að láta lækni lít á sig en fékk þau svör að langt væri til Reykjavíkur og að Y gæti ekki keyrt hana þangað. Þannig hafi M legið í þrjá sólarhringa í rúmi sínu í gistingunni án nokkurrar umönnunar. Var hún síðar greind með samfallsbrot á 1, 2 og 3. lið lendhryggjar, áverka á mjöðm og hné ásamt því að vera bólgin á mænunni. Telur M að tjón sitt megi rekja til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstaðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á og gerir kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyssins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki hafi verið sýnt fram á sök X. Gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja öruggt umhverfi með margvíslegum aðgerðum. Hafnar V málsatvikalýsingu M í málskoti. M hafi ekki gert athugasemdir varðandi hrossið. Y setji aldrei fólk á hross sem það er öruggt með. Umræddur hestur hafi verið 26 vetra hryssa sem X fékk 10 vetra gamla og er búin að vera í notkun fyrir ferðamenn í 16 ár. Hestur M hafi kippst eitthvað til á síðustu metrunum á tölti. M hafi brugðist við með því að rífa hendurnar upp og klemma sig fast. Í stað þess að láta hestinn hægja sjálfur á sér eins og það er vant að gera, reyndi hún að stökka af. Hún kom við síðu hestsins sem stökk skarpt til hliðar og skutlaði henni illa á rass og bak. Dóttir Y, sem er hjúkrunarfræðingur, hafi strax farið að sinna M sem hafi sagst vilja liggja til að ná áttum og svaraði alltaf þegar talað var við hana. Var M margspurð um líðan sína sem alltaf var sögð í lagi. M var aldrei neitað um læknisferð enda stutt í Borgarnes þar sem læknir er staðsettur. M hafi mætt í allar máltíðir og farið í stutta gönguferð daglega og því taldi enginn atvikið alvarlegt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Aðilar máls eru ekki sammála um aðdraganda og orsök slyssins og hafa engir vitnaframburðir eða önnur gögn verið lögð fram sem styðja frásögn M eða sýna fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu X eða starfsmanna þess. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að hesturinn hafi verið haldinn ágöllum eða verið óhæfur til útreiða fyrir ferðamenn. Hafa engar álitserðir

sérfróðra og óvilhallra aðila verið lagðar fram í málinu. Hestamennsku fylgir ávallt nokkur áhætta, jafnvel þótt vanir reiðmenn eigi í hlut og viðkomandi hestur sé vel taminn og gæfur. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið að slysið verði rakið til ófullnægjandi undirbúnings hestaferðarinnar, svo sem með röngu vali á hesti eða rangrar staðsetningar eða ófullnægjandi reynslu og þekkingar leiðsögumanna. Þá er einnig ósannað að viðbrögð starfsmanna X í kjölfar slyssins hafi á nokkurn hátt verið ófullnægjandi eða valdið M frekara tjóni. Með vísan til alls ofangreinds verður því ekki talið sýnt fram á að líkamstjón M megi rekja til atvika sem X, eða starfsmenn þess, beri ábyrgð á. Er bótaskylda þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 10. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 266/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

- Málskot móttakið 25. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 29. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. maí 2023, kemur fram að X hafi, hinn 11. apríl 2023, leitað til lögreglu og tilkynnt um að hinn 5. apríl 2023 hafi verið ekið utan í hægri hlið bifreiðar hennar, B, þar sem hún var kyrrstæð á bifreiðastæði við verslun. Tjónvaldur hafi yfirgefið vettvanginn án þess að tilkynna um óhappið. Í skýrslu lögreglu er rannsókn málsins lýst en þar kemur fram að gögn úr öryggismyndavélakerfi við bifreiðastæðið hafi verið skoðuð. Megi ráða af þeim að eina bifreiðin sem mögulega gæti hafa valdið tjóninu sé A, sem er í eigu M. Hafi lögregla rætt við M sem hafi sagst ekki muna eftir umræddu atviki. Í skýrslunni er þá sagt frá mælingum lögreglu á ákomum á A og B sem geti samræmst því að þær hafi lent saman. Í skýrslunni er einnig að finna ítarlega lýsingu á skoðun á fyrrgreindri myndbandsupptöku. Kemur m.a. fram að upptakan sýni akstursleið A um stæðið og að afstaða hennar geti samræmst ákomustað á B. Þá kemur fram að M hafi litið eftir hægri hlið bifreið sinnar og að því er virðist að B áður en hann hélt inn í verslunina. Eftir að hann kom aftur úr versluninni sjáist M svo ganga fram hjá hægri hlið B og virðist M líta að ákomustað á henni áður en hann hélt brott á A. Þá sjáist X koma að bifreið sinni og taka eftir tjóninu.

Í málskoti lýsir M því að V, hafi sent honum bréf um að hann bæri ábyrgð á tjóni á bifreiðinni B. M kannist ekki við að hafa verið valdur að umræddu tjóni og vísar til þess að fyrirbyggjandi lögregluskýrsla um atvikið sé augljóslega ófullkomin auk þess sem rangar ályktanir hafi verið dregnar af ákomum á A, sem séu eldri en frá tjónsdegi.

V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Hvað varðar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá veltur hún á því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á X sem tjónþola. Fyrirbyggjandi er lögregluskýrsla þar sem rannsókn málsins og skoðun á fyrirbyggjandi myndbandsupptöku er lýst og er ekki tilefni til að draga í efa það sem þar kemur fram. Af skýrslunni má ráða að hafi tjón átt sér stað á umræddum stað og tíma komi engin önnur bifreið en A til greina. Af lýsingum á viðbrögðum M og X, þ.e. að hann hafi litið eftir hægri hlið A og að samsvarandi ákomustað á B, og því að samkvæmt lýsingu lögreglu veitti X ákomu á bifreiðina athygli þegar hún kom að henni verður að telja yfirgnæfandi líkur þess að bifreiðarnar hafi rekist saman með einhverjum hætti. Þá er óumdeilt að M var á vettvangi og ók bifreiðinni, en í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi hvorki neitað því né játað að hafa valdið tjóni á B, en í það minnsta muni hann ekki til þess. Í lögregluskýrslu er þá að finna ljósmyndir af ákomum á bifreiðarnar og hæðarmælingum þeirra. Kemur fram að samkvæmt þeim mælingum virðist ákomur á bifreiðunum geta samræmst því að þær hafi lent saman. Bendir fyrirbyggjandi rannsókn lögreglu því eindregið til þess að tjón á B sé að rekja til notkunar A. Þegar svo háttar til færast sönnunarbyrði í málinu í raun til M sem þarf þá að gera líklegt að hann hafi, þrátt fyrir það sem fram kemur í skýrslu lögreglu, ekki valdið umræddu tjóni. Í málskoti kemur fram að ákoman sem um ræðir á A sé eldri og því ekki til komin við tjónið á B. Þar sem engin gögn eru lögð fram til stuðnings þeirri staðhæfingu, s.s. mat bifvélavirkja á ákomu á A, verður að telja nægilega sýnt fram á að notkun A hafi valdið tjóni á B.

Niðurstaða.

Tjón sem varð á B, hinn 5. apríl 2023, skal bætt úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 269/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Veitur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 17. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign í eigu M af völdum framkvæmda við lagnir á vegum X fyrir framan húseign M í júlí 2022. Vann X að stækkun og endurnýjun lagna sem þjóna nýju íbúðarhverfi í sveitarfélaginu Y. Vegna framkvæmdanna þurfti að rjúfa lagnir X sem þjóna svæðinu þ.m.t. eru lagnir sem þjóna fasteign M. Um miðjan júlí 2022 hafi vatnið verið tekið af vegna framkvæmdanna og er heita vatnið kom á að nýju hafi komið það mikið högg á lagnakerfi fasteignar M að 25 ára gömul eirlögn rifnaði. Olli það tjón ekki skaða þar sem M voru heima og gátu lokað fyrir lögnum og síðar lagfært hana. Við þá lagfæringu kom í ljós að nýjar lagnir hússins höfðu fyllst af járn og sandi en þær höfðu verið endurnýjaðar á árinu 2020. Tjón vegna máls og sands á nýjum lögnum er enn óljóst. Vegna tjónsins gerðu M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V, sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 29. júlí 2022. M kveður lagnirnar hafa verið í fullkomnu lagi fyrir vinnu X við lagnir sínar í götunni. Ómögulegt sé að sandur hafi komist inn í lagnir nema það tengist vinnu við nýjar lagnir sem lagðar eru í sand líkt og þann sem fannst í lögnum M. Vísar M til þess að ekki á að vera sandur í lögnum sem fá vatn frá X og ekki geti talist eðlilegt að lagnir í eignum notenda gefi sig þegar vatn er tekið af og sett á sem bendi til þess að ekki hafi verið gætt varkárni er vatni var hleypt á kerfið. Þar hafi orði handvömm sem X og V beri ábyrgð á. Sem fylgigögn með viðbótarathugasemdum M eru lagðar fram ljósmyndir af lagnagrind húss M, ljósmyndir af lögnum X og lögnum þeirri sem gaf sig ásamt afriti af reikningi sem sem M greiddi vegna lagna sem gáfu sig.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki sé hægt að rekja tjónið til saknæmrar og ólögmastrar háttsemi sem X ber ábyrgð á. Samkvæmt upplýsingum frá X, var vatn tekið af vegna skipulagðrar viðgerðar á stofnlögn hitaveitu og hafi lokunin verið auglýst. Vatninu hafi verið hleypt rólega á aftur eftir viðgerð. Það sé algengt að það geti komið úrfelling sem skilar sér í síu lagna. Öll framkvæmd hafi farið rétt fram.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á fasteign M, en af gögnum málsins má ætla að skemmdir hafi orðið á nýjum lögnum hússins sem fyllst höfðu af járn og sandi við framkvæmdir á vegum X ásamt því að eldri eirlögn hafi gefið sig þegar vatn var hleypt á lagnir hússins eftir framkvæmdir á vegum X. Höfðu lagnirnar og inntakið verið nánast allt endurnýjað á árinu 2020 en eirlögnin var um 25 ára gömul. Fram kemur í málskoti að tjónið af völdum þessa sé enn óljóst en M leggja fram reikning vegna viðgerðar á þeirri lögnum sem gaf sig.

Til þess að skaðabótaábyrgð X geti verið fyrir hendi verður M að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögnum. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við framkvæmdir fyrir framan hús M eða að járn og sandur sem fannst í nýlegum lögnum M hafi farið inn í lagnirnar vegna framkvæmdanna. Þá liggur einnig ekkert fyrir um að vatni hafi verið hleypt á kerfið með óvenjulegum hætti eftir viðgerð. Af fyrirbyggjandi gögnum verður því ekki talið sannað að tjón á fasteign M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 271/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.

Nafn váttryggingartaka (X)

Slysahtak váttryggingaréttar. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. ágúst 2023.
3. Tölvupóstur lögmans M, dags. 11. ágúst 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kveðst M hafa slasast á vinstri öxl hinn 31. mars 2021 þegar hann rann til á hálu undirlagi í skipslest. M rekur tjón sitt til veltings og ágjafar á skipið sjálft.

Í skipsdagbók skipsins kemur fram að M hafi verið að tína fisk milli kara í lest og þegar hann kastaði stórum hlýra vinni hann sting í vinstri framhandlegg og bólguhnúður hafi sést á vöðva ofan á olnboga og verið frá vinnu eftir það. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 31. mars og 22. júní 2021 kemur fram sambærileg lýsing og í skipsdagbók, auk þess sem einn sjónarvottur er nefndur. Í tölvupósti frá M dags. 26. ágúst 2021 kemur fram að hann hafi runnið til þegar hann var að henda fiski milli kara, en þó nokkur hreyfing hafi verið á skipinu og ís og krapí á lestargólfinu. Í læknisvottorði dags. 17. september 2021 kemur fram að M hafi hlotið áverka á vöðva og sin annarra hluta tvíhöfðavöðva. Í yfirlýsingu sem vitni undirritaði 13. febrúar 2023 kemur fram að þeir M hefðu verið saman að vinna í lest skips X og þónokkur hreyfing hafi verið á skipinu sem og ísing og krapí á lestargólfi sem leitt hafi til þess að M rann um leið og hann var að kasta fiski milli kara og hnykkur hafi komið á hann og hann hafi slasast á vinstri hendi. Í framburðarskýrslu vitnisins hjá lögreglu hinn 24. júlí 2023 kemur fram að hann hafi verið að vinna með M í lest skips X og meiri veltingur hafi verið á skipinu en venjulega auk þess sem krapí hafi verið á gólfi lestarinnar. Vitnið ber að M hafi verið að vinna við flokkun fiskis í kör þegar honum hafi skrikað fótur og hnykkst eitthvað til með þeim afleiðingu að á vinstri hönd hans teygðist og hafi sin bungað upp úr vinstri hönd M eftir þetta atvik og hafi M ekki verið vinnufær eftir atvikið vegna óþæginda. Í málinu liggur einnig fyrir framburðarskýrsla frá M fyrir lögreglu þar sem hann lýsir aðstæðum m.a. þannig að mikill veltingur hafi verið við vinnu hans á skipi X og hafi vindhraði verið 16 m/sek. M kveðst hafa fundið að eitthvað hafi gerst þegar henti fiski með vinstri hendi og vildi leiðrétta missögn í fyrri lýsingum um að hann hafi verið að henda fiski með hægri hendi. M kvaðst hafa runnið til og strax fundið fyrir óþægindum sem hann hafi sagt skipstjóra frá strax.

M telur að sannað sé að líkamstjón hans sé hægt að rekja til atburðar sem varð við vinnu hans um borð í skipi X og að það sé rakið til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar og sé stutt vitnisburði skipsfélaga hans og hans eigin lýsingum, sbr. hér að ofan. Einnig vísar M til þess að lýsing í tilkynningu til Sjúkratrygginga sé lýsing frá X sem sé váttryggingartaki hjá V og ekki sé ósamræmi í lýsingum M sjálfs heldur hafi seinni lýsingar verið fyllri en sú sem fram hafi komið í upphafi. M vísar til þess að við lögreglurannsókn á slysi hans hafi komið skýrlega fram að M hafi skrikað fótur vegna veltings á skipi X og íss og krapa á gólfum og greinilega útbungun hafi verið að finna á handlegg hans strax í kjölfarið. Þannig sé miklu líklegra að veltingur og aðstæður hafi valdið óvæntu álagi sem orsökðu áverka M heldur en að hann hafi orðið af sjálfu sér upp úr þurru eins og V haldi fram.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til samtímalýsinga um að M hafi fundið sting þegar hann var að kasta fiski og ekki hafi verið minnst á utanaðkomandi atburð í þeim lýsingum. V vísar til þess að til þess að um utanaðkomandi atburð sé að ræða verði að vera frávik í atburðarrás sem ekki hafi verið skv. lýsingum M í fyrrnefndum samtímagögnum. Einnig vísar V til aðstæðna í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 37/2005 máli sínu til stuðnings. V vísar til þess að það hafi ekki verið fyrir en síðar sem rætt hafi verið um að ís, krap og veltingur hafi verið orsök slyssins, eða í tölvupósti á milli X og M dags. 26. ágúst 2021. V telur þá lýsingu sem og lýsingu vitnis ótrúverðuga auk þess sem ekki sé hægt að líta svo á að veltingur skips sé utanaðkomandi atburður þegar um vanan sjómann sé að ræða. Einnig vísar V til þess að slysahtak laga nr. 45/2015 um slysáttryggingar almannatrygginga sé annað en slysahtak váttryggingarskilmála V og hafi þannig ekki sjálfstæða þýðingu að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt slys M sem bótaskyld slys. V telur þannig að meiðsli M verði rakin til innri áhrifa en ekki

utanaðkomandi áhrifa eins og höggs eða sambærilegra atvika sem áskilnaður sé gerður um í váttryggingarskilmálum V.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort líkamstjón M verði rakið til skyndilegs og utanaðkomandi atburðar í skilningi váttryggingaskilmála V, sem eru í samræmi við hefðbundið slyshugtak váttryggingaréttar, þ.e. að slys sé skyndilegur og utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Í dómaframkvæmd hefur verið miðað við ekki sé um utanaðkomandi atburð að ræða ef sýnt er að rekja megi líkamstjón og aðdraganda þess til innri sjúkdóms eða veikleika í líkama M.

Í gögnum málsins er upplýst að frásögn M af atburði sem leiddi til líkamstjóns hans var ekki strax greint frá því að veltingur hafi verið á skipi og að undirlag á gólfi lestar hafi verið hált. Í framburðarskýrslum M og samstarfsmanns hans kemur það hins vegar skýrt fram og af þeim skýrslum verður ekki annað ráðið en að að frávik í atburðarás sem leiða má til veltings og íss eða krupa á gólfi hafi leitt til líkamstjóns M sem hafi komið sýnilega fram á líkama M við tjónsatvikið. Verður ekki talið að í seinni frásögn M sjálfs sé ósamræmi við þá fyrstu þó þessara þátta hafi ekki verið sérstaklega getið í þeirri fyrri.

Einnig verður að líta til upplýsinga um greiningu áverka M í læknisfræðilegum gögnum þar sem kemur fram sú greining að áverki hafi verið á vöðva og sin annarra hluta tvíhöfðavöðva. Hvergi í gögnum málsins kemur fram að slík greining geti komið til án utanaðkomandi atburðar, t.d. að þar sé um að ræða álagsmeiðsli. Verður V að bera hallann af því að geta ekki sýnt fram á að líkamstjón M megi rekja til innra ástands eða veikleika í líkama M. M á því rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 272/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Fasteignareigandi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 3. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. ágúst 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi laust eftir hádegi hinn 1. febrúar 2023, er hún var að koma úr verslun sem rekin er í húsnæði X, runnið í hálfu og fallið harkalega til jarðar með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á vinstri öxl auk áverka á olnboga og hálsi. Hafi M vegna þessa gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X en V hafi, með bréfi dags. 19. júní 2023, hafnað kröfu hennar með þeim rökum að hálkuvörnum hefði verið sinnt á slysdegi og auðvelt hefði verið að ganga fram hjá þeim hálkublettum sem höfðu myndast. M er ósammála þeirri afstöðu og byggir á því að ríkar skyldur verði að leggja á eigendur verslunarhúsnæðis þar sem gera megí ráð fyrir að almenningur venji komur sínar. Hafi M því mátt treysta því að eðlileg gönguleið til og frá verslunarkjarnanum væri ekki beinlínis hættuleg þeim sem um hana færu á opnunartíma. Ekki hefði komið til tjóns M hefði hálkuvörnum verið sinnt með viðunandi hætti. Samkvæmt V hafi verið mokað um klukkan fjögur um morguninn og saltað rétt fyrir klukkan sex. Á kaldasta tíma ársins hafi X mátt gera ráð fyrir tíðari hálkumyndun við fasteign sína og hafi þessar ráðstafanir, mörgum klukkustundum fyrir opnun verslana, verið ófullnægjandi. X hafi þannig borið að sjá til þess að aðkoma væri örugg með því að sanda eða salta reglulega yfir daginn. Sé ótækt að líta svo á að hálkuvörnir árla morguns séu fullnægjandi þegar þjónusta í fasteigninni fari fram til kvölds. Þegar myndir af hálkublettum séu skoðaðar verði þá að telja ólíklegt að hálkun hafi verið nýmynduð og því ekki unnt að koma í veg fyrir hana, enda hafi hálkublettir verið að hluta þaktir snjóþekju. Ekkert bendi þá til þess að M hafi ekki sýnt tilhlýðilega aðgát enda hafi hún mátt treysta því að eðlileg gönguleið, sem hafi verið næst innganginum og undir skyggni í þokkabót, væri hættulaus. Megi samkvæmt öllu framangreindu rekja tjón M til saknæmrar háttsemi X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji M ekki hafa sýnt fram á að slys hennar verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á gagnvart henni og beri M hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Samkvæmt upplýsingum frá X séu gangstéttir og bílastæði fyrir utan verslunarkjarnann hálkuvörnir eftir þörfum og á hverjum degi yfir háveturinn. Hafi verið mokað fyrir utan fasteignina rétt fyrir klukkan fjögur að morgni slysdags og saltað rétt fyrir klukkan sex og hafi hálkuvörnum því verið sinnt umræddan dag. Um hávetur hér á landi geti hins vegar alltaf myndast hálfu og X, sem eigi hundraðir fasteigna á höfuðborgarsvæðinu, sé ómögulegt að fylgjast með því allan sólarhringinn hvort hálkumyndun sé við þær þrátt fyrir að hálkuvörnum hafi verið sinnt. Slíkt eftirlit sé mun frekar í höndum leigutaka sem stundi verslunarrekstur í fasteigninni. Sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X því ekki fyrir hendi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Af ljósmyndum af vettvangi má ráða að M hafi runnið á hálkubletti á gangstétt er liggur frá verslunarhúsnæði og að bifreiðastæði við verslunarkjarnann. Fyrir utan upplýsingar um almennt tíðarfar í febrúar liggja ekki fyrir nefndinni nein frekari gögn um veðurfar þennan tiltekna dag. Er þannig ekki sýnt fram á að umhleypingar hafi verið eða að sérstakt tilefni hafi almennt verið til þess að bregðast sérstaklega við hálkumyndun umfram það sem gert var. Fyrir liggur að umrætt svæði var mokað og saltað aðfararnótt og að morgni slysdags og er óumdeilt að slíkar aðgerðir séu viðhafðar daglega af hálfu X á umræddum árstíma. Fallast verður á það með V að ekki verði almennt lögð sú krafa á fasteignareiganda, sem leigir út fasteign sína, að hann fylgist stöðugt með hálkumyndun og grípi

samstundis til fyrirbyggjandi aðgerða gegn henni. Fyrir liggur að daglegar hálkuvarnir voru viðhafðar af hálfu X og verður það ekki metið X til sakar að hafa ekki sinnt hálkuvörnum á því tímabili sem leið frá söltun um morguninn og þar til slys M atvikaðist. Verður því að telja að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 276/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 22. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ekið var á bifreið M hinn 21. maí 2023 þannig að altjón varð á bifreiðinni. Samskipti áttu sér stað eftir það milli M og V um bótafjárhæð en þegar leið á þau samskipti kom fram að bifreið M hafði áður orðið fyrir tjóni sem greiddar höfðu verið bætur vegna og taldi V það hafa áhrif á ákvörðun um greiðslu bóta til M. Endanlegt tilboð V um bætur fyrir tjón á bifreið M stendur í 200.000 krónum.

M telur að bótafjárhæð vegna tjóns á bifreið hennar eigi að taka mið af því að tjón hafi orðið aftan á bifreiðinni hinn 21. maí sl. en tjón sem varð á bifreiðinni áður hafi verið framan á henni Einnig vísar M til þess að hún hafi verið búin að gera ráðstafanir til að kaupa varahluti vegna fyrra tjónsins og eigi greiðslur vegna þess því ekki að hafa áhrif á bótafjárhæð frá V. M vísar til þess að verðmæti bifreiðar hennar sé um 890.000 m.v. upplýsingar frá bílasölum.

V hefur hafnað því að greiða meira en 200.000 krónur í samkomulagsbætur vegna tjóns 21. maí 2023 og byggir það mat á því að matsvirði bifreiðarinnar í heild sé 800.000 krónur og miðist það við að bifreiðin sé í lagi. Við afgreiðslu málsins hjá V hafi komið í ljós að skömmu fyrir tjón sem bótaskyld er hjá V hafi bifreið M lent í öðru tjóni og M fengið greiddar samkomulagsbætur að fjárhæð 650.000 krónur vegna þess tjóns og eigandi fengið að halda bifreiðinni. Ekki liggja fyrir að viðgerð hafi átt sér stað eftir það tjón og verði því að miða við að bifreiðin sé ekki meira virði en munur á heildarverðmæti og þeirri bótagreiðslu, eða 150.000 kr. en V hafi boðist til að greiða 200.000 til samkomulags til M vegna málsins og hafi þegar greitt þær bætur til M.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hverjar fullar bætur eru fyrir fjártjón M þegar bifreið hennar skemmdist hinn 21. maí 2023. Ekki er hægt að skilja rökstuðning M öðruvísi í gögnum málsins en að greiddar hafi verið bætur vegna tjóns sem varð á bifreið hennar á undan því sem hér er deilt um að fjárhæð 650.000 króna. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að gert hafi verið við það tjón áður en tjónið sem bótaskyld er hjá V varð. Það þýðir að verðmæti bifreiðar M þegar tjón það varð sem V ber að greiða skaðabætur vegna verður að taka mið af raunverulegu ástandi bifreiðarinnar á tjónsdegi hinn 21. maí 2023. Ekki hafa komið fram upplýsingar í málinu sem hnekkja því að heildarverðmæti bifreiðarinnar hafi verið 800.-890.000 krónur á tjónsdegi 21. maí sl. Það að greiddar höfðu verið bætur rétt áður til viðgerðar upp á 650.000 krónur hefur áhrif á mat á heildarverðmæti bifreiðarinnar og má ætla að hún sé þá sem þeirri fjárhæð nemur lægra, en framlagning seinna tilkominna reikninga sem ekki er sýnt að hafi verið greiddir vegna kaupa á varahlutum breyta ekki þeirri afstöðu nefndarinnar. Verður ekki sýnt af gögnum málsins að fullar bætur fyrir fjártjón M í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 séu hærrí en 200.000 krónur, en það er sú fjárhæð sem V hefur þegar greitt. Á M því ekki rétt til frekari bóta af hálfu V vegna tjóns 21. maí 2023.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 278/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. ágúst 2023.
2. Bréf V, dags. 23. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 6. júlí 2023 hafi innkaupakerra í eigu X fokið á bifreið hans þar sem henni var lagt á bifreiðastæði við verslun X á Selfossi. Telur M að starfsmenn X eigi að passa upp á eigur X hvort sem það séu innkaupakerrur eða eitthvað annað og hvort sem þær séu inni í verslun eða fyrir utan hana. Telur M það mikið gáleysi af hálfu X að vera ekki með starfsmann sem hugar að innkaupakerrum. Telur M að hann eigi ekki að bera kostnað af þessu tjóni, það sé alfarið á ábyrgð X.

V hafnar því að X eða starfsmenn verslunarinnar hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi sem hafi leitt til tjóns M. Engin gögn styðji fullyrðingu M þess efnis að innkaupakerra hafi raunverulega rekist í bifreið hans. Einu gögnin sem lögð hafi verið fram hafi verið tvær ljósmyndir af því tjóni sem bifreið M varð fyrir. Um sé að ræða einhliða lýsingu M á málsatvikum sem ekki sé byggð á neinum gögnum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Gögn sem liggja fyrir nefndinni eru afar takmörkuð. Ekki liggur fyrir framburður vitna sem sýna fram á að tjón hafi orðið á bifreið M vegna innkaupakerru í eigu X. Þá hafa ekki heldur verið lögð fram gögn sem sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna X. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 3. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 279/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið váttryggingar. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 13. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. september 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að í október 2022 hafi verktakinn X sett nýjan álkant á hús M. Í apríl 2023 hafi kanturinn tekið að gefa sig undan snjóþunga og hafi hann að lokum fallið niður. Í ljós hafi komið að undirlagið sem kanturinn var festur við hafi verið ófullnægjandi, en kanturinn hafi verið festur við mjóar furuspýtur sem hafi sprungið undan álaginu. Viðbrögð X við kröfum um úrbætur vegna þessa hafi þá verið dræm og M og X ekki sammála um úrræði, þ.e. hvort setja skuli snjógildirur á þakið. M telur rétt að X lagfæri þakkantinn og setji viðeigandi undirlag sem varni því atvik geti endurtekið sig. X virðist þá hafa verið kunnugt um það frá byrjun að undirlagið væri ófullnægjandi og hafi starfsmaður X gert athugasemdir þar að lútandi, en utanaðkomandi smiður hafi sett það upp fyrir X. M telur ljóst að um ólögmeta og saknæma vanrækslu X á að fylgja lögum og reglugerðum við framkvæmd verksins sé að ræða og að V hljóti að eiga að taka á slíkum málum.

Í bréfi V, sem áður hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 9. ágúst 2023, kemur fram að ábyrgðartrygging atvinnureksturs bæti ekki tjón innan samninga og því verði M að beina kröfu sinni beint að X. Ljóst sé að viðskipti M og X falli undir gildissvið laga um þjónustukaup nr. 42/2000, og að M byggi kröfu sína á því að vanefndir hafi orðið á samningi aðila samkvæmt þeim lögum. Ljóst sé því að verið sé að gera kröfur um bætur vegna tjóns innan samninga. V vísar jafnframt til þess að tryggingin bæti ekki, samkvæmt skilmálum sínum, tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem váttryggður taki að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Þar sem ljóst sé að atvik málsins falli undir undanþáguákvæði skilmála váttryggingarinnar sé greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Af lýsingu atvika má ráða að X og M hafi gert með sér samning um að X tæki að sér vinnu við fasteign M, þ.e. að setja upp þakkant. Um slíka samninga gilda lög um þjónustukaup nr. 42/2000, sbr. 2. tl. 1. mgr. laganna. M byggir þá á því að vinna X sé haldin ágalla, þ.e. að undirlag þakkantarins hafi ekki verið nægilega burðugt. Verður því að líta svo á að M telji að galli hafi verið á seldri þjónustu en um slík tilvik og úrræði sem standa neytanda til boða þegar um galla er að ræða er fjallað í III. kafla laganna. Þá geta neytendur, þ.e. í þessu tilviki M, lagt kröfu um úrbætur fyrir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sem er sá aðili sem úrskurðar um vanefndir innan samninga þegar um er að ræða þjónustukaup í skilningi framangreindra laga.

Af atvikum má því samkvæmt framansögðu að ráða að M byggi á því um sé að ræða tjón sem X beri ábyrgð á vegna vanefnda á samningi, þ.e. að vanefndirnar hafi falist í því að verkið hafi ekki verið unnið með réttum hætti. Er slíkt tjón skýrlega undanskilið gildissviði váttryggingarinnar en í gr. 4.2 skilmála hennar segir að váttryggingin bæti ekki slíkt tjón innan samninga. Er því ekki fyrir hendi bótaskylda úr váttryggingunni, en eins og áður segir er M bent á kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 24. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 280/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Notkun ökutækis. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. ágúst 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. september 2023, ásamt kortamynd af ja.is/kort.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M eru eiginkona og börn ökumanns bifreiðar A (hér eftir verður vísað til ökumannsins sem X) en hinn 22. október 2022 ók X bifreiðinni A út af Bústaðavegi í Reykjavík með þeim afleiðingum að bifreiðin valt. Í lögregluskýrslu þeirri sem liggur fyrir í málinu kemur fram að X hafi verið látinn þegar lögreglu og sjúkrabifreið kom að en eftir endurlífsgun hafi hann sýnt einhver lífsmörk. Í rannsókn lögreglu kom fram að haft var eftir eiginkonu og bróður X að hann hafi verið á leið til að leita sér læknaástoðar eftir að hafa vaknað upp með mikla verki í baki. Einnig kemur fram í skýrslunni að X hafi verið að glíma við hjartavandamál í einhvern tíma. X lést hinn 3. nóvember 2022 og í lögregluskýrslu er haft eftir lækni á gjörgæsludeild Landspítalans að X „...hafi fengið bráðalokun á kransæð sem leiddi til hjartaáfalls, sem hafi leitt til slyssins.“ Í sjúkraskrá Landspítalans kemur fram að X hafi verið í hjartastoppi þegar komið var að honum eftir bílveltu en ekki hafi verið miklir sjáanlegir áverkar á honum. Þar kemur einnig fram álit læknis um að líkleg „primer“ ástæða bílveltu hafi verið hjartastopp X. Í gögnum málsins kemur enn fremur fram að krufning fór ekki fram.

M telja að skilyrði til greiðslu bóta úr slysátryggingu ökumanns bifreiðarinnar A séu fyrir hendi. M byggja aðallega á því að X hafi farið í hjartastopp eftir að hafa lent í umferðarslysinu og því séu skilyrðin um að ökumaður hafi slasast við stjórn ökutækis og vegna notkunar hennar uppfyllt, sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. M vísa til þess að þekkt sé að áföll vegna slysa geti leitt til hjartaáfalls og benda á danskan hæstaréttardóm í Ufr. 1982, bls. 585 og erlendar vísindarannsóknar máli sínu til stuðnings. M telja ekki sýnt að X hafi haft sögu um hjartaveikindi fyrir slysið og sé misskilningur um það í lögregluskýrslu og á vissum stöðum í sjúkragögnum. Ekkert komi hins vegar fram í sjúkrasögu X um að hann hafi leitað til læknis vegna slíkra óþæginda. M benda á að ósannað sé að hjartaáfall hafi komið á undan umferðarslysinu og V beri sönnunarbyrði fyrir því þar sem félagið haldi því fram. Einnig benda M á að engin sönnunargögn liggja fyrir við staðhæfingar í sjúkragögnum um að bílvelta hafi orðið vegna hjartaáfalls X. M benda einnig á að ef ósannað teljist að hjartaáfallið hafi komið á eftir umferðarslysinu séu skilyrði laga um ökutækjatrýggingar samt sem áður uppfyllt þar sem X hafi ekki haft annarra kosta vól en að hínast í bifreið A eftir slysið upp á von og óvon að einhver kæmi að til hjálpar og nokkrar líkur séu á því að hægt hefði verið að bjarga lífi X ef hann hefði ekki verið fastur í bifreið A hjálparlaus. M benda á að skv. almennum reglum og viðmiðum skaðabótaréttar þurfi orsök ekki að vera meginorsök tjóns þannig að það gengi að notkun bifreiðarinnar A hafi verið meðverkandi þáttur eða meðorsök andláts hans. M benda einnig á að „...tilgangur hlutlægu ábyrgðarreglunnar sem kemur fram í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019 er að veita ökumanni bætur vegna slyss, jafnvel þó hann beri sjálfur ábyrgð á slysinu.“

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að andlát X verði hvorki rakið til notkunar eða stjórnunar hans á bifreið A og falli þar af leiðandi ekki undir gildissvið 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og þar af leiðandi ekki undir gildissvið vátryggingarskilmála V. Sönnunarbyrði um orsakatengsl hvíli á M og V telur að hjartastopp X sé hvorki í tengslum við stjórn bifreiðar A né notkunar hennar eða hættueiginleika sem ökutækis. V telur öll gögn benda til þess að X hafi fengið hjartaáfall sem leitt hafi til þess að bifreið A fór út af vegi og valt. Öll ummerki á vettvangi bendi til þess þar sem ekki hafi verið hemlaför eða skriðför heldur bein för á grasfleti. Einnig bendir V á að skv. upplýsingum í lögregluskýrslu hafi X verið á leið á bráðamóttöku vegna hjartavandamála um miðja nótt. V hafnar því að dómur Hæstaréttar Danmerkur hafi fordæmisgildi þar sem í því máli hafi m.a. legið fyrir læknisfræðileg gögn um orsakatengsl. Engin slík gögn liggja fyrir í máli vegna andláts X og tilvísun M til erlendar fræðigreinar hafi ekki sönnunargildi um atvik þessa máls.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. ítrekað að ekki sé sannað að X hafi leitað sér hjálpar vegna hjartavandamála áður en hann lést og að ummerki á vettvangi sýni ekki hvort hjartaáfall átti sér stað áður en bifreið A var ekið út af eða eftir. Auk þessa er vísað til þess að ályktanir í læknisfræðilegum gögnum séu ekki byggðar á gögnum. Enn fremur eru fyrri röksemdir M ítrekaðar um sönnunarbyrði og að V verði að bera hallann af sönnunarskortu.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir félagsins einnig ítrekaðar og að ekki séu sönnuð orsakatengsl milli hjartaáfalls og notkunar eða stjórnar bifreiðarinnar A.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort sannað sé að banamein X megi rekja til notkunar ökutækisins A og að um slys hafi verið að ræða vegna þess og þegar X var við stjórn ökutækisins í skilningi 9. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019. Ljóst er af gögnum málsins að X missti stjórn á ökutækinu A og fór ökutækið út af vegi og staðnæmdist á hvolfi. Ekki verður séð af sömu gögnum að langur tími hafi liðið frá því að atvikið varð þar til komið var að X í bifreiðinni þar sem hann var ekki með meðvitund og í hjartastoppi. Í þeim læknisfræðilegum gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu kemur fram að ekki hafi verið miklir áverkar á líkama X þegar hann kom á Landspítala og að líkleg ástæða bílveltu hafi verið að X fékk hjartastopp. Af gögnum málsins verður heldur ekki annað séð en að ökutækinu A hafi verið ekið beint út af vegi án hemla- eða skriðfara. Ekki liggja fyrir í málinu læknisfræðileg gögn sem styðja það að hjartastopp X hafi orðið vegna áverka eða áfalls sem leiða megi af því að ökutækinu A var ekið út af vegi eða bílveltu.

Sönnunarbyrði hvílir á þeim heldur því fram að skilyrði 9. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019 séu uppfyllt. Eins og áður segir liggja ekki fyrir gögn sem sýna að líkamstjón X sé hægt að rekja til atvika sem orsökudust af notkun ökutækisins A í skilningi 9., sbr. 4. gr. áðurnefndra laga. Sönnunargögn málsins sýna hins vegar að allar líkur séu á því að veikindi X hafi leitt til hjartastopps og síðar orðið banamein hans. Hallann af slíkum sönnunarskortu verða M að bera en ekki verður talið skipta máli við sönnunarfærslu af hvaða ástæðum X var á leið að leita sér læknishjálpar í greint sinn. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina telst því ekki sannað að líkamstjón X hafi orsakast af slysi sem rekja megi til notkunar ökutækisins A.

Niðurstaða.

M, eiga ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X, hjá V.

Reykjavík, 3. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 281/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Fjölskyldutrygging.****Skaðabótaábyrgð. Umferðartjón.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. október 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi ekið bifreið sinni upp Suðurbraut í Kópavogi í átt að Borgarholtsbraut hinn 10. júlí 2023. Á sama tíma hafi A hjólað eftir gangstétt meðfram Borgarholtsbraut ásamt vinkonu sinni. Við gatnamótin hjólar A utan í bifreið M. Kveðst M hafa hægt á sér við gatnamótin og horft til hægri og vinstri en engan séð og því keyrt aðeins áfram. Þá hafi A hjólað inn í hliðina á bílnum. Hafi A tilkynnt honum að bremsur reiðhjólsins hafi ekki virkað. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar föður A hjá V. Með bréfi dags. 20. júlí 2023 hafnaði V bótaskyldu úr tryggingunni. M kveðst ekki hafa verið í símanum líkt og A hafi haldið fram, hann hafi stöðvað á biðskyldu við gatnamótin en þar sem um sé að ræða blindhorn hafi hann þurft að aka aðeins áfram til þess að sjá niður og upp Borgarholtsbrautina. Þá hafi ekki verið mögulegt fyrir gangandi eða hjólandi einstaklinga að sjá bifreiðina vegna aðstæðna á vettvangi. M kveðst hafa haft samband við starfsmann Kópavogsbæjar sem hafi tilkynnt honum að lóðamörk gangi of langt út á götu við þessi gatnamót og að ef þetta yrði byggt í dag fengist ekki leyfi fyrir því.

Í bréfi V er vísað til þess að M hafi ekið gegn biðskyldu sem sé við enda Suðurbrautar og hafi því borið að veita allri umferð um Borgarholtsbraut forgang, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Það hafi hann ekki gert og af þeim sökum sé A í rétti í árekstrinum. Þá vísar V einnig til 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem fram komi að ökumaður skuli hafa sérstaka aðgát við vegamót. Telur V ljóst að M hafi ekki sýnt sérstaka aðgát við vegamótin þar sem hann tók ekki eftir A þegar hún hjólaði niður Borgarholtsbrautina og að gatnamótunum. Tjónið megi ekki rekja til saknæmrar háttsemi A, heldur þvert á móti megi rekja það til háttsemi M sem ók gegn biðskyldu, veitti A ekki forgang eins og honum bar að gera samkvæmt umferðarlögum og sýndi ekki sérstaka aðgát við vegamótin í samræmi við umferðarlög.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar föður M vegna tjóns á bifreið hans vegna áreksturs þann 10. júlí 2023. Samkvæmt 11. gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar bætir ábyrgðartrygging einstaklings, beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar tryggða sem fellur á hann sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum. Með munum sé átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bæti slíkt tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna eigin sakar. Samkvæmt 1. gr. skilmálans er A sem dóttir tryggingataka tryggð í tryggingunni. Til þess að bótaskylda komi til úr fjölskyldutryggingu föður A vegna tjóns á bifreið M, þarf M að sýna fram á að A beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Óumdeilt er að M bar skv. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi vegfarenda á Borgarholtsbraut, forgang á gatnamótunum. Þá skal ökumaður vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Skal hann sérstaklega gefa gaum að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Ósannað er að A hafi sýnt af sér gáleysi í aðdraganda árekstur þannig að á hana verði felld sök vegna árekstursins. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu föður A hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar A hjá V.

Reykjavík, 24. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 282/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið laga.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. september 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 20. júní 2022 hafi M gengist undir aðgerð á nefi og upplyftingu á neðra andliti hjá X. Hafi hún verið mjög bólgin og með blæðingu í andliti eftir aðgerðina. Hafi þá þurft að skera hana í tvígang til viðbótar til að ná út vökva og koma fyrir dreni. Illa hafi gengið að komast fyrir þetta og hafi M verið með mar og bólgur og bæði nef og andlit hennar verið skökk. M hafi þá fengið sýkingu í skurð við eyrað og verið með kúlu á hálsinum vegna vökvæðis. M sé með varanleg einkenni í kjölfar aðgerðarinnar, verki og óþægindi auk útlitseinkenna og andlegrar vanlíðanar. M telur ljóst að eitthvað hafi farið úrskeiðis við aðgerðina en auk þess er hún ósátt við eftirfylgni X í kjölfar hennar. Kemur þá fram í málskoti að M hafi krafist bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. og til vara 4. tl. sama ákvæðis laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. V hafi hins vegar hafnað kröfunni á grundvelli þess að M hafi kvartað til embættis Landlæknis og niðurstaða embættisins liggja ekki fyrir. M geti ekki fallist á það enda sé málsmeðferðartími Landlæknis að jafnaði 3 til 5 ár og mat embættisins þurfi ekki að liggja fyrir svo hægt sé að taka afstöðu til bótaskyldu úr sjúklingatryggingu, enda þurfi ekki að vera um skaðabótaskylda háttsemi að ræða svo bótaskylda stofnist samkvæmt lögnum. Vísar M þá til fyrirbyggjandi gagna sem sýni fram á að aðgerð sem hún gekkst undir hjá X vegna skekkju á miðnesi hafi ekki skilað tilætluðum árangri og leitt til verulegs líkamstjóns en M hafi talið að um hættulausa aðgerð væri að ræða.

Í bréfi V, váttryggjanda X, er tekið fram að lögmaður M hafi aðeins verið spurður að því hvort álit Landlæknis lægi fyrir, en ekkert hafi komið fram um að afstaða félagsins grundvallaðist á því hvort svo væri. Afstaða félagsins sé hins vegar sú að bótaskylda úr sjúklingatryggingu X sé ekki fyrir hendi. Samkvæmt X hafi M, fyrir aðgerð, verið upplýst um mögulega fylgikvilla og hafi blæðing verið þeirra á meðal. Þegar M hafi komið aftur á læknastofu X vegna blæðingar hafi komið í ljós að hún hafi tekið verkjalyf sem ekki voru skrifuð út, en geti valdið aukningu á blæðingarhættu. Samkvæmt X hafi meðhöndlun verið viðeigandi en blæðingin hafi lengt bataferlið. Þegar M var að endingu útskrifuð hafi engin merki verið um blæðingu. Aðgerðirnar, þ.e. andlitslyfting og nefaðgerð, hafi verið framkvæmdar á hefðbundin hátt og ekkert óeðlilegt frávik komið upp við framkvæmd þeirra. Samkvæmt vottorði læknisins Y dags. 5. janúar 2023, sé árangur af aðgerðinni í allt nokkuð fínn og komi jafnframt fram í því vottorði að M hafi aðallega verið óánægð með hvernig X hafi staðið að eftirliti, fremur en árangurinn sem slíkan. Þá hafi M ekki óskað mats á meintum afleiðingum aðgerðarinnar og ekki liggja fyrir matsgerð þar sem komi fram afstaða til orsakatengsla milli aðgerðarinnar og þeirra einkenna sem M reki til hennar. Verði M að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að ljóst sé að aðgerðin hafi ekki heppnast, enda hafi nef M snúið meira til hægri fyrir aðgerðina, en snúi nú meira til vinstri. Þegar fyrir liggja að líkamstjón hafi orðið sé það viðkomandi læknir, en ekki tjónþoli, sem beri sönnunarbyrði um orsakatengsl. Hvað varði tilvísun til greinargerðar Y þá sé hann samstarfsmaður X og rýri það sönnunargildi hennar. Staðhæfingar V hafi þá ekki verið studdar neinum skriflegum gögnum frá X og séu þær því að engu hafandi. Viðbótarathugasemdum M fylgir þá vottorð sérfræðilæknisins Z, dags. 29. ágúst 2023.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að samkvæmt vottorði Z framkvæmi hann ekki nefaðgerðir, og fram komi í vottorðinu að sérfræðingur sem framkvæmi slíkar aðgerðir þurfi að skoða M.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum tölulíðum. Í málskoti kemur fram að M byggi kröfu sína á 1. tl. og til vara 4. tl., en þeir eru svohljóðandi:

„1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. 4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“

Í áður nefndu vottorði Z kemur fram að greinanleg ósamhverfa sé á milli andlitshelminga og að M lýsi skyndtruflunum í hægri hlið andlitsins. Þar sé líklega um að ræða eftirkvilla sem komi í kjölfar aukinnar örmyndunar í hægri hlið andlitsins vegna blæðingar og sýkingar sem hún hafi lent í eftir andlitslyftingu. Nefrennsli sem M lýsi í kjölfar aðgerðarinnar geti átt sér nokkrar skýringar og ætti að vinnast upp af háls- nef og eyrnalækni. Til að fá betri útlitun á skyndtruflunum og undirliggjandi taugaáverka mæli Z með skoðun hjá taugalækni. Árangurinn af því að lagfæra skekkju á nefi M sé þá undir væntingum en til þess að meta hvort eða hvernig best sé að standa að lagfæringu þurfi að fara fram mat sérfræðings sem framkvæmi nefaðgerðir. Þá kemur fram að M verði fyrir óþægindum vegna brjósks við hægri eyra. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið að mat sérfræðings sem framkvæmi nefaðgerðir liggi fyrir, né að M hafi leitað til taugalæknis til frekari greiningar.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu skv. 1. tl. liggja takmörkuð gögn fyrir nefndinni um þá aðgerð sem M gekkst undir. Nefndarmenn, sem eru ekki lækisfræðimenntaðir, hafa þannig engin haldbær gögn varðandi það hvers má vænta, hvað varðar árangur eða hugsanlega fylgikvilla, aðgerðar á borð við þá sem M gekkst undir. Af aðgerðalýsingu X, dags. 20. júní 2022, verður ekki ráðið að eitthvað hafi farið úrskeiðis við aðgerðina og er eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á líkur þess að meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í nánari lýsingu M á atvikum, sem er fyrir liggjandi, er vissulega lýst ákvæðnu samskiptaleysi af hálfu M, frá því í júlí 2022 og fram á haustið, en ekki er sýnt fram á að tjón verði að öllum líkindum rakið til þess. Það að nef M sé enn hallandi, en nú í aðra átt, leiðir þá ekki eitt og sér til þess að skilyrði ákvæðisins teljist uppfyllt, enda liggur t.a.m. ekki fyrir hvort algengt sé að aðgerðir sem þessi geti þurft síðari leiðréttingar við, þrátt fyrir að þær séu framkvæmdar til samræmis við reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu skv. 4. tl. verður ekki ráðið af vottorði Z né öðrum lækisfræðilegum gögnum að tjón M sé meira en svo að sanngjarnt sé að hún þoli það bótalaust, sbr. og þau viðmið sem sett eru fram í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Af vottorði Z verður þannig ekki annað ráðið en að frekari greiningu á einkennum M sé ólokið, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er t.a.m. ekki sýnt fram á að um fátíða fylgikvilla sé að ræða, og verður framangreint vottorð ekki túlkað þannig.

Þó sönnunarkröfur séu vægari en ella í fyrrgreindu ákvæði laganna er það samt sem áður M sem ber hallann af því sé ekki sýnt fram á að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af öllu framansögðu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 284/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Nafn váttryggingartaka starfsábyrgðartryggingar(X)

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. ágúst 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að fasteignin A hafi verið sett á sölu þann 25. mars 2022. Í sölufirliti yfir fasteignina hafi komið fram að fasteignin væri 208,9 fermetrar að stærð. M hafi ekki haft tök á að skoða eignina áður en þau keyptu hana þar sem þau voru búsett erlendis en eignin hafi verið skoðuð af móður annars þeirra og sýnd M í gegnum myndsímtal. Hvorki í sölufirliti sem M skoðuðu vel, né í öðrum sölugögnum hafi komið fram að sólskáli hafi verið byggður við fasteignina sem viðbygging, né að sú viðbygging hafi verið fjarlægð á meðan seljendur áttu fasteignina. Við afhendingu eignarinnar þann 30. júní 2022 hafi annar seljanda nefnt það við M að seljendur hefðu rifið niður garðskálann. Í framhaldinu sendu kaupendur tölvupóst á seljanda og fasteignasala, dags. 3. júlí 2022, og spurðust fyrir um það hvort garðskálinn hefði verið inni í uppgefinni fermetratölu. Í ljós kom svo að garðskálinn var 19,88 fermetrar og hafði hann verið inni í uppgefinni fermetratölu við sölu. Fasteignin var því einungis um 190 fermetrar en ekki 209 eins og kom fram í sölugögnum. Hafði sami fasteignasali áður haft milligöngu um sölu á sömu fasteign, þ.e. þegar seljendur keyptu fasteignina á árinu 2012. Í því sölufirlit stendur að garðskálinn sé óskráður. Gerðu M kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V á þeim grundvelli að fasteignasaliinn beri ábyrgð á tjóni M sem felst í því að fasteignin er minni en getið var um í sölufirliti. V hafnaði greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 1. júní 2023 m.a. á þeim grundvelli að kynning á húsinu, þ.m.t. fermetraverð hafi verið í samræmi við opinber gögn og upplýsingar frá fyrri eiganda.

M vísar máli sínu til stuðnings til ýmissa ákvæða laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa og telja að X hafi sýnt af sér gáleysi við sölumeðferð á fasteigninni A. Nánar tiltekið hafi það verið gáleysi að kanna ekki hver rétt fermetrastærð fasteignarinnar væri enda hafði A tilefni til þess þar sem A vissi að viðbyggingin hafði verið við fasteignina sem síðar hefði verið fjarlægð. Auðvelt hefði verið fyrir A að nálgast nýjustu teikningar og gögn um fasteignina en þar sést rétt fermetratala. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli 379/2022 til frekari stuðnings. Þá vísar M til þess að þau hafi sinnt skoðunarskyldu sinni en sjáanleg ummerki um garðskálann voru lítil sem engin og ómögulegt er að átta sig á nákvæmum fermetrafjölda eignar við skoðun. Tjón M felst í því að fasteignin sé tæpum 20 fermetrum minni en látið var í ljós við kaup og á þessu stigi málsins er einungis verið að krefjast viðurkenningar á bótaskyldu. Fermetraverð er stór þáttur í verðlagningu nær allra eigna og hefur því ávallt einhver áhrif á kaupverð. Í tilviki M er eignin um 10% minni. M hafi fengið þriggja milljón króna afslátt vegna þessa frá seljendum eignarinnar en telja tjón sitt vera meira en seljendur voru tilbúnir að fallast á sem afslátt og er því gerð krafa í starfsábyrgðartryggingu fasteignasala.

V hefur eins og fyrr segir hafnað greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Afstaða V byggir á því í fyrsta lagi að allar þær upplýsingar sem X veitti um stærð fasteignarinnar voru í samræmi við opinberar skráningar. X uppfyllti því skilyrði b-liðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Fasteignasalar beri ekki skadabótaábyrgð á því ef opinber skráning reynist röng og/eða ófullnægjandi. Þá hafi X ekki fengið upplýsingar frá seljendum um að garðskálinn hafi verið fjarlægður í þeirra eignatíð. Þá báru skráningar á fasteigninni ekki með sér að stærð garðskálans sem reistur var árið 1986 væri innifalinn í fermetratölu hennar, heldur kemur þar fram að íbúðarhúsið sem byggt var árið 1964 sé 160,9 fermetrar og að bílskúr sem byggður var árið 1964 sé 48,0 fermetrar. Samtals hafi íbúðarhús og bílskúr frá árinu 1964 því verið 208,9 fermetrar samkvæmt opinberri

skráningu Þjóðskrár. Vísar V til þess í öðru lagi að samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 hafi verið óheimilt að rífa garðskálann án byggingarleyfis, sbr. einnig grein 2.3.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Það hafi seljandinn vanrækt sem svo hafi leitt til rangrar skráningar húseignarinnar í opinberum skrá. Í þriðja lagi hafi ekki verið sýnt fram á annað en að upplýsingar í söluyfirliti hafi verið í samræmi við opinber gögn og þær upplýsingar sem X fékk frá seljendum. Þá voru hinir meintu gallar á eigninni ekki sýnilegir við sjónskoðun. Að lokum liggi ekki fyrir matsgerð eða önnur gögn um hið meinta tjón M.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að samkvæmt b-lið 2. mgr. 11. gr. og 13. gr. laga um sölu fasteigna og skipa er gerð krafa um að fasteignasali kynni sér teikningar af fasteigninni, sbr. einnig mál nefndarinnar nr. 379/2022. Hafði X einnig haft sérstaka ástæðu til að velta fyrir sér hvað hefði orðið um þá fermetra sem augljóslega voru rifnir þar sem hún þekkti eignina vel eftir að hafa áður selt þetta sama hús árið 2012. Hafi X ekki þurft neinar upplýsingar frá seljendum um að garðskálinn hafi verið fjarlægður, eðlileg sjónskoðun hefði nægt og gefið X tilefni til þess að athuga skráningu á stærð eignarinnar betur sem og að kanna hvort að tilskyld leyfi lægju fyrir vegna niðurrifsins.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að í gögnum á þeim tíma sem X sá um sölu á eigninni árið 2012 hafi komið fram að sólskálinn væri ekki inni í birtri stærð eignarinnar. X hafði þ.a.l. enga ástæðu til að ætla annað en að skráð stærð hússins í opinberum skrá væri rétt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort fasteignasali X hafi í störfum sínum valdið M tjóni sem rekja megi til saknæmra athafna eða athafnaleysis hans, þannig að bótaskylda stofnist úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í b-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að teikning er sýni fyrirkomulag innan húss skuli jafnframt vera fyrir hendi svo og lóðaruppdráttur sé hann til. Í 1. mgr. 12. gr. kemur m.a. fram að fasteignasali skuli sækja upplýsingar í opinberar skrá og skýrslur ef unnt er. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðiþjónustu.

Fyrir liggur að í opinberum skrá, var stærð eignarinnar sögð vera 208,9 fermetrar sem skiptist þannig að íbúð er skráð 160,9 fermetrar og bílskúr 48,0 fermetrar. Þá er einnig óumdeilt að raunstærð eignarinnar er um 190 fermetrar og því tæplega 20 fermetrum minni en fram kom á söluyfirliti eignarinnar. Samkvæmt gögnum sem M hefur lagt fram í málinu hefur það ekki verið meginregla við skráningu fasteigna í því hverfi sem fasteignin A er staðsett, að skrá viðbyggingu eða viðbótarrými sérstaklega, líkt og X hélt fram, heldur virðist sem fermetrafjöldi viðbyggingar hafi almennt verið bætt við heildarfermetra íbúðarrýmis. Mátti X vera það ljóst í ljósi sérfræðiþekkingar sinnar að skráning á viðbyggingum í opinberum gögnum gæti verið mismunandi. Í ljósi þess að X þekkti vel til eignarinnar og hafði komið að sölu hennar þegar umrædd viðbygging var hluti af henni, var X í lófa lagið að kynna sér fyrirbyggjandi teikningar eignarinnar til þess að ganga úr skugga um að viðbyggingin hefði bæði verið skráð og afskráð á réttan hátt í opinberum skrá. Hefði það verið gert hefði rétt stærð eignarinnar legið fyrir enda kemur fram á aðaluppdráttum frá árinu 1962 að húsið sé í heild 190 fermetrar en ekki 208,9 fermetrar. Verður því fallist á það með M að fasteignasali X hafi sýnt af sér gáleysi í störfum sínum hvað þetta varðar, sérstaklega í ljósi fyrri þekkingar sinnar á umræddri eign.

Hins vegar liggur fyrir að M fengu afslátt af kaupverði að fjárhæð kr. 3.000.000 frá seljendum eignarinnar vegna stærðarfráviksins. Hefur M ekki sýnt fram á, með álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila eða með öðrum hætti, að umfang tjóns þeirra sé meira en sem nemur þeim afslætti. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Varðandi vísun M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 379/2022 þá var í því máli fyrirséð miðað við fyrirbyggjandi gögn að M yrði fyrir fjártjóni vegna gáleysis fasteignasalans. Í því máli sem hér er til umfjöllunar er ekki fyrirséð að M hafi

orðið fyrir frekari tjóni en þegar hefur verið bætt af hálfu seljenda. Er þarf af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um viðurkenningu á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 285/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V) og (tjónsuppgjörsmiðstöð)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Gildissvið laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf tjónsuppgjörsmiðstöðvar dags. 8. september 2023.
4. Tölvupóstur M dags. 11. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni 2. ágúst 2021 þegar hann féll af rafskútu (rafhlaupahjól). Í máli nefndarinnar nr. 467/2021 var fjallað um kröfu M í ábyrgðartryggingu fyrirtækisins sem átti rafskútuna og var niðurstaðan sú að M ætti ekki rétt til bóta úr þeirri váttryggingu.

M telur með þessu málskoti að ágreiningur sé milli hans og V á þeim grundvelli að V hafni því að rafskútan sem hann slasaði á hafi ekki verið skráningarskylt vélknúð ökutæki heldur reiðhjól. Því er M ekki sammála og telur skaðabótaskyldu V fyrir hendi. Ef ekki verði fallist á bótaskyldu verði tjónsuppgjörsmiðstöð að bera tjónið. M bendir á að allt bendi til þess að rafskútur séu hættulegustu ökutæki sem séu á ferðinni í dag og telur þau falla undir b.lið 18. liðar 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M byggir á því að hið vélknúna ökutæki sem M hafi leigt hjá eiganda þess hafi komist vel yfir 25 km á klst. og því liggja fyrir ábyrgð V sem verið að afsanna með því að leggja fram upplýsingar um að ökutækið hafi ekki komist hraðar en 25 km á klst. M byggir einnig á því að eigandi rafskútunnar hafi verið dreifingaraðili vöru í skilningi laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Varðandi bótaskyldu tjónsuppgjörsmiðstöð bendir M á 28 tl. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem og 47. tl. sömu greinar. Einnig vísar M til laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/219, nánar tiltekið til 7., 4. og 6. gr. ásamt 2. mgr. 15. gr. um óváttryggð og óþekkt ökutæki sem og innleiðingu á EES tilskipun 2009/103/EB. Byggir M á því að undanþága laga um ökutækjatrýggingar og umferðarlaga um að létt bifhjól séu ekki skráningarskyld sé ekki undanþága frá því að hlutlæg ábyrgð sé fyrir hendi frá viðkomandi tjónsuppgjörsmiðstöð. Einnig er áskorun í málskoti m.a. um framlagningu leigusamning vegna rafskútunnar, upplýsingar um kaup á henni og framleiðanda og framleiðsluár.

V vísar í fyrsta lagi til þess að málatilbúnaður M varði í raun ábyrgðartryggingu eiganda rafskútunnar en ágreiningur um bótaskyldu úr þeirri váttryggingu hafi verið útkljáður í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 467/2021. Ekki séu skilyrði til endurupptöku skv. 12. samþykktu nefndarinnar og verði því að vísa málinu frá. Auk þess telur V að kröfugerð og málsástæður M séu svo samhengislausar og óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. g.lið 4. gr. sömu samþykktu. V hafnar auk þess því sem kemur fram í málskoti um að rafskútan hafi komist hraðar en 25 km á klst og sé skráningarskylt ökutæki. Um rafskútuna gildi ekki strangar bótareglur laga um ökutækjatrýggingar eða váttryggingarskylda skv. sömu lögum. auk þess gildi ekki hlutlægar ábyrgðareglur um slys ökumanna.

tjónsuppgjörsmiðstöð hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að rafskúta sú sem m ók þegar hann slasaðist sé í mesta lagi skilgreint sem létt bifhjól í flokki i, en það séu bifhjól sem eru ekki hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klst., sbr. 28. tl. 1.mgr. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar. tjónsuppgjörsmiðstöð telur að rafskútan teljist til reiðhjóls í skilningi c. liðar 30. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar þar sem komi fram að vélknúin ökutæki sem ekki teljist til léttra bifhjóla sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 6 km upp í 25. km hraða á klst séu t.d. vélknúin hlaupahjól. engin váttryggingarskylda hvíli á slíkum tækjum og þegar af þeirri ástæðu geti ekki komið til greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar. auk þess bendir tjónsuppgjörsmiðstöð á að til þess að bótaskylda stofnist skv. 2. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar byggist á því að ekki hafi verið tekin ábyrgðartrygging ökutækis eða hún fallið niður. m hafi ekki getað gert bótakröfu í ábyrgðartryggingu heldur slysatrýggingu ökumanns en vernd 2. mgr. 15. gr. nái ekki til slíkra trygginga, eða frekar þess að slík trygging hafi ekki verið í gildi. einnig vísar tjónsuppgjörsmiðstöð til 4. og 6. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Álit.

Ágreiningur málsins er margþættur af málskoti M að dæma en hverfist að mati nefndarinnar um hvort rafskúta sú, sem M féll af og hlaut vegna þess líkamstjón, sé skráningarskylt ökutæki í skilningi laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Í 7. tl. 3. gr. laganna segir að ökutæki merki í lögnum skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Í umferðarlögum nr. 77/2019 er í 30. tl. 3. gr. laganna fjallað um skilgreiningu á því sem telst til reiðhjóls í skilningi laganna. Þar kemur fram í c. lið umrædds 30. tl. reiðhjól sé meðal annars vélknúið hlaupahjól, en þar sé um að ræða lítið ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst upp í 25 km á klst.

ekki er að mati nefndarinnar hægt að túlka umræddan tölulið sem á að skýra hvað átt sé við með orðsins „reiðhjól“ að notkun orðalagsins „lítið ökutæki“ geri það að verkum að hægt sé að líta svo á að um sé að ræða „skráningarskylt ökutæki skv. umferðarlögum“ eins og vísað er til í fyrnefndum 7. tl. 3. gr. laganna. Verður því ekki fallist á að rafskútan hafi verið skráningarskylt vélknúið ökutæki í skilningi umferðarlaga og af því leiðir að ábyrgðarreglur 4. og 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar eða ákvæði 6. gr. sömu laga gilda ekki um eigendur rafskúta og orðalag 7. gr. um létt bifhjól í flokki i hefur ekki áhrif á þá túlkun. ekki er heldur hægt að líta svo á að vátryggingaskylda hafi hvílt á eiganda rafskútunnar skv. 10. gr. laga um ökutækjatrýggingar og þar af leiðandi kemur ekki til greiðslu af hálfu tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 2. mgr. 15. gr. laganna. Þegar af þeirri ástæðu á m engan rétt til bóta frá v eða tjónsuppgjörsmiðstöð.

Annað sem kemur fram í málatilbúnaði M leiðir heldur ekki til bótaskyldu af hálfu V eða tjónsuppgjörsmiðstöð.

Niðurstaða.

M, á hvorki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V né frá tjónsuppgjörsmiðstöð.

Reykjavík, 3. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 286/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið laga.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi leitað til X vegna blöðru á tungurótargangi en jafnframt hafi hún tjáð X að hún væri háð nefspreyi vegna nefstíflu og hefði verið það um nokkurn tíma. X hafi þá ráðlagt henni að fara í aðgerð en hægt væri að framkvæma aðgerð á tungurótargangi og nefi í einni og sömu aðgerðinni. Hafi aðgerðin farið fram hinn 29. nóvember 2019. Aðgerðin á tungurótargangi hafi gengið vel en hins vegar hafi nefaðgerðin leitt til fylgikvilla fyrir M og sé hún í raun verri eftir. Hafi M því krafist bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 2. gr. og eftir atvikum 3. tl. sama ákvæðis laga nr. 11/2000 um sjúklingatryggingu, en V hafnað kröfu hennar með bréfi dags. 19. ágúst 2022. M vísar til þess að í júlí 2021 hafi embætti Landlæknis að eigin frumkvæði ákveðið að hefja rannsókn á starfsháttum X á tímabilinu 1. september 2019 til 30. nóvember 2019. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hafi verið sú að aðgerð á nefi M hafi í raun verið óþörf. Þá hafi óháður sérfræðingur sem embættið fól að veita umsögn sérstaklega vegna umræddrar aðgerðar gert athugasemd við framkvæmd aðgerðarinnar, en jafnframt hafi komið fram í umsögninni að almennt sé árangur septumplastík, þ.e. umræddrar aðgerðar, frekar slæmur og ákveðnir áhættuþættir hafi ekki verið útilokaðir fyrir framkvæmd hennar á M. Sá sérfræðingur hafi ekki talið sennilegt að núverandi einkenni M væri að rekja til aðgerðarinnar en þó hafi hann ekki útilokað það og ekki sett fram neina aðra mögulega skýringu þeirra. M upplifi enn verki vegna aðgerðarinnar og sé óskiljanlegt að V telji ekki sýnt fram á orsakatengsl þeirra við aðgerð sem upplýst sé að mistök hafi verið gerð við. Enda sé engin önnur skýring tæk en að um sjaldgæfa aukaverkun sé að ræða. Í ljósi þess að um ný einkenni, sem ekki hafi verið til staðar fyrir aðgerðina, sé að ræða svo og þess að ljóst sé að aðgerðin hafi ekki einasta verið ranglega undirbúin og framkvæmd heldur einnig í raun tilefnislaus, sé ótækt að M beri hallann af þeim sönnunarskorti sem V telji fyrir hendi. Af framangreindu leiði að það hvíli á X og V að sýna fram á hvað annað en umrædd aðgerð geti skýrt einkenni M.

Í bréfi V, váttryggjanda X, kemur fram sú afstaða að gögn málsins renni ekki stoðum undir það að orsakatengsl séu milli umræddrar aðgerðar og einkenna sem M lýsi. Ekki virðist samfella í sjúkrasögu M þar sem hún minnst ekki á verk í nefi fyrir en tveimur árum eftir nefnda aðgerð. Í álitni Landlæknis séu gerðar athugasemdir við að ekki hafi verið ábending fyrir skekkjuleiðréttingu vegna ofnotkunar M á nefdropum, en fyrst þurfi sjúklingur að venja sig af nefdropum í marga mánuði svo hægt sé að átta sig á því hvort ábending sé fyrir aðgerð. Skekkja ein og sér sé ekki tilefni aðgerðar láti einkenni ekki undan annarri meðferð. Þá segi í álitinu að septum hluti aðgerðarinnar hafi verið rangt gerður þar sem aðeins hafi verið brotið upp og ekki skurðir og í ljósi þess séu reikningar ekki réttir. X mótmæli þessum niðurstöðum að nokkru leyti enda hafi sannanlega verið búið að reyna aðra meðferð en það ekki dugað til. Hafi því verið tilefni til aðgerðar og liggi fyrir undirritað samþykki M fyrir henni. Það að reikningar hafi verið rangir komi þá sjúklingatryggingarkröfu M ekki við. Þá komi fram í álitni Landlæknis að embættinu sé ekki kunnugt um hvaða áhrif aðgerðin hafði í tilvikum M eða hvort mein eða fylgikvilli hafi hlotist af henni. Ráðgefandi læknir V taki þá undir að frekar óljóst sé af hverju M sé með verk í nefi. Eina gagnið þar sem fram komi að M lýsi slíkum einkennum frá nefi sé göngudeildarnóta dags. 15. nóvember 2021, þar sem hún lýsi eymslum í nefrót, eymslum eða verkjum við að setja á sig farða og bera gleraugu og viðkvæmni fyrir snertingu. Í umræddri komunótu komi jafnframt fram að viðkomandi læknir telji sig ekki geta tengt þau einkenni við aðgerðina og að þau gætu stafað af öðrum ástæðum. Þá komi fram að M upplifi afar litla stíflu frá nefi og sé hætt notkun nefdropa. Þar sem ekki verði ráðið að M hafi hlotið tjón af meðferðinni sem hún gekkst undir hjá X sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram sú afstaða að athugasemdir X sjálfs hafi eðli máls samkvæmt takmarkað vægi svo og ályktanir ráðgefandi læknis sem starfi fyrir V. Hafi M ekki verið með nein þessara einkenna fyrir umrædda aðgerð og því langlíklegast að þau sé að rekja til aðgerðarinnar og ekkert sem bendi til þess að þau sé að rekja til nokkurs annars. Það að Landlækni hafi ekki verið kunnugt um einkenni M feli það þá ekki í sér að einkennin séu ekki til staðar eða að þau verði ekki rakin til aðgerðarinnar. Það að M hafi samþykkt að gangast undir aðgerðina, en um sé að ræða undirritun staðlaðs og víðfeðms skjals, geti þá engin áhrif haft á hugsanlegan bótarétt hennar, enda mundu sjúklingar almennt veigra sér við að gangast undir aðgerðir væri það raunin.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum tölulíðum. Af gögnum málsins má ráða að M byggi kröfu sína á 1. tl. og eftir atvikum 3. tl., en þeir eru svohljóðandi:

„1. Átla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. 3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vöð var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.“

Fyrirliggjandi er bréf Landlæknisembættisins, dags. 26. júlí 2021, þar sem lýst er rannsókn embættisins á starfsháttum X, en tveimur óháðum sérfræðingum var falið að rannsaka sjúkragögn vegna tiltekinna aðgerða sem X framkvæmdi á ákveðnu tímabil, þ.á.m. aðgerðar þeirrar sem M gekkst undir 29. nóvember 2019. Kemur fram að alvarlegar athugasemdir séu gerðar við að ekki hafi verið ábending fyrir umræddri aðgerð enda hefði ekki átt að meta ábendingu fyrir aðgerð fyrr en mörgum mánuðum eftir að sjúklingur hefði vanið sig af nefdropum. Í tilviki M hafi liðið tveir mánuðir. Þá sé skekkja í miðnesi ekki ábending aðgerðar nema til komi einkenni sem ekki láti undan annarri meðferð. Í umsögn óháðs sérfræðilæknis, dags. 25. júlí 2023, sem embætti Landlæknis fól að veita umsögn um kvörtun M er tekið undir fyrrgreinda niðurstöðu um að ekki hafi verið nægilega vel staðið að mati á ástæðum nefstífla eða árangri af lyfjameðferð áður en ákvörðun var tekin um aðgerðina auk þess sem aðgerðartæknin sem valin var hafi ekki verið líklegust til árangurs. Að mati nefndarinnar liggur því nægilega fyrir að meðferð M hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið, sbr. 1. tl 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu, enda verður ekki annað lesið úr niðurstöðu hinna óháðu sérfræðinga en að umrædd aðgerð hafi í öllu falli verið ótímabær. Þá liggur ekki fyrir hvort einkenni M, þ.e. þralát nefstífla sem leitt hafði til ofnotkunar nefdropa, hefði látið undan með inngrípsminni meðferð, en gagnvart fyrrgreindum niðurstöðum óháðra sérfræðinga verður eðli máls samkvæmt að taka mati X um nauðsyn aðgerðarinnar með nokkrum fyrirvara. Verður þá að taka undir það með M að samþykki M fyrir aðgerð breytir engu um þá niðurstöðu og liggur ekki annað fyrir en aðgerðin hafi verið framkvæmd samkvæmt ráðleggingum X sem M leitaði til sem sérfræðilæknis.

Hins vegar stendur þá eftir að meta hvort einkenni þau sem M lýsir frá nefi, þ.e. eymсли og verkir, sé að rekja til umræddrar aðgerðar en svo bótaskylda stofnist þarf að öllum líkindum að mega rekja þau til umræddrar aðgerðar. Í fyrrgreindri umsögn um kvörtun M til Landlæknis kemur fram að ólíklegt teljist að þeir langvinnu verkir og eymсли í nefrót sem M lýsi verði rakin til meðferðarinnar þó ekki sé hægt að útiloka það. Það sé afar sjaldgæf aukaverkun eftir septumplastik og í tilviki M hafi verið um mjög takmarkaða aðgerð að ræða sem ekki ætti að valda slíkum skaða. Hvað varðar önnur sjúkragögn þá liggur fyrir göngudeildarnóta vegna saumatöku dags. 5. desember 2019 og kemur ekki fram þar að M hafi kvartað undan einkennum í kjölfar aðgerðarinnar. Einnig liggur fyrir göngudeildarnóta háls-, nef- og eyrnalæknis sem M leitaði til hinn 15. nóvember 2021, og kemur þar fram að viðkomandi læknir geti „ekki alveg tengt verkina í nefrótinni við septum. Eymslin gætu stafað frá periosteum.“ Af framlögðum læknisfræðilegum gögnum verður því ekki talið nægilega sýnt fram á að einkenni M megi að öllum líkindum rekja til umræddrar aðgerðar, og verður hún að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 287/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Lágmark örorku.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að M varð fyrir frítímaslysi þann 17 febrúar 2019. Var hún með frítímaslysáttryggingu sem hluta af fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Stóðu V og lögmaður M sameiginlega að öflun matsgerðar vegna afleiðinga slyssins og samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð var læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins hæfilega metin 13%. Í skilmálum váttryggingarinnar er kveðið á um 15% þröskuld fyrir greiðslu bóta. Upplýsti V í tölvupósti 18. ágúst 2022 að ekki kæmi til greiðslu úr tryggingunni og að félagið liti svo á að um væri að ræða „lokauppgjör“ á tjóninu. M hyggst á síðari stigum, afla nýrrar matsgerðar um afleiðingar slyssins og því nauðugur einn sá kostur að beina afstöðu V til nefndarinnar. Er það gert bæði til að forða glötun bótaréttar skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og einnig til að rjúfa fyrningu bótakröfu sinnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Gerir M því kröfu um að nefndin felli á brott neikvæða afstöðu V og viðurkenni greiðsluskyldu V úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V í samræmi við niðurstöður fyrirbyggjandi matsgerðar.

V vísar til skilmála váttryggingarinnar og þess að sambærilegir skilmálar hafi verið taldir eðlilegir á sínu sviði. M eigi ekki rétt til bóta úr frítímaslysáttryggingu vegna atviksins þar sem metin örorka samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð sé undir 15% lágmarki læknisfræðilegrar örorku skv. skilmálum.

Álit.

Samkvæmt grein 6.2.2. í IV. kafla váttryggingarskilmála þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir eru ekki greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð sem ekki hefur verið hnekkt, er varanleg læknisfræðileg örorka M vegna slyssins þann 17. febrúar 2019, metin 13%. Nær læknisfræðileg örorka M því ekki tilskyldu lágmarki samkvæmt fyrrgreindu ákvæði váttryggingarskilmála V. Umrætt ákvæði er skýrt og er hluti af váttryggingarsamningi M við V. Á M því ekki rétt á frekari bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar, hjá V.

Reykjavík, 3. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 288/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Ekið á rangan vegarhelming.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 21. september 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð á Hálsasveitarvegi þann 27. október 2022 milli bifreiðarinnar A, sem Y ók og bifreiðarinnar B. Bifreiðin A er í eigu M. Lögregla var kölluð á vettvang vegna atviksins og eru skýrslur hennar og ljósmyndir meðal málgagna. Um var að ræða mjög harðan árekstur og var ökumaður B fluttur með sjúkraflugi á bráðamóttöku Landsspítalans í kjölfar árekstursins. Á vettvangi var mjög mikil hálka og áttu viðbragðsaðilar erfitt með að fóta sig á veginum. Í lögregluskýrslu er haft eftir Y á vettvangi að hann hafi ekið vörubifreiðinni A suður Hálsasveitarveg þegar hann mætti bifreiðinni B sem ekið var í gagnstæða átt. Fann hann högg koma á tengivagn bifreiðar sinnar. Kveðst hann hafa litið í baksýnisspegilinn til að athuga hvort tengivagninn væri enn fastur við vörubifreiðina en áttað sig á að bifreiðin B var utan vegar. Stöðvaði hann þá bifreið sína og hlúði að öikumanni B. Rúmum tveimur mánuðum eftir atvikið var tekin skýrsla af öikumanni B. Þar kemur fram að hann hafi verið á leið í Húsafell og búinn að stilla hraðastilli bifreiðarinnar á 90 km hraða. Hann hafi mætt tveimur bifreiðum og hægt á sér og séð að mikil hálka var á veginum framundan. Hann hafi séð vörubifreið koma á móti sér og taldi hann sig hafa verið á lítilli ferð, kannski um 60 km hraða, þegar hann mætti vörubifreiðinni. Þegar hann hafi verið kominn framhjá ljósgeislum A hafi hann séð að tengivagn B var hálfur inni á hans akrein og hefði hann þá reynt að beygja frá og keyra út af veginum en þá fengið mikið högg á bifreiðina. Lögregla lét lesa af ökurita bifreiðarinnar A og var niðurstaða greiningar gagna úr ökurita sú að bifreiðinni hafi verið ekið á bilinu 49 til 55 km/klst. þegar slysið átti sér stað. Ekkert sýndi fram á brot gegn ákvæðum reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma öikumanna né notkun á ökurita. Hvorki þennan dag né dagana á undan. Niðurstaða vettvangsrannsóknar var sú að rannsóknin styðji við framburð öikumanns B um að afturendi tengivagns bifreiðarinnar A hafi verið kominn yfir miðlínu þegar slysið varð, en ekki sé hægt að segja til um það með fullri vissu þar sem ekki var mögulegt að merkja för eftir tengivagninn á vettvangi. Brakdreifing á vettvangi auk holdtægja sem fundust á veginum hafi bent til þess að slysið hafi orðið aðeins hægra megin við miðlínu vegar miðað við akstursstefnu B. Ökumaður A hafi hins vegar ekki orðið var við að tengivagninn rynni til. Ekkert hafi bent til óvarlegs aksturs annars hvors öikumann.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A (Y) bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur vinnubrögð við gerð lögregluskýrslu hafi verið ámælisverð. Sönnunargögn á vettvangi voru ekki til staðar, hjólför eða slíkt og er M látinn bera hallan af slæmum vinnubrögðum lögreglu. Ástand bifreiðarinnar A og bílstjórans Y hafi verið óaðfinnanlegt. Varðandi aksturslag A þá hafi bifreiðin verið í aflíðandi hægri beygju og því allar líkur á að ferill vagnsins beinist frá miðlínu fremur en inn á miðlínu. Vísar M til þess að samkvæmt lýsingu öikumanns B hafi hann verið rétt að koma fram hjá ljósgeislum A og því mögulega sjálfur ekki á réttum stað á sínum vegarhelmingi og/eða misreiknað stöðu eftirvagn með öðrum hætti. Varðandi túlkun lögreglu á brakdreifingu bendir M á að brakdreifing hægra megin sé engin sönnun á staðsetningu flutningtjónsuppgjörsmiðstöðls á vegum, heldur geti það ráðist af eðlisfræði hvert brak dreifist og flýgur. Til dæmis sést að við samstuð ökutækjanna leitar ökutæki til hægri út af veginum og því líklegt að annað efni sem í árekstrinum varð leiti þangað líka, þ.e. hægra megin miðlínu. Ályktunin sé órökstudd. Þá var ekki kannað það sjónarmið öikumanns A að orsök óhappsins hafi verið sú að mikil hálka var á vettvangi og að fát hafi komið á öikumann B sem hafi orðið til þess að hann hafnaði á vinstra afturhorni eftirvagnsins.

Í tölvupósti V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að V muni ekki taka sérstaka afstöðu til sakarskiptingar.

Álit.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslum kemur fram að mikil hálfka var á vettvangi. Gögn sýna að bifreiðinni A var ekið á 49-55 km/klst. hraða en engin gögn liggja fyrir um ökuhraða B, önnur en frásögn ökumanns. Samkvæmt framburði ökumanns B hafi hann verið búinn að hægja verulega á bifreiðinni áður en árekstur varð, bæði vegna aðvífandi umferðar og vegna hálku á vegi. Ekkert kom fram í rannsókn málsins sem benti til þess að ökumenn beggja bifreiða hefðu vanmetið aðstæður eða á nokkurn máta ekið óvarlega í aðdraganda slyssins. Á vettvangi var ekki hægt að sjá með vissu för eftir vörubifreiðina eða tengivagninn þar sem umferð viðbragðsaðila, sjúkrabifreiða og annarra björgunarbifreiða hafði spillt förum á vettvangi. Brakdreifing var hægra megin við miðlínu og er það niðurstaða rannsóknar lögreglu að vettvangsrannsókn styðji við framburð ökumanns B um að afturendi tengivagns bifreiðarinnar A hafi verið kominn yfir miðlínu þegar slysið varð. Sérstaklega er tekið fram að ekki sé hægt að segja til um það með fullri vissu þar sem ekki var mögulegt að merkja för eftir tengivagninn á vettvangi. Jafnframt er það niðurstaða rannsóknar lögreglu að ekkert bendi til óvarlegs aksturs annars hvors ökumanns. Er niðurstaða rannsóknar lögreglu ekki afgerandi um hver orsök slyssins sé. Eru ályktanir um brakdreifingu ekki studdar neinum útreikningum eða gögnum. Þá er sérstaklega tekið fram að ekki sé hægt að segja til um það með fullri vissu og að ekkert hafi bent til óvarlegs aksturs annars hvors ökumanns. Er það afstaða nefndarinnar, að miðað við fyrirbyggjandi gögn, sé ekki tilefni til að leggja sök á árekstrinum á annan ökumanna umfram hinn. Verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 290/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 23. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. september 2023, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 5. október 2023, ásamt váttryggingarskilmálum og tölvupósti X, dags. 30. september 2023.
5. Seinni viðbótarathugasemdir M dags. 24. október 2023 vegna nýrra gagna með viðbótarathugasemdum V.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi óskað eftir þjónustu X við að losa stíflu úr frárennislögn við húseign hennar. Hinn 30. nóvember 2022 var unnið við það af hálfu X og saurblandað vatn fór upp um niðurfall í kjallara húseignar M. Í málskoti kemur fram sú lýsing atvika að frárennislögn hafi verið mynduð og skorið úr henni og í kjölfarið hafi X dælt miklu vatni inn í lögnina án þess að gæta þess að ekki myndi dælast upp úr lögninni eða hún væri í reynd laus við stíflur.

Í lýsingu X af atvikum kemur fram að starfsmenn X hafi myndað frárennislögnina og þannig séð rót í lögninni inni á lóð húseignar M. Starfsmenn X hafi þá notað svokallaðan rötarskera með slöngu sem knúinn er áfram með vatni í þeim tilgangi að skera rötina niður. Í skýringum X kemur fram að starfsmenn X hafi ekki vitað af nokkru magni blautþurrka í lögninni og verið var að dæla vatni í lögnina hafi blautþurrkurnar myndað tappa í lögninni sem hafi gert það að verkum að vatn náði ekki í brunn heldur hafi farið upp um niðurfall á húseign M og þar sem lögnin hafi verið stífluð hafi vatnið verið blandað saur.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á húseign sinni með því að dæla miklu magni vatns inn í lögnina án þess að gera frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatn dældist upp um niðurfall í húseign M.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni M og ekki sé sýnt að tjón M sé hægt að rekja til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi starfsmanna X. V vísar til þess að ekki hafi verið nokkur leið fyrir starfsmenn X að sjá blautþurrkur í frárennislögn á lóð M og að þeir hafi fylgt viðurkenndu verklagi við vinnu sína. V bendir á að vatni hafi ekki verið sprautað inn í lögnina heldur hafi rötarskeri verið knúinn af vatni og sé það venjuleg framkvæmd. Einnig telur V að í raun megi rekja tjón til háttsemi M þar sem nokkru magni af blautþurrkum hafi verið sturtað niður klósett í húseign hennar og hafi það að minnsta kosti átt þátt í að tjón varð, auk þess sem bannað sé að sturta þeim niður klósett.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að ítrekun þess að M hafi verið að heiman þegar starfsmenn X hafi verið að störfum og viti ekki hver vinnubrögð þeirra voru. M hafnar skýringum V á málsatvikum og vísar til þess að engin könnun hafi farið fram af hálfu V á ástæðum þess að flæddi upp úr niðurföllum húseignar M. Einnig vísar M til þess að starfsmenn X séu sérfræðingar í losun stíflna í lögnum en ekki hún og ekki hafi komið fram fullnægjandi skýringar á því hvers vegna lögn var ekki mynduð betur áður en ráðist var í aðgerðir, en telja verði það hluta af aðgæsluskyldu X. Einnig hafnar M því að sannað sé að blautþurrkur hafi stíflað lögn eða að tjón hennar sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi hennar sjálfrar. Einnig vísar M til sakarlíkindareglu og sönnunarbyrði sérfræðinga þannig að tjón hafi ekki orðið nema vegna háttsemi starfsmanna X og beri X sönnunarbyrði um að aðferðir hans hafi verið forsvaranlegar og aðgæsluskyldu hafi verið gætt. Einnig bendir M á að fyrirsvarsmaður X hafi gengist við því að um mistök hans hafi verið að ræða og tilkynnt tjón til V í því skyni að tjónið yrði bætt. Með viðbótarathugasemdum M fylgir greinin: „Advancement in flushable wipes: Modern technologies and characterization.“

Í viðbótarathugasemdum V kemur m.a. fram að félagið telji að sakarlíkindareglan eigi ekki við í málinu. Einnig er því mótmælt starfsmenn X hefðu átt að mynda frárennislögn báðu megin frá og vitnar til tölvupósts frá X, dags. 30. september sl. um að ekki sé hægt að mynda lögn sem er full af saur eða drullu þar sem slíkt setjist á linsu myndavélarinnar með þeim afleiðingum að ekkert sést. Einnig ítrekar V að mikið magn blautþurrka hafi verið í frárennislögn og að háttsemi M sé frumorsök tjóns. Einnig bendir V á að þó að starfsmenn X hafi aðstoðað við þrif og annað eftir tjónsatburð þýði það ekki að bótaréttur hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X.

Í seinni viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að skýr orsakatengsl séu milli framkvæmdar X og þess að saur fór að fljóta um í húseign hennar þar sem hann hafi ekki flotið þar um áður en X fór að vinna við að losa stíflu í frárennislögn. Eftir að X hafi unnið við lögnina hafi hins vegar húseign M fyllst af saur. M ítrekar fyrri sjónarmið sín um að sönnunarbyrði hvíli á X um málsatvik og að verklag hafi verið fullnægjandi. Ekki liggi skýrt fyrir að blautþurrkur hafi verið í frárennislögn auk þess sem hvergi komi fram í lögum eða reglugerðum að bannað sé að setja þær í klósett.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V er tekið fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan m.a. vegna skemmda á munum. Til þess að slík skaðabótaábyrgð sé staðreynd í máli M þarf að liggja fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að tjón M sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um það.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort vinnubrögð starfsmanna X hafi verið ófullnægjandi við það að losa stíflu í frárennislögn. Ekki liggja fyrir aðrar lýsingar af háttsemi starfsmanna X en frá fyrirtækinu sjálfu, þ.e. að við vinnu við að losa stíflu úr frárennislögn hafi verið notaður rötarskeri sem knúinn hafi verið af vatni og þannig hafi farið vatn inn í lögnina í því skyni að losa stíflu sem þar hafi verið. Ágreiningur er um hvort blautþurrkur hafi verið í frárennislögninni og að þær hafi myndað tappa í lögninni sem komið hafi í veg fyrir flæði vatns frá frárennislögn út í brunn ásamt því sem stíflaði lögnina. Einnig er ágreiningur um hvort nægar ráðstafanir hafi verið gerðar við myndatökum af lögninni.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvornig rétt er að bera sig að við þær aðstæður sem uppi voru á tjónsdegi í þeim skilningi að ekki liggur fyrir sérfræðialit sem hnekkir lýsingum X á orsökum tjóns M eða að vinnubrögð starfsmanna X hafi verið með einhverjum hætti ófullnægjandi. Skaðabótaábyrgð X getur komið til vegna sakarreglunnar eða eftir atvikum reglunnar um vinnuveitandaábyrgð skv. reglum íslensks skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð. Ekki verður byggt á sakarlíkindareglu, enda ekki sýnt að slík regla gildi um ábyrgð X. Við sakarmat ber að líta til þess að starfsmenn X sinna sérfræðipjónustu en ekki verður litið svo á sú sérfræðipjónusta snúi sönnunarbyrði að öllu leyti við hvað varðar skilyrði um sök, sem er grundvöllur þeirra bótareglna sem áður var vísað til, þ.e. sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Til þess að háttsemi teljist saknæm þarf að t.d. liggja fyrir að vikið hafi verið frá viðurkenndu verklagi eða aðgerðir starfsmanna X hafi með einhverjum hætti verið gáleysislegar m.v. stöðu þeirra. Til þess að staðreyna það þarf meira en þá staðreynd að saur hafi flætt upp úr niðurfalli húseignar M, sem ekki hafi verið þar áður en reynt var að losa um stíflu í frárennislögn. Engin gögn liggja fyrir sem styðja kröfur M um að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við störf sín eða að tjón á húseign hennar megi rekja til atvika sem X ber að öðru leyti skaðabótaábyrgð á. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M sem hefur ekki með nægilega skýrum gögnum sýnt fram á skaðabótaábyrgð X og á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.

Mál nr. 291/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. október 2023, ásamt gögnum frá Veðurstofu Íslands.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa fallið í hálfu við aðalinngang verslunar X, austan megin við hús verslunarinnar, upp úr hádegi hinn 7. febrúar 2023.

M telur að X beri ábyrgð á líkamstjóni sem hún varð fyrir við fallið en að erlendir ferðamenn hafi séð atvikið og þegar eiginmaður M hafi sótt verslunarstjóra X eftir fall M þá hafi þau bæði fallið í hálfu á sama stað. Auk þess hafi verslunarstjóri X lofað að sanda við þennan inngang sem hafði ekki verið gert fyrir um morguninn. M vísar til ljósmyndar sem hún tók rétt áður en hún féll þar af aðstæðum og samskipti sín við vinkonu sína eftir fallið. M telur að ljósmyndin sýni að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar, gönguleið að umræddum inngangi verið hál og ekki sé að sjá að sandað hafi verið þrátt fyrir fullyrðingar starfsmanna X. Einnig vísar M til þess að hún hafi séð fleiri ferðamenn detta á sama stað. M bendir á að almennt séu lagðar ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna að gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leggja leið sína um þær og vísar til dómaframkvæmdar um bótaábyrgð vegna þessa. Einnig vísar M til þess að umrædd skylda sé sérstaklega mikilvæg þegar um sé að ræða fjölsóttu staði sem almenningur er líklegur til að sækja, svo sem verslunarhúsnæði.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að inn í verslun X séu þrír inngangar og enginn af þeim sé skilgreindur sem aðalinngangur. V vísar einnig til þess að mokað hafi verið við alla innganga og sandað að morgni en veður hafi verið þannig á tjónsdegi að hálkublettir hafi getað myndast fljótt og ekki hægt að halda stíg að inngöngum algjörlega hálkufríum. Ógjörningur hafi verið fyrir starfsmenn X að bregðast við ísmyndunarblettum sem komi og fari við slíkar veðurfarsaðstæður. Einnig bendir V á að ekki sé fyllilega sannað hvar M féll og þar sem vísað sé í samskipti við ferðamann sem hafi runnið í hálfu í málskoti sé enginn eiginlegur vitnisburður um nákvæma staðsetningu þess eða að það hafi gerst við inngang verslunar X. V vísar til þess að það megi ekki ráða af ljósmyndum af vettvangi að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar og ekki liggi fyrir upplýsingar hjá X um önnur slys þennan dag. Auk þess bendir V á að sá verslunarstjóri sem M kveðst hafa rætt við á tjónsdegi hafi ekki verið við vinnu þann dag vegna veðurs.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram áréttning um að inngangur sá sem M ætlaði að ganga inn um hafi verið eini inngangurinn sem leiddi beint inn í verslun X. Einnig áréttar M að fullyrðingar um að sandað hafi verið að morgni fái ekki staðist og aðstæður hafi verið hættulegar, t.d. vegna veðurs. M vísar til þess að ekki hafi verið úrkoma skv. gögnum frá Veðurstofu og þannig hafi ekki getað fennt skyndilega yfir það sem sandað hefði verið, en enginn sandur hafi verið sýnilegur á þeirri leið sem M gekk um.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. áréttað að þær myndir sem M hafi lagt fram með málskoti sýni að það var búið að moka vel fyrir utan verslun X þann dag sem hún féll, en í febrúar megi búast við hálfu á gönguleiðum m.v. íslenskar veðurfarsaðstæður. Einnig hafi X gert allar þær ráðstafanir sem hægt hefði verið að gera til að tryggja öryggi viðskiptavina verslunar X og ekki hafi verið lögð fram sönnunargögn sem sýna annað.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V er tekið fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan m.a. vegna líkamstjóns. Til þess að slík skaðabótaábyrgð sé staðreynd í máli M þarf að liggja fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að tjón M sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um það.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort aðstæður fyrir utan verslunarhúsnæði X hafi verið til þess fallnar að fela í sér slyshættu og hvort nægar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu X til að takmarka þá hætti m.v. aðstæður og eðli starfsemi sinnar. Í því samhengi verður að liggja fyrir hvar slys eiga sér stað og með hvaða hætti. Engar samtímalýsingar frá öðrum en M og maka hennar liggja fyrir um hvar M féll. Engin staðfesting liggur heldur fyrir frá starfsmönnum X um staðsetningu fallsins. Verður því ekki hægt að leggja til grundvallar með fullri vissu um hvar nákvæmlega M féll og hverjar aðstæður þar voru.

Vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir m.v. fyrirbyggjandi sönnunargögn að sérstakar ráðstafanir af hálfu X hafi verið gerðar eftir slysið í kringum verslunarhúsnæðið, eða ef þær hefðu verið gerðar fyrir slysið, að það hefði komið í veg fyrir fall M í greint sinn. Ekki verður heldur ráðið að aðstæður hafi almennt verið með þeim hætti að bregðast hefði átt við þeim með öðrum hætti en gert var af hálfu X. Í því samhengi verður að benda á að ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um að önnur slys hafi orðið áður en M féll eða annað gerst sem hefði getað lagt frekari skyldur á starfsmenn X. Verður því ekki talið nægilega sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M hinn 7. febrúar 2023, verður það rakið til óhappatilviks og greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 295/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Rekstrarstöðvunartrygging****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 25. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Bréf V dags. 19. september 2023, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
3. Bréf M dags. 29. september 2023.
4. Tölvupóstur V dags. 5. október 2023.

Málsatvik.

M starfrækir verslun í leiguhúsnæði sem er í eigu leigufélags (hér eftir nefnt L). M er með í gildi rekstrarstöðvunartryggingu hjá V og er um að ræða tryggingu sem seld er sem viðbót við lausafjártryggingu sem M er með í gildi hjá V. Tekur tryggingin til rekstrarstöðvunar sem rakin verður til atburðar sem bruna-, vatnstjóns- eða innbrotshjónaðartrygging váttryggingartaka nær til. L tryggir húsnæðið með fasteignatryggingu hjá öðru váttryggingafélagi (hér eftir nefnt X).

Í málskoti M kemur fram að í nóvember 2022 hafi M tilkynnt L um leka í kjallara og í kjölfarið hafi verið kallaður til framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki sem selur loftræstikerfi (hér eftir nefnt Y). Hann hafi skrúfað fyrir vatn að loftræstikerfinu og þannig stöðvað lekann. Þá hafi tjónið verið tilkynnt til X sem fallist hafi á greiðsluskyldu vegna tjóns á fasteigninni í kjölfar lekans. Þá segir í málskoti M að við skoðun á umfangi vatnstjónsins hafi komið í ljós fleiri rakaskemmdir eftir tjón sem ekki hafi verið klárað að gera við. Þær skemmdir verði raktar til þess að þann 3. febrúar 2019 hafi salerni stíflast á efri hæð og sírennsli leitt til þess að það lak niður yfir nótt. Þegar framkvæmdir stóðu yfir í febrúar 2023 hafi svo orðið annað vatnstjón sem metið var bótaskyld úr fasteignatryggingu þeirri sem L er með í gildi hjá X.

Fyrir liggur skoðunarskýrsla frá tryggingafélaginu X, vegna vatnsleka frá hitaelementi í loftræstisamstæðu. Tjónsdagur er skráður 15. desember 2022 og skoðunardagur er skráður 2. febrúar 2023. Í skýrslunni er fjallað um umfang tjónsins: „Skemmdir á gips loftum og veggjum. Spartla og mála eftir það“. Í skýrslunni er einnig reitur þar sem tillögur að aðgerðum eru settar fram og segir þar orðrétt: „[L] eru að fara í endurbætur á rýminu og munu því sjá um að sem er skemmd og halda öllu til haga. Þar sem þetta þarf að gerast í sérstökum glugga þar sem búðin verður lokuð á meðan“ Þá kemur fram að X hafi náð samkomulagi við L um að skipta út skemmdu efni í þriggja vikna glugga sem verslunin verður lokuð. Þá er reitur í skýrslunni þar sem skráð er hvort búsetuhæfi sé fyrir hendi og þar stendur: „Já“.

M tilkynnti um rekstrarstöðvun í tjónstilkynningu til V þann 2. febrúar 2023. Segir orðrétt í tilkynningunni: „Hitaelement í loftræstisamstæðu sem er staðsett inn í vegg hefur lekið í einhvern tíma áður en það uppgötvaðist. Smitast hefur út frá því í vegg og þarf að ráðast í að fjarlægja samstæðuna, ásamt því að rífa vegginn og skipta öllu loftræstikerfinu út. Loka þarf búðinni frá og með nk. mánudegi um óákveðinn tíma þar til búð er að laga þetta.“

Samkvæmt gögnum málsins var verslun M lokuð á tímabilinu 6. febrúar 2023 - 1. mars 2023. Á framkvæmdatímanum varð að sögn M vart við annan vatnsleka frá affallslögn. Samkvæmt ódagsettri skoðunarskýrslu X er tjónsdagur skráður 6. febrúar 2023. Í skýrslunni kemur fram um umfang tjónsins að það felist í blautum spónaplötum og málningarskemmdum. Þá er stendur „Já“ í sérstökum reit í skýrslunni um búsetuhæfi.

Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá L dags. 6. júní 2023. Þar kemur fram að í nóvember 2023 (á líklega að vera 2022) hafi L fengið tilkynningu um að mikill leki væri gangi í kjallara húsnæðisins sem M leigir. Við skoðun hafi komið í ljós að leki væri að koma frá hitaelementi í loftræstisamstæðu og að tjónið hafi verið metið bótaskyld úr fasteignatryggingu hjá X. Þá kemur fram í skýrslunni að við skoðun

á umfangi tjónsins hafi komið í ljós aðrar rakaskemmdir eftir vatnsleka úr vatnsleiðslum á 2. hæð sem ekki hafði verið klárað að gera við á sínum tíma. X hafi samþykkt að bæta það einnig úr fasteignatryggingunni. Þá segir enn fremur að á meðan niðurrifum stóð hafi komið í ljós annað vatnstjón frá öðru leigurými, sem er við hliðina á verslun M og hafi þá aftur lekið niður í kjallarann. Haft hafi verið sambandi við X sem einnig hafi samþykkt greiðsluskyldu vegna þessa atburðar. Í skýrslu L er að finna myndir sem virðast hafa verið teknar á framkvæmdatímanum. Á þeim má sjá myndir þar sem búið er að rífa frá veggjaplötur og sést þar í veggja- og loftagrindur úr timbri. Einnig eru myndir af svæðinu þegar búið er að rífa niður loftræstisamstæðuna, allar veggja- og loftagrindur, gólfefni o.fl.

Þá liggur fyrir yfirlýsing, dags. 24. mars. 2023, frá framkvæmdastjóra Y sem stöðvaði leka frá loftræstisamstæðunni. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að tæring hafi orðið á hitaelementi í loftræstisamstæðunni og að þónokkur leki hafi verið frá henni sem hafi vætlað niður vegg sem var orðinn gegnsósa af vatni. Vatnið hafi leitað sér leiðar að niðurfalli sem staðsett er örfáa sentimetra frá veggnum að innanverðu sem afmarkar salernisaðstöðu í kjallara. Þá kemur þar fram að til þess að skipta hitaelementinu út þurfi að ná því úr samstæðunni og láta sérsmiða það í smiðju sem tekur 4-6 vikur.

M kveðst hafa orðið fyrir fjártjóni vegna rekstrarstöðvunar sem stóð yfir tímabilið 3. febrúar 2022 - 1. mars 2023. Telur M tjónið bótaskyldt úr rekstrarstöðvunartryggingu sinni hjá V. Byggir M á því að rekstrarstöðvunin verði rakin til þess að loka þurfti versluninni á meðan gert var við tjón sem hafði orðið á leiguhúsnæði verslunarinnar vegna þriggja mismunandi vatnsleka sem allir voru bótaskyldir úr fasteignatryggingu sem L var með í gildi hjá tryggingafélaginu X.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr rekstrarstöðvunartryggingunni með vísan til þess að það telur ósannað að rekstrarstöðvunin verði rakin til óvænts og skyndilegs leka sem streymt hafi fram. Byggir V þessa afstöðu sína m.a. á því að gögn málsins beri með sér að um sé að ræða rakaskemmdir sem raktar verða til langvarandi leka. Þá byggir V á því að lokunin hafi ekki verið vegna viðgerða á skemmdum eftir vatnstjón, heldur hafi verið um að ræða lokun vegna viðhalds og endurbóta sem L stóð fyrir á leigurýminu óháð vatnsskemmdunum. Einnig byggir V á því að skilyrði um orsakasambandi á milli vatnstjónsins og rekstrarstöðvunarinnar séu ekki uppfyllt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur annars vegar að því hvort vatnstjón á leiguhúsnæði M verði rakið til skyndilegs og óvænts vatnsleka sem virkjað getur rekstrarstöðvunartrygginguna og hins vegar þess hvort rekstrarstöðvunin verði rakin til þess vatnstjóns sem sannanlega varð á húsnæðinu.

Af gögnum sem liggja fyrir í málinu sem og af afstöðu aðila verður ekki annað ráðið en að ekki sé ágreiningur um að gildissvið rekstrarstöðvunartryggingar M taki mið af því að skyndilegur og óvæntur leki komi upp í húseign þar sem M sé með starfsemi sína. Í þeim gögnum sem M hefur lagt fyrir nefndina er staðfest sé að um hafi verið að ræða skyndilegan og óvæntan leka frá hitaelementi. V hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja þeim gögnum sem M hefur vísað til og ekki heldur gögn sem sýna að lekinn hafi verið langvarandi. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V. Skilyrði vátryggingarskilmála um að vatnsleki verði rakin til skyndilegs og óvænts leka telst því uppfyllt.

Álit Þóru Hallgrímsdóttur og Hildigunnar Hafsteinsdóttur vegna orsakasambands.

Hvað varðar ágreining um orsakasamband milli þess vatnstjóns sem varð á húseigninni og rekstrarstöðvunar M er álit meirihluta nefndarmanna það að gögn málsins sýni með fullnægjandi hætti að til þess að hægt væri að gera við húseign þá sem fyrir vatnstjóni varð þurfti að gera tilteknar ráðstafanir. Þar má nefna skýrslu húseiganda dags. 6. júní 2023 þar sem kemur fram hvaða ráðstafana hafi þurft að grípa til vegna vatnstjónsins, en í þeirri skýrslu er einnig fjallað um afleiðingar annarra vatnstjóna sem vátryggingafélagið X bætti húseigandanum L. Gögn málsins sýna ekki að afleiðingar þeirra vatnstjóna hafi verið meiri en þess sem hér er til umfjöllunar eða sýna með afgerandi hætti að þau hafi haft þannig áhrif á heildarframkvæmdir að framkvæmdatímabil lengdist. Ekki hafa því verið lögð fram skýr gögn um að þær framkvæmdir sem áttu sér stað á húseignarhluta sem M leigir til verslunarreksturs hafi verið vegna annarra ráðstafana en þeirra sem þurfti að gera vegna vatnstjónsins sem að álit nefndarinnar er greiðsluskyldt úr rekstrarstöðvunartryggingu M. Þá verður ekki lögð sú merking í það að húseign hafi verið „búsetuhæf“ að mati vátryggingafélags húseiganda (X) að hægt hafi verið að stunda rekstur sambærilegan við rekstur M í húsnæðinu á meðan það var til viðgerðar, en í gögnum málsins kemur fram að eigandi M sé með starfsleyfi frá Embætti landlæknis á grundvelli laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að umfang tjóns hans sé með ákveðnum hætti beri sönnunarbyrði um að svo sé. Í fyrrnefndri skýrslu, sem liggur fyrir í málinu, dagsettur er 6. júní 2023, kemur m.a. fram að viðgerð var framkvæmd vegna vatnstjóns í nóvember 2022 (væntanlega misritun) sem og hafi fundist merki um önnur vatnstjón á tveimur öðrum stöðum. Í skýrslunni kemur einnig fram að haft hafi verið samráð milli M og L um hvenær best hentaði báðum að framkvæma viðgerð á húseigninni vegna afleiðinga upphaflega vatnstjónsins. Fram kemur í sömu skýrslu að mat húseiganda hafi verið að skipta hafi þurft út þeirri loftræstisamstæðu sem vatnstjón það sem hér er til umfjöllunar varð við, þar sem viðgerð á loftræstisamstæðunni hefði tekið meiri tíma. Það fær stoð í yfirlýsingu framkvæmdastjóra Y, dags. 24. mars 2023. Ekki liggja fyrir upplýsingar í málinu sem hnekkja því mati. Telst því ekki óeðlilegt að ekki hafi strax verið ráðist í framkvæmdir, heldur þegar hentaði best húseiganda og leigjendum húseignarinnar m.t.t. reksturs þeirra.

Verður heldur ekki ráðið af öðrum gögnum málsins að ráðstafanir húseiganda hafi verið umfram það sem nauðsynlegt var að gera til að gera við þær skemmdir sem urðu, að minnsta kosti, vegna hins bótaskylda vatnstjóns í nóvember 2022. Upplýsingar um túlkun á orðalagi um „endurbætur“ á húseigninni í tjónsskýrslum, eða að það hafi falið í sér að annað en afleiðingar tjónsins hafi verið til viðgerðar eða viðhalds, liggja ekki fyrir með sannanlegum hætti og verður ekki, án slíkra gagna, lagt til grundvallar að frekari endurbætur en vegna títtnefnds vatnstjóns hafi átt sér stað og þannig átt þátt í því að verslun M hafi verið lokað í lengri tíma en þurft.

Telst M hafa með framlögðum gögnum sannað að þær ráðstafanir sem gerðar voru vegna bótaskylds vatnstjóns á húseign þeirri sem hann leigir, hafi verið vegna þess vatnstjóns en ekki annars og hefur ekki verið sýnt fram á með afgerandi hætti eða gögnum að lokun verslunarrýmisins hafi getað verið styttri. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður V að bera þar sem næg sönnun um umfang tjóns liggur fyrir af hálfu M.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M, til bóta úr rekstrarstöðvunartryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Sérálit Guðmundar Stefáns Martinssonar vegna orsakasambands.

Þegar liggur fyrir að um bótaskyldt atvik er að ræða úr rekstrarstöðvunartryggingu M hjá V er að ræða, eins og álit nefndarinnar sýnir hér að ofan, stendur eftir hvort orsakasamband sé á milli þess vatnstjóns sem varð á húseigninni og rekstrarstöðvunarinnar. Gögn málsins bera með sér að leki frá loftræstisamstæðu hafi verið nokkuð afmarkaður og að vatnstjón sem af lekanum varð hafi verið unnt að lagfæra með tiltölulega einföldum hætti. L, eigandi fasteignarinnar, virðist hins vegar hafa tekið ákvörðun um að fara í talsverðar endurbætur á húsnæðinu í kjölfar lekans, skipta um loftræstisamstæðuna, þó unnt hafi verið að gera við hana, rífa niður veggja- og loftagrindur og skipta um gólfefni. Þá verður að teljast ljóst af gögnum málsins að búið hafi verið að ákveða að fara í endurbæturnar og loka versluninni 3 vikur áður en önnur vatnstjón uppgötvuðust. Að teknu tilliti framangreinds og allra gagna málsins telst ósannað að sú rekstrarstöðvun sem varð á rekstri M verði rakin til þeirra vatnsleka sem áttu sér stað í leiguhúsnæði M. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Skilyrði skilmála rekstrarstöðvunartryggingarinnar um að rekstrarstöðvunin verði rakin til bótaskylds leka úr vatnstjónstryggingu er þ.a.l. ekki uppfyllt. Bótaréttur er því ekki fyrir hendi úr rekstrarstöðvunartryggingunni

Reykjavík, 31. október 2023.
rafræn undirskrift

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 297/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Hestatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. september 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11. október 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hryssan X sem er í eigu M hafi orðið fyrir slysi veturinn 2021-2022, og samkvæmt læknisvottorði dags. 22. apríl 2021 sást sprunga í beinlegg vinstri afturfótar. Í málskoti kemur fram að um bótaskyld atvik, sbr. skilmála viðeigandi váttryggingar, hafi verið að ræða og hafi V greitt útlagðan kostnað vegna myndatöku og skoðunar dýralækna. Hafi upphaflega verið líkur til þess að X næði fullum bata en það hafi ekki gengið eftir og sé X nú ónothæf sem reiðhestur, enda hafi hún ekki náð bata af heldinni og sé nú með skemmdir í hnjáliðum og liðbandafestingum. V hafi þá óskað eftir því að dýralæknir á þess vegum skoðaði X og hafi M tekið sér frí frá vinnu til að koma X til læknis á vegum V. Ekki hafi þó náðst saman með aðilum og engin skoðun hafi farið fram á vegum V, en aðilum beri ekki saman um ástæður þess. Í málskoti lýsir M því að ágreiningur sé uppi varðandi það hvort tjón hans falli undir skilmála váttryggingarinnar en hann telji að beináverkar, þ.e. sprunga í beinlegg, séu frumorsök ástands X og megi rekja bólgur hnjáliðum, band- og beinvefsbreytingar til þess. Afleiðingar þessa séu þær að X sé ónothæf sem reiðhross og sé bótaskylda fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi tilkynnt um tjón til V vegna þess að X hafi greinst með sprungu í beinlegg. Komi fram í læknisvottorði dýralæknisins Y dags. 22. apríl 2021, að X þurfi að standa inni í sex vikur og þá þurfi ný myndataka að fara fram. Einnig að miklar líkur séu á fullum bata. Í skýrslu annars dýralæknis, Z, dags. 20. apríl 2022, komi fram að sprungan hafi verið meðhöndluð á hefðbundin hátt. X hafi upphaflega sýnt batamerki en svo sýnt holti aftur undir litlu álagi við hreyfingu og reið. Við myndatöku 7. febrúar 2022, hafi komið í ljós skemmd í vinstri hnjálið. V hafi greitt bætur vegna sjúkrakostnaðar. Ágreiningur málsins snúi aðeins að því hvort bótaréttur vegna afnotamissis í reið og keppni sé til staðar, en V telji að þau einkenni sem hrjái X falli ekki undir gildissvið afnotamissistryggingar, enda séu tæmandi taldar í skilmálum þær afleiðingar sjúkdóma eða slysa sem hún taki til. Þrátt fyrir að V beri þá ekki skylda til sjálfstæðrar rannsóknar á orsök og umfangi tjóns hafi það verið reiðubúið til að láta fara fram skoðun á X til að kanna hvort einkenni hennar féllu undir váttrygginguna. Hafi hins vegar ekki náðst samkomulag um skoðun á X og hafi M borið því við að ekki hafi verið hægt að flytja hana til Reykjavíkur til skoðunar og hafi M því ekki veitt aðgang að X til skoðunar. Skýrslu Z sé einhliða aflað og hafi V ekki gefist kostur á að vera viðstatt skoðunina og verði að skoða sönnunargildi hennar í því ljósi. Hafi V þá ekki gefist kostur á að skoða og meta tjónið svo sem áskilið sé í almennum skilmálum félagsins.

Í viðbótarathugasemdum M er málflutningi V hafnað í heild sinni. M telur þannig sýnt fram á að X hafi ekki hlotið bata af meiðslum sínum og að meiðsli hennar falli undir nánar tilgreind ákvæði skilmála váttryggingarinnar. M hafi axlað sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu og beri V þá sönnunarbyrði þess að aðrar tjónsorsakir sem leysi það undan ábyrgð séu fyrir hendi. Þá sé það alrangt að M hafi staðið í vegi fyrir skoðun á X, enda hafi hann gert ráðstafanir til að flytja hana í bæinn í þeim tilgangi að hitta dýralækni að vali V. Sá dýralæknir hafi ætlað að vera í sambandi við M varðandi nánari tímasetningu en aldrei hafi orðið af þeim samskiptum. Hafi M haldið V upplýstu um það, og V hafi sagt honum að ekki hefði tekist að ná saman við dýralækninn á áður ákveðnu dagabili. Þá er því mótmælt að vottorð Y og Z hafi takmarkað sönnunargildi enda séu þeir báðir mjög virtir innan hestasamfélagsins og nýti V sér m.a. einhliða öfluð heilbrigðisvottorð þeirra áður en váttrygging er samþykkt. Þá hafi M rætt við Y sem sé þess reiðubúinn að gefa út yfirlýsingu um að einkenni X séu tilkomin vegna sama atviks og olli sprungu í beinlegg hennar eða a.m.k. sé um bein orsakatengsl að ræða.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir ítrekaðar og áréttáðar.

Álit.

Í 4. kafla viðeigandi váttryggingarskilmála er að finna umfjöllun um afnotamissistryggingu reið- og keppnishesta. Kemur þar fram í 7. gr. að félagið greiði bætur ef hestur lifir en er úrskurðaður algerlega og varanlega ónothæfur til reiðar eða vinnu og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem eru nauðsynlegir til reiðar eða vinnu, vegna einhverra af nánar tilgreindum afleiðingum sjúkdóma eða slysa. Meðal þess sem talið er upp og M telur eiga við umrætt tilvik eru afleiðingar vegna „brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin verki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.“, skv. b.-lið 7. gr., og „beinklökkva, bein- og brjóskkvellis (ostechondrosis) og annarra bein- og/eða brjóskagna. Þetta á við um kjúkuliði og hækil.“, skv. e-lið 7. gr.

Fyrirliggjandi eru læknisvottorð dýralæknisins Y dags. 22. apríl 2021 og skýrsla dýralæknisins Z dags. 20. apríl 2022. Í hinu fyrrnefnda kemur fram að við röntgenmyndun hafi sést sprunga í beinlegg en að miklir möguleikar séu á því að hryssan verði aftur í 100% lagi. Má af því vottorði ráða, og virðist það raunar óumdeilt, að um sé að ræða atvik sem fellur undir gildissvið váttryggingarinnar, þ.e. b.-lið 7. gr. Í skýrslu Z segir að X hafi verið meðhöndluð með hefðbundnum aðferðum og að hún hafi strax aftur sýnt holti og hné hafi bólgnað upp undir litlu álagi við hreyfingu og í reið. Þá hafi við myndatöku komið í ljós skemmd í lið og liðbandafestingu í vinstra hné. Batahorfur séu engar og sé X ónothæf sem reiðhross. Umrædd skýrsla verður ekki skilin öðru vísi en svo að X hafi í raun ekki náð bata frá því holti kom fyrst í ljós og að bein orsakatengsl séu milli sprungu í beinlegg og einkenna X í dag. Verður því að líta svo á að það hvíli þá á V að hnekkja framangreindu.

Í málflutningi aðila fyrir nefndinni kemur fram að V hafi óskað eftir að fá X flutta til höfuðborgarsvæðisins til skoðunar og virðist V byggja á því að M hafi ekki gefið kost á slíkri skoðun. Fyrirliggjandi eru samskipti M við starfsmann V og verður ekki ráðið af þeim að sú hafi verið raunin. Má þannig lesa úr viðkomandi gögnum annars vegar að M hafi gefið kost á að skoða X þar sem hún hafði við og eins að M hafi verið þess reiðubúinn, og gert ráðstafanir til, að flytja X til skoðunar á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 18.-19. ágúst 2022, en það munu vera þeir dagar sem V sagði henta til skoðunar. Dýralæknirinn virðist hins vegar ekki hafa staðfest skoðunartíma á umræddu tímabili og verður ekki séð að þar sé um að ræða aðstæður sem M verði kennt um. Í framhaldi þeirra samskipta barst höfnunarbréf V, dags. 29. ágúst 2022, og í því kemur m.a. fram að við skoðun á röntgenmyndum sé ekki unnt að greina áverka eða annað sem myndi hafa varanleg áhrif á notkun reiðhests. Ekkert kemur hins vegar fram hver framkvæmd slíka skoðun á myndunum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða þar til bærán aðila, né liggur fyrir neitt sérfræðilegt mat á fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum. Verður samkvæmt öllu framansögðu að líta svo á að framlögðum gögnum M hafi ekki verið hnekkj og er bótaskylda á grundvelli áður nefnds b.-liðar 7. gr. því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr hestatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 298/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Farmtrygging.

Nafn váttryggingartaka (X)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. ágúst 2023.
2. Bréf V dags 25. september 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. september 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. október 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á húsi sem sé í eigu M, við flutning þess. Starfsmaður A, sem séð hafi um flutninginn fyrir X, hafi þannig augljóslega lyft húsinu upp með göfflum en sérstaklega hafi verið beðið um að þeirri aðferð væri ekki beitt. Sé bunga í gólfi hússins á tveimur stöðum og eins hafi rignt inn í húsið enda hafi dyr þess verið opnar þar sem ekki hafi verið hægt að loka þeim vegna skekkju og hafi það leitt til skemmda á gólfefni. V hafi viðurkennt bótarétt að hluta, en hins vegar kannist forsvarsmenn X ekki við að gólfefni hafi skemmst í flutningi. Án frekari sannana um að það tjón hafi komið til við flutning hafi bótaskyldu vegna þess þáttar því verið hafnað. V hafi þá metið tjónið á 100.000 kr., en það sé bara smáræði miðað við þá vinnu sem þurfi að leggja í til að laga gólfið. Taka þurfi öll gólfefni og gólflista af húsinu, skipta þurfi um gólfefni við útidyrhúð og laga bita undir húsinu og leggja gólfefni að nýju. Augljóst sé að kostnaður við þær framkvæmdir nemi mun hærrí fjárhæð en 100.000 kr.

Í athugasemdum V er tekið fram að X hafi framselt bótarétt sinn úr váttryggingunni til M. V hafi boðið bætur til samræmis við sjáanlegt tjón og telji ósannað að umfang tjónsins sé meira en því nemur. Fyrir liggja að skemmdir hafi orðið á botnplötu hússins við flutninga en aðrar skemmdir séu ósannaðar. Þá hafi húsið sem sé með þverbitum, verið lagt á þversökkla eftir flutninginn og sé því erfitt að sanna hvort tjón á því sé að rekja til flutnings með lyftara eða ófullnægjandi undirstaðna. Bóatíloboð V nái til sýnilegra skemmda eftir lyftarann en ekki sé sýnt fram á frekara umfang tjónsins.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að um þverbita og þversökkla sé að ræða enda sé það ekki rétt samkvæmt teikningum sem M leggur fram.

Álit.

Ágreiningslaust er að um bótskyt tjón er að ræða, þ.e. að M eigi að fá tjón sitt bætt, en ágreiningur er um umfang þess, þ.e. þá bótafjárhæð sem M eigi rétt á en það hvílir á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns. Fyrir nefndinni liggja engin frekari gögn um umfang tjónsins, t.a.m. ekki mats- eða álitsgerðir óháðra aðila um tjónið eða ætlaðan viðgerðarkostnað vegna þess né heldur liggja fyrir ljósmyndir eða önnur gögn um tjónið. Fyrir liggur að V hefur boðið fram bætur og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á að umfang tjóns M sé meira en sem nemur því tilboði. Hallann af því verður M að bera og verður því að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr farmtryggingu X hjá V en V hefur þegar fallist að greiða.

Reykjavík, 24. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 300/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Nafn váttryggingartaka (X)

Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 18. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M tilkynnti V hinn 1. september 2021 um að gólf í húseignahluta hennar í fjöleignarhúsi hafi farið að lyftast og hafi hún talið að um tjón væri að ræða sem váttrygging X gæti tekið til. Í gögnum málsins má sjá samskipti milli V og verktaka á vegum félagsins þar sem V er upplýst um að engin leki hafi fundist í september 2021 við skoðun og heldur ekki í desember 2021 þegar verktaki hafi nokkrum sinnum að mæla raka og þrýstiprófa gólfhitalögn.

M telur að hún hafi fengið slæma þjónustu hjá V sem hafi ekki sinnt því að ganga úr skugga um orsök tjóns eða látið lagfæra það rasks sem hefði orðið vegna athafna verktaka á vegum V við leit að mögulegum leka. M telur einnig að sýnt sé fram á leka í gólfhitalögn með þrýstiprófun sem hún vísar til og sá leki hafi leitt til tjóns á gólfi í húseignarhluta hennar. M lýsir samskiptum við V og að hún hafi haft vinkonu sína sem tali ensku sér til fulltingis þannig að tungumálaerfiðleikar hafi ekki átt að koma í veg fyrir að upplýsingar væru skýrar af hálfu V til hennar. M vísar einnig til þess að komið hafi verið fram við hana og fjölskyldu hennar með öðrum hætti þar sem hún sé ekki íslensk.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að V hafi ítrekað hafnað bótaskyldu munnlega við M þar sem verktaki á vegum félagsins hafi ekki fundið leka eða raka í húseignarhluta hennar. Auk þess bendir V á að M framvísi einhliða gagni í málinu sem virðist vera þrýstipróf en V hafi ekki verið gefið færi á að koma að athugasemdum við það gagn, ekki komi fram hver framkvæmdir það né heldur aðrar upplýsingar um það. V telur ekki sannað að gólfhitalögn hafi lekið með þeim afleiðingum að tjón hafi orðið á gólfi húseignarhluta en lýsir því yfir að félagið sé búið að bjóða M bætur vegna þess rasks sem varð við lekaleit.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram þrýstipróf það sem hún vísar til í gögnum með málskoti hafi verið framkvæmt af starfsmanni verktaka á vegum V og vísar til samskiptasögu og gagna um það. Einnig setur M fram þá kröfu að óháður matsmaður verði sendur til að meta tjón hennar.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. áréttað að þó þrýstipróf hafi verið framkvæmt af starfsmönnum verktaka á vegum félagsins og leki hafi komið þar fram sé það ljóst af mati þeirra á aðstæðum að ekki hafi lekið gólfhiti heldur hafi „...eitthvað smit verið við kistuna ótengt skemmdunum á parketinu.“ Þannig sé ekki sannað að leki úr gólfhitalögn hafi leitt til tjóns á parketi í húseignarhluta M.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort tjón vegna vatns í húseignarhluta M falli undir gildissvið váttryggingar X hjá V. Svo virðist sem ekki hafi verið regluleg samskipti eða skýr samskipti við M af hálfu V eftir að tilkynnt var um tjón til V hinn 1. ágúst 2021. Er það ekki að öllu leyti í samræmi við fyrirmæli í 12. gr. b. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, en þar segir orðrét: „*Váttryggingafélag skal sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar.*“ Þetta gildir um alla tjónþola, jafnt þá sem hafa íslensku að móðurmáli og aðra. Nauðsynlegt hefði verið af hálfu V að gera M skýrlega grein fyrir afstöðu til kröfu um bætur úr vatntjónstryggingu X, en í gögnum málsins virðist það ekki hafa verið gert með fullnægjandi hætti þó V haldi því fram að það hafi verið gert munnlega. Verður ekki litið svo á að verktaki sem V fær til að meta aðstæður hjá M hafi sérstakt umboð til að taka afstöðu til bótaskyldu fyrir hönd V gagnvart M.

Þó aðstæður hafi verið með þessum hætti er ekki hjá því litið að það þurfa að liggja fyrir gögn sem staðfesta að tjón M sé hægt að fella undir gildissvið þess váttryggingarsamnings sem X gerði við V vegna húseignar þeirra sem M á íbúð í. Þar kemur fram í váttryggingarskilmálum að félagið bæti tjón m.a. af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Váttryggingin greiði einnig kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið, sbr. orðalag í gr. 9.1.1. Í gögnum málsins kemur fram að sá verktaki sem V bauð upp á að kæmi til að meta aðstæður í húseignarhluta M fann ekki leka eða raka í húseigninni við skoðun 3. september 2021 eða við ítrekaðar skoðanir í desember 2021 þegar komu fram skemmdir á parketi M. Einnig hafi verið framkvæmdar þrýstiprófanir á gólfhitakerfi af sama aðila án þess að leki hafi komið fram. Það þrýstipróf sem M hefur haldið fram að sýni leka verður ekki eitt og sér talið sanna að tjón hafi orðið á húseign M vegna slíks nema einhvers konar mat á aðstæðum og orsakatengslum liggji fyrir. Slíkt mat liggur ekki fyrir.

M ber sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið váttryggingar og verður því að afla sér sönnunargagna sem sýna fram á slíkt tjón, eins og t.d. mat iðnaðarmanns eða einhvers sem hefur sérþekkingu á því hvort það tjón sem er á gólfi geti verið vegna leka úr gólfhitalögn. Án slíkra gagna verður ekki fullyrt að tjón hafi orðið á húseign M af völdum vatns sem streymir skyndilega og óvænt úr leiðslum húss og á upptök innan veggja þess, sbr. gr. 9.1.1 í váttryggingarskilmálum. Hallann af þessum sönnunarskorti ber M, en V hefur sýnt fram á með gögnum málsins að afstaða verktaka á vegum V var sú að ekki væri hægt að staðreyna að tjón hefði orðið á húseignarhluta M vegna leka úr lögnum húseignarinnar eða að orsakatengsl væru milli þess tjóns og niðurstöðu þrýstiprófunar.

V kveðst hafa boðið M bætur vegna rasks sem varð við að meta hvort leki væri í húseignarhluta M með greiðslu kr. 97.960 í ágúst 2023 en M hafi ekki svarað því boði. Í afstöðu V kemur einnig fram að ef tjón af því að laga það rask sé meira en sú fjárhæð sé V tilbúið til að skoða gögn um það. Þannig hefur M að minnsta kosti fengið boð þær greiðslur sem hún telst eiga rétt til skv. váttryggingarskilmálum. M hefur ekki sýnt fram á frekara tjón m.v. framlögð gögn og telst því ekki eiga rétt til frekari bótagreiðslna úr vatnstjónstryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr fasteignatryggingu X hjá V en þær bætur sem V hefur samþykkt að greiða.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 301/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. janúar 2023 hafi M runnið í hálku á gönguleið á lóð leikskólans X. Var M að sækja son sinn á leikskólann klukkan 15.50 og átti slysið sér stað á gönguleið frá leikskólanum að hliði. M telur að slysið sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu leikskólans X sem í gildi var hjá V á slysdegi. V hefur hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 17. maí 2023. M byggir á því að aðstæður á leikskólalóð X hafi verið hættulegar þeim sem þangað komu og ljóst að gönguleiðin hafi hvorki verið sandborin né söltuð. Á slysdegi var frost og því mátti gera ráð fyrir hálku þann morguninn. Starfsmenn leikskólans hefðu mátt gera sér grein fyrir því út frá veðurfari í janúar og á slysdegi, að það yrði sérstaklega hált fyrir utan leikskólann og því hefði verið rétt að sandbera eða salta gönguleiðina. Það var hins vegar ekki gert og sá frágangur á gönguleið orsakaði slys M. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 90/2008, reglugerðar nr. 655/2009, laga nr. 46/1980 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 auk ýmissa dóma. Mótmælir M þeim rökstuðningi V að umrædd gönguleið hafi verið söltuð um morguninn og vísar til mynda sem fylgdu málskoti til stuðnings því að gönguleiðin var ísilögð er slys M átti sér stað.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Í bréfi V kemur fram að leikskólastjóri hafi staðfest að gangstéttin hafi verið söltuð áður en starfsemi hófst auk þess sem saltið sjáist vel á mynd sem fylgdi með málskoti. Ekkert liggi fyrir um að nauðsynlegt hafi verið að hálkuverja aftur yfir daginn, engar kvartanir eða tilkynningar hafi borist um að aðstæður væru slíkar að það þyrfti að hálkuverja aftur. Samkvæmt veðurfarsyfirliti var nokkuð stillt veður á tjónsdegi, lítill vindur og nánast engin úrkoma. Veðurfar bendi ekki til þess að aðstæður hafi skyndilega orðið hættulegar með tilliti til hálku yfir daginn. Engin sambærileg slys eru skráð hjá sveitarfélaginu hvað varðar þennan leikskóla, hvorki þennan dag né annan. Er það afstaða V að um sé að ræða óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi M.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort leikskólinn X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi runnið í hálku á göngustíg á lóð leikskólans. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögmeðra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Gegn staðhæfingu X hefur ekki verið sýnt fram á að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt fyrir um daginn. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að veður hafi verið með þeim hætti að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar með tilliti til hálku þannig að ástæða hafi verið til að hálkuverja gangstéttina aftur. Samkvæmt fyrirliggjandi ljósmynd má sjá að aðstæður á göngustíg leikskólans hafi verið dæmigerðar aðstæður á göngustígum við vetraraðstæður á Íslandi. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 302/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. september 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1 dags. 2. október 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á Þjóðvegi 1 hinn 14. ágúst 2023. M hafi sjálfur séð að mól og steinar sem voru á bretti vörubifreiðarinnar A sem ók á undan honum, hafi kastast niður á veg og þaðan á bifreiðina B með þeim afleiðingum að tjón varð á henni. M vísar til þess að myndbandsupptökur sýni annars vegar steina falla af A og hins vegar þegar steinn kastist af annarri bifreið og á B. Telji hann því tjón sitt að rekja til ófullnægjandi frágangs á farmi A og því eigi hann bótarétt úr ábyrgðartryggingu hennar.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að á fyrirliggjandi myndbandsupptöku sjáist hvar steinn birtist fyrir framan B og hafni á henni. A sé ekið fyrir framan B en janframt sé annarri bifreið ekið úr gagnstæðri átt, og sé því ómögulegt að segja frá hvorri bifreiðinni steinninn hafi komið. Engin skrifleg lýsing liggi fyrir frá ökumanni A en samkvæmt samtali hafi verið um malarflutning að ræða en ökumaður A ekki orðið var við að steinar hefðu fallið af bifreiðinni eða að tjón hefði orðið. Fallist sé á að steinn hafi lent á B, en M verði að bera hallann af því að ekki sé sýnt fram á hvaðan hann hafi komið. Sé því ekki sýnt fram á að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að sannað sé að mól hafi fallið af palli A og valdið tjóni á B. Þar sem tjón M verði þannig rakið til notkunar A sé bótaréttur úr ábyrgðartryggingu hennar til staðar. Þeirri afstöðu til stuðnings vísar V2 til fyrirliggjandi myndbandsupptaka. Á annarri þeirra megi sjá steinvölu koma í loftköstum að B og sé óhugsandi að hún stafi frá annarri bifreið en A enda sé útilokað að bifreiðin sem kom úr gagnstæðri átt hafi kastað grjóti fram fyrir sig. Þá sýni upptökurnar að frágangi farmsins á A hafi verið verulega ábótavant þar sem malarhrúga hafi verið aftan við afturhlera hennar og hafi smám saman hrunið úr henni yfir veginn og á aðra umferð.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Óumdeilt er að A var ekið á undan B eftir Þjóðvegi 1 svo og það að umrætt sinn var verið að flytja mól á palli A. Fyrirliggjandi er þá annars vegar myndband sem sýnir lausa mól aftan við pall A og má greina á því þegar laus mól fellur þaðan og á veginn. Hins vegar er fyrirliggjandi myndband sem sýnir þegar laus steinn skoppar af veginum og hafnar framan á B, en ekki er unnt að greina nákvæmlega hvaðan hann kemur. Þó liggur fyrir skjáskot úr því myndbandi og virðist staðsetning steinvölnunnar eins og hún birtist þar ekki benda til þess að hún hafi hrokkið frá bifreiðinni sem ók framhjá B í gagnstæða átt. Þegar litið er til alls framanritaðs, þ.e. þess að laus mól var aftan á A og féll þaðan á veginn svo og þess að ekki hefur verið gert líklegt að grjótið sem hafnaði á B hafi hrokkið undan annarri bifreið er það mat nefndarinnar að nægilega hafi verið sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar á A. Breytir það ekki þeirri afstöðu að ökumaður A segist ekki hafa orðið var við að steinar hafi fallið af bifreiðinni, enda verður að telja fremur ólíklegt miðað við aðstæður og stærð A að hann verði slíks var.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 303/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Sönnun tjónsatviks. Notkun ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. september 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á leið til vinnu 27. febrúar 2023 á reiðhjól sínu þegar ökutækinu A hafi verið ekið á mikilli ferð út úr hringtorgi við Álfheima/Gnoðarvog þar sem M var á leiðinni yfir gangbraut/hraðahindrun. Við það að forðast árekstur við ökutækið hafi M fallið í jörðina og orðið fyrir meiðslum. M hafi leitað sama dag á bráðamóttöku LSH lýst slysinu á þessa vegu. V hafnaði bótaskyldu. M tekur fram að hún hafi nauðhemlað á hjólinu til að afstýra árekstri og að líta verði til frumgagna málsins s.s. lögregluskýrsla og/eða komugögn á slysadeild sem sé til staðar í þessu máli. Vísað er til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3018/2022 þar sem aðstæður hafi verið nákvæmlega þær sömu og í þessu máli þar sem skráning á bráðamóttöku LSH hafi verið lögð til grundvallar í málinu. Þá er vísað til skilyrði laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar um hvað teljist vera notkun ökutækis og að snerting ökutækis og tjónþola sé ekki forsenda bótaábyrgðar skv. lögnum. Tekið er fram að það hafi verið frumforsenda þess að slysið vildi til að M ætlað að afstýra árekstri við bifreiðina.

Í bréfi V kemur fram að félagið byggi á því að slys M sé ekki rakið til notkunar ökutækisins A í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. M hafi ekki lýst snertingu við A, tekið fram skráningarnúmer eða lýst bifreiðinni á nokkurn hátt. Ökumaður A lýsir því yfir að hann hafi ekki orðið M var á reiðhjólunni þegar hann ók út úr hringtorginu í þéttri, mjög hægri umferð, snemma morguns. Hann hafi séð M fyrst í baksýnispeglinum liggjandi á jörðinni og stöðvað til að aðstoða hana. Hann hafi spurt M hvað hafi gerst og hún sagst hafa þurft að nauðhemla en hún hafi ekki tekið fram að það hafi verið vegna A. Lögregla hafi ekki verið kölluð til og engin skýrsla verið gerð. Því sé ekkert sé sýni fram á að kærandi hafi truflast vegna aksturs A frekar en annarra ökutækja sem hafi verið ekið út úr hringtorginu á sama tíma.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sannað sé að tjón M sé að rekja til notkunar á ökutæki A. Í 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 er fjallað um þá hlutlægu ábyrgð sem hvílir á þeim sem ber ábyrgð á ökutæki og fram kemur í 1. mgr. 4. gr. laganna að eigandi skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess. Kemur þá til skoðunar hvort sannað sé að tjón M sé að rekja til notkunar á ökutæki A. Það liggur fyrir að lögregla var ekki kölluð til á slysstað og því liggur ekki fyrir lögregluskýrsla vegna málsins. Í bráðamóttökuskrá á slysdegi kemur fram að M hafi þurft að hemla vegna bíls sem hafi verið á tiltölulega mikilli ferð og hún hafi þá dottið af hjólinu. Um er að ræða einhliða frásögn M þar sem ekki er tilgreint nánar um hvaða ökutæki var að ræða. Ökumaður A lýsir því yfir að hann hafi orðið einskis var en hafi séð M liggja á jörðinni í baksýnispegli og því stöðvað til að aðstoða hana. Önnur gögn liggja því ekki fyrir um atvik á slysstað. M ber sönnunarbyrði fyrir því að atvik hafi gerst með þeim hætti sem hún lýsir. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3018/2022 voru aðstæður með þeim hætti að talið er sannað að það hafi orðið snerting hjóls og bíls. Í þessu máli liggur fyrir að ekki varð snerting milli hjóls og bíls verður því að telja atvik í dómnum önnur en hér eru. Þótt vissulega megi telja komugögn á bráðamóttöku frumgögn er í þessu máli um einhliða frásögn M að ræða og gegn neitun ökumanns A er ekki unnt að telja sannað að fall M sé að rekja til ökutækisins A. Með vísan til þess ber V ekki ábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 304/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Opna hurð ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 21. september 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að tjón hafi orðið á bifreiðunum A og B á Barðastrandarvegi við Raknadalshlíð þann 11. júlí 2023. Bifreiðin A var kyrrstæð á veginum og opnaði ökumaður bifreiðarinnar, dyr bifreiðarinnar í veg fyrir bifreiðina B sem á sama tíma var ekið vinstra megin fram hjá bifreiðinni A. Taldi ökumaður A sig hafa verið búinn að athuga hvort óhætt væri að opna dyrnar en hann hefði væntanlega ekki gætt nægilega vel að sér. Í framburði ökumanns B kom fram að hann hafi ætlað sér að taka fram úr A þar sem hann taldi bifreiðina hægfara. Hefði ökumaður A skyndilega opnað bílastjórahurð, þeim þeim afleiðingum að hurðin fór utan í hægri hlið bifreiðarinnar B og tjón hlaut af. Bifreiðin A er vinnubifreið frá X og aftan í bifreiðinni var eftirvagn. M sem er eigandi bifreiðarinnar A er ósáttur við þá sakarskiptingu V að ökumaður A beri alla sök á tjónsatvikinu. Unnið hafi verið að holuviðgerðum á Barðastrandarvegi þennan dag og ók starfsmaður X bifreiðinni A með holuviðgerðarbúnað á kerru í eftirdragi. Þegar starfsmenn X hafi komið auga á skemmd eða holu í veginum hafi þeir stöðvað bifreið sína á akrein í akstursstefnu en höfðu blikkandi viðvörunarljós í gangi, staðsett ofan á bifreiðinni. Vísar M til þess að lög nr. 80/2007 gildi um starfsemi X. Hafi starfsmenn X verið að störfum við lögbundið hlutverk X, þ.e. við viðhald vegna skemmda á vegi er tjónið átti sér stað. Vísar M einnig til 23. og 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og telja að við framúrakstur framhjá vinnubifreið X þurfi vegfarendur að aka með hliðsjón af aðstæðum og gæta sérstakrar aðgæslu, enda ljóst að vegavinnubifreið með blikkandi ljósum sé stöðvuð á veginum. Vísar M til þess að þegar hurð bifreiðarinnar A sé opnuð nái hún að hámarki 87 cm út fyrir vinstri hlið bifreiðarinnar. Út frá því virðist sem bifreiðinni B hafi verið ekið innan við einn metra frá vinstri hlið bifreiðarinnar. Er sá akstur ekki í samræmi við kröfur umferðarlaga, um að gæta þurfi að nægilegu hliðarbili og sýna fulla aðgæslu. Vísar M til tveggja úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í tölvupósti V, kemur fram að V muni ekki skila inn frekari greinargerð þar sem báðar bifreiðar eru váttryggðar hjá V.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Hefur M ekki sýnt fram á að ökumaður A hafi gætt sín nægilega vel áður en hann opnaði dyr bifreiðarinnar í veg fyrir umferð um veginn og ber hann því megin sök á árekstrinum. Líkt og fram kemur í málskoti voru starfsmenn X að sinna lögbundnu hlutverki sínu eins og það er skilgreint í vegalögum nr. 80/2007. Í umferðarlögum nr. 77/2019 er að finna nokkur ákvæði sem fjalla um ökutæki sem sinna vegavinnu og snúa þau öll að sérstakri aðgæsluskyldu. Þannig kemur fram í 5. mgr. 18. gr. umferðarlaga að haga megi akstri ökutækis í vegavinnu eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla. Í 2. mgr. 22. gr. er kveðið á um að sýna þurfi fulla aðgæslu við mætingu ökutækis í vegavinnu. Í 6. mgr. 23. gr. að aka megi fram hjá ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla. Þá eru ökutæki í vegavinnu undanþegin ákvæðum 28. og 29. gr. umferðarlaga sem fjalla um stöðvun og lagningu ökutækis, séu fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Mátti ökumanni B vera það ljós að þarna væri ökutæki við vegavinnu á ferð enda bifreiðin sérstaklega merkt X og þar að auki með blikkandi viðvörunarljós. Bar ökumanni B því að sýna sérstaka aðgæslu við framúraksturinn og gæta sérstaklega að því að hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr sbr. 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Þessa gætti ökumaður B ekki nægilega að og ber því hluta sakar á tjóninu. Verður sök skipt þannig að ökumaður bifreiðarinnar A ber 2/3 hluta sakar en ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður A ber $2/3$ hluta sakar en ökumaður B ber $1/3$ hluta sakar.

Reykjavík, 10. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 306/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A).****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. október 2023.

Málsatvik.

Hinn 27. september 2022 varð árekstur milli A og B, bifreiðar í eigu M. Ekki er ágreiningur um að A hafi borið alla sök á árekstrinum. Í málskoti kemur fram að í kjölfarið hafi V boðið M að fá not af hopp hjóli, dagpeninga eða bílaleigubíl meðan B væri á verkstæði. M hafi valið að fá dagpeninga en verkstæðið sem hann leitaði til hafi metið það svo að bið eftir varahlutum tæki þrjár vikur en viðgerðin sjálf tvær. B hafi svo verið óökufær á verkstæðinu frá tjónsdegi og allt til 20. desember 2022. Þann dag hafi viðgerð þó ekki verið lokið þó B væri orðin öküfær enda hafi vantað fleiri varahluti. Hinn 19. janúar 2023 hafi M svo fengið þær upplýsingar frá verkstæðinu að aðeins vantaði plastfilmur til að ljúka viðgerðinni. B hafi verið áfram á verkstæðinu þar til viðgerð hafi verið að fullu lokið, en það hafi ekki verið fyrr en 13. febrúar 2023. M hafi þá sótt bifreiðina og farið með hana til aðalskoðunar, en þá þurft að greiða 20.000 kr. sekt þar sem frestur til skoðunar var liðinn. Samtals hafi B verið 140 daga á verkstæði. M krefst þess fyrir nefndinni að fá greidda dagpeninga vegna afnotamissis í þann tíma og eins krefst hann þess að fá bætur vegna framangreindrar sektar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í kjölfar tjónamats hafi M skilið B eftir á verkstæðinu þar sem hún hafi staðið óhreyfð uns viðgerð hófst, en áætlað hafi verið að viðgerðin sjálf tæki fimm daga. Viðgerðin hafi hafist 11. nóvember 2022 en dregist þar sem panta hafi þurft fleiri varahluti. Hinn 20. desember 2022 hafi viðgerð verið lokið, að undanskilinni einni filmu sem ekki hafði skilað sér til verkstæðisins. M hafi hins vegar neitað að taka við bifreiðinni þann dag og hafi hann ekki tekið við henni fyrr en viðgerð var að fullu lokið hinn 10. febrúar 2023. Við áreksturinn hafi orðið tjón á fremri farþegahurð og rennihurð á hægri hlið B og byggi krafa M á því að B hafi verið ököuhæf frá tjónsdegi og þar til hann tók við henni að nýju, eða í 136 daga. Þó umgengni um hægri hlið B hafi verið takmörkuð vegna tjónsins hafi M ekki lagt fram nein gögn eða staðfestingu á því að bifreiðin hafi verið ököuhæf frá tjónsdegi og fram að viðgerð. Hafi B þá verið í fullkomlega ökuhæfu ástandi frá 20. desember 2022 og geti V með engu móti fallist á að greiða bætur vegna afnotamissis eftir það tímamark. Þá hafi M einnig getað fært B til skoðunar á tímabilinu 20. – 31. desember 2022 og hefði þá ekki komið til umræddrar sektar. Bendi þá ekkert til þess að sá hluti viðgerðarinnar sem þá var enn eftir að framkvæma hefði leitt til þess að B hefði ekki fengið fulla skoðun. Það hvíli almennt á tjónþola að sýna fram á raunverulegt fjártjón sitt og takmarka það eins og kostur er. Regla um bætur vegna afnotamissis meðan á eðlilegum viðgerðartíma stendur sé í raun undantekning frá þeirri meginreglu að hver og einn tjónþoli þurfi að sýna fram á raunverulegt fjártjón. Er þá áréttað að samkvæmt tjónamati hafi viðgerð átt að taka fimm daga og sé tæplega hægt að slá því föstu að tjónþoli eða V beri ábyrgð á þeirri töf sem hafi orðið vegna biðar eftir varahlutum. Hafi V þó boðið M bætur vegna afnotamissis í 35 daga en M ekki fallist á það boð. Samkvæmt öllu framansögðu geti V aðeins fallist á að greiða bætur vegna afnotamissis í fimm daga, eða á meðan viðgerð stóð, en til vara, og án ábyrgðar, geti V fallist á að greiða bætur vegna afnotamissis frá 11. nóvember og til 20. desember, þ.e. meðan B var í vörslu verkstæðisins og M gat sannanlega ekki haft afnot af henni.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að verkstæðið hafi tjáð honum að viðgerð tæki tvær vikur og bið eftir varahlutum þrjár. Hann viti ekki hvað V og verkstæðinu hafi farið á milli en miðað við vinnustundirnar sem fóru í viðgerðina hefði verið útilokað að ljúka henni á fimm dögum. Þá hafi öll samskipti M við verkstæðið verið að hans frumkvæði, en hann hafi reglulega haft samband og spurt fréttu. Þegar honum hafi þá verið boðin afnot af B hinn 20. desember 2022 hafi honum verið sagt að

viðgerð væri samt ekki lokið, en hann hafi ekki fengið upplýsingar um að það vantaði bara filmur. Hafi hann því ekki vitað að B væri skoðunarhæf á þeim tíma. Þá sé ekki rétt að hann hafi neitað að veita B viðtöku, það hafi verið of mikið umstang fyrir hann, m.t.t. vinnutíma hans, að taka hana af verkstæðinu til þess eins að koma henni þangað aftur, auk þess sem hann hefði ekki vitað annað en að hægri hlið B væri enn ónothæf til umgangs. Svigrúmið til þess að færa B til um jólaleytið hafi þá verið takmarkað, auk þess sem hann hefði sem áður segir ekki haft vitneskju um að hún væri skoðunarhæf. Þá áréttar M að B hafi verið óökuhæf frá tjónsdegi og ekkert komi fram um það á heimasíðu V að ekki sé greitt vegna afnotamissis meðan beðið er eftir varahlutum, enda sé slík bið eðlilegur þáttur viðgerðarferlis.

Álit.

Óumdeilt er að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna áreksturs A og B. Það er meginregla í skaðabótarétti að það hvílir á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns, svo og að takmarka það eins og kostur er. Þegar um afnotamissi er að ræða gerir V ekki kröfu um að sýnt sé fram á raunverulegt umfang fjárhagslegs tjóns heldur er eitt þeirra úrræða sem tjónþolum stendur til boða að fá greiðslu á afnotamissi: „4.500 kr. á dag meðan á eðlilegum viðgerðartíma stendur.“ Hefur V því kosið að setja sér umrædda verklagsreglu um greiðslu vegna afnotamissis fremur en að hver og einn tjónþoli sýni fram á raunverulegt fjártjón vegna afnotamissis. Hins vegar virðist V ekki hafa skilgreint með nánari hætti hvað „eðlilegur viðgerðartími“ er né heldur hefur verið sett skýrt þak á dagafjölda sem bætur eru greiddar vegna í þeim tilvikum sem ekki er sýnt fram á umfang fjártjóns. Í tilviki M liggur að mati nefndarinnar ekki fyrir að bifreiðin hafi verið óökuhæf allt frá tjónsdegi eða að hún hefði ekki getað nýst honum þrátt fyrir að hurðir hægra megin á bifreiðinni hafi ekki verið nothæfar til umgengni um þær. Án gagna sem sýna fram á raunverulegt fjártjón M vegna þess tíma, þ.e. frá tjónsdegi og fram að viðgerð, verður því ekki fallist á kröfu hans hvað það varðar. Hins vegar virðist óumdeilt að bifreiðin var tekin til viðgerðar hinn 11. nóvember 2022 og hafði M því ekki aðgengi að henni frá þeim tíma. Hvað sem líður upphaflegu mati um áætlaðan viðgerðartíma liggur þá fyrir að bifreiðin varð ekki ökuhæf að nýju fyrir en 20. desember 2022. Verður jafnframt að telja að ekki sé sýnt fram að ekki hafi verið um „eðlilegan viðgerðartíma“ að ræða og eins og mál þetta liggur fyrir er það því mat nefndarinnar að M eigi rétt á bótum vegna afnotamissis vegna tímabilsins 11. nóvember til 20. desember 2022. Verður að telja það til samræmis við verklagsreglur sem V hefur sjálft sett sér en áréttað er að ekkert liggur fyrir um fjártjón M vegna afnotamissisins. Ekki er þó sýnt fram á annað en að bifreiðin hafi verið ökufær og M getað veitt henni viðtöku 20. desember 2022. Þrátt fyrir að eitthvað óhagræði hefði falist í því fyrir M að færa bifreiðina á ný á verkstæðið og veita henni viðtöku að nýju eftir filmuásetningu verður því ekki jafnað til afnotamissis í þá rúmlega 50 daga sem liðu frá 20. desember 2022 og þar til viðgerð var að fullu lokið 10. febrúar 2023.

Kemur þá til skoðunar krafa M um bætur vegna sektar sem honum var gert að greiða þar sem hann færði B of seint til aðalskoðunar. Fyrir liggur að endastafur í fastanúmeri B er 0, sem felur það í sér að heimilt er að færa hana til skoðunar í desember án þess að komi til sektargreiðslu. Þá virðist sem bifreiðin hafi verið skoðunarhæf 20. desember 2022. Á M hvílir sú ábyrgð sem eiganda bifreiðarinnar að færa hana til skoðunar á tilsettum tíma, og er það mat nefndarinnar að hann hefði haft tækifæri til þess á greindu ellefu daga tímabili. Hvað varðar hugsanlegan upplýsingaskort af hálfu verkstæðisins um raunverulegt ástand bifreiðarinnar á þeim tíma er ekki sýnt fram á neitt í þeim efnum og má telja að M hafi staðið það nær að spyrjast nánar fyrir um það hvort bifreiðin væri skoðunarhæf. Verður því að hafna kröfu hans að þessu leyti.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna afnotamissis dagana 11. nóvember 2022 til 20. desember 2022, eða samtals í 41 dag, frá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 308/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Sönnun atvika.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 31. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. september 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. júní 2023 hafi orðið árekstur milli A, sem M ók, og B við Rafstöðvarveg í Reykjavík. M lýsir atvikum svo að B hafi ekið yfir á ranga akrein og á A en M telur ekki fara milli mála að A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Í kjölfar árekstursins hafi M reynt, án árangurs, að fá lögreglu og Aðstoð og öryggi á staðinn. Áður en útfyllingu tjónstilkynningar á vettvangi var lokið hafi ökumaður M svo látið sig hverfa, líklega með því að „hlaupa út í skóg“ en M hafi jafnframt grunað B um að vera undir áhrifum en hegðun hans hafi verið undarleg. Í kjölfarið hafi M lokið við skýrslugerðina og m.a. haft uppi á foreldrum ökumanns B en í kjölfar þess hafi Aðstoð og öryggi gert skýrslu um atvikið. Í fyrirliggjandi skýrslu er haft eftir M að hann hafi „ekið eftir götunni og ætlaði að aka út á hina götuna (Rafstöðvarveg) þá er hinum bílnum ekið inn í beygjuni. Ég stöðvaði bílinn minn. Bíllinn minn var alveg kyrrstæður þegar við mættumst. Hinum bílnum var ekið utan í bílinn minn.“ Eftir ökumanni B er haft að hann „beygði inná götuna á móti hinum bílnum. Þegar ég mætti hinum bílnum í beygjuni að þá var hinum bílnum ekið utan í bílinn minn. Hinn bíllinn var á ferð og var ekið utan í hliðina á bílnum mínum. Ég var á um 10-15 km/klst þegar áreksturinn varð.“ Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna og niðurstaða hennar var sú að sök skyldi skipt til helminga þar sem ósannað væri um stöðu ökutækjanna í aðdraganda áreksturs. M lýsir miklum vonbrigðum með aðkomu V og annarra aðila að málinu og telur að það hafi ekki verið faglega unnið. Krefst hann þess fyrir nefndinni að öll sök á árekstrinum verð lögð á B enda sé sú niðurstaða til samræmis við gögn málsins og ákomur á bifreiðunum.

V var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi og skilar ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Álit.

Eins og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og þá greinir í verulegum atriðum á um atvik í aðdraganda árekstursins. Í tjónstilkynningu sinni til V, dags. 16. júní 2023, segist hann hafa komið að þröngri beygju og stöðvað bílinn þar því annar bíll, B, ætlaði inn á veginn a þökkalegri ferð. Þrátt fyrir það hafi B tekist að keyra utan í framhorn A og strauja alla hliðina á B. Í tölvupóstsamskiptum B við V hinn 19. júní 2023, segist hann hins vegar vilja meina að A hafi rekist á B. Engin vitni virðast hafa orðið að atvikinu og þær ljósmyndir sem fyrir liggja sýna síðari tíma sviðsetningu, skemmdir á bifreiðunum og akstursleiðir A og B samkvæmt lýsingu M. Engar ljósmyndir liggja hins vegar fyrir af nákvæmri afstöðu A og B í kjölfar árekstursins. Skemmdir á bifreiðunum eru á vinstra framhorni A og vinstri hlið B en verður ekki með afdráttarlausum hætti ráðið um atvik í aðdraganda áreksturs af staðsetningu þeirra. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að ósannað sé um stöðu A og B í aðdraganda áreksturs. Samkvæmt öllu framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 17. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 309/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. september 2023, ásamt myndbandi og myndum af bifreiðum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. september 2023.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu frá Aðstoð & Öryggi kemur fram að strætisvagninn A og bifreiðin B, sem M ók, voru báðar kyrrstæðar í bílaröð á Hverfisgötu hinn 2. mars 2022. Hafi strætisvagninn A svo runnið aftan á bifreið M á lítilli ferð. M leitaði samdægurs til læknis og kvartaði undan verkjum í hálsi. M tilkynnti líkamstjón sitt til V sem samþykkti bótaskyldu þann 6. júlí 2022, þó með fyrirvara varðandi orsakatengsl og varanlegar afleiðingar. Þann 14. febrúar 2023 óskaði lögmaður M eftir því að mat á varanlegum afleiðingum færi fram en V hafnaði þeirri beiðni þann 7. júlí 2023 á þeim grundvelli að orsakatengsl væru ekki til staðar milli umferðaróhappsins og einkenna M. Byggði V höfnun sína á m.a. á myndbandsupptöku af árekstrinum og hraða- og höggkraftsútreikningi, svokölluðum PC-crash útreikningi.

M telur það ljóst að hann hafi hlotið áverka í umræddu slysi og glími við varanlegar afleiðingar því tengdu. Í málskoti rekur M komur sínar til lækna og kírópraktors í kjölfar slyssins og vísar til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkrasögu sé hvergi að finna upplýsingar um að M hafi glímt við stoðkerfisvanda né bakverki fyrir umrætt slys. Byggir M því á því að orsakatengsl séu til staðar milli umrædds slyss og einkenna sinna. Skýrsla líkt og PC-crash skýrsla sem aflað er einhliða hafi takmarkað sönnunargildi í málum sé þessum. Í gögnum málsins komi fram að M hafi verið snúinn þegar höggið kemur og því hafi hann ef til vill fengið meiri slink en búast megi við þegar strætisvagninum er ekið aftan á bifreið hans.

V vísar til þess að höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sjá megi af PC-crash skýrslu dags. 11. apríl 2022 og myndum af bifreiðunum. Á myndbandi sem fengið var úr mælaborði strætisvagnsins megi sjá að M ruggi rólega til í bílstjóraseti bifreiðar sinnar við höggið og engin yfirréttá verði á hálsi eða öðrum líkamshlutum sem geti hafa valdið þeim einkennum sem M rekur til slyssins. V hafi þegar viðurkennt bótaskyldu úr lögboðinni ökutækjatrýggingu A með fyrirvara um orsakatengsl og varanlegar afleiðingar slyssins og telur ekki sýnt fram á að umferðarslysið hafi valdið þeim einkennum sem M rekur til þess eða að eitthvað varanlegt líkamstjón hafi orðið og muni því ekki standa að sameiginlegu örorkumati á meintum varanlegum afleiðingum slyssins.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að fyrirbyggjandi myndbandsupptaka styðji sinn málstað þ.e. að hann hafi horft til hliðar þegar höggið kom og þannig hafi hann farið verr út úr umræddu slysi en ef til vill hefði mátt búast við. Þá megi enn fremur sjá á myndbandinu að bifreið M færist töluvert fram og um sé að ræða nokkur högg en ekki bara eitt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 2. mars 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 11. apríl 2022, sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Af myndbandi af árekstrinum má þó sjá að nokkuð högg hafi komið á bifreið M við áreksturinn. Myndir af tjóni á bifreið M benda hins vegar ekki til þess að mikið högg hafi komið á bifreiðina A.

Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs á læknavaktina Háaleitisbraut og kvartaði undan verkjum í í hálsi sem leiddi niður

bakið vinstra megin. Fékk hann ávísað verkjastillandi og vöðvaslakandi lyfi og fékk læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista fyrir tímabilið 3-7. mars 2022. Leitaði hann næstu mánuði ítrekað á heilsugæslustöð vegna sinna einkenna sem aðallega voru í hálsi og mjóbaki og var talinn óvinnufær í nokkrar vikur. Hefur hann einnig leitað til kírópraktors vegna einkenna sinna. Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkraskrá verður ekki séð að M hafi haft einkenni frá hálsi eða baki síðustu þrjú árin fyrir umferðarslysið. Nær sjúkraskráin sem nefndinni barst ekki lengra aftur. Að mati nefndarinnar styðja gögn málsins það að líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 2. mars 2022. Hafa einkenni M verið viðvarandi og leitt til óvinnufærni þrátt fyrir meðferðir kírópraktors. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni þó ekki liggja fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-crash skýrslu sem V byggir mál sitt á, verða ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo geti verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 24. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 310/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging einstaklings.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot sent 31. ágúst 2023 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags. 4. október 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að hinn 27. janúar 2022 hafi M verið að ganga með barnavagn eftir gangstétt við Ljósvallagötu þegar M féll skyndilega um hleðslusnúru sem lá þvert yfir gangstéttina og var tengd við rafmagnsbifreið. M hafi lent harkalega á götunni. Kallað hafi verið eftir aðstoð lögreglu. M leitaði strax á slysadeild Landspítalans og í ljós kom að M hafði hlotið tvö brot á hægri axlarlið. M hafi gert kröfu í ábyrgðartryggingu einstaklingsins X sem hafði verið að hlaða bifreið sína með framangreindum hætti en þá tryggingu hafði X í gildi hjá V á slysdegi. V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu einstaklingsins X á þeim grundvelli að atvikið væri undanskilið tryggingu X og að X hefði ekki sýnt af sér sök. Þessari afstöðu V mótmælir M og telur að hlutverk ábyrgðartryggingarinnar sé að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð. Í e. lið 24. gr. skilmála tryggingarinnar komi fram að tryggingin bæti ekki tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á tryggðu sem eigendur eða notendur hvers kyns vélknúinna faratækja. Í málskoti M kemur fram að X, eigandi umræddrar rafmagnsbifreiðar, hafi á slysdegi verið með lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis í gildi hjá öðru tryggingafélagi en V. Það tryggingafélag hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar á þeim forsendum að atvikið yrði ekki rakið til hættueiginleika ökutækis, þ.e. vélarafls, hraða og þyngdar. M telji því að þar sem atvikið sé ekki bótaskyldt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis hjá tryggingafélagi bifreiðarinnar þá hljóti atvikið að vera bótaskyldt úr fjölskyldutryggingu X hjá V, enda sé ekki um að ræða skaðabótakröfu sem fellur á váttryggðu sem eigendur eða notendur hvers kyns vélknúinna farartækja líkt og tekið sé fram í undanþáguákvæði 24. gr. skilmála fjölskyldutryggingarinnar. Um sé að ræða einhliða staðlaða samningsskilmála samda af félaginu en af andskýringarreglunni megi leiða að óljós og umdeilanleg ákvæði í samningum eigi að skýra tryggingafélaginu í óhag. Þá vísar M einnig til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 309/2021 en þar hafi úrskurðarnefndin gefið sterklega til kynna að hleðslukapall fyrir rafmagnsbifreið sé aukahlutur sem tilheyri vélknúnu ökutæki. Þegar slys M hafi gerst hafi bifreiðin hins vegar verið kyrrstæð og ekki í gangi og þar af leiðandi ekki í notkun. Atvikið falli því ekki undir notkunarhugtak 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, sbr. dómur Hæstaréttar í máli 761/2009 frá 30. september 2010. Þá telur M að orsök slyssins megi fyrst og fremst rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X og því sé hann skaðabótaskyldur á grundvelli sakarreglu íslensk skaðabótaréttar. M telur að X hafi með heimatilbúinni hleðslustöð sinni, skapað stórhættulegar aðstæður fyrir hvern þann sem átti leið þar hjá. Ljósmyndir af slyssstað sýni hvernig X hafi útbúið heimatilbúna hleðslustöð á fasteign sinni. Þannig hafi raflögn legið út í tengil, sem hafi verið áfastur grindverki meðfram gangstéttinni, og úr honum hafi svo legið hleðslustrengur sem hafi tengst bifreiðinni í bifreiðastæði beint fyrir framan húsið en umrætt bifreiðastæði sé almenningsstæði. M telur að hverjum manni hefði mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af háttsemi X. M bendir á að skv. dagbókafærslu lögreglu hafi lögreglan bent X á að honum hafi ekki verið heimilt að hlaða bifreið sína með þessum hætti þar sem slíkt gæti valdið hættu. M bendir á reglur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um rafmagnsöryggi í tengslum við hleðslu rafbíla en þar komi m.a. fram að tenglar skulu vera staðsettir eins nálægt stæði þess rafbíls sem hlaða eigi og að undir engum kringumstæðum megi hleðslustrengir liggja þar sem hætta sé á að þeir verði fyrir hnjaski eða af þeim stafi fallhætta, s.s. yfir vegi, gangstéttar og stíga. M telur að háttsemi X hafi bersýnilega verið í andstöðu við reglur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um rafmagnsöryggi í tengslum við hleðslu rafbíla. M telji ljóst að slysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi sú leið sem hann valdi til að hlaða rafmagnsbifreið sína verið eina leiðin sem honum stóð til boða án þess að þurfa að fara á almenningshleðslustöðvar. Reykjavíkurborg hafi ekki veitt heimild til að setja upp rafmagnsstaur til að hlaða rafmagnsbifreiðar. Ágreiningur málsins snúi því að rafmagnsbifreiðum og hleðslu á þeim. Í skilmála tryggingarinnar sé kveðið á um það sem tryggingin bæti ekki en þar segi að tryggingin bæti ekki tjón vegna skaðabótakröfu sem falli á tryggðu sem eigendur eða notendur húseigna, loftfara, þ.m.t. flygilda (dróna) hvers konar, skemmtibáta eða hvers konar skráningarskyldra vélknúinna farartækja. Hleðslusnúra sé nauðsynlegur hluti rafmagnsbifreiða þar sem eðli málsins samkvæmt sé ekki hægt að nota rafmagnsbíla nema að hlaða þá. Hleðslusnúra sé ekki valkvæður aukahlutur fyrir eigendur ökutækjanna heldur nauðsynlegur hlutur fyrir notkun rafmagnsbifreiða. Í rökstuðningi M sé vísað til reglna Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um rafmagnsöryggi í tengslum við hleðslu rafbíla. Reglurnar snúi að rafbílum og hvernig tryggja eigi öryggi við hleðslu á þeim. Það styðji afstöðu V um að atvikið falli undir framangreint ákvæði skilmálans um að tryggingin bæti ekki tjón vegna hvers kyns vélknúinna ökutækja. Vísar V til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 309/2021 sem styðji það að rafmagnskaplar og snúrur sem þjóni þeim tilgangi að hlaða rafmagnsbifreiðar séu hluti af hinu vélknúna ökutæki og geti því verið bótaskyld úr kaskótryggingu ökutækis en ekki innbúshluta- eða innbúskaskóhluta fjölskyldutrygginga. Þá byggir V á því að atvikið hafi gerst um hávetur. Myndir sýni að það hafi verið hálka og snjór á gangstígum. Í samtíma læknisfræðilegum gögnum komi fram að M hafi runnið í hálku. Þá megi einnig sjá á myndum að umrædd hleðslusnúra hafi verið skærgul og hafi því ekki átt að dyljast neinum. Loks hafi M verið að ganga með barnavagn og hann því farið fyrst yfir snúruna, M hefði því mátt vera ljóst að það væri fyrirstaða á gangstéttinni. Það sé því afstaða V að um sé að ræða óhappatilvik og sök X sé ósönnuð.

Í viðbótarathugasemdom M ítrekar M að það sé enginn vafi á því miðað við gögn málsins að X hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi. Það réttlæti ekki háttsemi X að títtnefnd leið til að hlaða rafmagnsbifreiðina hafi verið eina leiðin sem honum hafi staðið til boða. M hafnar þeirri staðhæfingu V að reglur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um rafmagnsöryggi í tengslum við hleðslu rafbíla styðji við afstöðu V um að atvikið falli undir undanþáguákvæði skilmálans um að tryggingin bæti ekki tjón vegna hvers kyns vélknúinna ökutækja. M ítrekar að notkunarhugtakið feli það í sér að slys sem rakið verði til hættueiginleika vélknúinna ökutækja, þ.e. vélarafli, hraða eða þyngdar, teljist til notkunar bifreiðar. M sýnist sem V vilji meina að túlka eigi skilmálana (notendur hvers kyns vélknúinna faratækja) með öðrum hætti heldur en notkunarhugtakið hefur hingað til verið túlkað í íslenskum rétti. Kyrrstæðar bifreiðar, sem ekki eru knúðar áfram með vélarafli falli almennt utan notkunarhugtaksins. Á þeirri forsendu hafi annað tryggingafélag hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar váttryggingartaka. Það sé því ljóst að engin skaðabótakrafa falli á váttryggingartaka sem eiganda eða notenda bifreiðarinnar og þar með hljóti atvikið að vera bótaskyld úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Þá bendir M á að í samtíma læknisfræðilegum gögnum komi skýrt fram að M rann þegar hún steig á leiðslu. M telur sýnt fram á að um hafi verið að ræða sagnæma og ólögmeða háttsemi X, sem sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Álit.

Ágreiningur máls þessa hverfist um það hvort slys sem M varð fyrir hinn 27. janúar 2022 sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu einstaklings, en ábyrgðartryggingin er hluti af tryggingarvernd fjölskyldutryggingar X hjá V. Í skilmála fjölskyldutryggingarinnar nánar tiltekið 3. kafla, sem fjallar um ábyrgðartryggingu einstaklinga, segir í a. lið 23. gr. að tryggingin bæti „skaðabótaskyldu sem fellur á einhvern hinna tryggðu einstaklinga samkvæmt íslenskum lögum enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með talið húseign og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.“ Í 24. gr. eru upptalin þau tilvik sem eru undanskilin bótasviði tryggingarinnar en þar segir í e. lið að tryggingin bætir ekki „tjón vegna skaðabótakröfur sem fellur á tryggðu sem eigendur eða notendur: húseigna, loftfara, þ.m.t. fylgilda (dróna) hvers konar nema um annað sé samið, skemmtibáta eða hvers kyns vélknúinna faratækja eða vinnuvéla, sbr. þó gr. c.lið 23. gr.“ Slys M atvikaðist þannig að hún féll um hleðslukapal, sem var tengdur við rafmagnsbifreið í eigu X. Hleðslukapall er nauðsynlegur hluti rafmagnsbifreiðar svo hægt sé að hlaða bifreiðina. Óumdeilt er í máli þessu að hleðslukapallinn var tengdur við bifreið X þegar slys M gerðist, þ.e. eigandi bifreiðarinnar, X, var að hlaða rafmagnsbifreiðina þegar M féll um hleðslukapalinn. Í málskoti M til nefndarinnar er lagt til grundvallar að umrætt undanþáguákvæði í e. lið 24. gr. skilmála

ábyrgðartryggingar einstaklings eigi eingöngu við þegar vélknúið faratæki sé í notkun eða atvik séu þannig að þau falli undir notkunarhugtak laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og þar sem rafmagnsbifreiðin hafi ekki verið í notkun eigi ákvæðið ekki við. Í lögnum er gildissvið laganna bundið við skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í títtnefndu undanþágu ákvæði skilmálans segir að tryggingin bæti ekki tjón sem fellur á tryggðu sem eigendur eða notendur vélknúinna farartækja, orðalag ákvæðisins er því ekki bundið við að faratækið hafi verið í notkun, sbr. skilyrði laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Slys M hefði ekki gerst með þeim hætti sem það gerðist nema af því X, eigandi rafmagnsbifreiðarinnar, var að hlaða hana. Skaðabótakrafa M er því tilkomin vegna atvika sem varða X sem eiganda rafmagnsbifreiðar og slíkar skaðabótakröfur eru, samkvæmt orðalagi skilmálaákvæðisins, undanskildar bótasviði tryggingarinnar. Þó atvik séu þannig að margt bendi til þess að háttsemi X hafi verið í andstöðu við skráðar reglur og hafi falið í sér mikla slyshættu þá kemur sá hluti málsins með vísan til framangreinds ekki til frekari skoðunar. Samkvæmt öllu framansögðu er skaðabótakrafa M undanskilin bótasviði ábyrgðartryggingar einstaklings í fjölskyldutryggingu X hjá V þar sem skaðabótakrafan varðar X sem eiganda vélknúins farartækis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu einstaklings X hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 311/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot dags. 18. ágúst 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. september 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 7. júlí 2021 hafi M orðið fyrir slysi á bílplani fyrir framan verslun sem rekin er í húsnæði í X. Hafi atvik verið þau að M var að ganga í átt að bifreið sinni með blómapott í fanginu þegar hún féll um hellulagða upphækkun á bílplaninu. Hafi hún lent illa og skolið með hnakkann a jörðina og búi við varanlegar afleiðingar þess. V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 13. janúar 2023 á grundvelli þess að umrædd upphækkun hafi verið í samræmi við það sem almennt gerist á bílastæðum, kanturinn hafi ekki verið dulinn, kanturinn sé ekki staðsettur í beinni umferðarleið gangandi vegfarenda og þá sé hæð upphækkunarinnar ekki slík að stafi hætta af henni við umgang um bílastæðið. M byggir kröfu sína á því aðstæður við verslunarhúsnæðið séu hættulegar þeim sem þangað koma. Hellulagða upphækkunin fyrir utan fasteignina hafi verið dulin og þá sé hún staðsett á eðlilegri gönguleið. Þeir sem reki erindi í húsinu eigi að geta treyst því að frágangur, aðgengi og umhverfi sé ekki þannig að hætta skapist. Þá hafi engar viðvaranir eða merki verið við upphækkunina er slysið átti sér stað. M vísar til þess að ríkar skyldur verði að leggja á eigendur verslunarhúsnæðis þar sem gera megir ráð fyrir að almenningur venji komur sínar og vísar til dómaframkvæmdar máli sínu til stuðnings. Auðvelt hefði verið að draga úr slyshættu á vettvangi, t.a.m. með því að mála upphækkunina í augljósum lit eða koma fyrir viðvörunarmerkingum. X hafi því vanrækt þær skyldur sem lagðar séu á það um að hlutast til um að aðkoma, frágangur og umferðarleiðir að verslunarhúsnæðinu feli ekki í sér slyshættu. Þá er röksemdum V mótmælt, enda hafi hellurnar verið í sama lit og annað yfirborð bílplansins og hvergi varað við þeim. Auk þess séu bílastæði hluti af umferðarleið gangandi vegfarenda og beri eigendum verslunarhúsnæðis að varna slyshættu á slíkum svæðum. V hafi þá vísað til þess að upphækkunin sé til að varna hraðakstri bifreiða um stæðið og það hljóti að vera svo að hækkun sem sé nógu mikil til að draga úr hraða bifreiða sé einnig nógu mikil til að valda gangandi vegfarendum fallhættu. Því er þá hafnað að slysið verði rakið til óaðgæslu M sem hafi haldið á stórum blómapotti, enda megir gera ráð fyrir að fólk sé með varning meðferðis þegar það kemur út úr verslunarhúsnæði.

Í bréfi V til nefndarinnar ítrekar félagið fyrri röksemdir sínar. Umrædd upphækkun eða kantur sé vel sýnileg þeim sem gangi um bílplanið og sé hvítmáluð, líkt og línurnar á sem aðskilji stæði á planinu. Þá verði ekki fallist á að kanturinn sé í beinni umferðarleið gangandi vegfarenda enda sé um bílastæði að ræða og tilgangur kantsteinsins sá að afmarka stæðin og varna því að ekið sé í gegnum þau. Þá feli hann ekki í sér slyshættu enda sé hann mun lægri en hefðbundinn gangstéttarkantur. Þá feli umgerð kantsins ekki í sér brot á byggingarreglugerð. M hafi ekki sýnt fram á að frágangur bílastæðisins hafi verið ófullnægjandi eða að X, eða starfsmenn þess, hafi vanrækt skyldur sínar og séu skilyrði skaðabótaábyrgðar því ekki uppfyllt.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Af ljósmyndum af vettvangi má ráða að um sé að ræða nokkuð lágan kantstein sem komið hefur verið fyrir til að aðskilja raðir samsíða bifreiðastæða. Af ljósmyndum má jafnframt ráða að hæðarmismunur kantsins og annars yfirborðs bifreiðastæðisins sé vel sýnilegur, jafnvel þó málning á kantsteinunum virðist sums staðar vera flögnuð, og þá er útlit steinanna frábrugðið frá öðru yfirborði svæðisins. Ekki hefur þá verið sýnt fram á að frágangur þessi sé í andstöðu við lög eða byggingarreglugerð. Þrátt fyrir

að rík skylda hvíli á eigendum fasteigna þar sem almenningur sækir komur sínar um að tryggja að ekki skapist hætta vegna umferðar um nærumhverfi slíkrar fasteignar verður ekki gengið svo langt að telja að mishæð á vegyfirborði feli sjálfkrafa í sér slyshættu. Er það samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að um einstakt óhappatilvik var að ræða þegar M féll um títtnefndan kantstein og að ekki hafi verið sýnt fram á að slys hennar megi rekja til aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótaábyrgð vegna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 313/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála. Ásetningur.

Gögn.

1. Málskotsgjald móttakið 29. ágúst 2023. Gögn með málskoti móttakin 4. september 2023.
2. Bréf V dags. 26. september 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. október 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að aðfararnótt 23. október 2021 sló M annan mann með krepptum hnefa hægri handar undir hökuna með þeim afleiðingum að sá féll aftur fyrir sig. Í lögregluskýrslu sama dag koma fram frekari upplýsingar um atvik og aðdraganda sem og er tilgreindur framburður M og vitna. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 4. maí 2023 kemur fram að M játaði sök í máli ákærvaldsins gegn honum þar sem brot hans er heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hlaut vegna þess fangelsisdóm í sex mánuði. Í dómsorði kemur fram að fresta skuli fullnustu refsingar og að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins að því gefnu að M haldi almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Einnig var M dæmdur til greiðslu miskabóta til brotþola með sama dómi.

M gerir grein fyrir því í málskoti að fyrirsjáanlegt að gerð verði skaðabótakrafa á hendur honum vegna líkamstjóns sem hlaut af þeim verknaði sem hann játaði fyrir dómi og telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans vegna þeirrar kröfu. M kveðst nú þegar hafa greitt dæmdar miskabætur til brotþola. M vísar til þess að afleiðingar þess höggs sem hann rak brotþola hafi verið mun alvarlegri en búast mátti við þar sem brotþoli hafi lent með höfuð á kanti og rekið höfuðið í jörðina með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlegan heilaáverka. M telur að í reynd hafi það verið mikið óhappa að afleiðingar hafi orðið þetta alvarlegar. M vísar til þess að í dómi Héraðsdóms Reykjaness sé tekið mið af því við ákvörðun refsingar að ekki verið séð að M hafi haft ásetning til að vinna brotþola það tjón sem raun varð og að afleiðingar hnefahöggs hans hafi orðið mun alvarlegri en höggið hafi gefið tilefni til. M telur undanþáguákvæði í gr. 7.1 í váttryggingarskilmálum V ekki eiga við þar sem játning á broti gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga „geti ekki sjálfkrafa leitt til þess að litið verði svo á að um ásetningsbrot hafi verið að ræða enda gerir ákvæðið bæði ráð fyrir gáleysi og ásetningi.“ M getur ekki fallist á að um ásetningsbrot í skilningi váttryggingaréttar hafi verið að ræða þar sem afleiðingar hafi verið mun alvarlegri en hann mátti búast við.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að í gr. 7.1. í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar komi fram að ef váttryggður veldur tjóni af ásetningi þá beri félagið ekki ábyrgð á tjóninu. V vísar til dóms Héraðsdóms Reykjaness og bendir á að ekki sé sakfelld fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nema ásetningur sé til frumverknaðar og bendir V á að frumverknaður hafi verið það a M kýldi brotþola með krepptum hnefa í höfuðið. V telur niðurstaða dómsins feli í sér að ásetningur hafi verið til frumverknaðar og ljóst af honum að tjón gæti hlotist af. Þannig telur V að ásetningur hafi legið fyrir þegar tjóni var valdi af hálfu M og slík tjón séu undanskilin bótaskyldu.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að M leggi áherslu á horft sé á atvik málsins í heild sinni og að það sé ljóst að ásetningur hans hafi ekki náð til þess að valda brotþola alvarlegum áverkum heldur hafi þeir eingöngu komið til vegna ófyrirséðra atvika, þ.e. að brotþoli datt aftur fyrir sig og lenti á kanti og með höfuðið á jörðinni. Einnig vísar M til þess að ríkar kröfur séu gerðar til þess í váttryggingarétti að ásetningur teljist sannaður og þegar tjóni sé valdið af gáleysi eða stórkostlegu gáleysi í ábyrgðartryggingum sé váttryggingarfélag ekki laust úr ábyrgð.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort ákvæði gr. 7.1 í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V eigi við þá kröfu M um að félagið greiði bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar vegna yfirvofandi skaðabótakröfu vegna líkamstjóns á hendur M. Í umræddu ákvæði segir: „Valdi einhver hinna váttryggðu tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Umrædd grein er undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum sem varða ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar og á stoð í 1. mgr. 89. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem segir: „Nú veldur váttryggður því af ásetningi að váttryggingaratburður verður og ber félagið þá ekki ábyrgð. Félagið ber þó ábyrgð ef váttryggður vegna aldurs eða andlegs ástands gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gerða sinna.“

Í þessu máli liggur fyrir að M var ákærður fyrir líkamsárás gegn brotþola og var það brot réttilega heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.) samkvæmt niðurstöðu dómsins. Ljóst er af ákvæði 218. gr. hgl í heild og samanburði þess við t.d. ákvæði 219. gr. sömu laga, þar sem fjallað er um líkamsmeiðingar af gáleysi, að ásetning þarf til þess að brot séu réttilega heimfærð til 218. gr. hgl og í skilningi refsiréttar verður þar litið til ásetnings til frumverknaðar, þ.e. að vísvitandi árás hafi átt sér stað, sbr. orðalag 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl. Ekki er unnt að túlka orðalag 1. mgr. 218. gr. hgl, um að afleiðingar árásar geti jafnt verið taldar til ásetnings eða gáleysis, með þeim hætti að ákvæðið nái jafnt til ásetnings- og gáleysisbrota, enda refsiramma vegna brota gegn 2. mgr. 218. gr. hgl miklu mun hærri en skv. 1. mgr. Er því ekki hægt að leggja annan skilning í dóm Héraðsdóms Reykjaness að M hafi verið dæmdur fyrir ásetningsbrot.

Þá stendur eftir að taka afstöðu til þess hvort hugtakið ásetningur í refsiréttarlegum skilningi hafi sömu þýðingu og í váttryggingarrétti. Í lögskýringargögnum með lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er fjallað um skýringu á hugtakinu, eins og það kemur m.a. fram í 27. gr. laganna, þar sem fjallað er um þegar tjóni er valdið af ásetningi í skaðatryggingum. Þar segir: „Með ásetningi í þessari málsgrein er átt við það þegar váttryggður viðhefur háttsemi sem hann veit eða með vissu mátti vita að ylli váttryggingaratburði. Yrði að styðjast við viðteknar skýringar á merkingu þessa hugtaks.“ Viðteknar skýringar á hugtakinu er helst að finna í refsirétti og verður ekki lagt til grundvallar að önnur skýring á hugtakinu sé í váttryggingarétti en refsirétti.

Þannig verður að leggja til grundvallar að ásetningur M hafi náð til þess að veita brotþola högg í andlitið aðfararnótt 23. október 2021 og á þeim grundvelli sé eða verði gerð skaðabótakrafa á hendur M af hálfu brotþola vegna líkamstjóns hans. Tjónsatvik sem valdið er af ásetningi fellur utan gildissviðs ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar M, sbr. ákvæði gr. 7.1 í váttryggingarskilmálum og 1. mgr. 89. gr. laga um váttryggingarsamninga, en umrædd ákvæði gera ekki viðbótarkröfur um hvort sami ásetningur hafi náð til allra afleiðinga líkamstjónsins. Þannig má líta svo á að ef sá frumverknaður sem leiðir til tjóns verður rakinn til ásetnings váttryggðs þá eigi ákvæðin við óháð umfangi afleiðinga þess. M getur því ekki átt rétt til þess að bætur séu greiddar úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans vegna líkamstjóns sem hann olli með líkamsárás skv. 2. mgr. 218. gr. hgl. hinn 23. október 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til þessa að greiddar séu bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Reykjavík, 31. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 314/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. september 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á bifreiðina B, sem M ók, þann 26. október 2019. Á bakhlið tjónstilkynningar ökutækja, dags. 21. nóvember 2019, kemur fram að M hafi verið að horfa til vinstri og að hálsinn hafi skolið fram þegar höggið kom. Leitaði M til læknis rúnum þremur mánuðum eftir slysið og var þá með verk í hálsi, herðum og mjóbaki. Hafði hún veigrað sér við að leita fyrir til lækna þrátt fyrir meiðsli sín vegna læknafælni sem hún hefur glímt við allar götur síðan hún varð fyrir sjúklingatryggingaáburði árið 2018. Með bréfi dags. 27. september 2021, hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að orsakatengsl milli slyssins og meiðsla M væru ósönnuð. M hafnar þeirri afstöðu V og byggir á því að hún búi við varanleg einkenni sem sannað sé að megi rekja til umferðarslyssins þann 26. október 2019. Vísar M í fyrsta lagi til fyrrgreindrar tjónstilkynningar. Í öðru lagi til ljósmynda sem fylgdu málskoti. Í þriðja lagi til læknisfræðilegra gagna málsins en í fyrstu lækniskomu eftir slysið var hún greind með eymsli í háls hrygg, herðum og mjóbaki. Í fjórða lagi vísar M til matsgerðar læknisins C, sem dagsett er 6. júlí 2023. Í þeirri matsgerð var matslæknir beðinn um að leggja mat á það hvort orsakatengsl væru til staðar á milli umferðarslyssins og einkenna M. Taldi hann orsakatengsl vera til staðar milli einkenna M í háls hrygg og efra baki og umferðarslyssins. Bendir M á að matsgerðir sem þessar hafa ríkt gildi hvað varðar sönnun orsakatengsla í kjölfar slysa. V hafi með engum hætti hnekkst niðurstöðu matsins og hún á því að standa.

V ítrekar fyrri afstöðu sína og vísar til meginreglna um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti sem gera ráð fyrir að tjónþoli verði að sýna fram á tjon sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. V telur mikið skorta á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi í raun hlotið þau einkenni og líkamstjón sem hún telur að rekja megi til umferðarslyssins þann 26. október 2019. Miðað við fyrirliggjandi sjúkragögn sé fyrsta lækniskoma M vegna slyssins þann 10. febrúar 2020 eða þremur og hálfum mánuði frá slysinu. Við þá komu lýsi hún afar almennum einkennum, nánar tiltekið einkennum frá hnakka niður í herðar og á lend hrygg. V leggur áherslu á að fram komi í læknanótunni að M hafi fundið fyrir einkennum frá lend hrygg allt frá því hún glímdi við grindargliðun á meðgöngu 2018. Rekur V komur M til lækna næstu mánuði á eftir þar sem lítið er minnst á slysið og telur að takmörkuð samtímagögn liggi fyrir um meint einkenni M. Hafnar V niðurstöðu matsgerðar læknisins C á þeim grundvelli að matsgerðarinnar var aflað einhliða og að ekki sé stuðst við nægilega við fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn í niðurstöðu matsmanns.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að V hafi ekki hnekkst matsgerð C, hvorki með því að óska eftir álitni örorkunefndar skv. 10. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, né með því að óska eftir dómkvaðningu matsmanna á afleiðingum slyssins. Vísar M til fræðigreina og nánar tilgreinds dóms Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 26. október 2019. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Í gögnum sem fylgdu málskoti er að finna ljósmynd af bifreið M, þar sést að dráttarkrókur bifreiðar hennar hafi fengið á sig högg með þeim afleiðingum að hann bognaði inn í afturstuðara bifreiðarinnar. Hefur höggið því verið nógu aflmikið til

Þess að beygja dráttarkrókinn með þessum hætti. Á tjonstilkynningu ökutækja dags. 21. nóvember 2019 skrifar M á bakhlið tjonstilkynningar að hún hafi verið að horfa til vinstri þegar árekstur varð og við það hafi háls hennar skolið fram. M leitaði ekki til læknis fyrr en þremur mánuðum eftir umferðarslysið, eða þann 10. febrúar 2020. Lýsti hún þá árekstrinum og kveðst hafa verið að horfa til vinstri þegar höggið kom aftan á bifreið hennar. Hún hafi eftir það fundið fyrir einkennum frá hnakka niður í herðar ásamt einkennum frá lendhrygg. Fyrir slysið hafði hún haft einkenni í mjóbacki eftir grindarlos á meðgöngu en ekki fyrri sögu um einkenni frá háls- og brjósthrygg. Í skýrslu kírópraktors kemur fram að M hafi leitað til hans fyrst 10. febrúar 2020 vegna stoðverkja í baki, hálsi og öxl ásamt miklum höfuðverkjum eftir bílslys. Í fyrrgreindri skýrslu kírópraktors er ekki getið um fjölda meðferða eða dagsetningar þeirra en þegar skýrslan var skrifuð þann 7. apríl 2022 var M enn í meðferð hjá honum vegna einkenna sinna. Þá liggur fyrir einhliða öfluð matsgerð, dags. 6. júlí 2023 þar sem matslæknir er beðinn um að leggja mat á orsakatengsl milli umferðarslyss M og núverandi einkenna hennar. Í niðurstöðu sinni segir matslæknir að miðað við þá staðreynd að engin saga sé til staðar um einkenni frá hálsi og brjósthrygg fyrir slysið, að þau einkenni M séu líklegar en ekki að rekja til þess. Að mati nefndarinnar styðja fyrrgreind gögn málsins það að líkur séu á því að einhver hluti þeirra einkenna sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 26. október 2019. Er þá sérstaklega horft til þess að á tjonstilkynningu ökutækja lýsir M því að háls hennar hafi skolið fram við áreksturinn. Það liggur þó ekki fyrir hver fjárhæð tjónsins geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um varanlegar afleiðingar umferðarslyssins á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 315/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 4. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags., ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 28. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að leki hafi komið upp í íbúð á 3. hæð fjölbýlishússins að A. M sem er eigandi íbúðar 201 á 2. hæð fjölbýlishússins telur að tjón hafi orðið á þremur íbúðum hússins vegna þessa leka. Nánar tiltekið í íbúð á 3. hæð þar sem lekinn kom upp, í hennar eigin íbúð á 2. hæð sem er beint undir íbúðinni á 3. hæð og svo íbúð á 1. hæð. Lekinn hafi átt uppruna sinn í innbyggðum klósett-kassa íbúðar á 3. hæð og stafaði af sírennsli í inntaksloka klósett-kassans og var yfirfall of hátt fyrir kassann sjálfan. Þetta varð ljóst hinn 17. ágúst 2023 en M hafði fyrst tilkynnt tjónið til V þann 12. maí 2023 og sendi V matsmann á staðinn 19. maí 2023. Hafnaði V bótaskyldu þann 26. maí 2023 á þeim grundvelli að lekinn kæmi frá skemmdum á útvegg. Telur M að V hafi aldrei skoðað aðstæður á 3. hæð áður en ákvörðun um bótaskyldu var tekin. Það var svo hinn 17. ágúst 2023 sem pípulagningarmeistari á vegum M fann lekann og lokaði fyrir hann. Hafði M þá strax samband við V sem sendi matsmann ekki á staðinn fyrr þann 22. ágúst 2023. Niðurstaða V var sú að tjónið væri ekki bótaskyldt og var sú ákvörðun tekin eftir að matsmaður skoðaði eingöngu íbúð M. Til að koma til móts við M, bauð V bætur að fjárhæð kr. 240.188 án viðurkenningar á bótaskyldu. M telur að lekinn sé bótaskyldur og skoða þurfi áhrif tjónsins í öllum þremur íbúðum sem eiga í hlut. Vegna höfnunar V þann 12. maí 2023 hafi húsfélagið hafið framkvæmdir á útvegg hússins með tilheyrandi kostnaði. V hafi sýnt í gegnum allt málið fullkomið gáleysi, óviðunandi vinnubrögð og ófagleg samskipti gagnvart M. Þessi viðbrögð hafi leitt af sér frekara tjón sem hingað til hefur allt fallið á húsfélagið. Þar að auki hafi húsfélagið farið í ótímabærar og gífurlega kostnaðarsamar framkvæmdir, til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir á íbúðum hússins.

Í bréfi V til nefndarinnar segir félagið að við skoðun V hinn 19. maí 2023 voru framkvæmdir í gangi vegna endurnýjunar á baðherbergi íbúðar M. Var þegar búið að fjarlægja allar innréttingar, flísar og baðkar af baðherberginu. Hafi tjónaskoðunarmaður farið og skoðað aðstæður á 3. hæð þann 24. maí 2023. Ekkert athugasemdi hafi fundist við þá skoðun, enginn raki greinst við mælingar og enginn lagnaleki var sjáanlegur. Bendir V á að ytra byrði hússins hafi verið í afar slælegu ástandi þegar myndir voru teknar af húsinu 19. maí 2023 og að þússning hafi verið hrunin af gaffli hússins að hluta. Það sé vel þekkt að þegar lekavandamál eru á múruðum húsum geti múrhúðin losnað. Bendir V á að skv. 3. másl. 2. mgr. 17. gr. almennra skilmála félagsins beri váttryggðum að gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað eða fargað. Ekkert vatnstjón hafi verið sjáanlegt við skoðun tjónaskoðunarmanns á baðherbergi M. V dragi ekki í efa að lekið hafi með salerniskassa þann 17. ágúst 2023 en V geti hins vegar ekki fallist á það sem fram kemur í skýrslu M um að raki innanhúss hafi að engu stafað frá utanaðkomandi leka í gegnum ytra byrði hússins. Þá telur V ósannað að leki frá vatnskassa sem greindist á 3. hæð þann 17. ágúst 2023 hafi valdið tjóni. Hafnar V því öllum kröfum M.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að V hafi skoðað aðstæður á 3. hæð þann 24. maí 2023. Rakinn í vegg 2. hæðar hafi komið í ljós þegar allt var fjarlægt út af baðinu þar sem M var að leggja af stað í framkvæmdir. Þegar skoðunarmaður V hafi komið á vettvang 19. maí 2023 voru allir hlutir sem fjarlægðir voru af baðinu enn til staðar og því hafði V fullan aðgang að þeim. Allt sem var inni á baðherberginu hafi verið ónýtt s.s. innrétting, veggflísar og gólfplísar. Því var öllu hent þegar V taldi málið óbótaskyldt við fyrstu skoðun.

Í viðbótarathugasemdom V er vísað til þess að ljóst sé að M hafi ákveðið að fara í framkvæmdir á baðherberginu áður en hið meint tjón uppgötvaðist. Ákvörðunin um að rífa allt úr baðherberginu og endurnýja það var tekin án tillits til þess hvort skemmdir hefðu orðið vegna vatnstjóns og án vitneskju um að vatn hafi verið að leka. Þar af leiðandi verði jafnframt að telja ljóst að vatnslekinn sem um ræðir leiddi ekki til fjártjóns. Enda um að ræða kostnað við hefðbundna endurnýjun á baðherbergi en ekki kostnað vegna viðgerða á tjóni. Alla jafna skemmist vegg- og gólfflísar ekki vegna vatnsleka, enda um að ræða vatnspolin efni sem hönnuð eru með það í huga að standast vatnsálag. Þá séu engin ummerki um vatnstjón eða vatnsskemmdir að sjá á þeim myndum sem fyrir liggja af rýminu.

Álit.

Samkvæmt skilmála fasteignatryggingar V teljast þinglýstir eigendur hinnar vátryggðu fasteignar eða eignarhluta sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini vera vátryggðir. Samkvæmt 36. gr. skilmálans skulu greiðslur úr vátryggingunni renna til vátryggðra. Það er því ekki húsfélagið sjálft sem á bótarétt úr vátryggingunni vegna tjóna á einstökum eignarhlutum fasteignarinnar, heldur þinglýstir eigendur hvers eignarhlutar. Af málskoti verður ráðið að M sé að gera kröfu um bætur úr fasteignatryggingu húsfélagsins A f.h. húsfélagsins vegna tjóns á fasteign sinn og tveggja annarra íbúða hússins. V svarar hins vegar málskoti eingöngu út frá kröfu M um bætur úr fasteignatryggingu húsfélagsins A vegna tjóns á hennar eigin íbúð nr. 201. Þar sem húsfélagið A getur skv. ofangreindu ekki gert kröfu um bætur úr fasteignatryggingunni verður í álitinu þessu eingöngu fjallað um kröfu M um bætur úr fasteignatryggingu húsfélagsins A vegna tjóns á hennar eigin íbúð.

Samkvæmt a-lið 1. gr. 1. kafla skilmálans, bætir tryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Af fyrirliggjandi gögnum og þá sérstaklega skýrslu pípulagningarmeistara sem uppgötvaði og stöðvaði leka í klósettkaða á 3. hæð fjölbýlishússins þann 17. ágúst 2023, verður ekki annað ráðið en að tjónsatvikið sem slíkt falli undir fyrrgreint skilmálaákvæði enda liggur ekki annað fyrir en að lekinn hafi verið ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að umfang tjónsins sé meira en V hefur þegar fallist á að greiða. Líkt og fram kemur í viðbótarathugasemdom M þá hafi raki í baðherberginu komið í ljós eftir að var fjarlægð út af baðherberginu þar sem M var að leggja af stað í framkvæmdir. Þar sem búið var að fjarlægja allar flísar og innréttingar úr baðherberginu vegna framkvæmda þegar lekinn uppgötvaðist verður að teljast ljóst að M hefur ekki orðið fyrir frekara tjóni vegna lekans en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar boðið í bætur. Á M því ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu húsfélagsins A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 316/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Skipt um akrein.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 28. september 2023, ásamt gögnum sem lögð voru fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna í máli nr. 276/2023 og athugasemdir ökumanns bifreiðar B.
3. Bréf V2 dags. 5. október 2023, ásamt framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, nánari lýsingu frá M og úrskurður nefndarinnar í máli nr. 434/2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A og B við útkeyrslu í hringtorgi í Kaupúni í Garðabæ. Í sameiginlegri tjónstilkynningu, þar sem ökumenn bifreiðanna skrifa undir framhlið sameiginlega, kemur fram teikning af afstöðu bifreiða og sú lýsing að báðum bifreiðum hafi verið ekið áleiðis út úr hringtorginu þegar árekstur varð. Bifreið B er teiknuð á hægri megin við bifreið A þegar árekstur varð. Lýsing ökumanna hvors um sig kemur fram í síðari gögnum þar sem ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum þannig að bifreið A hafi verið ekið af vinstri yfir á hægri akrein í veg fyrir bifreið B þannig að vinstra horn á stuðara bifreiðar B hafi lent á hægri afturbretti bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B telur að ökumaður bifreiðar A hafi verið utan við sig og í símanum þegar samskipti áttu sér stað eftir áreksturinn. Ökumaður bifreiðar A segir hins vegar í sinni skýrslu að hann hafi ekki skipt um akrein heldur hafi bifreið B verið ekið utan í bifreið A, sem hafi verið í hringtorginu þegar bifreið B var ekið inn í það.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum og hafnar því að hafa skipt um akrein í hringtorginu og bendir auk þess að ummerki á bifreiðunum styðji það ekki með vísan til ljósmynda af þeim. Einnig sé ekki merkt við akreinaskipti í lýsingu atvika á sömu tjónstilkynningu. M hafnar því að mynd á framhlið tjónstilkynnar sýni akreinaskipti og telur með hliðsjón af fyrrnefndum ljósmyndum að hann, sem ökumaður bifreiðar A, hefði þurft að sveigja í 90 gráðu beygju í veg fyrir bifreið B ef lýsing ökumanns þeirrar bifreiðar stæðist og þá hefði hann lent út af hringtorginu. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi komið af aðrein að hringtorginu á mikilli ferð og keyrt harkalega inn í hlið bifreiðar A. V1 telur að teikning á framhlið tjónstilkynningar sé óskýr og af henni verði ekki dregin sú ályktun að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi skipt um akrein í veg fyrir bifreið B. Það fái ekki heldur stoð í öðrum gögnum málsins. V1 telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt að fyrirmælum í 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og hafi ekið gegn biðskyldu á bifreið A, staðhæfingar um akreinaskipti séu ósannaðar og eigi hann því að bera alla sök.

V2 telur að sýnt sé að bifreið A hafi verið ekið af innri hring hringtorgs út áleiðis út úr hringtorginu þegar árekstur varð og leggja eigi framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn skrifi undir, til grundvallar við mat á sök. Þar komi fram teikning sem sýni akreinaskipti bifreiðar A og verði að leggja þá teikningu til grundvallar þar sem báðir ökumenn skrifi undir hana. V2 telur fullyrðingar M ekki standast og að þær séu í fullkominni andstöðu við það sem komi fram á fyrrnefndri teikningu og vísar auk þess til áskilnaðar í 2. ml. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga um að þegar hringtorgi sé skipt í tvær akreinar skuli ökumaður sem ætli beint út af því velja hægri akrein, sem ökumaður bifreiðar B hafi gert og því ekki sýnt sök.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort sannað sé að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi skipt um akrein frá vinstri yfir á hægri við akstur út af hringtorgi. Við mat á því er litið til þeirra gagna sem lögð hafa verið fram í málinu, þar á meðal teikningu á framhlið tjónstilkynningar, sem báðir undirrituðu. Af þeirri teikningu, með öðrum upplýsingum sem koma fram á sömu framhlið, verður ekki með skýrum hætti ráðið um staðsetningu bifreiðar A við áreksturinn eða að M hafi, sem ökumaður bifreiðar A, skipt um akrein í veg fyrir bifreið B. Ökumenn bifreiða A og B bera með mismunandi hætti um aðdraganda

áreksturs og ekki er hægt að staðreyna af gögnum málsins hver staðsetning bifreiðanna í aðdraganda árekstursins. Báðir ökumenn saka hinn um gáleysi en ekki verður ráðið af gögnum málsins að annar hafi sýnt meira gáleysi en hinn, en báðum bar að sýna tillitsemi við aksturinn skv. 4. gr. umferðarlaga. Verður að þessu sögðu talið ósannað hvor ökumanna sýndi meira gáleysi en hinn í aðdraganda áreksturs og teljast þeir báðir bera ábyrgð á helmingi tjóns hins.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 317/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 8. apríl 2023 hafi komið í ljós vatnstjón í fasteign í eigu M. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að um leka frá vaski á baðherbergi hafi verið að ræða. M hafi tilkynnt tjónið til V sem þó hafi látið undir höfuð leggjast að rannsaka orsök tjónsins með fullnægjandi hætti og hafi leigjendur fasteignarinnar því séð um að rífa frá klæðningu og opna inn í vegg. Við það niðurrif hafi komið í ljós, sbr. einnig framlagt myndband M, að leka frá vaskinum leiddi í tvær áttir, þ.a. bæði að herbergi og að gangi. Nokkur samskipti hafi verið milli M og V í framhaldinu, og hafi V lýst þeirri skoðun sinni að um væri að ræða tvo aðskilda tjónsatburði, þ.e. annars vegar leka frá vaski sem hefði valdið tjóni á gólfefni og veggjum í barnaherbergi og hins vegar leka frá sturtuklefa sem hefði valdið tjóni á vegg og gangi. Þar sem staðið hafi á frekari aðgerðum af hálfu V hafi M fengið verktaka til að sinna viðgerðum og hafi M, í tölvupósti dags. 8. júní 2023, upplýst V um útlagðan kostnað vegna vinnuliðar, útlagðan kostnað sinn vegna efniskostnaðar og tapaðar leigugreiðslur í tvo mánuði meðan á framkvæmdum stóð enda hafi leigjendur þurft að flytja út. Í bótatilboði V hafi ekki verið tekið tillit til þess að eðlilegt hafi verið að skipta um allt parket í íbúðinni, enda sé um að ræða þröskuldalaust rými og mikil lýti af því að hafa mismunandi parket á gólfum en sams konar parket og var fyrir hafi ekki verið fánlegt. Þá hafi ekki verið bættur kostnaður sem M hafi orðið fyrir vegna efniskaupa og missir leigutekna hafi ekki verið bættur. Gerir M kröfu vegna framangreindra þátta og gerir auk þess athugasemdir við að V telji að um tvo aðskilda tjónsatburði sé að ræða enda liggi fyrir yfirlýsing verktaka um að um einn og sama tjónsatburð hafi verið að ræða.

Í bréfi V er því mótmælt að skoðun félagsins á aðstæðum hafi verið ábótavant enda sé það tjónþola en ekki V að sýna fram á tjón og orsök þess. Niðurstaða tjónaskoðunar V hafi þá verið sú að tveir aðskildir atburðir hefðu valdið tjóni á eigninni, og aðeins lekinn frá vaskinum hafi verið bótaskyld tjónsatvik. Þrátt fyrir það hafi M boðið greiðslu án viðurkenningar á bótaskyldu vegna alls tjónsins, en það telji eftir sem áður ósannað að um einn tjónsatburð hafi verið að ræða. Bótafjárhæð hafi þá byggt á reikningum sem M hafi sjálfur lagt fram vegna efnis og vinnu, en fjárhæð þeirra hafi samtals numið 1.554.938 kr. Að frádreginni eigin áhættu og mögulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnulið hafi greiðsla til M numið 1.339.662 kr. Virðist kröfuliður M vegna efniskostnaðar því byggður á misskilningi, en í tjónamatsgerð V sé vísað til reikninga sem M hafi lagt fram vegna efnis og aksturs, samtals að fjárhæð 235.581 kr. Hafi útlagður efniskostnaður því verið að fullu greiddur til samræmis við kröfur M. Hvað varði kröfu M um útskipti alls parkets vísar V til þess að í skilmálum sé að finna sérstaka uppgjorsreglu vegna gólfefna en þar komi m.a. fram að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Fyrir liggi að V hafi greitt bætur vegna gólfefna í herbergi og á gangi, þ.e. þar sem sannarlega varð vatnstjón og til samræmis við reikninga sem M lagði fram. Hvað varði tapaðar leigugreiðslur þá geri M kröfu um tveggja mánaða leigufjárhæð. V hafi ekki borist afrit leigusamnings né önnur gögn er sýni fram á að slíkur samningur hafi verið í gildi og sé því ósannað að M hafi orðið af leigugreiðslum vegna tjónsins. Þá sé því mótmælt að nauðsynlegt hafi verið að flytja úr eigninni vegna tjónsins enda hafi ekki verið um að ræða umfangsmikið tjón og hæglega hefði verið hægt að búa þannig um hnútana að bráðabirgðahandlaug væri virk. Verði hins vegar litið svo á að íbúðin hafi verið ónothæf vegna óvirkrar sturtu verði að líta til þess að það rask verði samkvæmt framansögðu ekki rakið til bótaskylds atburðar. Þá sé því í öllu falli harðlega mótmælt að nauðsynlegt hafi verið að flytja úr íbúðinni í tvo mánuði enda hafi viðgerð aðeins tekið tólf daga. Jafnvel þó bótaskylda sé fyrir hendi geti bætur því í mesta lagi numið tólf daga leigugreiðslum enda sé kveðið á um það í skilmálum að bætur séu aðeins greiddar vegna þessa tíma sem viðgerð standi yfir.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að álit fagmanna sem sáu um viðgerðir sé á þá leið að um eina tjónsorsök hafi verið að ræða. V byggir afstöðu sína um að um tvær tjónsorsökir hafi verið að ræða hins vegar ekki á neinni ígrundaðri skoðun enda hafi tjónamatsmenn þess ekki opnað inn í vegg eignarinnar. Hvað varði kostnað vegna efniskaupa þá sé ekki um að ræða kostnað sem verktaki hafi innheimt heldur kostnað að fjárhæð 182.452 kr., sem M hafi sjálfur greitt. Hvað varði parketið þá sé um að ræða samhangandi rými, en gangurinn sé samtengdur stofunni. Sé því eðlilegt að kostnaður vegna nýs gólfefnis á stofu sé einnig bættur. Hvað varði missi leigutekna liggja þá fyrir yfirlýsing leigutaka um að íbúðin hafi verið óíbúðarhæf um tveggja mánaða skeið. Nokkur tími hafi liðið frá því tjónið uppgötvaðist og þar til verktaki gat hafið störf og ljóst sé af ljósmyndum að íbúðin hafi verið óíbúðarhæf meðan á framkvæmdum stóð. Ítrekar M því fyrri kröfur sínar.

Álit.

Samkvæmt framansögðu má greina ágreining aðila í þrjá liði og tekur umfjöllun nefndarinnar mið af því. Rétt er þó að taka fram að það er álit nefndarinnar að nægilega sé sýnt fram á að aðeins hafi verið um einn tjónsatburð að ræða. Þannig liggur fyrir mat þess verktaka sem sá um viðgerðir, dags. 25. ágúst 2023, um að allur leki hafi komið frá vaski á baðherbergi, en sturta hafi verið látin ganga og vatn liggja í botni hennar en rakasmits ekki orðið vart frá henni. V hefur hins vegar ekki lagt fram nein gögn, önnur en ljósmyndir frá tjónaskoðunarmanni sem ekki fylgja nánari skýringar, er sýni fram á að lekið hafi frá sturtu. Þá styður fyrirliggjandi myndband við þá lýsingu að lekið hafi í tvær áttir frá lögnum vasks á baðherbergi. Þar sem V hefur fallist á að greiða bætur vegna alls viðgerðarkostnaðar M hefur framangreint verður þó ekki séð að framangreint hafi áhrif á niðurstöðu nefndarinnar nema að því er varðar tjón vegna missis leigugreiðsla.

Hvað varðar kröfu M um endurgreiðslu útlagðs efniskostnaðar þá eru meðfylgjandi málskoti samskipti M við V, dags. 8. júní 2023. Kemur þar fram að M hafi lagt út fyrir efni samtals að fjárhæð 182.452 kr. Í sama tölvupósti kemur fram að reikningur verktaka hljóðaði upp á 1.375.904 kr. Meðal fylgigagna eru þá reikningar að fjárhæð 1.373.360 kr., en sá reikningur stafar frá verktakanum og innifelur vinnu, efni og akstur, og reikningar að fjárhæð 4.517 kr., 46.946 kr., 114.336 kr. og 16.653 kr., eða samtals að fjárhæð 182.452 kr. vegna efniskaupa. Í tjónamatsgerð V er reikningi verktakans skipt upp í annars vegar 54.000 kr. vegna efnis og aksturs og hins vegar 1.319.360 kr. vegna vinnu, eða samtals 1.373.360 kr. Þá eru í matgerðinni tilteknir reikningar vegna efniskaupa, að fjárhæð 3.643 kr., 46.946 kr., 114.336 kr. og 16.653 eða samtals kr. 181.578 kr. Að því frátöldu að virðisaukaskattur virðist hafa verið dreginn af fyrstnefnda reikningnum, þ.e. 874 kr., án þess að frekari skýringar séu á því, hefur M því fengið útlagðan kostnað vegna þeirra reikninga sem eru fyrirliggjandi að fullu greiddan og virðist krafa hans því byggð á misgáningi hvað þetta varðar. Er V þó hvatt til þess að gefa M frekari skýringar á umræddum 874 kr. mismun, eða greiða honum þá fjárhæð ella.

Hvað varðar kröfu M um frekari útskipti á parketi vísast til þess að samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Er því almennt gert ráð fyrir því, þegar um bótaskyld tjón á fasteign er að ræða, að eignin sé ekki í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Jafnframt vísar V til þess að sérstaklega komi fram í skilmálum vátryggingarinnar að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M hvorki sýnt fram á að gangur og stofa séu í sama rými í skilningi skilmálaákvæðisins, né að ástand eignarinnar sé lakara en það var fyrir tjónið eða að heildarútlit raskist þannig að sjálfstæður bótaréttur stofnist þess vegna. Þar sem engin gögn liggja fyrir nefndinni er sýni fram á framangreint verður því ekki fallist á kröfu hans hvað þennan þátt varðar.

Hvað varðar missi leigutekna þá liggur fyrir yfirlýsing leigjenda um að hvorki hafi verið greidd leiga vegna maímánaðar né júnímánaðar enda hafi íbúðin verið óíbúðarhæf í maí og júní. Enginn skriflegur leigusamningur virðist vera fyrir hendi, en munnlegir samningar eru almennt jafngildir skriflegum og er gert réð fyrir tilvist munnlegra leigusamninga í húsaleigulögum nr. 36/1994, sbr. 10. gr. þeirra. Er því að mati nefndarinnar komin fram næg sönnun þess að leigusamningur hafi verið í gildi og að M hafi orðið fyrir tjóni vegna missis leigutekna Ljósmyndir af eigninni meðan á framkvæmdum stóð bera það með sér rask hafi verið umtalsvert, herbergi hafi verið rýmt, gólfefni tekin upp, veggir rofnir og þá má ráða af gögnum málsins að baðherbergið hafi verið meira eða minna ónothæft. Verður því að telja að fasteignin hafi á þeim tíma verið óíbúðarhæf. Eins og áður segir er það þá mat nefndarinnar að um eina tjónsorsök hafi verið að ræða, þ.e. leka frá vaski í baðherbergi og koma mótbáru V, þess efnis að hafi íbúðin verið óíbúðarhæf þar sem sturta hafi verið óvirk sé ekki um að ræða tjón sem rekja megi til

bótaskylds atviks, því ekki til frekari skoðunar. Af fyrirliggjandi tímaskýrslu má hins vegar ráða að framkvæmdum hafi verið lokið 30. maí og verður því ekki fallist á að íbúðin hafi verið óíbúðarhæf í júnímánuði. Þá liggur ekki fyllilega fyrir hvort íbúðin hafi verið óíbúðarhæf áður en framkvæmdir hófust, þó einhver óþægindi og skertur afnotaréttur leigutaka hafi verið til staðar. Telur nefndin þó rétt að líta ekki aðeins til framkvæmdatíma verktaka við mat á bótum vegna missis leigutekna, enda má ætla að nokkuð rask hafi verið samfara undirbúningi og frágangi framkvæmdanna. Telst M því eiga rétt á bótum vegna missis leigutekna í einn mánuð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna missis leigugreiðsla í einn mánuð, til viðbótar við þær bætur sem hann hefur þegar fengið greiddar vegna umrædds tjónsatviks.

Reykjavík, 31. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 319/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að M telji sig eiga rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X. X hafi, við sölumeðferð á fasteigninni Y, vanrækt þær skyldur sem á honum hvíli samkvæmt lögum nr.70/2015 um sölu fasteigna og skipa, og er sérstaklega vísað til 1. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna. Þannig hafi komið fram í auglýsingu um eignina og söluþingliti hennar að „tvö merkt bílastæði tilheyra eigninni ásamt stæði við bílskúr.“ Við sjónskoðun M á eigninni hafi tvö bílastæði, annað malbikað og hitt malarborið, verið sérmerkt umræddri íbúð og hafi M gert tilboð í eignina í góðri trú um að söluþinglit og auglýsingar innihéldu réttar upplýsingar hvað umrædd stæði varðaði. Kaupsamningur um eignina hafi verið undirritaður í kjölfarið, hinn 22. desember 2020. Hinn 4. september 2022 hafi M svo borist fregnir af því að Reykjavíkurborg áformaði að reisa íbúðarhús á lóð sinni í nágrenni við fasteign M, og innan þeirra lóðarmarka félli m.a. malarborna bílastæðið sem M hefðu talið að tilheyrði Y. Við nánari eftirgrennslan hafi svo komið í ljós að það bílastæði væri utan lóðarmarka þess fjölbýlishúss sem Y er í, og að M ættu því ekkert tilkall til þess. Frekari upplýsingar um væntanlega uppbyggingu á lóðinni eða kynning vegna hennar hafi ekki farið fram af hálfu borgarinnar. Í ljósi framangreinds hafi M gert bótakröfu í starfsábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafi, með bréfi dags. 23. júlí 2023, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að X hefði ekki brotið gegn skyldum sínum við söluna, en þess utan væri tjón M ósannað. Hafi M í framhaldinu aflað mats á verðmæti þess bílastæðis sem fylgja átti Y. Var niðurstaða matsins sú að sanngjarnt og eðlilegt verðmæti bílastæðisins sem fylgja hefði átt Y væri 2.100.000 kr., og að um varlega áætlun væri að ræða þar sem það að aðeins eitt aukþjónsuppgjörsmiðstöðlastæði í stað tveggja tilheyri eigninni rýri verðgildi hennar og skerði sölumöguleika. Sé því sýnt fram á tjón þeirra. M hafi sjálf litla reynslu af fasteignaviðskiptum og hafi treyst því að upplýsingar sem stöfuðu frá X, væru réttar, enda verði að gera ríkar kröfur til hans sem sérfræðings. Fara M því fram á að úrskurðað verði um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X en einnig krefjast þau endurgreiðslu svokallaðs umsýslugjalds fasteignasölnunnar sem þau hafi innt af hendi samhliða kaupum á Y.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að skilyrði bótaábyrgðar séu þrjúþætt. Þ.e. tjónþoli þurfi að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, að um hafi verið að ræða háttsemi sem skaðabótaskyld sé að lögum og að tjónið sé afleiðing þeirrar háttsemi. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi það legið fyrir frá upphafi að um hafi verið að ræða merkt sameiginleg bifreiðastæði innan og utan lóðarmarka. Hafi tilhögun stæðanna byggt á samkomulagi eigenda viðkomandi fasteigna en aldrei verið þinglýst þar sem þau væru að hluta utan lóðarmarka. Telji X því söluþinglitið fullnægjandi enda ljóst að þau hafi sannanlega verið merkt viðkomandi íbúð og öll opinber gögn um skráningu sýni fram á að í því felist ekki séreign fasteignareiganda. Hafi söluþinglitið því í reynd verið efnislega rétt og ekki um gáleysi að ræða. Þrátt fyrir framlagða matsgerð, en sönnunargildi hennar markist einnig af því að hennar var einhliða aflað, telji V þá ekki sýnt fram á að tjón hafi orðið. Ekkert liggi fyrir um hvenær Reykjavíkurborg hyggist hefja framkvæmdir á svæðinu og þá hafi það engin áhrif á fasteignamat hvort umrætt stæði tilheyri Y eður ei enda hafi stæðið aldrei verið hluti fasteignamats.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að meta verði X það til stórfellds gáleysis að setja rangar upplýsingar í söluþinglit Y, og að X hafi borið að staðreyna slíkar upplýsingar. Þá áréttar þau að fyrir liggi matsgerð sem staðfesti fjártjón þeirra. V hafi þá verið boðið, í tölvupósti M til þess dags. 21. júní 2023, að ákveða hver kæmi til með að meta tjónið, en því boði hafi verið hafnað. M lýsa einnig þeirri

afstöðu sinni að verði kröfu þeirra hafnað sé með því fallist á að fasteignasölum sé heimilt að selja svæði sem í raun eru utan lóðarmarka.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á sölufirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í sölufirliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í sölufirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 13. gr. kemur þá fram að fasteignasali skuli við kynningu á eign gæta þess að upplýsingar og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar svo og að gæta skuli hófs í lýsingum á henni. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrirliggjandi eru auglýsingar og sölufirlit vegna Y. Þar kemur fram, og er raunar ekki um það deilt, að tvö merkt bílastæði tilheyri eigninni ásamt stæði við bílsskúr. Það er mat nefndarinnar að fallast verði á það með M að þau hafi mátt hafa réttmætar væntingar til þess að umrædd stæði „tilheyru“ fasteigninni, og að þau hefðu því raunverulegan umráðarétt þeirra. Fyrir liggur að aðeins annað þessara stæða er innan lóðarmarka og verður því ekki fallist á það með V að sölufirlit hafi ekki verið ónákvæmt að þessu leyti. Verður enda að miða við, eigi að leggja þá merkingu í orðalag upplýsinga um stæðin í sölufirliti að aðeins sé um sérmerkt stæði að ræða en ekki stæði sem raunverulega „tilheyri“ fasteigninni, að X hefði verið í lófa lagið að haga orðalagi með þeim hætti og taka þá skýrt fram að annað hinna sérmerktu stæða væri í raun utan lóðarmarka. Hafi, eins og haft er eftir X í andsvörum V „legið fyrir frá upphafi að um merkt sameiginleg bílastæði innan lóðarmarka og utan lóðarmarka væri að ræða“, hefði þá verið hægur vandi fyrir X að tryggja sér sönnun þess að hann hafi gert M grein fyrir því. Er það því mat nefndarinnar að ekki hafi verið nægilega hugað að áskilnaði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 við gerð sölufirlits og að um hafi verið að ræða rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem X beri ábyrgð á. Er þá jafnframt litið til þess að fasteignasalar eru sérfræðingar sem bjóða fram þjónustu sína til almennings og eiga viðsemjendur þeirra þá að geta treyst því að upplýsingar sem frá þeim stafa séu réttar og nákvæmar og til samræmis við 13. gr. áður nefndra laga.

Það er hins vegar mat nefndarinnar að M hafi ekki, eins og sakir standa, sýnt fram á að þau hafi orðið fyrir tjóni vegna fyrrgreindrar háttsemi. Fyrir liggur verðmat vegna umrædds bifreiðastæðis, en sönnunargildi þess verður að skoða í því ljósi að þess var einhliða aflað af hálfu M. Þá er ekki sýnt fram á að tilvist umrædds bifreiðastæðis hafi haft áhrif á verð það sem M greiddu fyrir Y, eða að áhrif þess að stæðið „tilheyri“ ekki Y verði merkjanleg á framtíðarsöluverðmæti Y, en réttilega er bent á að ekki er tekið tillit til umrædds bifreiðastæðis í fasteignamati Y.

Rétt er að taka fram að það er mat nefndarinnar að krafa M um endurgreiðslu umsýslugjalds falli utan við verksvið hennar, enda sé frekar um að ræða kröfu um endurgreiðslu vegna ágalla á þjónustu en ekki kröfu um bætur vegna tjóns sem starfsábyrgðartrygging X tekur til. Kemur sá þáttur kröfu M því ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 320/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2).****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Framúrakstur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. september 2023.
2. Bréf V1, dags. 3. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 26. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á Þjóðvegi 1 við Húnaver. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. M sem var ökumaður bifreiðarinnar A lýsir tjóninu með þeim hætti í gögnum málsins að hún hafi nálgast bifreið fyrir framan sig sem ók á c.a. 80 km/klst. Er M var að byrja að nálgast bifreiðina, leit M í baksýnispegilinn og hliðarspegil og sá enga bifreið. Ákvað M þá að taka fram úr bifreiðinni. Þegar hún var komin við hlið bifreiðarinnar, kemur bifreiðin B aftan að henni og sér hún að B hallar utan vegar vinstra megin við A og flautar. Rennur B á afturhluta A, á afturdekk og bretti bifreiðarinnar. Í ökutækjaskýrslu ökumanns B kemur fram að hann hafi ekið á eftir bifreiðum sem óku á um 80 km/klst. Leit hann í baksýnispegilinn og á veginn framundan til að tryggja að óhætt væri að hefja framúrakstur sem hann svo gerði. Þegar hann var kominn upp að hlið A, tók hann eftir að sú bifreið hóf einnig framúrakstur. Kveðst ökumaður B hafa flautað og reynt að forðast árekstur með því að sveigja til vinstri en þar var ekki nægt pláss þar sem vegriði var þar staðsett og varð því árekstur milli bifreiðanna. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd vátryggingafélaganna sem felldi alla sök á M sem ökumann A. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur tjonanefnd ekki hafa tekið mark á sínum framburði. Telur M sig vera í 100% rétti, í versta falli eigi að skipta sök til helminga þar sem engin sönnun liggja fyrir í málinu, bara orð gegn orði. Telur M að ökumaður B hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka fram úr þremur bifreiðum og vísar til 23. gr. umferðarlaga. Telur M að 24. gr. laganna eigi ekki við þar sem hún hafi tekið fram úr á undan ökumanni B.

V1 skilar ekki frekari athugasemdum í málinu. V2 vísar til 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem kveðið er á um skyldu ökumanns sem hyggst hefja framúrakstur. Telur V2 með hliðsjón af framburðum beggja aðila að ökumaður B hafi byrjað framúrakstur á undan M og verið orðinn samsíða bifreið M þegar M ætlaði að hefja framúrakstur. M beri því alla sök á árekstri bifreiðanna.

Álit.

Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og gerðu ökumenn ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu á vettvangi. Þar sem engin gögn liggja fyrir um annað verður að telja að fullbrotin miðlína hafi verið á veginum sem gefur til kynna að framúrakstur sé heimill enda sé fyllstu varúðar gætt sbr. d-lið 23. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þannig. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri eða aka fram úr ökutæki sem á undan er. Samkvæmt c-lið sömu greinar skal ökumaður athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Þá skal sá sem ekur fram úr öðru ökutæki skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá segir í 5. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem um framúrakstur gilda og nefnd eru hér að framan er rík aðgæsluskylda lögð á ökumenn við framúrakstur. Með hliðsjón af atvikum öllum og þá sérstaklega ákomum á bifreiðum og framburði beggja ökumanna verður M að bera hallan af sönnunarskorti um að ökumaður B hafi hafið framúrakstur eftir að hún hafði gefið til kynna að hún ætlaði að taka fram úr fremstu bifreiðinni. Verður þannig talið að M hafi ekki gætt að c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga er hún hóf framúrakstur. Verður öll sök því lögð á M sem ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 326/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð. Verslun/þjónusta

Gögn.

1. Málskot dags. 14. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 24. nóvember 2022, farið með bifreið sína í bifreiðaþvottastöð X. Til að greiða fyrir þvottinn hafi hún þurft að fara inn í afgreiðsluhúsnæði þar sem sjálfsali sé staðsettur. Hafi hún opnað dyrnar að því rými og gengið inn en þá stigið í glæra sápu og bleytu á gólfinu. Hafi henni við þetta skrikað fótur, skolið í gólfið og klemmt fótinn í hurðinni. Hafi hún hlotið alvarlegt líkamstjón við slysið og sé enn að kljást við afleiðingar þess. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X enda telur hún tjón sitt að rekja til óforsvaranlegra aðstæðna og vanrækslu af hálfu þess. Um sé að ræða húsnæði þar sem almenningur venju komu sínar og mikill umgangur sé um og sé brýnt að öryggi sé tryggt og gönguleiðum haldið hálkulausum. Engar sýnilegar viðvaranir vegna hálfu á gólfi hafi þá verið á húsnæðinu fyrir viðskiptavinum sem gengu þar inn, heldur hafi einungis verið varað við hálfu á gólfi þegar inn var komið. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 sem leggi m.a. skyldur á X um að koma í veg fyrir slyshættu og draga úr hálkumyndun. Samkvæmt upplýsingum frá X fari alþrif á húsnæðinu fram um helgar milli kl. 8 og 9, en almenn þrif um kaffileytið á virkum dögum. Slys M hafi atvikast um kl. 10 á föstudegi og því nokkuð liðið frá almennum þrifum og nokkrir dagar frá alþrifum. M hafi þá verið í góðum skóm og verði tjón hennar ekki rakið til aðgæsluleysis hennar sjálfrar, þar sem hún hafi átti sér einskis illt von er hún gekk inn um dyrnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að ekki sé sýnt fram á að slys M hafi orðið á þeim stað sem M haldi fram og ósannað sé að það verði rakið til sakar X. Samkvæmt X hafi því ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en hinn 13. apríl 2023 og enginn á vegum X kannist við að hafa talað við M eða heyrt af atvikinu fram að því. Einu samtímagögn málsins séu læknisfræðileg gögn og í bráðamóttökuskrá vegna komu dags. 24. nóvember 2022 segi að M hafi klemmst „á þungri eldvarnarhurð í vinnunni í dag“. Í síðari sjúkragögnum sé þá vísað til sömu atvika. Þá liggi engin gögn fyrir um aðstæður í húsnæði X á slysdegi.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til sakar X, starfsmanna þess, eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skadabótaábyrgð vegna, hvílir á M sem tjónþola. Gögn máls þessa, utan sjúkragagna, eru nokkuð takmörkuð og liggja t.a.m. engar ljósmyndir eða yfirlýsingar vitna, er sýni fram á aðstæður í húsnæði X á slysdegi eða hvar nákvæmlega umrætt atvik átti sér stað, fyrir nefndinni. Verða þá ekki dregnar neinar afdráttarlausar ályktanir um ástand húsnæðisins af því hversu oft þrif fara fram þar, en í fyrirliggjandi lýsingu X á fyrirkomulagi við þrif kemur fram að þjónustuaðilar þrifi að morgni um helgar og um kaffileytið á virkum dögum en komi svo oft að beiðni X að skoða stöðina og aðstæður þar inni. Liggur ekkert fyrir um hvort slík viðbótarskoðun hafi farið fram umræddan dag eða hvort aðstæður, t.a.m. vegna veðurs, hafi kallað á það. Þá er lýsing atvika, eins og hún kemur fyrir í sjúkragögnum, ekki fyllilega sambærileg við atvikalýsingu í málskoti. Þannig kemur fram í bráðamóttökuskrá dags. 24. nóvember 2022 að M hafi klemmst á þungri eldvarnarhurð „í vinnunni“ og í meðferðarseðli hjúkrunar kemur fram að slysið hafi atvikast um kl. 15. Af öllu framangreindu hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði skadabótaábyrgðar séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Mál nr. 327/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 7. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. október 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. september 2020 hafi M orðið fyrir líkamstjóni vegna slyss er hann tók þátt í æfingu á vegum íþróttafélagsins X. Byggt er á því fyrir hönd M að tjón hans sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X, en tjónið hafi atvikast með þeim hætti að M, sem var átta ára á slysdegi, hafi verið að taka heljarstökk af trampólíni þegar þjálfari hans, Y, greip í hann meðan hann var í loftinu. Hafi M þá komið niður á öðrum fæti með skakka mjöðm og hafi það valdið því að M lærleggsbrotnaði. Megi því rekja tjón hans til rangra viðbragða Y sem ekki hafi stýrt M niður úr stökkinu með viðeigandi hætti. Hafi inngríp Y því annað hvort orsakað brotið beint eða valdið snúningi þannig að M kom ekki rétt niður á dýnuna að stökki loknu. Þá hafi mögulega verið um of erfitt stökk að ræða og rangt af Y að þvinga M til standandi lendingar. V hafi, með bréfi, dags. 19. maí 2023, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Í tilkynningu til lögreglu um atvikið, dags. 28. september 2020, hefur Z, faðir M, það eftir syni sínum að hann hafi verið að hoppa á trampólíni og stökkva upp í loftið og snúa sér. Þegar hann hafi verið í snúningnum hafi Y gripið í hann og M heyrnt lærlegginn brotna. Z lýsir því þá svo fyrir lögreglu að Y segi atvik þau að M hafi stokkið, en lent illa á gólfinu sem hafi valdið því að lærleggur hans brotnaði. Z kveður fyrir lögreglu að hann hafi ekki trú á þeirri lýsingu enda sé M ekki nógu sterkur til að lenda standandi heldur láti hann sig falla á bakið við lendingu. Í samtali lögreglu við framkvæmdastjóra X sagði hún að annar þjálfari, Þ, lýsi atvikinu á sama veg og Y, en jafnframt segist hinn fyrrnefndi hafa séð þegar M lenti á öðrum fæti skakkur í mjöðminni. Í málskoti kemur fram að frásögnum beri því greinilega ekki saman og verði X að bera hallann af því að hafa ekki hlutast til um frekari rannsókn, t.a.m. með því að kveða lögreglu á vettvang.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að það sé tjónþola að sanna tjón sitt og sýna fram á að saknæm háttsemi sé til staðar. Er því mótmælt að X verði gert að bera hallann af óvissu um málsatvik. Þess utan hafi þjálfarinn Þ verið vitni að atvikinu. Meðfylgjandi er yfirlýsing hans til V, dags. 10. október 2023, og kemur þar fram að M hafi gert framheljarstökk sem Þ telji til samræmis við getu. Við lendingu hafi heyrst smellur og M hafi lagst niður, greinilega slasaður. Y hafi staðið hjá M meðan stökkið fór fram og aðstoðað við framkvæmd stökksins með því að taka um maga og bak M en það sé rétt verklag við slíka aðstoð. Þá er í bréfi V rakið að í lýsingu Z á atvikum hafi komið fram að M hafi brotnað í loftinu þegar Y tók í hann. Telji V það afar ólíklega atburðarás og auk þess í andstöðu við lýsingu vitnisins. V telur þá að aðstæður umrætt sinn hafi verið eins öruggar og kostur var við æfingu slíkra stökka, þ.e. til staðar hafi verið trampólín, mjúk gryfjudýna og þjálfari til aðstoðar. Hafi aðstoð Y, sem hafi haft til að bera reynslu og menntun til að sinna starfanum, þá verið til samræmis við viðurkennt verklag. M hafi lent á öðrum fæti og verið snúinn við lendinguna og hefði Y ekki getað brugðist við því. Um óhappatilvik hafi því verið að ræða sem ekki verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slyss hans sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykir mega byggja á því að beinbrot M hafi komið til við lendinguna sjálfa en ekki beint af völdum inngríps þjálfara. Verður því að telja að M hafi lent illa á dýnunni eftir stökkið og það leitt til líkamstjóns hans. Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram nein þau gögn er renna stöðum undir það að óforsvaranlegt hafi verið, m.t.t. getu hans og aldurs, að láta M reyna umrætt stökk með

standandi lendingu. Þá liggur ekki annað fyrir en að tæki og aðbúnaður á slystað, en ljósmyndir af vettvangi eru meðal gagna málsins, hafi verið fullnægjandi. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að Y hafi með einhverjum hætti hagað aðstoð sinni við M meðan á stökkinu stóð með óvanalegum eða ófullnægjandi hætti þannig að leitt hafi til þess að M lenti með fyrrgreindum hætti. M verður að bera hallann af framangreindum sönnunarskorti. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því ekki sýnt fram á annað en að um einstakt óhappatilvik hafi verið að ræða og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 328/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 18. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi hinn 24. júlí 2022. Atvik hafi verið þau að M hafi verið á hestbaki þegar hryssan sem hún sat festi afturfótinn í óvörðu niðurfallsræsi með þeim afleiðingum að hún datt fram og M kastaðist af baki og varð fyrir líkamstjóni. X hafi unnið við lagningu niðurfallsröra á svæðinu og hafi óvarin rör eða ræsi verið á yfirborði vegarins. V hafi, með bréfi dags. 4. september 2023, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að ósannað sé að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsi. Þá telji V einnig að rétt hafi verið staðið að merkingum á svæðinu. M telur öll gögn benda til þess að atvik hafi verið með þeim hætti sem hún lýsi og hafi V ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á annað. Þá mótmælir M því að ölvun hennar á slysdegi hafi orsakað slysið. Því til stuðning er vísað til vitnisburðar samferðamanns hennar, Y, en hann hafi sjálfur ekki tekið eftir röri á veginum er hann reið eftir honum. Sé því ljóst að ölvun M hafi ekki verið orsakapáttur enda ekkert sem bendi til þess að hún hefði gert sér grein fyrir rörinu hefði hún verið allsgáð. M byggir kröfu sína á því að X hafi skilið eftir óvarin niðurfallsræsi án nokkurra merkinga, en erfitt hafi verið að sjá ræsin í veginum og um verulega slysahettu hafi verið að ræða. Samkvæmt upplýsingum M hafi þá verið brugðist við í kjölfar slyssins og komið fyrir merkingum við ræsin. M hafi þá lýst því, sbr. framburðarskýrslu sem tekin var af henni hinn 13. ágúst 2022, fyrir lögreglu að engar merkingar hefðu verið á veginum, og líklega hafi hrossið hnotið við götin í veginum. Í skýrslu sjúkraflutningamanna dags. 24. júlí 2023, komi þá fram að á vettvangi hafi verið óvarin rör og líklegt að hesturinn hafi hnotið um þau. Sé auðsýnt að orsakir slyss M verði raktar til vangæslu starfsmanna X á því að sinna forsvaranlegum frágangi en augljós slysaheitta hafi verið af því að skilja óvarin ræsi eftir á miðjum vegi þar sem umgangs fólks og hesta var að vænta. Til að vekja athygli vegfarenda á aðstæðum hefði starfsmönnum X borið að girða af svæði með óvörðum ræsum og setja upp viðeigandi merkingar. Ekkert í gögnum málsins bendi þá til þess að veginum hafi verið lokað fyrir umferð. Eina sjáanlega skiltið á svæðinu segi aðeins „Varúð vinnusvæði“ og að hámarkshraði um svæðið sé 30 kílómetrar á klukkustund. Samkvæmt öllu framansögðu sé þess krafist að úrskurðað sé um fulla bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji með öllu ósannað hvernig slys M atvikaðist. Fram komi í framburði M í lögregluskýrslu að hún muni ekkert eftir slysinu en telji líklegast að hrossið hafi stigið með annan afturfótinn í holræsi eða rör og hrasað við það. Framburður samferðamanns hennar, Y, sé á þann veg að hann viti ekki hvað hafi gerst en hann hafi, þegar hann fór að skoða aðstæður betur, séð rör sem lá þvert yfir veginn, en hann hafi ekki orðið var við það þegar hann reið um veginn skömmu áður. Hvorugt þeirra viti því hvernig slysið atvikaðist. Þá sé framburður Y í ósamræmi við framburð M í málskoti enda byggi hún á því að hesturinn hafi hnotið um rör í veginum en ekki rör sem lá þvert yfir veginn. Liggi því fyrir misvísandi frásagnir um atvik. Vangaveltur sjúkraflutningamanna, eða lýsing í sjúkraskrá sem að öllum líkindum sé höfð eftir M sjálfri, geti þá ekki talist fela í sér sönnun á atvikum við slysið. Hið eina sem sannað sé í málinu er að M og Y voru á ferð eftir umræddum vegi er hún féll af baki. Ítrekað komi þá fram í sjúkragögnum að M hafi verið ölvuð þegar slysið atvikaðist. Af ljósmyndum lögreglu af vettvangi megi skýrlega sjá að framkvæmdir, með tilheyrandi jarðraski, hafi staðið yfir á veginum. Þá hafi vinnusvæðið verið merkt með varúðarmerkingum og aðkomu að því að hluta lokað með gröfu og steypuklumpum. Hafi svæðið því verið eins vel merkt og völ var á miðað við aðstæður en þess verði ekki krafist af framkvæmdaaðila að hver hola og skurður séu merkt sérstaklega. Hafi engum getað dulist að um framkvæmdasvæði væri að ræða en M og Y samt tekið þá ákvörðun að ríða í gegnum það fremur en að taka á sig krók eins og eðlilegt hefði verið. Verði að telja að M hafi

mátt vera kunnugt um að slyshætta gæti falist í slíkri háttsemi. Verði talið að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M sé því rétt, á grundvelli ölvunar hennar og háttsemi, að hún beri tjón sitt að stærstum hluta, eða a.m.k. að helmingi, sjálf.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að tjón hennar verði rakið til athafna, eða athafnaleysis, X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. M byggir á því að hestur hennar hafi hrasað um óvarið rör á veginum sem hún reið eftir, og að slíkur frágangur svo og viðvörunarmerkingar á svæðinu hafi verið óforsvaranleg. Ekkert vitni var að atvikinu sem slíku og í framburði M fyrir lögreglu kemur fram að hún muni ekkert eftir slysinu sjálfu. Y lýsir því þá í samtali við lögreglu hinn 30. júlí 2022, að hann hafi ekki orðið vitni að slysinu en eftir að hann sá hrossið knapalaust hafi hann kannað hvað hafi orðið um M. Í vitnisburði Y kemur þá ekkert fram um óvarðar holur á yfirborði vegarins heldur aðeins að rör hafi legið þvert yfir veginn. Í sögu sjúkraflutningamanna, sem er rakin í sjúkraskrá M, kemur fram að á vettvangi hafi mátt sjá á veginum að rör voru óvarin, og hesturinn hafi líklega hnotið, mögulega við götin í jörðinni. Af ljósmyndum lögreglu af vettvangi, en þær voru teknar tveimur dögum eftir slys M, má þá sjá greinileg ummerki jarðvegsvinnu á vettvangi, og nokkur fremur lítil óvarin göt, sem í eru niðurfallsrör sem eru lögð undir yfirborði vegarins. Ekki er þó að finna nákvæma lýsingu á umræddum götum eða holum eða upplýsingar um fjölda þeirra. Virðist þá liggja fyrir, sbr. lýsingar þar að lútandi í sjúkraskrá, að M hafi verið ölvuð er slys hennar atvikaðist. M byggir sem fyrr segir á því að hestur hennar hafi hnotið við að stíga í holu á veginum. Svo fallist verði á það verður að vera nægilega sannað að mati nefndarinnar að slys hennar hafi atvikast með þeim hætti, en hestar eru lifandi verur og geta hnotið eða þeim hnekkst á af ýmsum ástæðum. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sýnt fram á að slys M hafi atvikast með framangreindum hætti, enda engum vitnisburði um slysið sjálft eða nánari upplýsingum um aðstæður á vettvangi til að dreifa.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 329/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi hinn 10. september 2021 fest kaup á fasteigninni Y, en X hafi verið seljandi, byggingaraðili og byggingarstjóri fasteignarinnar. Í febrúar 2022 hafi orðið vart töluverðs vatnsleka í Y og hafi M og X átt í deilum frá þeim tíma, en X hafi ítrekað lofað úrbótum. Hafi M aflað matsgerðar um ágalla á Y og komi fram í fyrirbyggjandi matsgerð að vatnshalli á svalagólfi sé öfugur og frágangur við svalahurð innandyra ófullnægjandi og ekki í samræmi við byggingarreglugerð og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Á grundvelli þess mats hafi M krafist X og V um greiðslu bóta auk þess sem hún hafi haldið eftir afsalsgreiðslu. Ekkert svar við þeim kröfum hafi borist frá X en V hafi hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Hvað varði rangan vatnshalla á svalagólfi vísi V til þess að í matsgerð sé vísað til ákvæðis byggingarreglugerðar sem fallið sé úr gildi. M mótmælir þeirri afstöðu enda gefi auga leið að vatni eigi að veita frá íbúðarhúsum og sé það í raun almenn vitneskja. Almenn tilvísun til hins brottfallna ákvæðis, en ekkert sambærilegt ákvæði sé að finna í núgildandi byggingarreglugerð, breyti engu í því samhengi og rökstuðningur í matgerðinni standi óhaggaður burtséð frá umræddu ákvæði. Þá komi skýrt fram í leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar að svalagólf og pallar skuli halla frá veggjum til að forðast að uppsafnað vatn renni að þeim. Hvað varði frágang við svalahurð vísi V til þess að þar sé um að ræða verkþátt sem sé ólokið. Samkvæmt matsgerðinni séu 85 mm upp á þröskuld á svölunum utanverðum en 110 mm að innanverðu. Samkvæmt byggingarreglugerð megi gólf svara og veranda vera með 100 mm lægri en gólf bygginga að því tilskyldu að skábraut sé komið fyrir að utanverðu. Sé því frágangur innan marka að utanverðu en ekki innanverðu og ekki sé gert ráð fyrir skábraut innandyra til lagfæringa, heldur sé nauðsynlegt að lækka þröskuld að innanverðu. Ljóst sé að um sé að ræða verkþátt sem er lokið enda sé fyrir löngu búið að steypa svalagólf, parketleggja og ganga frá dyrum og gluggum. Þó skábraut sé þá komið fyrir utandyra bæti það ekki úr ágöllum innandyra. M telji ljóst að fyrirbyggjandi matsgerð, sem hafi ekki verið hnekkt af hálfu V, sýni fram á ábyrgð byggingarstjóra á því að frágangur Y var ekki til samræmis við lög, reglur og teikningar og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra gildi hefðbundnar sönnunarreglur skaðabótaréttar. Byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegrri framkvæmd verkþátta einstakra iðnmeistara eða efdum þeirra en kunni að bera meðábyrgð á verulegum göllum sem rekja megi til stórfelldrar vanrækslu einstakra iðnmeistara og hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Hvað varði vitlausan vatnshalla á gólfi hafi það ákvæði byggingarreglugerðar sem vísað sé til í fyrirbyggjandi matsgerð verið fallið úr gildi þegar byggingarleyfi vegna breytinga á Y í núverandi íbúðarhúsnæði var gefið út. Verði því ekki litið til þess við mat á skaðabótaábyrgð. Þá séu ellefu eignarhlutar í Y og þar af níu íbúðir með svölum. M sé eini eigandinn sem hafi kvartað vegna rangs vatnshalla og telji V því að þetta atriði sé í lagi í öðrum íbúðum. Sé því ekki um að ræða verulegan ágalla sem rekja megi til stórfelldrar vanrækslu iðnmeistara og byggingarstjóra hefði ekki átt að dyljast við eftirlit. Hvað varði frágang á svalahurð telji V um ólokinn verkþátt að ræða. Hæðarmunur megi vera allt að 100 millimetrar sé skábraut komið upp að þröskuldi. Í byggingarlýsingu hönnuðar komi fram í texta um algilda hönnun að hæðarmun eigi að jafna með fláa/skábraut við svalahurð. Þar sem það hafi ekki verið gert sé að mati V um ólokinn verkþátt að ræða sem starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra taki ekki til. Þá sé hönnunin innan marka byggingarreglugerðar úti en ekki innanhúss. Byggingarstjóri geti ekki borið ábyrgð á hönnuninni.

Álit.

Í 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Í lokamálslið 5. mgr. er kveðið á um eftirlit byggingarstjóra og segir þar einnig að komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki

hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á sviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum enda hefðu þeir ekki átt að dyljast honum við eftirlit. Rétt er að áréttu að starfsábyrgðartrygging er ekki efnatrygging og sönnunarbyrði þess að framangreind skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt hvílir á M.

Í fyrirliggjandi matsgerð, dags. 30. apríl 2023, eru staðfestir ákveðnir ágallar á umræddri fasteign. Í fyrsta lagi kemur þar fram að vatnhalli á svalagólfi sé „öfugur“. Fallist er á það með M að það sé almenn vitneskja við húsbyggingar að gæta skuli þess að vatn safnist ekki saman við vegg eða hurðir og að halli svalagólfa skuli vera til samræmis við það. Er það einnig til samræmis við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar nr. 6.4.2. Verður þó ekki talið að sýnt sé fram á að um verulegan ágalla sé að ræða sem ekki hafi verið bætt úr og rekja megi til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða og hefði ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit, en ekkert liggur t.a.m. fyrir um að sambærilegur ágalli sé á öðrum svölum í Y. Er þá litið til þess að í matsgerð, sem raunar byggir jafnframt á brottföllnu ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 hvað varðar þennan þátt matsins, er ekki kveðið afdráttarlaust á um hvar ábyrgðin liggir. Verður enn fremur að líta til þess að meðal gagna fyrir nefndinni er samkomulag milli M og X, dags. 1. september 2022, sem ber það með sér að vera undirritað fyrir hönd X en ekki M. Þar kemur fram að X lýsi því yfir sem seljandi að það muni framkvæma nauðsynlegar úrbætur á svalagólfi svo halli þess og annar frágangur sé fullnægjandi og til samræmis við lög, reglur og faglega staðla. Kemur þar fram að úrbótum skuli lokið eigi síðar en 16. september nk. Í skriflegum samskiptum M við X, dags. 16. maí 2023, kemur fram að X hafi ekki sinnt úrbótum til samræmis við samkomulagið en engin sjálfstæð yfirlýsing X liggur fyrir nefndinni. Hvað sem því líður verður ekki litið fram hjá því að X, sem seljandi eignarinnar, hefur með umræddu samkomulagi fallist á að framkvæma úrbætur á svalagólfi og er því til staðar samningur um þann þátt. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra tekur ekki til efnda á slíkum samningum. Samkvæmt öllu framsögðu verður kröfu M hvað varðar þennan þátt því hafnað.

Í öðru lagi byggir M kröfu sína á því að frágangur við svalahurð sé ófullnægjandi þar sem hæð á þröskuldi inni í íbúðinni sé ekki til samræmis við frágang samkvæmt uppdráttum og byggingarreglugerð, svo sem rakið er hér að framan. Verður ekki séð, sbr. framlagða beðni um dómkvaðningu matsmanns, dags. 11. nóvember 2022, að um sjálfstæða matsspurningu hafi verið að ræða heldur fellur umfjöllun um hana undir mat á öðrum liðum matsgerðarinnar. Kemur fram í matsgerð að í byggingarlýsingu arkitekts á uppdrætti A101 komi fram að þröskuldar séu „ekki hærri en 2,5 cm almennt, en 4 cm hæðarmunur við svalahurðir er jafnaður út með fláa að hurð“. Er þá vísað til ákvæðis 6.4.2 byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum en þar segir m.a.: „Þröskuldur við inngangsdyr/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hæðarmunur milli svæðis framan við inngangsdyr/útidyr og gólfs skal ekki vera meiri en 25 mm, að meðtalinni hæð á þröskuldi. Gólf svala og veranda má mest vera 100 mm lægra en gólf byggingar, að þröskuldi meðtöldum, að því tilskildu að skábraut sé komið fyrir að utanverðu upp að þröskuldi.“ Þá kemur fram í umfjöllun matsmanns að ráða megi af teikningum að svalagólf sé lægra en gólf inni í íbúðinni en að í raun sé svalagólfið 25 millimetrum hærra. Niðurstaða matsmanns er sú að hönnun sé innan marka úti en ekki inni. Leggur matsmaður til að glugga/hurðareining sé endurnýjuð um leið og svalagólf er brotið upp og þá þurfi að breyta hæð þröskuldar þannig að hann sé ekki hærri en 25 millimetrar miðað við gólfið inni og 45 millimetrar miðað við gólfið úti, en með þeim hætti verði frágangur til samræmis við hönnunargögn. Þá hallast matsmaður að því að jöfnun hæðarmismunar með fláa eigi aðeins við úti en ekki inni. Það er þá niðurstaða matsins að ekkert snið sýni nákvæmlega hver frágangur þessa atriðis sé og því hefði byggingarstjóri kallað eftir nákvæmari lausnum á þeim deililausnum sem vanti. Er það mat matsmanns að ábyrgðin liggir hjá byggingarstjóra en að einnig komi til greina viðeigandi iðnmeistarar. Þrátt fyrir það telur nefndin ekki sýnt fram á að frávik sé svo verulegt að um sé að ræða um verulegan ágalla sem ekki hafi verið bætt úr og rekja megi til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða og hefði ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit, né að sýnt sé fram á gáleysi hans að öðru leyti þannig að leiði til skaðabótaskyldu. Vísast þá jafnframt aftur til fyrrgreinds samkomulags milli kaupanda og seljanda, en þar segir m.a. að seljandi ábyrgist að íbúðin sé að öllu leyti byggð í samræmi við lög, reglur, teikningar og faglega staðla. Verður því ekki annað séð en að X, sem seljandi Y, hafi samþykkt að gera úrbætur samkvæmt framangreindu, sbr. fyrri umfjöllun um umrætt samkomulag. Verður því jafnframt að hafna kröfu M hvað þennan lið varðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 330/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. október 2023, ásamt hljóðupptöku.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 25. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að fyrri hluta þessa árs hafi M keypt íbúð á neðri hæð tvíbýlishúss í sveitarfélaginu A. Vegna mikils óþefjar hafi stór fataskápur verið tekinn frá vegg í hjónaherbergi sem staðsett er við hlið baðherbergis íbúðarinnar. Í ljós komu ummerki eftir leka frá loftplötu og niður vegginn á bak við skápinn. Skápur og veggir voru rakir, mikill óþefur og myglusveppur. Setti M sig í samband við eiganda efri hæðar sem tilkynnti tjónið til V þann 15. maí 2023. V sendi skoðunarmann á staðinn þann 16. maí 2023 og við skoðun hans kom í ljós að lekið hafði úr afrennislögn salernis á efri hæð. Af ummerkjum mátti sjá að lekinn hafði ekki byrjað daginn áður né síðustu daga á undan, heldur hafði seytilað þarna niður smátt og smátt í vikur eða mánuði. Hinn 19. maí 2023 kom sölumaður á vegum V í íbúð M til að framkvæma skoðun áður en váttryggingasamningur um fasteignatryggingu yrði gerður. Upplýsti sölumaður á vegum V um að tjónið yrði greitt af ábyrgðartryggingu eiganda efri hæðar. Að því búnu var gengið frá váttryggingasamningi. Það var svo þann 23. ágúst 2023 sem V hafnaði bótaskyldu vegna tjóns í íbúð M. Byggði V ákvörðun sína á því að tjónið hafi verið tilkynnt of seint og að framkvæmdir á neðri hæð hafi komið í veg fyrir sjónskoðun. Einnig var vikið að því að um langvarandi leka hafi verið að ræða. M er ósáttur við þá ákvörðun og telur að ekki sé réttmætur grundvöllur fyrir V að skjóta sér undan bótaskyldu eða fyrra loforði, enda hafi framkvæmdir ekki hafist fyrr en skoðunarmaður tryggingafélagsins hafi verið farinn af vettvangi. Engar framkvæmdir hafi átt sér stað á baðherbergi neðri hæðar. Hægur vandi sé að framkvæma þar skoðun enn þann dag í dag. Mótmælir M því einnig að tjónið hafi verið tilkynnt of seint. Það hafi verið tilkynnt 15. maí 2023 og strax næsta dag hafi skoðunar- og iðnaðarmenn frá V fundið uppruna lekans. Hafi skoðunarmaður komið niður á neðri hæðina og skoðað ummerki um lekann á neðri hæðinni. Sami skoðunarmaður hafi svo komið og byrjun júlí og skoðað ummerki og þá sagt að hann hafi ekki séð afleiðingar lekans. Varðandi þá viðbáru V að um langvarandi leka sé að ræða þá vísar M til þess að gert hafi verið við lekann á efri hæð og skipt um allt timbur og annað sem bar ummerki eftir lekann. Fráleitt sé að halda því fram að aðeins þessi hluti tjónsins sé bótaskyldur úr tryggingu eiganda efri hæðarinnar en ekki tjón vegna sama leka á neðri hæðinni. Þá liggi ekkert fyrir um það hvenær þessi sprunga kom í lögnina. Ekki er því hægt að staðhæfa hversu lengi lekið hefur úr lögninni. Í skilmálum V sé ekki að finna skilgreiningu á því hvenær vatnsleki telst vera langvarandi og þar með undanþeginn bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að í tilkynningu frá X, eiganda efri hæðar, var hvergi minnst á að tjón hafi orðið á íbúð M á neðri hæð eða að verið sé að gera kröfu í ábyrgðarlið tryggingar X. Engin gögn liggi fyrir um að tjónaskoðunarmaður V hafi skoðað neðri hæðina í kjölfar þess að tilkynning barst frá X. Barst V aldrei tilkynning um tjón á neðri hæðinni hjá M og hefur slík tilkynning eða krafa ekki enn borist V. Tjónið var þ.a.l. afgreitt við X án aðkomu M. V hafi fengið tilkynningu frá HMS um að M hefði eignast fasteignina þann 14. apríl 2023 og að rétt væri að gefa út brunatryggingu. Hafi V gert það og jafnframt sent M tölvupóst þann 19. maí 2023 þar sem m.a. var vakin athygli á að engin fasteignatrygging væri til staðar. Þennan sama dag heimsótti B, sölumaður hjá V, M í þeim tilgangi að fara yfir váttryggingar M. Varð úr að M keypti fasteignatryggingu sem tók gildi þann sama dag. Barst tjónið í tal og veitti B upplýsingar um að fasteignatryggingin sem M var að kaupa gæti ekki tekið til tjónsins þar sem hún hefði ekki verið í gildi á tjónsdegi. Þá mun B hafa upplýst M um að eina tryggingin sem gæti mögulega tekið á tjóninu væri ábyrgðartrygging X, eiganda íbúðar fyrir ofan íbúð M. Þann

22. maí 2023 sendi M tölvupóst á B þar sem segir m.a.: „...takk kærlega fyrir að koma á föstudaginn og staðfesta húseignatryggingu og vatnstjón frá efri hæð og vinna leusnarmiðað að úrlaust fráþær þjónusta hjá þér og gott viðmót.“ Frekari samskipti eiga sér stað milli aðila en V vísar til þess að engin skrifleg tilkynning eða krafa hafi borist frá M. Þó hafi verið þann 5. júlí 2023 skráð ábyrgðartjón í ábyrgðarlið fasteignatryggingar X. Var það gert í kjölfar þess að M sendi tölvupóst á C, viðskiptastjóra hjá V og bað um úrlausn mála sinna. Þann sama dag sendi V beiðni á verktaka um að skoða íbúð M og greina orsök og umfang tjónsins. Þann 9. júlí 2023 barst tölvupóstur frá verktakanum sem taldi ómögulegt að meta orsök og umfang þess tjóns sem M kveður hafa orðið á fasteign sinni vegna leka. Hafi V í kjölfarið hafnað bótaskyldu með bréfi 23. ágúst 2023. Vísar V til 17. gr. almennra skilmála félagsins þar sem fram komi að vátryggður, eða eftir atvikum rétthafi bóta, skuldi tafarlaust og án ástæðulauss dráttar tilkynna V það skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti. Þá skuli vátryggður gefa V kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað eða fargað. Þetta hafi M ekki gert og því fyrirgert öllum hugsanlegum rétti sínum til bóta úr ábyrgðartryggingu X.

Þá kemur fram í 18. gr. almennra skilmála að vátryggðum eða öðrum þeim sem hyggjast gera kröfu úr vátryggingunni beri að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni og umfangi þess. Engin gögn, matsgerðir eða annað liggur fyrir um hið meinta tjón. Það hafi því reynst V ómögulegt að leggja mat á orsök og umfang hins meinta tjóns. Verður M að bera hallan af slíkum sönnunarskort. Hafnar V því að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hafi verið staðfest í samskiptum V við hann. Að lokum telur V ljóst að rakavandamál sem kunna að hafa verið til staðar í íbúð M verði rakin til langvarandi raka eða vatnsleka. Ábyrgðarliður fasteignatryggingarinnar taki ekki til tjóns sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka né heldur tjóns vegna myglu eða sveppagróðurs. Telur V einnig ljóst að M hafi verið í umfangsmiklum breytingum á fasteign sinni eftir kaupin sem framkvæmdar hefðu verið óháð því hvort vatn hafi lekið milli hæða. Telur V þar af leiðandi ósannað að M hafi orðið fyrir fjártjóni, jafnvel þó sannað teldist að vatn hafi lekið inn í íbúð M frá efri hæð.

Í viðbótarathugasemdum sínum rekur M öll samskipti sín við starfsmenn V á tímabilinu frá því hann varð var við ummerki um leka og þar til 19. maí 2023 en á því tímabili komu starfsmenn á vegum V á vettvang m.a. í þeim tilgangi að skoða ummerki um tjónið. Ítrekar M að ekkert hafi verið hreyft við klæðingu falsks lofts í baðherbergi í íbúð M en þar er að finna skemmdir eftir lekann. Hægur vandi hefði verið fyrir skoðunarmann V að athuga þær skemmdir, bæði 16. maí og svo í júlí 2023. M eigi ekki að þurfa að bera hallan af því þó V vanræki að kanna orsök og umfang tjóns eða gæta hagsmuna sinna að öðru leyti eins og þeir fengu frá upphafi tækifæri til. Þá sé staðhæfing V fyrir því að lekinn frá efri hæð hússins hafi verið langvarandi, ósönn enda hvergi í svörum V að finna stoð fyrir því. Framkvæmdir í íbúð M hafi ekki verið komnar jafn langt þegar tjónið var fyrst tilkynnt til V. Stóð M í þeirri trú að fulltrúi V hefði hinn 16. maí 2023 lagt mat á tjónið en þá var aðeins búið að rífa það burt sem þurfti til að komast að umfangi tjónsins og orsökum. Til viðbótar fyrri kröfur er þess krafist að nefndin úrskurði um að V beri að greiða bætur vegna þóknunar til lögmanns. Þá lagði M fram myndbandsupptöku frá 19. maí 2023 af samskiptum sínum við B, sölumann á vegum V.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að niðurstaða V byggji fyrst og fremst á því að ómögulegt hafi verið að meta hvort bótaskyld tjón hafi orðið hjá M þar sem hann hafi verið búinn að fjarlægja meinta tjónsmuni úr íbúð sinni áður en starfsmönnum V gafst kostur á að meta orsök og umfang tjónsins. Einnig byggji niðurstaðan á því að um hafi verið að ræða tjón af völdum langvarandi raka/leka sem ekki fellur undir trygginguna. Vísar V einnig til þess að myndbandsupptaka sem M lagði fram hafi verið tekin upp án vitneskju sölumannsins B og í óþökk hans. Í því megi finna hluta af samtali M við B og mótmælir V því sem röngu að B hafi viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X í samtalinu. Einnig sé rétt að taka fram að í myndbandinu heyrir M sjálfur fullyrða að um hafi verið að ræða margra ára vandamál og þ.a.l. ljóst að um er að ræða langvarandi leka/raka sem ekki fellur undir trygginguna, sbr. g-lið 23. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar. Þá megi sjá í myndbandinu, sérstaklega í lok þess, að íbúð M virðist svo gott sem fokheld þegar samtalið átti sér stað. Engar merkingar komi fram í kerfum félagsins um að fulltrúi á vegum V hafi komið til M þann 15. maí 2023. Hægt sé að leiða líkum að því að pípulagningarameistari hafi verið á staðnum að beiðni tjónamatsmanns þennan dag. Verktakar vinni eftir beiðnum tjónamatsmanna og eru afmarkaðir við þá beiðni. Beiðnin hafi verið orðuð á þann hátt að verktakinn var beiðinn um „...Að skoða með leka á innbyggðum klósettakassa“. Hvers kyns innlit hans á neðri hæð hefur ekki verið í þeim tilgangi að meta afleitt tjón, þar sem beiðni lá ekki fyrir um slíkt frá félaginu né tilkynning komin til félagsins sem gaf tilefni til þess. Innlit í aðliggjandi eignir eru aðeins

til þess fallnar að reyna að staðsetja leka með nánari hætti. Hafi húsasmiður á vegum V verið fenginn síðar meir í það verkefni að meta afleitt tjón hjá M, en ekki haft erindi sem erfiði vegna aðstæðna á tjónsstað og þegar unninna framkvæmda.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort tjón á húseign M sé bótaskyld úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V. Ekki virðist vera ágreiningur um það hvort tjón M falli undir bótaskyld ábyrgðarliðar fasteignatryggingar X hjá V, að uppfylltum öðrum skilyrðum og verður því ekki nánar fjallað um þann þátt málsins í álitinu þessu. Varðandi vísan V til 17. og 18. gr. almennra skilmála félagsins þá ber þess að geta að M ber ekki skyldur samkvæmt váttryggingarsamningi X við V og því getur V ekki, á grundvelli váttryggingarsamnings milli þess og X, sett skyldur á herðar M sem eru umfram það sem almennt gildir í skaðabótarétti um sönnun, sönnunarbyrði og bótakröfu. Verður því ekki fallist á að M hafi borið að tilkynna V um tjón sitt á skriflegan eða annan formlegri hátt en hann hafði þegar gert. Af gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að V hafi í síðasta lagi þann 19. maí 2023, þegar tveir starfsmenn á vegum félagsins komu á vettvang, haft nægar upplýsingar um kröfu M í ábyrgðarlið fasteignatryggingar X. Samkvæmt 12. gr. b í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 skal váttryggingafélag sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Af gögnum málsins og þá sérstaklega af samskiptum M við ýmsa starfsmenn V verður ekki annað ráðið en að M hafi mátt vera í góðri trú með það að bótakrafa hans væri í vinnslu hjá V allt frá því verktakar á vegum V komu á vettvang og skoðuðu aðstæður í íbúð M ásamt því að stöðva leka í íbúð X hinn 16. maí 2023. Gat M ekki vitað að verktakar á vegum V hefðu eingöngu fengið fyrirmæli frá V um að skoða tjón á efri hæðinni og væru því ekki komnir í hans íbúð til að meta hans tjón. Í kjölfarið átti M svo í frekari samskiptum við ýmsa starfsmenn V á tímabilinu þar til V hafnaði bótaskyldu 23. ágúst 2023. Verður ekki séð á þeim samskiptum að starfsmenn V hafi veitt M upplýsingar um skort á skriflegri tjónstilkynningu eða leiðbeiningar um að M bæri að leggja fram gögn svo sem matsgerðir sem sýna fram á orsök og umfang tjónsins. Þá verður ekki talið að M hafi mátt gera ráð fyrir að þeir aðilar sem komu á vettvang á vegum V hafi ekki verið réttir aðilar til þess að fjalla um tjón hans eða ummæli sölumanns um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu efri hæðar væri að engu hafandi. Vegna þess sem fram kemur á myndbandsupptöku af samskiptum M við sölumann á vegum V, er rétt að taka fram að að einstaklingar mega almennt ekki taka upp samtöl manna á milli nema með samþykki þeirra sem á upptökunni heyrast. Felur hljóðupptaka í sér vinnslu persónuupplýsinga ef unnt er að persónugreina þá einstaklinga sem teknir eru upp líkt og í þessu tilviki.

Hefur M lagt fram yfirlýsingu pípulagningarmeistara og verktaka dags. 16. október 2023, þar sem fram kemur að þeir hafi verið beðnir um að finna út hvaðan leki kæmi sem fram kom í vegg milli baðherbergis og hjónaherbergis. Hafi þeir fjarlæggt skáp og brotið inn í múr milliveggs og útveggs. Hafi það í kjölfarið verið staðfest að lekinn hafi komið frá efri hæð á bak við upphengt klósett. Þá hefur M einnig lagt fram staðfestingu frá nafngreindum iðnaðarmanni á vegum V sem staðfestir að hafa rifið flísar og opnað inn á klósettíkassa efri hæðar þann 16. maí 2023. Hefur V einnig staðfest að leki hafi komið frá salefni efri hæðar sem iðnaðarmenn á vegum þess hafi stöðvað og lagað. Að mati nefndarinnar liggja þannig fyrir fullnægjandi upplýsingar um að tjón hafi orðið á íbúð M af völdum leka frá klósetti í íbúð X á eftir hæð hússins. Fram kemur í svörum V til nefndarinnar að það hafi sent húsasmið á sínum vegum til þess að meta afleitt tjón hjá M. Á sama tíma getur V ekki haldið því fram að M hafi átt að sjá sjálfur um að afla matsgerðar eða annarrar sönnunar á orsök og umfangi tjónsins né að orsök tjónsins sé ósönnuð. Enn er til staðar sýnilegt tjón á lofti baðherbergis í íbúð M. Getur V því hæglega lagt mat á og greitt V bætur vegna þess tjóns. Þá er ekki hægt að útiloka að V geti einnig lagt mat á umfang tjóns í svefnherbergi M með aðstoð ljósmynda og frásagnar verktaka félagsins sem skoðuðu aðstæður þann 16. maí 2023.

Varðandi það hvort tjónið sé vegna langvarandi leka sem ekki fellur undir trygginguna, sbr. g-lið 23. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar, þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að V hafi þegar samþykkt bótaskyldu úr fasteignatryggingu X vegna sama tjóns þrátt fyrir að samskonar ákvæði sé að finna í c-lið 2. gr. í vatnstjónslið fasteignatryggingarinnar. Auk þess hefur V ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að það að um langvarandi leka eða raka hafi verið að ræða, en V ber sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi verið. Með hliðsjón af atvikum öllum telst M eiga rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V, vegna tjóns á fasteign sinni.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M kröfu um að nefndin úrskurði um bætur vegna þóknunar lögmans. Vísar nefndin til i-liðar 4. gr. samþykktar fyrir nefndina, dags. 17. desember 2021 þar sem fram kemur að nefndin fjalli ekki um kröfu málskotsaðila um málskostnað eða annan kostnað hans sem leiðir af málskoti.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 331/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. október 2023 ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. september 2021 hafi M, ásamt dóttur sinni og barnabörnum, farið um borð í farþegaferju í eigu X. Samhliða því að farþegar gengu um borð hafi löndun fiskikerja frá ferjunni staðið yfir. Hafi M og barnabörn hennar farið um borð en dóttir M orðið eftir á bryggjunni. Hafi M svo farið í land aftur til að ræða við dóttur sína og þær tvær gengið aftur saman landganginn að ferjunni. M hafi átt erfitt með að fóta sig á landganginum, líklega vegna veltings sem kom til af flutningi þungra kera frá ferjunni með krana. Þegar M hafi verið komin áleiðis landganginn hafi hann skyndilega fallið niður með þeim afleiðingum að M féll fram fyrir sig og hlaut líkamstjón. Enginn starfsmaður hafi verið á svæðinu til að stýra umferð farþega og engar merkingar hafi varað við umgangi um landganginn á þessum tíma. V hafi, eftir að skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa um atvikið barst félaginu, fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X en skert bótarétt M um helming vegna eigin sakar. Álit nefndarinnar í fyrirbyggjandi er skýrsla dags. 30. maí 2022 er að „Orsök slyssins var að ferþegi gekk um landgöngubrú eftir að hún hafi losnað úr falsi. Engar verklagsreglur voru um borð í skipinu um umferð farþega meðan lestað er og losað.“ M krefst fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X og telur að aðbúnaður við landganginn hafi hvorki verið til samræmis við nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né reglur settar með stoð í þeim. Þá hvíli sérstaklega ríkar skyldur á X, sem taki að sér farþegaflutninga í atvinnuskyni, til að sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt, en M telji að ganga um landganginn hafi verið sérlega hættuleg við þær aðstæður sem uppi voru á slysdagi. Ekki verði þá lögð sök á M vegna þess eins að hún hafi gengið um landganginn enda hafi hún haft réttmætar væntingar til þess að það væri óhætt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt X hafi engar skráðar verklagsreglur við til staðar en starfsmenn meðvitaðir um velting á skipi og landgöngubrú við lestun og losun. Því hafi lestun og losun ekki átt að hefjast fyrir en allir farþegar væru komnir um borð, eða frá borði eftir atvikum og hafi öllum starfsmönnum verið kunnugt um það. Yfirvélstjóri hafi þá haft eftirlit með því. Umrætt sinn hafi yfirvélstjórinn séð alla, nema dóttur M sem stóð á bryggjunni, fara um borð og hafi hann þá gefið skipstjóra merki um að hefja hífingu. Þá hafi hann beðið farþega um að drífa sig um borð og vera ekki á landgangi meðan á hífingu stæði. Yfirvélstjóri hafi ekki orðið þess var að M gekk aftur frá borði og á bryggjuna. M hafi borið fyrir lögreglu, sbr. fyrirbyggjandi lögregluskýrslu dags. 23. september 2021, að hún hefði séð að verið var að landa körum fullum af fiski úr ferjunni. Hún hafi farið um borð en síðan farið aftur út til að ræða við dóttur sína. M hafi þá tekið fram að erfitt hafi verið að fóta sig vegna mikils veltings á ferjunni. Ekki liggi fyrir af hverju M hafi farið frá borði enda hafi hún samkvæmt framansögðu verið meðvituð um velting á landgangi og átt erfitt með að fóta sig. Þá hafi M fengið leiðbeiningar frá yfirvélstjóra um að vera ekki á ganginum meðan hífing stæði yfir. Verði slys M því að hluta rakið til eigin sakar og þyki V hæfilegt að hún beri helming tjóns síns sjálf.

Álit.

Í áður nefndri skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa er atvikum lýst svo að þegar halli hafi komið á skipið vegna hífinga hafi landgöngubrúin farið úr falsi sem hún lá í. Þá kemur fram að vélstjóri skipsins og skipstjóri hafi ekki verið með M í sjónlinu og ekki orðið varir við það þegar M lagði aftur af stað um borð. Þá er því beint til X að settar séu verklagsreglur um umferð farþega. Einnig kemur fram að að sögn skipstjóra hafi áhöfn ekki viljað að farþegar færu um borð meðan á lestun eða losun stæði. Ekkert kemur fram í skýrslunni um að yfirvélstjóri eða aðrir hafi sérstaklega varað farþega við að ganga um borð í ferjuna meðan á hífingu stæði og liggja engin gögn, önnur en lýsing V á frásögn X,

fyrir um að það hafi verið gert. Af málgögnum öllum má draga þá ályktun að áhöfn X hafi gert sér grein fyrir því að varasamt gæti verið að ganga landganginn við þessar aðstæður og verður því að gera ríkar kröfur til eftirlits með farþegum þegar svo er. Liggur þá fyrir að bæði yfirvélstjóri og skipstjóri hurfu til annarra starfa og var hífingu fram haldið þrátt fyrir að dóttir M væri enn á bryggjunni og því ekki allir farþegar komnir um borð, en auk þess má ráða af vitnisburði í lögregluskýrslu að annar aðili hafi verið á ferð um brúna á svipuðum tíma. Fyrir liggur að V hefur fallist á bótskyldu sem slíka en eftir stendur að meta hvort slys M verði að einhverju leyti rakið til eigin sakar hennar. Af framangreindu telur nefndin að miða verði við að ósannað sé að M hafi fengið sérstaka viðvörðun um að ganga ekki um landgöngubrúna meðan á hífingu stæði, og að ekkert eftirlit hafi verið með brúnni og umferð um hana þegar M hugðist ganga aftur um borð. Liggur þá fyrir, sbr. og framangreinda skýrslu, að enginn búnaður, s.s. hlið eða keðjur, voru á endum brúarinnar til að hamla umferð. Verður það þá ekki metið M til sakar að hafa gengið um borð í skipið þrátt fyrir velting, enda má telja ákveðinn velting eðlilegan þátt sjóferða og örðugt fyrir almenning að átta sig á því hvenær hann er orðinn óvenju varasamur. Er það mat nefndarinnar að M hafi mátt vera í góðri trú um að umferð um landgöngubrúna hafi verið hættulaus, þrátt fyrir nefndan velting, enda var samkvæmt framansögðu umferð um hana óheft og ekki er sýnt fram á að fyrirmæli hafi verið gefin um annað. Er þá jafnframt litið til þess að um farþegaferju er að ræða og má gera ráð fyrir að gætt sé fyllsta öryggis við aðkomu farþega að henni, eða hún ella heft með einhverjum hætti. Verður því ekki talið að tjón M verði rakið til eigin sakar hennar.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 332/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á ökutækinu A sem er bifhjól á Sæbraut þegar bifhjólið lenti á ökutækinu B sem var stopp á akbrautinni. Nánar tiltekið hafi M verið að aka á eftir ökutækinu C sem hafi sveigt skyndilega yfir á hægri akrein vegna ökutækis B sem hafi verið stopp. M hafi ekki séð ökutækið C en reynt að sveigja frá því en ekki tekist og rekist í hlið þess. Við áreksturinn hafi M fallið á götuna og slasast. V hafnaði bótarétti á þeim grundvelli að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka bifhjólinu án réttinda í umferð og telur vera orsakatengsl milli gáleysis M og slyssins.

M telur að þótt hann hafi ekki haft réttindi þá þýði það ekki sjálfkrafa að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða. Líta þurfi til sakar ökumannsins og hvernig slysið bar að og atvika að öðru leyti þegar meta er hvort skerða eigi bætur skv. 90. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingasamninga. Hefði ökumaður B sveigt fyrr frá ökutæki C hefði slysið ekki átt sér stað því þá hefði M komið auga á kyrrstæða ökutækið. M sé reynslumikill þegar kemur að bifhjólaakstri þótt hann hafi ekki verið búinn að taka mótorhjólaprófið en hann hafi stundað bifhjólaakstur frá 17 ára aldri. Þá hafi ökutækið C verið stopp á miðri akrein en ekki látið renna út í kant, ekki hafi verið kveikt á viðvörðunarljósum og þríhyrningi ekki komið fyrir. Þá hafi akreinin verið blaut enda komi fram í lögregluskýrslu að það hafi gengið á með skúrum fyrir slysið.

Í bréfi V kemur fram að óumdeilt sé að M hafi ekki tilskilin réttindi til að aka þungu bifhjóli. Þá komi fram í skilmála B-1 um ökutækjetryggingar félagsins varúðarreglur skilmálans þar sem rakið er að ökumaður skuli hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi. Háttsemi M sé því augljóst brot á skilmálum félagsins og fari jafnframt í bága við 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. V tekur fram að ekki hafi verið sýnt fram á það með sannanlegum hætti að M hafi reynslu af akstri bifhjóla eins og því sem hann ók á slysdegi. Það er mat V að háttsemi M hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi þ.e. að aka bifhjóli sem hann hafi aldrei öðlast réttindi til að aka og hafi reynsluleysið kristallast í aðdraganda atburðarins þar sem M hafi ekki gætt nægilegs bils milli bifhjólsins og næsta ökutækis að framan. Að lokum bendir V á að það sjáist skýrlega á ljósmyndum af vettvangi að kveikt hafi verið á hættuljósum B og því sé einnig lýst í lögregluskýrslu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann keyrði á ökutækið B eins og nánar er rakið í málsatvikum. Í lögregluskýrslu sem er frumgagn málsins kemur fram að ökutækið B hafi verið kyrrstætt á vinstri akrein með neyðarljósin virkjuð. Þá kemur fram að veðrið var þurr en þungskýjað en áður hafi gengið á með skúrum. Aðspurður segist M ekki hafa náð að sveigja fram hjá kyrrstæða ökutækinu og farið með hliðina á bifhjólinu utan í hliðina á B. Við það hafi hann fallið í götuna. Það liggur fyrir að M hefur aldrei öðlast réttindi til að aka bifhjóli.

Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skuli þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaganna kemur fram að ökumaður skuli jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra og miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og umferðaraðstæður að öðru leyti. Þá kemur fram að ökumaður skuli haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Í 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn megi stjórna bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjóri gefur út. Í varúðarreglum

skilmála ökutækjatyggingar A koma fram kröfur um að ökumaður hafi hæfni til að stjórna ökutæki og hafi til þess réttindi.

Eins og áður hefur komið fram hefur M ekki gilt ökuskríteini fyrir bifhjól. Ekki liggur fyrir í málinu hlutlaus sönnun um að M hafi verið vanur að aka bifhjóli en jafnvel þótt svo hefði verið þá gætti hann hvorki að því að hafa nægt bil á milli sín og ökutækisins fyrir framan svo ekki væri hætta á árekstri sbr. 2. mgr. 18. gr. né að áskilnaði 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingasamninga, segir að lækka megi eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi eða ekki ekki hlítt varúðarreglum. Þegar litið er til atvika í þessu máli og réttindaleyssi M má ætla að hann hafi ekki fengið þá reynslu í bifhjólaakstri sem nauðsynleg er til að stjórna bifhjóli með öruggum hætti. Leiddi það til þess að hann hafði ekki stjórn á bifhjólinu við þær aðstæður sem sköpuðust þegar hann ók í hliðina á B. Sú háttsemi M að aka í umrætt sinn án tilskilinna ökuréttinda verður, ásamt fyrrgreindum atriðum, metin honum til stórkostlegs gáleysis og hefur í för með sér skerðingu bóta. Með vísan til atvika allra þykir rétt að bætur verði skertar um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu ökumanns vegna ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 333/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 23. nóvember 2023, ásamt niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 19. desember 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið til lögreglu um að M hefði ekið ölvaður frá tilteknum stað um kl. 22 að kvöldi 3. desember 2022. Bifreið M fannst síðan stuttu síðar skemmd og yfirgefin. M var síðan handtekinn um kl. 2 að nóttu, eða um 4 klukkustundum eftir að tilkynnt hafði verið um ætlaðan akstur hans. Við handtöku játaði M að hafa neytt áfengis eftir að akstri lauk og af gögnum málsins verður ekki annað séð en að M hafi samþykkt sektargetð vegna brots á 5. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Mál varðandi ölvunarakstur skv. 49. gr. sömu umferðarlaga var felld niður af hálfu Lögreglustjórans á Vesturlandi með bréfi til M dags. 4. maí 2023. Í fyrrnefndri lögregluskýrslu er atburðarás rakin þannig að ítrekað hafi verið reynt að ná tali af M til að hann gæfi sig fram við lögreglu en það hafi ekki borið árangur fyrr en hann var kominn upp í aðra bifreið.

M telur að hann eigi rétt á fullum bótum vegna tjóns á bifreið sinni úr kaskótryggingu hjá V og vísar um það til gildissviðs váttryggingarskilmála, nánar tiltekið f. lið gr. 4.1. M vísar til þess að mál vegna ölvunaraksturs hafi verið felld niður hjá embætti lögreglunnar á Vesturlandi þar sem ekkert gæfi til kynna að M yrði sakfelldur fyrir ölvunarakstur. M telur ósannað að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur, sönnunarbýrði um það hvíli á V og um að beint samband sé á milli slíkrar hegðunar og váttryggingaratburðar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu og telur sannað að M hafi ekið undir áhrifum áfengis þegar hann ók bifreið sinni út af vegi. Um það vísar V til niðurstöðu blóðsýnisrannsóknar varðandi M þar sem kemur fram að miðað við etanólstyrk í blóði hafi M verið ölvaður þegar tilkynnt var um akstur hans um kl. 22.34 að kvöldi hinn 3. desember 2022. V vísar til gr. 24.1 í váttryggingarskilmálum og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað sé að M hafi sjálfur valdi tjóni á bifreið sinni undir áhrifum áfengis þannig að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í gögnum málsins er rakið að M hafi farið frá tilteknum stað um kl. 22 að kvöldi hins 3. desember 2022 og kvaðst tilkynnandi til lögreglu hafa séð M neyta áfengis fyrr um kvöldið. Við leit lögreglu af M, eftir að bifreið hans fannst skemmd, vildi M ekki ræða við lögreglu fyrr en hann var kominn upp í bifreið um kl. 2 um nóttina. M viðurkendi þar að hafa ekið bifreiðinni og kvaðst ekki vita að lögregla hefði verið að leita af sér. M kvaðst einungis hafa drukkið 2-3 sopa af bjór áður en lögregla stöðvaði bifreið sem hann var í. Engu að síður er það niðurstaða Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði með skýrslu dags. 19. desember 2022 að miðað við etanólmælingar í blóði M hafi hann verið ölvaður um kl. 22.30 þetta sama kvöld. Engar skýringar eru í gögnum málsins af hálfu M vegna þessara mælinga.

Ekki eru sömu sönnunarkröfur í sakamálum og í einkamálum og verður niðurstaða Lögreglustjórans á Vesturlandi ekki talin vera bindandi um sönnunarmat í þessu máli. Verður að telja af því sem fram kemur í gögnum málsins að með því að M hafi viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni sjálfur þegar hún skemmdist og niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði á líklegu etanólmagni í blóði hans þegar hann ók af stað, auk þess sem sýnt er af lögregluskýrslu að M forðaðist að ræða við lögreglumenn eftir tjónið, að hann hafi valdið tjóni á bifreið sinni undir áhrifum áfengis. Einnig kemur fram í lögregluskýrslu að bifreið M hafi verið ekið mjög hratt í greint sinn.

Með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ábyrgð V takmörkuð að fullu vegna tjónsins. Sök M telst mikil að hafa ekið undir áhrifum áfengis og skýr orsakatengsl eru milli slíkrar háttsemi og þess að það verði tjón á bifreiðum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 334/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu frá Aðstoð & Öryggi kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið aftur á bak inn í hægri hlið bifreiðarinnar B, sem M ók, þann 20. ágúst 2022. M leitaði samdægurs á Læknavaktina Við þreifingu voru væg eymsli á hægri hné. M tilkynnti líkamstjón sitt til V sem með tölvupósti dags. 27. september 2022 hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að gögn málsins þ.m.t. hraða- og höggútreikningur bendi ekki til að heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu. Upplýsti V jafnframt að það hugðist hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. M vísar til þess í málskoti að fyrirbyggjandi myndir af bifreið M sýni að töluvert sjáist á bifreiðinni sem bendi til þess að höggið hafi ekki verið minniháttar. Ennfremur hafi M farið samdægurs á Læknavaktina og kvartað þar undan verk í hægri hné þar sem hann hafi rekið það undir mælaborðið. Var hann einnig með eymsli í því vinstra. Þá vísar M til fyrirbyggjandi sjúkraskrár þar sem sést að M hafi reglulega farið til læknis vegna afleiðinga slyssins. Hafi hann ýmist fengið beiðni til sjúkraþjálfara, vottorð til atvinnurekanda eða uppáskrifuð verkjalyf. Fram komi í lokavottorði læknis, að ekkert sé getið um stoðkerfisverki í sjúkraskrár heilsugæslunnar. Ótækt sé fyrir mann í hans stöðu að afla matsgerðar án tilkomu tryggingafélags enda gríðarlega kostnaðarsamt að ráðast í slíkt mat.

V ítrekar fyrri afstöðu félagsins og benda á að gögn málsins sýni fram á að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sbr. fyrirbyggjandi PC-crash skýrslu. M hafi verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir við öflun skýrslunnar. Hefur M ekki lagt fram gögn sem rengja niðurstöðu hennar. Önnur gögn beri einnig með sér að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Sérstaklega þá ákomur á bifreið M, sem eru minniháttar. Það sé afstaða V að ósannað sé að orsakasambandi sé á milli árekstursins og varanlegra einkenna M. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. M hafi ekki lagt fram matsgerð hæfra, óvilhallra aðila um orsakatengsl milli líkamlegra einkenna M og árekstursins eða önnur gögn sem sýni fram á orsakatengsl. Hefur M þannig ekki sannað umfang tjóns síns, þ.m.t. ekki sýnt fram á orsakatengsl. V hefur þannig lagt það í hendur M að afla gagna og matsgerðar á eigin kostnað og áhættu. Ágreiningur málsins varði ekki bótaskyldu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 20. ágúst 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 18. september 2022, sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Tjón það sem M rekur til árekstursins er áverki á hné sem hann hlaut við það að reka hnéð undir mælaborðið. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs á Læknavaktina og kvartaði undan fyrrgreindum einkennum frá hnjám. Leitaði hann næstu mánuði nokkrum sinnum á heilsugæslustöð vegna sinna einkenna og var m.a. talinn óvinnufær 26-27. september 2022. Hefur hann einnig leitað til sjúkraþjálfara vegna einkenna sinna. Hafði hann fyrir slysið ekki haft einkenni frá stoðkerfi. Að mati nefndarinnar styðja gögn málsins það að líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 20. ágúst 2022. Hafa einkenni M verið viðvarandi þrátt fyrir meðferðir sjúkraþjálfara. Af PC-crash skýrslu sem V byggir mál sitt á, verða ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo geti verið. Er auk

Þess ekki um að ræða áverka sem orsakast eingöngu af höggi á bifreiðina, heldur samverkandi þáttum þ.e. að M hafi rekið hné upp undir mælaborð bifreiðarinnar við það högg sem kom á bifreiðina. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola og verður því að telja að M eigi rétt á bótum fyrir sjúkrakostnað úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A en matskostnaður telst til sjúkrakostnaðar skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum vegna sjúkrakostnaðar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir sjúkrakostnað úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 335/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V sem tjónsuppgjörsmiðstöð)

Heiti váttryggingar: ákvæði laga nr. 30/2019

Gildissvið laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. október 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni þegar ekið var á hana af rafknúnu hlaupahjólí á Laugavegi, aðfaranótt 25. september 2021. Var hlaupahjólíð á milli ferð þegar því var ekið á M og yfirgaf stjórnandi þess vettvang. M fór til lögreglu daginn eftir og kærði ákeysrluna. Lögregla hefur hætt rannsókn þar sem ekki hafi tekist að fá upptökur af atvikinu, engin vitni voru skráð og gerandi óþekktur. Vegna líkamstjónsins gerði M kröfu um bætur á hendur V þann 12. febrúar, á grundvelli 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 13. febrúar 2023 á þeim grundvelli að ekki væri um tjón að ræða úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis af völdum óþekkts ökutækis. M byggir á því að ekið hafi verið á hana af óþekktu ökutæki og vísar til 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og tilskipunar Evrópuráðsins nr. 2009/103/EC sem grundvöll fyrir bótaskyldu V. Þá vísar M einnig til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli í fyrsta lagi að um sé að ræða rafskútu sem telst í mesta lagi vera skilgreint sem létt bifhjól í flokki I, en það séu bifhjól sem eru ekki hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klst., sbr. 28. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar. V telur þó að rafskútan teljist til reiðhjólís í skilningi c. liðar 30. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar þar sem komi fram að vélknúin ökutæki sem ekki teljist til léttara bifhjóla sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 6 km upp í 25. km hraða á klst. séu t.d. vélknúin hlaupahjól. Hafi löggjafinn ákveðið að flokka vélknúin hlaupahjól með reiðhjólum. Ekki hvíli váttryggingarskylda vegna reiðhjóla. Þau ökutæki sem falli undir lög um ökutækjatrýggingar séu skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019, sbr. 7. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þótt rafskútan, sem er ekki skráningarskyld ökutæki, myndi teljast vera slíkt ökutæki, þá gildi hvorki ábyrgðarreglur II. kafla laga um ökutækjatrýggingar, sbr. 7. gr. laganna, né III. kafla laganna um váttryggingarskylda, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna, enda um reiðhjól að ræða. Í öðru lagi hafnar V því að félagið sé bótaskyld á grundvelli 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar. V er sem ábyrgðaraðila eingöngu skyld að greiða bætur fyrir tjón sem hlýst af notkun óþekkts eða óváttryggðs skráningarskylds vélknúins ökutækis, sbr. 7. lið 3. gr. laga nr. 30/2019. Rafskúta falli ekki þar undir.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort V beri að greiða M bætur vegna líkamstjóns af völdum vélknúins hlaupahjólís á grundvelli 1. eða 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Þar kemur annars vegar fram að tjónsuppgjörsmiðstöð skuli greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Hins vegar segir að tjónsuppgjörsmiðstöð skuli greiða tjónþola bætur vegna tjónsátviks sem hlotist hefur hér á landi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir eða váttrygging þess hefur verið felld niður af váttryggingafélagi eða ekki haldið í gildi. Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 1244/2019 sem sett er á grundvelli heimildar í lögum um ökutækjatrýggingar, er V tjónsuppgjörsmiðstöð á Íslandi.

Í 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar segir að ökutæki merki í lögnum skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Í umferðarlögum nr. 77/2019 er í 30. tl. 3. gr. laganna fjallað um skilgreiningu á því sem telst til reiðhjólís í skilningi laganna. Þar kemur fram í c. lið umrædds 30. tl. að reiðhjól sé meðal annars vélknúin hlaupahjól, en þar sé um að ræða annað lítið vélknúin ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjólís og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Ekki er að mati nefndarinnar hægt að túlka umræddan tölulið sem á að skýra hvað átt sé við með orðinu „reiðhjól“ að notkun orðalagsins „lítið ökutæki“ geri það að verkum að hægt sé að líta svo á að um sé að ræða

„skráningarskylt ökutæki skv. umferðarlögum“ eins og vísað er til í fyrirnefndum 7. tl. 3. gr. laganna. Verður því ekki fallist á að vélknúna hlaupahjólið hafi verið skráningarskylt vélknúið ökutæki í skilningi umferðarlaga og af því leiðir að ábyrgðarreglur 4. og 5. gr. laga um ökutækjatryggingar eða ákvæði 6. gr. sömu laga gilda ekki um eigendur vélknúinna hlaupahjóla. Þar af leiðandi kemur ekki til greiðslu af hálfu tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna. Þegar af þeirri ástæðu á M engan rétt til bóta frá V. Ekki verður talið að tilskipun nr. 2009/103/EC breyti þessari niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 336/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. september 2023.
2. Bréf V dags. 12. október 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. október 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjonstilkynningu M til V varð, hinn 15. júlí 2023, tjon á bifreiðinni A, sem er í eigu M, við akstur eftir Þjóðvegi 1 sunnan Blönduóss. Í málskoti segir M tjonnið að rekja til grjótkasts frá annarri bifreið og krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess. Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M þá til þess að samkvæmt tjonamati á A liggi fyrir að steinn hafi lent á glerinu og leitt til sprungu á því.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi ekki frekari upplýsingar um tjonnið og aðdraganda þess en fram komi í fyrrgreindri tjonstilkynningu sem hafi borist V hinn 9. september 2023. Þá vísar V til þess að í skilmálum kaskótryggingarinnar sé að finna upptalningu þeirra tjonsorsaka sem váttryggingin nái til. Ljóst sé að atvik það sem M lýsi falli ekki þar undir. Þá segi jafnframt sérstaklega í umræddum skilmálum að tjon af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki.

Álit.

Nefndin hefur ekki undir höndum frekari lýsingar eða gögn varðandi umrætt atvik en óumdeilt virðist að steinn hafi valdið tjonni á A og M segir hann hafa kastast frá ótilgreindri bifreið. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort tjon á A skuli bætt úr kaskótryggingu hennar, en það er ekki svo að slíkar váttryggingar bæti allt tjon á bifreiðum af hvers kyns völdum heldur taka þær til tjons sem verður af nánar skilgreindum orsökum. Í skilmálum umræddrar váttryggingar er gildissvið hennar afmarkað en þar kemur m.a. fram, í gr. 4.1, að hún bæti skemmdir á hinu váttryggða ökutæki sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum nánar tilgreindra atvika, sem eru talin upp í tólf stafliðum. Er „grjóthrun“ talið upp þar á meðal. Ekki verður fallist á að grjótkast frá annarri bifreið, eins og M lýsir í tjonstilkynningu geti fallið undir það að vera „grjóthrun“ enda almennur málskilningur á því hugtaki töluvert annar. Þá verður ekki séð að tjonsatvik það sem M lýsir geti mögulega fallið undir aðra stafliði ákvæðisins. Í 6.1 gr. umræddra skilmála er þá tekið fram að tjon af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki. Verður því ekki séð með hvaða hætti tjon M, eins og tildrögum þess er lýst, falli undir gildissvið váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 337/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Mæting ökutækja.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. nóvember 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 6. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðum A og B var ekið gegnt hvor annarri á Vatnsnesvegi við Bjarghús og voru þar staðsettar þegar lögregla kom á vettvang áreksturs sem hafði orðið með bifreiðunum. Ákoma var á vinstri hliðarspegli bifreiðar B og rispur á vinstri hlið bifreiðar A skv. sömu skýrslu. Í sömu skýrslu er haft eftir M, ökumanni bifreiðar A, að hann hafi verið að aka Vatnsnesveg í vesturátt á 30-40 km/klst hraða þegar hann hafi mætt bifreið B á miklum hraða. M kveðst hafa stöðvað bifreið A úti í kanti en ökumaður bifreiðar B hafi ekki gert það sama og því hafi speglar bifreiðanna rekist saman. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B að hafi verið að mæta bifreið A á þröngum vegi og bifreiðunum hafi ekki verið vikið nægilega langt út í kant þegar þær mættust með þeim afleiðingum að speglar bifreiðanna hafi rekist saman. Ökumaður bifreiðar B kveðst ekki hafa vitað hversu hratt hann ók en telur sig hafa verið á svipuðum hraða og ökumaður bifreiðar A.

M telur að V taki ekki tillit til ýmissa sjónarmiða við ákvörðun um sakarskiptingu. Til dæmis hafi ökumaður bifreiðar B viljað flýja af vettvangi og hafi logið til um atvik málsins. Einnig vísar M til að eiginkona hans hafi hringt til lögreglu en hún hafi hins vegar ekki verið spurð út í atvik málsins á vettvangi sem vitni, ekkert áfengispróf hafi verið framkvæmt þrátt fyrir áfengislykt af ökumanni bifreiðar B, ekki hafi verið tekið tillit til þess að M hafi 35 ára reynslu af akstri án þess að lenda í árekstri og að M hafi gert allt til að reyna að koma í veg fyrir árekstur. Einnig bendir M á að vegur hafi ekki verið þröngur eins og ökumaður bifreiðar B hafi sagt í sinni skýrslu.

V telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna bifreiðar A og B þar sem ósannað sé um atvik í aðdraganda áreksturs. V telur ekki sannað að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi vikið lengra út í vegkant en ökumaður B og ekkert í gögnum málsins styðji þá fullyrðingu hans. V bendir á úrskurð nefndarinnar í máli nr. 260/2018 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 3. nóvember 2023 kemur fram að M telur sig hafa lagt fram öll sönnunargögn sem hægt er að leggja fram og vísar m.a. til þess að peningar hafi verið teknir af reikningi án nokkurrar lausnar eða ástæðu.

Í tölvupósti V dags. 6. nóvember 2023 kemur fram að félagið geri ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í lögregluskýrslu sem fylgir með gögnum málsins kemur fram að bifreiðar A og B voru að mætast á Vatnsnesvegi þegar árekstur varð með þeim. Í skýrslum ökumanna hjá lögreglu kemur fram að M segir að ökumaður bifreiðar B hafi ekið hratt og ekki vikið út í kant en M hafi sem ökumaður bifreiðar A gert það. Ekki voru önnur vitni af árekstrinum en eiginkona M.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ekki fullyrt að annar ökumaður hafi gætt þess að víkja til hliðar lengra en hinn þegar bifreiðarnar mættust. Ekki dugar einungis yfirlýsing M sem ökumanns bifreiðar A til að sanna að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt eða ekki vikið fyrir bifreið A. Verður því að telja að ósannað sé að annar ökumaðurinn hafi gætt meiri aðgæslu en hinn og sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökutækjanna (A) og (B).

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 338/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið er bifreiðarnar A og B mættust í Viðarási í Reykjavík þann 20. maí 2022. M var farþegi í bifreiðinni A sem ekið var yfir á öfugan vegarhelming og lenti þar framan á bifreiðinni B. Hafði ökumaður A, eiginmaður M, orðið fyrir truflun vegna ungra barna sinna sem sátu í aftursæti bifreiðarinnar sem leiddi til þess að hann sneri upp á sig til að líta til þeirra sem varð þess valdandi að hann ók yfir á öfugan vegarhelming. M tilkynnti líkamstjón sitt til V sem hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A með bréfi dags. 23. september 2022. Byggði V höfnun sína á hraða- og höggkraftsútreikningi, svokölluðum PC-crash útreikningi.

M vísar til þess að höfnun V byggir eingöngu á einu skjali, þ.e. PC-crash skýrslu sem aflað var einhliða, sem eitt og sér getur ekki haft úrslitabýðingu við mat á því hvort umferðarslys hafi valdið tjóni í skilningi skaðabótalaga. Byggir M á því að nefndin hafi þegar í máli nr. 90/2023 fjallað um mál eiginmanns M sem var ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn. Niðurstaða þess máls var að líkamstjón eiginmanns M var talið bótaskyld. Í kjölfar þess úrskurðar var farið fram á að V staðfesti bótaskyldu vegna máls M. Var því hafnað af hálfu V. M óskar eftir því að nefndin staðfesti að í bótaskyldu felist m.a. skylda til greiðslu kostnaðar vegna hefðbundinnar gagnaöflunar, s.s. öflunar læknisvottorða, greiðslu kostnaðar við öflun matsgerðar þar sem lagt er mat á afleiðingar slyssins og endurgreiðslu útlagðs sjúkrakostnaðar vegna meðferðar vegna afleiðinga slyssins hjá læknum og sjúkráþjálfara.

Í bréfi sínu til nefndarinnar ítrekar V fyrri afstöðu sína og tekur jafnframt fram að það hafi hafnað greiðsluskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds slyss og meintra líkamsáverka M. Gögnin bendi ekki til að heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu. V hafi ekki verið að hafna bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Leggur V áherslu á að gerður sé greinarmunur á bótaskyldu og fjárkröfu sem sett er fram á grundvelli hennar. Bótaábyrgð takmarkast við að orsakatengsl séu til staðar milli slyssins og meints líkamstjóns M og að tjónið sé sennileg afleiðing slyssins. Afstaða V byggir á að M hafi ekki sannað umfang tjóns síns og þar með ekki sýnt fram á orsakatengsl. Ágreiningur snýst því um ákvörðun V að greiða ekki fyrir gagnaöflun áður en matsgerð liggur fyrir og bendir á tilgreinda úrskurði nefndarinnar sem hafa fjallað um slíkan ágreining. Það sé í höndum M að sýna fram á tjón sitt, sbr. meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti. Samkvæmt dómaframkvæmd er ekki nægilegt til sönnunar um orsakatengsl á milli atburðar og tjóns í líkamstjónamálum að hugsanlegt geti verið að um slík tengsl sé að ræða, heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu í raun og veru fyrir hendi. Gögn málsins sýni fram á að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sem nánast ómögulegt sé að hafi valdið varanlegu líkamstjóni. Hafnar V því að til staðar sé greiðslu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A vegna varanlegra afleiðinga á heilsufar M þar sem M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl á milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M telur að rekja megi til þess. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og nokkurra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M málatilbúnaði V. Málið snúist ekki eingöngu um þá staðreynd að með höfnun V hafi það m.a. hafnað að greiða kostnað í tengslum við gagnaöflun vegna málsins heldur hefur V hafnað bótaskyldu í málinu að öllu leyti. Í höfnuninni felst að V hefur hafnað því að greiða kostnað í tengslum við gagnaöflun vegna málsins en einnig hefur V neitað að endurgreiða M útlagðan kostnað sem hún hefur orðið að leggja út fyrir vegna afleiðinga slyssins og bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Í málinu séu fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn sem staðfesta óvinnufærni og

staðfesta þörf hennar á sjúkraþjálfunarmeðferð í kjölfar slyssins vegna afleiðinga þess. Vísar M til þess að tilvísun í fyrirbyggjandi PC-crash skýrslu hafi ekkert gildi. Bendir M á að ætla megi að Landsréttur hafi snúið frá þeirri röngu framkvæmd sem viðhöfð var í dómi réttarins í máli nr. 877/2018 með dómi sínum í máli nr. 526/2021. Elur M ljóst að V beri að greiða fyrir hefðbundna gagnaöflun sem þörf er á til þess að skera úr um það hverjar afleiðingar slyssins séu í skilningi skaðabótalaga (þ.m.t. orsakatengsl). Slíkur kostnaður einn og sér felur í sér tjón í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar og er tjón sem M hefði ekki orðið fyrir ef ekki hefði komið til slyssins. Ítrekar M að ábyrgðargrundvöllurinn í málinu er lögbundin hlutlæg ábyrgð sem vátryggingarskylda er vegna.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 20. maí 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af leiðréttri skýrslu um hraðaútreikning dags. 31. mars 2023 sem V aflaði má ráða að áreksturinn hafi verið vægur. Myndir af tjóni á bifreið M benda hins vegar til þess að nokkuð högg hafi komið á bifreiðina A. Viðgerðarkostnaður á bifreið B nam samkvæmt fyrirbyggjandi yfirliti verkstæðis kr. 587.889 sem bendir einnig til nokkurs höggs. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Er slíkt mat einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Það að nefndin hafi talið í úrskurði sínum í máli nr. 90/2023 að eiginmaður M ætti rétt á bótum fyrir líkamstjón vegna sama atviks, leiðir ekki sjálfkrafa til þess að sama niðurstaða verði í máli M. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs á læknavaktina Háaleitisbraut og kvartaði undan verkjum í bakinu öllu og vinstra megin í háls hrygg. Hóf hún meðferð hjá sjúkraþjálfara þann 3. ágúst 2022, rúmlega 2 mánuðum eftir umferðarslysið skv. yfirliti yfir meðferðir sjúkraþjálfara dags. 18. janúar 2023. Samkvæmt vottorði dags. 29.08.2022 leitaði M á heilsugæsluna þann dag og kemur þar fram að M sé enn að glíma við verki í hálsi og efri hrygg. Liggja fyrir tvö vottorð til atvinnurekanda v/fjarvista, dags. 1. september 2022 og 11. nóvember 2022 þar sem vottað er um 62,5% vinnufærni frá 15. ágúst 2022 til 11. janúar 2023. Í vottorðum kemur ekki fram ástæða óvinnufærni að hluta né hvers vegna upphagsdagur óvinnufærni sé 15. ágúst 2022 sem er 14 dögum áður en M leitaði til læknis. Ekki er vottað um fleiri komur M til læknis eftir 29. ágúst 2022 vegna afleiðinga slyssins og þá liggur sjúkrasaga M fyrir umferðarslysið ekki fyrir í málinu. Þá liggur ekki heldur fyrir vottorð frá sérfræðingi eða sérstakt mat á orsakatengslum milli umrædds árekstrar og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M. Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirbyggjandi gögnum, er vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki sýnt fram á að hún eigi rétt til bóta, t.d. sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna tímabundins tekjutaps, sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 339/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Upplýsingaskýlda váttryggðs.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 14. febrúar 2023 lagði M fram kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna þvagteppu og aðgerðar á blöðruhálskirtli þann 4. janúar 2023. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 19. september 2023 á grundvelli þess að umrætt tjónsatvik, sé ekki bótaskyld atvik skv. almennum váttryggingarskilmálum V. Á sama tíma sagði V upp váttryggingunni á grundvelli 2. mgr. 84. gr. með 90 daga fyrirvara um samþykki M á nýjum undanþáguákvæðum sem gilda um váttryggingarsamninginn, kjósi M að halda honum áfram. Vísaði V til þess að við skoðun á sjúkragögnum M hafi komið í ljós að M hafði glímt við vandamál frá blöðruhálskirtli og þvagfærum allt frá árinu 2001 og margsinnis leitað læknis vegna þess. Greindi hann ekki frá þessum vandamálum í heilsufarsyfirlýsingu sinni. Var M upplýstur um þetta með bréfi dags. 1. júní 2023 og barst V ekkert svar frá M við því bréfi.

M mótmælir því harðlega að hafa ekki upplýst um veikindi þegar tryggingin var tekin. Tryggingasölumaður á vegum váttryggingamiðlunarinnar A hafi gengið frá tryggingaskjölunum í gegnum símtal og hann undirritað þau áður en sölumaðurinn fyllti út skjalið. M hafi upplýst hann um góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli og að hann færi í reglubundnar skoðanir til þvagfæralæknis til að fylgjast með kirtlinum. M hafi aldrei fengið afrit af skjalinu og ekki fengið upplýsingar um að hann þyrfti að uppfæra heilsufarsupplýsingar sínar reglulega til V. M mótmælir einnig að allar sjúkraskrár hans hafi verið opnaðar, allt til barnæsku en hann hafi einungis veitt leyfi fyrir þeim skrár sem vörðuðu veikindi og aðgerðina sem bótakrafa hans tekur til. V hafi leynt því fyrir honum hversu víðtæk heimildin væri. Telur M að V hafi farið offari í að skoða allar sínar sjúkraskrár án þess að útskýra fyrir honum þeirra ætlun til þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi gert váttryggingarsamning með váttryggingarumsókn dags. 16. október 2018 og gefið samhlíða henni yfirlýsingu um heilsufar. Þessi skjöl hafi verið með hefðbundnum hætti og undirrituð með eigin hendi M. Jafnframt hafi M ritað undir umboð til váttryggingarmiðlunarinnar A til þess að koma á váttryggingarsamningi fyrir hans hönd. Að mati V snýst málið um váttryggingarsamning sem tekinn var með hefðbundnum hætti, tjónsatvik sem ekki er bótaskyld samkvæmt skilmálum V en inn í það spilar sú ákvörðun V að takmarka ábyrgð sína vegna þeirra réttu heilsufarsupplýsinga sem fram hafa komið. Réttur til uppsagnar sbr. 2. mgr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið fyrir hendi og V hafi haft fullgilt umboð frá M til þess að óska eftir sjúkrasögu í tilefni af tjónskrófu. Fullyrðingar um einhvern þátt váttryggingarsölumanns séu ósannaðar en sannanlega ritaði M undir þau skjöl sem liggja fyrir í málinu.

Í viðbótarathugasemdum sínum upplýsir M að eftir að hafa farið yfir málgögn sjái hann að hann hafi engar sannanir fyrir frásögn sinni. Kveðst M ekki hafa verið í Reykjavík þann 16. október 2018 og því hafi þessi samningur um váttrygginguna verið gerður í gegnum síma. Tryggingasölumaðurinn upplýsti M að hann merkti við allt sem þyrfti að skrá í samninginn enda er hans rithönd allsstaðar nema á undirritun M. Hann hafi fengið upplýsingar um sjúkdóm M í samtali þeirra á milli og valið það sem skráð var í umsóknina. Telur M þessu til viðbótar um nokkur atriði um vinnubrögð tveggja sölumanna váttryggingamiðlunarinnar A sem M var í samskiptum við.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur að því í fyrsta lagi hvort M eigi rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna aðgerðar á blöðruhálskirtli sem hann tilkynnti til V þann 14. febrúar 2023. Í öðru lagi lýtur ágreiningur þessa máls að því hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu

sína við tryggingatöku á þann hátt að M hafi á grundvelli 1. og 2. mgr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, verið heimilt að segja upp váttryggingunni með 90 daga fyrirvara um samþykki M á nýjum undanþáguákvæðum sem gilda um váttryggingarsamninginn, kjósi M að halda honum áfram. Snúa þau undanþáguákvæði annars vegar að sjúkdómum, aðgerðum o.fl. vegna blöðruhálskirtils og svo hins vegar að þvagblöðru. M svaraði ekki boði V um nýja skilmála váttryggingarinnar og því var váttryggingin felld niður frá upphafi.

Undir rekstri málsins óskaði nefndin eftir að fá afrit af váttryggingarskilmála þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir. Í 1. tölul. 26. gr. skilmálana eru taldir upp þeir sjúkdómar sem falla undir sjúkdómategyggingu þá sem M var með hjá V. Er góðkynja æxli á blöðruhálskirtli ekki talinn þar upp en um er að ræða tæmandi upptalningu á bótaskyldum sjúkdómum. Ekki liggja fyrir læknisfræðileg gögn um þá aðgerð sem M gekkst undir til þess að nefndin geti tekið afstöðu til þess hvort hún falli undir 27. eða 28. gr. skilmálans. Með vísan til ofangreinds verður að telja að M eigi ekki rétt til bóta úr tryggingunni vegna aðgerðar á blöðruhálskirtli þann 04.01.2023.

Vert er að benda á að samkvæmt fyrirmælum í 12. gr. b. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, skal váttryggingafélag sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsinga um bótarétt sinn. Í bréfum V til M sem bæði voru send á ensku og íslensku er bótaskyldu hafnað og er sú afstaða V ekki rökstudd á neinn hátt, eingöngu vísað til þess að það sé mat V. Verður því ekki talið að V hafi með fullnægjandi hætti veitt M upplýsingar um bótarétt sinn en það er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða umfangsmikla váttryggingarskilmála sem telja um 20 blaðsíður og eru á öðru tungumáli en móðurmáli váttryggingataka. Hefur þetta þó ekki áhrif á rétt M til bóta.

Sjúkraskrá M hefur ekki verið lögð fram í málinu en enginn ágreiningur virðist vera um það að M hafði fyrir töku tryggingarinnar verið greindur með góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli og verið í reglulegum skoðunum hjá þvagfæraskurðlækni til þess að fylgjast með kirtlinum. Það er einnig óumdeilt að M undirritaði með eigin hendi umsókn um váttrygginguna og sem og spurningar um heilsufar. Er þar ekki getið um stækkun blöðruhálskirtilsins. Eru þessar upplýsingar þess eðlis að telja verður að M hafi ekki virt þá skyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem að honum var beint í váttryggingarumsókninni. Vanræksla M í þessu efni var veruleg og því verður að telja að V hafi verið heimilt að segja upp váttryggingunni vegna vanrækslu á upplýsingagjöf á grundvelli 84. gr. laga um váttryggingarsamninga. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að M hafi með sannanlegum hætti upplýst V eða miðlara á þess vegum um stækkun blöðruhálskirtilsins fyrir töku tryggingarinnar.

Af málskoti M verður ekki annað ráðið en að M sé ósáttur við vinnubrögð váttryggingafélagsins V og starfsmanna váttryggingamiðlunarinnar A sem seldu M og eiginkonu hans sjúkratryggingu váttryggingafélagsins V þar sem vinnubrögðin hafi ekki verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Nefnir M nokkur atriði en þar á meðal að V hafi aflað sjúkraskrár M allt aftur til barnsæsku og að tryggingasölumaður A hafi fyllt út umsóknareyðublaðið án þess að geta um upplýsingar sem M gaf honum um fyrrgreinda stækkun blöðruhálskirtilsins. Vegna þessa er rétt að benda á að ágreiningur þar að lútandi fellur utan við starfssvið nefndarinnar, sbr. a-lið 4. gr. samþykta hennar. Það er annars vegar Fjármálaeftirlit Seðlabankans sem er eftirlitsstjórnvald með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, en þar er í 9. gr. að finna áskilnað um að váttryggingastarfsemi skuli rekin í samræmi við eðlilega og heilbrigða starfshætti. Hins vegar er Neytendastofa eftirlitsstjórnvald með lögum nr. 57/2005 en í 8. gr. þeirra laga er að finna ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti.

Með vísan til alls ofangreinds á M ekki rétt á bótum úr sjúkdómategyggingu sinni hjá V, vegna stækkunar blöðruhálskirtils og þvagteppu sem leiddi til aðgerðar á kirtlinum. Þá verður einnig að telja að V hafi verið heimilt að segja upp váttryggingunni á grundvelli 84. gr. laga um váttryggingarsamninga og bjóða M breytingu á samningnum sem M þáði ekki.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómategyggingu sinni, hjá V og eru skilyrði til uppsagnar váttryggingasamnings fyrir hendi.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Mál nr. 341/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. október 2023, ásamt læknaþréfi dags. 21. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti er vísað til þess að M hafi, með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 32/2023, fengið viðurkenndan bótarétt vegna sjúkrakostnaðar að hluta úr váttryggingu sinni hjá V. Í þeim úrskurði kemur fram að viðurkenndur var bótaréttur M vegna sjúkrakostnaðar sem tengist einkennum frá fótum en hafnað að V væri skylt að greiða slíkan kostnað vegna langvarandi lungnasjúkdóms M. Að öðru leyti er vísað til málsatvika í þeim úrskurði.

M krefst þess nú að úrskurðað sé um bótarétt M vegna aukins kostnaðar sbr. a) og b) lið gr. 6.1.2 váttryggingarskilmála V vegna ferðakostnaðar M og fylgdarmanns við heimför.

V upplýsir í bréfi sínu til nefndarinnar, dags. 12. október 2023 að í kjölfar úrskurðar í máli nefndarinnar nr. 32/2023 hafi félagið samþykkt að greiða bætur vegna sjúkrakostnaðar að hluta, nánar til tekið þann kostnað sem tengdist einkennum á fótum í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar í málinu. V vísar til þess að kostnaður sem tengist langvarandi lungnasjúkdómi M fái ekki greiddur og gildi það sama um sjúkrakostnað og aukakostnað skv. gr. 6.1.2 í váttryggingarskilmálum og skv. læknaþréfi frá Portúgal dags. 21. júlí 2022 hafi M verið ráðlagt frá því að ferðast með flugi vegna lungnasýkingar og aukakostnaður M tengist þeim sjúkdómi. Auk þessa vísar V til þess að skv. c.lið þeirrar greinar verði veikindi að vera alvarleg til að komi til greiðslu bóta vegna aukins kostnaðar og að samþykki ráðgefandi lækna V liggi fyrir. Hvorugt liggi hins vegar fyrir í gögnum málsins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur aftur að því hvort M eigi rétt á bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu erlendis, en um bótasvið hennar er fjallað í kafla VII. B í váttryggingarskilmálum V. Þar kemur fram að ef tryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bæti tryggingin tiltekinn kostnað sem sérstaklega er tilgreindur í greinum 6.1.1. – 6.1.6, þ.á.m. sjúkrakostnað og aukinn kostnað.

Í gr. 6.1.2 segir um aukinn kostnað að félagið bæti:

„a) Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar læknir álitur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst t.d. kostnaður vegna hjúkrunar og sjúkraþéðis. Hámarksbætur á sólarhring vegna þessa kostnaðar eru 1% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

b) Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar tryggða að læknisráði, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns telji læknirinn slíks þörf.

c) Auka ferða- og dvalarkostnað fylgdaraðila þegar tryggður slasast, veikist alvarlega eða deyr á ferð sinni ef hann er með í för eða er kvaddur til dvalarstaðar tryggða með samþykki ráðgefandi læknis [V]. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 6% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.“

Hvað varðar lið a) verður ekki séð af gögnum málsins að læknisvottorð liggi fyrir um meðferð á hóteli eða að kostnaður hafi hlotist af því fyrir M. Hvað lið b) varðar verður heldur ekki séð að aukaútgjöld hafi stofnast fyrir M við að ná „fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar tryggða að læknisráði...“ eða að fylgdarmanns hafi verið þörf að mati læknis. Verður heldur ekki ráðið af framlögðum gögnum að M hafi veikist alvarlega eða fengið samþykki ráðgefandi læknis V til auka ferða- eða dvalarkostnaðar fylgdaraðila vegna slíkra veikinda í samræmi við skilyrði c) liðar gr. 6.1.2.

Verður því ekki séð að réttur til bóta hafi stofnast til handa M á grundvelli títtnefnds ákvæðis gr. 6.1.2 í váttryggingarskilmálum. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti þar sem almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að vátbyggður sýni fram á að tjón hans falli undir gildissvið váttryggingar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna aukins kostnaðar úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 342/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24. september 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 8. nóvember 2023, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, starfsmaður skóla í A, hafi 17. nóvember 2023 verið að sinna nemanda í iðjuþjálfun sem lét illa og sparkaði og sló í M. Þegar M hafi reynt að róa nemandann með því að halda utan um hann hafi hann spyrnt fótunum með þeim afleiðingum að M féll aftur fyrir sig með nemandann í fanginu og varð fyrir meiðslum. Fram kemur að M hafi áður orðið fyrir árás af hálfu nemandans og því óskað eftir því að vera ekki ein með honum. V hafnaði bótaskyldu.

Í málskotinu kemur fram að um sé að ræða menntastofnun sem sé grunnskóli sem starfi eftir lögum nr. 91/2018 um grunnskóla. Í því felist skylda skólastjóra til að gæta öryggis nemanda og starfsmanna skólans. Sama skylda felist í 12. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Gera verði ríkar kröfur til skólastjórnenda um að láta fara fram sérfræðilegar greiningar og veita stuðning eftir því sem við á til að lágmarka hættu á atburðum sem þessum. M telur að þær aðstæður hafi skapast á slysdegi sem hafi ekki átt að eiga sér stað og að skólastjóri beri ábyrgð á þeim skv. framangreindu. Vinnueftirlitið hafi ekki verið kvatt til að taka út aðstæður. M hafi talað við skólastjóra sama dag og slysið varð og látið vita hvað hafi gerst. Hún hafi því ekki farið fyrirvaralaust frá vinnu. Vinnuveitanda M hafi borið að láta framkvæma sérfræðilega greiningu á nemandanum og gæta þess að stuðningur og eftirlit væri með þeim hætti sem edlilegt er í tilviki sem þessu. M telur að A sem sé rekstraraðili skólans beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar á grundvelli meginreglna skaðabótaréttarins, þ.e. sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá A hafi yfirmaður M og aðrir stjórnendur skólans ekki vitað um atvikið fyrr en nokkru eftir að það gerðist. M hafi verið frá vinnu daginn eftir atvikið en skýringar hafi verið þær að hún hafi ekki treyst sér til vinnu. Ekki hafi verið frekari skýringar. Sjö dögum eftir atvikið hafi M svo skilað inn vottorði vegna fjarvista sjö dögum eftir atvikið fyrir tímabilið 17.11.21 - 3.12.2021. Áverkavottorð hafi síðan borist 15.2.22 eða nær þremur mánuðum eftir að atvikið átti sér stað. V telur því að tilkynningarskylda skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi ekki stofnast. Þá sé heldur ekki séð að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði leitt í ljós hvort nemandinn hefði ávallt átt að hafa tvo stuðningsaðila með sér eða hvort hann hafi raunverulega átt við hegðunarvandamála að stríða og M því verið í hættu þegar hún sinnti honum ein. Getur V því ekki fallist á að A verði að bera hallan af mögulegum sönnunarskortum um atvik málsins. Nemandinn hafi byrjað í skólanum í ágúst 2021 en verið í leikskóla í eitt ár áður eða frá október 2020 þegar hann kom til landsins. Nemandinn sé enn í skólanum og engar greiningar verið gerðar enda ekki talin þörf á því að mati fagaðila. Engar upplýsingar liggi fyrir um að M hafi orðið fyrir öðru atviki á undan þessu og yfirmönnum var ekki kunnugt um að hún hefði farið þess á leit að vera ekki ein með honum. Vinnulag hjá skólanum og hjá fólki sem vinnur með börn gangi í meginráttum út frá því að ekki sé tekið á nemendum með þeim hætti sem M lýsir að hún hafi gert þegar atvikið gerðist. M sé vel kunnugt um það enda hafi hún mikla reynslu af því að vinna með börnum og hefði mátt gera sér grein fyrir því að með viðbrögðum sínum myndi hún stuða nemandann með áðurgreindum afleiðingum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort atvikið sem varð til þess að M slasaðist sé að rekja til saknæmrar og ólögmetrar háttsemi váttryggingartaka, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er í málinu ágreiningur um það hvernig slysið atvikaðist en ágreiningur er um það hvort skólastjórnendur beri ábyrgð á aðstæðum á slysdegi. M ber

sönnunarbyrði fyrir því að slysið sé að rekja til atvika sem atvinnurekandi hennar ber ábyrgð á. M telur að nemandinn hefði átt að vera búin að fá greiningu en gegn neitun A er ekki að sjá af gögnum málsins að tilefni hafi verið til þess að setja nemandann í greiningu. Þá er ekki sannað í málinu að M hafi farið þess á leit að vera ekki ein með nemandanum og óljóst er hvenær M tilkynnti atvinnurekanda um slysið þar sem ekkert kemur fram í gögnum málsins um það fyrir en að M skilar áverkavottorði þremur mánuðum eftir atvikið. Fyrir liggur að M varð fyrir áfalli vegna atviksins og hlaut af því líkamlegar afleiðingar en miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu hefur M ekki sýnt fram á að hún hafi verið sett í óforsvaranlegar aðstæður sem hafi leitt til þess að A beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar. Með vísan til þess verður að hafna bótaskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 343/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. september 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 10. október 2023.

Málsatvik.

Í málgögnum kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni og bíll hennar skemmst þegar Y, íbúi í búsetuúrræði á vegum sveitarfélagsins X, hafi hlaupið út á Reykjanesbraut og hoppað í veg fyrir bifreið M þann 1. október 2022. Vísar M til þess að sveitarfélagið X beri ábyrgð á tjóninu þar sem búsetuúrræðið hafi á tjónsdegi verið undirmannað og því þjónustustigi ábótavant. Sveitarfélagið X beri því ábyrgð á því tjóni sem Y hafi valdið, m.a. þar sem X hafi verið undirmannað og starfsmenn X hafi vitað að Y hafi áður gengið út úr búsetuúrræðinu. Vísar M til þess að ákvörðun starfsmanna X um að viðhalda óbreyttu þjónustustigi feli í sér gáleysi, mistök eða vanrækslu, vitandi þess að vinnustaðurinn væri undirmannaður. Loks vísar M til þess að forstöðumaður búsetuúrræðisins hafi viðurkennt vanrækslu í lögregluskýrslu og að starfsmenn X hafi átt að bregðast við undirmönnun, svo sem með því að læsa útidyrhurð.

V telur að ekki verði sýnt fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Byggir afstaða félagsins í fyrsta lagi á því að Y dvelji í opnu búsetuúrræði, að íbúar séu frjálssir ferða sinna og geti yfirgefið húsnæði sitt. Starfsmönnum X beri þannig engin skylda til að hefta för þeirra. Þá hafi starfsmenn X ekkert eftirlitshlutverk utan búsetuúrræðisins. Af því leiði að starfsmenn X geti ekki borið ábyrgð á háttsemi Y, hvað þá utan búsetuúrræðisins. Þá vísar X til þess að skyldur starfsmanna X snúi fyrst og fremst að því að aðstoða og tryggja öryggi þjónustuþega innan búsetuúrræðisins. Þannig sé undirmönnun óviðráðanlegt atvik sem feli ekki sjálfkrafa í sér saknæma háttsemi. Enn fjarlægara er að til skaðabótaskyldu stofnist vegna tjóns á bifreið sem sé fjarri húsnæðinu. Skilyrði sakarreglunnar séu því ekki uppfyllt.

Álit.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort M eigi rétt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V á grundvelli þess að íbúi í búsetuúrræði hafi, líkt og fram kemur í gögnum málsins, komist út úr búsetuúrræðinu og hoppað fyrir ökutæki á akbraut sem er töluvert frá búsetuúrræðinu. Það hvílir á M að sýna fram á bótaskylda hafi stofnast. Af gögnum málsins verður ráðið að ekki hafi verið um lokað búsetuúrræði að ræða heldur hafi íbúar verið frjálssir ferða sinna. Þá liggur einnig fyrir að Y hafi einu sinni áður farið út úr búsetuúrræðinu en ekki liggur fyrir að hann hafi þá valdið tjóni eða sýnt af sér háttsemi sem leiða ætti til sértækra aðgerða starfsmanna X. Einnig liggur ekki fyrir hvort sérstök hættu hafi stafað af Y eða að starfsmönnum X hafi borið að grípa til sérstakra aðgerða til að meina Y för úr búsetuúrræðinu, svo sem ef veikindi eða aðrar fjarvistir væru hjá starfsmönnum. Af gögnum málsins er ljóst að um er að ræða tjón sem valdið var af einstaklingi sem er frjálssir ferða sinna en býr í sértæku heimilisúrræði og nýtur aðstoðar starfsfólks sveitarfélagsins X. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að X geti í máli þessu borið ábyrgð á líkamstjóni M og tjóni á ökutæki M utan búsetuúrræðisins. Verður ekki talið að tímabundinn skortur á starfsfólki feli eitt og sér í sér gáleysi eða leiði til þess að læsa eigi húsnæði búsetuúrræðisins og hindra för íbúa. Þá telur nefndin einnig að önnur skilyrði sakarreglunnar, svo sem um orsakatengsl og sennilega afleiðingu, séu ósönnuð. Þá liggur ekki fyrir að starfsmenn X hafi fengið fyrir máli um að Y mætti alls ekki fara út úr búsetuúrræðinu eða að sérstök hættu væri á slíkri háttsemi Y vegna undirmönnunar á slysdegi. Hallann af sönnunarskorti um þetta ber M sem á m.v. fyrirliðgjandi gögn ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 345/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysatrygging launþega hjá A.

Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi 12. ágúst 2021 verið að stýra vélknúnum hjólbörum sem geta borið allt að 365 kg að ótalinni þyngd þeirra sjálfra. Annað framhjóll baranna hafi festst milli tveggja steina og við það hafi annað handfang þeirra slegist af miklum þunga í mjöðm M. Honum hafi tekist að rúlla aðeins með högginu en hafi fljótlega fundið mikinn verk í mjöðminni. Hann hafi lokið vinnudeginum sárþjáður og hætt að geta sinnt erfiðari verkum strax eftir slysið. Einkenni áverkanna hafi ágerst og 15. október hafi M verið orðinn alveg óvinnufær sem hann hafi verið síðan. V hafnaði bótaskyldu. Í málskoti er ástandi M lýst og kemur fram að ástand hans hafi versnað í byrjun árs 2022 og hann hafi verið lagður inn á Reykjalund til aðhlynningar. Þeirri dvöl hafi lokið í upphafi árs 2023. Hann sé óvinnufær og ástand hans hafi versnað verulega og óvíst sé um bara. Hann sé haldinn miklum kvíða og fái skjálftaköst, upplifi stöðuga verki, sérstaklega hægri megin í líkamanum, eigi erfitt með gang, allar hreyfingar séu hægar og daglegar athafnir séu erfiðar. Þá kemur fram að ekki hafi komið fram í athugun lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem bendi til annars uppruna um ástand M en slysið. Að lokum telur M að vísun V í orð sjúkraþjálfara um að einkenninn séu of víðfeðm til að passa við slysið séu ekki útlökun á áhrif slyssins né að á að slysið hafi valdið honum skaða. M staðhæfir að stafrænu einkenni hafi ekki verið til staðar fyrir slysið og allar líkur á því að því að þau hafi hafist í kjölfar eymsla eftir það.

Í bréfi V er vísað til þess að slysatilkynning til Sjúkratrygginga Íslands sé undirrituð 27. júní 2022 eða tæpu ári eftir að atvikið hafi átt sér stað. Vísað er til beiðni um sjúkraþjálfun dags. 3. janúar 2022 sem sé fyrsta koma til læknis eftir meint atvik en ekkert sé minnst á það. Í beiðninni komi fram að M hafi unnið líkamlega vinnu undanfarin 2 ár. Verkur sé í mjóðm á leiðni og einnig verkur í hægri öxl með leiðni á nóttunni. M vakni oft með verk og doða, sé stífur í hálsi og herðum, sérstaklega hægra megin. Þá sé að finna skráningu hjá LSH 22. júní 2022 um athugun vegna gruns um taugakerfissröskun og skráningu 1. júlí 2022 um skjálfta sem trufla ýmsar athafnir, klæðast og bursta tennur og að mati M hafi þetta byrjað í kjölfar Janssen covid bólusetningar í júní 2021 og hann hafi tveimur mánuðum síðar lent í trauma á mjöðm. M hafi verið í sjúkraþjálfun í 6 mánuði og hafi sjúkraþjálfari hvatt hann til að leita meiri skýringa á hreyfigetunni þar sem einkennin væru of víðfeðm til að passa við slysið. Einnig liggi fyrir læknis um að vissir hlutir líkist parkinson einkennum. V telur að gögnin sýni vangaveltur lækna um einkenni M sem enn hafi ekki fundist skýringar á og telur að ekkert bendi til þess að þau einkenni sem M lýsi verði rakin til þess slys sem M telji sig hafa orðið fyrir í ágúst 2021. Með vísan til þess hafnar V bótaskyldu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort einkenni M sé að rekja til þess slyss sem hann lýsir að hafi orðið í ágúst 2021. Í málinu liggur fyrir vottorð A um að M hafi fengið högg á mjöðmina þegar hjólbörurnar rákust í hann. Ekki er því deilt um að atvikið hafi átt sér stað. Verður þá að skoða hvort orsakatengsl séu milli atviksins og þeirra einkenna sem hafa hrjáð M um langt skeið. Í læknafréfi frá Reykjalundi dags. 28. febrúar 2023 kemur fram að líklega hafi starfrænu einkenni M byrjað árið 2017 með minnkuðum krafti í hægri handlegg. Þá hafi M upplifað máttminnkun árið 2019 í jóga tíma. Einnig kemur fram að hann hafi verið með verki í handleggnum og hægri fótlegg, stífleika í vöðvum í hálsi, hægra megin og hafi farið í nálastungur sem hjálpuðu eitthvað. Nú hafi hann hins vegar einnig þróað skjálfta, hægingu á hreyfingum, stirt göngulag sem líkist parkinsonisma. Einnig sé mikill kvíði og alvarlegt þunglyndi til staðar.

Það er forsenda fyrir bótaskyldu að sýnt sé fram á orsakatengsl milli atviksins og þeirra einkenna sem hrjá M. Í málinu liggur fyrir að ástand M er alvarlegt og einnig liggja fyrir gögn sem sýna getgátur heilbrigðisstarfsmanna um hvað geti valdið því. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn eða óháð matsgerð sem staðfesta orsakatengsl milli slyssins og einkenna M og því verður ekki talið að fullnægjandi sönnun liggi fyrir um að einkenni M sé að rekja til atviksins í ágúst 2021. Með vísan til þess verður nefndin að hafna bótaskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 346/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggðs.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. desember 2023 ásamt sjúkraskrárgögnum frá Danmörku.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 6. nóvember 2022 hafi M tilkynnt V um tjón vegna sjúkdómatryggingar vegna greiningar hennar á MS-sjúkdómi í maí 2013. Sjúkdómatrygging var gefin út af hálfu V á grundvelli beiðni M um slíka váttryggingu hinn 31. desember 2007. V hefur ekki fallist á að greiða bætur úr sjúkdómatryggingunni og telur M hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar og að það eigi að leiða til þess að bætur falli niður í heild með vísan til 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir vsl.)

M telur sig eiga rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu og að hún hafi veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt við tryggingartöku í lok árs 2007. M lýsir því í málskoti að hún hafi farið í MRI skanna í Danmörku árið 2006 í kjölfar veikinda en þar hafi niðurstöður ekki verið óeðlilegar. Það hafi ekki verið fyrir en á árinu 2010 sem M hafi fundið aftur fyrir svipuðum einkennum og leitað til læknis en enginn hafi deilt með henni að hún væri með MS-sjúkdóm fyrir en á árinu 2013 þegar sá sjúkdómur hafi verið greindur. M vísar til staðfestingar á frásögn sinni í vottorð læknis hennar dags. 22. júní 2023. Þar komi fram að ekkert komi fram í læknisfræðilegum gögnum um greiningu á MS fyrir en 6. maí 2013.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína þannig að ekki teljist verulegt, eins og áður segir með vísan til 2. mgr. 83. gr. vsl. V vísar til þess að M hafi svarað tveimur spurningum í váttryggingarbeiðni ranglega. Annars vegar hafi M svarað spurningu um hvort hún hafi haft sjúkdóm/vandamál eða einkenni frá taugakerfi, lömun, heila og mænusigg (MS), hreyfitaugasjúkdóm (MND), flogaveiki, svima, skjálfa, höfuðverk eða mígreni neitandi og hins var spurningu um hvort hún hafi verið í meðferð, rannsóknnum og/eða myndrannsóknnum. Í hvorugu tilvikinu hafi M svarað því til að hún hafi leitað til lækna í Danmörku á árinu 2006 vegna einkenna frá taugakerfi, farið í myndrannsókn (MRI) og fengið MS-kast. Einnig hafi komið fram að segulómrannsóknir hafi sýnt deyelíniserandi breytingar, en það séu klár MS-einkenni og hefðu þau alltaf leitt til takmörkunar á sjúkdómatryggingu M þannig að sjúkdómurinn hefði verið útilokaður frá váttryggingavernd M. Máli sínu til stuðnings vísar V til viðmiðana áættumatskerfis endurtryggjenda (MIRA) og bendir á að skv. því kerfi hefði sjúkdómatryggingu M verið hafnað ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir við umsókn. Einnig telur V ekki skipta máli hvort það kast sem M fékk á árinu 2006 hafi uppfyllt greiningarskilyrði MS eða ekki þar sem einkenni hafi verið til staðar sem M hefði átt að greina frá.

Í viðbótarathugasemdum M lýsir hún aðstæðum sínum og ítrekar að hún hafi ekki haft vitneskju um MS-sjúkdóm sinn fyrir en á árinu 2013 og hafi því ekki veitt rangar upplýsingar við töku sjúkdómatryggingar á árinu 2007.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt þegar hún sótti um sjúkdómatryggingu með skriflegri beiðni dags. 31. desember 2007. Samkvæmt læknisvottorði átti formleg greining MS-sjúkdóms M sér stað í maí árið 2013 og hefur hún fengið meðferð við sjúkdómnum síðan. Því hefur ekki verið borið við af hálfu V að tilkynning um tjón hafi borist of seint m.t.t. ársfrests 1. mgr. 124. gr. vsl. og verður því ekki litið svo á að ágreiningur sé um það.

Við mat á því hvort M hafi veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt vegna töku sjúkdómatryggingar í lok árs 2007 verður að líta til þess að það kemur fram í læknisvottorði frá 22. júní 2023 að M hafi verið greind með ... breytingar í Danmörku á árinu 2006 eftir segulómrannsókn þar. Í danski sjúkraskrárfærslu frá 8. febrúar 2006 segir: Diagnose: bilaterale cerebrale læsioner – forentligt með DS

obs. cervikali medullære læsioner.“. og í færslu daginn eftir kemur fram að læknir sé John Benigz í Reykjavík auk þess sem M virðist hafa reynt að fá myndir úr segulómun til Íslands í mars 2006. Í lauslegri þýðingu er var því greining M að hún væri með einkenni sem gætu samsvarað DS, sem getur vart verið annað en dissemineret sclerose sem er þekkt sem MS-sjúkdómur á íslensku. Einnig er vísað til læknisins John Benedikz á Íslandi strax á árinu 2006 en hann var sérfræðingur í taugasjúkdómum og MS-sjúkdómnum. Verður því að leggja til grundvallar að M hafi haft nokkur einkenni á árinu 2006 sem hefðu átt að leiða til þess að hún svaraði játandi spurningu á váttryggingarbeiðni þar sem spurt var um sjúkdóm/vandamál eða einkenni frá taugakerfi eða svima, en M svaraði þeirri spurningu neitandi sem og spurningu um að hvort hún hafi verið í rannsóknum og/eða myndrannsóknum. Í fyrrnefndum sjúkraskrárgögnum frá Danmörku kemur fram að M hafi gengist undir segulóm skoðun (MRI) í Danmörku á árinu 2006 og svaraði hún því spurningu um myndrannsókn ranglega með nei, en M tilgreindi þar einungis rannsóknir vegna skjaldkirtils. Í sjúkraskrárgögnum M kemur einnig fram tilvísun til þess að einkenni hafi komið fram á árinu 2006 sem hafi síðan verið metið sem MS-kast. Þó M hafi ekki verið greint skýrlega frá því á árinu 2006 að um gæti verið að ræða MS kast er einkennum lýst þannig á þeim tíma í sjúkraskrárgögnum hennar frá Danmörku að svar við spurningu um einkenni og myndrannsóknir hefði átt að vera já en ekki nei. Telst M því hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína þannig að sök hennar sé ekki óveruleg, sbr. 2. mgr. 83. gr. vsl.

Við mat á því hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína verður skv. 3. mgr. 83. gr. vsl. að líta til þess að sök M telst vera þónokkur að hafa ekki greint frá einkennum sínum frá taugakerfi og myndrannsóknum þess vegna á árinu 2006 við váttryggingarbeiðni en M mátti vera ljóst að slíkar upplýsingar skiptu máli við áhættumat V, auk þess sem henni var skylt að veita rétt og tæmandi svör um heilsufar sitt skv. fyrirmælum í 82. gr. vsl. Þessi vanræksla M hafði verulega þýðingu fyrir áhættu V og skýr orsakatengsl eru líka milli umræddra einkenna og þess að M greindist með MS-sjúkdóm á árinu 2013. Ekki er vísað til viðmiðunarreglna endurtryggjenda í váttryggingarskilmálum V og verður tilvísun til þeirra ekki talin ráða úrslitum við mat á takmörkun ábyrgðar V.

Verður með hliðsjón af þessu og atvikum öllum rétt að takmarka ábyrgð V um 2/3 hluta bóta sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V sem nemur 1/3 hluta bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

M á rétt til 1/3 hluta bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 347/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti gerir M kröfu um að viðurkennd sé bótaskylda úr innbústryggingu hans hjá V, en hinn 14. september 2023 hafi verið brotist inn í húsnæði og lögheimili hans að X. V hafi hins vegar, með tölvupósti dags. 18. september 2023, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að fjölskyldu- og innbústrygging hans ætti við aðra fasteign, Y, sem hafi verið seld og afhent í apríl 2023. V hafi einnig byggt á því að ekki hafi verið um innbrot að ræða. M tekur fram að húsnæðið að X hafi verið lokað með gustlokun, fest með steinskrúfum og neglt aftur. Um sé að ræða þjófnað á verkfærum og tjónið talsvert.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi á tjónsdegi verið með í gildi fjölskyldutryggingu vegna fjölskyldu og innbús að Y. Hið meinta innbrot hafi hins vegar átt sér stað í X, sem á tjónsdegi hafi verið fokkelt húsnæði í byggingu og því ljóst að umrædd váttrygging nái, samkvæmt því sem fram komi í skírteini vegna hennar, ekki til innbús í X. Umrædd váttrygging taki þá til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkalofftar, sumarhús eða hjólhýsi og það sé forsenda bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Húsnæði í byggingu falli ekki undir fyrrgreinda upptalningu, og komi þá skýrt fram í lögregluskýrslu að M hafi hætt vinnu kl. 23:00 þriðjudaginn 12. september og þá „farið heim til sín“ og komið aftur á vettvang föstudaginn 15. september, og þá tekið eftir hvarfi ýmissa hluta. Sé því ljóst að M hafi á tjónsdegi ekki búið í X. Þá telur V að í raun sé ósannað að innbrot hafi átt sér stað, en í skýrslu lögreglu komi ekkert fram um ummerki innbrots, en fyrir dyrum hússins hafi verið viðarplötur sem auðvelt var að komast fram hjá. Telur V því að opið aðgengi hafi verið að húsnæðinu, og verði M að bera hallann af því að ósannað sé að innbrot hafi átt sér stað. Að síðustu vísar V til þess að váttryggingin taki til lausafjár sem fylgi almennu heimilishaldi, almenns viðleigubúnaðar og tómsundaáhalda. Verkfærin sem M segi hafa verið tekin við innbrotið hafi verið notuð við húsbyggingu og tilheyrri því ekki almennu heimilishaldi.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að þegar hann hafi komið að X hafi verið búið að brjóta upp hurðina og dyrnar hafi staðið opnar, en alla jafna sé hurðin læst aftur með nagla eða skrúfu. Þá tekur hann fram að hann búi í hjólhýsi á lóðinni. Hvað varði munina sem var stolið þá hafi ekki eingöngu verið um að ræða verkfæri, heldur einnig t.a.m. hleðslubúnað fyrir rafbil.

Álit.

Í 1. gr. skilmála innbústryggingarkafila fjölskyldutryggingar M hjá V segir að váttryggingin gildi á heimili váttryggingartaka sem skráð sé á váttryggingarskírteini, þ.e. í þessu tilviki Y. Segir þá einnig að váttryggingin taki jafnframt til búsmuna sem séu hérlendis utan heimilis váttryggingartaka en þá takmarkist bætur við 15% váttryggingarfjárhæðar. Ljóst er að þeir munir sem M geymdi að X falla undir framangreint ákvæði og verður kröfu hans því ekki hafnað á þeirri forsendu, eins og V virðist að einhverju leyti byggja á, að váttryggingin taki ekki til muna sem geymdir séu utan þess heimilis sem tilgreint sé á váttryggingarskírteini.

Í skilmálum váttryggingarinnar er sett fram tafla þar sem nánar er lýst þeim tjónsatvikum sem váttryggingin tekur til svo og undanþágum og takmörkunum á bótaskyldu. Í D-dálki er fjallað um innbrotsþjófnað og kemur fram að váttryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkalofftar, sumarhús eða hjólhýsi og að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Jafnframt er það að finna eftirfarandi varúðarreglu: „Dyr, gluggar og önnur op á váttryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.“ Í 20. gr. almennra skilmála V, sbr. heimild 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 til setningar slíkra fyrirvara, er kveðið á um heimild V til að fella niður ábyrgð sína í heild eða

að hluta hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum. Í fyrrnefndri 26. gr. laga um vátryggingarsamninga segir jafnframt: „*Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.*“ Það er því ekki svo að vanræksla vátryggðs á því að hlíta varúðarreglum í skilmálum leiði fortakslaust til missis eða skerðingar bótaréttar heldur þarf að taka öll framangreind atriði til heildstæðrar skoðunar.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu um umrætt atvik, dags. 16. september 2023, er aðkomu að X lýst svo að um sé að ræða húsnæði í byggingu og enn vanti hurðar og gler í glugga. Viðarplötur, sem auðvelt hafi verið að komast fram hjá, hafi verið fyrir bak- og aðaldyrum en þeim aðbúnaði er ekki nánar lýst í skýrslunni. Þá kemur fram að engin ummerki sem bent gætu á mögulegan geranda hafi verið á vettvangi og segir ekkert um að flekar hafi verið brotnir upp. Ekkert er þá haft eftir M í skýrslunni um að flekar fyrir dyrum hafi verið skrúfaðir eða negldir aftur, svo sem hann lýsir fyrir nefndinni, og liggja því engin gögn fyrir um slíkar ráðstafanir. Er það því mat nefndarinnar að brotið hafi verið gegn fyrrgreindri varúðarreglu.

Verður þá að telja að sýnt sé að M hafi skilið töluverð verðmæti eftir, í húsnæði þar sem óviðkomandi áttu auðvelt aðgengi, án eftirlits í hartnær þrjá sólarhringa, en samkvæmt framburði hans í lögregluskýrslu fór hann heim til sín um kl. 23:00 á þriðjudegi og kom aftur að X um kl. 14:00 á föstudegi. Verður þá jafnframt að líta til þess að varúðarregla sú sem M vanrækti að hlíta hefur beina þýðingu við takmörkun hættu á þjófnaði og þess að brot hans gegn henni var verulegt, en ekki er sýnt fram á með hvaða hætti tryggt var að óviðkomandi kæmust ekki inn í X. Samkvæmt framansögðu verður að telja að V sé heimilt að fella niður ábyrgð sína í heild, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 348/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið váttryggingar. Skaðabótakrafa. Framsal.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. september 2023.
2. Bréf V dags. 20. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðin A, sem þá var í eigu viðskiptavinar M, X, hafi verið til viðgerðar hjá M. Í þeim tilgangi að brenna út sótsíu hafi starfsmanni M verið nauðsynlegt að aka A út fyrir bæinn. Hafi hann misst stjórn á A og tjón orðið á henni. Hafi M og X sammælt um að X keypti aðra sambærilega bifreið af M, en að M keypti A af X, á sléttu. Þetta hafi verið gert í þeim tilgangi að forða X frá afnotamissi og því að þurfa að taka við viðgerðri bifreið en M tæki við greiðslum frá V vegna tjóns á A. Þá hafi starfsmaður V staðfest að V mundi greiða tjónið á A. V hafi hins vegar á síðari stigum, eða með tölvupósti dags. 10. júlí 2023, hafnað bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hinn 13. júní 2023 hafi V borist tilkynning um tjón sem hefði átt sér stað á A hinn 5. júní 2023 er henni var ekið á vegrið. X hafi á tjónsdegi verið með kaskótryggingu hjá V, en verið verulega ósátt við að hún þyrfti að sækja bætur eða viðgerðarkostnað og hafi viljað að M bætti sér tjónið. Hinn 4. júlí 2023 hafi framangreind bifreiðaviðskipti M og X átt sér stað og í kaupsamningi og afsali vegna A komi fram að tjónagreiðslur varðandi kaskótjón flytjist yfir til M. V hafi litla sem enga aðkomu haft að málinu fyrr en eftir umrædda samningsgerð en þá hafi M haft samband við V og gert kröfu um bætur. Í samskiptum V og M hafi komið fram að M væri ekki tryggt fyrir tjóninu en því sé mótmælt sem röngu að V hafi samþykkt að M gæti sótt bætur í kaskótryggingu A. Hefði X viljað nota kaskótrygginguna vegna tjónsins hefði V endurkrafið M um greiddan viðgerðarkostnað. Það hafi hins vegar aldrei komið til þess enda hefði X áður en hún nýtti sér trygginguna gert fyrrgreindan samning við M. Að mati V sé óumdeilt að M beri skaðabótaábyrgð gagnvart X vegna tjónsins á A og með fyrrgreindum samningi hafi M bætt henni það tjón. V vísar til þess að í 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 komi fram að skaðabótaréttur stofnist ekki vegna tjóns sem munatrygging, þ.e. m.a. kaskótrygging, taki til. Hins vegar segi í 2. tl. 2. mgr. sama ákvæðis að sú regla eigi ekki við þegar tjóninu er valdið í atvinnurekstri, en óumdeilt sé að starfsemi M falli undir það hugtak. Með vísan til þess hafi V hafnað því að endurgreiða M viðgerðarkostnað úr kaskótryggingu A. Hefði komið til greiðslu úr kaskótryggingu A á grundvelli kröfu X um slíkt hefði V þá endurkrafið M um kostnað vegna þess, sbr. almenna skilmála félagsins þar sem fram komi að ef hinir tryggðu, þ.e. X, eigi fébótakröfu á hendur þriðja aðila, þ.e. M í þessu tilviki, vegna bótaskylds tjóns öðlist V þann rétt að svo miklu leyti sem félagið hafi greitt bætur. Þá er bent á að framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi sé háð samþykki V, og hefði slíkt samþykki, sbr. framangreint, aldrei fengist.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að V hafi verið í fullu sambandi við V og fengið þær upplýsingar að V væri bótaskyld. Það hafi verið forsenda þess að fyrrgreindur kaupsamningur hafi verið gerður um A. Þá sé starfsmaður réttingarverkstæðis reiðubúinn að vitna um slíkt samtal við starfsmann V sem hafi staðfest bótaskyldu. Er þá áréttað að sú leið að kaupa A af X hafi verið farin í þeim tilgangi að lágmarka óþægindi og tjón hennar og þá einnig með framtíðarviðskiptahagsmuni að leiðarljósi. Telur M að V sé með málþófi að reyna að komast undan bótaskyldu sem þegar hafi verið viðurkennd.

Álit.

Óumdeilt er að á tjónsdegi var bifreiðin A tryggð kaskótryggingu hjá V og þá virðist jafnframt liggja fyrir að tjónsatvikið sem slíkt, þ.e. áakstur á vegrið, sé bótaskyld samkvæmt skilmálum slíkrar tryggingar. Þá liggur fyrir að í kjölfar tjónsins gerðu M og X með sér samninga sem fólust í því að X keypti aðra bifreið af M en M keypti A af X og segir í kaupsamningi og afsali vegna síðarnefndu kaupanna að tjónagreiðslur varðandi kaskótjón hjá V flytjist yfir til M. Var þannig um að ræða framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi X við V. Gegn neitun V liggja ekki fyrir nein gögn, eða

vitnisburðir, er sýna fram á samþykki V fyrir slíku framsali, en í skilmálum kaskótryggingar A hjá V kemur fram að framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi sé háð samþykki félagsins. Þar sem ekki verður séð að slíkt samþykki hafi verið veitt verður að hafna kröfu M þegar af þeirri ástæðu.

Í ljósi þess að aðilar tefla fram frekari málsástæðum telur nefndin þó jafnframt rétt að taka fram að jafnvel þó samþykki hefði fengist fyrir slíku framsali væri fyrir hendi endurkröfuréttur V á hendur M. Vísast hér til 17. gr. almennra skilmála V þar sem segir að eigi einhver hinna tryggðu, þ.e. í þessu tilviki X, fékröfu á hendur þriðja aðila, þ.e. í þessu tilviki M, vegna bótaskylds tjóns öðlist V þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur. Þó bótaskylda teldist fyrir hendi á grundvelli framsals, eða hefðu bætur verið greiddar X sjálfri, verður því ekki annað séð en að V ætti að sama marki fjárkröfu á hendur M. Væru bætur greiddar til M verður að telja að V öðlaðist samhliða rétt til skuldajöfnuðar, enda verður ekki annað séð en að skilyrði hans væru þá uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 349/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. október 2023, ásamt skilmálum váttryggingar.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 18. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fallið á heimili sínu þann 9. september 2022 með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á bak. Man M ekki nákvæmlega hvernig það bar að, en hún kveðst hafa fallið niður og náð að skriða og hringja í 112. Kveður hún heilsufar sitt hafa verið bágborið eftir atburðinn og hún hafi beðið son sinn að tilkynna fyrir sig tjónið. Tjónið var tilkynnt til V þann 3. október 2022 og kom þar fram að M hafi fengið aðsvif og dottið í gólfið. Með tölvupósti dags. 5. október 2022, hafnaði V bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M þar sem slys í skilningi váttryggingaskilmála hafi ekki verið uppfyllt vegna skorts á skilyrði um skyndilegan utanaðkomandi atburð. M telur ómögulegt að una þeirri niðurstöðu þar sem hún telur hana byggja á misskilningi. Hún hafi dottið en minnst í engu að það hafi gerst vegna aðsvifs eða svima og telur hún einu ástæðu þess að það sé lagt til grundvallar vera vegna misskilnings milli hennar og sonar hennar sem fyllti út formið á vef V fyrir hana.

Í bréfi V til nefndarinnar er fyrri afstaða V áréttuð og vísað til þess að fyrirliggjandi tjónstilkynning, stafar skv. efni hennar frá M sjálfri, og fól hún í sér bindandi yfirlýsingu hennar um atvikið sem hér um ræðir. Síðar til komnar lýsingar, sem koma fram eftir að afstaða V lá fyrir, geta eðli máls samkvæmt ekki hnekkst slíkum yfirlýsingum og hafa jafnan mjög takmarkað sönnunargildi um atvik að baki tjóni. Vísar V til skilgreiningar á hugtakinu slys sem fram kemur í váttryggingarskilmálum frítúmaslysatriggingar þeirrar sem hér um ræðir. Þar sé hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að átt sé við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. M hafi ekki fært sönnur á að um slys sé að ræða skv. skilmálum tryggingarinnar og því sé bótaskylda vegna atviksins ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er málátilbúnaði V mótmælt sem röngum. Vísar M til skráninga í sjúkraskrá M sem fylgdi með viðbótarathugasemdum M en þar er hvergi lýst aðsvifi eða yfirlíði í aðdraganda fallsins. M hafnar að efni tjónstilkynningarinnar hafi að öllu leyti stafað frá henni líkt og V heldur fram í athugasemdum sínum. Byggi höfnun V á einhliða frásögn sonar M sem var ekki raunvitni að slysinu og gegn andmælum M um annað, getur enga þýðingu haft fyrir rétt hennar til bóta. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 428/2019, máli sínu til stuðnings um að ekki verði gerðar slíkar kröfur til M að sýna fram á hvað hún hafi fallið um.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að fyrir liggi tjónstilkynning sem send var inn af hálfu M, eða a.m.k. í umboði hennar. Ekki verði hægt að líta fram hjá þeim lýsingum sem þar koma fram og verða þær alltaf að teljast bindandi lýsing á málsatvikum.

Álit.

Í skilmálum viðeigandi váttryggingar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Ágreiningur málsins snýr að því hvort líkamstjón það sem M varð fyrir þann 9. september 2022, sé að rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka líkt og aðsvifs eða yfirlíðs. Ágreiningslaust er að V barst tjónstilkynning frá M þann 3. október 2022 þar sem orsök tjónsins er lýst á þann hátt að M hafi ætlað að standa upp frá rúmi og þá „fæ ég aðsvif og dett í gólfið“. M sendi V aðra tjónstilkynningu þann 11. nóvember 2022 þar sem fyrri frásögn er dregin til baka og því list að M viti ekki um hvað olli því að hún datt. Vegna misskilnings milli M og sonar hennar hafi hann skrifað í fyrri tjónstilkynningu að hana hafi svimað. Að mati nefndarinnar verður við mat á því hvort skilyrði

slyshugtaks vátryggingarskilmála V séu uppfyllt, verði að byggja á upphaflegri lýsingu M en ekki síðar tilkominni lýsingu. Verður M að bera hallan að því að hafa látið tilkynna tjónið með þeim hætti sem hún gerði. Af þeirri tjónstilkynningu má ráða að orsök slyss M sé að rekja til innri orsaka þ.e. aðsvifs, og er ekki að sjá að neinn utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Verður því ekki talið að umrætt atvik uppfylli það skilyrði slyshugtaksins að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Er bótaskylda þar að leiðandi ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 351/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 28. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. nóvember 2023 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 30. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 22. mars 2022 hafi M orðið fyrir líkamstjóni þegar árekstur varð með bifreið A og bifreið sem M var farþegi í. Ágreiningslaust er að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri og snýr ágreiningur aðila að því hvort afleiðingar atviksins á heilsufar M séu varanlegar. A leitaði á heilsugæslu 28. mars 2022 og lýsti þá verkjum í herðablöðum, öxlum og handleggjum svo og því að hún hefði fundið fyrir rafstraum og dofa fram í fingur. Hafi M þá leitað ítrekað til lækis síðan, stundað sjúkraþjálfun, og gengist undir lyfja-, og verkjameðferð. Hafi M þá gengist undir mat á afleiðingum slyssins og sé niðurstaða þeirrar matsgerðar sú að M hafi tognað á hálsi og þróað með sé axlar-handarheilkenni í vinstri griplim. Þá liggi fyrir áverkavottorð og lækisvottorð. Þessum gögnum hafi ekki verið hnekk af hálfu V og þó M eigi fyrri sögu um stoðkerfisverki hafi fyrri einkenni ekki stafað frá þeim svæðum sem tiltekin séu í matsgerð. Hafi M því sýnt fram á varanlegar afleiðingar slyssins. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 9. júní 2023, hafnað kröfu hennar en tekið fram að hún gæti, á eigin kostnað, gengist undir mat á afleiðingum slyssins.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi aflað svokallaðrar PC-Crash skýrslu og samkvæmt henni hafi höggið á bifreið málskotsaðila verið afar vægt. Af lækisfræðilegum gögnum megi þá ráða að M hafi glímt við vandamál frá öxlum fyrir slysið og undirgengist rannsóknir vegna þeirra. Sé einsýnt að einkenni M hafi verið svipuð fyrir slysið. Hafi V því hafnað kröfu M á þeirri forsendu að ósannað væri að um orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M ræki til þess væri að ræða. Mat sem síðar hafi verið einhliða aflað hafi þá takmarkaða þýðingu. V tiltekur sérstaklega að M hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við gerð PC-Crash skýrslunnar og hafi hennar því ekki verið einhliða aflað. Eru þá gerðar athugasemdir við fyrirbyggjandi matsgerð sem hafi aðeins verið framkvæmd af einum matsmanni og fyrri höfnun V svo og áður nefnd PC-Crash skýrsla hafi ekki verið meðal gagna sem fylgdu matsbeiðninni. Framlagðar skattaskýrslur sýni þá fram á að M hafi ekki haft fulla starfsorku fyrir slysið. Þá sé það rangt að M hafi ekki kvartað undan einkennum frá vinstri griplim fyrir slysið og telji V einsýnt að einkenni hennar séu öll hin sömu og hún lýsti fyrir slysið. Sé því ósannað að orsakatengsl séu milli árekstursins og líkamlegra einkenna M.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega hafnað að M hafi verið með fyrri einkenni frá vinstri öxl, en fyrir slysið hafi hún lýst einkennum frá hægri öxl og mjóbaki. Matsgerð tilgreini þá sérstaklega að metnir séu áverkar frá vinstri öxl og hálsi, enda sé þar um að ræða ný einkenni. Þá hafi einhliða mat verið eina úrræði M til að sýna fram á tjón sitt enda hafi V hafnað því að byggja á áður fram komnum lækisfræðilegum gögnum, og jafnframt hvatt M til að láta framkvæma mat á eigin kostnað þar sem félagið hefði ekki viljað standa sameiginlega að mati. V hafi þá verið upplýst um að M hygðist gangast undir slíkt mat en hefði hvorki óskað þess að koma að gögnum eða athugasemdum né því að mæta á matsfund. Þá er því hafnað að M hafi borið að afla mats tveggja matsmanna, enda komi slíkur áskilnaður hvergi fram í skaðabótalögum nr. 50/1993. Sá lækni sem framkvæmdi matið sé þá með CIME próf í mati á líkamstjóni og hafi áratuga reynsla af gerð matsgerða. Þá hafi M ekki haft neinar forsendur til að koma að athugasemdum vegna gerðar svokallaðrar PC-Crash skýrslu auk þess sem um staðlaða útreikninga sé að ræða sem feli ekki í sér mat á varanlegu heilsutjóni. Slíkt mat sé í höndum lækna og verði að fara fram í hverju tilviki fyrir sig. Þá er því hafnað að M hafi ekki haft fulla starfsorku fyrir slysið. Hún hafi flutt hingað til lands tveimur árum fyrr og sé ekkert sem bendi til annars en að hún gæti

unnið úti, enda næði hún tókum á íslensku. Hafi M samkvæmt öllu framansögðu aflað ítarlegra gagna sem sýni fram á orsakatengsl umrædds áreksturs og varanlegra afleiðinga hans á heilsufar hennar. Hafi þeim gögnum ekki verið hnekktt af hálfu V sem sé þá í lófa lagið að fara fram á dómkvaðningu matsmanna kjósi það svo.

Í viðbótarathugasemdom V er því mótmælt að títtnefnd matsgerð hafi sönnunargildi í málinu. Hafi hennar verið alfarið einhliða aflað og V ekki upplýst um framgang málsins, ekki upplýst um matsfund, og ekki veitt tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Að öðru leyti eru fyrri röksemdir áréttáðar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 22. mars 2022. Þó svokölluð PC-Crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins, og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, svo sem líkamlegu ástandi, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki. Af ljósmyndum af bifreið þeirri sem M var farþegi í má þá greina að einhverjar skemmdir hafi orðið á henni við áreksturinn. Hvað varðar fyrri sjúkrasögu M þá liggur fyrir að hún þjáðist af einkennum frá stoðkerfi fyrir umrætt atvik og leitaði til lækna vegna þeirra. Af fyrirliggjandi gögnum má þó ráða að umkvartanir M og rannsóknir vegna þeirra hafi helst beinst að mjóbaki og hægri öxl, og eina umkvörtun M um einkenni frá vinstri handlegg er um máttleysi sem hún tengdi við kórónuveirusýkingu við komu til læknis hinn 10. september 2021. Þá liggur fyrir að M leitaði til læknis nokkrum dögum eftir umræddan árekstur og lýsti þá verkjum frá herðablöðum, öxlum og handleggjum og var með þreifiefmsli á hnakka, herðum og herðablöðum, yfir háls- og brjósthrygg. Þá leitaði hún aftur til læknis hinn 4. maí 2022 og lýsti þá einkennum frá hálsi. Í læknisvottorði dags. 4. maí 2023 kemur þá fram að verkirnir sem M hlaut eftir slysið hafi verið henni mjög íþyngjandi. Í fyrirliggjandi matsgerð sem var einhliða aflað af M, dags. 4. september 2023, er m.a. að finna umfjöllun um fyrri heilsufar, og kemur þar m.a. fram að M eigi ekki fyrri sögu um verki í hálsi og vinstri griplim. Við mat á varanlegri örorku og miska virðist aðeins litið til einkenna frá þeim svæðum. Kemur þá fram að það sé álit matslæknis að M hafi tognað á hálsi og eftir áverkann hafi hún þróað með sér axlar-handarheilkenni en þekkt sé að slík einkenni komi fram í kjölfar umferðarslysa. Liggur því fyrir mat á því að M hafi þróað með sér ný einkenni frá stoðkerfi sem rakin verði til árekstursins og ekki hefur verið sýnt fram á ágalla á fyrrgreindri matsgerð þannig að leiða eigi til þess að hún verði virt að vettugi né hefur niðurstöðum hennar verið hnekktt.

Á grundvelli alls framangreinds og af heildstæðu mati á fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að M hafi tekist að sýna nægilega fram á orsakatengsl milli hins bótaskylda tjónsatviks og þeirra afleiðinga sem hún rekur til þess.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 352/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Notkunarhugtak laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. október 2023, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins, meðal annars lögregluskýrslu, kemur fram að þegar var verið að dæla metan á ökutækið X varð sprenging í því sem leiddi til skemmda á eignum X. Í niðurstöðum rannsóknar lögreglu og Rannsóknarnefndar í samgönguslysum kom fram að orsök tjónsatviksins hefði verið sú að metantankur ökutækisins X hafi rofnað vegna tæringar þegar metan eldsneyti var dælt á tankinn.

M telur að dæling eldsneytis á ökutæki teljist til notkunar þess í skilningi 4. og 8. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. M vísar til dóms Landsréttar í máli nr. 438/2021 um skýringu á notkunarhugtaki laganna. Einnig vísar M til þess að hin ýmsu tilvik sem með einhverjum hætti tengjast notkun ökutækja hafi verið látin falla undir notkunarhugtakið, t.d. eins og lestun og losun kyrrstæðra vörubifreiða, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 11/1993 og þegar hurð skall á farþega kyrrstæðrar leigubifreiðar, sbr. Hrd. 1981, bls. 1203.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X og telur að tjón M falli utan bótasviðs ábyrgðartryggingar skv. 8. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, sbr. 13. gr. váttryggingarskilmála félagsins. Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga sé kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð en þar komi fram að tjón verði að vera rakið til notkunar ökutækis til þess að hún eigi við og greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu ökutækis. Að mati V eru ekki orsakatengsl milli notkunar X og tjóns M. V vísar til þess að orðið notkun, í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, hafi verið skýrt með þrengri hætti en almennri orðskýringu í framkvæmd. Þannig hafi notkun ökutækis í dómaframkvæmd varið skýrð þannig að hin hlutlæga bótaábyrgð nái aðeins til tjóns sem leiðir af þeirri notkun ökutækisins sem hafi í för með sér að sérstakir hættueiginleikar þess verði virkir, þ.e. hraði, vélarafli eða þyngd þess. Einnig vísar V til þess að kyrrstætt ökutæki sé alla jafna ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar og sérstakir hættueiginleikar ökutækis sem ökutækis séu alla jafna ekki virkir við þær aðstæður. Til dæmis sé ekki hættulegra að dæla eldsneyti á ökutæki frekar en brúsa eða annað. Það að dæla eldsneyti á ökutæki sé ekki einkennandi fyrir þá hættueiginleika sem almennt stafi af ökutækjum og hlutlæg bótaregla laga sé sett vegna. V vísar einnig til dómaframkvæmdar eftir árið 1996 og lagabreytingar, sem og rekur V takmarkað fordæmisgildi tiltekinna dóma og fræðiskrif varðandi um að tjón sem verður við hjólbarðaskipti eða viðgerðir á ökutækjum falli utan hins svokallaða notkunarhugtaks. Einnig eru nýlegir dómur raktir í bréfi V til nefndarinnar varðandi þýðingu hættueiginleika ökutækja varðandi túlkun á notkunarhugtakinu og vegna gildissviðs slysatryggingar ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki, t.d. í málum Hæstaréttar nr. 47/1997, 116/1999, 216/1999, 274/1999, 307/1999, 1/2000, 50/2000 og 671/2014,

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón sem varð vegna sprengingar í ökutæki við það að dæla eldsneyti á ökutækið teljist til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Óumdeilt er að ökutækið var kyrrstætt þegar sprengingin varð. Þegar litid er til dómaframkvæmdar síðustu ára varðandi túlkun á hinu svokallaða notkunarhugtaki verður ekki annað séð en að bæði dómur Hæstaréttar og Landsréttar sýni að ef ökutæki er ekki á hreyfingu þurfi tjón að hafa orðið vegna sérstakra eiginleika ökutækja sem ökutækja til að teljast til notkunar þeirra, sbr. til dæmis Hrd. 671/2014. Af sömu dómaframkvæmd má ráða að þeir sérstöku eiginleikar ökutækja séu fyrst og fremst tengdir hraða, vélarafli og þyngd þeirra, sbr. til dæmis dómur Hæstaréttar í málum nr. 47/1997, 116/1999, 274/1999, 353/2002 og áður nefndu máli nr. 671/2014.

Af lýsingum á tjónsatviki því sem leiddi til tjóns M verður ekki ráðið að tjón verði rakið til sérstakra eiginleika ökutækisins X sem tengjast hraða, vélaafli eða þyngd þess og hefur hlutlæg skaðabótaábyrgð eiganda X því ekki stofnast skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar og þar af leiðandi fellur tjónið ekki undir ábyrgðartryggingu eigandans skv. 8. gr. sömu laga og þar af leiðandi ekki greiðsluskyldu skv. 19. gr. laganna.

Ekki verður heldur ályktað af því sem fram kemur í gögnum málsins að eigandi X hafi vitað af ástandi ökutækisins eða sýnt gáleysi sem leitt hefur til skaðabótaábyrgðar skv. almennum reglum skaðabótaréttarins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 353/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 28. september 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. október 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 7. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, 16. desember 2019, orðið fyrir slysi við snjómokstur við heimili sitt, en hann hafi fengið hnykk á hálsinn er hann rann til við mokstur við erfiðar aðstæður. Í málskoti er þá að finna töluverða umfjöllun um slys M svo og eftirfarandi sjúkrasögu, en í upphafi hafi ekki verið ljóst að einkenni þau sem M fann fyrir væri að rekja til umrædds slyss. M hafi tilkynnt V um slysið hinn 18. janúar 2020 og hafi hann að endingu fengið það svar frá V að um bótaskyldt slys væri að ræða og hafi M fengið greiddar bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni. Í framhaldinu hafi farið fram mat á afleiðingum slyssins. Hafi matsmaður verið fjandsamlegur á matsfundi og klifað á því að engar samtímaheimildir um slysið hafi legið fyrir. M hafi þá bent á að í tjónstilkynningu hans til V hefði atvikum verið lýst svo og það að V hafi þegar fallist á bótaskyldu. Allt að einu hafi niðurstaða matsins verið sú að engin gögn hafi komið heim og saman við lýsingu M á slysinu og hafi matsmaður því ekki talið að orsakasamband væri til staðar. M hafi verið ósáttur við þá niðurstöðu og hafnað matsgerðinni með tölvupósti dags. 31. desember 2021, enda hafi matsmanni aðeins verið falið læknisfræðilegt mat á afleiðingum sem hafi sannarlega verið varanlegar en ekki að meta sönnunargildi framburðar hans. Hafi M þá óskað þess að matsmaður tæki matið til skoðunar að nýju. Það hafi hann gert og í greinargerð vegna þeirrar skoðunar sé niðurstaðan sú að „minni líkur en meiri“ séu til þess að áverki við snjómokstur hafi valdið þeim miklu einkennum sem lýst sé í sjúkragögnum. M bendir á að samkvæmt þessu sé niðurstaða matsmanns sú að allt að helmingslíkur séu á því að orsakatengsl séu til staðar, svo og það að matsmaður hirði enn ekki um að svara þeim matsspurningum sem fram komi í matsbeiðni.

Er þess krafist að úrskurðað verði um bótaskyldu V, enda hafi félagið viðurkennt hana í orði og í verki með því að greiða bætur vegna tímabundins tjóns. Félagið geti ekki skotið sér undan bótaskyldu þegar í ljós komi að um varanlegar afleiðingar sé að ræða. Þá er farið fram á úrskurð um að V sé skyldt að greiða kostnað af matsgerð þar sem óvilhallur matsmaður svari þeim spurningum sem hafi ekki verið hirt um að svara í fyrra mati.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að ósannað sé að fall við snjómokstur hafi leitt til þeirra einkenna sem M reki til slyss í desember 2019. Í samtímagögnum úr bráðamóttökuskra sé ekki getið um slys heldur séu einkenni rakin til bekkpressulyftinga M. Það sé fyrst í febrúar 2021 sem fram komi í læknisfræðilegum gögnum að einkenni M séu rakin til slyss. Niðurstaða matsgerðar dags. 1. nóvember 2021 hafi þá verið sú að læknisfræðileg gögn styddu ekki við lýsingu M á slysi og væru orsakatengsl því ekki til staðar. M hafi í kjölfarið verið bent á að hann ætti þess kost að afla annars mats á eigin kostnað en það hafi hann ekki gert. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé bótaskylda því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er rakið að fyrst hafi verið talið að einkenni hans stöfuðu frá öxl og hafi athygli heilbrigðisstarfsfólks því beinst að því hvers kyns atvik hefði valdið þeim. Hafi þá verið talið að um tognun í öxl við bekkpressulyftingar, en M hafi farið í líkamsrækt eftir slysið, hafi verið að ræða. Hafi M þá greint heilbrigðisstarfsmanni frá slysinu hinn 19. desember 2019 en þá hafi fyrst verið dregið í efa að um tognun væri að ræða. Fljótlega hafi svo komið í ljós að um var að ræða brjós-klos í hálsi. M hafi þá aðeins orðið fyrir einu slysi umræddan dag, þ.e. við snjómoksturinn, þó einkenni hafi ágerst mjög við lyftingar síðar um daginn. Áréttar M þá kröfur sínar og þá afstöðu að V hafi þegar fallist á bótaskyldu sem slíka og að hún taki einnig til varanlegra afleiðinga sem vissulega séu til staðar.

Álit.

Af framangreindu má ráða að ágreiningur aðila hverfist um það hvort orsakatengsl séu milli slyss M og þeirra varanlegra einkenna sem hann rekur til þess. M vísar m.a. til þess að V hafi, með tölvupósti dags. 12. júlí 2021, viðurkennt bótaskyldu vegna tjónsins. Þrátt fyrir að slík viðurkenning liggi fyrir, þ.e. að

um bótaskyld atvik sé að ræða, er eftir sem áður þörf á að meta umfang þess tjóns sem rakið verður til slíks atviks. Í þeim tilgangi var óskað mats á afleiðingum slyssins, og var þess óskað að matmaður svaraði nánar tilgreindum spurningum þar að lútandi. Var m.a. spurt að því hver tímabundinn missir starfsorku væri, og hvort hann stafaði að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, svo og að því hver varanleg örorka væri og hvort önnur slys eða fyrri sjúkdómseinkenni ættu þátt í varanlegri örorku. Var matsmanni því með öðrum orðum falið að meta umfang tjóns M og hvort tjón hans væri að rekja til slyssins eða annarra orsaka. Fyrirliggjandi er matgerð dags. 1. nóvember 2021. Kemur þar fram að matsmaður telji orsakasamband milli einkenna M og umrædds slyss ekki fyrir hendi og sé því ekki um að ræða varanlegt tjón vegna slyssins. Í síðari skýrslu matsmanns, dags. 20. maí 2022, sem ber heitið „orsakasamband/samtímaheimildir og frásagnir“ er að finna samantekt upplýsinga úr sjúkraskrá og samantekna niðurstöðu matsmanns. Kemur þar fram að frásögnum um slys eða áverka beri ekki saman, upphafsfrásagnir séu á þá leið að einkenni virðist hafa komið fyrst fram við líkamsrækt. Síðar komi fram frásögn um hnykkáverka. Þegar um sé að ræða brjós-klos sem verði í slysi eða við hnykkáverka verði að teljast verulega líklegast að einkenni komi fram strax, hnykkur sé það mikill að einstaklingur eða sjúklingur segi frá. Telji matsmaður líklegra að brjós-klos hafi komið fram við líkamsrækt og séu áhöld um hvort um sé að ræða sjúkdóm eða slys. Niðurstaða matsmanns er sú að minni líkur en meiri séu á því að áverkki við snjó-mokstur valdi einkennum M.

Það hvílir á tjónþola að sýna fram á tjón sitt og orsakatengsl milli bótaskylds atviks og þess tjóns sem tjónþoli telur að rakið verði til þess. Í öllu falli þarf að vera sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að orsakatengsl séu til staðar. Niðurstaða fyrirliggjandi matsgerðar, en M hefur ekki sýnt fram á ágalla á matinu þannig að leiða eigi til þess að það verði virt að vettugi, er sú að ekki sé nægilega sýnt fram á slík orsakatengsl. Hafa nefndarmenn þá ekki forsendur til annars en að byggja á fyrirliggjandi mati, en bent skal á að M getur óskað annars mats, á eigin kostnað, og mun V hafa veitt honum leiðbeiningar þar að lútandi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 354/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 2. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 28. júní 2021 hafi M lent í umferðarslysi á motorcrossbraut á Selfossi. M hafi ekið bifhjólínu A og lent í leðju á brautinni með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu. Hafi hann orðið fyrir meiðslum við slysið og leitað á bráðamóttöku þar sem hann hafi verið greindur með áverka á fingri og grunur hafi verið um ótilfært brot. M hafi þá leitað á heilsugæslu hinn 19. október 2021 vegna stífleika og óþæginda í fingrinum. Enn hafi hann leitað á heilsugæslu 20. desember 2022 en þá hafi ástand fingursins verið óbreytt frá síðustu læknisheimsókn. M telur ljóst að slysið hafi leitt til varanlegra afleiðinga og megi ráða af læknisfræðilegum gögnum að hann sé ekki með sömu hreyfigetu og styrk í fingrinum og áður og finni fyrir stífleika þegar kalt sé í veðri. Fyrir liggi að M hafi ekki áður orðið fyrir áverka á fingrinum og því ljóst að einkenni hans verði rakin til umrædds slyss.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 31. október 2022, á grundvelli þess að ekki sé sýnt fram á varanlegar afleiðingar umrædds slyss. Segir þá að afar takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir um slysið sem slíkt og hafi tjónstilkynning vegna þess verið undirrituð tæpu ári eftir að það atvikaðist. Sé slysdagur þá á reiki, en af sjúkragögnum megi ráða að hann hafi verið 27. júní en ekki 28. M hafi þannig leitað á bráðamóttöku hinn 28. júní 2021 og sagst hafa dottið af krossara daginn áður. Eftir þá komu hafi M ekki leitað til læknis fyrr en fjórum mánuðum síðar, eða hinn 19. október 2021. Komi fram í sjúkragögnum að þá hafi ekki vantað mikið upp á hreyfigetu og hafi M átt að gera liðkandi og styrkjandi æfingar, en ekki liggi fyrir hvort hann hafi sinnt því. Samkvæmt sjúkraskrá hafi M þá ekki haft áhuga á að gangast undir aðgerð á fingrinum. Þá hafi M leitað til læknis eftir að afstaða V lá fyrir, eða hinn 20. desember 2022. Engin gögn liggi fyrir um það hvort M hafi leitað frekari lækniástoðar vegna afleiðinga slyssins, og séu komur hans til læknis að töluverðu leyti komnar til vegna kröfugerðar M gagnvart V. Þá hafi hann ekki óskað mats á meintum afleiðingum og liggi því ekki fyrir matsgerð þar sem afstaða sé tekið til varanlegra afleiðinga slyssins á heilsufar hans. Verði M að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varði enda hvíli það á honum sem tjónþola að sanna tjón sitt og orsakatengsl þess við bótaskyldan atburð.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur, sbr. bréf þess til M dags. 31. október 2022, fallist á bótaskyldu vegna tímabundinna einkenna M. Er því ekki deilt um atvikið sem slíkt heldur aðeins hvort sýnt sé fram á að það hafi haft í för með sér varanlegar afleiðingar á heilsufar M. Niðurstaða myndrannsóknar sem framkvæmd var hinn 28. júní 2021 er sú að grunur sé um „ótilfært brot volart í basis á mjókjúku. Brotaflaskinn sést einungis á hliðarmynd og er um 2-3 mm.“ Var M þá ráðlagt að hlífa fingrinum meðan óþægindi væru til staðar. Hinn 19. október 2021 leitaði M á heilsugæslu vegna stífleika í fingrinum og má jafnframt ráða af færslu í sjúkraskrá að hreyfigeta í fingrinum hafi þá verið skert. Var honum þá ráðlagt að gera liðkandi og styrkjandi æfingar og gefa „þessu 4-6 mánuði“. Virðist því ekki endilega hafa verið gert ráð fyrir tíðum komum til læknis í bataferlinu. M leitaði þá til læknis hinn 20. desember 2022 og lýsti þá aukinni þreytu í fingrinum og minnkuðum gripstyrk. Samkvæmt vottorði heimilislæknis dags. 13. apríl 2023, var ástand M þá nokkuð óbreytt frá fyrri komu. Þá kom M til skoðunar hjá lækni hinn 3. febrúar 2023 og var mat læknis þá að hreyfigeta í fingrinum væri að einhverju leyti skert og að ástand M mundi lítið lagast úr þessu. Af framangreindu má ráða að vel kunni að vera að afleiðingar slyssins séu varanlegar. Hins vegar verður að líta til þess að ekki liggur fyrir matsgerð sérfróðs og óvilhalls aðila á einkennum M, orsakatengslum og umfangi mögulegra afleiðinga.

Fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn verður að skoða í því ljósi að sumpart er aðeins um lýsingar M sjálfs að ræða, t.a.m. hvað varðar kraftminnkun í fingrinum en ekki liggur fyrir sérstakt mat eða mæling á þeim þætti, og ítarlegar rannsóknir á einkennum M og orsakatengslum við umrætt slys hafa ekki farið fram af hálfu sérfræðilæknis, en M ekkert liggur t.a.m. fyrir um að M hafi leitað til sérfræðilæknis, s.s. handarskurðlæknis. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar enda hvílir það á honum sem tjónþola að sýna fram á orsakatengsl og umfang tjóns síns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna varanlegs líkamstjóns.

Reykjavík, 5. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 356/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V2, dags. 18. október 2023.
3. Bréf V1, dags. 31. október 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á við Klettatröð í Reykjanesbæ þann 24. ágúst 2023. M sem er eigandi A ók bifreið sinni aftur á bak úr bifreiðastæði við Klettatröð 3 þegar bifreiðinni B var ekið inn í hægri afturhlið bifreiðar hans. Kastaðist bifreið M við það á aðra bifreið. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 383/23 að M sem ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M er ósáttur við þá niðurstöðu þar sem hann telur að bifreiðinni B hafi verið ekið alltof hratt miðað við aðstæður umrætt sinn. M hafi varla verið kominn út úr bifreiðastæðinu þegar atvikið átti sér stað og var það ómögulegt fyrir hann að sjá B þar sem önnur bifreið var lögð fyrir hann. Vísar M til fyrirbyggjandi myndbandsupptöku til stuðnings þess að hraði B hafi verið langt yfir 50 km/klst.

V1 skilar ekki inn athugasemdom. V2 telur að ljóst að bifreiðinni A hafi verið ekið aftur á bak í veg fyrir bifreiðina B sem var ekið eftir Klettatröð. V2 telur að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum og vísar til 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þannig bar M sem ökumanni A að gæta sérstaklega að annarri umferð áður en hann ók aftur á bak úr stöðureit og jafnframt veita allri umferð um Klettatröð forgang sbr. 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem segir að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bifreiðastöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Fyrirliggjandi myndbandsupptaka af árekstri þykir að mati nefndarinnar ekki sýna fram á of hraðan akstur ökumanns B. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, er það álit nefndarinnar að M sem ökumaður bifreiðarinnar A verði að bera alla sök á árekstrinum en með háttsemi sinni braut hann gegn 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 5. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 357/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ekið hafi verið aftan á bifreið M í tveimur aðskildum umferðaróhöppum, annars vegar þann 20. desember 2021 og svo hins vegar 22. mars 2022. M tilkynnti líkamstjón sitt til V sem hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðanna A og B með tölvupósti dags. 6. október 2022. Byggði V höfnun sína á því að heilsutjón gæti ekki hafa hlotist með vísan til hraða- og höggkraftsútreiknings, svokallaðs PC-crash útreiknings.

M telur sig hafa orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna atvikanna. M hafi leitað til læknis mjög skömmu eftir tjónsatburðina og ítrekað eftir það ásamt því að stunda sjúkraþjálfun, taka lyf og fara í segulómanir og fleiri meðferðir. M hafi lagt fram ýmiss gögn ásamt matsgerð til sönnunar því að heilsutjón hafi hlotist við árekstrana. Því hafi V ekki hnekkkt. Matsgerðin staðfesti að M hafi tognað í hálsi, baki og hægri öxl í umferðarslysunum. Fyrri einkenni frá hálsi og baki hafi ýfst upp, einkum frá brjósthrygg. Vegna þessa hafi M verið metinn til 5 stiga varanlegs miska og 5% varanlegrar örorku vegna fyrra slyssins og 13 stiga varanlegs miska og 20% varanlegrar örorku vegna seinna slyssins. V hafi aflað einhliða PC-crash skýrslna sem M hafnar alfarið að leggja eigi til grundvallar bótaskyldu í málinu, enda taki slíkar skýrslur ekki til þess hverjar afleiðingar slysanna eru. M hafi hins vegar aflað sönnunar um afleiðingar slysanna með matsgerð.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr báðum tryggingum með vísan til þess að orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra varanlegu líkamsáverka sem M rekur til óhappsins séu ósönnuð. Gögn málsins beri með sér að um tvo lágorkuárekstra hafi verið að ræða. Af myndum af ökutækjunum að dæma var ákoma í báðum tilvikum mjög lítil. Kraftur í umræddum tjónsatburðum hafi ekki verið nægur til að valda skaða á líkama M. PC-crash skýrslnanna hafi ekki verið aflað einhliða enda var lögmanni M gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri vegna útreikningsins. Nýtti lögmaður M sér ekki þann kost. M eigi samkvæmt gögnum málsins sögu um þrjú fyrri umferðarslys hérlendis þar sem hann hefur verið metinn samtals til 17 miskastiga og 12% varanlegrar örorku. V var ekki upplýst um matið og hafði enga aðkomu að því. Hafði V því ekki tækifæri til að koma að athugasemdum og gögnum eða að mæta á matsfund til að gæta hagsmuna sinna. Í framhaldi af höfnun V hafi M aflað einhliða matsgerðar, dags. 4. september 2023. Hvorki hafi höfnunarbréf V fylgt matsbeiðninni né PC-crash skýrslur sem V aflaði. Þá eru fyrri matsgerðir M ekki taldar upp á meðal fylgigagna með matsbeiðni en M hefur þrívægis áður verið metinn til örorku í kjölfar umferðarslysa. Þá liggja fyrir takmörkuð sjúkragögn, bæði varðar meintar afleiðingar eftir slysin tvö og sérstaklega hvað varðar fyrra heilsufar M. Ekki liggur fyrir skýrsla sjúkraþjálfara.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því alfarið að hann hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings því að hann hafi orðið fyrir heilsutjóni í umferðarslysunum. Þvert á móti hafi M lagt fram ítarleg gögn, þ.á.m. þrjú læknisvottorð og matsgerð byggða á þeim vottorðum. M hafi upplýst um fyrra heilsufar sitt og hafi matsmaður tekið tillit til þess í niðurstöðu sinni að M hafi lent í slysum áður. Taldi matsmaður að skilyrðum orsakatengsla sé fullnægt. M hafi verið að reyna að halda kostnaði við málið í lágmarki og því ekki kallað eftir skýrslu sjúkraþjálfara. Eina leið M til að sýna fram á heilsutjón sitt hafi verið að fá matsmann til að meta afleiðingarnar. Í tölvupósti M til V dags. 7. júní 2023 var því lýst af hálfu M að ef V vilji ekki standa að örorkumati þá myndi M afla einhliða matsgerðar. Tölvupóstur þessi var ítrekaður 18. júlí 2023. Engin viðbrögð hafi komið frá V. Hafnar M því jafnframt að hann hafi átt að afla mats tveggja matsmanna. Það komi hvergi fram í skaðabótalögum nr. 50/1993 að tvo

matsmenn þurfi til að meta varanlegt heilsutjón. M hafnar því að hann hafi átt þess kost að koma að athugasemdum vegna PC-crash útreiknings. Hann hafi ekki haft neinar forsendur til að koma að athugasemdum. Ítrekar M að hann hafi aflað ítarlegra gagna, bæði læknisvottorða og matsgerðar sem sýnir fram á orsakatengsl milli tjónsatvikanna og varanlegra afleiðinga þeirra.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstra þann 20. desember 2021 og 22. mars 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrunum. Af skýrslum um hraðaútreikning dags. 26. september 2022 og 27. september 2022, sem V aflaði, má ráða að báðir árekstrar hafi verið vægir. Myndir af tjóni á bifreiðum þeim sem M var í er árekstrar áttu sér stað benda einnig til þess að lítið högg hafi komið á bifreiðar M. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstrana. Slíkt mat einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Bæði læknisvottorð og matsgerðir teljast til læknisfræðilegra gagna sem skipta meginmáli þegar kemur að sönnun orsakatengsla í líkamstjónum. Í málinu liggja fyrir læknisvottorð og læknafréttir sem fjalla um afleiðingar umferðarslysanna og fyrra heilsufar M. Ljóst er af þeim læknisfræðilegu gögnum að M bjó við fjölpætt líkamleg og andleg einkenni fyrir umferðarslysin og að M hafi áður lent í umferðarslysum sem hafa skilið eftir sig varanleg einkenni. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna óskaði lögmaður M eftir því að matslæknirinn X tæki að sér að meta varanlegar afleiðingar umferðarslysanna. Í matsgerð hans dags. 4. september 2023 er að finna stutta umfjöllun um fyrra heilsufar M og er þar vísað til þiggja fyrri umferðarslysa M og afleiðinga þeirra sem samtals hafa verið metin til 17 stiga miska og 10% varanlegrar örorku. Fyrri matsgerðir eru ekki taldar upp á gagnalista og hafa þær ekki heldur verið lagðar fram í máli þessu. Er þannig ekki hægt að sannreyna þær upplýsingar sem fram koma í matsgerðinni um fyrra heilsufar M. Í bréfi M til nefndarinnar kemur fram að M hafi sjálfur upplýst um fyrra heilsufar sitt auk þess sem upplýsingar þar að lútandi komi fram í læknisvottorði dags. 01.02.2023. Í því vottorði er ekki að finna umfjöllun um niðurstöður fyrri matsgerða. Þá var matsmaður ekki upplýstur um höfnun V á bótaskyldu né var PC-crash skýrsla dags. 26. september 2022 meðal matsgagna. Verður að telja að matsgerðir vegna fyrri umferðarslysa M og útreikningur á höggkrafti séu mikilvæg gögn þegar kemur að mati á orsakatengslum milli umferðarslyss og líkamlegra einkenna. Þá verður ekki heldur framhjá því lítið að M aflaði umræddrar matsgerðar einhliða og án allrar aðkomu eða vitneskju V. Samkvæmt framansögðu, er það afstaða nefndarinnar að til staðar sé slíkur annmarki á fyrirliggjandi einhliða matsgerð, að telja verður að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstranna þann 20. desember 2021 og 22. mars 2022 og þeirra líkamlegra einkenna sem M býr við í dag og rekur til slysanna. M ber hallan af sönnunarskorti hvað það varðar og ber því að hafna kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðanna A og B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingum bifreiðanna A og B hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 358/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. nóvember 2023, ásamt lögregluskýrslu.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. nóvember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. desember 2023, ásamt áhættumati og myndbandsupptöku.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu rann M í hálku þann 8. febrúar 2023 er hann var við störf í frystihúsi á vegum vinnuveitanda síns, X og hlaut við það áverka á hægri ökkla og hné. Í skýrslunni kemur fram að gríðarlega mikil hálka var á vettvangi. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hafði M ekki borist neitt svar frá V við kröfu sinni og vísaði því málinu til úrskurðarnefndar. Krafa M er að viðurkennd verði skadabótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfu sína á því að slys hans sé að rekja til skadabótaskylds vanbúnaðar á fyrrum vinnustað M. Sá vanbúnaður er að mati M, hættuleg ísing sem varð til þess að M féll aftur fyrir sig, léleg verkstjórn þar sem yfirmenn hafi ekki gengið úr skugga um, að hálkuvörnum væri sinnt með forsvaranlegum hætti auk þess sem gólfefni sem notuð voru á vinnustað M hafi ekki hentað þeirri starfsemi sem þar var starfrækt og hafi gólfin verið mun sleipari, en almennt megi búast við. Vísar M til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna setta á grundvelli þeirra laga, máli sínu til stuðnings. Vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á þeim tíma sem slysið varð, líkt og skylda er til skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Verði því að leggja frásögn M til grundvallar við úrlausn þessa máls, og þá einkum um þau atvik sem snemmbær rannsókn Vinnueftirlitsins hefði leitt í ljós. Beinir M nokkrum áskorunum að V. Þar á meðal er að leggja fram myndbandsupptökur af slysi M og upplýsingar um hvort áhættumat hafi verið framkvæmt vegna þeirra verka sem M hafi starfað við.

V hefur ákveðið að hafna málatilbúnaði M og þar með bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Vísar V til þess að frystikælir sá sem slysið átti sér stað í sé gríðarlega stór og þar fari fram starfsemi allan sólarhringinn. Unnið sé á dagvakt og næturvakt og sé húsnæðið nýtt til móttöku og afhendingar á ferskum fiski. Eðli málsins samkvæmt er bleyta og slabb fylgifyskur starfseminnar. Gólfið er steipt og í steypuna er sett íblöndunarefni til að auka þéttleika hennar og styrkja yfirborð gólfsins. Breyting á gólfinu hafi verið unnin af verkfræðistofu með framangreinda starfsemi í huga. Mótmælir X því að gólfefnið hafi ekki hentað miðað við aðstæður. Ekki hafi borist athugasemdir um að gólfið væri hált starfsmönnum sem vinna störf á gólfi. Salt sé aðgengilegt og vel sýnilegt öllum þeim sem þar eru við störf, bæði úti og inni. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að þeir sem vinna á gólfi salta þegar þörf er á og enginn einn ábyrgur fyrir söltun á ákveðnum tíma þar sem þarna fer fram starfsemi allan sólarhringinn, vinnusvæðið stórt og í tveimur kælum. Starf M fólst m.a. í þrífum, skráningu og öðrum tilfallandi störfum, þar á meðal að salta vinnusvæðið eftir þörfum. Farið var yfir með M hvaða hættur væru til staðar þegar hann réði sig í vinnu hjá X. Vinnueftirliti og lögreglu var tilkynnt um slysið samdægurs og kom lögregla á staðinn. Telur M að enginn sönnunarfafi sé til staðar sem skýra beri M í hag. Atvik liggi fyrir. Slysið náðist á eftirlitsmyndavélar á vinnustaðnum og af því sést að M hafi farið rólega að halla aftur á bak, eins og hann sé mögulega að fá aðsvif eða hafi dottað. Þegar hann reyni að fá jafnvægi, setji hann hægri fótinn aftur en ekki vill betur til en að hann missir fótanna og fellur í gólfið.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M áskorun sína til V um að leggja fram myndbandsupptöku af slysinu og ítrekar að slysið hafi verið tilkynnt of seint til Vinnueftirlitsins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu, en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. V hefur lagt fram myndbandsupptöku af umræddu atviki. Á upptökunni má að mati nefndarinnar sjá M stíga eitt skref aftur og við það rennur fremri fótur hans í hálku og hann

fellur við það aftur á bak. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins af hálfu X. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglu auk fyrrnefndrar myndbandsupptöku og teljast málsatvik því nægjanlega upplýst og skiptir því ekki máli fyrir sönnunarfærsluna að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu tímanlega í samræmi við áskilnað 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Óumdeilt er því m.v. myndbandsupptöku og upplýsingum í lögregluskýrslu að mikil hálfka var á vettvangi er slysið átti sér stað og að slysið megi rekja til þeirrar hálfku. M var í öryggisskóm sem hann fékk hjá X til að nota við störf sín. Hefur V lagt fram myndir af stórum körum með salti sem staðsett eru við innkeyrsluhurðir kælisins og aðgengileg öllum starfsmönnum. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um önnur slys á sama vinnusvæði en óhjákvæmilega fylgir mikil bleyta vinnusvæði þar sem unnið er allan sólarhringinn í kæliklefa við að flytja ferskan fisk til og frá svæðinu. Fram kemur í upplýsingum frá V að M hafi meðal annars haft það hlutverk að hálfkuverja gólfið eftir þörfum. Hefur M ekki sýnt fram á að aðrir starfsmenn X hafi haft þær skyldur að hálfkuverja vinnusvæði hans áður en hann mætti á vakt né að gólfefnið hafi ekki hentað þeirri starfsemi sem þar var starfrækt. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 359/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. október 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 1. nóvember 2023, ásamt skýrslu X dags. 11. janúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist á leið til vinnu sinnar hjá X hinn 18. október 2021. Aðdraganda slyssins er þannig lýst í málskotinu að M hafi verið á leið inn í húsnæði X um starfsmannainngang þegar sterk vindhviða skellti þungri hurð sem hann gekk um á fingur hans. Samstarfsmaður M hafi gengið á undan honum sem opnað hafi hurðina upp á gátt og M hafi síðan ætlað að grípa hurðina og opna hana meira þegar fingur hans lentu milli hurðar og hurðarkarms. Í tjónstilkynningu M til V dags. 8. febrúar 2022 kemur fram að M gekk á eftir öðrum starfsmanni að starfsmannainngangi þegar sá starfsmaður opnaði hurð mjög mikið í roki og M hefði síðan ætlað að grípa hurðina en hún hafi fokið og klemmt á honum höndina. Svipuð lýsing kemur fram í sameiginlegri tjónstilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands frá því í desember 2021. Í gögnum málsins kemur einnig fram frásögn fyrrum samstarfsmanns M sem kveðst hafa unnið hjá X í fjögur ár og vitað til þess að fleiri atvik hafi komið upp þar sem þung hurð inn í starfsmannainngang hafi leitt til meiðsla hjá fleiri starfsmönnum og stuttu eftir slys M hafi hurðarbúnaður verið lagaður.

M telur að slys hans megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað hans hjá X. Aðstæður hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nánar til tekið 13. og 42. gr. sem og 4. og 6. mgr. í gr. 12.3.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 þar sem komi fram að almennt skuli gengið þannig frá hurðum að ekki skapist hætta við notkun þeirra sem og að inngangshurðir sem staðsettar séu áveðurs skuli hafa dempara eða annan fullnægjandi búnað til að koma í veg fyrir slyshættu af því að hurð skellist. M vísar til þess að mikið rok geti verið við starfsmannainngang X og hafi því hvílt sérstök skylda á X að gera betri ráðstafanir en gerðar höfðu verið. Einnig vísar M til þess að í atvikaskráningu X hafi komið fram að skipta hafi átt um hurðarpumpu eftir atvikið sem og er vísað til frásagnar fyrrum starfsmanns X af aðstæðum sem lýst er sem hættulegum. M vísar til þess að rík ábyrgð hvíli á eigendum fasteigna og auðvelt hefði verið fyrir X að gera frekari ráðstafanir til að draga úr slyshættu, enda hafi slíkt verið gert eftir slysið. Einnig bendir M á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 5369/2020 máli sínu til stuðnings. M telur að pumpa á hurð hafi ekki virkað og þær óforsvaranlegu aðstæður séu á ábyrgð X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu og vísar til þess að hurðarpumpa hafi verið í góðu lagi á slysdegi og þjónað tilgangi sínum. Ekki hafi skipt um hurðarpumpu fyrr en nokkru eftir slys M og hafi það ekki verið í tengslum við það slys heldur við almennt viðhald á fasteign X. V telur að ekki sé hægt að rekja slys M til vanbúnaðar á hurð eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. V vísar til þess að M hafi gripið um hurðarfleka til að opna hurð en ekki handfang sem hægara hefði verið að grípa um m.v. aðstæður þar sem hafi verið nokkur vindur. Einnig vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 316/2018 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 30. október 2023 kemur fram að M hafni því sem röngu að skipt hafi verið um hurðarpumpu löngu eftir slysið og vísar til framburðar fyrrum samstarfskonu M um að það hafi verið stuttu eftir slys M. Einnig mótmælir M því að sömu aðstæður séu uppi í þessu máli og í máli nefndarinnar nr. 316/2018 sem V vísi til. M vísar til að sérstök hætta hafi verið af hurð á fasteign X vegna veðuraðstæðna og því sérstaklega brýnt að hafa þar virka og öfluga pumpu. Einnig vitnar M til bréfs sömu samstarfskonu hvað varðar aðstæður þegar mjög mikill vindur hafi verið, þá hafi verið nær

ómögulegt að opna hurðina og þegar það hafi loks tekist hafi hurðin skolið aftur með gríðarlegum krafti og umræða hafi verið um þetta milli starfsmanna X .

Í tölvupósti V dags. 1. nóvember 2023 kemur fram að félagið geri ekki frekari athugasemdir vegna málsins, en sendir skýrslu X um slys M dags. 11. janúar 2022.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins virðist óumdeilt hvar slys M varð, veður hafi verið vont og að hurð hafi skellst á fingur M eftir að hann reyndi að halda hurðinni opinni eftir að samstarfskona hans gekk um hurðina á undan honum.

Ekki kemur skýrt fram í gögnum málsins að hurðarpumpa sem á hurð starfsmannainngangsins var hafi verið ótengd eða með einhverjum hætti vanbúin. Ágreiningur er um hvort skipt hafi verið um hurðarpumpu á þessum stað strax eða nokkru eftir slys M. Frásögn fyrrum samstarfskonu M um það var einhliða aflað af M og verður ekki lögð til grundvallar sem ótvírætt sönnunargagn um virkni hurðarpumpunnar á slysdagi. Ekki verður heldur hægt að leggja til grundvallar af þeirri frásögn einni að ófullnægjandi búnaður hafi verið á hurðinni m.v. aðstæður eða að sérstök slyshætta hafi verið þekkt við þessa hurð. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að samstarfskona sú sem gekk á undan M í greint sinn hafi sýnt gáleysi. Verður slys M fyrst og fremst rakið til veðuraðstæðna og óhappatilviks. Hallann af sönnunarskortum um vanbúnað hurðar eða hurðarpumpu ber M samkvæmt almennum sönnunarreglum og hefur ekki tekist að sýna fram á skaðabótaábyrgð X og þannig ekki greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. nóvember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 360/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Veitur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa orðið fyrir í kjölfar þess að vatnslagnir X brustu í september 2022 við Jöfurbás í Gufunesi, en munir X voru þá staðsettir í kjallara húseignar við þá götu. Einnig telur M að tjón hafi orðið á húseign sem og annað fjártjón vegna vatnselgs sem ekki hafi verið stöðvaður fyrr en um þremur dögum eftir að tilkynnt var um hann til X. Af gögnum málsins verður ráðið að vatn hafi farið inn kjallara ofangreindrar húseignar en einnig hafi vatnspollur myndast við lóð húseignarinnar.

M bendir á í málskoti að starfsmenn M hafi tilkynnt um vatn í kjallara húseignarinnar hinn 15. september 2022 og tilkynnt um það til X sem ekki hafi gert þær ráðstafanir að loka ekki umsvifalaust fyrir vatn á meðan ráðið væri fram úr orsök þess að vatns streymdi. M lýsir atvikum þannig að vatn hafi þrátt fyrir yfirlýsingar X um úrbætur streymt áfram daginn eftir og þá hafi verið gerð sýrumæling á vatni af hálfu X sem hafi talið á grundvelli hennar að vatn stafaði ekki frá vatnslögnum X og þannig hafi X ekki gert frekari ráðstafanir. M kveðst hafa sett upp öflugar dælur í húsnaðinu og kallað til slökkvilið án árangurs og eftir að verða þrjá sólarhringa eftir ítrekaðar tilkynningar M til X hafi komið í ljós að vatnslögn X hafi farið í sundur og viðeigandi viðgerðir voru gerðar. M bendir á að X hafi haldið eftir gögnum og að V hafi neitað að afhenda gögn sem afstaða V byggði á til þess að meta hvort viðbrögð starfsmanna X hafi verið forsvaranleg í greint sinn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á munum sínum, annars vegar vegna óviðunandi ástands lagna X og hafi X vanrækt viðhaldsskyldu sína á þeim lögnum. Með því að neita að afhenda gögn um ástand lagnarinnar beri X sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni að starfsmenn X hafi ekki gert neitt rangt. Hins vegar byggir M á því að viðbrögð starfsmanna X við vatnsleka hafi verið röng og hafi skapað stjórnlaust ástand. Þegar loks hafi komið í ljós að vatn lak frá skemmdum lögnum X hafi verulegum hluta þeirra verið skipt út og nýjum lokum komið fyrir og sýni það að ástand lagna var óviðunandi og viðhaldspörf hafi verið brýn. Í öllu falli hafi verið ástæða til að yfirfara allar lagnir í nágrenni húseignarinnar sem flæddi inn í strax í upphafi og ganga úr skugga um að leki hefði verið stöðvaður auk þess sem skorað er á X að leggja fram tímasettar upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar voru. M telur tjón sitt óumdeilt, skemmdir hafi verið á brunalögum sem þurft hafi að skipa út og kostnaður hafi hlotist af því að hafa heimil á vatnseig, auk þess sem verulegar líkur séu á að jarðvegur undir botnplötu hafi sigið með þeim afleiðingum að lagnakerfi undir henni hafi genguð úr skorðum með tilheyrandi tjóni. Einnig hafi M orðið fyrir tjóni vegna lögmannskostnaðar sem hafi hlotist af því að gæta hagsmuna sinna.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að þegar varð vart við vatn í kjallara húseignar við Jöfurbás í Gufunesi hinn 9. september 2022 hafi starfsmenn X gert viðeigandi ráðstafanir með því að framkvæma leiðnimælingu á vatni í kjallara og niðurstöður hennar hafi bent til þess um væri að ræða jarðvatn eða fráveituvatn og eftir athugun á fráveitukerfum hafi verið hægt að útiloka leka frá þeim. Þannig hafi starfsmenn X talið að um væri að ræða jarðvatn enda hafi veruleg úrkoma verið á þessum tíma. Nokkrum dögum seinna hafi síðan fundist leki á dreifiað í 120 metra fjarlægð, út á óbyggðu svæði í mýri og hafi sú staðsetning sem og mikil úrkoma gert það að verkum að starfsmenn X hafi ekki fundið lekann strax. Um leið og lekinn hafi uppgötvast hafi hins vegar verið gerðar ráðstafanir til að stöðva hann.

V bendir á að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verður vegna leka úr lögnum X heldur sé möguleg skaðabótaábyrgð eingöngu á grundvelli skaðabótareglna sem byggja á sök og beri M sönnunarbyrði um

að slík skilyrði séu uppfyllt. V telur ekki sannað að starfsmenn X hafi gert mistök eða sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns fyrir M. V bendir á að starfsmenn X hafi ekki vitað af sprungu í lögn sem olli leka í greint sinn og ósannað er að X hafi vanrækt viðhaldsskyldu sína. Leki hafi komið upp í lögn frá árinu 1984 og sé líftími slíkra lagna 50-100 ár. Einungis ein bilun hafi verið skráð áður í lögninni og hafi það verið á árinu 2018 og mat á ástandi lagnarinnar við viðgerð vegna þeirrar bilunar hafi verið að hún væri í viðunandi ástand. Eftir lekann í september 2022 hafi hins vegar verið tekin ákvörðun um að endurnýja lögnina og gera ráðstafanir til að tengja notendur með öðrum hætti á meðan. V telur að viðhald lagnar hafi verið í samræmi við almennar verklagsreglur X og viðhaldsáætlun X. Einnig telur V að ekki hafi verið næg ástæða til þess að loka fyrir vatnsaðstreymi strax þar sem það hafi ekki fundist leki á lögn, sem og hafi slík lokun áhrif á fleiri notendur vegna neysluvatns og brunavarna. V telur því að starfsmenn X hafi viðhaft viðurkennt verklag við viðbrögð við vatnsleka í september 2022. Auk þess vísar V til þess að tjón M hafi þegar hlotist af vatni þegar vart varð við vatnslekann og verði það ekki rakið til viðbragða X eftir það heldur hafi það þegar orðið.

Í viðbótarathugasemdum M er bent á að V hafi ekki gert nokkra tilraun til að færa sönnur á staðhæfingar sínar og hafi V farið gegn fyrri yfirlýsingum sínum um að gögn yrðu lögð fram ef málið færi fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. tölvupóst V dags. 22. nóvember 2022. Þannig ítrekar M að V beri hallann af því að ekki liggi fyrir sönnunargögn til grundvallar staðhæfingum þess. Bent er á tímasett gögn frá M sem lýsi vel atburðarás. M bendir á til að taka af allan vafa um tímasetningar að leka hafi verið fyrst vart hinn 9. september 2022 og hafi X verið gert viðvart um þann leka strax. Ekki liggi fyrir gögn um hvernig mat starfsmanna X var á niðurstöðum leiðnimælinga á vatni í upphafi, starfsmenn X hafi ekki gengið um svæðið og metið lagnir út frá því þrátt fyrir ályktun um að fráveitukerfi væri í lagi. M telur að leki hafi verið augljós af aðstæðum á vettvangi og tilvísun V til úrkomu sé haldlaus þar sem opinberar upplýsingar um veðurfar sýni að lítil úrkoma hafi verið dagana á undan 9. september 2022 og ekki heldur fram til 15. september sama ár en þá hafi engin úrkoma verið. M gerir einnig athugasemdir við röksemdir V varðandi það að ekki hafi lokað strax fyrir vatnslagnir vegna áhrifa á aðra að það hefði að minnsta kosti verið hægt að gera slíkar ráðstafanir tímabundið til að ráða fram úr því hvar leki var. Einnig vísar M því á bug að tjón hafi þegar orðið þegar vatn streymdi fyrst í kjallara húseignar við Jöfurbás og telur þá afstöðu sýna fálæti X og V. M ítrekar að vegna viðbragða X hafi tjón orðið meira en hefði þurft að verða. Einnig bendir V á að engin gögn liggi fyrir af hálfu X um ástand lagna og staðhæfing um að ástand hafi verið viðunandi árið 2018 sé ekki heldur studd gögnum. Þannig færir sönnunarbyrði á X um ástand lagna.

Í viðbótarathugasemdum V er bent á að veðurfarsyfirlit það sem M leggi fram með viðbótarathugasemdum sínum sé frá september 2023 en ekki september 2022 þannig að það sé ekki hægt að nota það við mat á aðstæðum í september 2022. Hvað framlagningu gagna varðar telur V að ekki gildi sömu reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni eins og myndi gera fyrir dómstólum. Einnig ítrekar V að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verður vegna bilanna á lögnum. Einnig bendir V á að ekki sé sannað að ástand lagnar hafi verið óviðunandi og starfsmönnum X hafi verið það ljóst. Einnig ítrekar V mótmæli sín við því hvers konar tjón sé sannað af hálfu M. Einnig fylgja svör X við spurningum V við meðferð málsins.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem M kveðst hafa orðið fyrir við vatnsleka að því er virðist frá 9. september 2022 þar til vatnsleki var stöðvaður um þremur sólarhringum síðar þegar varð vart við bilun í lögn X um 120 metra frá húseign þeirri sem lak inn í. Einnig benda gögn málsins til þess að vatn hafi myndast í polli fyrir utan húseignina.

Í málinu er ágreiningur um hvort starfsmenn X hafi vitað af aðstæðum sem leiddu til þess að lögn X gaf sig nálægt tjónsstað og hvort viðbrögð starfsmanna X við vatnsleka hafi verið viðunandi eða hvort í þeim hafi falist saknæm háttsemi sem geti leitt til skaðabótaábyrgðar X.

Í því sambandi verður að líta til þess að samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Það þýðir að M ber slíka sönnunarbyrði í þessu máli. M hefur haldið því fram að skorað hafi verið á X og V að leggja fram gögn sem styðji ályktanir þeirra um að rétt hafi verið brugðist við aðstæðum í september 2022 og þar sem slík gögn hafi ekki verið lögð fram færir sönnunarbyrði á X. Þegar litið er til allra gagna málsins og afstöðu aðila er hægt að taka undir það að M hafi ríka hagsmuni af því að hann fái aðgang að þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu hjá V og afstaða V byggist á. Gögn þess eðlis voru send til

nefndarinnar með viðbótarathugasemdum V án skýringa á því hvers vegna þau gögn lágu ekki fyrir. Þetta telst þó ekki geta leitt til þess að sönnunarbyrði verði alfarið snúið við í málinu.

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram önnur gögn sem stafa frá öðrum en M sjálfum um að aðstæður hafi verið með þeim hætti í september 2022 að vinnubrögð starfsmanna X hafi verið þannig að þau hafi falið í sér frávik frá því sem almennar verklagsreglur gerðu ráð fyrir. Sönnunarbyrði hvílir sem áður segir á M hvað það varðar og verður skortur á gögnum af hálfu X ekki talinn létta þeirri sönnunarbyrði af M, eins og áður hefur verið rakið. Þær skýringar sem hafa verið lagðar fram á bilanagreiningu X og aðferða við hana hafa ekki verið hraktar með frekari gögnum eða áliti sérfræðinga. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og telst M því ekki hafa sýnt nægilega fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns M. Ekki er því fyrir hendi réttur til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V miðað við þau gögn sem liggja fyrir nefndinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Bóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 361/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (B)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, starfsmaður A, hafi 24. apríl 2022 verið að vinna við löndun og lent í slysi sem hafi orðið með þeim hætti að kranamaður, starfsmaður B, hafi rekist í takka á fjarstýringu sem hafði í för með sér að kör rákust í M með þeim afleiðingum að fótur hans klemmdist milli bryggjukants og karanna og og hann fallið í sjóinn milli skips og bryggju.

V neitaði bótaskyldu á þeim grundvelli að slysið yrði ekki rakið til kranamanns heldur mistaka M sem hafi falist í því að stíga inn í hífilínu en hefði átt að bíða þangað til búíð var að fjarlægja körin af bryggjunni.

M telur kranamanninn hafa sýnt af sér gáleysi með því að sinna öðrum verkefnum meðan hann var með kranafjarstýringuna um mittið. M vísar til áhættumats B þar sem fram komi að kranamenn eigi aldrei að húkka í neitt nema það sé tilbúið til hífingar og að þeir eigi að leggja frá sér fjarstýringuna meðan þeir græja eitthvað annað sem þarf að græja. Þannig gerist það aldrei óvart að eitthvað sé híft af stað. M telur að einfalt hefði verið fyrir starfsmanninn að taka af sér fjarstýringuna meðan hann rétti spottann og slíkt hefði komið í veg fyrir tjón M. Þá hefðu skýrar verklagsreglur af hálfu B getað afstýrt tjóni. M segir rangt að hann hafi stigið inn í hífilínu. Það hafi ekki verið hífilína enda hafi ekki átt að hífa farminn á þessum tímamarki. Hlassið hafi verið híft vegna gáleysis kranamanns.

Í bréfi V kemur fram að ósannað sé að slys M sé að rekja til saknæmra mistaka starfsmanna B eða saknæms vanbúnaðar sem B bar ábyrgð á gagnvart M. M beri sönnunarbyrðina um ofangreint og telur V að henni hafi ekki verið mætt. V vísar í yfirlýsingu kranamanns frá 7. apríl 2023 þar sem hann segir að óvíst sé hvort körin hafi farið af stað vegna þess að hann hafi rekið sig í fjarstýringuna eða hvort skipið hafi hallað á sjósiðuna, þ.e. frá bryggjunni. Þá kemur fram að B telji að slysið sé að rekja til gáleysis M að stíga inn í hífilínu þegar hann var að teygja sig eftir stroffinu. B telji ólíklegt að slysið hafi orðið vegna þess að kranamaður hafi rekið sig í stýripinna fjarstýringar kranans þar sem hlíf er yfir sem kemur í veg fyrir að hægt sé að reka sig í stýripinnana þegar ekki er verið að hífa. Slysið verði því rakið til óhappatilviljunar sem að hluta hafi orðið vegna gáleysis M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort slys M sé að rekja til þess starfsmaður B hafi óvart rekið sig í stýripinna á fjarstýringu krana sem hafi orðið þess valdandi að kör hífðust og fótur M varð á milli kars og bryggjukants og hann féll í sjóinn eða hvort hann hafi sjálfur stigið í hífilínu sem hafi valdið slysinu. Lögregla var kölluð á slysstað og í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem lýst er aðstæðum á slysstað og fram kemur að M hafi sagt að stæða af plastkörum hafi rekist í fótinn á honum. Í bráðamóttökuskra sama dag kemur fram að M hafi fengið á sig högg og fest vinstri ökkla milli kars og bryggju og dottið í sjóinn. Á öðrum stað kemur fram að M hafi fengið gám á sig á hafnarbakkanum og flogið í sjóinn. Að öðru leyti liggja ekki fyrir samtímagögn á slyssdegi. Vinnueftirlitið kom ekki á staðinn og ekki liggur fyrir skýrsla þaðan vegna slyssins. Í málinu liggur fyrir áhættumat vegna slyssins sem virðist hafa verið gert 26. apríl 2022 og er ritað af rekstrarstjóra B. Þar er slysinu lýst á þann veg að kranamaður hafi rekist í takkana þannig að körin hífðust á loft. Ennfremur kemur fram í athugasemdum að þegar kranamenn séu að hífa eigi þeir að leggja fjarstýringuna frá sér meðan þeir græja eitthvað annað svo ekkert sé híft óvart. Í yfirlýsingu kranamanns, dags. 7. apríl 2023 kemur fram að hendi hans hafi hvílt á fjarstýringunni en hann viti ekki hvort hann hafi rekið sig í takkann eða hvort skipið hafi skyndilega hallað á sjósiðuna en körin hafi tekist á loft og lent á M. Yfirlýsingin er gefin u.þ.b. ári eftir

slysið og telst því ekki samtímagagn. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna skaðabótaábyrgðar. Í þessu máli liggur fyrir áhættumat frá rekstrarstjóra B þar sem staðhæft er að kranamaður hafi rekist í takkana þannig að körin hífðust á loft. Hefur því sem þar kemur fram ekki verið hnekkt af hálfu V. Verður slysið þannig rakið til gáleysis starfsmanns B, sem gætti ekki að sér þegar hann rakst í takka fjarstýringar kranans með þeim afleiðingum að tóm fiskikör rákust utan í M og hann féll í sjóinn. Engin efni eru til að láta M bera hluta sakar sjálfur. Tjón M er því bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs B hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 365/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. nóvember 2023, ásamt kvittun fyrir greiðslu bóta.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi í apríl 2023 orðið fyrir tjóni sem bótaskyldt var úr sjúkdómatryggingu hans, en tilkynnt var um tjónið í ágúst 2023 af hálfu M. Hinn 6. október 2023 hafi M fengið greiddar bætur úr sjúkdómatryggingu sinni frá V að fjárhæð 7.725.000 krónur. Váttryggingarskírteini sem gildi um váttrygginguna frá 1. janúar - 31. desember 2023 tilgreinir þá fjárhæð sem váttryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingar. Í texta váttryggingarskírteinis segir m.a.: „Bótafjárhæðir og verð breytast á gildistíma í samræmi við skilmála. Gildistökudagur tryggingarinnar er 1. janúar 2023.“ Einnig kemur fram í sama váttryggingarskírteini að „tryggingatímabil“ sé „01.01.2023 – 31.12.2023“.

M telur að útreikningur bótafjárhæðar hafi ekki verið réttur í uppgjöri þar sem miðað hafi verið við dagsetningu útgáfu váttryggingarskírteinis í janúar 2023, heldur hefði átt að miða við vísitölu eins og hún var daginn sem bætur voru greiddar. M vísar til gr. 5.4 í váttryggingarskilmálum þar sem fram komi að váttryggingarfjárhæð hækki í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs og texta váttryggingarskírteinis þar sem komi fram að bótafjárhæðir og verð breytist á gildistíma í samræmi við skilmála.

V hefur hafnað því að greiða hærri bætur en sem nemur váttryggingarfjárhæð á gildandi váttryggingarskírteini þegar tjón M varð, eða þá fjárhæð sem komi fram í váttryggingarskírteini sem gildi um sjúkdómatryggingu M frá 1. janúar til 31. desember 2023. V vendir á að skv. gr. 5.1 í váttryggingarskilmálum sem gildi um sjúkdómatryggingu M komi fram að váttryggingarfjárhæð komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Einnig komi fram í gr. 5.4 að váttryggingarfjárhæð hækki í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs og að það sé gert við endurnýjun. V bendir á að váttryggingarsamningi M hafi verið markaður ákveðinn gildistími og hámarksváttryggingarfjárhæð gildi um þau tjón sem verði á váttryggingartímabilinu án frekari uppreiknings enda komi skýrt fram í skilmálum að fjárhæð komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. V telur að ekki sé hægt að fallast á að skilmála eigi að túlka þannig að bótafjárhæð sé uppreiknuð miðað við vísitölu á uppgjörstigi. V vísar til þess að í þeim tryggingum sem þannig standi á komi það skýrlega fram í skilmálum, t.d. frítímaslystryggingum og slysatryggingu launþega. V telur að ef eigi að túlka váttryggingarskilmála eins og M haldi fram geti váttryggingartaki frestað því í allt að eitt ár að gera kröfu og fengið þannig hækkun í samræmi við það.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort fjárhæð bóta sjúkdómatrygginga hafi verið greidd út með réttum hætti vegna tjóns M í apríl 2023, en bætur voru greiddar út í október 2023 á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem tiltekin er í váttryggingarskírteini sjúkdómatryggingar M fyrir váttryggingartímabilið 1. janúar – 31. desember 2023.

Þegar litið er til þess sem kemur fram á váttryggingarskírteini sjúkdómatryggingar M kemur fram að váttryggingartímabil váttryggingarinnar sé eitt ár og virðist því ekki vera um heilsutryggingu án uppsagnarréttar að ræða í skilningi 3. mgr. 1. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 að ræða heldur persónutryggingu sem líkja má frekar við sjúkra- og slysatryggingu. Hvað sem því líður kemur eftirfarandi texti fram í váttryggingarskírteini M: „Bótafjárhæðir og verð breytast á gildistíma í samræmi við skilmála. Gildistökudagur tryggingarinnar er 1. janúar 2023. Í gr. 5.1 í váttryggingarskilmálum segir síðan: „Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.“ Í gr. 5.4

segir svo: „Vátryggingarfjárhæðin hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs.“ og í gr. 5.5 segir: „Lækki vísitalan hefur það ekki áhrif til lækkunar á vátryggingarfjárhæð.“

Þegar þessi ákvæði eru lesin saman kemur fram ákveðinn vafi um hvort í gr. 5.4 er kveðið á um að vátryggingarfjárhæð hækki innan vátryggingartímabils eða ekki. V semur einhliða staðlaða vátryggingarskilmála sjúkdómatryggingar sinnar og gat auðveldlega kveðið skýrar um það hvaða áhrif hækkun á vísitölu neysluverðs hafi átt að hafa á vátryggingarfjárhæð. Í gr. 5.4 kemur, eins og fyrr segir, fram að „Vátryggingarfjárhæðin hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs.“ Verður að telja umrætt ákvæði í vátryggingarskilmálum þýðingarlaust ef ætlunin er að sama fjárhæð gildi um hvert vátryggingartímabil eða að umrædd hækkun væri reiknuð inn í þá fjárhæð árlega. Í besta falli hefði V auðveldlega getað gert skýrar grein fyrir áhrifum vísitöluhækkunar á gildandi vátryggingarfjárhæð. Þegar litið er til vátryggingarskilmála sjúkdómatrygginga almennt hjá íslenskum líftryggingarfélögum er ákvæðum ekki eins háttáð og hjá V.

Með hliðsjón af þessu verður V að bera hallann af óskýru orðalagi í vátryggingarsamningi sínum við M í samræmi við túlkunarreglu vátryggingarsamningaréttar sem nefnd er andskýringarreglan, sbr. og ákvæði 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

Að þessu sögðu verður við það að miða að M eigi rétt til greiðslu vátryggingarfjárhæðar eins og hún var þegar greiðsla var innt af hendi í október 2023. Breytingar á vísitölu neysluverðs m.v. upplýsingar á heimasíðu Hagstofu Íslands á árinu 2023 eru þannig að í janúar 2023 var vísitala neysluverðs 569,4 en í október 2023 var hún 603,5. Þetta þýðir að uppreiknuð vátryggingarfjárhæð hefði átt að vera 8.187.632 krónur í stað þeirra 7.725.000 króna sem V greiddi til M hinn 6. október sl., en þar sem vátryggingarfjárhæð er miðuð við verðlag seinna en tjónsdag verða vextir ekki reiknaðir, sbr. ákvæði 123. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni sem nemur 8.187.632 krónum að frádrögnum 7.725.000 krónum sem hann fékk greiddar 6. október 2023 úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 366/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun. Endurupptaka.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 18. október 2023, ásamt PC-crash skýrslu dags. 25. október 2020 og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 386/2021.
3. Tölvupóstur M, dags. 20. október 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 11. maí 2020 sem ökumaður bifreiðarinnar X bar ábyrgð á og hefur verið fjallað um málið af hálfu nefndarinnar í öðrum úrskurði, þ.e. vegna máls nr. 386/2021 og er vísað þar til frekari málsatvikalýsingar. Niðurstaða þess úrskurðar var sú að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli áreksturs og einkenna M.

M hefur nú aflað frekari gagna, þar á meðal vottorðs bæklunarlæknis, dags. 17. febrúar 2023, þar sem kemur fram að sá telji sönnuð orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins 11. maí 2020. M kveðst hafa lagt ný gögn fyrir V sem hafi enn hafnað bótaskyldu. M vísar til þess að vottorð umrædds bæklunarlæknis sé ótvírætt og hafi viðkomandi áralanga reynslu af matsstörfum auk sérfræðimenntunar og þekkingar í bæklunarskurðlækningum. M telur fagmennsku læknisins dregna í efa af V ef ekki er fallist á að orsakatengsl séu sönnuð. Einnig vísar M til þess að um nýjar upplýsingar sé að ræða sem ekki var unnt að afla áður en málið var fyrst lagt fyrir nefndina á árinu 2021.

V telur að vísa eigi máli M frá með vísan til 12. gr. samþykktar nefndarinnar þar sem nefndin hafi úrskurðað um sama álitaeftni í máli nr. 386/2021. V telur að M hefði getað aflað vottorðs bæklunarlæknis áður en málið var lagt fyrir nefndina á árinu 2021 og málið uppfylli ekki skilyrði 12. gr. samþykktar um endurupptöku. Einnig vísar V til þess að vottorð bæklunarskurðlæknis byggji aðallega á frásögn M sjálftrar þremur árum eftir áreksturinn og sé sú frásögn ekki í samræmi við staðreyndir málsins, t.d. skemmdir á bifreiðum.

Álit.

Af málatalilbúnaði M verður ekki talið að málskot í þessu máli varði önnur atvik en þau sem úrskurðað var um í máli nefndarinnar nr. 386/2021.

Í 12. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum segir meðal annars: „Nefndin getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið í af nefndinni skuli tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og eru þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu þær hafa leitt til annarrar niðurstöðu.“

Nefndin er bundin af samþykktum sínum og mat hennar við þessar aðstæður lýtur fyrst og fremst að því hvort í þessu máli liggi fyrir nýjar upplýsingar, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir. Verður ekki séð að nokkrar ástæður hafi verið fyrir því að ekki hafi verið hægt að afla vottorðs sérfræðings, sambærilegt við það sem nú hefur verið lagt fram, dags. 17. febrúar 2023, þegar mál M (386/2021) var til meðferðar hjá nefndinni. Skilyrði frávísunar teljast því ekki uppfyllt og er málinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 368/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 9. október 2023.
2. Bréf V dags. 1. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 6. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að húseign M hafi verið byggð á árunum 1990 til 1991. Í syðri hluta hússins hafi innfelld halógenljós verið sett upp en við uppsetningu þeirra hafi verið settir upp staðlaðir eldvarnarkassar samkvæmt stöðlum og reglum þess tíma. Í kjölfar þess að vatn hafi farið að leka gegnum loftklæðninguna hafi þakið verið ástandsskoðað og í fyrstu talið að einungis þyrfti að skipta út þaknögglum en ytra byrði þaksins, járn og pappi hafi verið í góðu ástandi. Þegar þakið hafi verið opnað hafi hins vegar komið í ljós að timbrið í því var blautt og morknað og hluti þaksperranna skemmdur vegna raka og myglu. Ástæða þess hafi verið rakin til hitamismunar milli eldvarnarkassanna og þaksins. Við mikil frost hafi saggað inni í þakinu og ísklumpar myndast kringum fyrrgreinda kassa sem hafi svo þiðnað með fyrrgreindum afleiðingum. Þar sem farið hafi verið eftir öllum stöðlum og reglum við frágang á þakinu telji M um ófyrirsjáanlegt tjón að ræða sem falli undir húseigendatryggingu hans sem frostskemdir innanhúss.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ósannað hver orsök lekans sé enda liggja engin gögn fyrir um það. Sé því óljóst hvort utanaðkomandi vatn hafi lekið gegnum þak húseignarinnar eða hvort lekann megi rekja til þess að hitamismunur hafi myndast milli eldvarnarkassanna og þaksins. Hafi verið um utanaðkomandi vatn að ræða komi fram í skilmálum váttryggingarinnar að hún bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns. Sé síðarnefnda ástæðan, þ.e. sú sem M byggir á í málskoti, orsök tjónsins þá falli hún ekki undir bótaskyldu skilmálanna og sé bótaréttur vegna tjóns af þeim völdum því ekki til staðar. Um frostskemdir sé aðeins fjallað á einum stað í skilmálunum og takmarkist bótaréttur úr váttryggingunni við tjón af völdum frostsprunga á innanhúss vatnsleiðslukerfi sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. Sé bótaréttur því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að orsök tjónsins sé að rekja til eldvarnarkassa í syðri helmingi hússins og sé hægt að fá það staðfest hjá þeim verktaka sem sá um viðgerð á þakinu. Engar vísbendingar hafi þá verið um að þakjárn og pappi hafi verið í ólagi. Ekkert segi um slíkt tjón í skilmálum váttryggingarinnar en tryggingar eigi að snúast um að aðstoða fólk komi óvænt tjón líkt og þetta upp og sé ósannjarnt ef V komi ekki til móts við hann þegar slíkt ófyrirséð tjón verði.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að örsök vatns- og mygluskemmda á þaki húseignar M falli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar og falli því utan verndar skilmálans. Af þeim sökum sé tjón M ekki bótaskyldt úr fasteignatryggingu hans hjá V.

Álit.

Taka verður undir það með V að ekki er að fullu ljóst hvað olli umræddu tjóni á fasteign M, en t.a.m. liggur ekki fyrir mat sérfræðings á því, s.s. yfirlýsing þess verktaka sem sá um viðgerðir á þakinu. Þrátt fyrir það verður hér fjallað um mögulega bótaskyldu vegna þeirrar tjónsorsakar sem M lýsir í málskoti. Í 9. gr. skilmála fasteignatryggingar M hjá V kemur fram skilgreining á bótaskyldu váttryggingarinnar, þ.e. til hvaða tjónsorsaka váttryggingin tekur. M byggir á því að um sé að skemmdir sem myndast hafi vegna hitamismunar milli eldvarnarkassanna og þaksins, þannig að vatn hafi ýmist frosið eða þiðnað með þeim afleiðingum að timbur í þakinu blotnaði og skemmdist. Í gr. 9.1 er fjallað um tjón af völdum vatns, gufu og olíu og taldar upp í sex töluliðum þær tjónsorsakir sem váttryggingin tekur til. Er þar um að ræða vatn sem streymir úr leiðslum fasteignarinnar eða nánar tilgreindum innanstokksmunum, og yfirborðsvatn sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að

frárennslisleiðslur anna því ekki. Verður ekki séð að tjónsorsök sú sem M lýsir í málskoti geti verið felld undir eitthvert ákvæða gr. 9.1. Í gr. 9.2 er þá fjallað um tjón af völdum frostsprunga og kemur fram í gr. 9.2.1 að váttryggingin bæti tjón af völdum frostsprunga á innanhúss vatnsleiðslukerfi sem verði við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. Ljóst er að tjónsorsök sú sem M lýsir í málskoti verður ekki felld undir það ákvæði. Þá er tekið fram í gr. 9.1.7 að váttryggingin taki ekki til tjóns sem verði vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. Váttryggingin tekur ekki til alls tjóns sem orðið getur á fasteignum og í skilgreiningu á bótasviði váttryggingarinnar er sem áður segir tiltekið til hvaða tjónsorsaka váttryggingin tekur. Verður samkvæmt framansögðu ekki talið að tjón M falli þar undir og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 369/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X) og (Y)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 27. október 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. nóvember 2023.
4. Bréf V2, dags. 27. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 13. ágúst 2022 er hann féll af vinnupalli. M var starfsmaður X á slysdegi, en vann á vinnustað Y. M telur að vinnupallur sá sem hann vann við hafi ekki verið nægilega festur og runnið til undir M, þannig að hann féll úr þriggja metra hæð og hlaut við það opið beinbrot á fæti, ásamt rifbeinsbrotum. Hafði M unnið hjá X í um sex vikur þegar slysið varð. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V1 og Y hjá V2. Telur M að X og/eða Y beri ábyrgð á slysinu, þar sem öryggisbúnaður hafi ekki verið með fullnægjandi hætti og hafi það verið orsök slyssins. Hafa bæði V1 og V2 hafnað bótaskyldu. M segir að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um tildrög slyssins, enda hafi hvorki X né Y tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins. Y hafi sent inn tilkynningu þremur dögum eftir slysið. Verði þau að bera hallan af því að hafa ekki tryggt sönnur um tilurð slyssins. Verkstjóri á staðnum hafi verið starfsmaður Y en M sé ekki kunnugt um réttarsamband milli X og Y en telur óhjákvæmilegt að þessir aðilar hafi átt að tryggja öryggi hans þar sem hann var við störf á slysdegi. Byggir M á því að öryggi starfsmanna á byggingarstað hafi ekki verið tryggt, vinnupallur hafi ekki verið nægilega festur og/eða tryggður og því hafi pallurinn runnið til og það hafi verið orsök slyssins, fallvörnum hafi verið ábótavant, verkstjórn hafi verið ábótavant auk þess sem slysið var ekki tilkynnt innan sólarhrings til Vinnueftirlitsins. Vísar M til laga nr. 46/1980 og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga í þessum samhengi.

V1 hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins og byggir á því að M hafi ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á. M hafi verið að vinna fyrir Y sem bar ábyrgð á skipulagi vinnu, aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sem aðalverktaki á byggingarvinnustað. Vinnupallurinn sem M féll af var í eigu Y og settur upp af starfsmönnum þess félags. Ósannað sé að starfsmenn X hafi fjarlæggt handrið af vinnupallinum eins og haldið er fram í höfnunarbréfi V2. Telur V1 að slysið verði einungis rakið til stórkostlegs gáleysis M sjálfs sem fólst í því að stilla lausum stiga ofan á vinnupall í þriggja metra hæð. Hafi hann ekki sýnt fram á að hann hafi verið beðinn um að framkvæma verkið á þennan hátt hvorki af starfsmönnum X eða Y, heldur hafi hann tekið upp á þessu alveg upp á sitt einsdæmi.

Í fyrri viðbótarathugasemdum sínum hafnar M málavaxtalýsingu V1.

V2 hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu Y vegna slyssins og byggir á því að slysið sé ekki að rekja til atriða sem Y ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Lögregla hafi tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins sama dag og slysið gerðist. Hafi starfsmaður þess komið á slysstað mánudaginn 15. ágúst 2022 og skoðað aðstæður en engin skýrsla virðist hafa verið skrifuð um þá heimsókn. Hafi Y verið yfirverktaki á staðnum og X undirverktaki sem hafi haft sína eigin verkstjóra yfir þeim verkþáttum sem þeir unnu að. Starfsmenn Y hafi sett upp vinnupallinn með handriðum og slám og stiga og var hann festur við steypa vegg. Fallvarnarlína hafi verið til staðar. Á mynd sem tekin var af vinnupallinum á slysdegi sést að búið var að taka handriði af vinnupallinum. Einnig sést að hann var festur í vegg á tveimur stöðum. Slysið gerðist á laugardegi og voru starfsmenn X þeir einu sem voru á þessum stað þ.e. að vinna í þaki hússins. Samkvæmt upplýsingum frá Y hafi starfsmenn X tekið handrið af vinnupallinum og höfðu starfsmenn Y ekki upplýsingar um það.

Í seinni athugasemdum sínum hafnar M þeim fullyrðingum um tilkynningu til Vinnueftirlitsins og að starfsmaður Y hafi ekki verið verkstjóri á staðnum. Myndir sem lagðar voru fram voru ekki teknar af lögreglu og hafnar M því að þær myndir verði lagðar fram, enga engin sönnun um að þær myndir hafi verið teknar á staðnum sem slysið varð. Hafnar M því einnig að handrið hafi verið tekið af vinnupallinum. Ekkert liggir fyrir um það.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða Y eða starfsmanna þeirra, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. M byggir á því í málskoti að slysið megi rekja til þess að vinnupallurinn sem hann vann við hafi ekki verið nægilega festur og runnið til undir M, þannig að hann féll úr þriggja metra hæð. Í tilkynningu Y til Vinnueftirlitsins er tildrögum slyssins lýst með þeim hætti að M hafi sett upp stiga á vinnupall til að ná hærra og hafi stiginn runnið af vinnupallinum og hann með. Ber aðilum þannig ekki saman um tildrög slyssins. Í lögregluskýrslu er ekki að finna lýsingu á tildrögum slyssins og var slysið ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu. Greinir aðila einnig á um það hvort slysið hafi verið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins eða ekki. Engin sönnun liggur fyrir um það að lögregla hafi tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins samdægurs né að starfsmaður þess hafi mætt á slysstað 15. ágúst 2022. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Vafi um málsatvik verður ekki jafnað til sönnunar skaðabótaábyrgðar. Við þessar aðstæður er frásögn M af atvikum almennt lögð til grundvallar ásamt öðrum upplýsingum sem liggja fyrir í málinu. Engin sjálfstæð lýsing liggur fyrir af hálfu M um hvernig slysið atvikaðist t.d. á grundvelli skýrslugjafar hjá lögreglu, en lýsing lögmans hans í málskoti verður ekki lögð að jöfnu við sjálfstæða lýsingu M sjálfs. Ekki liggur heldur fyrir lýsing vitnis eða annarra sem gætu varpað ljósi á það hvernig slys M atvikaðist eða byggt undir þær lýsingar sem koma fram í málskoti. Hefur Y lagt fram tvær myndir sem starfsmaður þess tók á vettvangi. Önnur þeirra er tekin þegar lögregla og sjúkraflutningamenn eru á staðnum en sú mynd sýnir ekki vinnupallinn sem M datt af en hin myndin sem lögð hefur verið fram sýnir vinnupall sem M datt af að sögn Y. Er sá vinnupallur festur við vegg en er án handriða. Hefur M mótmælt því að sú mynd verði lögð til grundvallar á þeim grundvelli að lögregla hafi ekki tekið myndina og að engin sönnun liggir fyrir því að myndin sé af umræddum verkpalli. Hefur M ekki lagt fram neina sjálfstæða lýsingu á þeim vinnupalli sem hann datt af né lagt fram gögn sem hnekkja því að myndin sé af þeim vinnupalli sem hann féll af. Verður því lagt til grundvallar að myndin sé af umræddum vinnupalli enda má sjá að myndin er tekin í sama rými og fyrri myndin. Lögregla mældi hæð vinnupallsins en minnst ekki á það í skýrslu sinni að hann hafi verið laus. Eingöngu er sagt að M hafi verið að vinna efst á pallinum. Er þannig ekkert í gögnum málsins sem styður þá frásögn M að vinnupallurinn hafi verið laus og er því ekki hægt að leggja frásögn hans af málsatvikum til grundvallar enda hefur frásögn hans verið hnekkð með öðrum gögnum málsins. Eins og fyrr segir liggja ekki fyrir neinar sjálfstæðar lýsingar vitna eða annarra aðila af slysinu. Gegn neitun M verður ekki heldur lögð til grundvallar sú lýsing á tildrögum slyssins sem fram kemur í tilkynningu Y til Vinnueftirlitsins dags. 15. ágúst 2022. Hefur M þannig ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X eða Y, starfsmanna þeirra eða annarra atvika eða aðstæðna sem X og/eða Y bera ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu Y hjá V2.

Reykjavík, 9. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 372/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. október 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 26. október 2022, er M var að störfum hjá Y í húsakynnum Z, en framkvæmdir hafi staðið yfir við stækkun húsnæðisins, hafi hann orðið fyrir slysi. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að hann hafi verið að aðstoða starfsmann X, sem einnig kom að framkvæmdunum, við að koma pallettubretti með rafmagnsstigum frá plani og inn í hús. Stigunum hafi verið staflað upp og þeir „strappaðir“ ofan á vörubretti. Verkið hafi verið á ábyrgð X en starfsmaður þess, sem notaði „pallettutjakk“ við starfann hafi átt í erfiðleikum með að koma hlassinu af stað, enda hafi þyngslin verið of mikil. M hafi þá boðið fram aðstoð sína og komið sér fyrir hinum megin við hlassið og ýtt því áfram. Er þeir hafi flutt stigana með þessum hætti um nokkra metra hafi starfsmaður X skyndilega stöðvað lyftarann með þeim afleiðingum að hreyfing komst á hlassið og það hallaði. M hafi brugðist við með því að setja hendur á hlassið til að koma í veg fyrir að það ylti. Um hafi verið að ræða ósjálfráða hreyfingu í hraðri atburðarás og verði hún ekki metin M til sakar. M hafi þó ekki tekist að stöðva stigana og þegar hann áttaði sig á því í hvað stefndi hafi hann reynt að forða sér burt en stigarnir þá fallið yfir hann og hann slasast á fæti. Allnokkurn tíma hafi tekið að ná hlassinu af fæti hans og hafi þurft nokkra menn til þess. M viti ekki hversu þung byrði hafi lent á fæti hans en hafi heyrt að stigarnir hafi verið 500 kíló. Vegna tjóns síns hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V en V hafnað kröfu hans með bréfi dags. 31. ágúst 2023. Byggir M á því að hegðun starfsmanns X við framkvæmd verksins og í aðdraganda þess hafi verið gáleysisleg. Þannig hafi hann staflað svo mikilli þyngd á brettið að hann réði ekki við að koma tjakknum af stað. Hefði byrðin á tjakknum verið hæfilega þung hefði enda ekki verið þörf á aðstoð frá M. Þá hafi stigarnir ekki verið festir nægilega vel á brettið og því hafi byrðin verið óstöðug. Enn fremur hafi umræddur starfsmaður stöðvað tjakkinn án nokkurs fyrirvara eða viðvörunar. Sé ljóst að gáleysi felist í því enda hefði bersýnilega átt að vara M við stöðvuninni og stöðva tjakkinn svo hægt og rólega. Orsakatengsl séu milli framangreindrar háttsemi og tjóns M og verði hann ekki látinn þola bótalaut það tjón sem hann hlaut af því að sýna greiðvikni við framangreindar aðstæður. Hljóti þá að vera óumdeilt að hefði verið staðið rétt að framkvæmd verksins hefðu stigarnir ekki fallið á M og því ekki komið til tjóns hans. Með hliðsjón af því beri X sönnunarbyrði þess að slys M verði ekki rakið til mistaka eða vangæslu starfsmanns þess. Hafi hlassið, eins og V beri við, tekið að halla vegna ójöfnu á gólfinu breyti það þá engu um ábyrgð X, enda hefði viðkomandi starfsmanni þá átt að vera kunnugt um ójöfnuna og enn ríkara tilefni til aðgæslu við frágang stiganna. Vísar M þá til dómaframkvæmdar og úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í höfnunarbréfi V til M og bréfi þess til nefndarinnar segir að samkvæmt X hafi starfsmenn þess verið að taka á móti sendingum, og hafi M boðið fram aðstoð við það. Hlassið hafi tekið að halla vegna ójöfnu í gólfi og hafi starfsmaður X því orðið að stöðva tjakkinn. Hann hafi ekki gert það skyndilega heldur í kjölfar þess að hlassið byrjaði að halla. Stigarnir hafi þá allir verið „strappaðir“ saman og því rétt og eðlileg viðbrögð að láta þá falla á hliðina. Það hafi M ekki gert heldur reynt að koma í veg fyrir að þeir féllu niður. Þyngdin sem sett hafi verið á tjakkinn umrætt sinn hafi verið langt undir leyfilegri þyngd og sendingin hafi verið ein af mörgum sem tekið hafi verið á móti. Sama aðferð við flutning sé þá notuð af öðrum verkötukum á svæðinu, þ.á.m. Y. Er afstaða V því sú að tjón M verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu sem X beri ábyrgð á heldur um að ræða óhapp sem engum verði kennt um.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra ólögmetra athafna af hálfu starfsmanns X þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu þess. Sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrir liggur að lögregla var kvödd á vettvang í kjölfar atviksins og liggur skýrsla hennar, dags. 29. desember 2022, fyrir. Af henni verður ekki ráðið að ítarleg rannsókn hafi farið fram, en t.a.m. liggja engar ljósmyndir af vettvangi fyrir. Hins vegar er í skýrslunni að finna eftirfarandi lýsingu M á atvikum

en hann segist hafa verið að aðstoða við að ýta rafmagnsstigum á vörubretti „þegar brettið byrjar að halla með þeim afleiðingum að rafmagnsstigarnir lenda ofan á M“. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, sem dagsett er 9. nóvember 2022 eða um tveimur vikum eftir slysdag, er atvikum lýst á sama hátt, þ.e. að stigar fari að halla á brettinu og M hafi reynt að koma í veg fyrir að þeir féllu. Því er ekki borið við af hálfu M að umrædd tilkynning hafi ekki verið send til samræmis við áskilnað laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en fyrir liggur að M var samkvæmt læknisvottorði dags. 26. október 2022, óvinnufær frá slysdegi, og kemur það atriði því ekki til frekari skoðunar. Rétt er þó að taka fram að jafnvel þó tilkynning sé ekki réttilega send leiðir það ekki sjálfkrafa til bótaskyldu, heldur fremur þess að eftir atvikum kann að vera vikið frá almennum sönnunarreglum. Í fyrrgreindum gögnum er samkvæmt framansögðu hvorki minnst á að starfsmaður X hafi stöðvað tjakkinn án fyrirvara, að of mikil þyngd hafi verið á tjaknum né að festingu rafmagnsstiganna hafi verið ábótavant. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, dags. 13. desember 2022, er atvikum hins vegar lýst á þann veg að tjakkurinn hafi verið stöðvaður skyndilega og við það komið hreyfing á hlassið. Það skjal er hins vegar aðeins undirritað af lögmanni M, en ekki atvinnurekanda og verður að skoða sönnunargildi þess í því ljósi. Engin frekari gögn liggja fyrir um aðbúnað eða aðstæður á slysstað, og atvikalýsing umrædds starfsmanns X liggur ekki fyrir. Þá virðast ekki fyrirleggjandi upplýsingar um þyngd stiganna, hvernig þeir voru festir við brettið, eða um gerð, burðargetu og rétta notkun tjakksins. Þar sem fyrirleggjandi gögn benda því ekki til þess að um sök af hálfu starfsmanns X hafi verið að ræða er því óhjákvæmilegt að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 374/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skadabótaábyrgð. Þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. ágúst 2022 hafi M, sem er erlendur ferðamaður, farið í sturtu í hótélherbergi sínu á hótelinu X. Er hún var búin að vera skamma stund í sturtunni hafi sturtubúnaður fallið af veggnum og á höfuð M með þeim afleiðingum að hún rann til og datt aftur fyrir sig á bakið og slasaðist. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Kröfunni var hafnað af hálfu V á þeim grundvelli að um óhappatilvik hafi verið að ræða. M er ósammála niðurstöðu V og byggir á því að hótelið beri ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir þegar sturtubúnaður á baðherbergi í hótélherbergi hennar féll á hana. M byggir á því að X hafi ekki fullnægt því að sturtubúnaður hafi verið réttilega uppsettur eða viðhaldið á réttan hátt. Telur M að aðstæður í sturtunni hafi verið óforsvaranlegar og að slysið megi rekja til þess að X hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglugerðum settum samkvæmt þeim. Slys M megi rekja til saknæmrar háttsemi X og/eða starfsmanna þess.

V telur að skilyrði fyrir skadabótaábyrgð X vegna slyss M séu ekki uppfyllt. Líkamstjón M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi þannig að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Vísar V til þess að á myndum í lögregluskýrslu megi sjá að stöngin sem sturtuhausinn er fastur við, hafi verið föst við blöndunartækin og við vegginn áður en hún brotnaði af veggnum. Hafi X óskað eftir rannsókn og aðstoð pípulagningarmeistara í kjölfar atviksins og samkvæmt yfirlýsingu hans hafi sturtustöngin brotnað frá blöndunartækjunum og telji hann það ekki mögulegt nema með einhverjum kröftum líkt og þegar einhver grípi í stöngina og rífi hana til hliðar. Hafi plaststykki sem skrúfað er í blöndunartækin og heldur stönginni fastri, rifnað upp úr og var metið ónýtt. Voru gengjur horfnar að hluta til og sprunga komin í stykkið. V vísar til þess að sturtubúnaðurinn hafi verið nýlegur og hafi X sinnt fullnægjandi eftirliti og viðhaldi þar sem sturtubúnaður er skoðaður með reglulegu millibili og viðhald fer fram eftir þörfum. Vísar V til meðfylgjandi tékklista á yfirferð herbergja. Að mati V sé um óhappatilvik að ræða enda hafi sturtubúnaðurinn ekki þarfnast viðhalds frá því hann var setur upp í maí 2019.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá erlenda váttryggingafélaginu V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríka skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem þjónustustarfsemi fer fram að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar megi teljast til að sjá til þess að viðhald fasteignar og búnaður þess sé með þeim hætti að gestum stafi ekki sérstök hættu af. Óumdeilt er að M slasaðist í herbergi 334 í fasteign hótelsins X þegar sturtustöng brotnaði og féll ofan á hana. Hefur X lagt fram ýmiss gögn því til stuðnings að viðhaldi hafi verið sinnt af kostgæfni en meðal gagna er yfirlýsing pípulagningarmeistara þar sem fram kemur það álit hans að stöngin geti ekki brotnað nema með einhverjum kröftum líkt og einhver grípi í stöngina og rífi hana til hliðar. Hefur X einnig lagt fram reikninga sem sýna að sturtubúnaðurinn var settur upp nýr í maí 2019 og tékklista sem starfsmenn fara eftir við yfirferð og eftirlit herbergja hótelsins. Af gögnum málsins virtum og þá sérstaklega fyrrgreindum gögnum verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 376/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 11. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. nóvember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 7. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 23. febrúar 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni þegar bifreið hans, A, rann til í hálku og hafnaði utan vegar. Hafi M leitað samdægurs á bráðamóttöku og verið greindur með meiðsl í hálsi og bakverk. Hafi M talið að um tímabundin einkenni væri að ræða og hafi hann framkvæmt æfingar og sótt sundstaði til að bæta líðan sína. Hafi það linað þjáningar hans tímabundið en einkenni hans ágerst þess á milli og m.a. leitt til þess að M þurfti að sinna léttari störfum en áður við vinnu sína. Eftir um ár, er hann þurfti að hætta í nýju starfi vegna einkenna sinna, hafi M áttað sig á því að um varanleg og hamlandi einkenni væri að ræða. Hafi hann þá, hinn 6. maí 2022, leitað eftir tilvísun í sjúkraþjálfun og hinn 9. maí 2022, hafi hann leitað til læknis sem greindi hann með tognun og ofreynslu á lendahrygg. Hafi M mætt sjö sinnum í sjúkraþjálfun á tímabilinu 9. maí til 9. júní 2022. Hinn 30. maí 2022 og aftur hinn 20. október 2022 hafi M svo leitað á heilsugæslu vegna einkenna sinna og fengið vottorð um óvinnufærni. M tilkynnti V um tjón sitt hinn 16. ágúst 2022, en V hafi, með tölvupósti dags. 3. janúar 2023, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að orsakatengsl milli slyssins og einkenna M væru ósönnuð. M telur þvert á móti að sýnt sé fram á orsakatengsl, enda hafi M verið greindur með sama bakverk í kjölfar slyssins og þegar hann leitaði aftur læknis 14 mánuðum síðar. Hlé á læknisvitjunum geti ekki eitt og sér leitt til þess að orsakatengsl teljist ekki fyrir hendi, enda vel þekkt að tjónþolar harki af sér eftir slys og fresti þess að leita læknis í von um að einkenni gangi til baka. Sé ekkert í sjúkrasögu M sem gefi til kynna að hann hafi þjáðst af sambærilegum einkennum fyrir slysið eða að einkenni hans sé að rekja til annars ástands eða áverka. Liggja því ekkert fyrir um að einkenni hans verði rakin til annars en umrædds slyss.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að það sé M sem beri sönnunarbyrði þess að orsakatengsl séu milli umrædds tjónsatviks og þeirra einkenna sem hann reki til þess. Samfellu skorti í sjúkrasögu M sem hafi leitað læknis á slysdegi og svo ekki fyrr en 15 mánuðum síðar. Þá sé sönnunargildi nótu í sjúkraskrá dags. 9. maí 2022 mótmælt enda hafi læknir þar það eftir M sjálfum að einkenni hans sé að rekja til umferðaróhapps löngu áður. Að gögnum málsins virtum telji V því ósannað að um orsakatengsl sé að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rökstuðningur og kröfugerð áréttuð. Þá er áréttað að erfitt aðgengi hafi verið að læknum vegna Covid-faraldurs á þeim tíma sem um ræði.

Álit.

V byggir samkvæmt framansögðu afstöðu sína á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli hins bótaskylda atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Eins og fram kemur í atvikalýsingu leitaði M á bráðadeild á slysdegi hinn 23. febrúar 2021, og var þá greindur með verk í hálsi og ótilgreindan bakverk. Haustið 2021 leitaði M svo nokkrum sinnum á heilsugæslu vegna annarra atvika og verður ekki séð að einkenni sem hann rekur til umrædds tjónsatviks hafi þá komið til tals. Í maí 2022 leitaði M svo aftur til læknis vegna bakverkja og var þá greindur með vöðvabólgu og tognun og ofreynslu á lendahrygg. Kemur jafnframt fram að M reki verki í ofanverðu mjólbaki til bílslyss 23. febrúar 2021. Hinn 30. maí 2021 fékk M svo vottorð um óvinnufærni í einn dag að því er virðist vegna bakverks, og hinn 20. október 2021 fékk hann vottorð um óvinnufærni í tvo daga vegna hálsverks, taks í hálsi, verks í herðum. Ekki liggur fyrir heildstætt læknisvottorð um einkenni M né skýrsla sjúkraþjálfara um meðferð hans. Þá verður ekki séð að M hafi gengist undir sérstakar rannsóknir, umfram skoðanir heilsugæslulækna, vegna einkenna sinna sem samkvæmt færslum í sjúkraskrá virðast nokkuð almenn. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að ekki

sé sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds umferðaróhapps og tjóns þess sem M rekur til þess og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 377/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fyrirliggjandi gögnum kemur fram að þann 21. maí 2022 var bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið M í Nónvörðu, Reykjanesbæ. M leitaði á bráðamóttöku strax í kjölfar slyssins og var þar greind með whiplash áverka og dreifða stoðkerfisverki. M leitaði svo á heilsugæslu þann 1. júní 2022 vegna verkja í hálsi og fékk beiðni í sjúkrahjálfun sem hún svo hóf í október 2022. M tilkynnti um líkamstjón sitt til V sem hafnaði greiðsluskyldu með tölvupósti dags. 29. mars 2023 á þeim grundvelli að ósannað væri að varanlegar afleiðingar hefðu orðið vegna slyssins. Hafnaði V að greiða frekari kostnað en vegna útlagðs kostnaðar vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkrahjálfunar sem fallið höfðu til á fyrstu þremur mánuðum eftir slys. M telur að læknisfræðileg gögn sýni að hún hafi fengið áverka á háls og bak við umferðarslysið. PC-crash útreikningur sem V aflaði sé ekki nema að litlu leyti byggður á samtímagögnum. Hvorki liggi fyrir ljósmyndir af afstöðu bifreiðanna á vettvangi, mælingar af vettvangi á meðan bifreiðarnar voru ennþá þar, né mælingar á bifreiðunum sjálfum. Bendir M á að slíkar skýrslur hafa ekki verið taldar fullnægjandi sönnunargögn þegar mál lenda á borði dómstóla. Leggja verði læknisfræðileg gögn til grundvallar varðandi sönnun á líkamlegum einkennum og tjóni vegna slyss. Bendir M á að kostnaður við öflun læknisvottorða og matsgerða fyrir málshöfðun telst til sjúkrakostnaðar samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli 748/2012. Vísar M til ýmissa dóma og úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings. Telur M sannað að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við umferðarslysið sem V sé skylt að bæta þ.m.t. kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og vísar til ýmissa dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur samþykkt að taka þátt í kostnaði vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga umferðarslyssins en telur varanlegar afleiðingar slyssins ósannaðar. Gögn málsins sýni fram á að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sbr. m.a. fyrirliggjandi pc-crash skýrslu sem var aflað af V. M var gefinn kostur á að koma með athugasemdir við vinnslu skýrslunnar, sem M gerði. Í gögnum málsins sé eingöngu getið um tvær komur til læknis eftir slysið og hefur M ekki lagt fram önnur og nýlegri sjúkragögn til V sem sýna fram á að slysið hafi verið til þess fallið að valda varanlegu heilsutjóni. Þá komi fram í gögnum að M sé með sama umkvörtunarefni eftir slysið og vísað er til í gögnum um fyrri heilsufar M. Telur V ósannað að orsakatengsl séu á milli áreksturs og varanlegra einkenna M og ítrekar að ágreiningur þessa máls snýr að því að M hafi ekki sannað umfang tjóns síns. V hafi hafnað að greiða fyrir gagnaöflun, þar með talið fyrir öflun matsgerðar á varanlegum afleiðingum, þar sem ólíklegt er að orsakatengsl séu til staðar. V hefur þannig lagt í hendurnar á M að afla gagna og matsgerða á eigin kostnað og áhættu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á að M hafi hlotið varanleg líkamleg einkenni í umferðarslysinu þann 21. maí 2022 og hvort V beri skylda til þess á grundvelli 1. mgr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að greiða fyrir öflun læknisvottorða og matsgerða til þess að sýna fram á umfang tjónsins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 4. janúar 2023, sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Það verður þó að líta heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin af afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs á bráðamóttöku og kvartaði undan eymsli í hálsi, vinstra herðablaði og mjóbaki. Var hún auk þess með spennuhöfuðverk. Næst leitaði M á heilsugæslu 1. júní 2022 og var þá enn slæm af verkjum í háls hrygg og fékk beiðni í sjúkrahjálfun. Leitar hún svo til bæklunarlæknis þann 8. nóvember 2022 vegna sömu einkenna. Ekki eru skráðar fleiri komur til læknis í kjölfar slyssins. Samkvæmt yfirliti yfir komur til sjúkrahjálfa fyrir tímabilið 9. febrúar 2022 til 9.

febrúar 2023 leitaði M eingöngu tvisvar sinnum til sjúkraþjálfarans í kjölfar slyssins, þann 17. október og 7. nóvember 2022.

Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafði M langa sögu um bakverki, höfuðverki, liðverki og svima auk þess sem hún hafði áður kvartað undan aumum vöðvum í herðum og aftan á hálsi og verið vísað í sjúkraþjálfun vegna þess. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Ekki verður talið að M hafi tekist á grundvelli fyrirbyggjandi gagna að sýna fram á að varanleg líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum þann 21. maí 2022. Ekki er um almenna skyldu váttryggingafélags að ræða til að standa að gagnaöflun umfram það sem leiða má af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir atvikum lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og verður því ekki fallist á að greiðsluskylda V vegna fyrirhugaðrar gagnaöflunar sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 380/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 7. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 16. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 22. apríl 2023 varð árekstur milli A, sem M ók, og B á bifreiðastæði. Í málskoti segir að B hafi verið bakkað úr bifreiðastæði en að ökumaður hennar hafi stöðvað þegar hann veitti A athygli. M sem var að bakka A úr bifreiðastæði hafi einnig stöðvað þegar hann varð B var. Eftir að báðar bifreiðar höfðu staðnæmst hafi B verið ekið aftur á bak að nýju og á A. Er þá vísað til fyrirliggjandi myndbanda af atvikinu. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem taldi rétt að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M er því ósammála og telur B bera alla sök á umræddum árekstri. Ökumenn beggja bifreiða hafi gætt nægilega að sér í upphafi og stöðvað er þeir urðu hins varir. Hins vegar hafi B ekki gætt nægilega að sér við áframhaldandi akstur aftur á bak og ekið á A þar sem hún var kyrrstæð.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er tekið undir þá afstöðu að B beri alla sök á árekstri aðila. Ljóst sé af fyrirliggjandi myndbandsupptökum að báðar bifreiðarnar hafi staðnæmst áður en til áreksturs kom. Í kjölfarið hafi B ekið aftur af stað, í aftur á bak gír, með þeim afleiðingum að hann ók á A. Verði áreksturinn því rakinn til háttsemi B sem ekki hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er vísað til lýsingar B á atvikum, en hann segist hafa séð A koma og reynt að bregðast við með því að flauta og setja í „drive“ til að aka áfram en það hafi ekki tekist. Hafi B því reynt að forða árekstri án árangurs. Á myndbandsupptöku af atvikinu sjáist þá hvar báðum bifreiðum er ekið aftur á bak í átt að hvor annarri. B hafi stöðvað fyrst, en augnabliki síðar hafi A stöðvað og augnabliki eftir það hafi B verið ekið aftur af stað. Hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að gæta nægilega að annarri umferð við akstur aftur á bak. Hvorki A né B hafi vitað af ferðum hins í aðdraganda áreksturs og hafi B orðið A var um tveimur sekúndum áður en til áreksturs kom og hafi sem fyrr segir reynt að forða árekstri. A hafi hins vegar staðnæmst á sömu sekúndu og árekstur varð. Hafi hvorug bifreiðanna verið kyrrstæð það lengi að það hafi áhrif á sakarskiptingu og sé því rétt að skipta sök að jöfnu.

Álit.

Fyrir liggja tvær myndbandsupptökur er sýna umrætt atvik, þ.e. úr myndavél B og nálægri öryggismyndavél. Má þar sjá hvar bifreiðunum er ekið aftur á bak í átt hvorri að annarri, uns B staðnæmist og A stöðvar augnabliki síðar. Á þeim tíma hafði árekstur ekki raungerst og verður að telja að ráðrúm hafi verið til að forða árekstri. Í tilkynningu B til V2 um atvikið segir þá að hann hafi reynt að skipta yfir í „drive“ til þess að fara áfram en hafi líklega ekki náð því. Er það til samræmis við það sem ráða má af myndbandinu og verður að telja að eftir að bifreiðarnar staðnæmdust hafi B ætlað sér að aka áfram, frá A, en það ekki tekist og hann tekið aftur af stað í aftur á bak gír. Verður að telja að orsök árekstursins sé því sú að B hafi ekið af stað úr kyrrstöðu með þessum hætti án þess að gæta nægilega að sér og á A. Jafnvel þó halda megi því fram að um andartaksstöðvun hafi verið að ræða verður því ekki litið fram hjá því að báðar bifreiðarnar voru kyrrstæðar í aðdraganda áreksturs og unnt hefði verið að koma í veg fyrir hann hefði B ekið áfram eins og hann ætlaði sér.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 381/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. nóvember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna slyss M hinn 26. september 2022 kemur fram að M hafi verið að negla bárujárn á þaki húss þegar hann rann til með þeim afleiðingum að hann féll til jarðar um 3,2 metra. Einnig kemur fram í skýrslunni að ummerki hafi mátt sjá hvar M rann til á blautu þakinu og þar sem hann lenti á jörðinni fyrir neðan. Í skýrslu Vinnueftirlitsins dags. 26. september 2022 kemur fram að engar fallvarnir hafi verið notaðar og að ástæða slyss sé talin vera ísing á þaki og gerðar hafi verið úrbætur af hálfu X.

M telur að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína í þágu X og tjón hans megi rekja til þess að verkstjórn hafi ekki verið fullnægjandi af hálfu X sem hafi ekki sinnt skyldu sinni um að setja upp fullnægjandi fallvarnir við hús það sem M var falið að vinna við. M vísar til ýmissa ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum máli sínu til stuðnings, auk reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, sérstaklega gr. 31.1 í A-hluta IV. viðauka þeirra. M telur að nauðsynlegt hafi verið að setja upp verkpalla til að fyrirbyggja hættu eða setja upp annan öryggisbúnað og þó þakhalli hafi ekki verið mikill þá verði einnig að taka mið að áferð þaks við mat á öryggisráðstöfunum. Einnig telur M að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi með háttsemi sinni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi ekki verið starfsmaður X heldur stafsmáður undirverktaka X og beri því sjálfur ábyrgð á eigin vinnu, auk þess sem M hafi 20 ára reynslu af húsbýggingum og hafi víðtæka menntun til starfans auk þess sem hann hafi átt að útvega búnað til verksins sjálfur. Einnig bendir V á að á staðnum hafi verið til staðar færanlegir vinnupallar ásamt tímberi til að festa við þakbrún væri ástæða til. V vísar til þess að verkefni M hafi verið að fullnegla þakplötur á þak þegar slysið varð og leiðbeiningar frá X hefðu verið þær að kanna hvort unnt væri að vinna verkið að morgni 26. september 2022, en hafi átt frá að hverfa ef það væri ekki unnt. V vísar einnig til þess að tveir aðrir starfsmenn hafi komið á staðinn og talið að ekki væri unnt að vinna verkið sökum hættulegra aðstæðna og hafi því ekki farið upp á þakið. V telur að m.v. menntun og reynslu M hafi honum átt að vera ljóst að hættulegar aðstæður væru til staðar og hafi hann þess vegna ekki átt að fara upp á þakið. Einnig bendir V á að gr. 31.3 B-hluta viðauka IV reglugerðar nr. 547/2021 eigi ekki við þar sem halli á þaki nái ekki 18° og hafi fallvarnir því ekki verið nauðsynlegar. V telur að slys M megi rekja til hans eigin háttsemi en ekki á ábyrgð X.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri sjónarmið ítrekuð en því sérstaklega mótmælt að M hafi haft það hlutverk sérstaklega að taka út aðstæður á þaki heldur hafi það verið í verkahring verkstjóra X.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M, sem slasaðist við fall af þaki hinn 26. september 2022. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að X hafi verið atvinnurekandi í skilningi 17. gr. laga nr. 46/1980 og liggja engin gögn fyrir í málinu um að samið hafi verið um yfirverkstjórn annars en X vegna verksins þó samið hafi verið við undirverktaka um framkvæmd einstakra verkliða. Af því leiðir að fyrirsvarsmenn X áttu að stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Það þýðir að X átti að sjá til þess að fallvarnir væru til staðar á vinnustaðnum, en skýrsla Vinnueftirlitsins frá 26. september 2022 sýnir að þær hafi vantað og að úrbætur hafi síðan verið gerðar af hálfu X. Það að tveir aðrir starfsmenn á vegum X hafi metið aðstæður hættulegar breytir ekki því að almennar skyldur skv. lögum nr. 46/1980 og reglum settum á grundvelli þeirra laga hvíldu á X. Ekki liggja fyrir gögn í málinu frá X um hvernig

þeim skyldum var sinnt eða gögn sem staðfesta það verklag sem V vísar til að hafi verið á verkstað um að M hafi átt að bera ábyrgð á því að meta aðstæður sérstaklega. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V. Með vísan til niðurstöðu Vinnueftirlitsins um að fallvarnir hafi skort á slysstað og því að ekki liggur annað fyrir en að X hafi borið skyldur til að gera slíkar ráðstafanir og sinna verkstjórn verður X að meta X það til gáleysis að hafa ekki sinnt öryggisráðstöfunum með fullnægjandi hætti.

Hvað varðar háttsemi M sjálfs verður að meta hana með hliðsjón af 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 óháð því hvort M teljist vera starfsmaður X eða undirverktaka. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna með óyggjandi hætti að háttsemi M hafi valið í sér verulegt frávik frá því sem ætlast mátti til af honum og telst því ósannað að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi sem leiddi til líkamstjóns hans. M á því rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 383/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð. Veitur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. ágúst 2022, þegar M kom aftur í fasteign sína að loknu sex vikna frí erlendis hafi komið í ljós að heitt vatn hafði lekið frá hituveitunntaki að heimili hennar og valdið umtalsverðu tjóni á eigninni. Byggir M á því að tjón hennar megi rekja til ófullnægjandi viðhalds á lögnum í eigu X. X hafi skuldbundið sig til að afhenda heitt vatn til M og sé á ábyrgð þess að sjá um viðhald umræddrar leiðslu svo hún valdi ekki tjóni. Beri X þá sönnunarbyrði þess að bilun leiðslunnar sé að rekja til annarra orsaka en ónægs viðhalds. Þá vísar M jafnframt til laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 enda beri X ábyrgð á því að heitt vatn berist kaupendum með öruggum hætti, og dóms Landsréttar í máli nr. 200/2019. Á grundvelli framangreinds hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 18. október 2022, á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á saknæma háttsemi X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að X sé ekki með í gildi skaðsemisábyrgðartryggingu hjá V. Þess utan sé ekki hægt að líta svo á að leki í lögnum geti verið ágallí á vöru í skilningi laganna. Til þess að tjón M teljist skaðabótaskyld, og bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V þurfi að sýna fram á að tjóninu hafi verið valdið af saknæmri og ólögmatrí háttsemi sem X beri ábyrgð á. Beri M því sönnunarbyrði þess að um vanrækslu eða aðra háttsemi sem leitt geti til bótaskyldu hafi verið að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi hitaveiturör gefið sig vegna tæringar. Um hafi verið að ræða ófyrirséða bilun í stofnlögnum fráveitukerfis sem X hafi ekki haft upplýsingar um fyrr en tjón var orðið. Samkvæmt verklagsreglum X hafi ekki verið skylt að sinna sérstöku viðhaldi á lögnum á grundvelli aldurs hennar. Þá er því hafnað að tilgreindur Landsréttardómur hafi fordæmisgildi enda hafi í því máli verið um að ræða langvarandi leka frá lögnum og viðkomandi veitufyrirtæki látið bera hallann af skorti á sönnun þess að orsakir bilunarinnar væri ekki að rekja til háttsemi eða atvika sem það bar ábyrgð á.

Álit.

Fyrir liggur að X er ekki með í gildi skaðsemisábyrgðartryggingu hjá V. Þar sem starfssvið nefndarinnar, sbr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem gildi tóku 1. janúar 2022, er bundið við réttarágreiningu um váttryggingarsamninga og dreifingu váttrygginga, koma röksemdir aðila hvað þann þátt varðar því ekki til frekari skoðunar.

Kemur þá aðeins til skoðunar hvort M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns en hún tekur til munatjóns þriðja aðila beri X skaðabótaábyrgð vegna þess. Hefðbundin skilyrði skaðabótaskyldu eru fyrir hendi en ekki er um það að ræða að X beri hlutlæga ábyrgð á lögnum í þess eigu. Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir þá samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Samkvæmt V, og hefur því ekki verið mótmælt, var um tæringu í lögnum að ræða, og liggur ekki annað fyrir en að bilunin hafi komið upp án fyrirvara. Þá er ekki sýnt fram á að gerð eða aðbúnaður lagnarinnar eða viðhald hennar hafi verið óforsvaranlegt. M verður að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar.

Hvað varðar tilvísun til Landsréttardóms í máli 200/2019, verður að telja að atvik þar hafi verið nokkuð önnur, þar eð viðgerð á lögnum og eftirfarandi förgun hennar fóru fram án þess að skýrt væri eða rannsakað hvað olli leka frá lögnum. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki talið sýnt að þær aðstæður séu hér fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 385/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. nóvember 2023, ásamt skilmála.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 6. desember 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er málavöxtum lýst með þeim hætti að M hafi tilkynnt vatnstjón til V þann 8. ágúst 2022. Um var að ræða rakaskemmdir í vegg í eldhúsi íbúðar M í fjölbýlishúsi. V samþykkti bótaskyldu úr fasteignatryggingu fjölbýlishússins þar sem íbúð M er staðsett og fóru verktakar á vegum V í íbúð M og fjarlægðu eldhúsinnréttingu, bæði þann hluta sem varð fyrir rakaskemmdum og svo einnig aðra hluta innréttingarinnar að beiðni M. Auk þess var gert tjónamat vegna tjónsins og nemur fjárhæð þess kr. 776.936. Telur M þetta vera of lágt mat fyrir eldhúsinnréttingu. Að auki hafi vinnubrögð verktaka leitt til þess að vatn fór yfir innréttingar og gólf í eldhúsi og í lím undir gólfduík. Það hafði þær afleiðingar að mygla fór af stað í eldhúsinu. Ekki var tekið tillit til tjóns á gólfduík í tjónamatinu. Þá telur M einnig að verktaki á vegum V hafði viðhaft litlar sem engar ráðstafanir til að hindra að óloft bærast um íbúð og ekki hafi verið tekið tillit til þess í tjónamatinu að M varð í kjölfarið það veikur að hann flutti úr íbúðinni og í leiguhúsnæði með ærnum tilkostnaði. Telur M fjárhagslegt tjón sitt nema um 8 milljónum króna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða V að tjón M sé að fullu bætt úr þeirri tryggingu sem til staðar var og hafnar V að á því hvíli frekari greiðsluskylda vegna málsins. Ennfremur hafnar V því að vinnubrögð verktaka hafi orðið til þess að M varð fyrir tjóni enda með öllu ósannað. Vísar V til bótasviðs tryggingarinnar sem finna má í 9. kafla skilmála váttryggingarinnar. Þá vísar V einnig til greinar 13.1. sem fjallar um ákvörðun bóta og telur að M hafi fengið tjón sitt að fullu bætt. Þar kemur fram að bætur skuli miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu sé heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist. Verktakar á vegum V fjarlægðu skemmda innréttingu úr íbúðinni og að ósk M var öll innréttingin fjarlægð og var það gert til samkomulags. Telur V að M hafi ekki þurft að flytja úr íbúðinni vegna tjónsins enda var um að ræða tjón á afmörkuðu svæði. V hafnar því að framkvæmdir verktakans hafi gert það að verkum að búslóð M hafi verið að mestu ónýt og að mygla hafi byrjað vegna framkvæmdanna enda sú fullyrðing ósönnuð. Ekki hafi verið sýnt fram á að skemmdir á gólfduík væru partur af tjóninu. Hann var augljóslega kominn vel til ára sinna og illa farin, óháð tjóninu. Fyrirliggjandi skýrsla staðfesti að myglu var að finna um alla íbúð, ekki eingöngu í eldhúsi. Hvergi sé í skýrslunni að finna umfjöllun um orsök myglunnar né hvar sýnin voru tekin.

Í viðbótarathugasemdam sínum andmælir M því sem fram kemur í afstöðu V. Þar kemur m.a. fram að vatn hafi farið yfir alla neðri eldhúsinnréttingu og gólfduík og telur hann því að innréttingarnar hafi verið ónýt og vatn hafi komist undir gólfduíkinn. Viðgerðir hafi staðið yfir í 38 daga og þurfti hann að fara þrívægis úr íbúðinni af heilsufarsástæðum. Telur M að verktakinn hefði átt að endurnýja allar þrjár lagnir í vegg frá annarri hæð niður undir gólf fyrstu hæðar. Tryggja hefði mátt loftgæði í íbúð hans sem var ekki gert. Eðlilegur framkvæmdatími á slíku verki er vika, hámark 10 dagar en ekki 38 dagar.

Í viðbótarathugasemdam V kemur fram að erfitt sé að átta sig á því hver ágreiningurinn sé og að V telji það vera frávísunarástæðu, sbr. g-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Telur V þó rétt að benda á að bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki, sbr. grein 9.1.1. í skilmála váttryggingarinnar. Tryggingin bæti ekki tjón á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni og lesa má af málgögnum greinir málsaðila á um umfang þess tjóns sem varð á íbúð M og tilkynnt var til V þann 8. ágúst 2022. M telur að umfangið sé meira og að hann eigi rétt á hærri bóttum en honum hafa verið boðnar. M telur að vatnstjón hafi orðið á gólfdukk eldhússins við tjónið og að mygla hafi farið stað í eldhúsinu, eldhúsinnrétting hafi öll verið ónýt vegna raka og myglugróa og að hann hafi þurft að flytja úr íbúð sinni vegna viðgerðanna sem stóðu yfir í 38 daga. Þá gerir M athugasemd við það að allar þrjár lagnir í vegg hafi ekki strax í upphafi verið endurnýjaðar. Ekki verður talið að málið sé það óljóst, illa upplýst eða kröfur M svo óskýrar að það sé ekki tækt til úrskurðar. Er kröfu V um frávisun á grundvelli g-liðar 4. gr. samþykkt nefndarinnar þar að leiðandi hafnað.

M ber sönnunarbyrðina fyrir því að umfang tjónsins sé meira en V þegar þegar fallist á að greiða. Í málinu liggja fyrir ýmsar ljósmyndir frá M sem teknar voru á verktíma og sýna skemmdar lagnir í eldhúsvegg og það uppbrot sem framkvæmt var af verktökum á vegum V. Það liggja hins vegar ekki fyrir neinar skýrslur eða matsgerðir sem sýna fram á það, að umfang tjónsins nemi hærri fjárhæð en þeirri sem fram kemur í tjónamati V. Þannig hafa engin gögn verið lögð fram sem sýna fram á umfang þess tjóns sem varð á eldhúsinnréttingu M, né heldur gögn sem sýna fram á að gólfdukkur hafi skemmt við umrætt tjón. Fyrirliggjandi skýrsla sem sýnir myglu í húsnæðinu getur ekki orsök myglunnar né að myglan tengist vatnstjóni því sem hér um ræðir.

Samkvæmt grein 9.1.1. í þágildandi skilmála húseigendatryggingar hjá V greiðir váttryggingin kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast því ekki. Þá bætir tryggingin ekki tjón á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálf rörin eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra sbr. grein 9.1.9. Samkvæmt framangreindu fellur endurnýjun á lögnum sjálfum ekki undir gildissvið tryggingarinnar. Er það því á ábyrgð húseignenda að taka ákvörðun um og greiða kostnað vegna endurlagnar á lögnum húsnæðis umfram tjónaviðgerð. Með vísan til alls ofangreinds verður að telja að M hafi ekki tekist sönnun um að umfang tjónsins sé meira en V hefur þegar fallist á að greiða þ.m.t. vegna afnotamissis húsnæðis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bóttum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 386/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Gildistími váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot dags. 16. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. desember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvartað sé vegna niðurfellingar kaskótryggingar A og B. Báðar bifreiðar hafi verið með gilt tryggingarskírteini frá 1. apríl 2022 til 31. mars 2023. Hinn 9. mars 2023 hafi A verið færð af nafni M og hann hætt að greiða iðgjöld vegna hennar. M hafi aldrei fengið tilkynningu um breytingar á tryggingum og greiði nú vegna einnar bifreiðar um helming þess sem hann greiddi í iðgjöld vegna lögbundinna ábyrgðartrygginga og kaskótrygginga tveggja bifreiða. Hann hafi þá ekki fengið váttryggingaskírteini vegna B þrátt fyrir að hafa óskað eftir því. Í frekari samskiptum M við V kemur þá fram að hann hafi undir höndum tölvupóst frá starfsmanni V um að „hún hafi endurvakið tryggingar“ hans eftir að hann hefði gert upp skuld sína við V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að A og B hafi verið tryggðar hjá V hinn 1. apríl 2018 og hafi þá verið um að ræða bæði ábyrgðar- og kaskótryggingar. Hinn 9. júlí 2022 hafi váttryggingaskírteini með gildistímamann 1. apríl 2022 til 31. mars 2023 verið fellt úr gildi vegna vanskila. Vanskilin hafi verið greidd hinn 13. ágúst 2022 og ábyrgðartrygging sett í gildi en ekki hafi verið óskað eftir kaskótryggingu. Skírteinið hafi svo verið fellt vegna sölu hinn 7. mars 2023. Í fyrirbyggjandi váttryggingaskírteini komi skýrt fram að A og B hafi ekki verið tryggðar kaskótryggingu á tímabilinu 13. ágúst 2022 til 31. mars 2023. Er þá vakin athygli á því að til þess að kaskótrygging taki gildi þurfi að framkvæma sérstaka kaskóskoðun sem ekki hafi verið gert í þessu tilviki.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það sé ekki rétt að hann hafi ekki óskað eftir því að A og B væru tryggðar kaskótryggingu, þvert á móti hafi hann tekið það skýrt fram við nánar tilgreindan starfsmann V að bifreiðarnar yrðu að vera í kaskó þar til lán af þeim væru uppgreidd. Samskipti M og starfsmannsins hafi ýmist verið símleiðis eða með tölvupóstum og hafi þar ekkert komið fram um að kaskóskoðun væri áskilin. Þá hefðu A og B verið tryggðar kaskótryggingu hjá V frá því þær voru nýjar. Hinn 15. ágúst, og um miðjan október, 2022, hafi M skráð sig inn á mínar síður hjá V og þá hafi báðar bifreiðarnar verið í kaskó. Hafi hann þá ekki fengið neina tilkynningu frá V um breytingu á tryggingum og hafi upphæð iðgjalda ekki gefið neinar breytingar til kynna.

Álit.

Kröfugerð M er ekki svo skýr sem best yrði á kosið en þó þykir mega ráða af henni að hann fari fram á úrskurð nefndarinnar um það að A og B hafi verið tryggðar kaskótryggingu á tímabilinu 13. ágúst 2022 til 7. mars 2023 að því er A varðar og til 31. mars 2023 og frá 1. apríl 2023 að því er B varðar.

Í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er fjallað um úrræði váttryggingafélags komi til greiðsludráttar á iðgjaldi. Segir þar í 3. mgr. 33. gr. að ef iðgjald er greitt eftir lok síðari greiðslufrests, þ.e. eftir að váttrygging er fallin úr gildi vegna vanskila, skuli líta á greiðsluna sem ósk um nýja váttryggingu. Þá gildi regla 3. mgr. 13. gr. laganna en hún kveður á um að hafi váttryggingartaki sent skriflega beiðni um tiltekna váttryggingu og ljóst sé að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina hefjist ábyrgðartími félagsins þegar við móttöku slíkrar beiðni. Í gr. 27.1 skilmála V vegna kaskótryggingar segir svo að váttrygging taki gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hafa fengið váttryggingarbeiðnina í hendur og skoðað ökutækið nema um annað sé samið.

Ágreiningslaust er að váttryggingar A og B féllu úr gildi vegna vanskila frá 9. júlí 2022, og liggur fyrir bréf sem stílað er á M þar sem tilkynnt er um niðurfellingu váttryggingaskírteinis A vegna þess. Er þar jafnframt tilgreint að eftirstæðar afborganir tímabilsins, að fjárhæð 159.600 kr., falli niður. Sambærilegt

bréf liggur fyrir vegna vátrygginga B og kemur fram að niðurfelldar eftirstæðar afborganir séu að fjárhæð 161.888 kr. Í kjölfar þess að vanskil voru greidd upp gengu lögmæltar ábyrgðartryggingar A og B í gildi að nýju og liggja fyrir vátryggingaskírteini þess efnis og eru iðgjöld A vegna tímabilsins frá 13. ágúst 2022 til 31. mars 2023 105.194 kr., en iðgjöld vegna B 102.539 kr. Kemur þá fram á nefndum skírteinum að um sé að ræða ábyrgðartryggingu, slysatryggingu ökumanns og eiganda og bílrúðutryggingu, en kaskótrygging er ekki talin upp. Má þá ráða af framangreindu að iðgjöld hafi verið töluvert lægri eftir 13. ágúst 2023, og hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi greitt hærri fjárhæðir en tilgreindar eru á hinum nýju vátryggingaskírteinum. Þá hefur M ekki lagt fram nein gögn er styðji þær fullyrðingar hans að bifreiðarnar hafi verið skráðar í kaskótryggingu er hann skráði sig inn á svæði viðskiptavina á heimasíðu V um miðjan ágúst, og aftur um miðjan október, 2022. Þá liggja engin frekari gögn fyrir um samskipti M við nafngreindan starfsmann V og verður því ekki fullyrt um hvað þeim fór í milli.

Af öllu framangreindu leiðir að greiðsla M hinn 13. ágúst 2022 hafi falið í sér ósk um nýja vátryggingu. Hins vegar er ekki ljóst að V hefði þegar samþykkt beiðni um kaskótryggingu, enda er áskilið í skilmálum þess að sérstök skoðun eigi sér stað nema um annað sé samið. Það er mat nefndarinnar að M hafi ekki sýnt fram á að um annað hafi verið samið. Hvað varðar afhendingu vátryggingaskírteina þá bera framlögð skírteini það með sér að vera stíluð á M á ótilgreint heimilisfang, en telja verður að það sé á ábyrgð M að V hafi undir höndum rétt heimilisfang þannig að samskipti séu möguleg. Jafnframt verður að ætla að umrædd skírteini séu aðgengileg með innskráningu á heimasíðu V.

Verður samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

Kröfu M á hendur V er hafnað.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 389/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 17. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. október 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. febrúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M fór í ferðalag til Tælands þann 3. janúar 2022 og átti ferðalagið að vara til 3. mars 2022. Ferðalagið tók snöggan endi þegar M varð fyrir slysi hinn 9. janúar 2022. Í slysinu ökklabrotnaði M og hlaut brot við hné. M þurfti vegna slyssins að flýta heimför og hefur gert kröfu um endurgreiðslu kostnaðar og endurgreiðslu ferðar úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V. Með bréfi dags. 18. október 2022, hafnaði V kröfu M um frekari bætur.

M telur að það hafi verið læknisfræðilega nauðsynlegt að flýta heimför og að sú ákvörðun hafi verið tekin í samráði við SOS International. M hafi verið í gipsi upp að nára og hafi því verið ákveðið í samráði við lækni hjá SOS að betra væri ef hún biði í Tælandi þar til hægt væri að fjarlægja stóra gifsíð og hún gæti þá flogið heim í góðu sæti í stað þess að fljúga heim á börum. Vegna þessa dvaldi M ásamt eiginmanni sínum á hótélum í Pattaya þar til skipt var um gifs og flugu þau heim 2. febrúar 2022. Á þessum tíma urðu þau fyrir töluverðum fjárútlátum vegna hótélgistingar, sjúkrakostnaðar og ferðakostnaðar. Vegna slyssins eyðilagðist ferð M og eiginmanns hennar. Tóku þau allar ákvarðanir í samráði við ráðleggingar lækna og SOS og var heimför nauðsynleg þar sem ómögulegt var fyrir M að halda ferð sinni áfram eftir slysið. Vísar M til þess að skilmálar V eru einhliða samdir og beita ber andskýringarreglu við túlkun þeirra. Telur M ljóst að tjón hennar vegna útlagðs kostnaðar og nauðsynlegs aukadvalarkostnaðar sé vanbætt og eins eigi hún rétt til endurgreiðslu ferðar sem óbætt sé.

V greinir frá því að allur sjúkrakostnaður og aukakostnaður vegna fótbrotsins hafi verið greiddur. Auk þess sem endurgreiddur hafi verið óafturkræfur ferðakostnaður hlutfallslega vegna þeirra daga sem M lá á sjúkrahúsi í samræmi við grein 4.6.1. í skilmála greiðslukortatryggingar M. SOS neyðarþjónustan hafi ekki talið það læknisfræðilega nauðsynlegt að M þyrfti að fara fyrir heim. Var M upplýst um að einungis er samþykkt að rjúfa ferð og flýta heimferð í þeim tilvikum sem tjónþoli þarf bráðaskurðaðgerð í heimalandi eða ef ekki er hægt að veita meðferð á ferðastað. Afstaða V er að samkvæmt skilmála eru ekki skilyrði fyrir endurgreiðslu óafturkræfs ferðakostnaðar en eigi að síður hafi V greitt fyrir nýja flugmiða heim. V hafi greitt þær bætur umfram skyldu.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að hún hafi ekki getað haldið ferð sinni áfram vegna afleiðinga slyssins. Vísar M til færslna í skrá SOS og sjúkraskrá LSH því til stuðnings.

V ítrekar fyrri afstöðu í viðbótarathugasemdum sínum og vísar til þess að skilyrði greinar 4.6.1 í skilmála greiðslukortatryggingar séu ekki uppfyllt í tilviki M.

Álit.

Ágreiningur er í málinu um túlkun á ákvæði gr. 4.6.1. í váttryggingarskilmálum V. Þar kemur fram að hlutfallsleg endurgreiðsla óafturkræfs ferðakostnaðar sé háð þeim skilyrðum að váttryggður þurfi skv. skriflegu læknisráði, og með samþykki V og SOS International, að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. Þurfa öll skilyrðin að vera uppfyllt. Gegn synjun V, verður ekki annað ráðið en að hvorki V né SOS International hafi gefið samþykki fyrir því að ferðin yrði rofin og M héldi fyrir heim en áætlað var, eins og áskilið er í fyrrnefndu ákvæði váttryggingarskilmála V. Ekki er dregið í efa að veikindi M hafi verið þess eðlis að hennar ákvörðun um að flýta heimför hafi verið skynsamleg í ljósi ferðaáætlana M og eiginmanns hennar. Fyrirnefnd skilyrði um samþykki V og SOS International voru hins vegar ekki uppfyllt og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda vegna frekari endurgreiðslu óafturkræfs ferðakostnaðar hjá V. Hvað varðar aukinn kostnað M vegna útlagðs kostnaðar og nauðsynlegs aukadvalarkostnaðar, þá hefur M ekki lagt fram

nein gögn sem sýna fram á hvaða kostnað um ræðir en V hefur haldið því fram að greiddur hafi verið allur sjúkrakostnaður og aukakostnaður vegna fótbrotsins á grundvelli greinar 4.3.1. í skilmála greiðslukortatryggingarinnar. Annar kostnaður en sá sem fellur undir sjúkrakostnað skv. grein 4.3., fellur ekki undir skilmála tryggingarinnar. Með vísan til alls ofangreinds, á M ekki rétt á frekari bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 391/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (A)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 18. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á leið heim úr vinnu 2. maí 2021 þegar hann kom hjólandi á stíg í Kópavogi þar sem tvær þverslár hafi verið staðsettar þvert á göngustíginn og hann hafi gert sér of seint grein fyrir hæð þeirra og bils á milli þeirra og rak stýri reiðhjólsins í aðra þverslána. Hann hafi fallið til jarðar og hlotið áverka. M leggur áherslu á að aðstæður voru aðrar miðað við myndir sem fylgdu afstöðu félagsins. Með málskotinu fylgir mynd sem var tekin 13.8.21 og sýnir tvö mismunandi hlið sem lokuðu stígnum að hluta og kemur fram að M hafi lent með stýri á hægri hliðið. Einnig kemur fram að á myndum sjáist að búið er að samræma bæði hliðin þ.e. þau séu af sömu gerð ásamt því að skilti hafi verið sett upp.

M byggir á því að A hafi brotið vegalög með því að hafa stéttina í því ástandi sem hún var í umrætt sinn en í lögnum sé kveðið á um athafnaskyldur veghaldara sem sé A í þessu tilviki. Í málskotinu eru ákvæði laganna rakin að þessu leyti. Þá kemur fram að Vegagerðin og sveitarfélögin hafi sett fram leiðbeiningar árið 2019 þar sem markmiðið var að tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð hjólréiðamanna. Í leiðbeiningunum komi fram að þverslár geti verið hættulegar hjólréiðamönnum og því sé mikilvægt að lýsing við þær sé í lagi og endurskinsborðar á þeim. Þá hafi efri hæð þverslár verið 110,5 sentimetrar sem sé sama hæð og stýri reiðhjóls M. Rík skylda hafi hvílt á A að sinna viðhaldi þar sem um er að ræða göngustíg sem fjöldi hjólréiðamanna fari um. Auðvelt hefði verið fyrir A að setja upp viðvaranir til að vekja athygli vegfaranda á framkvæmdunum. Athafnaleysið telur M verulegt gáleysi og því sé ljóst að A beri skaðabótaábyrgð á slysinu skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafni bótaskyldu á þeim grundvelli að slysið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á. V hafnar þeim röksemdum að göngustígurinn hafi ekki verið í samræmi við ákvæði vegalaga eða í samræmi við hönnunarleiðbeiningar fyrir reiðhjól. Óumdeilt sé að stígnum sé haldið við af fé sveitarfélaga eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 en skv. 2. mgr. sömu greinar eigi ákvæði vegalaga einnig við um almenna stígi eftir því sem við eigi. Skv. 12. gr. beri veghaldari ábyrgð á veghaldi vegar og beri að gæta að umferðaröryggi að teknu tilliti til umhverfis- náttúru- og minjaverndar. Skv. 56. gr. laganna sé mælt fyrir um skaðabótaábyrgð veghaldara ef sýnt er fram á að tjóni hafi verið valdið með saknæmri og ólögætri háttsemi veghaldara. Beri tjónþola sem endranær sönnunarbyrði fyrir því að sýna fram á að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða sem hafi valdið tjóni. Fram kemur í bréfinu að miðað við aðstæður á slysdegi sé ekkert varðandi frágang eða umbúnað stígsins eða þeirra þrenginga sem hafi verið á stígnum sem brjóti gegn ákvæðum vegalaga. Til að tryggja öryggi gangandi vegfaranda hafi sveitarfélög (veghaldarar) víða komið upp þverslám á göngustígum í því markmiði að halda niðri hraða hjólandi vegfarenda og koma í veg fyrir akstur ökutækja um göngustíga. Þá kemur fram hjá V að öllum megi vera fullljóst að bilið milli þverslána skv. myndum sem M lagði fram sé meira en 1,5-2 og sömuleiðis sé ljóst að þverslárnar skarist ekki. Þá séu þær vel sýnilegar hverjum sem eigi leið um göngustíginn. Stýri reiðhjóla séu í mismunandi hæð og því sé röksemdum hafnað um að stýri M hafi verið í sömu hæð og þverslárnar. Staðsetning þverslána sé sú sama og fyrir slysið og engar stórvægilegar breytingar hafi verið gerðar á þeim. Ekki hafi verið þörf á því að vekja athygli á framkvæmdum þar sem þær hafi ekki verið fyrir hendi. Það hafi því ekkert kallað á sérstakar merkingar og slíkar fullyrðingar eigi ekki við rök að styðjast.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort frágangur við stíg í sveitarfélaginu A hafi verið með þeim hætti að tjón M sé að rekja til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi A. M ber sönnunarbyrði fyrir því að slysið sé að rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Skv. 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber sveitarfélögum og ríki að halda við almennum stígum og skv. 56. gr. laganna ber veghaldari ábyrgð á tjóni sem rakið er til gáleysis hans við veghaldið og sannað sé að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. M heldur því fram að A hafi átt að setja upp viðvörun vegna framkvæmda en hins vegar kemur ekkert fram í gögnum málsins sem sýna að það hafi verið framkvæmdir á stígnum. Það verður því ekki séð að slík viðvörun hafi skipti máli vegna slyss M. Í hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar er tiltekið að þegar nota eigi tvær þverslár eigi bilið á milli þeirra að vera 1,5-2 metrar ef þær skarast ekki og að mikilvægt sé að lýsing við þær sé í lagi. Af myndum sem fylgja gögnum málsins má sjá að þverslárnar skarast ekki og ekki hefur verið sýnt fram á að bilið sé minna en 1,5 metrar. Þá eru slárnar augljósar hverjum þeim sem leið á um stíginn og slysið átti sér stað í maí þegar bjart er allan sólarhringinn. M hefði því átt að vera í lófa lagið að gæta sín á þverslánunum. Varðandi þann málatilbúnað M að það hafi skipt máli að hæð stýris á hjólinu hafi verið í sömu hæð og efri hæð þverslárinnar þá er vert að taka fram að hæð stýra á hjólum eru eins misjöfn og fólk og flest og því geta sum stýri verið í sömu hæð og efri hæð þverslárinnar en önnur eru það ekki. Er því ekki séð að hæð þverslár skipti máli í þessu sambandi. Með vísan til framangreinds og framlagðra gagna málsins hefur M ekki sýnt fram á að frágangur stígsins og þversláanna sé ekki í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar til slíkra mannvirkja. Með vísan til þess er bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.
rafræn undirritun

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 394/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og málgögnum er málavöxtum lýst með þeim hætti að upphaf málsins megi rekja til ofsaveðurs kvöldið 13. nóvember 2022 sem leiddi til lekatjóns í fasteign M. Vegna tjónsins gerðu M kröfu um bætur úr fasteignatryggingu sinni hjá V sem innifelur fok- og óveðurstryggingu. V hefur hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu M. Þegar óveðrið reið yfir stóðu yfir framkvæmdir á þakinu og hafði malarfarg verið fjarlæggt af þakfleti og þrátt fyrir skaplega veðurspá fyrir þá helgi sem framkvæmdir voru fyrirhugaðar, reið ofsaveður yfir þar sem vindhraði fór vel yfir 28,5 m/sek á um 8 klst. löngu tímabili. Vindurinn myndaði sog sem lyfti þakdúknum og við það sogaðist niðurfall sem var límt í dúkinn úr, og aftengdist frárennslislögn sem varð til þess að regnvatn fór niður á loftin í húsinu. Þá rifnaði dúkurinn við kverk þar sem hann hafið verið límdur upp á stein. Um leið og þetta var ljóst hófust menn handa við að koma í veg fyrir frekara vatnstjón innanhúss. Mótmælir M þeirri forsendu V að ekki hafi verið um ofsaveður að ræða og vísar því til stuðnings til upplýsinga á vefsíðu Veðurstofu Íslands um að vindhraðamælingar séu almennt skilgreindar sem meðalvindur á tíu mínútna tímabili. Þá vísar M til þess að samkvæmt 16. gr. almennra skilmála V ber váttryggðum að reyna eftir fremsta megni að afstýra tjóni eða draga úr umfangi þess. Hafi M verið nauðsynlegt að gera við rifu á þakdúk strax í kjölfar tjónsins og ekki gafst tími til þess að kala til og hinkra eftir skoðun V. Starfsmaður V hafi verið kallaður á staðinn af hálfu rekstraraðila í fasteigninni tók hann út tjón á mánudeginum 14. nóvember 2022, fyrsta virka dag eftir umrætt tjón. Hér geti ekki skipt máli hver kallaði starfsmann V til þar sem um ræðir sömu orsök að tjóninu og innan sömu fasteignar. Þegar þakviðgerð lauk, þann 19. nóvember var engan við að tala hjá V nema neyðarvakt sem benti M á að gefa skýrslu á heimasíðu V. Telur M tjón sitt að fullu greiðsluskylt úr fasteignatryggingu V.

V telur bótarétt ekki fyrir hendi úr fasteignatryggingu M hjá V. Þegar M hafi haft samband við V þann 19. nóvember 2022 var framkvæmdum á þakinu lokið og búið var að fjarlægja ummerki um orsök og umfang tjónsins. Hafði starfsmaður V sem fór á vettvang 14. nóvember 2022 vegna tjóns sem rekstraraðili í húsinu tilkynnti, ekki haft neina ástæðu til þess að skoða fasteignina sérstaklega í þeirri heimsókn enda sneri sú tjónstilkynning ekki að meintum skemmdum á fasteigninni. Bendir M á að tjón vegna utanaðkomandi leka falla alla jafna ekki undir húseigendatryggingar og þar sem ekki hafði verið óveður, hafði starfsmaður V engar forsendur til að skoða eða meta tjón á fasteigninni. Telur V að tjónið sé ekki rakið til ofsaveðurs. Samkvæmt skilgreiningu á ofsaveðri þarf meðalvindhraði á tíu mínútna tímabili að fara yfir 28,5 m/sek. Samkvæmt veðurfirliti sem varst frá Veðurstofu var meðalvindhraði hverjar 10 mínútur mestur 14,4 m/sek. Það var því ekki ofsaveður á tjónsdegi né almennt eignatjón á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Þá telur V að orsök tjónsins verði rakin til þess að þakið/dúkurinn þoldi ekki vindálag vegna þess að búið var að fjarlægja malarfargið af þakinu. Tjónið verði þannig rakið til þeirra framkvæmda sem voru í gangi. Þá hafi M ekki aflað matsgerðar eða annarra gagna sem sýna fram á ástand dúksins eða orsök og umfang tjónsins. Verður M skv. meginreglum váttryggingaréttar að bera hallan af sönnunarskorti hvað þetta varðar. Af myndum sem liggja fyrir verði ekki fyllilega ráðið hvort leka eða rakavandamál hafi verið til staðar fyrir 13. nóvember 2022. Af mynd má þó sjá að timbur er nokkuð svart sem er ákveðin vísbending um að langvarandi leka eða rakavandamál hafi verið á lofti fasteignarinnar. Telur V ómögulegt að meta hvort og þá hve mikið tjón á fasteigninni verði rakið til leka sem átti sér stað þann 13. nóvember 2022. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskorti þar sem búið var að fjarlægja efni og framkvæma viðgerðir áður en V gafst kostur á að skoða orsök og umfang tjónsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M sjónarmiðum V um að búið hafi verið að fjarlægja ummerki um orsök og umfang lekans. Viðgerðir voru ekki hafnar þann 21. nóvember 2022 þegar M óskuðu eftir að skoðunarmaður kæmi til að taka út tjónið. Þá hafnar M einnig sjónarmiðum V um skilgreiningu á ofsaveðri og vísar til orðalags skilmála V. Mótmælir M einnig öðrum sjónarmiðum V.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar V að því var ekki gefinn kostur á að meta orsök og umfang tjónsins. Það hafi verið ómögulegt fyrir V að greina orsök þeirra vatnsskemmda sem voru á húsnæðinu. Þá var jafnframt búið að fjarlægja skemmt byggingarefni innandyra þegar tilkynning barst.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur milli málsaðila um það hvort vatnstjón sem varð á fasteign í eigu M falli undir gildissvið vátryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V. Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er kveðið á um bótasvið hennar. Í 4. gr. skilmálans kemur fram að vátryggingin greiði bætur vegna tjóns á hinu vátryggða af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Hafa báðir málsaðilar lagt fram gögn um vindhraða á tjónsdegi og verður ekki annað séð en að vindkviður hafi náð 28,5 metrum þennan dag. Ekki verður fallist á þá túlkun V að meðalvindhraði á tíu mínútna tímabili þurfi að fara yfir 28,5 m/sek., svo tjónið teljist af völdum ofsaveðurs enda kemur það ekki fram í skilmála vátryggingarinnar. Hefði V verið í lófa lagið að orða umrætt ákvæði með skýrari hætti, hafi V ætlað þrengja gildissvið vátryggingarinnar þannig að meðalvindhraði á tíu mínútna tímabili þurfi að fara yfir 28,5 m/sek. Verður því lagt til grundvallar að um ofsaveður í skilningi fyrrgreinds skilmálaákvæðis hafi verið að ræða á tjónsdegi. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir nein skoðunar- eða álitsgerð sem sýnir fram á orsök eða umfang þess tjóns sem M telja að rekja megi til ofsaveðursins þann 13. nóvember 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum vátryggingaréttar, ber þeim sem gerir kröfu um bætur úr vátryggingu að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður talið að M verða að bera hallan af sönnunarskorti í málinu hvað þetta varðar og eiga M því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 396/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega****Umfang tjóns. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttækið 20. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. nóvember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 30. nóvember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 6. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast 20. apríl 2020 og mat á læknisfræðilegum afleiðingum slyssins, sem M og V stóðu sameiginlega að, hafi legið fyrir hinn 23. desember 2021 þar sem M hafi verið metinn til 8% læknisfræðilegrar örorku. V greiddi bætur úr slysáttryggingu launþega á grundvelli þessa mats og gerði M fyrirvara við niðurstöður þess við móttöku bóta frá V. Hinn 27. maí 2022 sendi lögmaður M afrit af nýrri matsbeiðni vegna kröfu M í ábyrgðartryggingu hjá öðru váttryggingafélagi vegna sama slyss. Þar upplýsti lögmaður M um að fyrirhugað væri að meta aftur læknisfræðilegar afleiðingar slyssins og ósk um að félagið upplýsti hvort það ætlaði að bera fyrir sig fresti í váttryggingarskilmálum vegna þessa. Í svörum starfsmanna V í tölvupóstum bæði 28. og 31. maí 2022 kemur fram að sex mánaða frestur sé til endurmats frá fyrri matsgerð en þó þurfi slík matsgerð að berast innan þriggja ára frá slysdegi. Í tölvupósti V frá 31. maí 2022 kemur fram að þriggja ára frestur renni ekki út fyrir en 20. apríl 2023 muni félagið ekki bera fyrir sig að matsfrestur sé liðinn fyrr en við það tímamark í fyrsta lagi en hægt sé að hafa samband varðandi frest ef matið liggja ekki fyrir fyrir þann tímaramma. Nýtt mat lá fyrir hinn 5. apríl 2023 og sendi M kröfu um frekari bætur til V hinn 13. apríl 2023 þar sem M er metinn til 25 stiga miska skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. V hafnaði greiðslu frekari bóta hinn 25. maí 2023 og vísaði til þess að bætur væru uppgerðar og að V hefði ekki samþykkt matsbeiðni vegna endurmats og væri því ekki aðili að seinna mati. Eftir athugasemd frá lögmanni M lýsti V afstöðu sinni hinn 13. júní 2023 og að mati félagsins og trúnaðarlæknis þess væri seinna matið á afleiðingum slyss M of hátt auk þess sem ítrekað var að V hefði ekki staðið að seinna matinu.

M telur að greiða eigi bætur á grundvelli matsgerðar tveggja matsmanna dags. 5. apríl 2023 fyrir 25% læknisfræðilega örorku. Í fyrsta lagi bendir M á að hann hafi tekið við bótagreiðslu á grundvelli 8% mats með skýrum fyrirvara um rétt til að krefjast endurmats og frekari kröfur gagnvart V og hafi því ekki verið um fullnaðaruppgjör að ræða. Einnig bendir M á að V hafi verið upplýst um fyrirhugað mat. Í öðru lagi bendir M á að í 4. gr. váttryggingarskilmála V sé gert ráð fyrir ákveðnu verklagi vegna matsgerða þar sem fram komi: „*Vilji váttryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumat sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.*“ M byggir á því að unnið hafi verið eftir þessu verklagi og V hafi ekki nýtt sér möguleika til að koma að nýju mati. M bendir á að orðalag váttryggingarskilmála sé staðlað og það sé einhliða af hálfu V. Sjónarmið V um að það að seinni matsgerð sé einhliða hafi því ekki stöð í váttryggingarskilmálum sem geri ráð fyrir því að tjónþoli geti farið í einhliða mat við þessar aðstæður. Í þriðja lagi bendir M á að yfirlýsing V í tölvupósti frá 31. maí 2022 sé bindandi fyrir V um að það muni ekki bera fyrir að matsfrestir skv. 4. gr. váttryggingarskilmála séu liðnir. Einnig bendir M á að afstaða V og trúnaðarlæknis félagsins sé órökstudd hvað varðar það að mat á læknisfræðilegri örorku í mati dags. 5. apríl 2023 sé of hátt. M bendir einnig á að sú matsgerð sé unnin af taugalækni sem sé sérfræðingur í taugaskaðaeinkennum, en það séu einkenni sem M hafi fengið í kjölfar slyss síns sem bótaskyld sé úr slysáttryggingu launþega hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur álitafæni í málinu vera annars vegar það hvort „utanréttarmat“ sem M hafi aflað í samráði við annað váttryggingafélag sé æðra en fyrirbyggjandi sameiginlegt mat M og V. Hins vegar hvort V sé bundið af matsniðurstöðum sem M aflaði ásamt öðru váttryggingafélagi og beinist ekki að félaginu. V vísar til þess að báðar matsgerðir séu „utanréttarmöt“ og einn læknir í hvoru mati

sem hafi haft sömu gögn til mats á áverkum M til læknisfræðilegrar örorku. V telur að fyrra mat á afleiðingu sér réttara þar sem það samsvari ekki algjörri lömum taugar eins og seinna mat virðist gera ráð fyrir og telur V það ekki réttilega heimfært til miskatöflu. Einnig vísar V til þess að um jafnsett mót sé að ræða, „utanréttarmöt“, og ekki á valdi úrskurðarnefndar að gera upp á milli þeirra þar sem það væri háð frjálsu sönnunarmati dómara ef á reyndi. Einnig vísar V til þess að ákvæði váttryggingarskilmála bindi V ekki við að fara eftir því mati sem lagt sé fram heldur sé þar vísað til þess að mat sé lagt fram innan tímafresta og áréttar V á að það beri ekki fyrir sig að matið hafi verið lagt fram of seint. V hafi síðan tækifæri til að taka afstöðu til þess hvort leggja eigi nýtt mat til grundvallar, þó háð því að V hafi staðið að matinu.

Í viðbótarathugasemdum M er bent á að seinna mats hafi verið aflað í samræmi við orðalag 4. gr. váttryggingarskilmála V og hafi það að bæði fyrra og seinna mat séu „utanréttarmöt“ takmarkaða þýðingu að mati M. Einnig áréttar M að V hafi fengið matsbeiðni og öll gögn send vegna seinna mats og haft næg tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirkomulagið eða koma að sínum sjónarmiðum. M telur að hlutverk úrskurðarnefndar sé að taka ákvörðun um ágreining um váttryggingarsamning, í þessu tilviki efni skilmála slysáttryggingar launþega hjá V og hvaða skyldur skilmálarnir fela í sér. Einnig bendir M á að 4. gr. váttryggingarskilmála geri ráð fyrir ákveðnu verklagi þegar annar aðilinn er ósáttur við fyrirliggjandi matsniðurstöðu og gildi það bæði um V og þá sem gera kröfu um bætur skv. sömu skilmálum. Einnig er ítrekað að V semji einhliða umrædda skilmála og ber sjálft hallann af því ef orðalag þeirra er óskýrt. Að lokum bendir M á að óumdeilt sé að seinni matsgerð hafi verið lögð fram innan tímamarka skv. 4. gr. váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega og eigi því að leggja hana til grundvallar bótaákvörðun.

Álit.

Í málinu liggja fyrir tvær matsgerðir vegna mats á læknisfræðilegri örorku M vegna slyss hans, annars vegar matsgerð eins læknis frá 23. apríl 2021 þar sem M er metinn til 8% læknisfræðilegrar örorku (fyrra mat) og hins vegar mats læknis og lögfræðings þar sem M er metinn til 25 miskastiga skv. 4. gr. skaðabótalaga. Í váttryggingarskilmálum V segir að örorku skuli meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Ágreiningur er um hvort leggja eigi fyrri matsgerð til grundvallar við endanlegt bótauppgjör eða þá seinni, en M gerði skýran fyrirvara við móttöku bóta á grundvelli fyrri matsgerðar og verður greiðsla þeirra bóta af hálfu V ekki talin fela í sér fullnaðaruppgjör.

Í málinu reynir á ákvæði í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega hjá V, en í 4. gr. þeirra skilmála kemur eftirfarandi fram: „*Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slysdegi og eigi fyrr en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi váttryggðs þá. Telji váttryggði eða félagið að örorku geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. [...]*Vilji váttryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.“

Í málinu verður ekki annað séð en að lögmaður M hafi fylgt fyrirmælum váttryggingarskilmála V varðandi öflun seinni matsgerðar dags. 5. apríl 2023 og óumdeilt er að sú matsgerð barst V innan þeirra tímafresta sem kveðið er á um í 4. gr. váttryggingarskilmálanna. Hinn 27. maí 2022 upplýsti lögmaður M V um að til stæði að meta afleiðingar slyss M á ný á grundvelli skaðabótalaga þar sem annað váttryggingafélag átti hlut að máli. Viðbrögð starfsmanna V við þeirri tilkynningu báru ekki með sér að V hefði sérstakar athugasemdir hvað það varðaði auk þess sem orðalag 4. gr. váttryggingarskilmála gerir ekki sértaklega ráð fyrir því að það nýja örorkumat sem lagt er fram innan 6 mánaða sé sameiginlegt mat félagsins og þess sem krefst bóta. Aukinheldur er sérstaklega tekið fram í váttryggingarskilmálum að aðilar geti lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað. Ekkert hald er því í röksemdum V um að félagið hafi ekki staðið að hinu seinna mati sérstaklega og að það komist þar af leiðandi ekki að í málinu.

Þegar tvær matsgerðir liggja fyrir í sama máli verður að komast að niðurstöðu um hvora matsgerðina eigi að leggja til grundvallar ákvörðun bóta. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum kemur m.a. fram að undir starfssvið nefndarinnar heyri mál sem varði réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi að öðru leyti eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr. Samþykktirnar byggja meðal annars á markmið laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Í 1. gr. þeirra laga segir að markmið laganna sé að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn

deilumála utan dómstóla. Með hliðsjón af þessum markmiðum sem og orðalagi 3. gr. samþykktar nefndarinnar verður að túlka starfssvið hennar þannig að sá ágreiningur sem uppi er um greiðslu bóta í þessu máli falli innan þess. Ekki kemur fram í gögnum málsins að V hafi borið fyrir sig fjárhæðamörk 3. mgr. 3. gr. samþykktanna sérstaklega og telur nefndin því ágreining tækan til úrskurðar.

Þegar umræddar matsgerðir eru bornar saman verður að líta til hlutlægra þátta við gerð þeirra fremur en læknisfræðilegrar þekkingar, en nefndarmenn úrskurðarnefndar í vátryggingamálum hafa ekki slíka þekkingu. Mat nefndarmanna tekur mið af meginreglum um frjálst sönnunarmat. Báðar matsgerðir eiga það sameiginlegt að einn læknir metur læknisfræðilegar afleiðingar, í seinni matsgerðinni eru tveir matsmenn en annar lögfræðingur. Í fyrri matsgerð er læknirinn sérfræðingur í bæklunar- og handarskurðlækningum en í þeirri seinni er um að ræða sérfræðing í heila- og taugasjúkdómum og mati á líkamstjóni (CIME). Af forsendum hvorrar matsgerðar um sig verður ekki annað ráðið en að mismunandi matsniðurstöður stafi af mismunandi mati á áhrifum taugaskaða. Í seinni matsgerðinni eru afleiðingar slyss M metnar af lækni sem er sérfræðingur í taugasjúkdómum sem hefur auk þess alþjóðlega viðurkenningu sem matsmaður. Með hliðsjón af því og af eðli áverka M að leggja til grundvallar að seinni matsgerð sýni réttari niðurstöðu en sú fyrri og telst M því eiga rétt til bóta á grundvelli þeirrar matsgerðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega, hjá V vegna mats á 25 miskastigum skv. matsgerð dags. 5. apríl 2023.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 397/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Notkun ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ökutækinu A hafi verið ekið út af bílastæði 23. ágúst 2022 í veg fyrir M þar sem hann var að hjóla með þeim afleiðingum að hann kastaðist af hjólinu, yfir vegarhlífina og lenti illa. Lögregla kom á vettvang og fyrir liggur lögregluskýrsla. M glímir við þráláta bakverki í kjölfar slyssins. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slysið væri ekki að rekja til notkunar A.

M byggir á því að ökutækið A hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Þegar slysið varð hafi bifreiðin verið í gangi og ökumaður setið undir stýri. Það sé eðlilegur og óhjákvæmilegur þáttur í notkun bifreiðar að hægja á hraða hennar við gatnamót áður en ekið er út á veg. M byggir á því að slysið hafi orðið í svo nánum tengslum við akstur bifreiðarinnar að það hljóti að falla undir notkunarhugtakið. Ökumaður A hafi keyrt upp rampinn frá bílakjallara á Suðurlandsbraut og stöðvað þar í beinni akstursleið M. Sjá megi af myndum sem fylgi lögregluskýrslu að veggir sem liggja meðfram hliðum rampsins geri það ókleift fyrir vegfarendur sem eigi þar leið að sjá ökutæki keyra upp frá bílakjallaranum fyrr en þau koma að gatnamótunum. M hafi því ekki átt þess kost að sjá A koma fyrr en áreksturinn átti sér stað.

Fram kemur að M telji að hugtakið notkun takmarkist ekki við akstur eða hreyfingu ökutækis heldur geti tjón verið rakið til notkunar ökutækis sem stöðvað er skamma stund. Þá kemur fram hjá M að ökumaður A hafi stöðvað ökutækið á miðri gangstétt í veg fyrir M og þannig verið valdur að tjóni hans. M telur að ökumaður hefði átt að sjá hann áður en hún keyrði út á gangstéttina og vísar til 26. gr. umferðarlaga um að öikumanni beri að gæta sérstaklega vel að sér við vegamót.

Í bréfi V kemur fram að ökumaður A hafi verið að gæta fyllsta öryggis þegar hann stöðvaði ökutækið og litið til beggja hliða áður en hún ætlaði að aka út á akbrautina. Ekkert komi fram í gögnum sem sýni að ökumaður A hafi skapað óvænta hættu með því að stöðva áður en ekið er inn á Suðurlandsbraut. M hafi hjólað á 20 km. hraða þegar atvikið varð og hafi því ekki hjólað í takt við aðstæður og því sýnt af sér ógætni. Hefði hann hjólað á gönguhraða hefði hann haft tíma til að bremsa þegar hann hafi séð að ökutækið var kyrrstætt. V bendir á að ökumaður A hafi ekið varlega og stöðvað ökutækið til að líta til beggja hliða þar sem erfitt var að sjá vegfarendur vegna veggisins. M hafi hins vegar ekki hjólað í takt við aðstæður og sýnt af sér ógætni. M hafi ekki gætt fyllsta öryggis eins og honum bar skv. 1. mgr. 43. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Slysið sé því fyrst og fremst að rekja til ógætni M en ekki til notkunar ökutækisins eða hættueiginleika þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort slys M sé að rekja til notkunar ökutækisins sem falli undir hlutlæga bótaábyrgð skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingar. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða ógætni öikumanns. Um er að ræða hlutlæga ábyrgðarreglu þ.e. ábyrgð án sakar og gert er ráð fyrir því að orsakatengsl þurfi að vera á milli tjóns sem ökutæki veldur og notkunar þess. Það hvílir á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé rekið til notkunar ökutækis en skv. 4. mgr. 4. gr. laganna má lækka eða fella niður bætur ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Það kemur fram í lögregluskýrslu sem er frumgagn í málinu að ökumaður A hafi stöðvað ökutækið við efri enda rampsins og hafi litið til beggja hliða þegar M hjólaði á vinstra framhorn ökutækisins. Einnig kemur fram að M hafi talið bifreiðina kyrrstæða þegar atvikið varð en hann hafi ekki séð hana í tæka

tíð. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvar ökutækið var stöðvað en verulega ólíklegt er að M hefði hjólað á A hefði það verið kyrrstætt innan rampsins. Það verður því að leggja til grundvallar að ökutækið A hafi verið komið inn á gangstéttina þegar ökumaður stöðvaði það og með vísan til þess verður slysið rakið til notkunar ökutækisins skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. Með vísan til þess er V bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2024.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 398/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 23. október 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 26. ágúst 2022 hafi M orðið fyrir líkamstjóni þegar árekstur varð með bifreið A og B sem M ók. Ágreiningslaust er að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri. M hafi leitað á Læknavaktina hinn 29. ágúst 2022 þar sem hann hafi verið greindur með tognun og ofreynslu á háls- og lendahrygg. Hinn 6. september 2022 hafi M svo leitað til heimilislæknis vegna sömu einkenna auk þess sem verkir í hægri öxl, hnacka og brjóstbaki hafi gert vart við sig. Hafi M síðan verið til meðferðar sjúkrahjálfa og leitað reglulega til læknis vegna einkenna sinna. V hafi hins vegar hafnað því að hlutast til um frekari gagnaöflun eða greiða fyrir hana þar sem félagið hafi ekki talið gögn málsins, þ.e. hraða- og höggútreikninga, benda til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum. Hafi M í kjölfarið aflað matsgerðar sem hafi legið fyrir hinn 17. október 2023. Hafi matsmaður talið að orsakatengsl væru milli slyssins og einkenna M. Þrátt fyrir það hafni V enn bótaskyldu. M mótmælir þeirri afstöðu og sönnunargildi svokallaðrar PC-Crash skýrslu sem V hafi aflað enda sé það ekki á færi reikniforrts að meta hversu umfangsmiklar afleiðingar slys hafi í för með sér. Til þess þurfi mat óvilhallra matsmanna en ekki váttryggingafélags. Komi þá til skoðunar hvort ákoma hafi verið nægilega öflug til að valda skaða, hvort einkenni komi fljótlega í ljós, hvort einkenni séu það langvinn að þau teljist varanleg og að ekki séu aðrar líklegri orsakir. Í tilviki M hafi hann strax lýst töluverðum einkennum og samfella sé í sjúkrasögu hans en hann hafi verið heilsuhraustur fyrir umrætt slys. Hafi M, með vísan til þessa og fyrirliggjandi matsgerðar, sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni í umræddu slysi. Þá verði ekki fallist á það með V að umrædd matsgerð hafi ekki sönnunargildi, þar eð hennar hafi verið aflað einhliða og matsmaður hafi lagt mat á orsakatengsl en ekki varanlegan miska og örorku M. Er m.a. vísað til þess að V hafi fengið afrit matsbeiðnar og komið að athugasemdum, auk þess sem félaginu hafi verið tilkynnt um matsfund, sem fulltrúi þess sótti ekki. V hafi þá átt þess kost, sbr. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, átt þess kost að bera fyrirliggjandi mat undir örorkunefnd eða óska dómkvaðningar matsmanns. Fyrirliggjandi mati verði hins vegar ekki vikið til hliðar einungis á þeirri forsendu að þess hafi verið einhliða aflað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ósannað að orsakatengsl séu milli slyssins og þeirra einkenna sem M reki til þess. Sönnunarbyrði þess að M hafi orðið fyrir tjón og að orsakatengsl séu milli þess og umrædds atburðar hvíli á honum. Samkvæmt ljósmyndum af B og niðurstöðum PC-Crash skýrslu hafi verið um minniháttar árekstur að ræða sem ekki hafi verið til þess fallinn að hafa varanlegar afleiðingar fyrir heilsufar M. Hvað varði einhliða matsgerð sem M hafi aflað þá sé hún ekki til samræmis við ákvæði skaðabótalaga enda feli hún ekki í sér niðurstöðu um varanlegan miska og örorku heldur taki aðeins til mats á orsakatengslum. Þá hafi enginn lögmaður komið að matsgerðinni, en slíkt sé nauðsynlegt þar sem mat á orsakatengslum sé lögfræðilegs eðlis. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli 21/2010 framangreindu til stuðnings. V telur þá að M hefði verið í lófa lagið að afla matsgerðar til samræmis við það. Þá sé það ágall á matsgerðinni að fyrri sjúkrasaga M hafi ekki legið fyrir, en hann hafi flutt til landsins skömmu fyrir slysið, og hafi því aðeins verið byggt á frásögn hans sjálfs um fyrra heilsufar, sem samkvæmt Hæstaréttardómi 8/2003 sé ekki fullnægjandi og hljóti ítarleg gögn um fyrra heilsufar að vera forsenda þess að hægt sé að leggja mat á orsakatengsl. Einkenni M séu þá almenns eðlis og ekki sértæk fyrir umferðarslys. Þar sem umrædd matsgerð styðjist ekki nægilega við læknisfræðileg gögn hafnar V því að hún verði lögð til grundvallar sem sönnunargagn í málinu.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að V hafi átt þess kost að koma að athugasemdum við matsbeiðnina og hafi PC-Crash skýrsla, ljósmyndir af B og viðgerðarreikningur vegna tjóns á henni legið fyrir við matsgerðina. Niðurstöðum hennar sem slíkum hafi þá ekki verið hnekkt með öflun

annarrar matsgerðar. Fyrirliggjandi matsgerð sýni þá fram á að orsakatengsl séu til staðar, en það sé forsenda þess að varanlegar afleiðingar verði metnar. Rýri það ekki sönnunargildi matgerðarinnar hvað orsakatengsl varði að ekki hafi verið lagt mat á umfang þess tjóns sem M varð fyrir. Er því þá hafnað að fordæmi Hæstaréttar í máli 21/2010 eigi við í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 26. ágúst 2022. Þó svokölluð PC-Crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að lítið sé heildstætt til gagna málsins, og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki. Af ljósmyndum af bifreið þeirri sem M ók má hins vegar einnig greina að lítið eignatjón hafi hlotist af árekstrinum og er því frekari gagna þörf til að sýna fram á orsakatengsl. Fyrir liggur að M leitaði læknis hinn 29. ágúst 2022, eða þremur dögum eftir umrætt atvik og lýsti þá einkennum frá hálsi, höfði og mjóbaki. Var hann þá greindur með tognun og ofreynslu á háls- og lendahrygg og fékk beiðni um sjúkrahjálfun. Þá liggur fyrir að M leitaði á heilsugæslu hinn 6. september 2022 og aftur hinn 8. september s.á. og kvartaði undan einkennum frá hálsi. Hinn 31. mars 2023 leitaði M svo enn á heilsugæslu vegna einkenna frá öxl sem hann rakti einnig til umrædds áreksturs og var um fleiri komur að ræða vegna þeirra einkenna. Fyrir liggur skýrsla sjúkrahjálfa, dags. 30. júní 2023. Kemur þar m.a. fram að M hafi mætt til meðferðar í alls 29 skipti frá 30. september 2022 vegna einkenna frá baki, háls og öxl. Þá liggur fyrir einhliða öfluð matsgerð, dags. 17. október 2023 þar sem matslæknir er beðinn um að leggja mat á orsakatengsl milli umferðarslyss M og einkenna hans. Í niðurstöðu sinni kemst matslæknir að þeirri niðurstöðu að M hafi hlotið tognunaráverka á háls og mjóbak í umræddum árekstri og að tímabært sé að meta afleiðingar slyssins. Það er þá mat læknisins að ekki sé sýnt fram á að einkennum frá hálsi hafi þá farið batnandi en samfella sé í einkennum frá mjóbaki sem verði rakin árekstursins. Af öllu framansögðu, en umræddri matsgerð hefur ekki verið hnekkt né er sýnt fram á að hún sé haldin slíkum ágöllum að virða beri hana að vettugi, telst M hafa sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á orsakatengslum milli hins bótaskylda atviks og einkenna frá mjóbaki. Það liggur þó ekki fyrir hver fjárhæð tjónsins geti orðið enda tók umrædd matsgerð ekki til þess. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um varanlegar afleiðingar umferðarslyssins á grundvelli skaðabótalaga. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2024.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 399/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið fyrirtækið X til þess að vinna múrverk á húsi sínu í september og október árið 2021. Ágreiningur varð með aðilum um hluta reiknings sem M taldi ekki vera forsendur fyrir. Barst M þann 15. desember 2021 innheimtuviðvörðun frá lögmannsstofu sem lögmaður M svaraði með bréfi 30. desember 2021. Í því bréfi var hluta reiknings verktakans X mótmælt. Varðaði sá hluti aukakostnað að fjárhæð kr. 650.450. Greiddi M inn á verkið þann 10. janúar 2022 og daginn eftir var M sent innheimtubréf þar sem fram kom að yrði ekki brugðist við bréfinu innan 10 daga frá dagsetningu þess yrði krafan innheimt með atbeina dómstóla. Ýmiss samskipti áttu sér stað milli aðila fram til 3. mars 2022 en þá fékk M ítrekunarbréf frá lögmanni X. Það var svo ekki fyrir en ári síðar eða þann 15. mars 2023 sem innheimtumál gegn M var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Þann 8. maí 2023 hafði lögmaður M samband við V og spurðist fyrir um réttaraðstoðartryggingu M hjá V. Með bréfi dags. 9. maí 2023 hafnaði V að bótaréttur væri til staðar úr réttaraðstoðartryggingu þar sem frestur M til að tilkynna V um kröfu sína væri niður fallinn skv. skilmála váttryggingarinnar og 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

M vísar til þess að hann hafi ekki ætlað að grípa til neinna lögfræðilegra aðgerða enda var það ekki hann sem var að krefjast greiðslu á of háum reikningi, heldur X. Ákvæði 51. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi fyrst og fremst við aðila sem telur sig eiga kröfu á hendur einhverjum. Sama á við um skilmála tryggingarinnar hjá V. Er það því ósanngjarnt að þegar ekkert gerist í málinu á hendur M frá 7. mars 2022 til 15. mars 2023, sem telja megi til tómlætis af hálfu X, að það bitni á M þ.e. að hann fái ekki réttaraðstoð enda var það ekki hann sem ætlaði að stefna málinu fyrir dómstóla. Taldi M málinu lokið af hálfu X. Það er því mjög íþyngjandi fyrir þann sem ekki er með fjárkröfu að þurfa að tilkynna tryggingafélagi um eitthvað sem ekki er orðið, þótt ágreiningur sé um hluta reiknings. Telur M tilkynningafrest ekki hafa byrjað að líða fyrir en 15. mars 2023 þegar málið var þingfest.

V vísar til þess M sé með í gildi fasteignatryggingu sem innifelur réttaraðstoðartryggingu. Samkvæmt 25. gr. almennra skilmála félagsins og 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hefur M eitt ár til að tilkynna V um tjón frá því hann vissi eða mátti vita um þau atvik sem krafan er reist á. M tilkynnti tjónið til V með tjónstilkynningu dags. 18. september 2023. Að mati V var orðið fyrirsjáanlegt að málið myndi enda fyrir dómstólum ef ekki yrði brugðist við innheimtuviðvörðum þeirri sem M barst frá lögmanni verktakans þann 15. desember 2021. Þá ritaði M undir umboð til lögmanns þann 21. desember 2021 þar sem m.a. kemur fram að umboðið nái til þess að sækja um réttaraðstoðartryggingu og móttaka greiðslur vegna hennar. Hafi frestur M til að tilkynna tjónið byrjað að líða í lok árs 2021 eða í allra síðasta lagi þann 11. janúar 2022 og því ljóst að tímafresturinn var löngu liðinn þegar tilkynning frá M barst V þann 18. september 2023.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að skilja megi orðalag 51. gr. laga um váttryggingarsamninga á þann hátt að um sé að ræða aðstoð fyrir dómstólum til að leita réttar síns. Slíkt er ekki gert nema þörf sé á og því ekki eðli málsins samkvæmt nauðsyn að tilkynna váttryggingaratburð þegar ekki er ljóst að málið fari fyrir dómstóla. Í tilviki M leið meira en ár frá því að hótað var að fara með málið fyrir dómstóla og þess að X gerði eitthvað í málinu. Hefði X stefnt málinu fyrir hefði M tilkynnt málið fyrir innan árs. Ákvæði 51. gr. eigi fyrst og fremst við þegar atburður verður varðandi fasteign sem húseigandi þarf að fara í mál útaf eins líkt og nefnt er í yfirliti V um váttrygginguna.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli snýst um það um hvenær M mátti vera ljóst að hann gæti gert kröfu í réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar vegna ágreinings um fjárhæð reiknings sem útgefinn var af verktaka sem vann við múrverk á fasteign M í september og október 2021. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga glatar váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Í 28. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar kemur fram að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Er í greininni ekki gerður greinarmunur á tegund ágreinings eða hvort váttryggður sé stefnandi eða stefndi í einkamáli. Af gögnum málsins má ráða að þann 30. desember 2021 mótmælti M fjárhæð reiknings verktakans og fékk eftir það tvær ítrekanir frá lögmanni, þann 11. janúar 2022 og svo 3. mars 2022. Í síðastnefnda bréfinu var krafa um að eftirstöðvar yrðu greiddar eða um þær samið innan tveggja vikna en að öðrum kosti yrði mál höfðað til að innheimta kröfuna án frekari viðvörunar. Verður upphaf ársfrests til tilkynningar tjóns skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga, sbr. 25. gr. váttryggingarskilmála V, því í síðasta lagi að miðast við þann tímapunkt þ.e. 3. mars 2022. Á þeim degi mátti M vita að uppi væri réttarfarslegur ágreiningur sem væri á leið fyrir dómstóla ef hann aðhefðist ekki frekar. Var krafa M í málskostnaðartryggingu sem barst með tölvupósti lögmanns M þann 8. maí 2023 því of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 400/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vertakar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. nóvember 2023, ásamt váttryggingarskilmálum, tjónstilkynningu dags. 28. september 2023 og afstöðu bréfi V dags. 4. október 2023.
3. Bréf M dags. 22. nóvember 2023.
4. Bréf V dags. 27. nóvember 2023.

Málsatvik.

M kveðst hafa verið á ferð hinn 19. september 2023 upp úr kl. 15 um Kjalarnes í miklu roki og hviðum þegar hann kveðst hafa ekið framhjá gröfu og vörubíl frá X sem hafi verið að vinna um 10 metra frá þjóðvegnum þar sem hann skiptist í tvöföldun. M kveðst hafa fengið mól yfir bifreið sína í vindhviðu og hafi það skemmt bifreiðina á tilgreindum stað og tíma. M kveðst hafa rætt við lögreglu samdægurs vegna þessa. M telur að ljóst sé að tjón á bifreið hans sé vegna vinnu starfsmanna X við að moka mól í miklum vindi og hann hafi staðfestingu frá starfsmanni X um að aðrir starfsmenn X hafi verið við vinnu á þeim stað sem M ók framhjá á tilgreindum tíma. Einnig kveðst M hafa haft samband við X samdægurs og átt samtál við starfsmann þar sem ætlaði að stoppa vinnu starfsmanna X á sama stað.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að ósannað sé að tjón á bifreið M sé tilkomið vegna starfa starfsmanna X. V vísar auk þess meðal annars til þess að veðurspá hafi verið könnuð þennan dag og lægja hafi átt eftir hádegi. Einnig bendir V á að skv. verklagsreglum X sé vinna stöðvuð ef vindur fari yfir 25 m/sek og vinna hafi verið stöðvuð áður en vindur hafi náð þeim styrk í greint sinn. V bendir á að M hafi ekki stöðvað bifreið sína strax í greint sinn til að meta tjón eða tilkynna meintum tjónvaldi um atvikið og því sé ómögulegt að segja til um hvort tjón á bifreið hans hafi komið til vegna háttsemi starfsmanna X eða ekki.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telur að starfsmenn X hafi verið við vinnu með jarðefni í miklum vindi og vísar til vindhraðamælinga á þeim tíma sem hann kveðst hafa verið á ferð á vinnusvæðinu. Einnig hafnar M því að hann hafi getað stöðvað bifreið sína við þær aðstæður sem uppi voru m.v. veður. Þar að auki vísar M til þess að hann hafi tilkynnt starfsmönnum X strax um tjón sitt og vinna hafi verið stöðvuð eftir það þar sem vindhraði hafi verið meira en 25 m/sek þegar M tilkynnti um tjón sitt. M kveðst einnig hafa farið á lögreglustöð og látið taka myndir af bifreið sinni.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri athugasemdir félagsins ítrekaðar og vísað til úrskurða nefndarinnar í málum 459/2021 og 187/2022 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki ber M því sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans verði rakið til saknæmra og ólögættra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Fyrir nefndinni liggja ekki gögn um tjónsatvikið, annað en skýrsla M til V og frásögn hans í málskoti og viðbótarathugasemdum. Tilvísanir M til heimsóknar til lögreglu eða símtala hafa takmarkaðra sönnunargildi en skrifleg gögn því til staðfestingar. Það liggja ekki fyrir gögn frá lögreglu, eftir atvikum vitnisburðir, ljósmyndir eða annað sem styðja frásögn M af aðstæðum og atvikum við umrætt tjón.

Hefur nefndin því ekki undir höndum skrifleg gögn er sýna fram á hugsanlegt gáleysi X við umrædda framkvæmd, það er að frágangur jarðefna eða annað verklag á vegum X hafi verið andstæð venju eða því sem almennt megi gera ráð fyrir við framkvæmdir sem þessar.

Það að engin slík gögn liggja fyrir hefur veruleg áhrif á sönnunarstöðu og hefur M ekki samkvæmt framansögðu sýnt fram á að tjón hans verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 402/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 6. apríl 2022, vaknað um miðja nótt og runnið óvænt á marmaragólfi á leið sinni á salerni með þeim afleiðingum að hann skall í gólfið og mjaðmabeinsbrotnaði. Var hann sendur með sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl á sjúkrahús þar sem hann dvaldi í nokkra daga vegna verkja í mjöðm. Vegna slyssins gerði M kröfu um bætur úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Bótaskyldu var hafnað þann 23. maí 2023. Í kjölfar höfnunar V aflaði M þýðingar á læknisvottorði dags. 10. júní 2023 og 13. júní 2023. Samkvæmt þýðingu löggilts skjalaþýðanda er vísað til brots í frauðbeini á M sem ber þess merki að vera nýtilkomið. Áréttaði V fyrri afstöðu um höfnun. M vísar til þess að læknisfræðileg gögn staðfesti brot á frauðbeini á hægri mjaðmarskál. Að mati M verði líkamstjón hans ekki rakið til annars en slyssins þegar hann rann á marmaragólfi og skall í gólfið þann 6. apríl 2022 og brotnar.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar þar sem ekki telst sannað að einkenni M sé að rekja til atviks á Spáni þann 6. apríl 2022, auk þess sem V telur að undanþága í skilmála tryggingarinnar eigi við. Engin samtímagögn liggja fyrir sem staðfesta atvikið sem slíkt, né það að M hafi mjaðmabeinsbrotnað vegna þess tiltekna atviks. Vottorð það sem þýtt var af löggiltum skjalaþýðanda er dagsett þann 10. júní 2022, rúmum tveimur mánuðum eftir hið meinta atvik. Ekki er þar orði minnst á slysið þó minnst sé á brot á frauðbeini með beinbjúg sem ber merki þess að vera nýtilkomið. Þarna kemur fram að brotið sé nýtilkomið þann 10. júní 2022, sem V telur ekki renna stoðum undir að það eigi rót að rekja til meints atviks tveimur mánuðum áður eða þann 6. apríl 2022. Ætla má að í júní, tveimur mánuðum síðar, hefði frekar átt að vera kominn gróandi í brotið en ekki að líta út fyrir að vera „nýtilkomið“. Ráðgefandi læknir V hafi gefið álit sitt á fyrirbyggjandi læknagögnum og hafi hann ákveðnar efasemdir um greiningu röntgenlæknis sem virðist hafa túlkað myndbreytingar sem brot. Þá hafi meðferðin verið án aðgerða. Telur ráðgefandi læknir V að einkennin séu vegna slitbreytinga en ekki afleiðinga slysaatburðar. Þá hafi ráðgefandi læknir einnig litið yfir gögn frá SOS International og bera þau með sér að M hafi verið með bakverki áður í c.a. 3 ár, röntgenmyndir hafi verið eðlilegar og ekki væri hægt að sjá að um afleiðingar slyss væri að ræða. Þá er hvergi í innlendri sjúkrasögu M minnst orði á slysið eða að hann hafi mjaðmabeinsbrotnað. Telur V ljóst af gögnum málsins að M hafi verið að glíma við langvinna bakverki og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við þeim á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Skv. 41. gr. skilmála V bætir váttryggingin slíkt tjón.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til atvikalýsingar eiginkonu sinnar. Þar er því lýst að M hafi verið færður í sjúkrþjónsuppgjörsmiðstöðl á sjúkrahúsið, þar hafi hann verið settur í röntgen en ekkert komið í ljós úr þeim myndum. M hafi verið lagður inn til þess að fylgjast með honum. Það hafi svo verið eftir um það bil fjórar vikur sem í ljós hafi komið að M var með brotið bein í mjöðm. Ákveðið hafi verið að senda M ekki í aðgerð þar sem læknar töldu að beinin myndu gróa aftur saman. Gekk M um með hækjur í rúma tvo mánuði.

Álit.

Ágreiningur þessa máls virðist lúta að því hvort M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu frítíma sem er hluti af fjölskyldutryggingu hans hjá V. Af samskiptum M við V sem liggja fyrir í málinu má hins vegar ráða að ágreiningur þeirra samskipta lúti fyrst og fremst að rétti M til endurgreiðslu sjúkrakostnaðar úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að V hafni bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu, án sérstakrar tilvísunar til slysatryggingar í frítíma eða ferðaverndar.

Þar sem grundvöllur höfnunar V lýtur fyrst og fremst um það hvort það teljist sannað að M hafi þann 6. apríl 2022, lent í bótaskyldu slysi sem leitt hafi til brots á mjaðmabeini og þar með sjúkrakostnaðar á erlendu sjúkrahúsi, verður fjallað um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M hjá V út frá báðum þeim þáttum.

Í málinu liggur fyrir sjúkraskrá M frá sjúkrahúsi á Spáni, sjúkraskrá M frá heilsugæslunni Mjódd, tímabilið frá 30. júní 2021 til 20. febrúar 2023, auk vottorðs frá hinu spænska sjúkrahúsi með nótum dags. 10. og 13. júní 2022. Þá liggur einnig fyrir álit frá ráðgefandi lækni V sem telur einkenni M vera vegna slitbreytinga en ekki afleiðinga slysaatburðar. Meginreglur í vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Engin samtímagögn liggja fyrir um að M hafi lent í slysi þann 6. apríl 2022 sem leitt hafi til sjúkrahúsvalar á Spáni. Samkvæmt skráningu SOS International var M lagður inn á spítalann með greininguna M54 „Dorsalgia“ sem á íslensku nefnist bakverkur skv. ICD10 alþjóðlegum kóða. Í skráningunni er vísað til þriggja ára sögu M um bakverki. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá heilsugæslunnar í Mjódd var M með bakverki áður en hann ferðaðist til Spánar og var síðast í samskiptum við heimilislækni þann 30. mars 2022, um viku fyrir innlögn á sjúkrahús á Spáni. Hafði eiginkona M svo samband við heimilislækni þann 7. apríl 2022, en þá var M rúmliggjandi á sjúkrahúsi á Spáni og upplýsir hún heimilislækni að hann sé með gríðarlegan verk í hægri nára og að hann hafi ekki getað stigið í ganglim. Ekki er minnst á að hann hafi lent í slysi og vísar heimilislæknir til færslna í sjúkraskrá er fjalla um segulómsskoðun í janúar 2022 þar sem í ljós kom brjós-klos og talið að það geti skýrt verkjaleiðni niður í ganglim M. Eru þetta færslur í sjúkraskrá fyrir ferð M til Spánar. Þá er hvergi minnst á slysi í síðari færslum í sjúkraskrá heilsugæslu, eftir að M var kominn heim frá Spáni. Vottorð það sem M vísar til í málskoti er samansett af færslum dags. 10. og 13. júní 2022, rúmum tveimur mánuðum eftir hið meinta slysi og er í því vottorði ekki heldur minnst á slysi í tengslum við greiningu á broti á mjaðmabeini. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að M hafi ekki lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að líkamstjón hans megi rekja til frítímaslyss þann 6. apríl 2022. Á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar. Þá bera gögn málsins með sér að sjúkrahúsdvöl M megi rekja til fyrra heilsufars M þ.e. að um sé að ræða kröfu vegna veikinda, sem M þjádíst af og hafði notið læknishjálpar og meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Er erlendur sjúkrakostnaður M því undanþeginn bótaskyldu sbr. c-lið 41. gr. skilmála vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 405/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Fasteignareigandi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. desember 2023, ásamt ljósmyndum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. desember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 28. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. janúar 2023 hafi M slasast er hún rak annan fót sinn í misfelli í stétt með þeim afleiðingum að hún hrasaði og hlaut áverka á úlnliði, bólgur í andlit og einkenni frá vinstri öxl. Átti atvikið sér stað á stétt fyrir utan aðalinngang skólahúsnæðis X. Strax í kjölfar slyssins sendi dóttir M tölvupóst til þjónustudeildar X og upplýsti skólann um slysið ásamt því að spyrjast fyrir um öryggismyndavélar. Engar myndavélar reyndust vera til staðar sem næðu yfir það svæði sem M féll á. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu og/eða húseignatryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 21. ágúst 2023. M unir ekki afstöðu V og telur að V beri ábyrgð á líkamstjóni sínu sem afleiðing óforsvaranlegra aðstæðna á fasteign skólans og vanrækslu á að bregðast við hættulegri gangbraut við aðalinngang skólans. Um sé að ræða vanrækslu starfsmanna skólans að tryggja hollustuhætti, öryggi og aðbúnað þeirra sem sækja skólann heim. Vísar M til dómaframkvæmdar þar sem ríkar skyldur hafa verið lagðar á fasteignareigendur. Þá vísar M til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012, og ákvæða eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og byggir á því að gönguleið aðalinngangs X mæti ekki þeim lágmarksviðmiðunum sem skráðar reglur gera kröfu um þar sem finna megi 5 sentimetra hæðarmun á skilum steypuplatna á miðri gönguleið. Telur M að um slysgildru sé að ræða og vísar til þess að hæðarmismunur á aðalgönguleið skólans sé hvorki jafnaður né merktur greinilega. Eftir slysið hafi úrbætur verið framkvæmdar á slysstæð sem felast í því að reynt hafi verið að jafna hæðarmun með því að fræsa hluta steypukantsins burt. Þessar framkvæmdir staðfesti að X sé sammála M um að aðstæður þar sem slysið átti sér stað hafi verið ófullnægjandi og hættulegar. Telur M afstöðu V um að orsök slyssins sé sú að M hélt á barni sem byrgði henni sýn, vera ótæka og bera vott um algjöra nauðvörn V. Þá hafnar M þeirri fullyrðingu V að engin slys hafi verið rakin til umræddrar mishæðar og skorar á V að svara nánar tilgreindum spurningum. Telur M ljóst að líkamstjón M megi rekja til vanbúinnar fasteignar X, ófullnægjandi viðhaldi hennar og skorti á viðvörunarmerkingum á þeirri hættu sem finna má á fasteigninni.

V telur í fyrsta lagi ósannað að M hafi fallið um umrædda mishæð og vísar því til stuðnings til tölvupósts dóttur M til skólans þar sem kvartað er undan klakamyndun og hálfu á stéttinni. Lögregla og sjúkráttjósuppgjörsmiðstöðll voru ekki kölluð til og slysið náðist ekki á upptöku í eftirlitsmyndavélakerfi X. Liggja þannig engin gögn til grundallar að M hafi fallið um umrædda mishæð. Jafnvel þó sýnt verði fram á að M hafi fallið um umrædda mishæð telur V í öðru lagi að slys hennar verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart henni. Mishæðin sé vel greinileg og samkvæmt upplýsingum frá X hafa ekki orðið nein slys sem rekja megi til mishæða á stéttinni frá árinu 2010 þegar byggingin var tekin í notkun þó svo hundruð manna gangi um stéttina á hverjum degi. Er V ósammála túlkun M á tilvitnuðum ákvæðum byggingarreglugerðar. Hafi M ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæms mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M.

Í viðbótarathugasemd M er vísað til bráðamóttökuskjár þar sem haft er eftir M að hún hafi dottið úti á misfelli. Þar sem X var ljóst strax á slysdagi að M hefði slasast og að afleiðingar kynnu að vera alvarlegar, stofnaðist skylda hjá X að tilkynna tjónsatvikið til Vinnueftirlits ríkisins enda um vinnustað að ræða. Tilkynningarskyldan verði virk hvort sem það er starfsmaður sem slasast eða einstaklingur sem kemur á vinnustað í öðrum tilgangi. Verða X og V að bera hallan um þau atriði sem rannsókn Vinnueftirlitsins kynni að hafa leitt í ljós.

Í viðbótarathugasemdum V er því mótmælt að X hafi átt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlit ríkisins. Sú tilkynningarskylda nái aðeins til slysa starfsmanna X, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Vísar V til þess

að gangandi vegfarendur geti ekki gert kröfu til þess að allt umhverfi þeirra sé rennislétt, heldur verði þeir að sýna lágmarksaðgæslu á göngu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríka skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem hýst er skólustarf að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að viðhald skólahúsnæðis og búnaður þess sé með þeim hætti að nemendum stafi ekki sérstök hættu af. Af fyrirbyggjandi gögnum og þá sérstaklega skráningu í bráðamóttökuskrá og af tölvupósti dóttur M til X á slysdegi, verður ekki annað ráðið en að M hafi hrasað um misfelli fyrir utan skólahúsnæði X. Ekki verður talið að X hafi borið skylda til þess að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins enda vísar ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980 til skyldu atvinnurekanda til tilkynningar slysa starfsmanna, ekki slysa þriðja aðila. Af gögnum málsins virtum og þá sérstaklega ljósmyndum af gangstéttinni verður ekki talið að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar þannig að telja verði að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja öryggi nemenda eða annarra sem áttu leið til og frá skólanum. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 406/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Nafn váttryggingartaka (X)

Gildissvið váttryggingar. Váttryggðir.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. desember 2023, ásamt tölvupóstsamskiptum M og V.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamsárás aðfararnótt 10. september 2022. Faðir M (X) er váttryggingartaki fjölskyldutryggingar hjá V og í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V segir í gr. 1.1.: „Váttryggðir eru váttryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.“

M telur að hann sé váttryggður í fjölskyldutryggingu X og eigi því rétt til bóta úr slysatryggingu þeirrar tryggingar. M bendir á að hann hafi enn verið búsettur í foreldrahúsum, þar sem hann hafi sama lögheimili og faðir hans, en ætlað að stunda nám á öðrum stað á landinu það haust. Ekkert hafi orðið af því námi þar sem M hafi orðið fyrir líkamsárás daginn fyrir skólasetningu því ekki byrjaður í því námi þegar árásin átti sér stað. M vísar til yfirlýsingar skólustjóra skólans sem M ætlaði að stunda nám í um að skólasetning hefði átt sér stað 10. september 2022. M vísar til 2. mgr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 þar sem komi fram að í fastri búsetu geti falist að einstaklingur sé fjarverandi um stundarsakir vegna t.d. náms. M telur að V geti ekki túlkað lögheimili með öðrum hætti en tilgreind lög og þau geri ráð fyrir búsetu á fleiri stöðum án þess að lögheimili þurfi að breytast.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að þrjú skilyrði komi fram í gr. 1.1. um hverjir séu váttryggðir í fjölskyldutryggingu váttryggingartakans X. V telur að uppfylla verði öll þrjú skilyrðin og vísar til tölvupósts M til V dags. 11. október 2023 um að hann hafi búið annars staðar en á lögheimili sínu hinn 10. september 2022 og þannig hafi hann ekki uppfyllt tvö síðustu skilyrði gr. 1.1. um að búa á sama stað og hafa sameiginlegt heimilishald með föður sínum á tjónsdegi.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi stöðu váttryggðs í fjölskyldutryggingu föður síns. Ljóst er af gr. 1.1. í váttryggingarskilmálum að V hefur nýtt heimild 4. mgr. 39. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 til að semja sig frá ákvæði 1. mgr. sömu greinar sem tilgreinir hverjir séu váttryggðir í váttryggingum eins og fjölskyldutryggingu V. Orðalag ákvæðis 1.1. í váttryggingarskilmálum V er skýrt og algengt hvað varðar skilyrði þau sem þarf að uppfylla til að teljast váttryggður í váttryggingum sem þessum. Ljóst er að M uppfyllir skýrlega skilyrði um að vera með sama lögheimili og X, en til þess að teljast váttryggður þarf hann einnig að búa á sama stað og hafa með honum sameiginlegt heimilishald. Það eru sjálfstæð skilyrði sem lúta ekki túlkun á lögum um lögheimili. Upplýsingar M sjálfs benda eindregið til þess að hann hafi farið á annan stað á landinu með þá fyrirætlan að stunda þar nám vetrarlangt. Þó ekki hafi orðið af náminu vegna afleiðinga líkamsárásar þeirrar sem hann krefst bóta vegna úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar, verður að líta svo á að M hafi með þeim fyrirætlunum og því að vera kominn á þann stað sem hann hugðist stunda nám, búið á þeim stað og haft sameiginlegt heimilishald með væntanlegum samnemendum sínum þegar tjón varð. M hefur því ekki sýnt fram á að tilgreind tvö skilyrði gr. 1.1. í váttryggingarskilmálum hafi verið uppfyllt á tjónsdegi.

Niðurstaða.

M telst ekki váttryggður í fjölskyldutryggingu váttryggingartaka hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 408/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns. Líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot dags. 27. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. desember 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslum og í málskoti kemur fram að hinn 28. júní 2020 hafi orðið alvarlegt umferðarslys á Vesturlandsvegi, norðan við Grundarhverfi á Kjalarnesi. Um var að ræða banaslys þar sem ökumaður bifhjólsins A missti stjórn á bifhjólinu og lenti framan á húsbifreið sem kom út gagnstæðri átt. Bæði ökumaður bifhjólsins og farþegi þess létust í slysinu. Mikill fjöldi vegfarenda urðu vitni að slysinu og voru margir þeirra í uppnámi svo ákveðið var að opna fjöldahjálparstöð í Klébergsskóla. Komu starfsmenn áfallateymis Rauða krossins á staðinn og sáu um að veita fólkinu ráðgjöf og stuðnings. M og eiginmaður hennar voru í mótórhjólafarð með þeim látnu og varð M vitni af slysinu auk þess sem hún slasaðist við að snögghemla bifhjóli því sem hún var á (B). Slasaðist eiginmaður M einnig. Bótaskylda vegna líkamstjóns M var samþykkt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins B, hjá váttryggingafélaginu Y og gekkst M undir mat á varanlegum afleiðingum slyssins. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, dags. 19. desember 2022 var M talin hafa hlotið 15 stiga varanlega miska sem skiptist þannig að 5 stig eru vegna mjóbakstognunar og 10 stig vegna áfallastreituröskunar. Þá var hún einnig metin til 8% varanlegrar örorku sem skiptist þannig að 3% eru vegna mjóbakseinkenna og 5% vegna andlegra þátta. Greiddi váttryggingafélagið Y bætur að hluta til úr slysatryggingu bifhjólsins. Var það afstaða Y að tryggingin næði aðeins til líkamlegra einkenna M við það að lenda í slysinu en hafnaði bótaskyldu vegna þeirra andlegu afleiðinga sem voru metnar í matsgerðinni. Fékk M því greiddar bætur miðað við 5 stiga miska og 3% varanlega örorku. Gerði M kröfu um bætur vegna andlegra einkenna úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifhjólsins A, þ.e. bifhjólsins sem hinn látni ók. Ábyrgðartrygging sú var til staðar hjá V sem hefur hafnað bótaskyldu vegna tjónsins. Vísar M til þess að litið hafi verið svo á að sá sem verður fyrir andlegu áfalli á vettvangi slyss og er sjálfur í hættu á að slasast, þótt sú verði ekki raunin, geti átt rétt á bótum vegna áfallsins. Vísar M til danskra og íslenskra dóma máli sínu til stuðnings. Hafi M umræddan dag orðið vitni að hræðilegu slysi þar sem tveir vinir hennar létu lífi og eiginmaður hennar slasaðist alvarlega. Auk þess slasaðist hún sjálf er hún stöðvaði bifhjól sitt skyndilega í kjölfar slyssins. Býr hún við áfallastreitu eftir slysið sem metin hefur verið til 10 stiga miska og 5% varanlegrar örorku.

Í athugasemdum sínum vísar V til þess sem fram kemur í bókinni Bótaréttur I varðandi þau skilyrði sem sem þarf að uppfylla svo vikið verði frá meginreglunni um að aðeins tjónþolinn sjálfur, þ.e. sá sem verður fyrir áverkanum, geti átt rétt til bóta. Í fyrsta lagi er það skilyrði sett að viðkomandi hafi í raun verið í hættu á að slasast sjálfur og áfall hans sé af þeim sökum. Almennit leiðir það ekki til bótaréttar þótt einstaklingur sé á vettvangi og verði vitni að skaðabótaskyldri háttsemi. Í öðru lagi er afar ólíklegt að fallist yrði á undantekningu frá meginreglunni og að aðstandendum yrðu dæmdar bætur, ef frumtjóni er valdið af almennu gáleysi. Í þriðja lagi verði að telja afar ólíklegt að þeir sem ekki eru skyldir tjónþola með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga eða hafi við hann sambærileg tengsl, geti átt rétt til skaðabóta við alvarlegt líkamstjón eða dauða, að frátöldum tilvikum þar sem tjónþoli er í beinni hættu. V telur að M uppfylli ekki nein framangreind skilyrði. Er það því afstaða V að tjón M verði ekki rakið til notkunar ökutækisins A. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að víkja eigi frá fyrrgreindri meginreglu skaðabótaréttar. Andleg einkenni M séu of fjarlæg og ósennileg afleiðing af háttsemi ökumanns A til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingunni komi til greina.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins A, vegna andlegra einkenna sem metin hafa verið í matsgerð dags. 19. desember 2022, til 10 stiga miska og 5% varanlegrar örorku. Vísar M til 4. gr. laga nr. 77/2019 um ökutækjatrýggingar. Þar kemur fram að eigandi (umráðamaður) skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni, greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Með líkamstjóni er hér ekki eingöngu átt við líkamleg meiðsli, heldur getur geðrænt tjón einnig fallið hér undir, sbr. umfjöllun í greinargerð í frumvarpi því er varð að skaðabótalögum. Út frá þessu þarf að skoða hvort andlegt tjón M verði rakið til notkunar bifhjólsins A en þá þarf að víkja frá þeirri meginreglu skaðabótaréttar að einungis sá sem með beinum hætti verður fyrir tjóni vegna bótaskylds atburðar, eigi rétt til greiðslu skaðabóta. Mat á því hvort víkja skuli frá meginreglunni ræðst af því hvort viðkomandi hafi orðið vitni að atburði, af sakarstigi þess sem bótaábyrgð ber og tengslum við hinn látna. Verður þannig í fyrsta lagi að leggja mat á það hvort M hafi sjálf verið í hættu á að slasast, vegna tjónsins. Það er skilyrði að viðkomandi hafi í raun verið í hættu á að slasast sjálfur og að áfall hans sé af þeim sökum. Af gögnum málsins og þá sérstaklega af fyrirbyggjandi lögregluskýrslu verður ekki hægt að leggja til grundvallar að M hafi sjálf verið í slíkri hættu á vettvangi að rétt sé að rekja andleg einkenni hennar til notkunar bifhjólsins A. Í öðru lagi er talið ólíklegt að fallast á undantekningu frá meginreglunni ef frumtjóni er valdið af almennu gáleysi líkt og það tjón sem hér um ræðir en gríðarleg hálfka hafði myndast á nýlegu malbiki á veginum sem varð til þess að ökumaður A missti stjórn á bifhjóli sínu og fór yfir á öfugan vegarhelming. Yrði helst gerð undantekning ef maki eða foreldri yrðu vitni að slysinu. Svo háttar ekki til í tilviki M þar sem hún tengdist hinum látnu vinaböndum en ekki nánnum fjölskylduböndum.

Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að M eigi ekki rétt á bótum vegna andlegra einkenna sinna úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A, hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 409/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns. Notkun ökutækis.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. desember 2023.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslum og í málskoti kemur fram að hinn 28. júní 2020 hafi orðið alvarlegt umferðarslys á Vesturlandsvegi, norðan við Grundarhverfi á Kjalarnesi. Um var að ræða banaslys þar sem ökumaður bifhjólsins A missti stjórn á bifhjólínu og lenti framan á húsbifreið sem kom út gagnstæðri átt. Bæði ökumaður bifhjólsins og farþegi þess létust í slysinu. Mikill fjöldi vegfarenda urðu vitni að slysinu og voru margir þeirra í uppnámi svo ákveðið var að opna fjöldahjálparstöð í Klébergsskóla. Komu starfsmenn áfallateymis Rauða krossins á staðinn og sáu um að veita fólkinu ráðgjöf og stuðnings. M og eiginkona hans voru í mótörhjólaferð með þeim látnu og ók M á eftir bifhjólínu A sem lenti fyrir bifreiðinni eins og áður sagði. M reyndi að slaka á bensíngjöf síns bifhjóls til að hægja á ferðinni en missti stjórn á bifhjólínu með þeim afleiðingum að hann fór þrjá hringi með því og kastaðist síðan af því og missti meðvitund. Eiginkona M kom að honum þannig og var M síðan ekið á gjörgæsludeild Landspítalans í lífshættu og eftir slysið verið í langri endurhæfingu vegna afleiðinga þess, bæði líkamlegra og andlegra. Slasaðist eiginkona M einnig. Bótaskylda vegna líkamstjóns M var samþykkt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins A, hjá váttryggingafélaginu Y og gekkst M undir mat á varanlegum afleiðingum slyssins. Niðurstaða þess var meðal annars sú að M hefði hlotið 15 stiga varanlegan miska og 7% varanlega örorku vegna áverka sem hann hlaut í slysinu sem og tímabundnar afleiðingar af líkamstjóninu. M kveðst hafa leitað sér hjálpar andlega en ekki liggja fyrir vottorð um það og var andleg heilsa því ekki metin sérstaklega í mati á afleiðingum slyssins til uppgjors úr slysatryggingu ökumanns.

Gerði M kröfu um bætur vegna andlegra einkenna úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifhjólsins A, þ.e. bifhjólsins sem hinn látni ók. Ábyrgðartrygging sú var til staðar hjá V sem hefur hafnað bótaskyldu vegna tjónsins. Vísar M til þess að litið hafi verið svo á að sá sem verður fyrir andlegu áfalli á vettvangi slyss og er sjálfur í hættu á að slasast, þótt sú verði ekki raunin, geti átt rétt á bótum vegna áfallsins. Vísar M til danskra og íslenskra dóma máli sínu til stuðnings. M vísar til þess að banaslysið hafi valdið honum sérstaklega alvarlegum geðrænum erfiðleikum og að hann hafi verið í verulegri hættu vegna tjónsatburðarins. Þannig telji M að andlegar afleiðingar hans megi rekja til hættueiginleika bifhjólsins X sem váttryggt hafi verið hjá V.

Í athugasemdum sínum vísar V til þess sem fram kemur í bókinni Bótaréttur I varðandi þau skilyrði sem sem þarf að uppfylla svo vikið verði frá meginreglunni um að aðeins tjónþolinn sjálfur, þ.e. sá sem verður fyrir áverkanum, geti átt rétt til bóta. Í fyrsta lagi er það skilyrði sett að viðkomandi hafi í raun verið í hættu á að slasast sjálfur og áfall hans sé af þeim sökum. Almennt leiðir það ekki til bótaréttar þótt einstaklingur sé á vettvangi og verði vitni að skaðabótaskyldri háttsemi. Í öðru lagi er afar ólíklegt að fallist yrði á undantekningu frá meginreglunni og að aðstandendum yrðu dæmdar bætur, ef frumtjóni er valdið af almennu gáleysi. Í þriðja lagi verði að telja afar ólíklegt að þeir sem ekki eru skyldir tjónþola með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga eða hafi við hann sambærileg tengsl, geti átt rétt til skaðabóta við alvarlegt líkamstjón eða dauða, að frátöldum tilvikum þar sem tjónþoli er í beinni hættu. V telur að M uppfylli ekki nein framangreind skilyrði. Er það því afstaða V að tjón M verði ekki rakið til notkunar ökutækisins A. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að víkja eigi frá fyrrgreindri meginreglu skaðabótaréttar. Andleg einkenni M séu ósönnuð þar sem ekki liggja fyrir skýr gögn um þau, auk þess sem þau séu það fjarlæg og ósennileg afleiðing af háttsemi ökumanns A til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingunni komi til greina.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins A, vegna andlegra einkenna. Vísar M til 4. gr. laga nr. 77/2019 um ökutækjatrýggingar. Þar kemur fram að eigandi (umráðamaður) skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni, greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Með líkamstjóni er hér ekki eingöngu átt við líkamleg meiðsli, heldur getur geðrænt tjón einnig fallið hér undir, sbr. umfjöllun í greinargerð í frumvarpi því er varð að skaðabótalögum. Út frá þessu þarf að skoða hvort andlegt tjón M verði rakið til notkunar bifhjólsins A en þá þarf að víkja frá þeirri meginreglu skaðabótaréttar að einungis sá sem með beinum hætti verður fyrir tjóni vegna bótaskylds atburðar, eigi rétt til greiðslu skaðabóta. Mat á því hvort víkja skuli frá meginreglunni ræðst af því hvort viðkomandi hafi orðið vitni að atburði, af sakarstigi þess sem bótaábyrgð ber og tengslum við hinn látna. Verður þannig í fyrsta lagi að leggja mat á það hvort M hafi sjálfur verið í hættu á að slasast, vegna tjónsins. Það er skilyrði að viðkomandi hafi í raun verið í hættu á að slasast sjálfur og að áfall hans sé af þeim sökum. Af gögnum málsins og þá sérstaklega af fyrirliggjandi lögregluskýrslu er ljóst að M missti stjórn á bifhjóli því sem hann ók í kjölfar hins upphaflega slyss og hlaut af því líkamstjón sem bætt hefur verið úr slysatryggingu bifhjóls hans á grundvelli fyrirliggjandi matsgerðar. Engin sönnunargögn liggja fyrir um frekara tjón M vegna andlegra einkenna hans eða að þau megi rekja notkunar bifhjólsins A. Í öðru lagi er talið ólíklegt að fallast á undantekningu frá meginreglunni ef frumtjóni er valdið af almennu gáleysi líkt og það tjón sem hér um ræðir en gríðarleg hálka hafði myndast á nýlegu malbiki á veginum sem varð til þess að ökumaður A missti stjórn á bifhjóli sínu og fór yfir á öfugan vegarhelming. Yrði helst gerð undantekning ef maki eða foreldri yrðu vitni að slysinu. Svo háttar ekki til í tilviki M þar sem hann tengdist hinum látnu vinaböndum en ekki nánnum fjölskylduböndum.

Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að M eigi ekki rétt á bótum vegna andlegra einkenna sinna úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A, hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 411/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Upplýsingaskylda váttryggingafélags.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. nóvember 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, sem farþegi í A, lent í alvarlegu umferðarslysi hinn 8. júlí 2022, þegar X, ökumaður A, missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar. Hinn 11. október 2022 hafi V fengið senda frumskýrslu lögreglu og framburðarskýrslu M fyrir lögreglu en í þeirri fyrrnefndu hafi komið fram að X hafi verið handtekinn og fengið réttarstöðu sakbornings þar sem hann hafi verið undir áhrifum áfengis og amfetamín mælst í þvagsýni. Í framburðarskýrslu M hafi m.a. komið fram að hann hafi ekki vitað af ölvun X fyrr en nokkrum dögum eftir slysið. Í afstöðubréfi V dags. 3. júlí 2023, komi fram að félaginu hafi borist framburðarskýrsla X, eftir að hafa ítrekað óskað eftir henni frá lögreglu. Að sögn V komi þar fram að M hafi verið meðvitaður um ástand X og beri V það fyrir sig að á þeim tímapunkti hafi því verið kunnugt um þau atvik sem veittu heimild til skerðingar bótaréttar M, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Komi einnig fram í afstöðubréfinu að V hafi þó áður verið meðvitað um niðurstöðu blóðsýna úr X en slíkar upplýsingar geti einar og sér aldrei orðið grundvöllur skerðingar þegar um er að ræða líkamstjón farþega. M byggir fyrir nefndinni á því að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig að M hafi tekið sér far með ölvuðum öikumanni enda hafi V haft vitneskju um það frá 11. október 2022. V hefði á þeim tímapunkti getað sent M tilkynningu um að til stæði að skerða bótarétt M, eða það væri í öllu falli í skoðun. V hafi hins vegar beðið með það í tæpa í níu mánuði að tilkynna M um fyrirhugaða skerðingu og með því skapað réttmætar væntingar hjá M um óskertar bætur. Með slíku tómlæti hafi V glatað rétti sínum til að bera fyrir sig rétti til takmörkunar á ábyrgð vegna meints stórkostlegs gáleysis. Er vísað til Hæstaréttardóms nr. 37/2021 því til stuðnings. Verði ekki fallist á fyrrgreind sjónarmið og fallist á kröfu M um fullar bætur er á því byggt að skerðing að 2/3 hlutum sé í öllu falli úr hófi, enda hafi M sjálfur verið mjög ölvaður og ekki meðvitaður um ölvun öikumanns. Þá hafi M misst vinkonu sína í umræddu slysi. M hefði þá engan veginn getað séð fyrir að X mundi haga akstri sínum með svo vítaverðum hætti sem raunin var.

Í bréfi V er tekið fram að um afar alvarlegt slys hafi verið að ræða. Hafi áfengi í blóði X mælst 1,23 prómill og þá hafi komið jákvæð svörun á amfetamín. Hafi háttsemi X því brotið gegn ákvæði 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við að stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki undir áhrifum áfengis. Í framburðarskýrslu M komi fram að hann hafi verið í teiti og drukkið mikið af sterku áfengi. Hafi X svo komið þar að á bifreiðinni A. Hafi M svo sagst ekki muna neitt frekar af atvikum fyrr en hann rankaði við sér á slysstað. Í öðrum gögnum og framburði öikumanns komi svo fram að X hafi setið að drykkju með M og fleirum fyrir slysið. Sé því ljóst að M vissi eða mátti vita af ölvun X. Með þeirri háttsemi sinni að taka sér far með X, sem honum gat ekki dulist að var undir áhrifum áfengis, hafi M því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar og verði hann því að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálfur. Þá er því hafnað að V hafi sýnt af sér tómlæti og skapað réttmætar væntingar hjá M um óskertar bætur, enda sé skýr og áralöng dómvenja varðandi það að farþegar sem taki slíka áhættu beri 2/3 hluta tjóns síns sjálfir. Röksemdir um tómlæti félagsins eigi þá ekki við enda byggi félagið skerðingu bótaréttar á 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þá sé um ábyrgðartryggingu að ræða og heimild 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga til skerðingar nái til annarra váttrygginga en ábyrgðartrygginga. Eigi ákvæði 31. gr. því ekki við. Verði hins vegar litið svo á að V hafi borið að tilkynna um takmörkun ábyrgðar sé þá ljóst að það hafi verið gert án ástæðulauss dráttar eftir að kunnugt var um þau atvik er veittu heimild til skerðingar. Það hafi enda ekki verið fyrr en framburðarskýrslur bárust sem finna mátti staðfestingu þess að M vissi eða mátti vita um ölvun X og fyrr hafi grundvöllur bótaskerðingar ekki legið fyrir.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort V hafi vanrækt skyldu sína skv. 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga til að tilkynna án ástæðulauss dráttar um takmörkun ábyrgðar, eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laganna. Rétt er í því samhengi að taka fram að V byggir heimild sína til skerðingar ekki á ákvæðum fyrrgreinds XIII. kafla heldur á 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar er þar um að ræða skaðabótaréttarlega ábyrgðartakmörkun, en ekki takmörkun skv. XIII. kafla laga um váttryggingarsamninga. Auk þess sem um er að ræða kröfu um bætur úr lögboðinni ábyrgðartryggingu og fer um tilkynningu um takmörkun ábyrgðar úr slíkri tryggingu eftir 31. gr. laganna en ekki 94. gr. Rétt er þá að benda á að gildissvið 1. mgr. 31. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er bundið við það þegar váttryggingafélag hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð skv. reglum IV. kafla laganna og lýtur einnig að tilkynningaskyldu til váttryggingartaka eða váttrygðs. Í þessu máli byggir V á takmörkun ábyrgðar skv. tilgreindu ákvæði laga um ökutækjatrýggingar en ekki IV. kafla laga um váttryggingarsamninga auk þess sem M er hvorki váttryggingartaki né váttrygður í ábyrgðartryggingu þeirri sem gerð er krafa um bætur í.

Þrátt fyrir framangreint er eðli lögboðinnar ábyrgðartryggingar þó þannig að eðlilegt er að meta tómlæti V í málinu til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru í 31. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Óumdeilt virðist að V hafi haft frumskýrslu lögreglu undir höndum þegar í október 2022, en tjónstilkynning M barst félaginu hinn 28. október 2022. Kemur þar skýrt fram að M hafi verið farþegi í A og að ökuumaður hennar hafi verið undir áhrifum áfengis, svo og að þvagsýni frá X hafi gefið jákvæða svörun á amfetamíni, þó síðar virðist hafa komið í ljós að það væri í læknisfræðilegum skömmtum. Mátti V því þá þegar vera ljóst að X braut gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr. umferðarlaga um bann við ölvunarakstri.

V byggir á því að á þeim tíma hafi ekki legið fyrir að M hafi verið meðvitaður um ástand X, og það hafi ekki legið fyrir fyrr en félaginu barst framburðarskýrsla X en í kjölfar þess, hinn 3. júlí 2023, hafi verið tilkynnt um skerðingu bóta að 2/3hlutum.

Við mat á framansögðu verður að líta til þess að í 1. mgr. 31. gr. laga um váttryggingarsamninga er ekki tilgreindur tiltekinn tímafrestur, en þó má telja ljóst að um skamman frest sé að ræða, enda skal senda tilkynningu um að félagið hyggist bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að heild eða hluta „án ástæðulauss dráttar“. Í Hæstaréttardómi 37/2021, sem varðaði tilkynningu á grundvelli 1. mgr. 94. gr. var því þá slegið föstu að eðlilegt svigrúm váttryggingafélags til sendingar slíkrar tilkynningar geti ekki staðið mánuðum saman eftir að félagið fær upplýsingar sem gefa því tilefni til að bregðast við.

Eins og kemur réttilega fram í máli V er löng venja fyrir því að farþegar sem taka sér far með ölvuðum ökuönnum þurfi að sæta bótaskerðingu. Í ljósi þess verður að telja, sbr. og athugasemdir við 31. gr. frumvarps til laga um váttryggingarsamninga, eðlilegt að V hefði tilkynnt M, í kjölfar þess að upplýst var um ölvun X, að til athugunar væri hjá félaginu að bera fyrir sig skerðingu ábyrgðar, þrátt fyrir að endanleg afstaða lægi ekki fyrir. Með því að rúmir átta mánuðir liðu frá því frumskýrsla lögreglu barst V og þar til M fékk vitneskju um að til stæði að skerða bætur til hans er það mat nefndarinnar að tilkynning hafi ekki verið send „án ástæðulauss dráttar“.

Í ljósi þessa tómlætis verður því ekki fallist á að V geti borið fyrir sig 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar við takmörkun á ábyrgð.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2024.
rafræn undirritun

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 412/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.

Váttryggingartaki (X)

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot dags. 3. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. nóvember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. nóvember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. október 2020, er hann var skipverji á skipi X, hafi M orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að hann hafi klemmst milli poka með afla og skipssíðu með þeim afleiðingum að hann hlaut meiðsl á hné. Við komu í land hafi M, hinn 4. nóvember 2020, leitað á slysadeild þar sem hann hafi verið greindur með tognun á hné. Einkenni M hafi ekki gengið til baka og hafi hann gengist undir segulómun hinn 4. desember 2020 og liðspeglun hinn 21. janúar 2021. Í læknisvottorði komi þá fram að við liðspeglun hafi verið bólguvefur í hæggra hné M, sem hafi verið hreinsaður, ásamt rifu á innanverðum liðþófa og annarrar gráðu áverka á liðbandi. Í vottorði bæklunarlæknis dags. 22. janúar 2023, komi þá jafnframt fram að fyrir fyrstu endurkomu hafi M hafið meðferð hjá sjúkráþjálfara og miði henni vel, áverki á liðþófa virðist þá hafa jafnað sig og hreyfigeta í hné væri mun betri. Tjónstilkynning var send til V 2. desember 2022 en félagið hafi, með bréfi dags. 10. febrúar 2023, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að eins árs tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn við tilkynningu. V haldi því fram að eftir liðspeglun hafi M haft nægilegar upplýsingar og vitneskju um mögulega bótaskyldu til þess að rétt sé að miða upphaf tilkynningarfrests við það tímamark. Er því mótmælt af hálfu M enda hafi hann á þeim tíma verið í virku bataferli og verið nýbyrjaður í sjúkráþjálfun sem hafi gefið góða raun. Hafi hann því haft væntingar til þess að einkenni hans gengju að fullu til baka. Rétt sé að miða upphaf tilkynningarfrests við það tímamark sem M hafi raunverulega haft vitneskju um að einkenni hans væru varanleg og það hafi ekki verið fyrir en í lok árs 2022. Hafi krafa hans því borist innan lögmælt tilkynningarfrests.

Í athugasemdum V kemur fram að ekki hafi verið lögð fram læknisfræðileg gögn vegna aðgerðar sem M gekkst undir í janúar 2021. Þá hafi sjúkráfrá frá og með 6. janúar 2021 ekki verið lögð fram, né upplýsingar um meðferð M hjá sjúkráþjálfara. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði dags. 22. janúar 2023 komi þá fram að að lokinni aðgerð hafi horfur verið metnar svo að M væri með annarrar gráðu áverka á MCL sem leiði til þess að hann búi alltaf við smáóstöðugleika og samhliða rifu á liðþófa sem auki líkur á slitgigt í framtíðinni. Eftir umrædda aðgerð hafi M því verið upplýstur um að hann myndi búa við varanleg einkenni vegna slyssins. Eftir það tímamark liggja engar upplýsingar fyrir um komur M til læknis eða aðra meðferð. Verði að byggja á því að M hafi, þegar álit sérfræðings um varanlegar afleiðingar lá fyrir, fengið upplýsingar um atvik að baki kröfu sinni. Því hafi tilkynningarfrestur verið liðinn þegar V barst tjónstilkynning í desember 2022.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að sá sem eigi rétt til bóta, þ.e. í þessu tilviki M, samkvæmt slysáttryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. M varð fyrir umræddu slysi hinn 30. október 2020 og var V tilkynnt um tjónið í desember 2022, eða rúmlega 25 mánuðum síðar. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru vottorð um óvinnufærni fram til 1. mars 2021, sjúkráfrá vegna tímabilsins 4. nóvember 2020 til 20. desember 2022, en síðasta koma sem þar er tilgreind er hinn 6. janúar 2021, og læknisvottorð dags. 22. janúar 2023. Í því síðastnefnda kemur fram að spelkumeðferð og sjúkráþjálfun með aðgerð á innri liðþófa hafi gefið góðan árangur en alltaf verði smáóstöðugleiki og samhliða rifu á innri liðþófa sé aukin hætta á slitgigt til framtíðar. Í

læknisvottorðinu kemur þá fram að í fyrstu endurkomu eftir aðgerð sé M í sjúkraþjálfun og gangi vel. Ekki er í vottorðinu að finna upplýsingar um frekari komur til læknis eftir það tímamark né eru frekari upplýsingar um meðferð sjúkraþjálfara meðal gagna málsins. Þá liggur ekki fyrir mat eða álit læknis á því hvenær stöðugleikapunktur var náð, þ.e. hvenær frekari bata var ekki að vænta, né verður það ráðið af fyrirliggjandi gögnum.

Þó veita verði tjónþolum nokkurt ráðrúm til að átta sig á því að afleiðingar séu varanlegar og bótaréttur kunni því, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að vera fyrir hendi verður að miða við einhver tímamörk í þeim efnum. Samkvæmt þeim fremur takmörkuðu læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður því að miða við að M hafi, í öllu falli við endurkomu í kjölfar aðgerðar sem framkvæmd var 21. janúar 2021, en dagsetning hennar liggur ekki fyrir, fengið upplýsingar að einhver óstöðugleiki yrði til staðar og aukin hætta á slitgigt. Þrátt fyrir það er ekki óeðlilegt að ætla M nokkurn tíma til að reyna sjúkraþjálfun, en af framangreindu vottorði má ráða að hún hafi gengið vel, áður en telja má að hann hafi haft vitneskju um varanleika einkenna sinna, enda má ætla að á þeim tíma hafi hann mátt hafa væntingar um að þau gengju a.m.k. að einhverju leyti til baka. M verður hins vegar látinn bera hallann af því að engar upplýsingar, s.s. skýrsla sjúkraþjálfara, liggja fyrir um umrædda meðferð, né hefur verið sýnt fram á að hann hafi við síðara tímamark fengið frekari upplýsingar frá heilbrigðisstarfsfólki um mögulegar batahorfur. Er því talið hæfilegt að miða við að tilkynningarfrestur hafi byrjað að líða þegar um hálf tveggja ár var liðið frá umræddri aðgerð, enda megi gera ráð fyrir að M hafi þá gert sér grein fyrir því hvort meðferð skilaði væntum árangri, og verður M samkvæmt framansögðu að bera hallann af því að ekki sé sýnt fram á annað. Er það því mat nefndarinnar að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning barst V í desember 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna slyss sem hann varð fyrir hinn 30. október 2020.

Reykjavík, 12. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 413/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Notkun ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum..
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 18. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 13. febrúar 2023 er hann var staddur í kyrrstæðu ökutæki hjá Olís við Suðurlandsbraut, fyrir aftan ökutækið X sem var að dæla metaneldsneyti á eldsneytistanka sína. Var M í 3-4 metra fjarlægð frá ökutækinu X. Skyndilega heyrði hann mjög háan hvell og sá hvernig ökutækið X lyftist upp og ökumaður þess, sem var að fylla á metantankinn, kastaðist aftur á bak. Komu stórar sprungur á framrúðu ökutækis M og sprakk hægra framdekk ásamt því að málmbiti skaust úr ökutækinu X og í ökutæki það sem M var staddur í, með þeim afleiðingum að hlutar ökutækisins stórskemmdust. Í sprengingunni hlaut M verk í hægra eyra og suð og hefur hlotið heyrnarskerðingu sem miklar líkur eru á að sé varanleg. M gerði kröfu um bætur vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V en bótaábyrgð var hafnað með bréfi dags. 28. júní 2023 á þeim grundvelli að slysið verði ekki rakið til notkunar ökutækis og skorts á orsakatengslum. M telur að tjón sitt sé bótaskyldt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis á grundvelli 4 og 8. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Vísar M til þess að hlutlæga ábyrgðarregla 4. gr. laganna sé tilkomin vegna þeirra hættueiginleika sem stafa af ökutækjum og vísar til dómaframkvæmdar og þá sérstaklega Hrd. 1995, bls. 1727, Hrd. 1981, bls. 1203, Hrd. 1996, bls. 3141, Hrd. 1971, bls. 1107 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 761/2009. Telur M með vísan til dómaframkvæmdar að sú athöfn að setja eldsneyti á eldsneytishúnað ökutækis, sé venjulegur og eðlilegur þáttur við notkun ökutækis og órjúfanlegur þáttur notkunarhugtaksins. Þá sé einnig ljóst að tjónið sé tilkomið vegna þeirra hættueiginleika ökutækja sem liggja til grundvallar hinni hlutlægu ábyrgðarreglu 4. gr. laga nr. 30/2019.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X og telur að tjón M falli utan bótasviðs ábyrgðartryggingar skv. 8. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, sbr. 13. gr. vátryggingarskilmála félagsins. Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga sé kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð en þar komi fram að tjón verði að vera rakið til notkunar ökutækis til þess að hún eigi við og greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu ökutækis. Að mati V eru ekki orsakatengsl milli notkunar X og tjóns M. V vísar til þess að orðið notkun, í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, hafi verið skýrt með þrengri hætti en almennri orðskýringu í framkvæmd. Þannig hafi notkun ökutækis í dómaframkvæmd verið skýrð þannig að hin hlutlæga bótaábyrgð nái aðeins til tjóns sem leiðir af þeirri notkun ökutækisins sem hafi í för með sér að sérstakir hættueiginleikar þess verði virkir, þ.e. hraði, vélarafli eða þyngd þess. Einnig vísar V til þess að kyrrstætt ökutæki sé alla jafna ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar og sérstakir hættueiginleikar ökutækis sem ökutækis séu alla jafna ekki virkir við þær aðstæður. Til dæmis sé ekki hættulegra að dæla eldsneyti á ökutæki frekar en brúsa eða annað. Það að dæla eldsneyti á ökutæki sé ekki einkennandi fyrir þá hættueiginleika sem almennt stafi af ökutækjum og hlutlæg bótaregla laga sé sett vegna. V vísar máli sínu til stuðnings til fræðigreina og dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla allt frá árinu 1996, og þá aðallega dóma Hæstaréttar.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M ýmsu sem fram kemur í athugasemdum V og ítrekar fyrir afstöðu sína og bendir á fyrri umfjöllun um dómafóðæmi og vísar til fræðigreina.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað það sem fram kemur í fyrri athugasemdum og vísað til álits nefndarinnar í máli nr. 352/2023.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort líkamstjón það sem M varð fyrir vegna sprengingar sem varð þegar verið var að dæla eldsneyti á bifreiðina X teljist til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Óumdeilt er að umrætt ökutæki var kyrrstætt þegar sprengingin varð. Nefndin hefur áður fjallað um þetta sama álitaefni í áliti sínu í máli nr. 352/2023 en þar var gerð krafa um bætur vegna munatjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna sömu sprengingar. Niðurstaða nefndarinnar í því máli var sú að af lýsingum á tjónsatviki verði ekki ráðið að tjón verði rakið til sérstakra eiginleika ökutækisins X sem tengjast hraða, vélarafli eða þyngd þess og taldi nefndin því að hlutlæg skaðabótaábyrgð eiganda X hefði því ekki stofnast skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þegar af þeirri ástæðu falli tjónið ekki undir ábyrgðartryggingu eigandans skv. 8. gr. sömu laga og þar af leiðandi ekki greiðsluskyldu skv. 19. gr. laganna. Var vísað til þess að þegar litið sé til dómaframkvæmdar síðustu ára varðandi túlkun á hinu svokallaða notkunarhugtaki verði ekki annað séð en að bæði dómur Hæstaréttar og Landsréttar sýni að ef ökutæki er ekki á hreyfingu þurfi tjón að hafa orðið vegna sérstakra eiginleika ökutækja sem ökutækja til að teljast til notkunar þeirra, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 671/2014. Vísað var til þess að af sömu dómaframkvæmd mætti ráða að þeir sérstöku eiginleikar ökutækja séu fyrst og fremst tengdir hraða, vélarafli og þyngd þeirra, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/1997, 116/1999, 274/1999, 353/2002 og áður nefndu máli nr. 671/2014. Með sömu rökum verður ekki talið að M eigi rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 414/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Notkun ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum..
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 18. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 13. febrúar 2023 er hann var staddur í kyrrstæðu ökutæki hjá Olís við Suðurlandsbraut, fyrir aftan ökutækið X sem var að dæla metaneldsneyti á eldsneytistanka sína. Var M í 3-4 metra fjarlægð frá ökutækinu X. Skyndilega heyrði hann mjög háan hvell og sá hvernig ökutækið X lyftist upp og ökumaður þess, sem var að fylla á metantankinn, kastaðist aftur á bak. Komu stórar sprungur á framrúðu ökutækis M og sprakk hægra framdekk ásamt því að málmbiti skaust úr ökutækinu X og í ökutæki það sem M var staddur í, með þeim afleiðingum að hlutar ökutækisins stórskemmdust. Í sprengingunni fann M fyrir þrýstingi og hellu í eyrum ásamt verk í mjóbbaki. Í heyrnarmælingu sem framkvæmd var 23. ágúst 2023 kom fram að heyrn hans á vinstra eyra sé umtalsvert skert. M gerði kröfu um bætur vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V en bótaábyrgð var hafnað með bréfi dags. 28. júní 2023 á þeim grundvelli að slysið verði ekki rakið til notkunar ökutækis og skorts á orsakatengslum. M telur að tjón sitt sé bótaskyldt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis á grundvelli 4 og 8. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Vísar M til þess að hlutlæga ábyrgðarregla 4. gr. laganna sé tilkomin vegna þeirra hættueiginleika sem stafa af ökutækjum og vísar til dómaframkvæmdar og þá sérstaklega Hrd. 1995, bls. 1727, Hrd. 1981, bls. 1203, Hrd. 1996, bls. 3141, Hrd. 1971, bls. 1107 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 761/2009. Telur M með vísan til dómaframkvæmdar að sú athöfn að setja eldsneyti á eldsneytisbúnað ökutækis, sé venjulegur og eðlilegur þáttur við notkun ökutækis og órjúfanlegur þáttur notkunarhugtaksins. Þá sé einnig ljóst að tjónið sé tilkomið vegna þeirra hættueiginleika ökutækja sem liggja til grundvallar hinni hlutlægu ábyrgðarreglu 4. gr. laga nr. 30/2019.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X og telur að tjón M falli utan bótasviðs ábyrgðartryggingar skv. 8. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, sbr. 13. gr. váttryggingarskilmála félagsins. Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga sé kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð en þar komi fram að tjón verði að vera rakið til notkunar ökutækis til þess að hún eigi við og greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu ökutækis. Að mati V eru ekki orsakatengsl milli notkunar X og tjóns M. V vísar til þess að orðið notkun, í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, hafi verið skýrt með þrengri hætti en almennri orðskýringu í framkvæmd. Þannig hafi notkun ökutækis í dómaframkvæmd verið skýrð þannig að hin hlutlæga bótaábyrgð nái aðeins til tjóns sem leiðir af þeirri notkun ökutækisins sem hafi í för með sér að sérstakir hættueiginleikar þess verði virkir, þ.e. hraði, vélarafli eða þyngd þess. Einnig vísar V til þess að kyrrstætt ökutæki sé alla jafna ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar og sérstakir hættueiginleikar ökutækis sem ökutækis séu alla jafna ekki virkir við þær aðstæður. Til dæmis sé ekki hættulegra að dæla eldsneyti á ökutæki frekar en brúsa eða annað. Það að dæla eldsneyti á ökutæki sé ekki einkennandi fyrir þá hættueiginleika sem almennt stafi af ökutækjum og hlutlæg bótaregla laga sé sett vegna. V vísar máli sínu til stuðnings til fræðigreina og dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla allt frá árinu 1996, og þá aðallega dóma Hæstaréttar.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M ýmsu sem fram kemur í athugasemdum V og ítrekar fyrir afstöðu sína og bendir á fyrri umfjöllun um dómafórdæmi og vísar til fræðigreina.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað það sem fram kemur í fyrri athugasemdum og vísað til álits nefndarinnar í máli nr. 352/2023.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort líkamstjón það sem M varð fyrir vegna sprengingar sem varð þegar verið var að dæla eldsneyti á bifreiðina X teljist til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Óumdeilt er að umrætt ökutæki var kyrrstætt þegar sprengingin varð. Nefndin hefur áður fjallað um þetta sama álitaefni í áliti sínu í máli nr. 352/2023 en þar var gerð krafa um bætur vegna munatjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna sömu sprengingar. Niðurstaða nefndarinnar í því máli var sú að af lýsingum á tjónsatviki verði ekki ráðið að tjón verði rakið til sérstakra eiginleika ökutækisins X sem tengjast hraða, vélarafli eða þyngd þess og taldi nefndin því að hlutlæg skaðabótaábyrgð eiganda X hefði því ekki stofnast skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þegar af þeirri ástæðu falli tjónið ekki undir ábyrgðartryggingu eigandans skv. 8. gr. sömu laga og þar af leiðandi ekki greiðsluskyldu skv. 19. gr. laganna. Var vísað til þess að þegar litið sé til dómaframkvæmdar síðustu ára varðandi túlkun á hinu svokallaða notkunarhugtaki verði ekki annað séð en að bæði dómur Hæstaréttar og Landsréttar sýni að ef ökutæki er ekki á hreyfingu þurfi tjón að hafa orðið vegna sérstakra eiginleika ökutækja sem ökutækja til að teljast til notkunar þeirra, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 671/2014. Vísað var til þess að af sömu dómaframkvæmd mætti ráða að þeir sérstöku eiginleikar ökutækja séu fyrst og fremst tengdir hraða, vélarafli og þyngd þeirra, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/1997, 116/1999, 274/1999, 353/2002 og áður nefndu máli nr. 671/2014. Með sömu rökum verður ekki talið að M eigi rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 415/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging (hóptrygging)****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir lögmanns M dags. 9. janúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 15. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi hinn 4. september 2020. Matsgerð lá fyrir vegna afleiðinga líkamstjónsins hinn 21. nóvember 2022 og tjónið var tilkynnt til V hinn 20. janúar 2023. M var á slysegi váttryggt í sérstakri slysáttryggingu (hóptryggingu Lyfjafræðingafélags Íslands) hjá V sem hefur hafnað því að greiða bætur til M á þeim grundvelli að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) hafi verið liðinn þegar V fékk tilkynningu um tjón M.

Í gögnum málsins eru raktar heilsufarslegar afleiðingar líkamstjónsins fyrir M, sem var barnshafandi þegar slysið varð, sem og að hún hafi leitað til lögmanns og veitt honum umboð til að gæta hagsmuna sinna vegna umferðarslyss hinn 7. september 2020. Ekki er þörf á að rekja með ítarlegum hætti þær upplýsingar sem koma fram um líkamstjón M, en matsbeiðni vegna afleiðinga slyssins var dagsett 12. júlí 2022 og í gögnum sem fylgdu þeirri matsbeiðni kemur fram að í læknisvottorði heimilislæknis M, dags. 1. desember 2021, eru upplýsingar um M hafi komið til læknisins hinn 17. nóvember 2021 eftir að hún hóf aftur störf eftir fæðingarorlof. Í vottorðinu er vísað til þess að M hafi á þeim tímapunkti ekki jafnað sig eftir slysið og hafi þá veruleg einkenni sem tengd eru við slysið. Frekari upplýsingar liggja fyrir um óvinnufærni á árinu 2022 sem og upplýsingar um sjúkraþjálfun áður en mat fór fram. Í matsgerð dags. 21. nóvember 2022 komast tveir matsmenn að þeirri niðurstöðu að afleiðingar líkamstjóns M vegna slyssins 4. september 2020 séu metnar til 10 stiga varanlegs miska og 10% varanlegrar örorku og að stöðuleikatímapunktur hafi verið 7. maí 2021. Gerð var krafa um bætur úr slysáttryggingu V hinn 20. janúar 2023 en V hafnaði slíkri kröfu eins og áður segir.

M telur að tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar slys M var tilkynnt til V heldur hafi hún í fyrsta lagi haft forsendur til að vita af varanlegri örorku sinni þegar hún fékk í hendur matsgerð dags. 21. nóvember 2022. M telur að heimsóknir til lækna fyrir þann tíma, eins og vottorð heimilislæknis dags. 1. desember 2021 hafi gefið til kynna að frekari meðferðar væri þörf vegna slyssins. M vísar til dómaframkvæmdar varðandi túlkun á upphafsdegi ársfrests 1. mgr. 124. gr. vsl. og bendir á að þar komi fram að miða beri upphaf ársfrestsins við þegar M hafi raunverulega gert sér grein fyrir því að slys hafi haft varanlegar afleiðingar. Þannig dugi ekki að einkenni kunni að vera varanleg heldur skuli miða við þegar upplýsingar um varanlegar afleiðingar hafi komið fram, með matsgerð dags. 21. nóvember 2022. M bendir á að hún hafi farið til vinnu á ný eftir sumarfrí árið 2022 í sama mæli og fyrir slys. M bendir á að í læknisfræðilegum gögnum málsins komi ekki skýrlega fram að áverkar hafi í för með sér varanlegar afleiðingar og þar sem M sé ekki læknisfræðilega menntuð hafi hún haft takmarkaða möguleika til að gera sér grein fyrir slíkum afleiðingum áður en matsgerð lá fyrir. Einnig bendir M á álit sjúkraþjálfara með vottorði dags. 16. júní 2022 að M væri á batavegi þrátt fyrir að vera enn með einkenni og ekki útilokað að fullum bata yrði náð.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. vsl., sem sé sambærilegur við ákvæði í váttryggingarskilmálum V, miðist við þann tímapunkt sem óskað var eftir lokavottorði frá heimilislækni M í þeim tilgangi að láta meta varanlegar afleiðingar slyss M, en það hafi verið haustið 2021. V vísar til þess að í vottorði dags. 1. desember 2021 komi fram að M hafi ekki jafnað sig eftir slysið. Einnig komi fram í gögnum málsins að slys M hafi verið tilkynnt til annars váttryggingafélags af hálfu þáverandi lögmanns M í ljósi þess að sameiginlegt mat hafi farið fram á afleiðingum slyssins á grundvelli matsbeiðni dags. 12. júlí 2022. V hafi hins vegar ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en með

kröfugerð dags. 20. janúar 2023 eða rúmlega tveimur árum og fjórum mánuðum eftir að slysið átti sér stað. V vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 522/2012 þar sem ársfrestur 1. mgr. 124. gr. vsl. var talinn hafa byrjað að líða þegar tjónþoli leitaði til lögmanns vegna afleiðinga slyss. Einnig vísar V til þess að stöðugleikapunktur hafi verið metinn í matsgerð hinn 7. maí 2021 og þannig hafi tilkynning til V ekki borist fyrir en einu ári og átta mánuðum frá því að ástand var metið stöðugt, en sambærilegar lýsingar hafi verið á einkennum M í lokavottorði heimilislæknis og í matsgerð.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að tilvísun V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 522/2012 eigi ekki við þar sem umboð í máli M hafi verið veitt einungis þremur dögum eftir slys hennar, auk þess sem vísað er til fræðiskrifa sem og að dómurinn sé ekki í samræmi við aðra dóma þar sem reynt hafi á ákvæði 1. mgr. 124. gr. vsl. Ítrekað er að M hafi ekki verið upplýst um að hún hefði hlotið varanlegar afleiðingar þar til hún fékk niðurstöðu matgerðar í upphafi árs 2023. Þannig eigi frekar að miða upphaf frestsins við matsgerð í nóvember 2022 eða endurkomu M úr sumarleyfi árið 2022 í fyrsta lagi.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir ítrekaðar og bent á að M hafi þremur dögum eftir slys leitað til lögmannsstofu sem sérhæfi sig í innheimtu slysbóta og að þannig hafi þeim lögmanni verið í lófa lagið að tilkynna tjón innan tímamarka til V, í síðasta lagi hinn 6. janúar 2022 þegar lokavottorð var skráð móttakið á þeirri lögmannsstofu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um upphaf ársfrests til tilkynningar tjóns skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Rétt er að áréttta að um er að ræða frest til þess að tilkynna um tjónsatburð, þ.e. atvik sem krafa er reist á, en ekki ákvæði um fyrningu kröfunnar sjálfrar. Með hliðsjón af dómaframkvæmd vegna 1. mgr. 124. gr. vsl. verður að líta til gagna í hverjum máli fyrir sig við mat á því hvenær tjónþola má eða má vera ljóst að atvik sem krafa hans er reist á hafi orðið.

Í þessu máli liggur fyrir læknisvottorð heimilislæknis frá 1. desember 2021 þar sem kemur fram að M hafi ekki fulla starfsgetu vegna afleiðinga slyssins rúmu ári eftir það. Ráðist var í mat á öllum afleiðingum slyssins í júlí 2022. Í matsgerð dags. 21. nóvember 2022 að stöðugleikatímupunktur vegna afleiðinga slyssins hafi verið metinn 7. maí 2021 eða réttu ári áður en farið var af stað með mat á afleiðingum slyssins. Þrátt fyrir að meðferð hafi verið í gangi hjá sjúkrapjálfa eftir þetta verður að líta svo á að M hafi mátt vera ljóst að atvik sem gætu leitt til bótakröfu vegna varanlegra afleiðinga vegna umferðarslyss hennar 4. september 2020 fyrir 20. janúar 2022, þegar ársfrestur 1. mgr. 124. gr. vsl. byrjaði að líða. Með hliðsjón af þessum upplýsingum sem og því að M veitti lögmanni umboð til þess að gæta hagsmuna hennar vegna afleiðinga umferðarslyssins nokkrum dögum eftir það, eða 7. september 2020, verður að líta svo á að ársfrestur til tilkynningar tjóns í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl. hafi verið liðinn þegar tjón var tilkynnt til V hinn 20. janúar 2023. Bótaréttur er því ekki fyrir hendi úr slysatryggingu (hóptryggingu Lyfjafræðingafélags Íslands) hjá V vegna slyss M hinn 7. september 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu (hóptryggingu) hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 416/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Umfang tjóns.****Gögn.**

- Málskot móttakið 5. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 15. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. desember 2023.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 23. maí 2023 hafi skolið á mikið óveður og hafi nágranni M látið hann vita að trampólín hafi fokið á bifreiðina X sem er í eigu M. Hljóp M samstundis út og sá trampólínið fjúka í burtu og yfir í næstu götu. Tilkynti M tjónið til V með rafrænni tjónstilkynningu strax eftir atvikið. Bótaskylda var viðurkennd hjá V úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og leitaði M til verkstæðis vegna viðgerðar á því tjóni sem varð á á bifreiðinni. M telur að enn séu til staðar skemmdir á bifreiðinni eftir að viðgerð lauk og nefnir þar m.a. afturhlera og afturrúðu.

V vísar til upplýsinga sem fram koma í tjónstilkynningu vegna atviksins. Í tilkynningunni hafi M merkt við skemmdir á hægri framhorni, hægri framhurð og þaki bifreiðarinnar. Hafi M í síðari tölvupóstsamskiptum sínum við V talað um tjón umhverfis bifreiðina og á toppi hennar. M hafi farið með bifreiðina í tjónaskoðun og hafi tjónamatsmenn V farið yfir tjónamatið með hliðsjón af viðbótarupplýsingum um tjónið. Hafi V ekki fallist á að bæta ákomur á þremur stöðum á bifreiðinni, enda var það mat V að þær ákomur tengdust ekki umræddu tjóni. Að mati V hafi M fengið tjónið að fullu bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og hafnar V því frekari kröfum um greiðslu bóta.

Í viðbótarathugasemdum M vísar hann til þess að V hafi ekki fjallað um afturhlera og afturrúðu auk þess sem ekki er minnst á rispur á afturstuðara sem ekki eru vegna grjótkasts.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að því miður ekki ekki náðst nægilega góðar myndir af skemmdum á afturrúðu og því óljóst hvert tjónið er og hversu umfangsmikið. Hins vegar megi greina rispur á afturhlera, örfínar rispur sem liggja niður á við til hægri. Að mati tjónamatsmanna V passa þær skemmdir ekki við umrætt tjón.

Álit.

Ekki ágreiningur um að M eigi að fá tjón sitt bætt úr kaskótryggingu hjá V. Ágreiningur lítur að því hvort sú viðgerð sem fram fór á bifreiðinni hafi verið fullnægjandi á þann hátt að tjónið teljist vera fullbætt. Með gögnum málsins fylgdi myndband af umræddu trampólíni vera að fjúka um en tjónsatvikið sjálf sést ekki á myndbandinu. Af myndbandinu má sjá að um stórt trampólín var að ræða, sem er með fjórum fótum og neti. Getur slíkt trampólín hæglega lagst yfir bifreiðina X. Af þeim myndum sem fylgdu málskoti M má sjá rispur á bifreiðinni sjálfri og á afturrúðu sem að mati nefndarinnar ekki er hægt útiloka að séu ekki af völdum umrædds trampólíns. Hefur M því leitt nægjanlega í ljós að tjón hans sé ekki að fullu bætt. Teljast þannig vera meiri líkur en minni á að það sé frekara tjón á bifreiðinni enn til staðar sem V beri að bæta þó ekki liggi fyrir hvert umfang þess tjóns kann að vera. M á því rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu ökutækisins hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 418/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 6. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. desember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 18. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að X hafi verið undirverktaki M og lagt snjóbræðslulagnir við tiltekna fasteign í Reykjavík um sumarið 2022. Hafi X beðið um að fá að mýkja lagnirnar með vatni með þeim formerkjum að vatnið yrði blásið út við verklok eða í öllu falli áður en frysti en ekki hafi legið fyrir hvenær hægt væri að tengja snjóbræðsluna. Hafi X hins vegar láðst að vatnstæma lagnirnar þegar þurfti og hafi það leitt til þess að lagnir innanhúss í fasteigninni gáfu sig ásamt því að slaufur í stéttinni eyðilögðust, og þar með einnig stéttin sem búið var að steypa yfir lagnirnar. Hafi X þá láðst að tilkynna M að lagnirnar hefðu ekki varið vatnstæmdar. Hafi tjón M verið umtalsvert, enda hafi þurft að brjóta upp stéttina og hefja verkið að nýju. Við meðferð bótakröfu í ábyrgðartryggingu X hafi V byggt á einhliða frásögn X um að hann hefði látið vita af því á verkfundi í júlí 2022 að vatn væri í lögnunum og að mælt með því að dæla frostlegi inn á þær til að varna skemmdum. Þetta sé ekki rétt. Meðan á verki stóð hafi verið haldnir vikulegir verkfundir þar sem framangreint hafi aldrei komið fram. Þvert á móti hafi M falið X að blása vatni af kerfinu og hafi M mátt treysta því að það yrði gert. Þá hafi X á síðari stigum viðurkennt að fara frá verkinu án þess að tæma lagnirnar og liggi fyrir yfirlýsing hans þess efnis. Hann hafi þá viðurkennt að hafa í fátí farið með rangt mál gagnvart V þegar krafa barst í ábyrgðartryggingu hans í stað þess að viðurkenna mistök sín strax.

Fyrirliggjandi er yfirlýsing forsvarsmanns X, dags. 3. nóvember 2023, þar sem fram kemur að hann hafi nefnt á verkfundi, líklega í júlí 2022, að gott væri að dæla frostlegi inn á lagnirnar. Hann hafi fengið þau svör að það væri óþarfi og mögulega mundi nást að tengja lagnirnar fyrir veturinn. Þessu hafi hann svo ekki fylgt nægilega vel eftir, en hann hefði, við lok starfa sinna fyrir M í september 2022, átt að tryggja að blásið yrði úr lögnunum eða dælt á þær frostlegi.

Í bréfi V kemur fram að M hafi haft yfirumsjón með verkinu og starfsmaður þess hafi unnið að því með starfsmanni X. Ekki hafi verið gerður sérstakur verksamningur en X hafi skilað verkinu af sér hinn 23. júní 2022. Þá hafi verið vatn á lögnunum enda nauðsynlegt svo á legðust ekki saman þegar steyppt var yfir þær. Hafi lítil verkstjórn verið á staðnum og forsvarmaður M mikið fjarverandi vegna veikinda. X hafi svo látið af störfum fyrir M í september 2022, en áður hefði hann vakið athygli á því á verkfundi í júlí að rétt væri að dæla frostlegi á lagnirnar og jafnvel tengja þær. M hafi svo ekki náð að tengja lagnirnar fyrir veturinn og þær hefðu hvorki verið vatnstæmdar né frostvarðar, og því hefði frosið í kerfinu með fyrrgreindum afleiðingum í desember 2022. X hafi því, í upphaflegum samskiptum við V, neitað sök enda hafi hann skilað verkinu með réttum hætti og telji V ljóst að hann hafi breytt framburði sínum vegna þrýstings frá M. V vísar til þess að M hafi farið með verkstjórn og verið yfirverktaki og þá hafi starfsmaður M unnið umrætt verk með X, og því verið í lófa lagið að sjá um eftirfylgni þess eftir að X hætti störfum. M hafi þá áratuga reynslu af pípulögnum og hefði átt að tryggja ásigkomulag lagnanna fyrir veturinn fyrst ekki náðist að tengja kerfið eins og til stóð. Þá hafi verkstjórn af hálfu M verið ábótavant og velta megi fyrir sér hvort úttekt þess hafi verið fullnægjandi. Telur V samkvæmt framansögðu að umrætt tjón verði ekki rakið til atvika sem V beri ábyrgð vegna. Verði það allt að einu niðurstaðan beri í öllu falli að skerða bótarétt M verulega á grundvelli eigin sakar.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið hafnað að M hafi beitt X þrýstingi svo hann breytti framburði sínum. Aðilar hafi einfaldlega fundað vegna atviksins og við yfirferð á atburðarásinni hafi komi í ljós að X hafi ekki sinnt störfum sínum sem skyldi og tryggt nægilega að gengið yrði tryggilega frá lögninni

fyrir veturinn. X hafi þá ekki skilað verkinu endanlega þegar hann lauk við lagningu og hleypti vatni á lagnirnar hinn 23. júní 2022, heldur hafi hann komið að verkinu lengur og ekki lokið störfum fyrir M fyrir en í september það ár. Við það tímamark hafi X borið að ganga úr skugga um a réttilega væri gengið frá verkum á hans ábyrgð og tryggja að réttur aðili hjá M fengi upplýsingar um stöðu þeirra. Áréttað er að M hafi falið X að blása vatni af snjóbræðslukerfinu en ekki setja frostlög á það. Hafi M mátt treysta því að sú aðgerð yrði framkvæmd. Burtséð frá breyttum framburði X hafi hann svo alltaf fallist á að bera í það minnsta hluta sakar og hafi honum því alla tíð verið ljóst að hann hefði ekki skilað verkinu sem skyldi.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir áréttáðar og sérstaklega tekið fram að M hafi ætlað að reyna að ná að tengja lagnirnar fyrir veturinn en það hafi ekki náðst. Hefði M þá átt að ganga úr skugga um að lagnirnar væru tæmdar eða frostvarðar. Ekki sé um að ræða atvik sem X verði um kennt eða gert að bera ábyrgð vegna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Upplýsingar um framgang umrædds verks eru ekki viðamiklar og t.a.m. liggja ekki fyrir frekari upplýsingar um verkfundi eða fundargerðir þeirra. Þá liggur ekki fyrir samningur aðila eða verklýsing um þann verkþátt sem X tók að sér. Þó virðist óumdeilt að X hafi tekið að sér, sem undirverktaki, að leggja snjóbræðslulögn við fasteignina. Starfsmaður M hafi þá unnið samhliða X við það verk. Þá liggur fyrir að vatn var í leiðslunum við lagningu þeirra og að aðilar hafi verið meðvitaðir um þörf þess að tæma eða tengja lagnirnar áður en færi að frysta. Skjáskot af samskiptum aðila benda þá til þess að steipt hafi verið yfir lagnirnar í júní eða júlí, en í lok júní kannaði X sérstaklega hvort þrýstingur væri á lögnunum en af gögnum málsins má ráða að það sé nauðsynlegt áður en steipt er yfir snjóbræðslulagnir. Að því loknu hefði, miðað við gögn málsins, þurft að tengja lagnirnar og taka þær í notkun eða vatnstæma þær eða frostverja til að varna skemmdum. Slíkar aðgerðir voru ekki framkvæmdar og því kom til tjóns.

X heldur því fram, bæði í upphaflegum samskiptum sínum við V og í síðari yfirlýsingu, að hann hafi á verkfundi, líklega í júlí, lagt til að frostlegi yrði dælt inn á lagnirnar. M hafi talið nægan tíma til þess og þá yrðu lagnirnar mögulega tengdar fyrir veturinn. Í yfirlýsingu sinni telur X sig hafa gert mistök í því að fylgja því ekki nægilega eftir að gengið yrði frá lögnunum með viðhlítandi hætti. Því er hins vegar haldið fram af hálfu M að X hafi verið falið að blása vatni af kerfinu og hafi M mátt treysta því að það yrði gert. Engin gögn liggja fyrir nefndinni um samskipti aðila þessu að lútandi, t.a.m. yfirlýsingar annarra starfsmanna eða fundargerðir áður nefndra verkfunda. Verður M að bera hallann af því. Þá er óumdeilt að X hafi látið af störfum fyrir M í september en ekki liggur fyrir hvort þá hafi enn staðið til að reyna að tengja lögnina fyrir veturinn.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja að M hafi verið ljóst að þrýstingur var á lögninni í júlí, þegar umrædd stétt var steipt, sbr. og skjáskot af samskiptum aðila. Er þá einnig litið til þess að M er fagaðili á sviði pípulagna og starfsmaður M starfaði að snjóbræðslulögninni. Ekkert liggur fyrir um að M hafi þá falið X að tæma lögnina, enda verður að ætla að á þeim tíma hafi þess enn verið vænst að hægt væri að tengja hana fyrir veturinn. Það verður þá ekki metið X til saknæmrar vanrækslu að hafa ekki fylgt því eftir að blásið yrði úr lögninni fyrir vetrarhörkur, sér í lagi þar sem fyrir liggur að hann lauk störfum hjá M í september og liggur ekkert fyrir um annað en að á þeim tíma hafi M mátt vera kunnugt um að vatn væri á lögninni, sbr. áður nefnd skjáskot en engin gögn liggja fyrir um síðari samskipti aðila á verktíma. Hallinn af sönnunarskorti í þessum efnum fellur á M og er óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Mál nr. 421/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X) og (Y).

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 7. maí 2022 slasast við störf sín hjá X. M hafi verið að ferma álstæður úr steypuskála á útisvæði með lyftara, inn í gáma, sem ætlaðir voru til útflutnings með skipi. Hafi hann litið aftur fyrir sig áður en hann bakkaði út úr gámnum og tekið hægri beygju. Í sama andartaki var 70 tonna gámalyftari á vinnusvæðinu að koma með tóman gám og árekstur verð. Hlaut M mikla áverka og var tímabundið óvinnufær með öllu. Hvorki Vinnueftirlitið né lögregla voru kvödd á vettvang. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X, hjá V vegna slyssins. V hefur hafnað bótaskyldu úr tryggingunni. M vísar til þess sem fram kemur í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins þar sem fram kemur að árekstur hafi orðið þar sem ökumenn beggja lyftara hafi ekki séð hvorn annan. Hafi ökumaður gámalyftarans verið of nálægt rampi gámsins þannig að hætta steðjaði að og hafi M ekki haft möguleika á að sjá hann fyrir en um seinan. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrir en rúmu hálfu ári eftir slysið og hafi því ekki verið rannsakað af eftirlitinu. Vísar M til dómafordæma þar sem vinnuveitandi var látinn bera hallan af því að málsatvik séu ekki nægilega upplýst, ef það verður talið hafa staðið honum nær að leitast við að upplýsa atvik frekar, til dæmis með því að fylgja tilkynningu eftir eða hlutast á annan hátt til um rannsókn eða varðveislu sönnunargagna. Þá vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Vísar M einnig til þess að verklagi hafi verið breytt eftir slysið og að það feli í sér viðurkenningu þess efnis að aðbúnaður og verklagsreglur á vinnusvæðinu fyrir slys hafi verið ófullnægjandi og óforsvaranleg. Vísar M til 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem fjallar um meðábyrgð tjónþola og fjallar um dóma og ráðgefandi álit EFTA dómstólsins þar sem fjallað var um eigin sök starfsmanna. M hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við fermingu álstæðanna í umrætt sinn og því séu ekki forsendur til að láta hann bera nokkra ábyrgð á slysinu. Ekki nægi að sýna fram á að M hafi sýnt af sér einfalt gáleysi, heldur yrði V að sanna að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. fyrrnefnda 1. mgr. 23. gr. a. M hafi unnið verkið í samræmi við fyrirmæli yfirmanna sinna og fylgdi verklagi sem tíðkaðist á vinnustaðnum. Engin önnur leið var fær við að vinna verkið en sú sem M beitti og honum verði ekki kennt um að aðbúnaður hafi verið hættulegur og verklagsreglur ófullnægjandi á vinnustaðnum. Vegna staðsetningar gámalyftarans hafi M ekki getað séð hann í aðdraganda slyssins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að ekki þyki sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna X né annarra atvika eða aðstæðna sem X verður látinn bera skaðabótaábyrgð á. Vísar V til lýsingu úr samtímagögnum af atvikinu, sem báðir aðilar hafa staðfest, þar sem fram kemur að atvikið varð þegar M bakkaði út úr gámi, tók hægri beygju og bakkaði á gámalyftarann sem stóð þar kyrrstæður og beið. Umrædd samtímagögn eru annars vegar atvikarannsókn Norðuráls sem gerð var daginn eftir slysdag þann 8. maí 2022, að báðum aðilum viðstöddum og svo hins vegar tjonstilkynningu undirritaðri af M sjálfum, dags. 1. júní 2022. Af gögnum málsins þyki því sýnt að orsök slyssins sé sú að M sjálfur gætti ekki nægilega vel að sér. Þá liggi fyrir að ökumaður gámalyftarans var starfsmaður annars félags, Y, ekki starfsmaður X. Félagið Y er verktaki hjá X og sinnir ýmsum störfum fyrir X. Hafnar V því að breytt verklag á svæðinu eftir umrætt atvik feli á nokkurn hátt í sér viðurkenningu á að vinnuaðstæðum hafi verið áfátt á slysdagi.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M þá viðbótarkröfu að viðurkenndur verði einnig bótaréttur hans úr ábyrgðartryggingu Y, hjá V. Krafa þessi sé lögð fram í kjölfar nýrra upplýsinga sem finna megi í umsögn V þess efnis að starfsmaður gámalyftarans í umrætt skipti hafi verið starfsmaður Y, sem er dótturfélag X. Þar sem um sé að ræða sama tryggingafélag sé unnt að líta svo á að M hafi lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag líkt og áskilið er í 4. gr. samþykktar nefndarinnar og 2. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019. Verði ekki fallist á þá kröfu er byggt á því að X, beri skaðabótaábyrgð á háttsemi starfsmanns lyftarans, sem verkkaupi. Vísar M máli sínu til stuðnings til ársreiknings Y fyrir árið 2022 þar sem fram kemur m.a. að X eigi 50% eignarhluta í félaginu. Starfsemi Y fari öll fram á hafnarsvæði X og vinna starfsmenn félaganna því náið saman. Einungis sé um rekstrarhagræði að ræða að hafa tvö félög í staðinn fyrir eitt og í raun er Y ekki sjálfstætt félag eða verktaki. Þar að auki hafi X borið höfuðábyrgð á vinnuvernd starfseminnar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/1980 og 3. og 6. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006. Hafi X borið að sjá til þess að starfsmenn Y fengju viðeigandi leiðbeiningar um starf sitt og einnig bar X að samræma vinnuverndarstarf félaganna. Þá vísar M til þess að augljós villa hafi verið í tjónstilkynningu M. Hann hafi ekki verið búinn að átta sig á því að um saknæma háttsemi X var að ræða og því sé ekki unnt að draga of miklar ályktanir af þessum mistökum. Þá hafi M verið þingaður til þess að mæta á vinnustaðinn daginn eftir slysið og á vaktir í kjölfar slyssins án þess að þurfa að vinna. Var það gert til að koma í veg fyrir að vinnuslysið yrði skráð sem fjarveruslys, en slík slys leiða til hækkunar á iðgjöldum til V. Þessi háttsemi X sé ámælisverð. Þá beri atvikaskýrslan sjálf ekki með sér að M hafi samþykkt hana, þ.e.a.s. M hafi ekki undirritað hana. Því sé ekki unnt að staðfesta að M hafi verið viðstaddur gerð hennar og samþykkt þá lýsingu sem hún ber með sér.

Í viðbótarathugasemdum sínum fer V fram á að viðbótarkröfu M verði vísað frá þar sem V hafi á þessu stigi ekki sent höfnun vegna kröfu í ábyrgðartryggingu Y, enda hafi krafa í þá tryggingu fyrst komið fram fyrir nefndinni vegna málskotsins. Vísar V til 4. gr. samþykktar nefndarinnar.

Álit.

Á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykktar fyrir nefndina, verður að vísa kröfu M á hendur Y frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem það skilyrði að V hafi hafnað kröfu M er ekki uppfyllt. Stendur þá eftir krafa M um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þannig ber M sönnunarbyrði þess að líkamstjón hans megi rekja til saknæmra og ólögætra athafna eða athafnaleysis af hálfu X, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í gögnum málsins er að finna ódagsetta atvikaskýrslu sem starfsmaður X ritaði í kjölfar slyssins. Ber skýrslan með sér að rætt hafi verið bæði við M og svo einnig ökumann gámalyftarans við gerð atvikaskýrslunnar. Hefur M í viðbótarathugasemdum sínum bent á að skýrslan sé ekki undirrituð af M og bendir á að því sé ekki unnt að staðfesta að M hafi verið viðstaddur gerð hennar. Hafa ekki verið lagðir fram vitnisburðir þeirra sem viðstaddir voru innanhússranssókn málsins hjá X en í málinu liggur fyrir afrit af samskiptum milli M og yfirmanns hans þar sem fram kemur að óskað er eftir að M mæti á vinnustaðinn í greiningarvinnu þann 9. maí 2022, þ.e. daginn eftir slysið. Er að mati nefndarinnar talið ljóst að M hafi komið að gerð skýrslunnar og þar með upplýst vinnuveitanda sinn um aðdraganda tjónsins. Í skýrslunni er atvikum lýst með þeim hætti að starfsmaður Y sem ók gámalyftaranum hafi komið fyrir horn til að athuga hvort lyftari sé á ferðinni og séð ramp en ekki lyftara og ákveðið að bíða. Hafi M litið aftur fyrir sig áður en hann lagði af stað úr úr gámi og ekki séð gámalyftarann, bakkað út og beygt og þannig keyrt á gámalyftarann. Telja verður með vísan til skýrslunnar að atvik þessa máls séu ekki svo illa upplýst að tilefni sé til að varpa sönnunarbyrði um atvik á X þrátt fyrir að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið fyrr en þann 21. október 2022 eins og V bar að gera skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 þar sem M var óvinnufær skv. fyrirbyggjandi læknisvottorði dags. 28.12.2022 frá slysdegi til 1. ágúst 2022. Hefur ekki verið sýnt fram á að aðbúnaður eða öryggi á vinnustað hafi verið í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980 eða að verklag á vinnustað hafi verið ábótavant enda gætti ökumaður gámalyftarans að sér og var kyrrstæður er M ók aftur á bak út úr gámi án þess að gæta að annarri umferð um vinnusvæðið. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatilik og/eða eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 422/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Samþykktir.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. desember 2023, ásamt kaupsamningi dags. 25. janúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur að auk tilgreinds málskotsaðila séu tveir aðrir tilgreindir sem slíkir, þ.e. eiginmaður M sem og einkahlutafélag í eigu tengdaföður hennar. Verða þau öll tilgreind sem M hér eftir. Málið er að rekja til samskipta M við löggiltan fasteignasala (hér eftir tilgreindur sem F) sem er með starfsábyrgðartryggingu hjá V í gegnum einkahlutafélag sitt X.

Af gögnum málsins má skilja að samskipti M við F hafi átt sér stað á árinu 2021 þegar leitað var til F vegna sölu á tiltekinni fasteign (S). Kauptilboð var undirritað af hálfu einkahlutafélags hinn 9. febrúar 2021 en undirritun seljanda var ekki fullnægjandi þannig að samningur kæmist á um kaup á eigninni. Kaupsamningur var útbúinn með dags. 7. september 2021 en seljandi undirritaði hann ekki. Annar kaupsamningur dags. 25. janúar 2022 var síðan undirritaður af hálfu kaupenda (M) og að hluta af seljanda og daginn eftir var sá kaupsamningur sendur til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Um mánuði síðar eða 25. febrúar 2022 óskaði kaupandi (M) eftir afturköllun kaupsamningsins hjá sýslumanni. Samkomulag náðist lok í júní 2022 þannig að afsal var gefið út til M vegna fasteignarinnar S. Í gögnum málsins er gerð grein fyrir ágreiningi seljanda um greiðslur frá kaupendum og þær innheimtuaðgerðir sem ráðist var í sem og áhrif innheimtuaðgerða annarra gagnvart seljanda og áhrif á mögulega nauðungarsölu fasteignarinnar S, en ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að M hafi búið í fasteigninni frá því hún var afhent í ágúst 2020.

M telja sig hafa orðið fyrir 23.000.000 kr. tjóni vegna saknæmrar vanrækslu fasteignasalans F vegna sölufærlis fasteignarinnar S á árunum 2021 og 2022. Fjárhæðin sé rakin til þeirrar hækkunar sem þau telja sig hafa neyðst til að samþykkja á kaupverði fasteignarinnar S vegna þvingunar seljanda í ljósi þess að fram hafi verið komið fjárnám í S og beiðni um nauðungarsölu vegna þess fjárnáms og hærra verð hafi verið greitt til að forða eigninni frá slíku. M telja að F hafi ekki gengið rétt frá undirrituðum kaupsamningum í kaupferli og þannig hafi M ekki getað þinglýst réttindum sínum gagnvart seljanda og F hafi heldur ekki gert M grein fyrir áhættu sinni við það. M telja að ef rétt hefði verið staðið að skjalafrágangi hefðu þau ekki þurft að þola tjón það sem þau urðu fyrir. Einnig vísa M til þess að F hefði átt að útskýra ítarlega áhættuna sem hafi verið til staðar og tryggja afléttingu veða. M vísar til 27. gr. laga nr. 70/2015 um bótaskyldu fasteignasala og telur að F hafi farið gegn þeim skyldum fasteignasala sem kveðið er á um í ákvæðum 15. og 16. gr. laganna auk þess sem vísað er til dóma og úrskurðar máli M til stuðnings. M benda einnig á að strangt sakarmat sé vegna starfa F og telur að ljóst hafi verið í mars 2022 að verulegar skuldir seljanda hafi haft áhrif á stöðu þeirra vegna tryggingabréfa sem hvílt hafi á fasteigninni S sem veð og sú fjárhæð sem M krefji V um sé vegna þess aukna kostnaðar sem þurft hafi að greiða til að fá S afsalað til sín.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur í fyrsta lagi að fjárfrafa M upp á 23.000.000 falli utan starfssviðs úrskurðarnefndar í váttryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Í öðru lagi hafnar V því að F hafi sýnt saknæma háttsemi vegna starfa sinna sem fasteignasali. V bendir á að kauptilboð sem dagsett hafi verið 9. febrúar 2021 og M hafi reynt að þinglýsa á fasteignina S nokkru eftir að það var undirritað hafi ekki borist sýslumanni með frumriti og hafi því verið vísað frá þinglýsingu. V bendir á að almennt sé kauptilboðum ekki þinglýst og M hafi sjálf haft frumrit þess undir höndum. Einnig bendir V á að engum kaupsamningi hafi verið vísað frá þinglýsingu eins og komi fram í málalíbúnaði M. Í því samhengi bendir V á að kaupsamningur dags. 7. september 2021 hafi ekki verið undirritaður af hálfu seljanda heldur einungis ætluðum kaupanda. Hvað varðar þann kaupsamning sem undirritaður var 25. janúar 2022 bæði af hálfu kaupanda og seljanda þá hafi sá kaupsamningur verið afturkallaður úr

Þinglýsingu af hálfu kaupanda með undirritun hans hinn 25. febrúar 2022. Ekkert liggur fyrir að mati V um að skjalagerð hafi verið áfátt af hálfu F heldur hafi verið mikil óreiða á viðskiptum kaupanda og seljanda. V hafnar því að F hafi sýnt saknæma háttsemi hvað varðar það að útskýra áhættu vegna viðskipta fyrir M og vísar til þess að bæði í kauptilboði og kaupsamningi hafi verið ákvæði um afléttingu veða. Einnig vísar V til þess að meint tjón M megi rekja til vanrækslu þeirra sjálfra og tómlæti auk þess sem tjón þeirra sé ósannað.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort háttsemi F sem fasteignasala hafi farið gegn skyldum hans sem löggiltur fasteignasali, sbr. t.d. 15. og 16. gr. laga nr. 70/2015 þannig að skaðabótaábyrgð hans sé fyrir hendi skv. 27. gr. sömu laga og þannig bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V. Þrátt fyrir að fjárhæð skaðabóta sé nefnd í málskoti og ágreiningur sé um sönnun tjóns m.v. afstöðu aðila verður ekki litið svo á að ágreiningur sé eingöngu um bótafjárhæð, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Verður málinu ekki vísað frá í heild af þeim sökum.

Sá ágreiningur sem nefndin getur fjallað um er um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu F og við úrlausn slíks ágreinings verður að líta til þess málsatvik eru um margt flókin varðandi viðskipti kaupanda (í hópi M) og seljanda um fasteignina S og ná þau að hluta til tíma áður en F kom að málinu sem löggiltur fasteignasali. Takmörkuð gögn eru einnig um öll samskipti þessara aðila og fullyrðingar af hálfu M um munnlega samninga og viðskipti við seljanda eru ekki studdar sönnunargögnum. Ekki verður heldur séð að í gögnum málsins komi fram að F beri ábyrgð á því að samkomulag hafi ekki náðst milli kaupanda (M) og seljanda fyrr en júní 2022. Sönnunarbyrði hvílir á M að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt vegna háttsemi F.

Þegar litið er til heildargagna málsins verður ekki annað séð en að M hafi átt í samskiptum og einhvers konar viðskiptum við seljanda fasteignarinnar S sem ekki hafi verið skýrt samkomulag um þegar leitað var til F sem löggilts fasteignasala vegna kaupsamnings og eftir atvikum afsals á fasteigninni S. Það að slíkt samkomulag hafi ekki heldur komist á þrátt fyrir þreifingar þess efnis á árinu 2021 og í byrjun árs 2022 með fullnægjandi undirritun skjala verður ekki talið vera á ábyrgð F. Ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta að M hafi tekið áhættu sem þau hafi ekki getað vitað af nema F gerði þeim grein fyrir slíkri en ljóst er að M fluttu inn í fasteignina S í ágúst 2020 án þess að hafa skýra eignarheimild. Hallann af því verða M að bera sem og að hafa ekki sýnt fram á að F beri skaðabótaábyrgð vegna þess mögulega tjóns sem varð af þeirri atburðarás. M eiga því ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Niðurstaða.

M eða aðrir málskotsaðilar, eiga ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 423/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun. Endurupptaka.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. nóvember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 16. júní 2021 sem ökumaður bifreiðarinnar X bar ábyrgð á og hefur verið fjallað um málið af hálfu nefndarinnar í öðrum úrskurði, þ.e. vegna máls nr. 274/2022 og er vísað þar til frekari málsatvikalýsingar. Niðurstaða þess úrskurðar var sú að M hefði ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og varanlegs tjóns. Var bótaskyldu því hafnað. M hefur nú aflað frekari gagna, þar á meðal skýrslu sjúkraþjálfara, sjúkraskrár heilsugæslu fyrir tímabilið 5. júlí 2022 til 30. maí 2023 og matsgerðar dags. 3. nóvember 2023, þar sem fram kemur að matslæknir telji líklegra en ekki að núverandi einkenni M hvað háls og mjóbak varðar séu afleiðingar slyssins 16. júní 2021. M kveðst hafa lagt ný gögn fyrir V sem hafi enn hafnað bótaskyldu. M telur ljóst að orsakatengsl séu til staðar á milli umferðarslyssins þann 16. júní 2021 og þeirra einkenna sem M býr við í dag. V sé því skylt að greiða fullar bætur fyrir varanlegt líkamstjón úr tryggingu bifreiðarinnar X vegna slyssins.

V vísar til þess að úrskurðarnefndin hafi þegar leyst úr þeim ágreiningi sem uppi er í málinu með úrskurði sínum í máli nr. 274/2022. Telur V að ósannað sé að orsakatengsl séu til staðar milli slyssins og þeirra áverka sem M telur sig vera að glíma við eftir slysið. Umræddrar matsgerðar hafi ekki verið aflað í samræmi við ákvæði skaðabótalaga, enda felur matsgerðin ekki í sér niðurstöðu um varanlegan miska og örorku matsþola vegna slyssins, heldur tekur eingöngu til mats á orsakatengslum. Í dómaframskýrslu hafi komið fram að mat á orsakatengslum sé lögfræðilegs eðlis, enda feli það í sér mat á því hvort viðunandi sönnun fyrir orsakatengslum sé komin fram í þeim gögnum sem fyrir liggja. Ekki var haft samráð við V við þessa tilhögun eða val á matsmanni til verksins. Hefur matsgerðin því takmarkað sönnunargildi.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann telji það hafið yfir skynsamlegan vafa að einkenni sín megi rekja til umferðarslyssins. Mótmælir M því að aðkomu lögfræðings sé ávallt þörf varðandi mat á orsakatengslum.

Álit.

Af málatilbúnaði M verður ekki talið að málskot í þessu máli varði önnur atvik en þau sem úrskurðað var um í máli nefndarinnar nr. 274/2022. Ágreiningur snýst þannig um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs þann 16. júní 2021.

Í 12. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum segir meðal annars: „Nefndin getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið í af nefndinni skuli tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og eru þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu þær hafa leitt til annarrar niðurstöðu.“

Nefndin er bundin af samþykktum sínum og mat hennar við þessar aðstæður lýtur fyrst og fremst að því hvort í þessu máli liggja fyrir nýjar upplýsingar, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir. Verður ekki séð að nokkrar ástæður hafi verið fyrir því að ekki hafi verið hægt að afla þeirra viðbótargagna sem nú liggja fyrir, þ.á.m. fyrirliggjandi mats sérfræðilæknis á orsakatengslum, dags. 3. nóvember 2023, þegar mál M (274/2022) var til meðferðar hjá nefndinni. Skilyrði frávísunar teljast því uppfyllt og er málinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 424/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 7. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 1. september 2022, varð, aðfararnótt 13. ágúst s.á., árekstur milli A, sem M ók, og B á Sæbraut við Kleppsmýrarveg. Er í lögregluskýrslu haft eftir M að hann hafi ekið ógætilega er hann ók Sæbraut í suðurátt gegn rauðu ljósi við Kleppsmýrarveg og í veg fyrir B. Farþegi í A sagði M þá hafa verið að „aka dálítið hratt og ætlað að ná gulu ljósi á Sæbrautinni til suðurs.“ Eftir ökumanni B er haft að hann hafi ekið Skeiðarvog til austurs þegar bifreið hafi komið á mikilli ferð og skolið framan á B.

Í málskoti kemur fram að V hafi, með bréfi hinn 14. nóvember 2022, tilkynnt M að það hygðist skerða bótarétt M úr slysátryggingu ökumanns um þriðjung á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er því hafnað af hálfu M enda hafni hann því að hann hafi farið yfir vegamótin gegn rauðu ljósi og í lögregluskýrslu sé einungis minnst á að hann hafi gefið örlítið í, sem hafi verið nauðsynlegt til að ná yfir á gulu ljósi. Hafi verið um misritun í lögregluskýrslu að ræða sem rekja megi til tungumálaörðugleika en M hafi hvorki íslensku né ensku að móðurmáli. M hafi freistað þess að komast yfir gatnamótin á gulu ljósi í stað þess að grípa til nauðhemlunar sem hefði haft stórhættu í för með sér. Því geti í mesta lagi verið um einfalt gáleysi að ræða. Það sé þá V sem beri sönnunarbyrði þess að skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga til skerðingar bóta séu uppfyllt. Áréttað er að í lögregluskýrslu komi ekki fram að M hafi ekið á ólöglegum hraða eða gegnt rauðu ljósi og hafi slík sönnun því ekki tekist.

Í bréfi V er vísað til þess sem haft sé eftir M sjálfum í lögregluskýrslu. Þá komi fram í tjonstilkynningu eiganda A til V að ökumaður hafi ekið gegn rauðu ljósi á bifreiðina B. Það að A hafi ekki verið komin að fullu yfir gatnamótin þegar B tók af stað, eftir að kviknaði á grænu ljósi í aksturstepnu hennar, bendi þá einnig til þess að A hafi ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi en ekki gulu. Ökumaður B fullyrði þá einnig, í sinni tjonstilkynningu, að A hafi verið ekið yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi. Hvað ökuhraða A varði hafi hann, samkvæmt hraðaútreikningum, verið 69 kílómetrar á klukkustund þegar áreksturinn varð, þ.e. eftir að ökumaður A hemlaði í viðleitni til að forða árekstri. Liggi því fyrir að M hafi bæði ekið of hratt og gegn rauðu ljósi og með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Með vísan til 21 gr. almennra skilmála V, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, sé því heimilt að skerða bótarétt hans.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur á A í aðdraganda áreksturs eins og nánar er rakið í málsatvikum. Í lögregluskýrslu sem er frumgagn málsins er haft eftir M að hann hafi ekið ógætilega er hann ók Sæbraut til suðurs gegn rauðu ljósi við Kleppsmýrarveg og í veg fyrir B. Farþegi í A lýsir atvikum þá svo að M hafi verið að aka dálítið hratt og ætlað að ná gulu ljósi, en ekki séð B í tæka tíð og því ekki náð að hemla í tíma. Í tjonstilkynningu vitnisins, sem jafnframt var umráðamaður A á tjónsdegi, segir þá að A hafi verið ekið gegn rauðu ljósi á B. Afstaða bifreiðanna í aðdraganda áreksturs, en ekkert liggur fyrir um annað en að grænt ljós hafi logað á akstursstepnu B, bendir þá eindregið til þess að M hafi ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi, en ekki gulu, og með því brotið gegn 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Verður þá ekki fallist á röksemdir hans um að hann hafi verið kominn það nálægt umferðarljósum þegar skipt var úr grænu ljósi í gult að stöðvun A hefði haft í för með sér hættu, sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Verður þá að telja gögn málsins benda til að M hafi aukið hraðann til að freista þess að fara yfir á rauðu ljósi áður en grænt ljós kviknaði gegn akstursstepnu B. Benda þá framburðir ökumanns B og áðurnefnds vitnis til þess að hraðinn hafi verið of mikill þó ekki liggi nákvæmlega fyrir hve mikill hann var í aðdraganda árekstursins. Hámarkshraði á vettvangi er 60 kílómetrar á klukkustund og verður í öllu falli að telja sýnt

að aksturshraði A hafi verið umfram það, og því ekki til samræmis við áskilnað 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, segir m.a. að lækka megi eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð. Skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafi sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þegar litið er til allra atvika í þessu máli verður háttsemi M metin honum til stórkostlegs gáleysis og þykir rétt að bætur séu skertar um þriðjung.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 425/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 7. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast hinn 10. nóvember 2020 þegar 70 gráðu heitt vatn sprautaðist á vinstri hlið hans og bruna á vinstri handlegg. Slysið varð þegar M var að fylla á vatnsdúnk með heitu vatni og slanga losnaði af krana eftir að M skrúfaði fyrir kranann með fyrrgreindum afleiðingum. M leitaði samdægurs til læknis og fékk meðferð. M leitaði til lögmanns 2. febrúar 2021 en afturkallaði umboð til þess lögmanns í ágúst 2022 og sendi núverandi lögmaður hans tilkynningu um slys M til V hinn 18. ágúst 2022. V hafnaði bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 með bréfi dags 24. nóvember 2022.

M telur að greiðsluskylda V sé til staðar úr slysáttryggingu launþega þar sem ár hafi ekki verið liðið frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem krafa hans er reist á þegar tjónið var tilkynnt til V hinn 18. ágúst 2022. M vísar til þess að í dómaframkvæmd sé við mat á ársfresti til tilkynningar tjóns skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) verði við mat á kröfu um bætur fyrir varanlegt líkamstjón að líta til vitneskju tjónþola um hvenær þeir sjálfir geri sér grein fyrir því að einkenni þeirra séu varanleg. Einnig vísar M til þess að upphaf ársfrests sé matskennt í hverju tilviki fyrir sig og að M hafi ekki fengið upplýsingar í sínum læknisheimsóknum að afleiðingar líkamstjónsins væru varanlegar.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að tjón hafi ekki verið tilkynnt til V fyrr en 25. ágúst 2022. V vísar til þess að í gögnum málsins liggja fyrir að M hafi leitað á bráðamóttöku strax í kjölfar slyssins 10. nóvember 2020 og hafi síðan átt að fara til endurkomu á heilsugæslu fimm dögum síðar. Engin gögn liggja fyrir um slíka endurkomu. V telur að með því að leita til lögmanns 2. febrúar 2021 hafi M mátt vera ljóst að afleiðingar væru varanlegar og ársfrestur 1. mgr. 124. gr. vsl. hafi því runnið út ári síðar eða 1. febrúar 2022. Einnig bendir V á ákvæði í váttryggingarskilmálum skv. gr. 13.2.5 um að örorku þurfi að meta ekki síðar en þremur árum eftir slysdag og slíkur frestur renni út 11. desember 2023.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. vsl. þar sem segir að sá sem eigi rétt til bóta úr slysáttryggingu geti glatað slíkum rétti ef tjón er ekki tilkynnt innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem krafa er reist á. Í dómaframkvæmd hefur verið miðað við að vitneskja tjónþola um varanlegar afleiðingar vegna kröfu um bætur fyrir slíkar afleiðingar marki upphaf ársfrestsins. Vega þarf og meta þau gögn sem liggja fyrir um slíka mögulega vitneskju hverju sinni og í þessu máli er óljóst hvernig læknismeðferð var háttáð eftir fyrstu komu M á bráðamóttöku. Hins vegar liggur fyrir að M veitti lögmanni umboð í byrjun febrúar 2021 til að gæta hagsmuna sinna vegna slyssins 11. nóvember 2022. Verður með hliðsjón af Hrd. 522/2012 að líta svo á að M hafi við þær aðstæður haft vitneskju um atvik sem krafa hans nú er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl. og ársfresturinn því runnið út í febrúar 2022 eða nokkrum mánuðum áður en tjón var tilkynnt til V. M á því ekki rétt til greiðslu bóta úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 427/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Gildissvið váttryggingarskilmála. Slysahugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X hinn 24. janúar 2023. Í málskoti er atvikum lýst svo að störf M umræddan dag hafi falist í því að rífa upp parket í húsi í eigu X og ferja það yfir á pallbíl sem stóð fyrir utan húsið. Í eitt skiptið sem hann var að henda parketfjöllum á pallbílinn hafi snörp vindhviða rífið í fjalirnar með þeim afleiðingum að álag hafi myndast á úlnlið hans og leitt til líkamstjóns. Afar vindasamt hafi verið þennan dag svo sem fyrirbyggjandi gögn frá Veðurstofu Íslands sýni fram á. Í tjonstilkynningu X til V, en M hafi ekki komið að henni, hafi hins vegar ekki verið misst á vindhviðuna sem olli hinum bótaskylda atburði og aðeins hafi komið fram að M hafi skyndilega fundið smell í hægri úlnlið. Hinn 7. mars 2023 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekkert í tjonstilkynningu benti til þess að óvænt og skyndilegt utanaðkomandi atvik hefði valdið tjóni M. M er ósammála þeirri afstöðu enda hafi vindhviða valdið óvæntu álagi á úlnlið hans og leitt til þess að liðbönd í úlnliðnum slitnuðu. Séu skilyrði slysahugtaksins því uppfyllt.

Í bréfi V er vísað til þess að í gögnum málsins hafi hvergi verið minnst á vindhviðu, fyrr en eftir að höfnun félagsins lá fyrir. Í tjonstilkynningu til V hafi komið fram að eitthvað hafi smollið í hægri handlegg þegar M var að henda parketi upp á bíl. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins segi að M hafi verið með nokkrar spýtur í hendinni og hafi verið að henda þeim upp á bílpallinn. Þá hafi eitthvað smollið í hægri úlnlið og hafi M talið að um tognun væri að ræða. Tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands sé samhljóða og beri því öllum tjonstilkynningum saman um atvik málsins. Ekki sé minnst á utanaðkomandi atvik og verði ekki byggt á síðar til kominni atvikalýsingu M sem fyrst hafi komið fram eftir að höfnun lá fyrir. M hafi þá verið stjórnandi hjá X og í aðstöðu til að lýsa atvikum eins og þau gerðust, en þeim sé lýst með sama hætti í þremur tjonstilkynningum. Hafi því ekki verið um að ræða atvik sem falli undi slysahugtak viðkomandi skilmála og breyti framlögð gögn Veðurstofu engu í því sambandi.

Álit.

Í skilmálum slysátryggingar launþega hjá V segir að V greiði bætur m.a. vegna slyss í starfi en slys er skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Aðila greinir á um hvort umrætt atvik falli undi framangreint slysahugtak, þ.e. hvort um hafi verið að ræða utanaðkomandi atburð. Sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrirbyggjandi er tilkynning X til Vinnueftirlitsins, dags. 1. ágúst 2023, þar sem atvikum er lýst svo að eitthvað hafi smollið í úlnlið hægri handar M þegar hann var að henda parketfjöllum á pallbílinn. Í læknisvottorði/áverkavottorði til Sjúkratrygginga dags. 18. apríl 2023, kemur fram að M hafi hlotið snúningsáverka á hægri úlnlið. Í tjonstilkynningu X til V er atvikum lýst svo að M hafi verið með nokkrar spýtur í hægri hendi og verið að henda þeim upp á bílpall þegar eitthvað small í úlnlið hægri handar. Þá kemur fram að Y hafi orðið vitni að atvikinu.

Í engu fyrirbyggjandi gagna er minnst á að vindhviða hafi rífið í parketfjalirnar með þeim afleiðingum að álag kom á úlnlið M. Þá liggur ekki fyrir nefndinni yfirlýsing fyrrgreinds vitnis, né læknisfræðileg gögn er renni frekari stöðum undir síðar til komna lýsingu M á atvikum. Þrátt fyrir að fyrirbyggjandi gögn frá Veðurstofu renni stöðum undir þá staðhæfingu M að vindasamt hafi verið á tjónsdegi, en samkvæmt þeim mældist mesta vindhviða á dagvinnutíma 21,7 metrar á sekúndu en meðalvindhraði virðist hafa verið 8-12,3 metrar á sekúndu, verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum hans. Verður M að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 428/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 23. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þrjú sjónvörp M hafi eyðilagst í flutningum hinn 1. júní 2023. Í tölvupóstsamskiptum M og starfsmanna V kemur fram að M hafi sjálfur flutt sjónvarpstækin í sömu bílferð og M „...dettur helst í hug að eitthvað hafi gerst þar.“

M telur að það hljóti eitthvað utanaðkomandi, skyndilegt og ófyrirsjáanlegt að hafa leitt til tjóns og ekki sé sýnt að umbúðir hafi verið ófullnægjandi.

V hefur hafnað bótaskyldu úr innbúskaskótryggingu og telur ekki sannað að tjón á sjónvörpum M sé hægt að rekja til skyndilegs, ófyrirsjáanlegs, utanaðkomandi atviks eins og 6. gr. váttryggingarskilmála geri ráð fyrir. V vísar til samskipta starfsmanna félagsins við M þar sem ekki kemur fram hvað olli skemmdum. Einnig vísar V til þess að alveg eins líklegt sé að tjón hafi orðið vegna ófullnægjandi frágangs við flutning sjónvarpanna.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað er að tjón á þremur sjónvörpum M hafi orðið vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks, en í 6. gr. váttryggingarskilmála V er gildissvið innbúskaskótryggingar skilgreint með þeim hætti. Í samskiptum M og V sem liggja fyrir í gögnum málsins kemur fram að M getur ekki bent á til tekið atvik sem getur hafa leitt til tjóns á umræddum þremur sjónvörpum en af sömu gögnum verður ekki annað ráðið en að tjón hafi ekki uppgötvast strax eftir flutninga heldur einhverju síðar. Nokkur vafi er því um hvernig tjón varð á sjónvörpunum og ekki liggur fyrir bilanagreining eða hlutlaust mat á því hvernig umrætt tjón getur hafa orðið. Sönnunarbyrði hvílir á þeim telur að tjón falli undir gildissvið váttryggingarskilmála og hvílir hún því á M. Ekki liggja fyrir næg gögn sem sýna fram á að skemmdir á innbúsmunum hans hafi orðið vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt til bóta úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 429/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot dags. 10. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. janúar 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð M fyrir líkamstjóni í slysi við vinnu sína þann 8. apríl 2022. Tildrög slyssins voru þau að bílstjóri ökutækisins X var að reisa sliskur með stjórnborði sem staðsett er aftan við vinstra afturhjólf eftirvagns. Þegar verið var að reisa sliskurnar, féll aftasti hluti annarrar sliskunnar saman og M fékk hana í höfuðið. Að sögn bílstjóra X virðist sem sjálfvirkur búnaður hafa staðið á sér með fyrrgreindum afleiðingum. Við þetta hlaut M margþætta áverka. Bifreiðin X var á slysdegi tryggð hjá V og gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar vegna slyssins. Hefur V samþykkt bótaskyldu vegna líkamstjóns M en taldi rétt að skerða bótarétt um þriðjung þar sem V taldi M hafa valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi með því að ganga undir sliskjuna á meðan verið var að reisa hana. M er ósáttur við þá skerðingu og telur að hann eigi fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu X. Hafnar M því alfarið að hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í umrætt sinn. M hafi ekki tekið eftir því að sliskjan hafi staðið á sér og hélt að hún væri komin í eðlilega stöðu þegar hann gekk í áttina að bílstjóra X sem hafði kallað til M. Ekkert í tilkynningu um vinnuslysið til Vinnueftirlitsins eða lögregluskýrslu bendir til þess að hann eigi sjálfur sök á slysinu.

V vísar til 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Fram hafi komið í gögnum málsins að M sé vanur að vinna í kringum þann búnað sem notaður var þegar slysið varð. Hafi M gengið aftur fyrir vagninn þegar seinni sliskjan hafi verið komin nálægt efstu stöðu, og stóð því undir henni þegar aftasti hluti sliskunnar féll saman. Telur M að M hafi gengið inn á skilgreint hættusvæði gegn betri vitund, þar sem enn var verið að hífa vinstri sliskjuna. Hafi M ekki getað dulist sú hættu að ganga undir vinstri sliskjuna þegar enn var verið að hífa hana. Telur V því rétt að skerða bótarétt um 1/3 hluta þar sem hann hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar að ekki sé hægt að ganga undir sliskjuna þegar verið er að draga hana upp og þegar búið er að draga sliskjuna upp, er ekki verið að ganga undir hana. Það hafi verið aftari hluti sliskjunnar sem hafi ekki brotnað saman eins og venja er. Gat M ekki vitað að þetta gæti gerst, enda aldrei áður gerst á hans starfsævi að vængur sliskju brotni ekki eðlilega saman.

Álit.

Samkvæmt 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur af tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna. Í lögregluskýrslu er haft eftir stjórnanda X að sjálfvirkur búnaður sem stjórnar aftasta hluta sliskjunnar svo hún falli ekki skyndilega saman, virðist hafa staðið á sér. Virðist hér því hafa verið um að ræða óhappatívilik sem enginn gat séð fyrir, hvorki M né stjórnandi X. Verður af gögnum málsins því ekki talið að M hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi þegar hann gekk undir sliskjuna með fyrrgreindum afleiðingum. Hefur V ekki sýnt fram á að það sé bannað eða andstætt almennri vitneskju eða venju þeirra sem starfa nálægt eftirvögnum að ganga undir sliskjur eftirvagnanna þegar þær eru uppreistar. Hallan af slíkum sönnunarskorti ber V sem telst ekki hafa sýnt nægilega fram á að M hafi sýnt af sér

stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 431/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

- Málskot móttakið 7. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 7. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram af hálfu M að hinn 22. september 2023 hafi starfsmenn X verið við sorphirðu við heimili M þegar sorptunna hafi runnið á bifreið M með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreiðinni. M lýsir atvikum þannig að starfsmaður X hafi verið að reyna að stoppa aðra tunnu sem farið hafi af stað og þess vegna sleppt hendi af þeirri tunnu sem rann á bifreið M.

M telur að bæta eigi tjón á bifreið hennar úr ábyrgðartryggingu X hjá V og kveðst hafa séð út um glugga íbúðar sinnar hvað gerðist og hafi einnig lagt fram myndir af skemmdum á bifreið sinni til sönnunar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem starfsmenn X kannist ekki við atvikalýsingu M eða að tjón hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna X auk þess sem sorp hafi verið tæmt við heimili M hinn 21. september 2023 en ekki 22. september 2023. V telur ósannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M, en gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nær til tjóna sem X ber slíka ábyrgð á. Reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að til þess að skaðabótaábyrgð geti stofnast við aðstæður sem þessar verði að vera hægt að sýna fram á að tjón á bifreið M sé rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X, þ.e. að þeir starfsmenn hafi að minnsta kosti sýnt gáleysi við störf sín, og að sú háttsemi hafi leitt til tjónsins. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu hefur sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti. Það þýðir að M hefur sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti sem hún lýsir. Atvikalýsing M er ekki sambærileg við það sem haft er eftir starfsmönnum X, auk þess sem óvissa er um tímasetningu atvika. Ekki liggja fyrir gögn sem gætu stutt lýsingar M af atvikum eins og myndir af sorptunnu við bifreið hennar eða lýsing vitna af atvikinu. Þegar þannig stendur á verður skv. almennum sönnunarreglum að láta M bera hallann af sönnunarskorti. Verður því ekki fallist á að M hafi sýnt fram á með þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að tjón á bifreið hennar sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 433/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. desember 2023, ásamt tölvupósti V til M frá 6. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið á göngu á strönd á Tenerife ásamt vini sínum hinn 26. október 2023 þegar karlmaður sem hann þekkti ekki kom að honum og bauðst til að taka mynd af M og vini hans. M afhenti manninum símann en sá hljóp í burtu með símann og þrátt fyrir að M hafi hlaupið á eftir manninum þá náðist hann ekki.

M telur að greiða eigi bætur úr farangurstryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V vegna tjónsins á símanum.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu í váttryggingarskilmálum, sbr. gr. 5.1 þar sem komi fram að skilyrt sé að váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða og það hafi M ekki gert með því að afhenda ókunnugum einstaklingi símann sinn á fjölfarinni strönd. V vísar til 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) þar sem fram komi að félaginu sé heimilt að fella niður ábyrgð sína í heild eða að hluta sé varúðarreglum ekki fylgt.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi brotið gegn varúðarreglu í gr. 5.1. váttryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar sinnar þar sem segir að einkamunir váttryggðs séu váttryggðir gegn tjóni af völdum þjófnaðar en skilyrði bótaskyldu sé að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Í gr. 5.6 í váttryggingarskilmálum eru tilgreindar sérstakar varúðarreglur og í gr. 5.7 er kveðið á um að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í váttryggingarskilmálum og sé þeim ekki fylgt geti ábyrgð V fallið niður í heild eða að hluta skv. 26. gr. vsl.

Þó fyrirmæli um að gæta fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða í gr. 5.1 í váttryggingarskilmálum V sé ekki tilgreint með skýrum hætti sem varúðarregla verður ákvæðið talið falla undir skilgreiningu á varúðarreglu sem fyrirmæli í váttryggingarsamningi, sbr. a. og c. lið 12. tl. 2. gr. vsl. Við mat á því hvort M hafi farið gegn þeim fyrirmælum að gæta fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða (símans) verður að líta til þess að M afhenti ókunnnum manni nýlegan síma á strönd en þar virðist hafa verið auðvelt að hlaupa í burtu með símann. Á ferðalögum þar sem ferðafólk þekkir ekki aðstæður til hlítar verður að líta svo á að slík háttsemi feli í sér brot gegn umræddri varúðarreglu. Sök M er mikil og telst til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 27. gr. vsl. Skýr orsakatengsl eru milli háttseminnar og tjónsins og verður því talið að ábyrgð V falli niður í heild, sbr. 26. gr. vsl. M á því ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 436/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. september 2023 hafi lögregla verið kvödd að heimili M vegna innbrots, en miklum fjölda muna hafi verið stolið. Fyrir liggur skýrsla lögreglu dags. 24. október 2023, þar sem fram kemur að ummerki um innbrot hafi verið á og við hurð á geymslu sem tilheyri M og sé staðsett á kjallaragangi fjölbýlishússins sem íbúð M tilheyrir. Í málskoti kemur þá fram að ágreiningur aðila snúist um það að V vilji bara greiða bætur sem nemi 5% váttryggingarfjárhæðar þar eð félagið telji um að ræða geymslu utan heimilis en M krefjist þess að fá allt tjón sitt bætt. Váttryggingaskírteinið taki til fasteignar í eigu M, og samkvæmt kaupsamningi um eignina sé umrædd geymsla hluti þeirrar fasteignar. Umræddir munir hafi verið staðsettir í séreign M, sem tilheyri íbúð hans, og eins og váttryggingaskírteinið sé úr garði gert sé V ekki stætt á að takmarka ábyrgð sína með þessum hætti.

Í bréfi V kemur er vísar til takmörkunarákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar en þar komi fram að bótagreiðslur vegna innbrotsþjófnaðar nemi að hámarki 5% váttryggingarfjárhæðar þegar um er að ræða m.a. geymslur utan íbúðar. Brotist hafi verið inn í geymslu sem staðsett sé á geymslugangi þar sem einnig séu geymslur tilheyrandi öðrum íbúðum hússins. Skipti engu máli í því samhengi þó geymslan sé ekki sérstaklega tilgreind við lýsingu eignar í kaupsamningi, heldur aðeins heildarfermetratala, enda sé algengt í fasteignaviðskiptum að tala um heildarstærð með þeim hætti. Takmörkunarákvæði í skilmálum V, þegar komi að geymslum utan íbúðar, sé skýrt og beri að túlka það samkvæmt orðanna hljóðan.

Álit.

Í váttryggingarskírteini fjölskyldutryggingar M hjá V kemur fram að hið váttryggða sé fjölskylda og innbú að X. Þá er váttryggingarfjárhæð tilgreind í skírteini og kemur fram að hún segi til um hámarksbætur á váttryggingartímabilinu og vísað til yfirlitsmyndar í skilmála þar sem sé að finna nánari upplýsingar um váttryggingarfjárhæðir einstakra tjónsatvika en skírteininu kemur jafnframt fram að um váttrygginguna gildi tilgreindir skilmálar. Í umræddri yfirlitsmynd í skilmálum váttryggingarinnar kemur þá m.a. fram að bætur vegna innbrotsþjófnaðar á almennu innbúi nemi að hámarki 5% váttryggingarfjárhæðar þegar um er að ræða innbrot í geymslur utan íbúðar, og að listmunir, nánar tilgreind rafmagnstæki, úr og skartgripir sem stolið er við innbrot í geymslur utan íbúðar séu ekki bætt.

Aðila greinir á um hvort umrædd geymsla sé innan íbúðar eða utan. Í váttryggingarskírteini kemur vissulega fram að hið váttryggða sé fjölskylda og innbú að X, en það girðir ekki fyrir að umrætt undanþáguákvæði eigi við, og að tiltekinn hluti fasteignarinnar sé „geymsla utan íbúðar“. Skilgreiningar „íbúðar“ og „fasteignar“ fara ekki alltaf saman og þó birt stærð fasteignarinnar í framlögðum kaupsamningi sé að meðtalinni geymslu er jafnframt tekið fram í kaupsamningnum að um sé að ræða íbúð ásamt „öllu því sem eigninni fylgir“. Nefndin telur þá, samkvæmt almennum málskilningi, að geymslur geti verið staðsettar utan íbúðar, óháð því hvort þær tilheyri sömu fasteign og íbúðin sjálf, eða innan íbúðar. Þegar upplýsingar um eignina í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru skoðaðar er þá heildarflatarmáli fasteignarinnar skipt upp í „íbúð á hæð“ og „geymslu“. Í tilviki M liggur fyrir að umrædd geymsla er staðsett á sérstökum geymslugangi í kjallara fjölbýlishúss og því verður að telja hana utan íbúðarinnar sem slíkrar, sbr. og skráningu í fasteignaskrá. Verður því að telja að bótafjárhæð takmarkist við 5% váttryggingarfjárhæðar samkvæmt fyrrgreindu skilmálaákvæði.

Niðurstaða.

Réttur M til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V takmarkast við 5% váttryggingarfjárhæðar.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 437/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 8. janúar 2023 er hann féll aftur fyrir sig af borþalli og niður á járnbita. Viðgerð stóð yfir á toppdrifi þess bors sem M starfaði við og hafði svokallaður borskúr verið fjarlægður svo unnt væri að koma skotbómulyftara að viðgerðarsvæðinu. Er borskúrin hluti af borþallinum og er þar sæti fyrir stjórnanda borsins. Þjónar hann því hlutverki, að hindra að þeir starfsmenn sem starfa við borinn, geti fallið af þallinum þeim megin sem skúrinn er staðsettur, en annars staðar á þallinum eru handrið sem eiga að tryggja að enginn falli af þallinum. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir er hann féll ofan af borþallinum. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjónsins. M byggir á því að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi fallvarna á vinnustað hans. Eftir að skúrinn hafi verið fjarlægður hafi u.þ.b. eins metra gat myndast á milli þallsins og skúrsins, sem M féll niður um. Hafi verkstjóra og vinnuveitanda hans borið að grípa til annarra ráðstafana til að tryggja fallvarnir, svo fyllst öryggis og aðbúnaðar væri gætt á vinnustað M, þ.e. borþallinum. Hafi X verið í lófa lagið að grípa til viðeigandi öryggisráðstafana svo öryggi M og annarra á þallinum væri tryggt, s.s. útvega taumlínu. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, máli sínu til stuðnings. Við mat á meintri eigin sök, vísar M til 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins og byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. Sönnunarbyrði um ofangreint hvíli á M. Vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi M sjálfur tekið þátt í því að færa borskúrin frá þallinum og vissi því af opinu. Ekki hafi verið hægt að koma að handriði því þá hefði skotbómulyftarinn ekki komið búnaðnum að frekar en ef borskúrin hefði verið við þallinn. M hélt áfram vinnu eftir fallið og leitaði ekki læknis fyrir en þremur dögum seinna þegar hann var í vaktarfrí. Hann mætti svo aftur í vinnu eftir vaktarfrí og missti ekkert úr vinnu. Lögregla og Vinnueftirlit voru því ekki kölluð til. Byggir V á því að reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum eigi ekki við þar sem slysið gerðist ekki á byggingavinnustað. Jafnvel þó reglurnar teldust eiga við þá hafi þallurinn verið í tæplega tveggja metra hæð og því ekki skylda að hafa handrið á honum. Áhættumat vegna vinnu við borinn hafi legið fyrir og því telur V að ósannað sé að slysið verði rakið til skorts á áhættumati eða verkstjórn.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. M byggir á því í málskoti að líkamstjón hans megi rekja til skorts á fallvörnum, ófullnægjandi verkstjórn auk þess sem ekki hafi verið gert áhættumat vegna viðgerðarinnar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M þekki vel til umrædds borþallar og hafi verið viðstaddur þegar umræddur borskúr hafi verið fjarlægður. Hefur M ekki sýnt fram á tjónið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar, né að af hálfu X hafi verið nauðsynlegt að koma fyrir sérstökum fallvörnum á borþallinum. Þá hefur V lagt fram áhættumat vegna vinnu á borsvæðinu og því verður líkamstjón M ekki rakið til skorts á áhættumati. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem X ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 438/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot dags. 16. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. desember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. desember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 8. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 1. maí 2021, orðið fyrir líkamstjóni fyrir utan veitingastað X. M hafi gengið eftir Laugavegi í Reykjavík, er hún rann um plast af auglýsingaskilti sem hafi legið á gangstéttinni fyrir framan X. Mikil sól hafi verið umræddan dag og hafi hún því ekki orðið plastsins vör en starfsmaður X hafi skilið það eftir þegar hann fjarlægði skiltið sjálf. Við það að stíga á plastið, sem var glerhált, hafi M fallið harkalega á gangstéttina og hlotið töluverð líkamsmeiðsl. Hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli þess að óforsvaranlegar aðstæður framan við X mætti rekja til þeirrar gáleysislegu háttsemi starfsmanns X að skilja harðplast eftir á jörðinni í alfaraleið. V hafi, með bréfi dags. 23. mars 2023, hafnað kröfunni á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að slys M yrði rakið til saknæmrar vanrækslu eða gáleysis X eða starfsmanna þess. Hafi V þá haldið því fram að talsvert rok hafi verið á vettvangi á slysdegi og því líklegast að fremsta harðplasts kífan á skiltinu hafi losnað frá því og fallið á jörðina. Því hafi plastið ekki verið skilið eftir og starfsmönnum X ekki verið kunnugt um mögulega slyshættu. Þessu er hafnað af hálfu M, enda hafi verið logn á vettvangi. Ef hvasst hefði verið í veðri hefði þá enn ríkari skylda hvílt á X varðandi það að gera viðeigandi ráðstafanir. Áréttar M því kröfu sína um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V og vísar m.a. til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar sem fram komu að tryggja skuli að uppsetning auglýsingaskilta skapi ekki hættu fyrir almenning. Þá vísar M til þeirra ríku skylda sem hvíli á umráðamönnum fasteigna þar sem líklegt er að almenningur venju komur sínar, svo sem í tilviki X, um að gætt sé fyllsta öryggis í og við slíkar fasteignir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að starfsmenn X hafi ekki haft vitneskju um að plasthlíf hafi fallið af auglýsingaskiltinu fyrr en eftir að slys M átti sér stað. Þá hafi hlífín verið fjarlægð svo og skiltið sem stóð fyrir utan staðinn. X telji þá að harðplasthlífín hafi fallið af vegna veðurs. Liggi þá engin gögn fyrir er styðji við þá lýsingu M að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að hlífín var á gangstéttinni í aðdraganda slyssins. Það hvíli á M að sýna fram á að slys hennar verði rakið til saknæmrar og ólögmaðrar háttsemi sem X beri ábyrgð á og slík sönnun liggi ekki fyrir, enda sé ekkert í fyrirliggjandi gögnum sem sýni fram á að skiltið hafi verið fjarlægt og hlífðarplastið skilið eftir í aðdraganda slyssins. Þá eigi tilvitnuð ákvæði byggingarreglugerðar ekki við í málinu.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi staðfastlega haldið því fram, sbr. t.a.m. tjónstilkynningu hennar til V dags. 3. september 2021, að skiltið hafi verið fjarlægt af gangstéttinni skömmu fyrir slys hennar. Þar sem veður hafi verið fremur stillt sé þá eina rökréttu skýring þess að plastið hafi fallið á jörðina sú að það hafi gerst þegar skiltið var fjarlægt og séu eftiráskýringar X um annað ótrúverðugar. Þá áréttar M þá afstöðu sína að umbúnaður skiltisins hafi ekki verið í samræmi við lög og reglur enda hvíli ríkar skyldur á X að gæta þess að almenningi stafi ekki hætta af uppsetningu slíkra skilta.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Í málskoti byggir M á því að starfsmaður X hafi skömmu áður fjarlægt umrætt auglýsingaskilti, en

plasthlífín hafi orðið eftir á jörðinni og viðkomandi starfsmaður því sýnt af sér gáleysi með því að skilja hana eftir þar þrátt fyrir slyshættu sem það hefði í för með sér. Því er mótmælt af hálfu X að skiltið hafi áður verið fjarlægt og því borið við að hlífín hljóti að hafa fokið af skiltinu. Í tjonstilkynningu M til V, dags. 3. september 2021, kemur fram að vitni hafi orðið að atvikinu, þ.e. samferðafólk M. Þrátt fyrir það liggja engar yfirlýsingar vitna fyrir nefndinni er gætu varpað nánara ljósi á þetta atriði. Þá liggur fyrir nefndinni skjáskot af samskiptum M við þáverandi starfsmann X. Kemur þar fram að viðkomandi hafi verið reiður við eiganda X sem hefði sett skiltið út, en ekkert kemur þar fram um ástæður þess, né að skiltið hafi verið fjarlægt í aðdraganda slyssins. Verður M að bera hallann af framangreindu, og telst því ekki sýnt fram á að starfsmaður X hafi skilið plasthlífina eftir á gangstéttinni. Er þá ekki sýnt fram á að skiltið hafi að öðru leyti verið vanbúið eða umbúnaður þess slíkur að skapað hafi augljósa hættu fyrir þá sem leið áttu um. Er því ekki sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 440/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. nóvember 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 8. desember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að laugardaginn 9. október 2021, hafi M mætt til vinnu sinnar hjá X og hugst ganga að starfsstöð sinni til vinstri úr anddyri skrifstofuhúsnæðis X. Á ganginum hafi verið glerhurð sem hafi alltaf verið opin á vinnutíma en hafi þennan morguninn verið lokað og læst. Engar merkingar hafi verið á hurðinni og dimmt í anddyrinu og hafi M því gengið beint á hurðina með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón. Hafi V fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins en skert bótarétt M um ¼ hluta á þeim grundvelli að hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. M mótmælir þeirri afstöðu og hafnar því að slysið verði rakið til eigin aðgæsluleysis hennar. Á slysdegi hafi M aðeins starfað í um tvær vikur í umræddu húsnæði. Hafi hún alltaf komið snemma til vinnu, en þó hún hefði á virkum dögum þessar tvær vikur verið mætt fyrst starfsmanna, utan ræstingarfólks, hafi umrædd hurð alltaf verið galopin og M getað gengið beint á starfsstöð sína. Hurðin hafi verið lokað á slysdegi þar sem hávaði hafi borist um hana deginum áður vegna gleðskapar annars staðar í húsinu en þann dag hafi M verið fjarverandi. Hafi M því vænst þess að umrædd hurð væri að venju opin er hún kom til vinnu og þar sem engar merkingar hefðu verið á hurðinni hafi hún ekki veitt henni athygli. Ljóst sé að X hafi vanrækt að merkja hurðina svo sem skylt sé og megi því rekja slys hennar til ófullnægjandi starfsaðstæðna. Sönnunarbyrði þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvíli á V og slík sönnun hafi ekki tekist.

Í bréfi V kemur fram að bótaskylda að ¾ hlutum hafi þegar verið viðurkennd þar sem merkingar hurðarinnar hafi ekki verið til samræmisvið byggingarregluger og reglur um húsnæði vinnustaða. Hins vegar telji V rétt að skerða rétt M um ¼ hluta á grundvelli 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hvað varði lýsingu þá sé ávallt lýsing í anddyri framan við umrædda hurð, en starfsmenn verði sjálfir að kveikja ljós á gangi innan hurðarinnar þegar þeir mæta til vinnu. Vitni, sem hafi mælt sér mót við M á starfsstöðinni og var mætt á undan M telji sig hafa kveikt það ljós og telji V því að lýsing hafi verið beggja vegna hurðarinnar þó óljóst sé hve mikil hún hafi verið. Þrátt fyrir að M hafi aðeins unnið um tvær vikur í umræddu húsnæði hafi henni verið fullljóst að gerhurðir væru á skrifstofuganginum enda hefði hún daglega gengið um dyraop þeirra. Vegna mikils umgangs hafi umræddar dyr verið opnar á skrifstofutíma en M hafi ekki mátt vænta þess að svo væri einnig um helgar. Að mati V hafi umrædd hurð og dyraumbúnaður verið vel sýnileg við eðlilega aðgát. Sé þá byggt á frásögn M sjálfrar um skerta lýsingu hafi henni sérstaklega borið að sýna aðgát við slíkar aðstæður.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri kröfur og röksemdir ítrekaðar. Á starfstíma M hafi umrædd hurð ávallt verið opin. Þá hefði M ekki vitað að hurðin væri ómerkt og hafi hún því eðlilega talið hana opna umrætt sinn. Þá vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 626/2013 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur málsins varðar samkvæmt framansögðu aðeins það hvort heimilt sé að beita ákvæði 23. gr. a skaðabótalaga og skerða rétt M til bóta á grundvelli meðábyrgðar. Ákvæði 1. mgr. 23. gr. a kveður á um að réttur starfsmanna sem verða fyrir líkamstjóni í starfi sínu til skaðabóta skerðist aðeins vegna meðábyrgðar hafi þeir, af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi, átt þátt í því að tjónsatburður varð. Því er ljóst að einfalt gáleysi dugir ekki til og þá ber V sönnunarbyrði þess að M hafi umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Við mat á því hvort stórkostlegt gáleysi hafi verið fyrir hendi þarf þá að miða við að háttsemi M hafi falið í sér alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem henni bar með réttu að viðhafa heldur en ef um einfalt gáleysi hefði verið að ræða. Er því ljóst að gáleysi þarf að vera á töluvert háu stigi svo það teljist verulegt.

Fyrir liggur að merkingar voru ekki á hurðinni og hefur þegar verið fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X af þeim sökum. Óumdeilt er að M hafði aðeins starfað í umræddu húsnæði í um tvær vikur. Þá er óumdeilt að umræddar dyr voru almennt opnar á hefðbundnum vinnutíma en fyrir liggur að M var alla jafna ekki við störf utan slíks tíma. Verður þar af leiðandi að telja að ósannað sé að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að umræddar dyr væru lokaðar umrætt sinn, og er þá einnig horft til þess að vafi leikur á um hvernig lýsingu var háttáð. Þó hugsanlega megi telja eitthvert aðgæsluleysi til staðar hefur V því ekki tekist að sýna fram á að stórkostlegt gáleysi hafi verið fyrir hendi og eru skilyrði til skerðingar bótaréttar því ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 442/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 17. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. nóvember 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. desember 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón við vinnu sína hinn 31. október 2022 þegar hún var að aðstoða íbúa í þjónustuíbúð við að fara á salernið. Sá einstaklingur missti jafnvægið og féll og við fall viðkomandi féll M líka og lenti með bak og mjöðm á handriði sem staðsett er framan við handlaug á salerninu. Í gögnum málsins er m.a. lögregluskýrsla og ljósmyndir af aðstæðum þegar slysið varð og haft eftir M að íbúi hafi gripið í M við fall sitt sem leiddi til þess að hún féll. Slys M var tilkynnt til Vinnueftirlitsins hinn 8. nóvember 2022 og eftir skoðun og úttekt hinn 30. nóvember 2022 skilaði Vinnueftirlitið skýrslu þar sem fram kemur: „Þarf m.a. að uppfæra áhættumat fyrir viðeigandi verkþátt og gera grein fyrir forvarnaraðgerðum svo sem breyttu verklagi, fræðslu og þjálfun. Ef fullnægjandi áætlun um öryggi og heilbrigði liggur ekki fyrir eru auknar líkur á slysum og heilsutjóni fyrir starfsfólk.“ Einnig er vitnað til þess að við endurskoðun áætlunar skuli hafa samráð við starfsfólk og öryggisfulltrúa sem og að endurskoðuð áætlun skuli kynnt öllu starfsfólki í kjölfarið. Í tölvupósti frá Vinnueftirlitinu dags. 14. febrúar sl. kemur fram að engar athugasemdir hafi borist frá X vegna umræddrar skýrslu Vinnueftirlitsins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu í fyrsta lagi vegna ófullnægjandi verkstjórnar, áhættumats og forvarnaraðgerða. M telur að ábendingum hafi verið komið til yfirmanna X um að það þyrfti að fá hjólastóla fyrir þá íbúa sem ættu erfitt með gang þar sem þeim væri hættara við falli en öðrum. Einnig telur M að ekki hafi verið fullnægjandi fræðsla fyrir hendi af hálfu X um hvernig eigi að meðhöndla slíka einstaklinga en M hafi ekki fengið þjálfun eða fræðslu um það. Einnig vísar M til þess að úttekt Vinnueftirlitsins hafi ekki átt sér stað fyrr en eftir áskorun lögmanns M og í skýrslu þess sé skýrlega vísað til þess að áætlun X um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum þarfnadist endurskoðunar í kjölfar vinnuslyss M. Með niðurstöðum sínum telur M að Vinnueftirlitið hafi staðfest að áhættumati og forvarnaraðgerðum fyrir þann verkþátt sem M var að vinna þegar hún slasaðist hafi verið ábótavant og af því leiddi að verkstjórn, fræðsla og þjálfun starfsfólks hafi verið ófullnægjandi og vísar M í því sambandi til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í öðru lagi telur M að vinnustaður hennar hafi verið vanbúinn þar sem handrið framan á baðinnréttingu sé beinlínis hættulegt og til þess fallið að valda hættu á líkamstjóni og það feli í sér brot gegn reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Í þriðja lagið vísar M til þess að X þurfi að bera hallann af skorti um sönnun um þau atriði sem kunna að vera óljós í málinu þar sem slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins samdægurs, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í fjórða lagi telur M að V hafi viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með yfirlýsingu í tölvupósti dags. 18. apríl 2023 til lögmanns M og vísar um það til 31. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að þrátt fyrir athugasemdir Vinnueftirlitsins um að áætlun X hafi þarfnast endurskoðunar hefði rétt líkamsbeiting eða fræðsla um notkun hjálpartækja engu breytt við þær aðstæður sem um ræðir. Um hafi verið að ræða óhappatilvik þegar íbúinn sem M var að aðstoða hafi orðið fótaskortur og við það gripið í M. Einnig telur V að handfang framan á baðinnréttingu hafi ekki sérstaka hættueiginleika heldur sé það nauðsynlegur öryggisbúnaður fyrir íbúa.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M sé ósammála afstöðu V og telur þær í andstöðu við niðurstöður Vinnueftirlitsins. M ítrekar að ekki hafi verið fræðsla eða þjálfun á vinnustað X m.t.t. öryggisþátta og að samstarfsmenn hafi kvartað yfir því að ekki hafi verið tiltæk hjálpartæki eins og hjólastólar. Einnig telur M að ef öryggisáætlun hefði verið fyrir hendi hefði M ekki slasast og

ráðleggingar um rétta líkamsbeitingu og stöðu starfsmanns við það sem M var að vinna við hefði getað forðað slysi hennar. Að öðru leyti er afstaða M í málskoti ítrekuð m.t.t sönnunarstöðu og annarra þátta.

Álit.

Í lögregluskýrslu frá tjónsdegi kemur fram að M hafi slasast við að íbúa, sem M var að aðstoða við að fara á salerni, hafi orðið fótaskortur og gripið í M og hún við það fallið við og lent með mjöðm á handriði á baðinnréttingu. Liggur ljóst fyrir hverjar aðstæður voru á vettvangi og hvað gerðist og hefur möguleg vanræksla X á því að tilkynna um slys M til Vinnueftirlitsins því ekki áhrif á sönnunarstöðu um atvik málsins.

Í málinu er ágreiningur um hvort orsök slyss M hinn 31. október 2022 hafi verið sú að ófullnægjandi áætlun hafi verið um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þ.e. hvort áhættumat hafi verið fullnægjandi vegna þess verkþáttar sem M var að vinna þegar hún slasaðist. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna úttektar á aðstæðum hinn 30. nóvember 2022 kemur fram að uppfæra þurfi áhættumat í kjölfar slyssins. Ekki kemur hins vegar fram í gögnum málsins að slík uppfærsla á áætlun hafi falið í sér breytingar á fyrirliggjandi áhættumati eða verklagi eða aðrar þær breytingar sem hefðu getað haft áhrif við vinnu M þegar hún slasaðist. Verður því ekki talið sannað að áætlun X hafi verið ófullnægjandi. Ekki verður heldur litið svo á að handrið á baðinnréttingu feli í sér augljósa hættueiginleika, en nauðsyn þess að hafa slíkt handrið íbúum til aðstoðar er augljós. Ekki liggur fyrir í málinu hvaða ráðstafanir hefði verið hægt að gera til að koma í veg fyrir slys M í greint sinn, hvernig hefði verið hægt að sinna starfinu með öðrum hætti eða að notkun hjálpartækja eins og hjólastóls hefði breytt atburðarásinni í umrætt sinn. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti um það og verður slys hennar rakið til óhappatilviks sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Hvað varðar mögulega viðurkenningu V á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með tölvupósti hinn 18. apríl 2023 verður að benda á að lögmaður M sendi hinn 13. apríl 2023 tilkynningu um tjón f.h. M í slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu X ásamt rökstuðningi. Hinn 18. apríl 2023 sendi starfsmaður V tölvupóst til lögmanns M þar sem kemur fram að bótaskylda sé staðfest með þeim fyrirvara að félagið áskilji sér rétt til endurskoðunar á afstöðu sinni. Í þessum tölvupósti er ekki tilgreining á því hvort verið var að staðfesta bótaskyldu úr slysatryggingu launþega eingöngu eða bæði úr þeirri tryggingu og ábyrgðartryggingu X. Þó fallast megi á að það sé óheppilegt að starfsmenn vátryggingafélaga séu ekki skýrari þegar staðfestingar á bótaskyldu eru sendar út, sérstaklega í ljósi þess að gerð hafði verið krafa í tvenns konar tryggingar, þá verður ekki litið svo á að V hafi viðurkennt með skýrum hætti bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu með tölvupósti dags. 18. apríl sl. Í því sambandi er litið til verklags almennt í samskiptum starfsmanna vátryggingafélaga og lögmannna tjónþola sem og að auðvelt hefði verið að fá skýrari upplýsingar frá V varðandi staðfestingu á bótaskyldu. Einnig á 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki við í málinu þar sem V byggði höfnun sína ekki á ákvæðum IV. kafla laganna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 445/2023.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Váttryggingarskilmálar.

Gögn.

- Málskot mótttekið 20. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 13. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. desember 2023.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M eldsvoði hafi orðið í íbúð M í fjölbýlishúsi þann 29. mars 2023. Var íbúðin óíbúðarhæf og þurfti M því að leigja íbúð fyrir sig og börnin sín meðan á framkvæmdum stóð. Þurfti M að greiða 300.000 í leigu fyrir fjögurra herbergja íbúð og hafi í fyrstu ekki litið út fyrir að M fengi leiguna bætt en V hafi fallist á að greiða 2/3 hluta af leigunni, 200.000, en aðeins í sex mánuði. Verkið tók um níu mánuði. Þetta hafi kostað M aukalega um 1.500.000. Finnst M ekki hægt að þurfa að borga úr eigin vasa leigu fyrir annað húsnæði.

V vísar til þess að M hafi fengið bætur að upphæð 1.200.000 án viðurkenningar á bótaskyldu fyrir afnotamissi á grundvelli ákvæði í eldri skilmála fjölskyldutryggingar, sem féll úr gildi 4. febrúar 2019. Hafi V ákveðið með þessu að koma til móts við M. Bendir V á að samkvæmt núgildandi skilmála fjölskyldutryggingar á M ekki rétt á bótum fyrir afnotamissi. Er það afstaða V að ekki sé réttur til frekari bóta fyrir afnotamissi, hvorki samkvæmt núgildandi skilmála sem gildir um viðskiptasamband milli aðila og heldur ekki á grundvelli ákvæðis eldri skilmála.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að þó V hafi komið til móts við hana, sé það einfaldlega ekki nóg. Endurbætur á íbúðinni hafi tekið hátt í níu mánuði. Það sé ekki í lagi að falla svona á milli laga hjá tryggingafélögum þannig að í raun sé ekki hægt að fá neinar bætur fyrir íbúðarmissi. Samræmi þurfi að vera í þessu hjá tryggingafélögum þannig að íbúðar í fjölbýlishúsum lendi ekki í því að vera með sitthvort tryggingafélagið í mismunandi tryggingum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á frekari bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V, vegna afnotamissis húsnæðis síns í kjölfar bruna sem koma upp í íbúðinni þann 29. mars 2023.

Samkvæmt núgildandi skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V, sem giltu á tjónsdegi, nær gildissvið tryggingarinnar ekki til afnotamissis íbúðarhúsnæðis. Ákvað V þrátt fyrir það að greiða M bætur og var það gert umfram skyldu þess samkvæmt gildandi váttryggingarsamningi. Á M því ekki rétt á frekari bótum vegna afnotamissis húsnæðis úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Rétt er að geta þess, vegna athugasemda M í málskoti um skort á samræmi milli skilmála váttryggingafélaga, að í samræmi við almennar reglur samningaréttar um samningsfrelsi váttryggingafélögum almennt frjálst að ákveða efni váttryggingarsamnings og þar af leiðandi gildissvið váttryggingarsamninga með stöðluðum skilmálum þeirra. Samráð váttryggingafélaga á samkeppnismarkaði fer gegn reglum samkeppnislaga um bann við samráði og verða skilmálar annarra váttryggingafélaga því ekki lagðir til grundvallar frekari bótagreiðslum til M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 446/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 12. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. nóvember 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. desember 2023 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu í ábyrgðartryggingu X, sem hafi tekið að sér vinnu við endurnýjun lagna í fjölbýlishúsinu Y, en M á íbúð á jarðhæð í því húsi. M byggir á því að tjón hafi orðið á íbúð hans vegna framkvæmdanna og að samkvæmt lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 beri seljanda þjónustu, þ.e. X að bæta tjón sem verður á eignum neytenda þegar verk er unnið, nema seljandi sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu. M byggir á því að X hafi brotið upp mun stærri hluta gólfagnar en þörf var á, í þeim tilgangi að finna frárennslislögn og hafi virt leiðbeiningar M um legu lagnarinnar að vettugi. Þá hafi X eyðilagt vatnslögn en haldið því fram að hún væri komin á tíma. X hafi þá ekkert gert til að koma í veg fyrir tjón af verkinu og m.a. verið með blásara sem blásið hafi ryki um alla íbúð. Kæru- og virðingarleysi X gagnvart fasteign M og eigum hafi verið alger og mikið tjón orðið af framkvæmdunum. X hafi skemmt vegg, hurðir og klósett. V hafi þó hafnað að bæta honum tjónið og húsfélagið að Y hafi aðeins bætt M skemmdir á tilteknu gólfefni, baðinnréttingu og sturtugler. Annað tjón sé óbætt.

Fyrir liggur skoðunarblað aðila sem tekur slíkar skoðanir að sér, dags. 18. september 2023, um tjón á íbúð M vegna endurnýjunar á skólplögnum Y. Kemur fram að töluvert tjón hafi orðið á íbúðinni og eru í tjónmati taldir upp eftirfarandi liðir: Í tölulíðum 1.0 til 1.5 er reifaður útlagður kostnaður M, samtals að fjárhæð 237.000 kr. Tölulíðir 2.1 til 2.12 varða:

- 2.1 Gólfefni í forstofu og geymslu – harðparket.
- 2.2 Viðgerð á vegg í forstofu og gerept, hurð í hitarými.
- 2.3 Viðgerð á gerept
- 2.4 Hurð í forstofu + förgun.
- 2.5 Loka stökk í hitakompu.
- 2.6 Mála gólf í hitarými og bað.
- 2.7 Endurflísaleggja hol.
- 2.8 Lagfæring á hurð í geymslu og eldhúsinnréttingu.
- 2.9 Uppsetning á innréttingu (bað).
- 2.10 Múrviðgerðir á (lóðr) flötum + brotv.
- 2.11 Glerhurð á baði+ uppsetn.
- 2.12 Endurnýja gólfefni, krosslímt stafap.+ förgun.

Vegna hvers liðar er tiltekinn áætlaður kostnaður og er samtala kostnaðar vegna liða sem falla undir tölulíði 2.1 til 2.12 sögð vera 754.000 kr., en þar virðist raunar um reiknivillu að ræða og að umrædd áætlun sé í raun töluvert hærri.

Fyrirliggjandi er fundargerð húsfundar að Y dags. 3. október 2023 þar sem umrætt kostnaðarmat var til umræðu og einstakir liðir hennar. Var kröfum vegna tölulíða 1.0 til 1.5 hafnað þar sem engar kvittanir vegna útlags kostnaðar eða frekari útskýringar væru meðfylgjandi kröfunni þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til M þar að lútandi.

Liðir 2.1, 2.2, 2.4, 2.7 og 2.11, þ.e. gólfefni í forstofu og geymslu, viðgerð á vegg í forstofu og gerept, hurð í hitarými, hurð í forstofu og förgun, endurflísalögn á holi, glerhurð á baði+uppsetning, voru samkvæmt fundargerðinni samþykktir án athugasemda. Kostnaður vegna liðar 2.2 er raunar í fundargerð sagður vera 45.000 kr., en ekki 450.000 kr. eins og fram kemur í kostnaðarmati. Er nærtækt

að áætla að misræmi það sem er milli krónutölu í tjónamati skoðunarblaðs og fundargerð megi rekja til misritunar annars hvors aðila.

Liðir 2.5 og 2.6 voru afgreiddir þannig að ekki væri um mál alls húsfélagsins að ræða heldur sæi hvor húshluti um framkvæmdir, enda hafi þvottahúsin í bæði austur- og vesturenda hússins orðið fyrir sama raski, og loka þurfi hitastokkum í báðum húshlutum. Húsfélagið greiddi þó 44.000 kr. vegna málunar á baði, eða helming kostnaðaráætlunar.

Hvað varðaði lið 2.8 var samþykkt að greiða metinn kostnað vegna hurðar í geymslu en hann var talinn nema helmingi að þeim 80.000 kr. sem kostnaðarmat vegna þessa liðar hljóðaði upp á. Hins vegar þótti óljóst hvernig tjón á eldhúsinnréttingu hefði atvikast, þar sem eldhúsið í íbúð M hafi verið utan framkvæmdasvæðis og kröfu M því hafnað að þessu leyti.

Hvað varðaði lið 2.9 þá hljóðaði kostnaðarmat upp á 230.000 kr. en húsfélagið féllst á að greiða 212.000 kr. en verðmat innréttingar var talið of hátt miðað við verð á sambærilegum innréttingum.

Lið 2.10 var hafnað þar sem um væri að ræða vinnu á ábyrgð múrara, sem ætti rétt á að bæta úr ágöllum á verkinu á eigin kostnað. Kemur fram í fundargerðinni að hann hyggist hafa samband við M.

Lið 2.12 um endurnýjun gólfefna í eldhúsi var þá hafnað þar sem eldhúsið hefði verið utan framkvæmdasvæðis og X hefði því átt að verja það fyrir hugsanlegu tjóni. Gæti húsfélagið því þurft að sækja bætur vegna þessa liðar á X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafi verið fenginn til að gera tilboð í endurnýjun á skólplögn að Y. Ljóst sé að umtalsvert rask, ryk og óþrifnaður, verði af slíkum framkvæmdum. Þar sem lagnirnar hafi legið undir íbúð M hafi hann þá orðið að yfirgefa íbúðina meðan á framkvæmdum stóð. M byggi á því að X hafi valdið skemmdum. Ryk og steypudrulla hafi farið yfir muni í hans eigu, skemmdir hafi verið unnar á kaldavatnslögn og vegg í forstofu og á baðherbergi auk þess sem klósett í íbúð M sé ónýtt. Þá liggi fyrir fundargerð húsfélagsins að Y þar sem farið var yfir kostnaðaráætlun vegna tjóns M sem húsfélagið þurfi að bæta vegna framkvæmdanna. V fái ekki séð að tjón umfram það sem var nauðsynlegt vegna framkvæmdanna hafi orðið. Ekkert liggi fyrir um að X hafi viðhaft óeðlilegt verklag eða að saknæm háttsemi hafi verið fyrir hendi hjá starfsmönnum þess.

Í viðbótarathugasemdom sínum tekur M fram að X, sem ekki sé einu sinni með réttindi og V haldi hlífiskildi yfir, hafi rústað íbúðinni hans að beiðni nágrannanna. M áréttar þá að X hafi brotið upp mun stærri hluta gólfsins en þurfti enda hafi M bent X á raunverulega legu lagnarinnar. Þá hafi blásari blásið ryki inn en ekki út. Ekki sé þetta þá í fyrsta skipti sem X valdi tjóni með störfum sínum.

Álit.

Málskoti M fylgdi minnislykill sem á var að finna tæplega 1500 skjöl; ljósmyndir, myndbandsupptökur og tölvupósta. Er þar vísað m.a. til nágrannaerja sem munu hafa verið í Y, auk þess sem M tilgreinir ýmis atriði sem hann telur að betur hefðu mátt fara við framkvæmd X á umræddu verki. Þá er að finna fjölmargar ljósmyndir af íbúðinni og umhverfi hennar. Rétt er að taka fram að á nefndinni hvílir ekki sjálfstæð rannsóknarskylda, heldur bera aðilar mála fyrir henni sjálfir ábyrgð á því að gögnum sé komið á framfæri á skipulegan og skilvirkan máta.

Starfssvið úrskurðarnefndar í váttryggingamálum takmarkast við réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi að öðru leyti. Hvað þetta mál varðar lýtur úrskurður nefndarinnar því aðeins að kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X, þ.e. um ágreining M við V, en telji M sig eiga bótarétt á öðrum grundvelli er bent á fyrrnefnd úrræði.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Fjárhagslegt tjón M liggur ekki skýrt fyrir en eins og einnig er rakið í málavaxtalýsingu virðist húsfélagið að mestu hafa fallist á að bæta tjón á eigninni samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun. Rétt er að áréttta að umrædd áætlun og skoðunarblað fela aðeins í sér mat á því tjóni sem varð vegna framkvæmdanna en ekki um verklag eða vinnubrögð X:

Liðir 1.0 til 1.5 varða útlagðan kostnað M vegna málningar, kaupa í Rúmfatalagernum, hreinsiefnis, ljósleiðaravinnu og smádotts vegna rakaskemmda. Ekki er í málskoti að finna frekari röksemdir vegna þessara liða, eða kvittanir vegna hins útlagða kostnaðar og hefur því ekki verið sýnt fram á tjón vegna þeirra.

Liður 2.3 – „viðgerð á gerept“. Ekki er fjallað sérstaklega um þennan lið í framlagðri fundargerð og ekki liggur nánari lýsing fyrir varðandi staðsetningu umrædds gerepts eða eðli tjóns á því. Liggur því ekki fyrir hvort greiðslu vegna þessa liðar hefur verið hafnað af hálfu húsfélagsins. Hefur því að svo stöddu ekki verið sýnt fram á tjón vegna þessa liðar.

Liðir 2.5 „loka stökk í hitakompu“ og 2.6 „mála gólf í hitarými og bað“ voru afgreiddir þannig að íbúar í hvorum enda fyrir sig sæju um hitakompu og hitarými, en samþykkt var að greiða kostnað vegna málningar á baði í íbúð M. Hefur M ekki sýnt fram á frekara tjón vegna þessara liða.

Hvað varðar lið 2.8 „lagfæring á hurð í geymslu og eldhúsinnréttingu“ þá var kröfu vegna eldhúsinnréttingar hafnað á grundvelli þess að óljóst væri hvernig tjón hefði atvikast. Í fyrirliggjandi skoðunarblaði er ekki að finna nánari útskýringar á því eða nokkra umfjöllun um tjónið. Verður því að telja tjón M ósannað að þessu leyti.

Vegna liðar 2.9 „uppsetning á innréttingu (bað)“ var fallist á að bæta metinn kostnað að mestu en talið að kostnaðarmat vegna innréttingar væri úr hófi miðað við þá innréttingu sem fyrir var. Vísaði húsfundur til kaupverðs sambærilegrar IKEA innréttingar máli sínu til stuðnings. Hefur M ekki sýnt fram á að tjón hans hafi ekki verið að fullu bætt, en í umræddu skoðunarblaði er ekki að finna frekari umfjöllun um grundvöll kostnaðarútreiknings eða umrædda innréttingu.

Lið 2.10 um múrviðgerðir var hafnað á grundvelli þess að múrverk væri ekki á ábyrgð X heldur annars aðila og rétt væri að gefa þeim aðila færi á að bæta úr göllum á verkinu. Liggur ekki fyrir hvort það hafi verið gert er í öllu falli verður ekki séð að ábyrgðartrygging X taki til þessa verkþáttar, enda bar honum skv. fyrirliggjandi tilboði í umrætt verk, að skila verkinu frá sér tilbúnu undir steypu. Þar sem ágreiningur fyrir nefndinni afmarkast við kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X kemur þessi liður því ekki til frekari skoðunar.

Lið 2.12 um endurnýjun gólfefnis í eldhúsi var þá hafnað enda hafi eldhúsið verið utan athafnasvæðis og X hefði átt að verja gólfið fyrir hugsanlegu tjóni. Þá sagði í fundargerð að „Við munum óska eftir myndum af gólfi fyrir og eftir framkvæmdir áður en ákvörðun verður tekin hvort og/eða hvernig tjónið verður bætt þar sem við gætum þurft að sækja á verktaka.“ Í fyrirnefndu skoðunarblaði kemur fram um þennan lið „Viðarparket í eldhúsi er illa farið eftir framkvæmdir, rispað og bólgið. Hægt er að slípa það og lakka, líklegast væri hagkvæmast að endurnýja það.“

Þá má ráða af gögnum málsins að M telji sig hafa orðið fyrir tjóni vegna skemmda á klósetti, en ekkert mat eða upplýsingar um eðli og orsök þeirra skemmda fylgdu málskoti hans. Verður því að telja tjón vegna þess þáttar ósannað.

M telur einnig að tjón hafi orðið vegna óþarfa uppbrots X á gólfi í íbúð hans, en ekki hefur verið sýnt fram á í hverju það tjón felist, enda liggur ekki annað fyrir en að gólfplötu hafi verið komið í samt horf. Þá liggur ekki fyrir mat fagaðila á því að um óþarfa uppbrót hafi verið að ræða.

M byggir þá á því að X hafi eyðilagt kaldvatnslögn með fleyg en af gögnum málsins má ráða að X og aðrir aðilar innan húsfélagsins telji lögnina hafa verið komna á tíma. M hefur lagt fram myndir af lögninni því til stuðnings að nóg hafi verið eftir af endingartíma hennar. Við sönnun á tjóni duga slíkar ljósmyndir ekki til enda þyrfti, eins og málum hér er háttað, að koma til mat þar til bærs aðila á ástandi lagnarinnar, en áréttu verður að framlagðar ljósmyndir og mat M sjálfs á ástandi lagnarinnar hafa takmarkað sönnunargildi án slíkra gagna.

Að öðru leyti virðast umkvartanir M að mestu varða rask vegna framkvæmdanna og ábyrgð húsfélagsins en ekki tjón sem hann virðist byggja á að verði rakið til saknæmrar háttsemi X en eins og áður sagði fellur slíkur ágreiningur utan starfssviðs nefndarinnar.

Íbúð M er í kjallara og umrædd steinlögn var í botnplötu hússins, a.m.k. að einhverju leyti undir íbúð M. Ljóst er að svo umfangsmiklu verki sem uppbrót botnplötu og endurnýjun skólplagnar er fylgir óhjákvæmilega töluvert rask fyrir íbúa kjallaraíbúðar. Rétt er að taka fram að slíkt tjón er ekki sjálfkrafa að rekja til atvika sem bótaskyld eru úr ábyrgðartryggingu framkvæmdaaðila.

Í fylgigögnum málsins kvartar M þá m.a. undan því raski sem fylgdi flutningum úr íbúðinni og má ráða að hann telji sig ekki hafa fengið kostnað vegna þess að fullu bættan auk þess sem í gögnunum er að

finna nokkra umfjöllun um nágrannaerjur. Hvað þátt húsfélagsins varðar er rétt að taka fram að í 5. mgr. 26. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er fjallað um skyldu eiganda íbúðar sem lagnir liggja um til að veita aðgang að séreign sinni og leyfa nauðsynlegar viðgerðir. Í slíkum tilvikum skal séreigninni komið í samt horf og áður eiganda að kostnaðarlausu. Þá á eigandi rétt á hæfilegum bótum leiði viðgerð til verulegra óþæginda eða afnotamissis. Ráða má af málflutningi M að hann telji tjón sitt vegna þessa ekki að fullu bætt.

Taka skal skýrt fram að ágreiningur sem fellur undir gildissvið fjöleignarhúsalaga fellur utan við starfssvið úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. **Telji M því að húsfélagið hafi ekki bætt honum það rask sem hlaust af umræddum framkvæmdum eða vilji hann fá úrlausn um annan ágreining við aðra eigendur Y, sem fjallað er um í fyrrgreindum fylgigögnum er, skv. 1. mgr. 80. gr. laga um fjöleignarhús fær sú leið að leita til kærunefndar húsamála og óska eftir álitsgerð um ágreiningsefnið.**

Rétt er þá að fjalla um tilvísun M til 25. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000, en þar segir að verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu. Forsendur bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X eru nokkuð aðrar, auk þess sem sönnunarbyrði þess að skilyrði hennar séu uppfyllt hvílir á tjónþola. Verður niðurstaða úrskurðarnefndar í váttryggingamálum því ekki reist á þessu lagaákvæði. **Rétt er að benda á að telji M sig eiga rétt til bóta á grundvelli þessa ákvæðis má skjóta ágreiningi er fellur undir lög um þjónustukaup til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa.**

Af öllu framansögðu má ráða að það tjón sem tiltekið er á fyrrgreindu skoðunarblaði hafi að mestu fengist bætt af hálfu húsfélagsins, en enn skal áreitað að þó tjón verði af framkvæmdum leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé til staðar. Eftir stendur þá mögulega tjón vegna skemmda á parketi í eldhúsgólfi, en gögn málsins benda til þess að hugsanlega hafi slíkt tjón hlotist af umræddum framkvæmdum. Taka verður þó undir með bókun húsfélagsfundar að frekari gagna er þörf, t.a.m. um eðli skemmdanna og fyrra ástand gólfefnis áður en því er slegið föstu.

Jafnvel þó sýnt væri fram á umrætt tjón hvílir þó enn á M að sýna fram á að það falli undir skaðabótaábyrgð sem fellur á X vegna skemmda á munum enda verði skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar, sbr. gildissvið umræddrar váttryggingar. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að þau skilyrði séu uppfyllt, enda liggur ekki fyrir hver atvik að baki meintu tjóni voru, og ekki hefur verið sýnt fram á saknæma háttsemi X.

Samkvæmt öllu framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, hefur ekki verið sýnt fram á að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 448/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Fasteignatrygging.

Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. nóvember 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 28. nóvember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M seldu fasteign sína með kaupsamningi, dags. 13. september 2021. Snemma árs 2022 hafi 1.000.000 kr. lokagreiðsla vegna fasteignarinnar ekki verið greidd og leituðu M til lögmanns vegna þess þann. Þann 12. janúar 2022 hafði lögmaður A, kaupanda, samband við lögmann M vegna málsins og bað um að hinkrað yrði með innheimtuaðgerðir þar sem hann væri að skoða málið og hann teldi að gallar væru á fasteigninni. Þann 18. janúar 2022 barst ástandsskýrsla frá aðila sem fenginn hafði verið til að skoða meinta galla. Þann 9. febrúar 2022 hafði lögmaður B, þess sem seldi M fasteignina, samband við lögmann beggja aðila og óskaði eftir því að beðið yrði með málið þar sem verið væri að skoða glugga fjölbýlishússins heildstætt. Sama dag sendi lögmaður A ítrekun á tilboði sínu um að M gæfu 2.000.000 kr. afslátt af kaupverðinu sem lagt hafði verð fram í janúar 2022. Frekari boð um úrbætur frá B bárust næstu mánuði ársins 2022 sem lögmaður kaupenda svaraði ekki. M sendu því innheimtuviðvörðun og innheimtubréf vegna lokagreiðslunnar í mars og apríl 2023. Engin svör bárust. M höfðu haldið að sér höndum varðandi frekari aðgerðir, enda höfðu þeir aldrei trú á öðru en að málið yrði leyst með aðkomu B. Það var svo í október 2023 sem M barst kyrrsetningarbeiðni, án undangenginnar boðunar, í annarri fasteign sem þau höfðu keypt. Þá hafði ekkert heyrst frá lögmanni kaupanda frá því bréf var sent 9. júní 2022 með kröfu um greiðslu skaðabóta vegna galla á fasteigninni. Þann 14. nóvember 2023 hafði lögmaður M samband við V og óskaði staðfestingar hans á að réttaraðstoðartrygging M tæki til málarekstursins. Með bréfi dags. 15. nóvember 2023 hafnaði V að bótaréttur væri til staðar úr réttaraðstoðartryggingu þar sem frestur M til að tilkynna V um kröfu sína væri niður fallinn skv. 1-lið 1. mgr. 25. gr. almennra skilmála og 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. M hafna því alfarið að þeim hafi verið kunnugt um að í ágreining stefndi sem kynni að verða lagður fyrir dómstóla þrátt fyrir að hafa fengið staðlað kröfubréf í júní 2022. Þá þegar, og í meira en ár eftir það, bauðst B ítrekað að hlutast til um lagfæringar á meintum göllum, eftir því sem þörf krefði, og engin frekari svör eða erindi bárust frá A eða lögmanni hans er bentu til þess að hann væri mótfallinn því fyrr en í október 2023. M byggja á því að þeim hafi í fyrsta lagi á árinu 2023 verið ljós atvik sem krafa þeirra í réttaraðstoðartryggingu hjá V væri reist á, þá í fyrsta lagi í ágúst það ár þegar þau sjálf sendu kaupanda bréf þegar hann hafði ekki þegið boð B um lagfæringar og hótuðu málsókn.

V vísar til þess M voru með í gildi fasteignatryggingu sem innifelur réttaraðstoðartryggingu. Samkvæmt 25. gr. almennra skilmála félagsins og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hefur M eitt ár til að tilkynna V um tjón frá því hann vissi eða mátti vita um þau atvik sem krafan er reist á. M tilkynnti tjónið til V með tölvupósti 14. nóvember 2023. Að mati V var orðið fyrirsjáanlegt að málið myndi enda fyrir dómstólum ef ekki yrði brugðist við innheimtuviðvörðum þeirri sem M barst frá lögmanni A þann 9. júní 2022. Frestur til að tilkynna tjónið byrjaði að líða í síðasta lagi í júní 2022 og var hann því liðinn þegar tilkynning barst V þann 14. nóvember 2023.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli snýst um það um hvenær M máttu vera ljóst að þau gætu gert kröfu í réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar vegna ágreinings um greiðslu lokagreiðslu og skaðabóta vegna galla er varða fasteigna sem M seldu með kaupsamningi dags. 13. september 2021. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga glatar váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Í 25. gr. almennra skilmála V kemur fram að váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því hann vissi um atvik sem hún er reist á. Af gögnum málsins má ráða að

kaupendur fasteignar M greiddu ekki umsamda lokagreiðslu snemma árs 2022. M bárust svo í kjölfarið ástandsskýrsla vegna meintra galla á fasteigninni og tillaga um kr. 2.000.000 afslátt af kaupverðinu. Þann 9. júní 2022 fengu M kröfubréf frá kaupendum vegna hinna meintu galla sem kaupendur töldu að væru á eigninni. Var M gefinn kostur á að ljúka málinu með greiðslu á kr. 2,2 milljónum eigi síðar en tíu dögum eftir birtingu bréfsins. Í bréfinu kom fram að eftir þann tíma muni kaupandi leita til héraðsdóms og fá dómkveðinn matsmann og höfða bótamál á hendur M. Verður því að miða upphaf ársfrests til tilkynningar tjóns skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga, sbr. 25. gr. váttryggingarskilmála V, í síðasta lagi við þann tímapunkt þ.e. 9. júní 2022. Á þeim degi máttu M vita að uppi væri réttarfarslegur ágreiningur sem væri á leið fyrir dómstóla ef hann aðhefðist ekki frekar. Var krafa M í réttaraðstoðartryggingu sem barst V 14. nóvember 2023 því of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga. M eiga því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 449/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. desember 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti lenti M í vinnuslysi þann 15. febrúar 2023 þegar hann var að vinna við þrifbyssu í störfum sínum fyrir X. Er atvikum lýst á þá leið að þegar hann skrúfaði fyrir vatn að henni hafi langan kippst til baka með þeim afleiðingum að byssan slóst í hægri hönd hans. Tilkynning til Vinnueftirlitsins, sem skráð var og móttekin þann 20. febrúar 2023, er atvikum lýst með eftirfarandi hætti: „Var að vinna með þrifabyssu. Var lokað of snögglega fyrir slönguna þannig hún kippist til baka. Var að loka fyrir vatnið, það er mikill þrýstingur á tækinu þannig að slangan kippist aftur þegar það er snögglega skrúfað fyrir þrýstinginn með þeim afleiðingum að höndin fer aðeins með og kemur sprunga í bein á baugfingri hægri handar.“. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 8. mars 2023 og í tilkynningu M til V, dags. 13. mars. 2023 er atvikum lýst með svipuðum hætti. Í bráðamóttökuskra Landsíptalans kemur fram að M hafi komið á bráðamóttöku þann 16.2.2023 vegna áverka á hægri baugfingri. Í atvikalýsingu segir orðrött: „Hann var að vinna með „high pressure“ - sprauta þegar slangavélinn (til að geyma slangur) var ekki tryggt. Hægra hönd var dragið inn með snúra og svo rak hann sig slæmt á hægri baugfingur. Síðan er hann með bólga í hægri baugfingur. Hann getur beygja fingur en ekki rétta hann.“. Einnig liggur fyrir tölvupóstur frá M til X, sem sendur var 15. febrúar 2023 kl. 18:10. Þar segir: „...I need to let you know that I can not continue my work tomorrow, My finger is injured. There was a little problem við the water pistol and the block mechanism didn't work properly. I need to consult a doctor. Thank you for understanding. Please find a picture attached.“.

M gerir kröfu í ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem X ber skaðabótaábyrgð á. Byggir M á því að slyshætta hafi verið af þeim búnaði sem M var látinn vinna við og að X hafi vanrækt að tryggja öryggi M við vinnuna m.t.t. laga um aðbúnað og hollustuhætti. Einnig byggir M á því að X hafi vanrækt að veita fullnægjandi þjálfun og leiðbeiningar um notkun tækisins. Enn fremur vísar M til þess að slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins þar sem X hafi tilkynnt tjónið of seint til Vinnueftirlitsins og að af þeim sökum verði skv. dómaframkvæmd að byggja á framburði M um tildrög slyssins.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði rakið til óhappatilviks sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Einnig vísar V til þess að ekki sé hægt að virða það X til sakar að slysið hafi verið tilkynnt seint til Vinnueftirlitsins. Málskotsaðili hafi tilkynnt um fjarveru með tölvupósti að kvöldi slysdags en ekki tekið fram hvers eðlis meiðsli hans voru og X hafi því með engu móti getað vitað að málskotsaðili væri fingurbrotinn líkt og kom í ljós. Það eina sem fram hafi komið í tilkynningunni væri að hann hafi slasast á fingri og gæti ekki komið til vinnu daginn eftir að því er virðist því hann yrði að ráðfæra sig við lækni. Fram hafi komið að hann hafi lent í smávægilegum vandræðum með vatnsbyssuna og stopparinn ekki virkað sem skyldi. Ekki hafi heldur komið fram í tilkynningunni hvenær slysið varð.

Álit.

Fyrir liggur að umrætt atvik var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 20. febrúar 2023. Verður að líta svo á að tölvupóstur M til X þann 15. febrúar 2023 hafi falið í sér upplýsingar um að M hafi orðið fyrir vinnuslysi og í hið minnsta gefið X fullt tilefni til þess að afla frekari upplýsinga um málið og tilkynna það til Vinnueftirlitsins þegar í stað. Verður því að líta svo á að X hafi brotið gegn 79. gr. laga nr.

46/1980 með því að tilkynna tjónið ekki tafarlaust til Vinnueftirlitsins. Með tilliti til dómaframkvæmdar verður því að leggja frásögn M af málsatvikum til grundvallar.

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og það hvílir á M að sýna fram á það. Afar takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um búnaðinn sem um ræðir eða aðstæður að öðru leyti. Engar upplýsingar er um gerð búnaðarins, hvort almennt þurfi að gæta varúðar þegar skrúfað er fyrir vatnsaðstreymi að honum o.s.fr. Einnig er frekar óljóst hvað gerðist, svo sem hvort byssan hrökk til við þrýstingsfall eða hvort annar búnaður, þ.e. tromla sem geymir slöngubúnað hafi hrokkið í gang og togað í byssuna. Það er því að einhverju leyti óljóst um orsök slyssins.

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að umrædd þrifbyssa og búnaður henni tengdri hafi verið haldinn ágalla eða að X hafi verið kunnugt um það. Verður það því ekki metið X eða starfsmönnum þess til sakar að M hafi verið fengin umrædd þrifbyssa til afnota við störf sín. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatívik hafi verið að ræða. Sú staðreynd að slysið var tilkynnt of seint til Vinnueftirlitsins leiðir til þess að X ber hallann af skorti á sönnunum um þau atriði sem geti haft áhrif á sakarmat og talin eru óljós. Breytir það þó engu um þessa niðurstöðu, þar sem aðila greinir í sjálfu sér ekki á að atvik hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir þeim.

Að öllu virtu verður ekki litið svo á að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustaðnum, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem X getur borið skaðabótaábyrgð á. Samkvæmt þessu telst M ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 451/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Vinnuveitandi: (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið í vinnu hjá A að skera stein með slípirokk þann 12. apríl 2022 þegar blaðið festist með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á vélinni og skarst illa á læri.

V hafnar bótaskyldu á grundvelli þess að slysið sé ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Í málskoti kemur fram að eftirlitsmyndavélar hafi verið á verkstæðinu þar sem slysið átti sér stað og atvikið hafi verið tekið upp en samkvæmt upplýsingum frá A keyri kerfið yfir sig á tveggja mánaða festi og ekki hafi verið gert afrit af upptökunni. Af því verði A að bera hallann. Þá kemur fram að slysið hafi verið tilkynnt of seint til Vinnueftirlitsins en það hafi ekki verið tilkynnt fyrr en níu dögum eftir slysið. Sökum þess hafi Vinnueftirlitið ekki getað rannsakað slysstað og leitt í ljós orsök slyssins og hvernig aðbúnaður hafi verið á vinnustaðnum. Sú fortakslausu skylda hvíli á vinnuveitanda að tilkynna slys til Vinnueftirlitsins strax.

M byggir á því að slípirokkur sé hættulegt tæki og að A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með skorti á öryggisráðstöfunum við tækið. Tækið hafi ekki verið betur búið en svo að blað þess festist í steininum og skarst í læri M þegar það hrökk úr steininum. Þá byggir M á því að tækið eigi að vera þannig búið að starfsmenn geti starfað í návígi við tækið án þess að eiga á hættu að verða fyrir líkamstjóni af völdum þess. Af myndum í lögregluskýrslu megi sjá að engin varnarhlíf hafi verið á slípirokknum en V haldi því fram að bæði handfang og hlíf hafi verið til staðar. M byggir einnig á því að það hafi vantað handfang á sögina. Einnig hafi M átt að nota persónuhlífar en M hafði þær ekki né var hann í hlífðargalla við verkið. Fram kemur að M hafi fengið þær leiðbeiningar að skera undir plöturnar og hafi átt að benda honum á að vinna verkið á annan hátt hafi A talið þess þurft sérstaklega í ljósi þess að hann var enn starfsmaður í þjálfun. Verklaginu hafi verið breytt eftir slysið. Vísað er til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem fram komið rík skylda vinnuveitanda til að leiðbeina starfsmönnum sínum og gera ráðstafanir til að gæta öryggis þeirra.

Í bréfi V er atvikalýsingu M mótmælt að því leyti að blað slípirokkksins hafi ekki brotnað heldur að slípirokkurinn hafi festst og sjá megi af mynd í lögregluskýrslu að blaðið sé heilt. M hafi verið beðinn um að saga úr fyrir helluborði sem sé einfalt verk með slípirokk. Slípirokkurinn hafi ekki þurft að kæla með vatni og því hafi ekki verið þörf á hlífðarfatnaði. Hefðbundið verklag sé að skera úr plötunni ofan frá og það sé ekki rétt verklag að fara undir borðið til að skera úr plötunni. Fullyrðing um að verklagi hafi verið breytt eftir slysið sé röng því engu hafi verið breytt. Þá kemur fram að ástæða þess að A hafi ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið sé sú að lögregla hafi komið á staðinn og tilkynnt váttryggingartaka um að tilkynning yrði send Vinnueftirlitinu. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að slys M sé rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort slys M sé að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri skaðabótaábyrgð á. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf slys M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og það hvílir á M að sýna fram á það.

Fyrir liggur að umrætt atvik var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 21. apríl 2022 og að A gætti þess ekki að varðveita afrit af upptöku úr eftirlitsmyndavél sem var á slysstað. Slíkt er vanræksla af hendi A

en lýsingu M á slysinu ekki verið mótmælt og verður því litið svo á að ekki sé ágreiningur um atvik þegar slysið átti sér stað. Hins vegar ber að geta þess að það stendur A nær að rannsaka slysið.

Sjá má af mynd í lögregluskýrslu að engin hlíf er á slípirokknum og það liggur fyrir að M var að skera með slípirokknum undir borðplötuna en ekki að ofan frá eins og hefðbundið verklag er samkvæmt A. Það liggur ekkert fyrir í gögnum málsins um reynslu M af starfinu en það kemur fram að hann hafi enn verið í þjálfun. Þar sem M var ekki að vinna verkið samkvæmt hefðbundnu verklagi verður að líta svo á að A hafi ekki sinnt hlutverki sínu um að leiðbeina M nægilega fyrir verkið. Af þeim sökum verður A að bera bótaábyrgð á slysi M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 452/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 21. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. desember 2023.
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 9. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. júlí 2023 hafi M greinst með hjartagalla og hafi orðið að undirgangast opna hjartaaðgerð vegna hans hinn 28. september sama ár. Aðgerðin hafi verið lífsnauðsynleg en áður hafi M fengið blóðtappa sem rekja megi til hjartagallans sem hún var síðar greind með. V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið skipt um hjartaloku, en heilbrigðisstarfsfólk hafi tjáð M að alltaf séu greiddar bætur úr sjúkdómatryggingu þegar um sé að ræða stórar hjartaaðgerðir sem gerðar séu með opnun bringubeins. M tekur í málskoti fram að hefði gallinn ekki fundist í tæka tíð hefði hann leitt til frekari hjartabilunar og jafnvel dauða. Með aðgerð hefði verið komið í veg fyrir frekari skemmdir og hjartalokuaðgerð síðar meir. Þá hafi aðgerðin verið nákvæmlega sú sama og sú sem er framkvæmd við lokuskripti og þyki M skrítið að V einblíni á skilmála sína með þessum hætti, sér í lagi eftir að starfsmaður þess hafi tjáð henni að litið væri til atvika hvers máls fyrir sig.

Í bréfi V og viðbótarathugasemdum er vísað til fyrirliggjandi greinargerðar sérfræðilæknis dags. 14. nóvember 2023, þar sem fram komi að greinst hafi op milli hjartagátta hjá M og hafi það valdið því að blóð streymdi frá vinstri gátt yfir í hægri gátt með tilheyrandi álagi á hægri lokur. Hafi greinst mikill leki og álag á hægri slegil sem oft fylgi opi milli gátta hjartans. Við lokun gatsins hafi álagið á hægri gátt og hægri slegil minnkað og þrýstingur í hægri slegli lækkað. Hjartaheilsa M hafi því batnað mikið við aðgerðina. Við það að gatinu milli hjartahólfa var lokað hafi hjartalokuleki lagast. Þrátt fyrir að bati á hjartaloku hafi verið afleiðing aðgerðarinnar hafi M ekki verið í hjartalokuaðgerð í skilningi viðkomandi skilmála. Bótaskyldir sjúkdómar séu tæmandi taldir í skilmálum og aðgerð vegna gats milli hjartahólfa sé ekki þar á meðal. Aðgerð sem framkvæmd sé í þeim tilgangi að loka gati milli hjartahólfa sé því ekki bótaskyldur váttryggingaratburður í skilningi skilmálanna.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að hún búi við varanlegt líkamstjón vegna blóðtappa sem rekja megi til hjartagallans. Hún hafi ekki vitað fyrir en of seint að hún gæti leitað í váttryggingu vegna þess tjóns og tekjutaps sem af því leiddi. Hún sé þá meðvituð um að umrædd aðgerð sé ekki talin upp í upptalningu um bótaskylda váttryggingaratburði. Henni hafi hins vegar verið tjáð af starfsmanni V að skilmálarnir væru ekki tæmandi því hvert tilfelli væri metið fyrir sig. Sé hún að fara fram á slíkt mat enda hafi verið um lífsnauðsynlega opna hjartaaðgerð að ræða. Um fátíða aðgerð sé að ræða og sé mögulegt að það sé ástæða þess að hún sé ekki talin upp í skilmálunum. Þá rekur M hvert ferli aðgerðar sé annars vegar vegna gats milli gátta og hins vegar við lokuskiptaaðgerð en það sé nánast hið sama. Sé því afar sérstakt að önnur aðgerðin sé bótaskyldur atburður en hin ekki. Sjúklingar séu þá heillengi frá vinnu og endurhæfingarferli langt. Á grundvelli þessa fer M fram á að úrskurðað verði um bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum umræddrar váttryggingar segir að V greiði bætur vegna skurðaðgerðar sem framkvæmd er til að laga hjartaloku eða koma fyrir gervilokum í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Aðgerðin verði að vera skilgreind sem læknisfræðileg nauðsyn af hjartasérfræðingi og studd með hjartaómskoðun eða niðurstöðum hjartaþræðingar. Þá segir að eftirfarandi aðgerðir falli undir framangreinda skilgreiningu: a) Hjartalokuskripti eða viðgerð með fullri opnun bringubeins (fullsternotomy), hálfri opnun bringubeins (partial sternotomy) eða brjósthollsskurði (thoracotomy). b) Ross aðgerð. c) Lagfæring hjartaloku gegnum æðaþræðingu (valvuloplasty). d) Ísetning ósæðarlokum með æðaþræðingartækni (transcatheter aortic valve implantation).

Ekki virðist raunar um það deilt í sjálfu sér að aðgerð sú sem M gekkst undir falli ekki innan framangreindrar skilgreiningar, en M fer fram á að tilvik hennar verði skoðað sérstaklega enda megi jafna umræddri aðgerð við framangreinda skilgreiningu og þær aðgerðir sem þar eru tilteknar.

Af fyrirbyggjandi lækisfræðilegum gögnum má ráða að ekki hafi verið um að ræða aðgerð á hjartaloku, eða að hún hafi verið framkvæmd til að laga hjartaloku eða koma fyrir gervilokum. Fyrir liggur að M greindist með gat milli hjartagátta og að það hafi valdið álagi á hægri slegul og hægri lokur. Með því að loka gatinu hafi þessu álagi verið létt. Liggur því fyrir að aðgerðin hafði jákvæð áhrif á hægri hjartalokur en að ekki hafi verið um aðgerð á hjartaloku í sjálfu sér að ræða.

Fallast má á það með M að aðgerðarlýsing þeirrar aðgerðar sem hún undirgekkst og lokuskiptaáðgerðar séu afar keimlíkar. Þrátt fyrir það verður ekki litið fram hjá því að aðgerð til að loka gati á milli hjartagátta er ekki talin upp sem bótaskyldur atburður í viðeigandi skilmálum og skilgreining bótaskyldra hjartaáðgerða virðist skýrt orðuð í þeim. Er því að mati nefndarinnar ekki tækt, gegn skýru orðalagi ákvæðisins, að fella undir það aðrar aðgerðir en beinlínis eru taldar þar upp.

Hvílir það á M að sýna fram á að um bótaskyldan atburð sé að ræða og hefur það samkvæmt framansögðu ekki tekist. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Hvað varðar þá staðhæfingar M um að starfsmaður V hafi gefið henni væntingar um bótaábyrgð V þá liggur engin frekari gögn fyrir um slík samskipti og koma þau ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 453/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns. Afnotamissir ökutækis.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 3. júní 2023 var bifreiðinni A bakkað á bifreiðina B sem er í eigu M. Var bifreið M kyrrstæð og mannlau. Ekki er ágreiningur um að A hafi borið alla sök á árekstrinum. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti fór M með bifreiðina í tjónaskoðun á verkstæði þann 6. júní 2023 og skildi bifreiðina þar eftir. Þann 13. júní 2023 fékk M þær upplýsingar frá verkstæðinu að beðið væri eftir varahlutum. Var bifreiðin á verkstæði til 8. september 2023. Á þessu tímabili hringdi M 4-5 sinnum á verkstæðið til þess að kanna stöðuna á bílnum. Gerði M kröfu um greiðslu bóta frá V fyrir afnotamissi bifreiðar sinnar og fékk fyrst þær upplýsingar að afnotamissir væri tíu dagar en síðar var bætt við auka tíu dögum vegna tímalengdar viðgerðar. Afstaða V byggir á því að bifreiðin hafi verið ökuhæf og að M hefði getað verið á bifreiðinni meðan beðið var eftir varahlutum. Kveðst M aldrei hafa fengið upplýsingar um að bifreiðin væri ökuhæf, hvorki frá verkstæðinu né frá V. Fer M fram á að fá bættan afnotamissi fyrir þann tíma sem bifreiðin var í viðgerð, í tæpa þjá mánuði.

V vísar til tölvupósts sem M fékk sendan þann 5. júní 2023 þar sem fram kemur að M ætti rétt á bótum á meðan á eðlilegum viðgerðartíma stendur. Hefur M gert kröfu um greiðslu bóta upp á 5.500 kr. á dag fyrir tímabilið 3. júní til 8. september 2023, samtals í 97 daga. Vísar V til upplýsinga frá starfsmann í móttöku verkstæðisins sem hafi upplýst M um að bifreiðin væri ekki ökuhæf og vel hægt að nota bifreiðina fram að viðgerð. Hafi M ekki viljað nota bifreiðina á meðan og skilið hana eftir á verkstæðinu. Varahlutir hafi verið pantaðir og bærust þeir 7. júlí og hófst viðgerð 10. júlí. Þegar viðgerð hófs hafi komið í ljós að panta þurfti nýjan afturhlera á bifreiðina sem barst 20. júlí og hófst þá viðgerð að nýju. Viðgerðin sjálf tók sex virka daga. Þegar viðgerð var lokið á réttingarverkstæðinu var bifreiðin send til annars verkstæðis sem átti að kvarða bifreiðina upp á nýtt. Vegna veikinda og sumarfría hafi bifreiðin svo verið í einn mánuð á seinna verkstæðinu en bifreiðin hafi verið ökuhæf þann tíma, þó með mikið af villumeldingum og ljósum í mælaborði. Hafi kvörðunin tekið rúmar sex klukkustundir. Samkvæmt þessu hafi viðgerðin sjálf, ásamt kvörðuninni tekið um það bil sjö virka daga. Má því ætla að M hafi sannanlega ekki haft afnot af bifreiðinni í níu daga ef ein helgi er reiknuð inn í dagafjöldann. Telur V að allar ástæður sem nefndar voru af hálfu verkstæðanna hafi ekki verið á ábyrgð V eða eiganda A, sbr. 4. og 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar, auk þess sem ekki sé hægt að fallast á að sá tími sem leið teljist vera hefðbundinn viðgerðartími sem V fellst almennt á að greiða fyrir.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ekki sé ágreiningur um að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna áreksturs A og B. Það er meginregla í skaðabótarétti að það hvílir á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns, svo og að takmarka það eins og kostur er. Óumdeilt er að bifreið M var á tveimur mismunandi verkstæðum frá 6. júní – 8. september 2023. Þegar um afnotamissi er að ræða gerir V ekki kröfu um að sýnt sé fram á raunverulegt umfang fjárhagslegs tjóns heldur er eitt þeirra úrræða sem tjónþolum stendur til boða að fá greiðslu vegna afnotamissis „meðan á eðlilegum viðgerðartíma stendur.“ Virðist V ekki hafa skilgreint með nánari hætti hvað „eðlilegur viðgerðartími“ er né heldur hefur verið sett skýrt þak á dagafjölda sem bætur eru greiddar vegna í þeim tilvikum sem ekki er sýnt fram á umfang fjártjóns. Í tilviki M liggur að mati nefndarinnar ekki fyrir að bifreiðin hafi verið ökuhæf allt frá tjónsdegi eða að hún hefði ekki getað nýst M meðan beðið var viðgerðar þrátt fyrir tjón á afturhluta bifreiðarinnar. M hafi þrátt fyrir það kosið að skilja bifreið sína eftir á þeim verkstæðum sem

komu að viðgerðinni, samtals í rúma þrjú mánuði. Af gögnum málsins má ráða að ekki sé um eðlilegan viðgerðartíma að ræða, heldur hafi þarna verið um að ræða biðtíma á verkstæðum annars vegar vegna pöntunar á varahlutum og svo hins vegar vegna veikinda og sumarleyfa. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirlýsingum verkstæða hafi viðgerðartíminn sjálfur numið samtals um sjö dögum og að bifreiðin hafi verið ökufær meðan beðið var viðgerða. Bar M að takmarka tjón sitt og nota bifreið sína þann tíma sem hún var ökufær milli viðgerða. Hvað varðar hugsanlegan upplýsingaskort af hálfu verkstæðisins um ökufærni bifreiðarinnar er ljóst að M og verkstæði ber ekki saman um þau samskipti og má telja að M hafi staðið það nær að spyrjast nánar fyrir um það hvort bifreiðin væri ökufær. Með vísan til alls ofangreinds er kröfu M um frekari bætur vegna afnotamissis því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum vegna afnotamissis úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 454/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. desember 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir lögmanns M dags. 9. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína hjá X hinn 14. febrúar 2022 þegar M var að vinna við að skera endagörn á sláturgripi. Skurður kom á vinstri framhandlegg M og áverki á sin.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem M hafi hvorki verið í hlífðarhönskum né klæddur handleggjahlífum við það verk sem honum var falið að vinna af X, slíkur búnaður sé ekki notaður hjá X og telur M að þannig hafi verið farið gegn skyldum X í 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og að honum hafi ekki verið gerð ljós slyshætta skv. 14. gr. sömu laga eða hlotið nauðsynlega kennslu og þjálfun við verkið. Þær skyldur hvíli á X skv. 42. gr. sömu laga að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum sem og skv. 65. gr. laganna að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum þar sem áhætta er metin. Einnig vísar M til reglna um persónuhlífar nr. 497/1994 og að skv. þeim hafi X borið að útvega M viðeigandi búnað, en það hafi X ekki gert þrátt fyrir að M hafi beðið um slíkan. Einnig telur M ósannað að öryggishanski hafi verið til staðar á vinnustaðnum.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til upplýsinga frá X um að öryggishanski (stálhanski) hafi verið til staðar á vinnustaðnum sem M hafi kosið að nota ekki. Einnig vísar V til þess að M hafi verið að sinna þessu tiltekna starfi í fyrsta skipti hjá X þegar hann slasaðist og hafi fengið leiðsögn frá aðstoðarverkstjóra um hvernig átti að vinna verkið og hafi sá fylgst með M í dágóða stund án athugasemda. Einnig vísar V til þess að M hafi unnið hjá X í um átta mánuði þegar hann slasaðist, auk þess sem hann hafi átt að baki þriggja ára starfsreynslu úr sláturhúsum áður en hann hóf störf hjá X og hafi því verið flokkaður sem reyndur starfsmaður hjá X. Því er einnig hafnað að skort hafi kennslu og þjálfun þegar slysið varð.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að í tölvupósti frá framkvæmdastjóra X til M dags. 7. nóvember 2022 hafi komið fram að enginn sérstakur öryggisbúnaður hafi verið talinn nauðsynlegur fyrir það verk sem M vann þegar hann slasaðist. Þannig vísar lögmaður M því á bug að til staðar hafi verið öryggisbúnaður sem M hafi kosið að nota ekki, eins og komi fram í svörum. Einnig eru sjónarmið um áhættumat og skort á því af hálfu X ítrekuð og vísað til fjölda dóma.

Álit.

Ágreiningur er uppi um skaðabótaskyldu af hálfu X vegna líkamstjón M við vinnu sína hinn 14. febrúar 2022. Verk það sem M var að vinna í greint sinn var unnið með hnífi og V vísar til þess að til staðar hafi verið öryggisbúnaður á vinnustaðnum, þ.e. öryggishanski (stálhanski), sem M hefði getað notað. Ekki liggur fyrir af hálfu X hvernig áhættumati skv. 65. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hafi verið háttáð vegna þess verks sem M vann hjá X og ekki liggja fyrir gögn sem styðja að öryggishanski hafi verið til staðar fyrir M til að nota við verkið. Þó M hafi fengið leiðbeiningar við verkið verður X að geta lagt fram gögn sem styðja að þær leiðbeiningar sem M fékk við verkið eða að öryggisbúnaður, skv. reglum nr. 497/1994 um persónuhlífar, hafi verið til staðar. Það stendur X nær að leggja fram slík gögn og án þeirra verður staðhæfing um að öryggiskröfum hafi verið fylgt ekki talin sönnuð. Verður því að leggja til grundvallar að M hafi ekki haft aðgang að öryggisbúnaði við framkvæmd þess verks sem hann slasaðist við og orsakatengsl eru milli þess og þess líkamstjóns sem hann hlaut.

Ekki liggur fyrir í lýsingum af háttsemi M að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við verkið skv. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 og verða bætur til hans ekki lækkaðar með hliðsjón af slíkir háttsemi. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna líkamstjóns síns hinn 14. febrúar 2022.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 455/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanns.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. desember 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur sé uppi um hvort lögmaðurinn X sem skipað var skiptastjóri í þrotabúi M hafi haft heimild til að taka upp skipti á búinu eftir að þeim var lokið og fyrningarfrestur krafna liðinn. M telur ljóst að M hafi ekki verið það heimilt, en úrskurðardagur skipta hafi verið 16. nóvember 2016 og kröfulýsingarfrestur 2. febrúar 2017. Vegna mistaka X hafi 36,1% hlutur M í jörðinni Y ekki komið til skipta en alls óljóst sé af hverju það hafi gerst og ekki við M að sakast, sem hafi ekki verið meðvitaður um að Y væri ekki hluti skiptanna. Skiptum hafi lokið 10. febrúar 2017, og hafi því allar lýstar kröfur sem ekki fengust greiddar verið fyrndar hinn 10. febrúar 2019. Eftir það tímamark hafi X tekið skiptin upp án nokkurrar heimildar og ráðstafað fjármunum sem hún átti ekkert tilkall til inn á fyrndar kröfur. Úthlutunargerð hafi verið lögð fram og handskrifað á hana að hún hafi verið samþykkt á skiptafundi sem boðaður var hinn 18. október 2021. Skiptum hafi verið sagt lokið sama dag. Á þeim tíma hafi verið fjögur ár liðin frá skiptum og allar kröfur því löngu fyrndar. Hafi X með þessari fljótfærni bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart M, sem hafi vænst þess að vera laus allra mála 10. febrúar 2019. Gerir M því kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bú M hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 16. nóvember 2016 og X skipað skiptastjóri. Í framhaldinu hafi X framkvæmt hefðbundnar upphafsáðgerðir gjaldþrotaskipta. Hafi skýrsla verið tekin af M hinn 5. janúar 2017, og hafi M þá upplýst um að hann ætti engar eignir og að allar fasteignir hefðu verið seldar nauðungarsölu. Kröfulýsingarfrestur hefði verið til 2. febrúar 2017. Arion banki hafi lýst veðkröfum en veðandlagið hafi verið eignarhlutur M í jörðinni Z sem bankinn hafi leyst til sín. Aðrar eignir hafi ekki fundist, þrátt fyrir fyrirspurnir m.a. til fasteignaskrár og sýslumannsins á Suðurlandi. Skiptum hafi svo lokið með úthlutunargerð 8. desember 2017. Hinn 25. apríl 2018 hafi X borist krafa þáverandi lögmanns M um endurupptöku skiptanna en þeirri beiðni hafi X hafnað með bréfi dags. 28. nóvember 2018. Í lok árs 2019 hafi X fengið ábendingu um að M væri skráður fyrir 50% eignarhlut í eigninni Y. X hafi kannað málið hjá sýslumanninum á Suðurlandi og í kjölfarið komið ljós að M átti 36,1% í Y. Í ljósi þessa hafi X talið rétt að taka skiptin upp á grundvelli 1. og 2. mgr. 164. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 og hafi hún sent þáverandi lögmanni M tilkynningu þess efnis hinn 16. janúar 2020. Daginn eftir hafi X borist ítrekuð beiðni lögmannsins um endurupptöku skiptanna. Í kjölfarið hafi Arion banki lýst þeirri skoðun sinni að hann væri þegar orðinn eigandi Y, þar sem Y væri hluti Z og bankinn hefði talið sig hafa leyst til sín alla eignina. X hafi hafnað því og hafi eignarhlutur M í Y verið seldur fyrir milligöngu fasteignasölu. Hinn 5. ágúst 2021 hafi þáverandi lögmaður M krafist þess að hætt yrði við fyrirhugaða sölu á Y á grundvelli þess að skuldir M við Arion banka væru uppgreiddar. X hafi hafnað þeirri kröfu með bréfi dags. 9. ágúst 2021. Y hafi verið seld og skiptum á þrotabúinu lokið í annað sinn með úthlutunargerð 18. október 2021. M byggi m.a. á því að hann hafi orðið fyrir verulegu fjártjóni. Það sé hins vegar óumdeilt að umrædd eign hefði átt að falla undir skipti á búi hans en gerði það ekki vegna aðstæðna sem séu með engu móti á ábyrgð X. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé ljóst að skráning í þinglýsingabækur hafi ekki verið rétt fyrr en haustið 2019, þegar X hafði samband við sýslumann og benti á að svo virtist sem M ætti hlut í Y. Ekki megi heldur líta fram hjá því að M hafi borið að upplýsa X um allar eignir sínar, sbr. 81. gr. laga um gjaldþrotaskipti, en hann hafi ekki sagst eiga neinar eignir. Skylda skiptastjóra til að taka skipti upp að nýju sé ótvíræð í 164. gr. laganna og ekki háð neinum tímafresti. M hefði þá, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti, getað sent tilkynningu til héraðsdóms þess efnis að framferði X kynni að vera aðfinnsluvert. Það hafi hann ekki gert og þar með sýnt af sér slíkt tómlæti að allar hugsanlegar kröfur séu fallnar niður. Samandregið telji V ósannað að

X hafi hagað störfum sínum með saknæmum og ólögmetum hætti þannig að leiði til bótaskyldu. Þá sé tjón M ósannað.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að M hafi orðið fyrir tjóni og tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Ekki liggur annað fyrir en að skráningar varðandi eignarhlut M í Y hafi verið rangar fram til haustsins 2019, en því er ekki mótmælt að M hafi eignast hlut sinn í Y á árunum 2006 og 2007. Þá liggur fyrir að M upplýsti ekki um umræddan eignarhlut, þegar hann var kvaddur á fund skiptastjóra hinn 5. janúar 2017. Ekki liggur fyrir af hverju umræddur eignarhlutur var ekki skráður með réttum hætti en í öllu falli hefur ekki verið sýnt fram á að það verði metið X til sakar að hafa ekki vitað af honum fyrr.

Telja verður þá að skylda X til að taka skiptin upp að nýju að eigin frumkvæði hafi verið ótvíræð skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en enginn tímafrestur er tiltekinn í því sambandi. Hefur ekki verið sýnt fram á annað en að X, sem skiptastjóri, hafi farið að ákvæðum laganna.

Lögmaður M byggir á því að kröfur Arion banka hafi verið fyrndar tveimur árum frá skiptum í febrúar 2017 og þá má ráða af gögnum málsins að fyrri lögmaður M hafi krafist endurupptöku skiptanna á grundvelli þess að krafa Arion banka væri uppgreidd, og vafi væri á réttindum bankans samkvæmt veðskuldabréfi þar sem Z var veðandlagið, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 739/2016. X hafnaði þeirri kröfu þar eð heimildir til endurupptöku væru tæmandi taldar í 163. og 164. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Verður þá að telja, að M hafi verið tækt það úrræði að koma aðfinnslum á framfæri við héraðsdómara skv. 1. mgr. 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en ekki liggur fyrir að það hafi verið gert.

Af framansögðu er ekki sýnt fram á að X hafi vanrækt skyldur sínar sem skiptastjóri með þeim hætti að skaðabótaskylda stofnist.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu eru þá ekki efni til að fjalla frekar um það álitaefni hvort M hafi orðið fyrir tjóni af því að umræddur eignarhlutur hans í Y hafi komi til skipta.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 456/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot dags. 27. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi bakkað bifreiðinni A á bílskúrshurð fasteignarinnar X, þann 5. september 2023. Bifreiðin A hafi laskast lítillega við þetta og hafi V samþykkt bótaskyldu vegna tjóns á bílskúrshurðinni í gegnum ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar og vegna tjóns á bifreiðinni A, úr kaskótryggingu bifreiðarinnar. Fasteignin X, er með tvöfaldan bílskúr og eru hurðirnar tvær mjög áberandi í útliti hússins. Hefur M gert þá kröfu að V greiði bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðar sinnar, A þannig að ekki sé útlitsmunur á hurðunum, en vandamálið er að ekki fæst hurð með sama útliti. Því þurfi að skipta um báðar hurðar til þess að fá sama útlit. V hefur samþykkt að bæta skemmdu hurðina en ekki hina. Telur M þetta viðhorf V óásættanlegt og að ljóst sé að skipta verði um báðar hurðirnar.

V vísar til þess að M sé tjónvaldur og eigi enga lögvarða hagsmuni af því að nefndin fjalli um málið. Þar sem eigandi húsnæðisins sé ekki aðili að málinu, telur V rétt að málinu verði vísað frá nefndinni. Hafnar V sjónarmiðum M og vísar til þess að einungis hafi orðið tjón á annarri hurðinni og að fullar bætur hafi verið boðnar vegna umskipta á henni. Ekkert tjón sé á hinni hurðinni og þar af leiðandi geti V ekki borið ábyrgð á kostnaði við umskipti á henni. Þá er ekkert í gögnum málsins sem sýnir fram á að mögulegur útlitsmunur á hurðunum leiði til tjóns. Verður að teljast ósannað og afar ólíklegt að mögulegur útlitsmunur á hurðunum leiði til lækkunar á fasteignaverði eða annars fjártjóns. Vísar V til úrskurða nefndarinnar þar sem fjallað hefur verið um sjónarmun á parketi eftir viðgerðir.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að hann hafi lögvarða hagsmuni sem snúa að því að hann gangi ekki sem tjónvaldur frá þessu máli þannig að eigandi hússins beri af þessu skaða. Þá séu hagsmunir hans fjárhagslegir þar sem sá smiður sem ætlar að ljúka verkinu gerir það vegna loforðs M um uppgjör á þeirri hurð sem deilurnar standa um, ef V greiði þetta ekki. Hefur M þegar greitt honum tvö hundruð þúsund krónur til þess að panta tvær hurðir. Vísar M til viðbragða og ummæli smiða sem hafa komið að málinu en þeir segja þetta óásættanlega afgreiðslu V og vilji ekki leggja nafn sitt og/eða fyrirtækis við þá afgreiðslu málsins sem V leggur til.

Álit.

Verður fyrst vikið að kröfu V um frávísun málsins. Í samþykktum fyrir nefndina, sem tóku gildi 1. janúar 2022 og birtar eru á heimasíðu nefndarinnar, kemur fram í 2. gr. að málskotsaðili geti m.a. verið neytandi, lögaðili eða einstaklingur í atvinnurekstri sem telur sig eiga rétt til bóta úr váttryggingu, þ.á.m. ábyrgðartryggingu eða annarra hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings. Ekki kemur fram í umræddri grein eða annarsstaðar í samþykktunum að tjónvaldur þ.e. eigandi ökutækis og þar með váttryggður skv. skilmála lögboðinnar ökutækjatrýggingar, geti ekki verið málskotsaðili. Ágreiningurinn er því tækur til úrskurðar m.v. áðurnefndar samþykktir.

Ekki er ágreiningur um að eigandi fasteignarinnar X eigi að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V en ökutækið er í eigu M. Ágreiningur hverfist um umfang þess tjóns sem V ber að bæta. Af málskoti má ráða að ekki fáist nákvæmlega eins hurð í stað þeirrar hurðar sem M bakkaði á þann 5. september 2023. Engin gögn hafa verið lögð fram til staðfestingar á því að svo hátti til né hver útlitsmunur komi til með að vera, fáist ekki eins hurð í stað þeirrar sem skemmdist. Engar staðfestingar liggja heldur fyrir að húseignin geti orðið verðminni ef útlitsmunur verður á hurðunum tveimur. Staðhæfingar M um að aðilar sem V hefur haft samband við vilji ekki vinna verkið og leggja nafn sitt við þessa afgreiðslu, duga ekki sem sönnunargögn um tjón fasteignareiganda. Með vísan til þessa

greiðast ekki frekari bætur en þær sem V hefur þegar boðið úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A, vegna tjóns á fasteigninni X.

Niðurstaða.

Frekari bætur greiðast ekki úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A sem er í eigu M vegna tjóns á bílskúrshurð fasteignar.

Reykjavík, 30. janúar 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 457/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 28. nóvember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 6. desember 2022, varð kvöldið áður umferðaróhapp sem atvikaðist með þeim hætti að M missti stjórn á bifreiðinni A á Þingvallarvegi við Vesturlandsveg með þeim afleiðingum að henni var ekið á vegrið áður en hún hafnaði utan vegar. Í málskoti kemur fram að M hafi verið fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild þar sem hann lýsti verkjum í baki, mjóbaki, kvið og brjóstkassa. M hafi leitað aftur á slysadeild tveimur dögum síðar og lýst versandi bakverkjum. Þá hafi hann sótt sjúkráþjálfun vegna áframhaldandi einkenna og liggja fyrir skýrsla sjúkráþjálfara dags. 15. febrúar 2023 þar sem komi fram að M sé með verki í baki og mjóbaki og þurfi meðhöndlun sjúkráþjálfara, einnig sé hann enn óvinnufær vegna slyssins. M telji því ljóst að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 23. janúar 2023, hafnað bótaskyldu með vísan til einhliða aflaðrar PC-Crash skýrslu. M telur að með vísan til læknisfræðilegra gagna sé ljóst að orsakatengsl séu fyrir hendi milli slyssins og einkenna hans í dag. Þá vísar M til þess að sönnunargildi PC-Crash skýrslu sé lítið sem ekkert. Vísar M til þess að við mat á afleiðingum slyss verði að líta til þess að afleiðingar slyss geta verið einstaklingsbundnar og það ráðist af ýmsum þáttum hvort líkamstjón verður. Jafnvel þó árekstur teljist vægur sé ekki útilokað að líkamstjón verði af völdum hans. Í þessu tilviki hafi þá orðið umfangsmikið tjón á A. Mikilvægast sé þá að mat á líkamstjóni sé í höndum óvilhallra matsmanna en ekki váttryggingafélaga. Í tilviki M sé ljóst að hann hafi kvartað um verki strax á vettvangi, hafi leitað á slysadeild vegna þeirra, og sé til virkrar meðferðar sjúkráþjálfara. Sé því ljóst að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðarslyssins. Vísar M og til dómfordæma máli sínu og röksemdum til stuðnings.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt umræddri PC-Crash skýrslu hafi höggið á A verið mjög vægt og sýni rannsóknir fram á að ómögulegt sé að slík högg leiði til varanlegs líkamstjóns. Skýrslunnar hafi þá ekki verið aflað einhliða heldur hafi lögmanni M verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum. Þá liggja fyrir að M eigi fyrri sögu um verki frá maga og baki og telji V því um sömu einkenni að ræða og voru til staðar fyrir atvikið, en ekki liggja fyrir læknisfræðilegt örorkumat sem sýni fram á að einkenni hans verði rakin til slyssins. Verði af framangreindu að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að þörf sé frekari gagna til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og líkamslegs ástands M. Slík gögn liggja ekki fyrir og verði M að bera hallann af því.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort M hafi hlotið líkamstjón við umrætt atvik, en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði þess að svo hafi verið. Þó svokölluð PC-Crash skýrsla, sem er aðeins eitt þeirra gagna sem lögð eru fram af hálfu aðila, lýsi litlum þyngdarkrafti áreksturs verður ekki talið að það eitt og sér útiloki að líkamstjón hafi orðið enda verður við mat á því að líta heildstætt til annarra gagna, einkum læknisfræðilegra. Þrátt fyrir lítinn þyngdarkraft samkvæmt skýrslunni liggur þá fyrir að greiddar voru út bætur að fjárhæð 2.206.900 kr. vegna tjóns á A og virðist því sem skemmdir á henni hafi verið töluverðar.

Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru annars vegar upplýsingar úr bráðamóttökuskra og hins vegar skýrsla sjúkráþjálfara. Í hinni fyrrnefndu segir að M hafi komið á bráðamóttöku hinn 6. desember 2022, þar sem hann fékk greininguna „annar og ótilgreindur kviðverkur“. Kemur þar einnig fram að M sé með Crohn's og stóma, og króníska verki í kvið og baki sem hann finni fyrir alla daga. M leitaði þá aftur á bráðamóttöku hinn 7. desember 2022 og lýsti þá versnandi bakverkjum, verri en hann væri vanur að hafa, og máttleysi. Fékk hann þá greiningu um ótilgreindan bakverk. Engin gögn liggja fyrir um frekari komur til læknis. Í skýrslu sjúkráþjálfara, dags. 15. febrúar 2023, kemur fram að M hafi farið í margar

aðgerðir sem hafi haft áhrif á hann andlega og líkamlega, hann sé með verki og hreyfiskerðingu í útlimum og óvinnufær. Meðferð er lýst sem almennum og specifískum mobiliserandi aðferðum fyrir bak og útlimi, aktívum æfingum (styrkjandi) og fræðslu. Umferðarslysið hafi svo haft áhrif á bak, aðallega mjóbak. Kemur fram að M hafi verið í þjálfun við og við, sé betri í verkjum og hreyfingu, þurfi nú meðferð vegna umferðarslyss, ca. 1 til 2 í viku meðferð, svo fljótlega aftur í þol, styrkjandi og liðkandi þjálfun.

Ekki verða dregnar afdráttarlausar ályktanir af framangreindu varðandi það hvort, og hvaða einkenni sé að rekja til slyssins, en ekki liggur fyrir nefndinni heildstætt læknisfræðilegt mat þess. Þá liggja engin frekari gögn fyrir um fyrra heilsufar M, en svo virðist sem hann hafi verið óvinnufær vegna sjúkdóms áður en slysið atvikaðist og að hann hafi þjáðst af krónískum einkennum sem virðist svipa til þeirra einkenna sem hann rekur til slyssins. Það að sambærileg einkenni hafi verið til staðar fyrir tjónsatburð girðir ekki fyrir það að tjón geti orðið, vegna nýrra einkenna eða versunar fyrri einkenna. Í slíkum tilvikum hvílir það hins vegar á aðilum að sýna fram á að ný einkenni eða versnun einkenna hafi komið til við tjónsatvik, þ.e. að líkamstjón hafi orðið. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki talið að það hafi tekist og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 13. febrúar 2024.

rafræn undirritun

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 459/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Skaðabótaábyrgð. Notkun ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að keppa í aksturskeppni vélsleða (snjócrossi) hinn 27. mars 2022 í lokaðri akstursíþróttabraut við á Tindastólssvæðinu við Sauðárkrók þegar hann velti sínum vélsleða og slasaðist. M kveðst hafa verið að aka á eftir vélsleðanum X og þegar hann hafi ætlað fram úr X hafi orðið árekstur með sleðunum og hafi M lent út í brautarkanti og velt sleðanum. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að tvö vitni hafi verið að tjónsatviki, faðir M og björgunarsveitarmaður. Þeir hafi báðir verið að horfa á aksturskeppnina og hafi M verið að aka fram úr X þegar vélsleðarnir festust saman og þegar sleðarnir losnuðu frá hvor öðrum hafi M fallið af sleðanum. Ekki var hægt að ræða við M á vettvangi. Í ítarlegri framburðarskýrslu fyrrnefnds björgunarsveitarmanns kemur fram að keppnin hafi verið nýbyrjuð þegar slys M átti sér stað og hann hafi lent út í „battanum“ og velt sínum sleða og ökumaður X hafi ekið utan í sleðann eða á hann en erfitt hafi verið að sjá hvað nákvæmlega gerðist. Í framburðarskýrslu ökumanns X kemur fram sú lýsing þess ökumanns að M hafi verið að aka fram úr honum og annað skíði vélsleða M hafi krækst í X með þeim afleiðingum að sleði M hafi endastungist og M fest fótinn undir honum. Ökumaður X lýsir því að hann hafi ekki séð M í aðdraganda slyssins, ökumenn hafi verið að „hringa“ hann um þetta leyti en hann ekki sérstaklega meðvitaður um stöðu annarra keppenda í brautinni. Ökumaður X segist líklega hafa verið í þriðju aksturslínu af fjórum í þröngri braut og M hafi verið að aka hægra megin fram úr á fjórðu aksturslínu þegar slysið varð. Ökumaður X telur að of margir keppendur hafi verið inni á brautinni í einu m.v. hvað hún var þröng. Í framburðarskýrslu M segir að brautin í aksturskeppninni hafi verið mjög stutt og þröng og vegna veðurastæðna hafi myndast harðfenni í brautinni. Um 18 keppendur hafi verið í brautinni í einu en að hans mati hefðu þeir ekki átt að vera fleiri en 10-12, sérstaklega í ljósi þess að um byrjendaflokk var að ræða. M segist hafa haldið aksturslínu lengst til hægri í brautinni og ætlað fram úr X þegar ökumaður X hafi breytt stefnu sinni og lokað á möguleikann á framúrakstri. M lýsir aðdraganda slyssins þannig að hann hafi verið í uppstökki á fyrri „úppsa“ af tveimur sem hann ætlaði að taka fram úr X við og í uppstökkinni hafi hann ekið utan í X með þeim afleiðingum að skíði vélsleðanna rákust saman, hann hafi fundið högg og fest vinstri fót í stigbretti. M kveðst hafa verið vel meðvitaður um aðra keppendur í brautinni sem og sína aksturslínu og talið sig vera að gera allt rétt en lítils háttar breyting á aksturslínu X hafi leitt til slyssins.

M bendir á að skv. b-lið 2. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 sé þátttaka í aksturskeppni á lokuðum svæðum undanþegin ákvæðum laganna en eigandi X hafi samið svo um við V að kaupa sérstakan keppnisviðauka sem geri lögboðnar ökutækjatrýggingar X gildar í æfingum og keppni. Með tilliti til sakarskiptingar í skilningi 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 telur M að líkamstjón hans hafi komið til vegna sakar ökumanns X aðallega en til vara að sök sé skipt.

M rökstyður kröfu sína um bætur úr ábyrgðartryggingu X í málskoti sínu með vísan til þess að við mat á saknæmi ökumanna í aksturskeppni verði að miða við þær háttæmisreglur sem gilda í slíkri keppni en ekki háttæmisreglur umferðarlaga nr. 77/2019, enda eigi þær ekki við, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 3. og 4. tl. 3. gr. og VI. kafla þeirra laga. Þar vísar M til reglna Mótorhjóla- og snjósléðasambands Íslands um snjócross. M telur að ökumaður X hafi ekki farið eftir þeim reglum og í því felist saknæm háttæmi af hans hálfu. M bendir á að fyrrnefndar reglur um snjócross segi að ökumaður skuli „...hafa góðar gætur á flöggum út alla keppnina.“ M bendir á að ökumaður X hafi ekki tekið tillit til þess að flaggað hafi verið bláum flöggum til hans sem eigi að vekja athygli ökumanna á því að aðrir ökumenn séu að „hringa“ þá. Í fyrrnefndum reglum segi að blátt flagg þýði að ökumenn skuli vera viðbúnir því

að aðrir keppendur aki fram úr og skuli því hafa gætur á sleðum sem nálgist aftan frá, eigi ekki að hindra eða tefja ökutæki í framúrakstri og að hægfara ökumenn eigi að víkja fyrir sleðum sem taki fram úr. Einnig bendir M á að í lögregluskýrslu komi fram að ökumaður X hafi ekki verið „...sérstaklega meðvitaður um stöðu annarra keppenda í brautinni.“ M vísar til framburðar ökumanns X um að hann hafi verið í sinni fyrstu keppni og aðrir ökumenn hafi verið búnir að fara fram úr honum einu sinni og þannig hefði hann átt að sýna meiri varúð vegna þeirra.

V hefur hafnað bótaskyldu og lýsingu M af atvikum í málskoti. V bendir á í frumskýrslu lögreglu hafi vitni lýst því að þau hafi ekki getað lýst nákvæmlega hvað gerðist hinn 27. mars 2022 og að framburðarskýrslur af M og ökumanni X hafi síðan verið teknar um einu og hálfu ári eftir slysið og ekki væri hægt að leggja lýsingu M af atvikum til grundvallar þá. Ekkert styðji þá lýsingu M að ökumaður X hafi breytt um akstursstefnu og ekki komi fram í gögnum málsins að hann hafi sýnt saknæma háttsemi. V telur að slys M megi rekja til framúraksturs hans, sem sé í aksturskeppni iðulega erfiður og hættulegur og sé það fyrst og fremst þess sem tekur fram úr að meta hvort slíkur akstur sé gerlegur.

Álit.

Ágreiningur er uppi um atvik í aðdraganda slyss M hinn 27. mars 2022 í aksturskeppni vélsleða í þar til gerðri braut, svokölluðu snjócrossi, þar sem M ók sínum vélsleða fram úr X. Ekki er á því byggt af hálfu V að um áhættutöku í skilningi skaðabótaréttar hafi verið að ræða og verður því ekki fjallað sérstaklega um það hugtak.

Í lýsingum bæði M og ökumanns X kemur fram að akstursbrautin hafi verið þröng og margir keppendur hafi verið við keppni í einu. M byggir á því að flaggað hafi verið bláu á ökumann X og hafi hann því átt að gæta sérstakrar varúðar gagnvart þeim sem á eftir honum komu með vísan til akstursreglna Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands um snjócross. Í gögnum málsins er ekki að finna því stoð að flaggað hafi verið bláu flaggi að ökumanni X og verður því ekki á því byggt. Af lýsingum vitna verður heldur ekki ráðið að ökumaður X hafi breytt akstursstefnu sinni sérstaklega við akstur í keppnisbrautinni eða að orsök slyss M sé hægt að rekja til háttsemi hans sérstaklega. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti þar um. Að því sögðu telst ekki sannað að saknæm háttsemi ökumanns X hafi leitt til slyss M og verður því ekki lögð sök á hann vegna áreksturs ökutækisins X og vélsleða M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 462/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (A)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hrasað á sleipum flísunum á bökkum Ásvallalaugar á leið sinni frá heitum potti að búningsklefa 2. janúar 2023. M heldur því fram að Hafnarfjarðarbær sem er rekstraraðili laugarinnar sé skaðabótaskyldt gagnvart honum vegna saknæms og ólögmæts vanbúnaðar sem hafi orðið þess valdandi að M slasaðist illa og mjaðmagrindabrotnaði. M tekur fram að hann hafi dottið á miðjum sundlaugabakkanum undir brú sem liggur þvert yfir laugarsvæðið og legið á bakkanum þar til sjúkrtrjónsuppgjörsmiðstöðill kom. Þá kemur fram að samkvæmt tölvupósti A hefðu farið fram lagfæringar á gólfhlísunum í nóvember 2022 og að þær hafi orðið nokkuð sleipari en áður en að M hefði ekki fallið á þeim stað sem lagfæringarnar voru. M vísar til reglugerðar nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund og baðstöðum, sem sé ætlað að tryggja öryggi sundlaugargesta. Gönguleið M hafi ekki uppfyllt þann áskilnað um að gönguleið sé haldið frostfríum og öruggum. Þá er vísað til þess að A hafi borið að tilkynna slysið til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar í samræmi við handbók Umhverfisstofnunar. Vísað er til þess að A hafi nær alfarið látið undir höfuð leggja að tryggja að fullnægjandi gögn væru til staðar um orsakir og tildrög slyss M. Fyrir vikið, vegna þeirrar ríku ábyrgðar sem hvílir á rekstraraðilum sundlauga, verði að leggja til grundvallar framburð M um að umræddar flísar hafi verið hættulega sleipar og mun sleipari en gengur gerist og gera megi kröfu til.

Í bréfi V kemur fram að bótaskyldu sé hafnað á þeim grundvelli að slysið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. V tekur fram að ekkert í gögnum málsins sýni að starfsmaður hafi lýst því yfir að flísarnar væru mjög sleipar og að það væri alltaf einhver að detta þarna. Þá kannist engin starfsmaður við að hafa gefið slíka yfirlýsingu. V tekur fram að slysið hefði orðið fjarri þeim stað þar sem viðgerðin fór fram og því til staðfestingar voru lagðar fram myndir úr sundlauginni þar sem slysstaðurinn sé greinilega merktur. V telur því ágreiningslaust að slysið hafi gerst á umræddum stað en ótvírætt er að merkingar um hálfháttu eru vel sýnilegar á svæðinu. V hafnar þeirri staðhæfingu að flísarnar hafi verið sérstaklega hálar og að A hafi vanrækt skyldur sínar til að koma í veg fyrir hálfu á flísunum. Þá bendir V á að M beri sönnunarbyrði fyrir því að sýna fram á að slysinu hafi verið valdið með saknæmri og ólögmætri háttsemi sem A beri ábyrgð á. Með höfnunarbréfi V hafi fylgt upplýsingar frá framleiðanda flísanna um að þær teljist uppfylla ströngustu staðla um hálfuþol. Þá kemur fram í bréfi V að A hafi gert slysaskýrslu vegna slyss M strax eftir slysið og sé sú skýrsla í gögnum málsins. Eyðublaðið sé í fullu samræmi við þá fyrirmynd af slysaskráningarblaði sem sé að finna í öryggishandbók Umhverfisstofnunar. Slysið hafi því verið réttilega skráð strax eftir að það gerðist og almennu verklagi fylgt í kjölfar slyssins. Þar sem ekki sé ágreiningur um hvernig slysið atvikaðist hefði skortur á tilkynningum ekki upplýst betur um málið og gæti ekki með neinum hætti leitt til þess að bótaskylda verði felld á A.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort slys M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í málskoti kemur fram að M hafi dottið á miðjum sundlaugarbakkanum undir brú sem liggur þvert yfir laugarsvæðið. Í meðferðarseðli bráðalækninga LSH 3. janúar 2023 kemur fram að M hafi verið kominn inn í búningsklefa þegar hann rann á hálum flísunum. Hins vegar

virðist ekki vera ágreiningur um hvar M datt eða hvernig fall hans bar að. Þá tekur A fram í tölvupósti að farið hafi verið í flísaaðgerðir í nóvember 2022 sem hafi ekki gengið eins og skyldi en þær flísar hafi verið á sundlaugarganginum við innganginn í búningssklefana, þ.e. fjarri þeim stað þar sem M datt. Með vísan til þess og að í gögnum málsins kemur fram að A tilkynnti slysið og er því ekki tilefni til að snúa sönnunarbyrði við. Eðli málsins samkvæmt geta flísar á sundlaugarbökkum verið blautar og þar af leiðandi hálar og gera verður ráð fyrir að sundlaugargestir séu meðvitaðir um það og fari varlega. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að merkingar um háлку voru á þeim stað þar sem M féll sem og að upplýsingar liggja fyrir í málinu um að flísarnar standist próf um háлкуþol. Með vísan til framangreinds hefur M því ekki sýnt fram á að flísarnar hafi verið óvenjulega hálar og er V því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 7 mars 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 463/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sumarhúsatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. desember 2023 ásamt fylgisköllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. febrúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðila greini á um hvort málverk í eigu M hafi eyðilagst í eldsvoða í skilningi skilmála V. Í tjónstilkynningu M til V segi að hinn 14. október 2021 hafi M komið í sumarhús sitt úr búðarferð og þá heyrst í reykskynjara. Húsið hafi verið fullt af reyk og M náð í slökkvitæki. Hafi þá komið í ljós að kviknað hafi í málverki sem hún hafi stillt upp á hillu, en kristalskúla hafi verið fyrir framan málverkið. Meðan M var fjarverandi hafi geislar sólar náð inn að veggnum og í gegnum kúluna með fyrrgreindum afleiðingum. Hefði myndin ekki verið fyrir hefði kviknað í veggnum sjálfum en hann hafi verið orðinn heitur. Hafi framangreind tjónstilkynning verið send eftir að M hafði tryggt að eldur væri ekki lengur laus í húsinu. Sé málverkið, en gangverð þess sé 410.000 kr., gjörónýtt. V hafi hins vegar staðhæft að umrætt tjón sé ekki bótaskyld þar sem það teljist ekki eldsvoði þegar hlutir sviðni eða bráðni ef eldur er ekki laus. Sú staðhæfing sé ekki rökstudd og afstaða V virðist ekki byggja á skoðun þeirra gagna sem M hafi teflt fram. Sé því mikilvægt að nefndin óski eftir upplýsingum um hvaða rök, sé rökum til að dreifa, liggi að baki afstöðu V. Fordæmi nefndarinnar í málum þar sem um sviða eða bráðnun er að ræða séu þá eðlisólík atvikum þessa tjóns og eigi ekki við. M hafi farið með verkið til listamannsins og forvarðar og niðurstaða skoðunar þeirra verið sú að verkið væri brunnið og ónýtt, miðja málverksins hafi brunnið til ösku og sé horfin, en líklegt sé að eldur hafi átt upptök sín í rauðum doppum sem málaðar hafi verið með olíulakki neðst á verkinu. Í fyrirliggjandi samskiptum M við V kemur þá fram að verkið hafi verið brunnið þegar hún kom að og eldur slokknadur. Hún viti ekki nákvæmlega hvenær hann hafi slokknad en finnst líklegt að það hafi verið vegna dragsúgs þegar hún opnaði bústaðinn.

Í bréfi V kemur fram að kröfu M hafi verið hafnað með bréfum dags. 2. maí 2022, 19. maí 2022 og 19. maí 2023. Samkvæmt gögnum málsins hafi atvik verið með þeim hætti að M hafi stillt kristalskúlu fyrir framan málverk sem stóð á hillu og lá upp að vegg. Hafi geislar sólar náð í gegnum kúluna og á málverkið með þeim afleiðingum að það sviðnaði að hluta. M geri kröfu um bætur úr innbústryggingu sumarbústaða sem sé valkvæður hluti sumarbústaðartryggingar. Í skilmálum hennar komi fram að váttryggingin bæti tjón af völdum eldsvoða en það teljist ekki eldsvoði þegar hlutir bráðna eða sviðna ef eldsvoði er ekki laus. Sé það því skilyrði bótaskyldu að um eldsvoða sé að ræða og tjón á hlutum sem bráðni eða sviðni ef eldur er ekki laus séu undanskilin. Miðað við gögn málsins telji V ljóst að ekki hafi verið um eldsvoða að ræða en engi vitni hafi verið að því að eldur hafi logað í málverkinu. Af ljósmyndum verði ekki annað ráðið en að málverkið hafi sviðnað að hluta vegna hita frá geislum sólar, en ekki verði sé að um eldsvoða hafi verið að ræða eða a kviknað hafi í málverkinu enda megi leiða líkur að því að þá hefði það allt brunnið. M hafi ekki orðið vör við eld við komuna í húsið og hafi þar af leiðandi ekki þurft að slökkva eld. Sé af öllu framangreindu ósannað að um eldsvoða hafi verið að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún telji V ekki hafa rökstutt þá afstöðu sína að ekki hafi logað eldur í málverkinu, og að ekki hafi verið tekin efnisleg afstaða til röksemda M fyrir því að svo hafi verið né gerð raunveruleg tilraun til að hnekkja þeim. Eftir að tjónið varð hafi M afhent listamanninum verkið til skoðunar og hafi hún einnig haft samband við forvörð. V hafi ekki tekið afstöðu til yfirlýsingar þeirra aðila né óskað eftir að fá verkið til sjálfstæðrar rannsóknar. Listamaðurinn telji að kviknað hafi í rauðum doppum sem málaðar hafi verið með olíulakki en verkið sé einnig málað með akrýlmálningu. Olíulakk sé mjög eldfimt en akrýl ekki og geti það útskýrt af hverju verkið hafi aðeins brunnið að hluta. Miðja verksins hafi brunnið til ösku sem hafi fallið á hilluna sem það stóð á og

á gólfið. V hafi enga afstöðu tekið til öskunnar og þeirrar þýðingar sem hún hafi varðandi sönnun þess að eldur hafi á einhverjum tímapunkti verið laus. Aska sé „steinefnaleifar sem myndist við fullkominn bruna“ samkvæmt íðorðabanka Árnastofnunar og sambærilega skilgreiningu megi finna á öðrum tungumálum. Sviðnun sé það „þegar yfirborð efnis breytist vegna takmarkaðrar kolefnismyndunar vegna hita“. V hafi ekki gert grein fyrir því hvaða munur sé á bruna og sviðnun en slíkar upplýsingar hljóti að liggja fyrir hjá félaginu. Þá séu engar frekari röksemdir fyrir því með hvaða hætti málverkið hafi sviðnað að hluta vegna „hita frá geislum sólar“ eins og fullyrt sé. Eldurinn hafi verið slokkaður þegar M kom að og beri fyrrnefnd aska vitni um það, svo og reykjarmökkur í öllu húsinu. Telji M því fullsannað að eldur hafi kviknað í listaverkinu og V hljóti að bera hallann af sönnunarskorti um annað.

Í viðbótarathugasemdom V er áréttað að almennar sönnunarreglur í váttryggingarétti geri ráð fyrir því að sá sem krefst bóta verði að sanna tjónið falli undir gildissvið viðkomandi váttryggingar. Ítrekað er að skilyrði bótaskyldu sé að tjón sé af völdum eldsvoða og tjón á hlutum sem bráðna eða sviðna sé eldur ekki laus sé undanskilið. Eldsvoði sé skilgreindur í lögfræðiorðabók sem það að eldur sé laus, sem myndi loga og geti breiðst út af eigin rammleik. Orðið bruni sé þá almennt notað í sömu merkingu. Eldsvoði sé almennt skilyrði þess að brunatrygging taki til tjóns, en utan þess falli tilvik þegar tjón verði vegna elds sem váttryggður hefur stjórn á og þegar hlutir bráðna eða sviðna án þess að um loga sé að ræða. Er þá ítrekað að V telji ósannað að um skemmdir á málverkinu hafi orðið við eldsvoða. Aska og reykur sem M vísi til geti þá ekki verið sönnun þess, enda sé alkunna að reykur og aska geti myndast þegar hlutir sviðni án þess að opin eldur kvikni. M hafi ekki orðið vör við eld sem slíkan og megi leiða líkur að því að hefði kviknað eldur í verkinu hefði hann ekki slokkað af sjálfu sér. Engin haldbær gögn sýni fram á að um eldsvoða hafi verið að ræða og sé bótaréttur því ekki til staðar. Yfirlýsing listamannsins sé þá ekki til sönnunar þess að verkið hafi skemmt í eldsvoða í skilningi umrædds skilmálaákvæðis.

Álit.

Í skilmálum innbútryggingar sumarbústaða segir m.a. um bótasvið váttryggingarinnar að hún bæti tjón vegna eldsvoða. Það teljist ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. Það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að tjón hennar sé að rekja til atviks sem fellur undir bótasvið váttryggingarinnar. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort nægilega sé sýnt fram á að um eldsvoða, þ.e. bótaskyld atvik á grundvelli skilmálaákvæðisins, hafi verið að ræða. Ekkert liggur fyrir um það að eldur hafi verið laus, þ.e. að logað hafi eldur í málverkinu, þegar M kom á vettvang. Þá liggur fyrir að M hafi ekki þurft að slökkva eld og telur hún að hann hafi slokkað við dragsúg sem myndaðist er hún opnaði hurðina að bústaðnum. Þá byggir M á því að miðhluti málverksins hafi verið orðinn að ösku sem hljóti að benda til þess að logað hafi í því. Það er mat nefndarinnar að skil milli „sviðunar“ og „eldsvoða“ séu ekki augljós í öllum tilvikum en að ekki sé útilokað að sviðnun, án þess að eldur sé beinlínis laus, geti leitt til þess að yfirborð hluta verði að ösku vegna hitamyndunar. Verður þá ekki talið að M hafi lagt fram nein gögn er sýni fram á annað eða að tjón á verkinu sé að rekja til elds fremur en sviðunar vegna hitamyndunar. Í ljósi þess að ekki virðist hafa orðið tjón á öðru en miðhluta málverksins, engin eldsummerki eru greinanleg af ljósmyndum af panelklæddum vegg sem málverkið stóð upp við, eða hillunni sem það stóð á og ekki liggur fyrir að M hafi orðið vör við eld er hún kom á vettvang verður að telja ósannað að eldur hafi verið laus. Hefur M þá ekki sýnt fram á líkur þess að eldur, hafi hann verið laus, hefði slokkað við dragsúg er hún opnaði bústaðinn. Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að tjón hennar sé að rekja til atviks sem er bótaskyld samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Verður hún að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sumarhúsatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 464/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og slysaftrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í vinnuslysi þann 2. október 2022, er hann rann á sleipu gólfi í búningaæðstöðu húsnæðis X og féll aftur fyrir sig með bakið á skóburstavél. M var fluttur strax eftir slysið með sjúkráttjónum og sjúkráttjónum LSH og var í lengri tíma frá vinnu sökum áverka sinna. Gerir M aðallega kröfu um að viðurkennd verði skadabótaskylda V úr frjálsri ábyrgðartryggingu X vegna slyssins, en til vara að viðurkennd verði bótaskylda úr kjarasamningsbundinni slysaftryggingu launþega X hjá V. M hafi ekki borist afstaða V til kröfunnar. M byggir kröfu sína á því að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Fór því rannsókn Vinnueftirlitsins ekki fram og leggja verði til grundvallar framburð hans um hvernig aðstæðum var háttað á slystað. M hafi runnið í fitu á gólfi búningaæðstöðunnar og megi slys hans rekja til saknæms og ólögmeats vanbúnaðar á vinnustað X. Gólf búningaæðstöðunnar hafi verið verulega sleipt og mun sleipara en gera hafi mátt ráð fyrir. Hafi M ekki með réttu mátt búast við að gólfið væri hættulega sleipt og hált vegna fitu. Getur M ekki fallist á lýsingu X er varðar tildrög slyssins, þar sem gefið er í skyn, að einungis sú bleyta sem myndast hafi vegna notkunar M á svokallaðri skóburstavél, hafi orðið til þess að M hafi runnið á gólfinu. Vissulega hafi bleytan á gólfinu og skóm M verið samverkandi þættir í slysi M, engu að síður hafi fita á gólfi, sem ekki hafi verið þrífín eða varað við, átt þátt í því að M féll aftur fyrir sig og slasaðist. Byggir M jafnframt á því að notkun skóburstavélarinnar hafi skapað slysaáttu, þar sem bleyta við vélina og á skóbúnaði starfsmanna geri það að verkum að skapa fall- eða slysaáttu. Vísar M til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna setta á grundvelli þeirra laga, máli sínu til stuðnings.

V bendir á að málinu var skotið til nefndarinnar áður en V var búin að ljúka gagnaöflun í málinu og þar með hafði ekki verið tekin afstaða til bótaskyldu úr tryggingunni þegar málskot var sent til nefndarinnar. Af hálfu V hefur bótaskylda nú verið hafnað þar sem ekki þykir sýnt fram á að slys M megi rekja til saknæmrar háttsemi, vanrækslu, saknæms vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verður talið bera skadabótaábyrgð á. Hafnar V þeirri málsatvikalýsingu sem fram kemur í málskoti og vísar til fyrirbyggjandi gagna þar sem fram komi að M hafi dottið í eða á leið úr skóburstavél en ekki á sleipu gólfi. Sú lýsing er síðar tilkomin og ekki í samræmi við samtímagögn í málinu. Mikið sé lagt upp úr því hjá X að tryggja öryggi starfsmanna í hvívetna og aðstaðan þarna einmitt til þess gerð að leitast við að tryggja hreinlæti og öryggi starfsmanna sem best. Ekkert í gögnum málsins rennir stoðum undir að skóburstavélin hafi ekki hentað á þeim stað sem hún er í notkun eða að hún hafi verið vanbúin. Gólfið á því svæði sem vélin er staðsett er alltaf þurr og er vélin til þess gerð að þrifa skófatnað svo skórnir kunna að vera aðeins rakir strax á eftir sem allir starfsmenn eru vel meðvitaðir um. Á þrepum vélarinnar er ríflað járn og handrið til að tryggja sem best öryggi starfsmanna. Um svæðið fara um 120 starfsmenn nokkrum sinnum á dag og hvorki fyrr né síðar hafa orðið sambærileg atvik á þessu svæði við þessa vél. Þá sé ljóst samkvæmt gögnum málsins að slysið varð sannanlega tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins sem sá sér hins vegar ekki ástæðu til að koma á staðinn.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu, en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Þá hefur M einnig gert kröfu um bætur úr slysaftryggingu launþega X hjá V. Í bréfi V til nefndarinnar kemur ekki fram afstaða V til síðarnefndu kröfunnar en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi orðið fyrir bótaskyldu vinnuslysi þann 2. nóvember 2022 og eigi því rétt á bótum úr þeirri tryggingu.

Í málinu liggur fyrir staðfesting á móttöku Vinnueftirlits á tilkynningu um vinnuslys sama dag og slysið átti sér stað. Verður því ekki talið að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. V hefur lagt fram ljósmyndir af skópvottavél þeirri sem M gekk um og af þeim myndum verður ekki ráðið að slyshætta felist í notkun vélarinnar eða að hún hafi ekki hentað á þeim stað sem hún hafi verið í notkun á. Þá hefur M ekki sýnt fram á að fita eða önnur óeðlileg bleyta hafi verið á gólfinu sem starfsmenn X hafi vanrækt að þrífa upp og leitt hafi til þess að hann slasaðist. Með hliðsjón af atvikum öllum verður að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 466/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Gildissvið laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M leitaði til X árið 2013 „... vegna veikinda sem lýstu sér m.a. með miklum höfuðverkjum, svima og sjóntruflunum (ljósfælni). Einnig kemur fram í málskoti að M hafi verið með þekktan háþrýsting fimm árum áður og henni var ávísað lyfjum af hálfu X og fór í rannsóknir sem sýndu kölkun og þrengingu í vinstri nýrnaslagæð. M kveðst hafa verið í eftirliti hjá X fram til ársins 2016 en blóðþrýstingur hennar hafi ekki lækkað þrátt fyrir lyf. Seinna hafi hún leitað til annars læknis og þá hafi náðst stjórn á blóðþrýstingi hennar. Á árinu 2019 var sett stoðnet í aðra nýrnaslagæð M en hin var stífluð. Auk þessa var framkvæmd bráðaaðgerð til að fjarlægja stoðnet á árinu 2020. M lýsir því að vinstra nýra hennar sé alveg hætt að starfa og hún hafi fengið blóðtappa í það hægra.

M hefur lagt fram formlega kvörtun til embættis Landlæknis og málið er þar í ferli án þess að niðurstaða liggi fyrir. Upplýsingar úr sjúkraskrá M liggja fyrir hjá nefndinni, samtals 379 síður.

M telur að meðferð X við veikindum hennar hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var í skilningi 1. tl. og 3. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. M vísar til þess að annar læknir en X hafi með lyfjagjöf náð stjórn á blóðþrýstingi hennar nokkrum árum eftir að hún hætti að fara til X og M heldur því fram að X hafi ekki meðhöndlað háþrýsting hennar með réttum hætti þau þrjú ár sem hún var undir eftirliti hjá honum. Einnig bendir M á að fylgikvilli þess að meðferð við háþrýstingi hafi ekki verið rétt skv. 4. tl. 2. gr. sömu laga og vísar til upplýsinga úr svokölluðum stofunótum X frá því í ágúst og október 2016 þar sem M hafi mælst með háþrýsting. M bendir einig á að í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu komi fram að slakað sé á sönnum om orsakatengsl milli atviks og bótaskylds tjóns m.v. almennar reglur skaðabótaréttar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X og telur skilyrði 2. gr. ekki uppfyllt. Í afstöðubræfi V til nefndarinnar er sjúkrasaga M rakin frá árinu 2009 þar til hún leitar til X á árinu 2013 og vísað til þess að M hafi leitað til læknis vegna höfuðverkja og bakverks á því tímabili auk þess sem hún sé með asthma og háan púls, háþrýsting sem hún taki lyf við sem og að hún eigi 20 pakkaár að baki. Þegar M hafi verið til eftirlits hjá X ár árunum 2013 til 2016 hafi hún ítrekað mælst með háþrýsting, kalkanir í vinstri nýrnaslagæð og óhagstæða blóðfitu. M fékk lyf við bæði háþrýstingi og blóðfitulyf, auk þess sem X fór yfir lífsstílsbreytingar með henni, m.a. að hætta að reykja. Í segulómun af hjarta í ágúst 2016 hafi ekki sést merki um langvarandi háþrýsting. Einnig komi fram að blóðþrýstingur M hafi mælst mismunandi eftir því hvort hún var standandi eða ekki, þ.e. að blóðþrýstingur hafi verið í lagi þegar hún var standandi. Síðustu samskipti M og X hafi síðan verið snemma á árinu 2017 þar sem M hafi fengið endurnýjaða lyfjaávisun. Í afstöðubræfi V er einnig farið yfir ýmis einkenni sem M hafi haft á þessu tímabili sem og einkenni sem M hafi haft eftir 2017 í fjölda læknisheimsóknna. V bendir á að blóðþrýstingur M hafi mælst hár í heimsóknum hennar til læknis í janúar 2019, í september 2019 hefði M kvartað yfir þrálátum höfuðverkjum og í ágúst 2020 hafi M leitað til læknis vegna verks fyrir brjósti og síðar í hægri síðu. Síðar hafi komið í ljós að M hafi haft blóðsega við stoðnet í hægri nýrnaslagæð og talin hafa orðið fyrir bráðum nýrnaskaða. V bendir á að í september 2020 hafi M kvartað yfir því að ekki hafi verið hlustað á hana ári áður þegar hún hafi fengið verki. Einnig bendir V á að M hafi þurft að leita til læknis á árunum 2021 og 2022 og í febrúar 2022 hafi blóðþrýstingur mælst hár.

V telur að ekkert hafi komið fram í gögnum málsins sem bendi til þess að læknismeðferð X árunum 2013-2017 hafi leitt til ætlaðs tjóns hennar. V bendir á að sú meðferð sem X beitti hafi verið í samræmi við viðurkenndar læknisfræðilegar aðferðir og stjórn hafi náðst á blóðþrýstingi á árunum 2014 og 2015, auk þess sem hann hafi verið edlilegur liggjandi í desember 2016. Einnig bendir V á að upplýsingar í sjúkraskrá M bendi til þess að blóðþrýstingur hennar hafi mælst hár bæði í september 2018 og janúar

2019, nokkru eftir að meðferð hjá X lauk. Einnig vísar V til þess að X hafi látið framkvæma áreynslupróf sem og ómskoðanir af nýrum í tengslum við meðferð M. V telur ekiki sannað að skilyrði 1. eða 3. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt, eða að M hafi fengið fylgikvilla í skilningi 4. tl., enda sé ekki ljóst hvaða fylgikvilla M vísi til. Einnig telur V að ósannað sé hvert tjón M af meðferð X sé.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1., 3. eða 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í þeirri grein laganna eru tilgreind að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur til bóta stofnast úr sjúklingatryggingu. Þar segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

„1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

[...]

3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vól var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.

4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóta laust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“

Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að meðferð hafi í umrætt sinn ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði eða komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðartækni eða aðferð.

Í sjúkraskrá M kemur fram að hún hafi ítrekað leitað til lækna vegna ýmissa einkenna bæði áður en hún leitaði til X og ekki síður eftir það tímabil sem hún var til meðferðar hjá X. Svipuð einkenni koma fram hjá M í lýsingum í sjúkraskrá hennar bæði fyrir og eftir meðferð X og liggja ekki fyrir gögn í málinu sem styðja það að meðferð X hefði getað verið með öðrum hætti. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að réttur til bóta úr tryggingunni hafi stofnast á grundvelli 1. eða 3. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Kemur þá til skoðunar hvort M búi við fylgikvilla eftir meðferð X sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að hún búi við það bóta laust. Ekki liggur fyrir með nægilega skýrum hætti hver sá fylgikvilla er eða að orsakatengsl séu milli lækni meðferðar X og þeirra einkenna sem M býr við. Ekki liggja heldur fyrir gögn sem sýna nægilega skýrlega að ótvírætt sé að um sé að ræða fylgikvilla þeirrar meðferðar sem X veitti eða að alvarleiki hans sé þannig að skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 468/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot dags. 12. desember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 5. júní 2021, orðið fyrir líkamstjóni er hún var í hópferð, ásamt leiðsögumanni í náttúruböð að X. Hópurinn hafi gengið að útsýnispalli og þaðan gegnum skógarstíg og að tröppum niður brekku. Þar sem tröppunum ljúki taki við malarstígur og eftir að M hafi gengið nokkur skref eftir honum hafi hún runnið í lausri mölinni og dottið svo líkamstjón hlaust af. V hafi, með bréfi dags. 12. september 2021, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki hafi verið fyllilega sýnt fram á slys M væri að rekja til aðstæðna eða atvika sem X bæri skaðabótaábyrgð á. M mótmælir þeirri afstöðu og telur slysið að rekja til þess að X hafi vanrækt að tryggja að aðstæður á göngustígnum uppfylltu öryggiskröfur og yllu ekki slysaþættu enda um að ræða auglýstan og fjölfarinn ferðamannastað. Aðstæður séu þannig að stigi niður brekkuna að böðunum hætti skyndilega og þá taki við malarstígur, en hvergi sé varað við lausri möl. Vísar M þá til reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og telur að X hafi ekki farið eftir ákvæðum hennar s.s. hvað varði viðvaranir til gesta og skyndihjálparbúnað. M hafi ekki getað átt sig á því hvað henni bar að varast á leið sinni í böðin, enda hafi engar viðvaranir verið til staðar. Þá hafi skyndihjálparbúnaður á vettvangi ekki verið fullnægjandi enda hafi leiðsögumaðurinn þurft að biðja samstarfsmann sinn að koma með sjúkrabörur. Hafi M ekki mátt vænta þess að leiðin að böðunum væri jafnerfið og hættuleg og raun bar vitni og hvíli sérstaklega ríkar skyldur á X til að tryggja öryggi þeirra sem sækja staðinn, ekki síst þar sem gera megi ráð fyrir því að fólk hafi mismunandi reynslu af göngu. Það hafi ekki verið gert og sé ljóst að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafni því að umræddur stígur hafi verið hættulegur eða óöruggur. Áður en ferðin hófst hafi leiðsögumaður farið yfir aðstæður og kynnt myndir af aðstæðum, en einnig megi finna slíka mynd á heimasíðu X. Þar sé gestum bent á að 64 þrep séu niður í gilið að böðunum og að lausamöl geti verið á stígnum. Sé því alfarið hafnað að M hafi ekki vitað hvers var að vænta en sérstaklega hafi verið farið yfir aðstæður með M sem hafi skýrt frá því að hún væri með beinþynningu og ætti erfitt með gang. Óhappið hafi átt sér stað utandyra, við náttúrulegar aðstæður, og hafi M mátt vita að varkárni væri þörf. Það verði ekki talið saknæmt af hálfu X að hafa ekki sérstaklega merkt að möl væri á stígnum en auk þess hefði það varla breytt neinu, enda hafi M ekki getað dulist hverjar aðstæður voru. Er því þá mótmælt að X hafi ekki uppfyllt öryggisreglur, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun séu til staðar og hafi starfsfólk X verið þjálfað í viðbrögðum og notkun skyndihjálparbúnaðar. Það að M hafi runnið á malarstíg verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X og væri of langt gengið að meta X það til sakar að leyfa óspilltri náttúru að halda sér.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Gögn fyrir nefndinni um atvikið sem slíkt og aðstæður á slysstað eru fremur takmörkuð. Af ljósmyndum sem eru fyrirliggjandi má ráða að ganga þurfi niður brekku til að komast í gilið þar sem umrædd náttúruböð eru staðsett. Í hluta brekkunnar eru tröppur með handriði en þegar þeim lýkur tekur við malarstígur sem gestir þurfa þá að ganga um, í nokkrum halla að því er virðist, til að komast niður að böðunum. M virðist þá hafa runnið og fallið á þessum stíg. Taka verður undir það með V, að M hafi mátt átta sig á aðstæðum umrætt sinn, en slys hennar átti sér stað í byrjun júní þegar birtuskilyrði eru

með besta móti. Gegn neitun X og af þeim takmörkuðu gögnum sem liggja fyrir hefur þá ekki verið sýnt fram á að merkingum eða viðvörðunum hafi verið ábótavant. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæður eða aðbúnaður á leiðinni, en um göngu í náttúrulegum aðstæðum, a.m.k. að hluta til, er að ræða, hafi verið í andstöðu við lög og reglur. Verður því að telja, eins og mál þetta liggur fyrir, að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að ekki sé sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. febrúar 2024.
rafræn undirritun

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 469/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. desember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. desember 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að deilt sé um hvort starfssvið byggingarstjórans X hafi náð til eftirlits með þeim verkþáttum sem hafi reynst gallaðir í fasteigninni Y, en að M telji ljóst að umræddir verkþættir hafi verið framkvæmdir á þeim tíma sem X fór með byggingarstjórn. Krefjast M því bóta úr ábyrgðartryggingu X. Nánar tiltekið hafi atvik verið þau að á árinu 2006 hafi umsókn Z um byggingu atvinnuhúsnæðis að Y verið samþykkt. Þ, og síðar Æ, hafi verið byggingarstjórar en hinn síðarnefndi sagt sig frá því verki hinn 21. desember 2009. Í úttekt byggingarfulltrúa sem hafi verið framkvæmd við það tímamark komi fram að fokheldisúttekt dags. 13. febrúar 2008 hafi verið síðasta úttekt. Síðan hafi verið byrjað að klæða húsið að utan en eftir sé að ljúka við klæðningu neðri hæðar, og þá vanti klæðningu á efri hæð við anddyri og á svölum. Ekki hafi verið óskað eftir úttekt byggingarfulltrúa á klæðningunni. Þá megi ráða af úttektinni að annað hafi ekki verið gert utanhúss eftir fokheldisúttekt. Megi þá ráða að framkvæmdir við fasteignina hafi legið niðri á árunum 2009 til 2016. Ö hf. hafi keypt fasteignina síðla árs 2016 og hinn 25. september sama ár sótt um breytingu á byggingarleyfi, vegna breyttrar notkunar og tiltekinna breytinga á innra skipulagi og útliti hússins. Félagið X hafi þá tekið við byggingarstjórn og fulltrúi þess, A, skyldi hafa umsjón með framkvæmdum fyrir hönd þess. Ö og X séu nátengd og báðum sé stýrt af B. Hinn 14. desember 2018 hafi verið gefið út lokaúttektarvottorð Y. M hafi svo keypt Y af Ö hf. á árinu 2019.

Í október 2023 hafi orðið vart við leka í Y, einkum við skyggni aðalinngangs. Hafi komið í ljós að frágangur skyggnisins og klæðningarefni þess var ófullnægjandi. Hafi það að mati fagaðila leitt til þess að vatn hafi lekið um skyggnið að innan og eyðilagt það auk þess sem vísbendingar væru um að lekinn bærst inn í fasteignina. Þá hafi skoðun staðfest að gluggar við skyggnið lækju en að mati fagaðila hafi ísetning og frágangur þeirra ekki verið í samræmi við venjur og eðlilegt verklag.

Vegna þessa hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Því til stuðnings að umræddir verkþættir hefðu verið framkvæmdir meðan X fór með byggingarstjórn hafi M vísað til ljósmyndar sem birst hefði í auglýsingu um eignina aðeins fáum mánuðum áður en M festi kaup á henni. Af henni megi skýrlega ráða að umræddir verkþættir hafi verið meðal þeirra síðustu sem framkvæmdir voru við byggingu Y. V hafi hafnað kröfunni með þeim rökum að ekki yrði skýrlega ráðið af gögnum málsins að starfssvið X hafi náð til eftirlits með þakskyggninu eða umræddum gluggum.

Hinn 30. nóvember 2023 hafi M óskað eftir nánari skýringu frá A og B. B hafi engu svarað en í bréfi A, sem hafi verið umsjónarmaður byggingarstjóra, hafi komið fram að samkvæmt ljósmyndum frá árinu 2013 hafi vantað gler í glugga fyrir ofan ófrágengið skyggni á Y. Samkvæmt bestu sannfæringu A hafi skyggnið verið óklætt þegar X tók við byggingarstjórn á árinu 2017. Hann hafi þá talið að ísetning glerja og skyggni hafi ekki verið hluti þess verks sem hann hafði umsjón með fyrir hönd X. Þrátt fyrir það hafi hann farið á verkstað að skoða lekamál, skyggni og nokkra glugga. A teldi þá ólíklegt að leki innandyrna bærst frá skyggninu, þó frágangur þess hefði mátt vera betri, heldur fremur frá gluggum fyrir ofan skyggnið. A hafi þá ekki haft undir höndum gögn sem M óskaði eftir, þ.e. handbók fasteignarinnar, uppfært yfirlit um innra eftirlit byggingarstjóra, upplýsingar um hvað aðilar komu að verkþáttunum, afrit af færslum úr gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra og ráðningar- og verksamning milli Ö og X.

Í málinu sé ekki deilt um hvort ágallar séu til staðar enda séu þeir að meginstefnu óumdeildir. Samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hafi borið að stöðva framkvæmdir þegar Æ hætti sem byggingarstjóri á árinu 2009. Ábyrgð nýs byggingarstjóra taki þá aðeins til þeirra verkþátta sem unnir séu eftir að hann hefur störf. Af gögnum málsins verði ráðið að umræddum verkþáttum hafi verið ólokið þegar Æ sagði sig frá verkinu. Bendi gögn málsins þá til að umræddir

verkþættir hafi verið meðal hinna síðustu sem voru framkvæmdir á Y. Ósannað sé þá að starfssvið X sem byggingarstjóra hafi verið takmarkað og ekki náð til hinna gölluðu verkþátta. Hefði þá enda borið að upplýsa byggingaryfirvöld um slíkt, en afstaða þeirra í samskiptum við M sé sú að X hafi tekið við ábyrgð fráfarandi byggingarstjóra án nokkurra takmarkana. Þá hafi byggingarfulltrúi staðfest að X hafi ekki staðið skil á gögnum til samræmis við ákvæði byggingarreglugerðar. Hafi því verið um að ræða sagnæman skort X á virku eftirliti og gæðastjórnun. Umræddir ágallar hafi ekki getað dulist byggingarstjóra við eftirlit og hafi X borið að bregðast við þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi gefið út byggingarstjóratriyggingu á X vegna breytinga á Y. Hafi A verið vátryggður byggingarstjóri frá 25. júlí 2017 til 1. desember 2017 og aftur frá 5. júní 2018 til 29. apríl 2019. Fyrirliggjandi sé umsókn Ö um byggingarleyfi dags. 23. september 2016, þar sem óskað sé eftir breytingum á þegar byggðu atvinnuhúsnæði, og í umsókninni séu aðeins tilgreindar innanhúsbreytingar. Umsókninni fylgi bréf þar sem fram komi að óskað sé eftir því að breyta innra skipulagi Y og að ytra útlit þess verði óbreytt nema að í stað tveggja bílskúrshurða á bakhlið komi gluggar í stíl við aðra glugga hússins. Þá liggi fyrir samningur X og A og komi skýrt fram að hann snúi aðeins að innanhúsbreytingum á Y. Bendi allt framangreint til þess að verksvið A hafi aðeins snúið að þeim breytingum og geti hann því ekki borið ábyrgð á skyggni eða gluggum fasteignarinnar. Sönnunarbyrði þess að verksvið byggingarstjóra hafi náð til umræddra verkþátta hvíli á M og slík sönnun liggi ekki fyrir. Verði það hins vegar afstaða nefndarinnar að verksvið byggingarstjóra hafi náð til umræddra þátta þá vísar V til þess að engin heildstæð skýrsla virðist liggja fyrir og ekki liggi fyrir mat á umfangi og orsökum tjóns M. Það sé þá svo að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegrí framkvæmd iðnmeistara á einstökum verkþáttum nema um stórfellda vanrækslu sé að ræða og ágallar hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Þar sem engin frekari gögn um tjónið, önnur en ljósmyndir, liggi fyrir sé framangreint ósannað.

Í viðbótarathugasemdum M koma fram athugasemdir við ýmsar rangfærslum sem sé að finna í bréfi V. Þannig hafi X, en ekki A, verið byggingarstjóri. Samningur A og X sé þá ekki samningur milli eiganda og byggingarstjóra mannvirkis sem beri að gera skv. 2.mgr. 27. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Y hafi þá ekki verið „þegar byggð“ þegar sótt var um byggingarleyfi vegna breytinga á henni heldur hafi hún verið á byggingarstigi 4. Er þá áréttað að hinir gölluðu verkþættir hafi fallið undir verksvið X, og vísað til fyrirliggjandi gagna hvað það varði. Hvað varði sönnun á tjóni M hafi V þrátt fyrir áskorun þar að lútandi ekki óskað eftir frekari gögnum vegna þess og veki framgangna þess nokkra furðu. Vilji svo til að nefndin telji ágallana eða tjón vegna þeirra ósönnuð áskilji M sér svo rétt til þess að bæta úr slíkum sönnunarskorti á síðari stigum.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur samkvæmt framansögðu í fyrsta lagi að því hvort X hafi sem byggingarstjóri haft eftirlit með framkvæmdum á umræddu skyggni og gluggum fyrir ofan það, þ.e. á framhlið hússins. Fyrir liggur umsókn Ö um byggingarleyfi dags. 26. september 2016 þar sem „Óskað er eftir leyfi – Gistibúðir í þegar byggðu atvinnuhúsn.- Sjá meðf. bréf.“ Í umræddu bréfi kemur þá fram að útlit hússins sé óbreytt frá fyrri samþykkt hússins nema í stað tveggja bílskúrshurða á bakhlið komi gluggar. Í byggingarsögu hússins kemur þá fram að A hafi verið skráður byggingarstjóri 25. júlí 2017. Kemur fram í tölvupósti byggingarfulltrúa dags. 27. nóvember 2023 að það sé eftir að fokheldisúttekt fór fram en lokaúttekt hefði ekki farið fram. Samkvæmt stöðuúttekt sem fór fram við afskráningu fyrri byggingarstjóra á árinu 2009 hafi klæðning þá verið hafin en henni ekki lokið. Upplýsingar um þá stöðuúttekt eru fyrirliggjandi og kemur fram „hefur verið byrjað að klæða húsið að utan, en eftir er að ljúka við neðri hæð. Einnig vantar klæðningu á efri hæð við anddyri og á svölum. Ekki hefur verið óskað eftir úttekt byggingarfulltrúa á klæðningunni.“ Samningur milli X sem byggingarstjóra og Ö sem eiganda mannvirkis liggur ekki fyrir. Hins vegar liggur fyrir samningur milli A og X dags. 24. júlí 2017 um að A sé umsjónarmaður byggingarstjóra, X, vegna innanhúsbreytinga á áður byggðu húsi. Fyrirliggjandi er tölvupóstur A til lögmanns M dags. 8. desember 2023 og þar kemur fram að gluggar á bakhlið hússins hafi verið settir í stað bílskúrshurða áður en A kom að verkinu. Samkvæmt ljósmyndum frá árinu 2013 hafi öll gler nema eitt verið komin í glugga hússins, og samkvæmt ljósmynd úr fasteignaauglýsingu sem birtist 10. desember 2018 virðist sem skyggni sé ekki tilbúið og enn eigi eftir að setja þetta eina gler í. Lokaúttekt hafi hins vegar farið fram 9. nóvember 2018 og sé ólíklegt að þá hafi frágangur skyggnis og glerjun verið ókláruð. Ö hafi þá keypt húsið um ári áður en A hafi tekið við starfanum og geti hann ekki fullyrt hvað hafi gerst á þeim tíma. A telji þá ísetningu glerja og skyggni ekki hafa verið hluta af verkinu. Í samskiptum A við V kemur þá fram að A hafi grun um að fyrrum eigandi hafi skipt um gler og hugsanlega klætt skyggnið áður en A kom að málinu.

Niðurstaða nefndarinnar lýtur aðeins að því hvort bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sé fyrir hendi. Nefndin hefur þannig ekki eftirlit með því hvort eigendur mannvirkja fari að ákvæðum laga og reglna um mannvirkjagerð. Svo bótaskylda sé fyrir hendi verður því að liggja fyrir að byggingarstjóri hafi vanrækt skyldur sínar með þeim hætti að leiði til skaðabótaskyldu.

Samkvæmt framansögðu telur nefndin vafa leika á því hvort umræddir verkþættir hafi verið framkvæmdir á því tímabili sem ábyrgðartrygging byggingarstjóra var í gildi hjá V, þ.e. meðan X var byggingarstjóri. Þó telja verði líklegt af fyrirliggjandi gögnum að þeim hafi ekki verið lokið er fokheldisúttekt fór fram liggur þannig ekki fyrir að þeim hafi enn verið ólokið er X tók við byggingarstjórn. Eins og fram er komið liggur þá ekki fyrir samningur Ö við X, en af þeim samningi A og X sem liggur fyrir verður að ráða að framkvæmdir utanhúss hafi fallið utan hans. Verða þá ekki neinar frekari ályktanir dregnar af ótímasettum ljósmyndum af ytra byrði Y sem birst hafa í auglýsingum um hana.

Samkvæmt framansögðu, og á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja, er það mat nefndarinnar að ekki sé komin fram sönnun þess að starfssvið X sem byggingarstjóra hafi tekið til hinna umþrættu verkþátta. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu er þá ekki tilefni til að fjalla frekar um ágreining aðila hvað varðar sönnun ágalla á Y og tjóns vegna þeirra.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 470/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A)****Nafn vátryggingartaka (X)****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. desember 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 25. nóvember 2023, kemur fram að lögregla hafi verið kölluð til vegna þess að bifreiðin B, sem er í eigu M, hafi verið ólöglega staðsett og lokað af önnur ökutæki. Þar sem ekki tókst að hafa uppi á M óskaði lögregla þess að B væri dregin af vettvangi og sá fyrirtækið X um þá framkvæmd.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á B meðan hún var í vörslum X. Lýsir M atvikum svo að þegar hann hafi komið til X í þeim tilgangi að leysa B út hafi hann tekið eftir tjóni á B. Hafi hann tekið ljósmyndir auk þess sem starfsmaður X hafi gert skýrslu um tjónið en auk þess hafi M tilkynnt það til lögreglu. Starfsmenn X hafi verið ósamvinnuþýðir, neitað að veita upplýsingar um ökutækið sem sá um drátt á B, og neitað allri sök í málinu. Þá hafi X neitað að segja M hvaða bifreið í þeirra eigu var notuð við drátt á B. Að endingu hafi M því tekið mynd af dráttarbifreið sem stóð fyrir utan húsakynni X, þ.e. A. Vátryggingafélagið sem M sé í viðskiptum við hafi þá upplýst M um að X væri með vátryggingar hjá V. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að X hafnaði því að nokkurt tjón hefði orðið. M vísar til þess að konan hans og íslenskur vinur sem hafi vit á bílum votti um tjónið og þá megi greina af ljósmynd í lögregluskýrslu að tjónið hafi ekki verið til staðar áður en B var dregin. M segist þá ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að bera tjónið sjálfur og óskar þess að nefndin úrskurði um bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að eftir að M hafi gefið upp bílnúmer A hafi verið leitað eftir afstöðu X. Í fyrirbyggjandi svari X til V, dags 11. desember 2023, kemur fram að A hafi aldrei komið nálægt B og að um tilraun til tryggingarsvika sé klárlega að ræða. Á ljósmynd í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu megi þá greina hægri hlið B, en umrætt tjón sé aftarlega á hægri hlið B, og hafi V því óskað eftir myndinni í betri upplausn. Hafi lögregla sent V aðeins stærri ljósmynd en samt sem áður sé erfitt að greina hvort tjón hafi verið á B áður en hún var dregin burt af bifreið á vegum X. Á grundvelli almennra meginreglna skaðabótaréttarins hvíli sönnunarbyrði um umfang tjóns, hver hafi valdið því og að því hafi verið valdið með saknæmri háttsemi á tjónþola. Beri M því að sýna fram á að tjón á bifreið hans sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða notkunar á bifreiðinni A. X sé þá ekki með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V og komi möguleg bótaskylda á grundvelli ábyrgðartryggingar því ekki til frekari skoðunar. Hvað varði ábyrgðartryggingu A þá hafni X því að A hafi verið notuð til að flytja B og sé því ekki sýnt fram á að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Álit.

Í málskoti kemur ekki fram hvort gerð er krafa um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu X, eða úr lögbundinni ábyrgðartryggingu þeirrar dráttarbifreiðar sem sá um flutning á B umrætt sinn. Þar sem X virðist ekki vera með frjálsa ábyrgðartryggingu í gildi hjá V einskorðast umfjöllun nefndarinnar um þá síðarnefndu.

Óumdeilt er, og kemur það skýrt fram í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, að X hafi verið fengið til að draga B af vettvangi þaðan sem henni var lagt ólöglega. Þá hefur staðhæfingum M í málskoti, um að X hafi neitað að veita honum upplýsingar um það hvaða bifreið í þess eigu var notuð við drátt á B, ekki verið mótmælt. Í samskiptum V við M kemur þá m.a. fram að A sé af gerðinni Dodge Ram og ekki skráð í eigu X. Við einfalda uppfléttingu í bifreiðaskrá má sjá að A er vissulega skráð sem björgunarbifreið í eigu X, og mun vera um sérsmíðaðan dráttarbíl að ræða. Hins vegar er, eins og fram er komið, ekki upplýst hvort það var A eða önnur dráttarbifreið í eigu X sem var nýtt við drátt á B umrætt sinn. Verður ekki hjá því komist að gera athugasemdir við vanrækslu V á að hlutast til um að upplýsa um hvaða bifreið kom að umræddum flutningi á B, enda verður að telja útilokað annað en að skráning um útkallið

liggi fyrir hjá X. Eins og sakir standa verður M því ekki látinn bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar, enda liggur samkvæmt framansögðu fyrir og er óumdeilt að bifreið í eigu X var notuð við flutninginn, og verður X að bera hallann af því að veita ekki upplýsingar um hvaða bifreið hafi verið að ræða.

Hvað sem því líður hvílir samt sem áður á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni og að það megi rekja til notkunar bifreiðar í eigu X. Fyrirliggjandi er ljósmynd í lögregluskýrslu sem sýnir m.a. hægri hlið B áður en hún var dregin af vettvangi. Upplausn myndarinnar er ekki nægilega góð svo unnt sé að greina með vissu hvort tjón á B hafi verið til staðar á þeim tíma. Liggur þá ekki fyrir neitt mat þar til bærts fagaðila t.a.m. á því hvenær tjónið hafi komið til og hvort það megi rekja til flutnings með dráttarbifreið. Af sönnunarskorti hvað þetta varðar, þ.e. að tjón á bifreið hans verði rakið til umrædds atviks, verður M að bera hallann.

Verður því ekki talið, sbr. framangreint, að M hafi lagt fram gögn sem sýni nægilega fram á tjón á bifreið hans og orsök þess og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 471/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. desember 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign í eigu M haustið 2022 af völdum vatns- og frárennslislagna sem fara í gegnum lóð M. M hafi keypt fasteignina árið 2018 og ætlað að fara í framkvæmdir á lóðinni haustið 2022. Hafi M haft samband við verktaka sem skoðað hafi aðstæður og vakið athygli á því að verulegt vatn væri á lóðinni. Hafi vinnuvél verktakans sokkið strax niður. Hafi verið farið í það að finna orsök bleytunnar. Grafið var frá skólplögn og komið hafi í ljós að stofnlögn var ónýtt, lek og í sundur/óþétt á mörgum stöðum. Hafi M látið starfsmann sveitarfélagsins vita tafarlaust og óskað eftir útbótum á stofnlögninni. Framkvæmdum M við lóðina hafi verið frestað vegna þessa. Enginn af hálfu sveitarfélagsins hafi mætt á vettvang. Hafi M tilkynnt tjón sitt til V sem er váttryggingafélag X og hafi V hafnað bótaskyldu með afstöðubrési þann 4. júlí 2023 á grundvelli þess að lögnin hafi verið í fullkomnu lagi áður en M hafi farið í framkvæmdir á lóðinni og hafi M sjálfur skemmt lögnina þegar hann fór í framkvæmdir. M telur þessa afstöðu V ranga og krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda úr frjálstri ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins. Vísar M máli sínu til stuðnings til yfirlýsingar verktaka dags. 17. júlí 2023 þar sem fram komi lýsing á ástandi lagnarinnar þegar grafið var frá henni. Hafi umræddu gagni ekki verið hnekkt. Vísar M máli sínu til stuðnings til nánar tilgreinda ákvæða laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Telur M sig hafa orðið fyrir tjóni, annars vegar vegna tjóns á lóð og svo hins vegar vegna halla á húsi. Telur M ljóst að stofnlögnin hafi verið ónýtt áður en framkvæmdir hófust. Vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 744/2021 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki megi rekja atvikið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á. Fasteign M hafi hallað í áratugi og það sé öllum ljóst sem sjá húsið. Lögnin sem um er rætt hafi virkað og ekki verið talið að þyrfti að fara í neinar framkvæmdir á henni fyrr en framkvæmdir hófust á lóðinni. Lögnin fór í sundur við þær framkvæmdir og enginn ágreiningur sé um það. Hins vegar er það afstaða V að ekkert í málinu bendi til sakar X en lögnin hafi farið í sundur við framkvæmdir á lóðinni og í kjölfarið hafi þurft að skipta henni út og var það gert. Það eitt og sér skapi X ekki skaðabótaskyldu enda virkaði lögnin áður en framkvæmdir hófust og hafði ekki verið talið að þyrfti að fara í endurbætur á henni enda engar kvartanir komið fram vegna umræddrar lagnar fyrir þessar framkvæmdir. Ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum lögnum nema grunur sé um að eitthvað sé að. Halli hússins hafi ekkert með umrædda stofnlögn að gera, það hafi einfaldlega ekki verið byggt á nægilega góðum grunni upphaflega. Bendir V á það að vatn renni undan halla og að húsið standi ofar en lögnin.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á fasteign M, en af gögnum málsins má ráða að í ljós hafi komið gat á stofnlögn sem staðsett er á lóð fasteignar M. Greinir aðila málsins á um það hvort lögnin hafi verið skemmd og lekið áður en M hóf framkvæmdir á lóð sinni eða hvort lögnin hafi skemmst við framkvæmdirnar sjálfar líkt og V heldur fram í afstöðu sinni. Hefur M lagt fram ýmiss gögn máli sínu til stuðnings en þau bera ekki með sér að X eða starfsmenn þess hafi vitað eða mátt vita að leki væri kominn að lögninni áður en framkvæmdir M hófust, hafi svo háttað til. Þá hefur M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að tjón á lóð hans eða húseign sem þar er staðsett megi rekja til meints leka frá umræddri lögn. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti verið fyrir hendi verður M að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Hefur sú sönnun ekki

tekist og verður því ekki talið að tjón á lóð eða húseign M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið X ber skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 472/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

- Málskot mótttekið 14. desember 2023, ásamt fylgiskjöllum.
- Bréf V, dags. 8. janúar 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 8. nóvember 2022 hafi M slasast á leið til vinnu er hann féll af reiðhjóli sínu þegar framhjól reiðhjólsins lenti ofan í rauf á ristarliði sem staðsett er á veginum sem hann hjólaði eftir. Er umræddur vegur staðsettur í sveitarfélaginu X. Við þetta kastaðist M af hjólinu og slasaðist illa. M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V. Er M sendi málskot þetta inn til nefndarinnar hafði M enn ekki borist afstaða V til þeirrar kröfu að viðurkennd yrði skaðabótaskylda úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. Telur M að tjón hans megi rekja til vanrækslu X og starfsmanna þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að hjólandi vegfarendum, líkt og M, ættu greiða og örugga leið um veginn. Sé slys M að rekja til skaðabótaskylds vanbúnaðar ristarliðsins. Hafi 8 sentimetra rauf sem legið hafi þvert í gegnum hliðið skapað verulega slyshættu fyrir hjólandi vegfarendur. Vísar M máli sínu til stuðnings til ákvæða vegalaga nr. 80/2007.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að umræddur vegur sé ekki á ábyrgð X, heldur sé vegurinn í landi sem er í einkaeigu. X hafi því enga aðkomu að viðhaldi vegarins og hafi ekki komið að ísetningu vegristarinnar. Bótaskylda sé því ekki til staðar úr ábyrgðartryggingu X vegna slyss M.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunareglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að veghaldari hafi vitað eða mátt vita af þeirri hættu sem ristarliðið skapaði fyrir hjólandi vegfarendur. Hefur V í athugasemdum sínum upplýst að X er ekki veghaldari umrædds vegar þar sem hann sé í einkaeigu og þar með hafi X enga aðkomu að viðhaldi vegarins. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á hið gagnstæða og verður því þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. febrúar 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR**Mál nr. 473/2023****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildistími váttryggingar. Niðurfelling váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið synjað um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá erlenda váttryggingafélaginu V vegna krabbameins sem hún tilkynnti til V í apríl 2023. Um er að ræða sjúkdómatryggingu sem M keypti hinn 19. janúar 2012 og gilda átti til 19. desember 2026. Við kaupin gaf M upp greiðslukortanúmer og hafi iðgjöld verið skuldfærð á kortið án allra vandræða þar til á árinu 2022. Þegar M hafði samband við V í apríl 2023 vegna hugsanlegs bótaréttar úr tryggingunni fékk M þær upplýsingar að tryggingin væri fallin úr gildi þar sem iðgjöld hefðu ekki borist V frá júní 2022 vegna hertra reglna um kortamál. Fékk M þær upplýsingar að greiðslukortið var útrunnið og því hafi V ekki getað skuldfært á kortið. M kveðst ekki hafa fengið neinar tilkynningar um að iðgjöld hefðu ekki skuldfærst á kortið, hvorki á tölvupóstnetfang sitt né með öðrum hætti og er greiðslukort hennar ekki útrunnið. Hefur það gildistíma frá 2018-2023. M vildi fá að greiða iðgjaldaskuld sína en var tjáð að það væri ekki hægt. Telur M að V hafi ekki tilkynnt henni um að skuldfærsla hafi ekki farið fram og tryggingin sé því ekki fallin úr gildi og hún eigi rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu vegna krabbameins.

V kveðst hafa skrifað M átta sinnum og einnig til váttryggingamiðlunar þar sem útskýrt er að greiðslur hafi ekki borist áður en váttryggingin var felld niður. Mistökin hafi verið M og því sé ekki hægt að endurvekja trygginguna. Þar sem svo langur tími er liðinn frá því að tryggingin var felld, þyrfti M að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Yrði nýrri tryggingu án efa vera hafnað vegna krabbameinsgreiningar sem átti sér stað eftir síðustu iðgjaldsgreiðslu þann 19. maí 2022.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar lögmaður M að henni hafi hvorki borist póstlögð bréf né tölvupóstar þess efnir að greiðslur hafi ekki verið inntar af hendi. Iðgjöld hafi verið skuldfærð á kort M án vandkvæða í fjögur ár þegar sá tími kom sem V kveðst ekki lengur hafa getað skuldfært af kortinu. Kortið var með gildistíma fram til september 2023 og hafði M enga sérstaka ástæðu árið 2022 til að ætla að breyting yrði þar á. Vísar M til 1. mgr. 96. gr. laga nr. 30/2004 þar sem fjallað er um skilyrði þess að tryggingafélag losni undan ábyrgð samkvæmt váttryggingarsamningi vegna vangreiddra iðgjalda. Sönnunarbyrði um tilvist og efni tilkynningar hvílir að fullu á V, sbr. m.a. Hrd. 262/2004 og úrskurð nefndarinnar í máli nr. 124/2021. Fjalla þessi mál um sambærileg tilvik og mál M. Hafi M verið grandlaus í apríl 2023 þegar henni var tilkynnt um að greiðsludráttur hefði verið á iðgjöldum vegna sjúkdómatryggingarinnar. V hafi eingöngu lagt fram „pdf“ skjöl sem haldið er fram að innihaldi tölvupósta sem hafi verið sendir á netfang M tiltekna daga árið 2022. Óskað var eftir afriti af tölvupóstunum sjálfum en V hafi upplýst að þau bréf hafi verið fjarlægð sjálfvirkir úr kerfi V og því væri ekki hægt að áframsenda þau. Verður það að teljast ótrúverðugt að kerfi váttryggingafélags sé þannig upp byggt að mikilvægar tilkynningar eyðist sjálfkrafa úr kerfi félagsins eftir að hafa verið sendar.

Í viðbótarathugasemdum sínum greinir V frá því að það fær ekki sjálfkrafa uppfærðan gildistíma líkt og aðrir á Íslandi fái. Það sé rangt að halda því fram að bréfi hafi verið fjarlægð úr kerfum M þar sem „pdf“ afrit eru vistuð í kerfinu ásamt netfangi sem bréfið var sent á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort sjúkdómatrygging M hjá V hafi verið fallin úr gildi vegna vangreiddra iðgjalda í apríl 2023. Óumdeilt er að V bárust ekki iðgjaldsgreiðslur frá og með júní 2022. Í apríl 2023 tilkynnti M til V að hún hefði greinst með krabbamein en þá voru 11 mánuðir liðnir frá því að váttryggingin var felld niður vegna vanskila. Ekki verður sú skýring V rengd að ástæða þess að

iðgjöldin voru ekki skuldfærð hafi verið sú að V hafði undir höndum útrunnið kreditkortanúmer og vegna hertra reglna á Íslandi gat V ekki skuldfært af kortinu eftir maí 2022. Í lögum nr. 30/2004 eru settar þröngar skorður við því að váttryggingafélag geti sagt upp váttryggingum að eigin frumkvæði. Í 1. mgr. 96. gr. laganna er kveðið á um niðurfellingu váttryggingar vegna greiðsluáttar á iðgjöldum. Samkvæmt ákvæðinu getur váttryggingafélag, sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. 95. gr. laganna, losnað undan ábyrgð sinni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðsla er krafist innan 14 daga. Tilkynningin skal skýrlega bera með sér að váttryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests. Kveðst M ekki hafa fengið neinar tilkynningar frá V varðandi ógreidd iðgjöld. V kveðst hafa sent átta bréf í tölvupósti til M á tímabilinu frá 21. júní 2022 til 20. október 2022. Afrit af þeim bréfum fylgdu með afstöðubrési V til nefndarinnar. Þá fylgdu einnig afrit af bréfum til váttryggingamiðlunarinnar A sem hefur staðfest að hafa móttakið afritin í tölvupóstum á þeim dagsetningum sem V kveðst hafa sent M bréfin. Í bréfi V til M dags. 4. júlí 2022 kemur fram að V hafi ekki borist síðasta iðgjaldagreiðsla frá M og að tryggingin falli að jafnaði úr gildi tafarlaust ef iðgjald er ekki greitt. Gaf V kost á að gera ráðstafanir um greiðslu og framlengdi váttrygginguna um 45 daga eftir gjalddaga fyrsta ógreidda iðgjaldsins. Þá var einnig fjallað um afleiðingar þess ef útistandandi iðgjaldaskuldir eru ekki greiddar að fullu fjórum mánuðum frá gjalddaga fyrsta ógreidda iðgjalds, en það er niðurfelling váttryggingar. Í bréfi þann 5. júlí 2022 er M svo tilkynnt um niðurfellingu váttryggingar en jafnframt upplýst um fjögurra mánaða frestinn. Það var svo hinn 20. október 2022 sem V sendi bréf þar sem fram kemur að tryggingin gildi ekki lengur þar sem iðgjöld hafi ekki borist. Þrátt fyrir að bréf V séu ekki í fullu samræmi við 1. mgr. 96. gr. laga nr. 30/2004 má ekki annað ráða en að V hafi veitt M rýmri greiðslufrest en þá 14 daga sem þar er kveðið á um. Ekki er um það deilt að netfang það sem V kveðst hafa sent bréf sín til M á, sé rétt netfang. Í ljósi þess að váttryggingamiðlunin A fékk senda tölvupósta frá V vegna ógreiddra iðgjalda M má leiða líkum að því að ekki hafi verið um að ræða bilun í kerfum þeim sem V sendi tölvupósta úr. Þrátt fyrir að óheppilegt megi teljast að V geti ekki lagt fram frekari sannanir á sendingu tölvupóstanna verður að telja að ekki sé ástæða til að draga í efa að þau skjöl sem V hefur lagt fram fyrir nefndinni, hafi verið send til M í tölvupósti á þeim degi sem skráður er á bréfið. Að þessu virtu verður að telja að sjúkdómatrygging M hjá V hafi verið fallin niður er M hafði samband við V í apríl 2023.

Niðurstaða.

Sjúkdómatrygging M hjá V var fallin niður á tjónsdegi og á hún því ekki rétt til bóta úr tryggingunni.

Reykjavík, 4. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 475/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Heilsutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur málsaðila sé óljós þar sem skýr svör hafi ekki borist frá A, dreifingaraðila trygginga erlenda váttryggingafélagsins V á Íslandi. M hafi fengið hjartaáfall þann 20. febrúar 2023 og tilkynnt það til A þann 23. febrúar 2023, en ekki fengið skýr svör frá A vegna málsins, nema að tilkynnt hafi verið þann 18. ágúst 2023 að tryggingin hafi verið felld niður. M telur að hann eigi rétt á bótum vegna afleiðinga hjartaáfalls úr þeirri sjúkdómatryggingu sem hann var með hjá V, á vegum dreifingaraðilans A. M hafi tekið trygginguna þann 10. ágúst 2022 og hafi tryggingin átt að gilda til 18. október 2023 og endurnýjuð eftir það. Vísar M til ákvæða 31., 84 og 86. gr. laga nr. 30/2004 kröfu sinni til grundvallar.

Starfsmaður dreifingaraðila váttryggingarinnar svarar nefndinni f.h. V. Tekur V fyrir það að M hafi ekki borist skýr svör vegna málsins og að ágreiningur sé óljós. M hafi fengið bréf þann 21. apríl 2023 með afstöðu V um að bæði hafna bótaskyldu og segja upp váttryggingunni. Í bréfinu sé bæði tekin afstaða til bótaréttar vegna tímabundinnar örorku og sjúkdómsgreiningar og var niðurstaðan að bótaskylda væri ekki fyrir hendi. Vísar V til greinar 10.1 í skilmála váttryggingarinnar. Auk þess hafi gögn sýnt að M hafi sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku váttryggingarinnar þar sem hann svaraði því neitandi að hafa notað eitthvað form af nikótíni á seinustu 12 mánuðum fyrir töku váttryggingarinnar. Gögn Landspítalans sýni stórreykingasögu alveg fram að váttryggingaratburði.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að alrangt sé að M hafi logið að V varðandi heilsu sína fyrir töku tryggingarinnar. Í bréfi V sé þessu til grundvallar vísað í tölvupóst til M dags. 18. október 2022 sem M man ekki eftir að hafa fengið eða svarað. Hvað tímabundna örorku varðar þá vísar M til 1. kafla skilmála váttryggingarinnar þar sem fram kemur að greiða skuli bætur fyrir tímabundna örorku bæði af völdum slysa, sem og af völdum sjúkdóma. Ekki verði séð að undantekningar sem taldar eru upp í skilmálanum eigi við í þessu máli. M hafi verið óvinnufær til ársloka 2023. Þá vísar M til þess að V hafi sönnunarbyrði um að hjartaáfall M sé af tegundinni NSTEMI sem ekki falli undir trygginguna og verði að sanna það með framlagningu læknisvottorða.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að skýrt komi fram í sjúkraskrá M að sjúkdómsgreiningin sé NSTEMI. Það sé jafnframt skýrt tekið fram undir ákvæði 10.1 í skilmálum váttryggingarinnar að undanskilið er hjartafleygdrep án ST-hækkunar (NSTEMI) með eingöngu hækkun trópóníns I eða T. Váttryggingarsamningur hafi komist á, á grundvelli rangra upplýsinga um áhættuna.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur að því í fyrsta lagi hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við tryggingatöku á þann hátt að það leiði til þess að bótaréttur falli niður, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna ber félagið ekki ábyrgð ef upplýsingaskylda er vanrækt með sviksamlegum hætti. Ber V sönnunarbyrðina fyrir því að svo hátti til. Vísar V til þess að M hafi gefið rangar upplýsingar við töku tryggingarinnar með því að svara því neitandi að hafa notað eitthvað form nikótíns á seinustu 12 mánuðum fyrir töku tryggingarinnar. Vísar V því til stuðnings til tölvupósts dags. 18. október 2022 sem ber heitið „Umboð og yfirlýsing“ þar sem fyrrgreindri spurningu um nikótínnotkun er svarað neitandi. Umrædd yfirlýsing er ekki undirrituð af M og kveðst M ekki kannast við efni þessa tölvupósts. Með vísan til þess telst V ekki hafa lagt fram fullnægjandi gögn til staðfestingar því að M hafi á sviksamlegan hátt vanrækt upplýsingaskyldu sína. Með vísan til sömu raka verður ekki heldur talið að sýnt hafi verið fram á að M

hafi ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt þannig að V sé heimilt að fella ábyrgð sína niður í heild eða að hluta sbr. 2. mgr. 83. gr. laganna.

Kemur þá til skoðunar hvort hjartaáfall M falli undir váttryggingarskilmála V. Í 2. kafla skilmálans er fjallað um þá sjúkdóma eða skurðaðgerðar sem falla undir bótasviðið „Alvarlegir sjúkdómar og skurðaðgerðir“. Í grein 10.1 er fjallað um hjartaáfall og kemur þar fram sú að hjartafleygdrep án ST-hækkunar (NSTEMI) með eingöngu hækkun trópóníns I eða T sé undanskilið bótaskyldu. Verður ekki annað ráðið af lækisfræðilegum gögnum en að sjúkdómsgreining M hafi verið NSTEMI. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja því sem þar kemur fram. Á M því ekki rétt á bótum á grundvelli greinar 10.1. í váttryggingarskilmála V. Kemur þá til skoðunar hvort M geti átt bótarétt vegna varanlegrar og/eða tímabundinnar örorku skv. 1. kafla váttryggingarskilmálans. Af gögnum málsins má ráða að M hafi ekki farið til vinnu fyrstu vikunnar eftir hjartaáfallið. Gögnum málsins ber hins vegar ekki saman um það hversu lengi M var frá vinnu en í málskoti kveðst M hafa verið óvinnufær til ársloka 2023 en eingöngu liggja fyrri tvö lækisvottorð vegna óvinnufærni, hið fyrsta er vegna tímabilsins frá 20. febrúar 2023 til 20. mars 2023 og hið seinna er frá 20. mars 2023 og er ótímabundið. Af fyrirliggjandi sjúkraskrárfærslu iðjuþjálfara á Reykjalundi má sjá að þann 1. júní 2023 hafi M verið farinn af stað í vinnu en þar er haft eftir M að hann hafi verið „búinn á því í morgun eftir steypuvinnu langt fram á kvöld í gær“. Að mati nefndarinnar liggja fyrir fullnægjandi gögn um að M hafi misst starfsorku sína tímabundið vegna hjartaáfallsins og eigi þannig rétt á dagpeningum í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi var við upphaf sjúkratímabils, frá lokum biðtíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini. Það liggja hins vegar ekki fyrir fullnægjandi gögn til þess að nefndin geti tekið afstöðu lengdar bótatímabils eða til bótafjárhæðar. Hið sama á við um bótaskyldu úr váttryggingunni vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku en telja verður að M eigi rétt á bótum vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með örorkumati og að uppfylltum skilyrðum um að mat á varanlegri lækisfræðilegri örorku sé 25% eða meira sbr. grein 1.2. og 2.2. í skilmála váttryggingarinnar.

Með vísan til alls ofangreinds hefur V ekki sýnt fram á að M hafi á sviksamlegan hátt vanrækt upplýsingaskyldu sína og á M því bótarétt skv. 1. kafla skilmála váttryggingarinnar að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með fullnægjandi gögnum. M á ekki rétt á bótum úr váttryggingunni vegna hjartaáfalls á grundvelli greinar 10.1.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku úr heilsutryggingu sinni hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón. M á ekki rétt á bótum vegna alvarlegs sjúkdóms sbr. grein 10.1. í váttryggingarskilmála V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 477/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

- Málskot mótttekið 21. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 6. febrúar 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum þegar hann keyrði ökutækinu A á ökutækið B 23. október 2022. Hann leitaði samdægurs á Læknavaktina og kvartaði yfir verkjum í öxlum og mjóbbaki. Var þar greindur með vöðvatögnun og whiplash áverka. Fram kemur að M hafi farið tveimur vikum seinna til heimilislæknis vegna afleiðinga slyssins þar sem hann lýsti áverka á hægri hendi og aftan í baki, einnig verk í brjóst- og mjóbbaki. Þá lýsti M takmarkaðri hreyfigetu í hendi auk verkja við framþygju og stoðverkjum og trufluðum nætursvefni vegna verkjanna. Fyrir liggur skýrsla sjúkráþjálfara sem M leitaði til þar sem fram kemur að M hafi fengið mikið högg á allan líkamann í slysinu og glími við verki í baki í kjölfarið og sé með mikla vöðvaspennu beggja vegna hryggþinda á mjóbbaks- og brjóstbaksþvæði.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að fyrirbyggjandi gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum. Í málskotinu kemur fram að M telji með vísan til fyrirbyggjandi gagna að orsakatengsl séu milli einkenna hans og umferðarslyssins. Læknisvottorð byggi á viðtölum við M, læknisskoðunum og gögnum máls sem bera með sér að M hafi hlotið áverka í slysinu sem hann sé enn að glíma við. Þá vísar M til þess að ekki sé stætt á því að hafna bótaskyldu á grundvelli PC-crash skýrslu sem sé einhliða framkvæmd af V og það sé ekki á færi reikniforrts að skera úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og vigt ökutækja en ekki sé tekið tillit til kyns tjónþola, aldurs, fyrri heilsufarssögu eða í hvaða líkamsstillingu viðkomandi var er hann varð fyrir árekstri.

Í málskotinu er óskað eftir því að nefndin úrskurði ekki í málinu fyrir en mat á afleiðingum slyssins liggur fyrir. Með töluvpósti 22. janúar 2024 tilkynnti M að ákveðið hafi verið að bíða með ákvörðun um hvort aflað skuli matsgerðar þar til úrskurður liggja fyrir og er því óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar.

Í bréfi V kemur fram að V bendi á meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Þá beri M sönnunarbyrði fyrir því að sanna tjón sitt, þ.m.t. hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli núverandi einkenna og slyssins sem um ræðir. V telur að dómaframkvæmd sýni að nokkuð þurfi að vera víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu í raun og veru fyrir hendi. V telur að kraftur í umræddum tjónsatburði hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama málskotsaðila og vísar í því sambandi til PC-crash skýrslu um slysið. Þá kemur fram hjá V að mjög takmörkuð gögn liggja fyrir um fyrra heilsufar M en elsta nóta sé innan við tveimur árum fyrir slysdag. Þar komi þó fram að M hafi tveimur og hálfum mánuði fyrir slysið leitað á heilsugæslu vegna mjóbbaksverkja og hafi þá varla getið setið. Það liggja því fyrir að M eigi fyrri sögu um bakverki frá því skömmu fyrir slys. Einkenni M séu almenns eðlis og ekki þurfi að koma til sérstakra atvika í lífi einstaklings til þess að slík einkenni geti gert vart við sig

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 23. október 2022. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á Læknavaktina sama dag og slysið varð og síðan fór

hann heimilislæknis sem vísaði honum til sjúkraþjálfara. Við komuna á heilsugæsluna er því lýst að hreyfigeta M sé takmörkuð og að hann geti ekki lyft hendi upp fyrir haus vegna verkja og fái verki við það að beygja sig. Þá finni M fyrir stoðverkjum. Í bréfi sjúkraþjálfara kemur fram að verkirnir séu staðbundnir í mjóbaki, meðferð hafi skilað takmörkuðum árangri en erfitt sé að meta framtíðarhorfur eftir svo fá meðferðarskipti. Takmörkuð gögn liggja fyrir um fyrra heilsufar M en það liggur fyrir að hann hafi leitað á heilsugæslu vegna mjóbaksverks 9. ágúst 2022 eða tveimur og hálfum mánuði fyrir slysið og hafi þá verið skerðing á hreyfigetu vegna verkja. Með vísan til þess og að ekki liggur fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins frá lækni eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila verður eins og mál þetta liggur fyrir ekki talið sannað að orsakatengsl séu milli árekstursins og einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 478/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. janúar 2024.
3. Svarbréf lögmanna M, dags. 20. febrúar 2024.
4. Frekari athugasemdir V dags. 29. febrúar 2024.

Málsatvik.

Af málgögnum má ráða að um kl. 9.00 hinn 15. janúar 2021 hafi M runnið í hálfu fyrir utan kaffihús á vinnustað sínum ígarði í eigu X þar sem hún starfar. Var M nýkomin til vinnu og var á leið að ná í vörur til að flytja á milli staða í garðinum. Í málskoti segir að M hafi keyrt bíl að kaffihúsi í garðinum en þegar hún steig út úr bílnum þá hafi hún runnið aftur fyrir sig og skolið með hnakkann í hurðakarm bifreiðarinnar. M telur að slysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X sem var í gildi hjá V á slysdegi. V hefur hafnað bótaskyldu með bréfi 5. júlí 2022. M byggir á því að slysið megi rekja til þess að gönguleiðir í garðinum hafi ekki verið sandaðar eða saltaðar daginn sem atvikið átti sér stað, en mikil hálka hafi verið á svæðinu. Þannig hafi ekki verið hugað nægilega að hálkuvörnum. Starfsmenn X hafi sýnt af sér vanrækslu sem hafi leitt af sér stórkostlega slysahefðu fyrir þá sem í garðinum voru. Máli sínu til stuðnings vísar M til skilaboða starfsmanna síðar sama dag þess efnis að hálka hafi verið út um allt í garðinum og gestir að detta. M telur að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar í garðinum og því hefði átt að sandbera eða salta sérstaklega fyrir utan kaffihúsið í garðinum. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 auk ýmissa dóma.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Í bréfi V kemur fram að um sé að ræða stóran garð þar sem vel sé hugað að hálkuvörnum. Helstu gönguleiðir séu hálkuvörðar og verkið hefjist kl. 7 á morgnanna. Slysið hafi svo orðið í janúar þegar búast megi við hálfu á gangstéttum, götum og gangstígum. Þá er bent á að slysið hafi átt sér stað við vörumóttöku, en ekki við veitingasölu þar sem fjöldi fólks hafi átt leið um. Slysið hafi því orðið á svæði sem sé ekki hluti af almennum gönguleiðum í garðinum heldur á svæði þar sem aðeins sé gert ráð fyrir umgangi starfsmanna á þeim tíma þegar slysið varð. Einnig vísar V til þess að M hafi séð hálkuna áður en hún gekk yfir hana og þar sem M var kunnug aðstæðum hafi henni borið að sýna íturstu aðgæslu. M, sem starfsmanni í garðinum, megi vera ljóst að hálka geti verið í garðinum snemma morguns og hafi henni verið í lófa lagið að láta vita af hálkunni á þessum stað og óska hálkuvarna, sækja sjálf hálkuvarnir eða fresta för sinni yfir hálkusvæðið. Þá hafnar V því að tilvitnaðir dómur eigi við þar sem þeir fjalli um slys sem áttu sér ymist stað við inngang verslana eða veitingahús þar sem fjöldi gesta og starfsfólk átti leið um eða vinnuadstæður óforsvaranlegar. Loks hafi engin vitni orðið að slysinu og því sé ósannað að það verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða vanrækslu af hálfu X.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi runnið í hálfu við bílaplan eða inngang við vörumóttöku inn í kaffihús í garðinum. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Gegn staðhæfingu X hefur ekki verið sýnt fram á að hálkuvarnir hafi verið með óforsvaranlegum hætti þar sem M kveðst hafa dottið, en hafa ber í huga að um er að ræða svæði nálægt bílastæði við vörumóttöku en ekki inngang í kaffihús garðsins eða annan göngustíg þar sem fjöldi gesta eða starfsfólk á leið um. Þá verður ekki litið fram hjá því að M viðurkennir að hafa verið meðvituð um hálfu í garðinum á tjónsdegi og þess vegna keyrt að

vörumóttökunni, séð hálkuna áður en hún gekk yfir hana en kaus engu að síður að ganga yfir hálkuna í stað þess að láta vita af hálkunni á þessum stað og óska eftir hálkuvörn, sækja sjálf hálkuvörnir eða fresta för sinni yfir svæðið, nú eða fara aðra leið. Loks ber einnig að hafa í huga að slysið átti sér stað snemma morguns í janúar þar sem búast má við hálku og af gögnum málsins er ljóst að M, sem starfsmanni, var vel ljóst að háлка gæti myndast í garðinum, bæði á göngustígum og þar sem slysið varð. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. mars 2024
Rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir